



SKÝRSLA FORSETA
um störf
Alþýðusambands Íslands
árið 2010

Skýrsla forseta ASÍ 2010

Skýrsla forseta um störf ASÍ er unnin af starfsfólki á skrifstofu ASÍ, á ábyrgð deildarstjóra. Nokkrir kaflar eru teknir saman með aðstoð samstarfsfólks úr verkalýðshreyfingunni, starfsfólki Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Listasafns ASÍ.

Ritstjóri: Snorri Már Skúlason

Ábyrgðarmaður: Gylfi Arnbjörnsson

Útlitshönnun og prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja

Myndir: Lárus Karl, Róbert og starfsfólk ASÍ,
Hafliði Skúlason, Evrópuþingið.

Kápuhönnun: Ennemm

Skýrslan er lögð fyrir ársfund ASÍ
21.-22. október 2010.

Reykjavík, október 2010 – Ísafoldarprentsmiðja

Efnisyfirlit

Inngangur	9
Ársfundur ASÍ 2009	13
Ávarp forseta ASÍ	13
Ávarp félagsmálaráðherra	21
Kjörbréfanefnd	26
Horfur í efnahagsmálum – kynning hagdeildar	28
Framsögur	28
Atvinnumál, efnahags- og kjaramál, hagsmunir heimilanna /	
1. umræða	31
Lagabreytingar / 1. umræða	37
Önnur mál / 1. umræða	37
Tillögur kjörnefndar	42
Lagabreytingar / 2. umræða	43
Hagur heimilanna /2. umræða	43
Atvinnumál/2. umræða	47
Efnahags- og kjaramál / 2. umræða	53
Önnur mál / 2. umræða	61
Fundarslit	61
Fulltrúar á ársfundi ASÍ 2009	62
Breytingar eftir fund kjörbréfanefndar 20. október 2009	68
Af vettvangi miðstjórnar ASÍ	72
Umfjöllun og ályktanir miðstjórnar um efnahags- og atvinnumál og hag heimilanna	73
Ályktanir miðstjórnar ASÍ	81
Ályktun um greiðsluvanda heimilanna 26. 8. 2009	81
Ályktun um fjárlagafrumvarpið 7. 10. 2009	81
Ályktun um skattamál 2. 12. 2009	82
Ályktun miðstjórnar ASÍ um áformuð samningssvik ríkisstjórnarinnar 16. 12. 2009	82
Ályktun um atvinnumál 10. 2. 2010	82
Ályktun um fjárhagsvanda heimilanna (réttur fólksins, ekki rúkkaranna) 10. 2. 2010.	83
Ályktun um atvinnu- og efnahagsmál 24. 2. 2010	83
Ályktun um verðlagsmál 24. 3. 2009	84
Ályktun um alvarlega stöðu í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum 12. 5. 2010	84
Ályktun vegna fjárlaga 16. 6. 2010	85

Ályktun vegna starfsendurhæfingar og svikinna loforða stjórnvalda 16. 6. 2010	86
Efnahagsmál	88
Próun og staða efnahagsmála haustið 2010	89
Erfið staða heimilanna	90
Mikið dregur úr fjárfestingum	91
Slæm staða á vinnumarkaði	91
Dregur úr halla ríkissjóðs	92
Staða margra sveitarfélaga slæm	95
Viðskiptahalli minnkar hratt	96
Verðbólga hjaðnar	97
Krónan styrkist	98
Stýrivextir lækka	99
Verðlagseftirlit ASÍ	99
Kjaramál	101
Vaxandi óánægja með framgang stöðugleikasáttmálans	104
Starfsendurhæfing og svikin loforð stjórnvalda	109
Atvinnumál	112
Atvinnuleysi	112
Breytingar á vinnumarkaði	116
Atvinnumál og ASÍ	118
Velferðarmál	121
Kaup og kjör	121
Ráðstöfunartekjur	122
Skuldastaða heimilanna - greiðsluferfiðleikar	123
Úrræði í greiðsluferfiðleikum	125
Velferðarkerfið	128
Velferðarnefnd ASÍ	129
Félags- og vinnumarkaðsmál	131
Jafnréttismál	132
Fæðingar- og foreldraorlofslögin	136
Réttarstaða skulda og greiðsluaðlögun	138
Málefni lífeyrissjóðanna	144
Vinnuvernd	149
Endurskoðun laga um starfsmenn í hlutastörfum	152
Uppsögn ráðningarsamninga	154
Starfsemi Vinnumálastofnunar	156
Málefni Atvinnuleysistryggingasjóðs	158
Vinnufundur um málefni atvinnuleitenda	165
Vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit	166

Framkvæmd EES-samningsins	169
Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði	170
Fræðslu- og menntamál	171
Félagsleg fræðsla	171
Félagsmálaskóli alþýðu	172
Lög um framhaldsfræðslu	175
Starfsmenntaráð	176
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA)	176
Framlög til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva	179
Framlag til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvum	181
Framlag til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina	183
Raunfærnimat	183
Ráðgjöf í löggiltum iðngreinum	184
Starfsemi FA samkvæmt þjónustusamningum	185
Erlend samstarfsverkefni	194
Þróun náms- og starfsráðgjafar	195
Önnur verkefni FA	199
Mímír-símenntun	203
Fjölmening og frístundir	205
Nám fyrir atvinnulífið	207
Almenn námskeið	209
Náms- og starfsráðgjöf	211
Raunfærnimat	212
Erlent samstarf	214
Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar	215
Umsókn um aðild að Evrópusambandinu	217
Undirbúningur ASÍ undir aðildarviðræðurnar	218
Staðan í aðildarviðræðunum	225
Samstarf um þróunarverkefni	226
Erlend samskipti	228
Norræna verkalýðssambandið - NFS	228
Alþjóðavinnuálagstofnunin – ILO	229
NFJS–fundur lögfræðinga heildarsamtaka launafólks á Norðurlöndum	230
SAMAK	231
Verkalýðshreyfingin í Norður Atlantshafi (VN)	231
Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC	232
Samningur á Evrópuvísu um „vinnumarkaði fyrir alla“	232

NETLEX – Network of Legal Experts	236
Ráðgjafarnefnd EFTA	237
Efnahags- og félagsmálanefnd ESB og Ísland	238
Alþjóðasamband verkalýðsfélaga – ITUC	238
Fundur hagfræðinga hjá Alþýðusamböndum á Norðurlöndum ..	240
Lagabreytingar og skipulagsmál	242
Laganefnd	242
Fundaherferð um skipulagsmál ASÍ	234
Samstarfssamningur aðildarsamtaka ASÍ	245
Ágreiningur um aðild VM að kjarasamningi við Norðurál	246
Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ	248
Starfsendurhæfingarsjóður	250
Hlutverk og meginverkefni	251
Stefna og áætlanir	253
Samningar við stéttarfélög um allt land	254
Ráðgjafar	255
Fyrirkomulag þjónustu	257
Samstarf við atvinnulífið	261
Umsagnir um þingmál	263
Fulltrúar Alþýðusambands Íslands í nefndum, ráðum og á fundum	310
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	310
Forsætisráðuneytið	315
Iðnaðarráðuneytið	316
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	316
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	316
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	319
Umhverfisráðuneytið	319
Utanríkisráðuneytið	319
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	321
Á vettvangi ASÍ	323
Fastanefndir ASÍ - málefnanefndir	325
Alþjóðanefnd	325
Atvinnumálanefnd	325
Jafnréttis- og fjölskyldunefnd	325
Menntanefnd	325
Efnahags- og skattanefnd	326
Lífeyris- og veikindaréttarnefnd	326
Skipulags- og starfsháttanefnd	326
Umhverfisnefnd	326

Velferðarnefnd	327
Vinumarkaðsnefnd	327
Laganefnd	327
Launanefnd	327
Starfs- og fjárhagsnefnd	327
Listasafn ASÍ	328
Upplýsingar úr skýrslum aðildarféлага ASÍ	336
Kynjaskipting í stjórnnum aðildarféлага og deilda	336
Kynjaskipting í stjórnnum landsambanda	336
Kynjaskipting í nefndum á vegum miðstjórnar	337
Fjöldi félagsmanna í ASÍ 2009	337
Stjórnir landsambanda, aðildarféлага og deilda	338
Bein aðild að ASÍ	338
Landsamband íslenskra verslunarmanna	339
Rafiðnaðarsamband Íslands	342
Samiðn.	344
Sjómannasamband Íslands	347
Starfsgreinasamband Íslands	351
Reikningar ASÍ og stofnana	357

Inngangur

Skýrsla forseta fyrir árið 2010 er með hefðbundnu sniði. Skýrslan er fyrst og fremst hugsuð til afnota inni í verkalýðshreyfingunni sjálfri, fyrir félögin og forystumennina og starfsfólkið á skrifstofum verkalýðsfélaganna. Hún er uppflöttirit, þar sem finna má á einum stað allt það helsta sem fram fór á vettvangi Alþýðusambandsins frá síðasta ársfundi, og verður þannig ómetanleg heimild fyrir sagnfræðinga framtíðarinnar.



Samhliða skýrslu forseta höfum við nú um nokkurra ára skeið gefið út smærri skýrslu – Árið í hnotskurn – þar sem við höfum leitast við að draga fram nokkur mikilsverð viðfangsefni ársins í stuttu máli.

Starfsárið hefur verið annasamt sem fyrr þar sem glíman við afleiðingar kreppunnar hefur verið í fyrirrúmi. Strax í kjölfar ársfundar ASÍ 2009 hófst vinna við lokaendurskoðun kjarasamninganna frá 2008 en forysta sambandsins fór vel nestuð í þá vinnu með ályktunum ársfundarins þar sem áhersla var lögð á að tryggja framgang umsaminna hækkana sem tókst á endanum.

Í byrjun árs 2010 skipulagði skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ mikil fundahöld með stjórnnum og trúnaðarráðum allra aðildarfélaga Alþýðusambandsins um skipulag sambandsins og verkefni. Haldnir voru 10 fundir vítt og breitt um landið þar sem alls 330 þátttakendur tókust á við lykilsþurningar tengdar skipulagi ASÍ. Niðurstaða þeirrar vinnu var kynnt á formannafundi aðildarfélaganna í maí.

Lífeyrisnefnd ASÍ boðaði til tveggja daga vinnufundar á Selfossi í febrúar um stefnu samtakanna í lífeyrismálum. Um 100 fulltrúar sóttu fundinn þar sem haldin voru ýmis erindi um uppbyggingu og þróun kefisins en seinni dagurinn var nýttur til að fá viðhorf fulltrúanna til breytinga. Notuð var svokölluð miðlunaraðferð, sem tryggir jafnræði milli einstakra fundarmanna, en starfsmenn ASÍ tóku síðan saman niðurstöðurnar í sérstaka skýrslu. Á grundvelli hennar vann Lífeyrisnefndin drög að stefnu ASÍ í lífeyrismálum.

Samskipti við stjórnvöld hafa verið afar stíð frá því að stöðugleikasáttmálinn var gerður í júní 2009. Að mati forystu ASÍ hefur verulega skort á vilja til innihaldsríks samráðs í veigamiklum málum og ríkisstjórninni hefur gengið illa að koma lykilmálum sínum í gegn á Alþingi vegna andstöðu í þingfloknum stjórnarflokkanna.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að koma málum í betri farveg hafa þessi samskipti farið versnandi á árinu 2010. Í mars kynnti þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra áform sín um sameiningu Vinnumálastofnunar og

Vinnueftirlits og lagði fram frumvarpsdrög þar sem gert var ráð fyrir því að útiloka aðila vinnumarkaðar frá beinni aðkomu að stjórn þessara mikilvægu málaflokka. Miðstjórn ASÍ mótmælti þessum fyrirætlunum harðlega og sendi ríkisstjórninni formlegt bréf með kröfu um að málið yrði dregið til baka en að öðrum kosti myndi ASÍ draga sig út úr öllu samstarfi við hana. Eftir mikinn þrýsting á öllum vígstöðvum náðist samkomulag milli ASÍ og ráðherra um verulegar breytingar á frumvarpinu þar sem fallist var á mikilvægi þess að aðilar vinnumarkaðar hefðu fulla aðkomu að stjórn þessara málaflokka.

Á svipuðum tíma kom upp ágreiningur um forsendur fyrir úthlutun veiðiheimilda milli SA og sjávarútvegsráðherra vegna frumvarpa um veiðar á skötusel. Þessi ágreiningur leiddi til þess að SA taldi ríkisstjórnina hrekja sig frá stöðugleikasáttmálanum og sleit samstarfinu. Miðstjórn ASÍ mótmælti þessari ákvörðun SA og krafðist þess að atvinnurekendur og stjórnvöld létu ekki svo veigalítið málefni eins og veiðar á skötusel hamla því að unnið yrði að úrbótum fyrir þá sem væru án atvinnu.

Allnokkur umræða og deila hafði verið í vetur um lögbindingu fram-laga atvinnurekenda í Starfsendurhæfingarsjóð sem og um heimild til þess að lífeyrissjóðirnir leggðu fé til starfsendurhæfingar. Einnig hafði verið deilt um lögbindingu á framlögum ríkisins til sjóðsins. Að lokum lagði fjármálaráðherra fram tvö frumvörp til laga sem tóku mið af þeim lofordum sem ríkisstjórnin hafði gefið í stöðugleikasáttmálanum. Eftir þinghlé vegna sveitarstjórnarkosninga í lok maí kom í ljós að ekki var gert ráð fyrir því að koma þessum frumvörpum í gegnum Alþingi fyrir sumarleyfi vegna andstöðu í þingflokki stjórnarflokkana. Á fundi miðstjórnar ASÍ í júní var þessu mótmælt og öllu samstarfi við ríkisstjórnina á grundvelli stöðugleikasáttmálans slitið. Ekki væri hægt að sitja á friðarstóli við aðila sem teldu sér ekki skylt að efna loford sín.

Það er við þessar aðstæður sem verkalýðshreyfingin leggur af stað í undirbúning að gerð nýrra kjarasamninga. Af þessum ástæðum ákvað forseti ASÍ að óska eftir fundi með stjórnnum allra aðildarfélaganna ASÍ – 53 að tölu – í lok sumars. Fundaferðin hófst 16. ágúst í Stykkishólmi og Borgarnesi og lauk með formannafundi þann 16. september. Efni þessara funda var annars vegar að ræða hugmyndir um afmarkaðar breytingar á skipulagi ASÍ og hins vegar umræður um efnahags- og kjaramál nú þegar líður undir lok samningstímans.

Á fundunum fór forseti yfir framvindu kjarasamningsins frá 2008, að almennar launahækkningar hefðu verið 32% - eða 38 þús.kr. – og taxtar iðnaðar- og skrifstofumanna hefðu hækkað um 26% - eða 49 þús.kr. Einnig kom fram að kaupmáttur lægstu launa væri svipaður í dag og hann var í janúar 2008 fyrir gerð kjarasamninganna. Þetta breytir ekki þeirri staðreynd að kaupmáttur dag-

vinnulauna innan ASÍ hefur að meðaltali rýrnað um 14% frá árslokum 2007. Ef tekið er tillit til skattahækkana og atvinnumissis hafa ráðstöfunartekjur lækkað um ríflega 21% á þessu tímabili.

Á fundunum var einnig farið yfir þau markmið sem við settum okkur með gerð stöðugleikasáttmálans – um að endurheimta þann efnahagslega stöðugleika sem við lögðum grunn að árið 1990 og skilað hafði launafólki miklum árangri fram til ársins 2004. Fall krónunnar hefur að miklu leyti eyðilagt þennann árangur. Krafa okkar hefur verið að fá traustan grundvöll undir lífsskjör Íslendinga með traustari gjaldmiðli þannig að ávinningur kjarabaráttunnar verði ekki hrifsaður burt án umræðu.

Krafan um að sótt yrði um aðild að ESB og látið á það reyna hvað þjóðinni stendur til boða í raunverulegum aðildarviðræðum er grundvöllud á þessari sýn. Með þessu er ASÍ ekki með skýlausa kröfu um að ganga í ESB hvað sem það kostar, þvert á móti setti aukaársfundur ASÍ skýr skilyrði fyrir því hvað til þurfi til þess að hægt verði að ganga í ESB. Þessi skilyrði snúa að hagsmunum þjóðarinnar í sjávarútvegi, landbúnaði, byggðamálum og vinnumarkaðsmálum. Takist þjóðinni að tryggja þessa hagsmuni sína í viðræðum við ESB er það einnig afstaða ASÍ að hagsmunum launafólks sé betur komið innan ESB með evru sem gjaldmiðil heldur en utan.

Veik staða okkar gjaldmiðils mun án efa hafa mikil áhrif á framvindu viðræðna um endurnýjun kjarasamninga. Launafólk og þjóðin öll stendur frammi fyrir áþekkingu vanda og þegar þjóðarsáttarsamningarnir voru gerðir árið 1990. Leið stöðugleikans, sem þjóðarsáttarsamningarnir byggðu á, reyndist launafólki afar hagstæð frá 1990–2004. Á þessum árum óx kaupmáttur hægt en örugglega þannig að árið 2004 voru lífsskjör hér á landi komin jafnfætis öðrum Norðurlöndum – þótt vinnutími væri enn lengri hér. Óraunhæf og ósamstæð efnahagsstjórn eftir 2004, með fölsun á styrkleika krónunnar, leiddi að lokum til algers hruns gjaldmiðilsins árið 2008 og tók bankakerfið og fimmtung tekna okkar og eigna með sér í fallinu.

Við stöndum nú frammi fyrir tveimur valkostum. Annað hvort tekst okkur að fá alla að sameiginlegu borði þar sem ábyrgðinni á framvindu mála verði jafnt skipt milli launafólks, atvinnurekenda, stjórnvalda og sveitarfélaga. Þá dugar ekki að einstaka aðili reyni að leysa sín mál með því að velta byrðum yfir á aðra – líkt og stjórn Orkuveitu Reykjavíkur gerði. Slík leið hlýtur að byggja á því að finna leiðir til þess að styrkja krónunna um allt að 20% á gjaldreyrismarkaði – og þar með lækka verðlag og skuldir heimila og fyrirtækja – og varða leið krónunnar inn í skjól evrunnar með aðild að ERM II og ESB. Slíkt myndi lækka verulega vaxta- og fjármagnskostnað bæði heimila og fyrirtækja og leggja grunn að bættum lífsskjörum. Takist það hins vegar ekki getum við

staðið frammi fyrir kapphlaupi um hækkun launa og verðlags þar sem sá sem hægast fer ber byrðarnar. Það hlýtur að vera hlutverk verkalýðshreyfingarinnar að tryggja hagsmuni launafólks ef þetta verður reyndin – en það mun ekki takast án órofa samstöðu hreyfingarinnar og beinni þátttöku okkar félagsmanna í átökum.

*Október 2010,
Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ*



Ársfundur ASÍ 2009

Setning fundarins

Ávarp forseta ASÍ

Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2009 var haldinn á Hótel Nordica, 22.-23. október. Fundurinn hófst kl. 10:00.

Við upphaf fundarins flutti tríóið Guitar Islancio nokkur lög.

Af því loknu setti **Gylfi Arnbjörnsson**, forseti ASÍ, fundinn með eftirfarandi ávarpi:

Félagsmálaráðherra, ágætu ársfundarfulltrúar.

Aldrei fyrr hefur launafólk staðið frammi fyrir jafn alvarlegri stöðu í efnahags- og atvinnumálum og nú. Það er engin launung á því að þegar í upphafi þessa hruns óttuðumst við að þetta gæti orðið djúpstæð kreppa sem við töldum að yrði að mæta af stefnufestu og með djörfum ákvörðunum. Ef ekki, yrði erfitt að draga úr umfangi hennar á trúverðugan hátt.

Við settum okkur það sem meginverkefni að treysta stöðu þeirra tekjulægstu með því að verja samningsbundnar launahækkanir, með því að takast

á við greiðslu- og skuldavanda heimilanna og meðraunhæfum úrræðum til að treysta atvinnu okkar félaga með átaki í framkvæmdum og nýfjárfestingum samhliða ígrunduðum tillögum um endurreisn og uppbyggingu atvinnulífsins.

Þetta hefur ekki verið létt verk og ótrúlega mörg ljón hafa orðið á vegi þessa endurreisnarstarfs – sem því miður má að mestu leyti rekja til pólitískrar upplausnar og úrræðaleysis. Það er og hefur verið skoðun mín að við þessar aðstæður hafi mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar og þörfin á einarðri samstöðu innan okkar raða aldrei verið meiri. Því höfum við lagt mikla áherslu á að tryggja víðtæka umræðu innanhreyfingarinnar um úrlausnarefnin og leiðirnar til að tryggja samstöðu og samfélagslega sátt.

Við höfum farið í fundaherferðir um landið, haldið þrjá formannafundi á vettvangi Alþýðusambandsins og aukaársfund í mars. Öll aðildarsamtökin hafa ítrekað haldið formannafundi innan sinna raða og eru þá ótaldir fjöldi félags- og vinnustaðafundavítt og breitt um landið. Ég hef ekki tölu á því hversu margir hafa þannig með beinum hætti komið að þessari umræðu en ég er sannfærður um að þessi vinna hefur skilað okkur því sem næst órofa samstöðu í þessari baráttu – og þeirri samstöðu verðum við að halda.

Það er einnig vert að benda á að eftir að fundunum á Austurvelli lauk í vor og fólkið fór heim hélt verkalýðshreyfingin áfram í baráttunni fyrir raunhæfum lausnum– þetta minnir okkur á að þótt tilfinningar eigi að fá að njóta sín í starfi okkar er það ekki síður þrautseigjan og úthaldið í starfi verkalýðshreyfingarinnar sem á endanum ræður úrslitum þegar kemur að hag launafólks.

Góðir félagar,

Ég nefni þetta því baráttu okkar fyrir manniúðlegum, réttlátum og raunsæjum úrræðum fyrir skuldsett heimili í greiðslu- og skuldavanda hefur staðið yfir frá því 1994 þegar við fyrst kröfðumst samræmdrar löggjafar um greiðsluadlögun. Í þessari baráttu höfum við lengst talað fyrir daufum eyrum. Að okkar mati var einnig mikil þörf fyrir slíkt verkfæri þegar á árinu 2007 þegar verðbólga var farin að hækka mikið. Fyrir harðfylgi okkar og festu tókst að koma slíkri löggjöf í gegn sl. vetur í aðdraganda kosninganna þótt ekki hafi það tekist til eins og við vildum vegna breytinga í meðförum Alþingis. Við höfum lagt mikla áherslu á það við ríkisstjórnina að sú löggjöf verði nú endurskoðuð og lagði miðstjórn ASÍ fram ítarlegar og útfærðar tillögur þar af lútandi í september. Vonandi fá hugmyndir okkar meiri byr en áður en þær fela í sér samræmdar reglur til þess að aðlaga allar skuldir umfram greiðslugetu og markaðsvirði eigna að raunverulegri greiðslugetu skuldara. Ég vil einnig minna á að þegar í kjölfar hrunsins lagði ASÍ til að tekin yrði upp sjálfvirk greiðslujöfnun verðtryggðra lána, og nú hillir loksins undir að það komist í framkvæmd þótt enn skorti lagaheimildir til þess að beita sömu aðferðafræði á gengistryggð lán.

Við höfum einnig lagt til, og fengum að hluta til í gegn á vorþingi, breyting-

ar á lögum sem treysta réttarstöðu skuldara við gjaldþrot og nauðungaruppboð, en einnig hér teljum við ekki nóg að gert og höfum lagt til róttækar breytingar á aðfararlögum og lögum um nauðungaruppboð sem tryggja búseturétt uppboðspola í íbúðarhúsnæði sem selt er á nauðungaruppboði og fela í sér verulegar takmarkanir á innheimtukostnaði lögmanna við aðför og uppboð.

Þetta eru örfá dæmi um þann árangur sem við höfum náð í þágu skuldugra heimila og þær kröfur sem enn standa gagnvart ríkisstjórninni í þessu efni. Ég tel afar mikilvægt að við fylgjum þessum kröfum eftir af festu, því ásamt þeim árangri sem náðist við breytingar á atvinnuleysisbótakerfinu og auknum framlögum til virkra vinnumarkaðsaðgerða eru þær veigamikill hluti af nauðsynlegum aðgerðum til þess að koma í veg fyrir bæði félagslega og fjárhagslega útleð þeirrar kynslóðar sem þyngstar byrðar ber í krepplunni.

Góðir félagar,

Eftir aukaársfundinn okkar í mars kynntu öll heildarsamtök launafólks á vinnumarkaði ásamt gagnaðilum okkar djarfa áætlun um endurreisn efnahags- og atvinnulífs, þar sem horft var til loka ársins 2013. Við settum fram tölusettt markmið um allar helstu lykilstærðir efnahagsmála eins og vexti, gengi, verðbólgu, atvinnustig og lífskjör. Einnig settum við okkur raunhæf millimarkmið um hvar við vildum vera í lok ársins 2010 þegar kjarasamningar renna út.

Við buðum fulltrúum allra stjórnmalaflokka og Seðlabankans til samræðu og samstarfs við aðila vinnumarkaðarins um þessi markmið í aðdraganda kosninganna. Markmiðið var að undirbyggja mikilvægi þess að stjórnmalamenn legðu til hliðar hefðbundna flokkadrætti og útúrslúningapólitík og sameinuðust með okkur í því að vinna þjóðina út úr þessum vanda. Því miður sjást engin merki þess að flokkarnir hafi viljað verða við þessari beiðni nema síður sé.

Fljótlega eftir kosningar og myndun nýrrar ríkisstjórnar í maí fóru viðræður um stöðugleikasáttmálann í gang á mjög breiðum grunni og reyndust þær afar flókna og erfiðar. Bæði var við að eiga áform ríkisstjórnar um að ná tókum á gríðarlegum halla ríkissjóðs og ágreining við Seðlabankann um stjórn vaxta- og gengismála. Ofstinnis stóðum við frammi fyrir raunverulegri hættu á að uppúr slitnaði og að atvinnurekendur segðu upp kjarasamningum eins og þeir höfðu rétt til. Þegar ljóst var að Seðlabanki ætlaði ekki lækka vexti fyrir lok júní stefndi í pattstöðu sem okkur tókst að leysa á þann hátt að atvinnurekendur myndu framkvæma helming taxtahækkana 1. júlí en öðrum hækkunum yrði frestað til 1. nóvember á þessu ári og til 1. júní á árinu 2010.

Af hálfu launafólks í þessum viðræðum var lögð þung áhersla á að standa vörð um viðkvæmstu þætti velferðarkerfisins og samkomulag náðist við ríkisstjórnina um ákveðna forgangsröðun.

Þar tókst að tryggja að sparnaður í heilbrigðis- og almannatryggingum yrði ekki meiri en 5%, 7% í menntamálum og 10% í öðrum þáttum í rekstri ríkisins. Fulltrúar ASÍ og SA lögðu einnig þunga áherslu á að setja skorður við hversu langt yrði gengið í hækkun skatta.

Samkomulagið var undirritað 25. júní og með því töldum við að skapast hefðu skilyrði fyrir auknum fjárfestingum innlendra sem erlendra aðila, auknum hagvexti, nýrri sókn í atvinnumálum og grunnur lagður að bættum lífskjörum til framtíðar. Á grundvelli þessara markmiða töldu forsvarsmenn Seðlabankans allar líkur á því að vextir yrðu komnir niður í eins stafs tölu fyrir lok október og hægt yrði að slaka verulega á gjaldeyrishöftunum.

Þannig skildum við málið í lok júní og vorum raunar nokkuð hjartsýn því hagtölur snemma sumars sýndu að samdrátturinn virtist ætla verða minni en spáð hafði verið og því ekki ólíklegt að okkur myndi takast að tryggja viðsnúning og uppbyggingu þegar í upphafi næsta árs. En þá hófst deilan um Icesave og vikurnar liðu og urðu að mánuðum og allt fraus.

Í lok ágúst kom í ljós að enginn vinna hafði farið fram á vegum stjórnvalda til að ýta í gang sérstökum framkvæmdum í samstarfi við lífeyrissjóðina, ekki hafði tekist að ljúka endurfjármögnun bankanna, ekki hafði tekist að ljúka endurskoðun 1. áfanga AGS-áætlunarinnar og því ekki tekist að tryggja Seðlabankanum aukinn gjaldeyrisforða til að slaka á gjaldeyrishöftum og lækka vexti. Ekkert hafði sem sagt verið gert, engar ákvarðanir verið teknar og um tíma virtist ríkisstjórnin einfaldlega hafa misst meirihluta sinn á Alþingi. Ofan í þetta úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar hafði umhverfisráðherrann lagt sig sérstaklega fram við að finna leiðir til þess að geta tekið úrskurð skipulagsstjóra um lagningu SV-línu á Suðurnes aftur upp og vísaði málinu aftur til embættisins til endurnýjaðrar efnismeðferðar. Þar með seinkar línulögninni sem aftur setti allar framkvæmdir sem henni tengjast í verulega óvissu, einkum gagnageymsluverið í Keflavík og álverið í Helguvík – sem framkvæmdir eru þegar hafnar við.

Þetta er í fullkominni andstöðu við skýr ákvæði stöðugleikasáttmálans, sem byggði á því að deilum um þessar ákvarðanir væri lokið og að framkvæmdum ætti að hraða!

Þegar fjárlög voru lögð fram 1. október sl. kom í ljós, að þrátt fyrir að yfirbragð sparnaðaraðgerða hafi í megindráttum verið í samræmi við forgangsröðunina í stöðugleikasáttmálanum þá voru ýmis atriði sem komu á óvart og kölluðu á skýringar. Einkum snýr þetta að umfangi skattahækkana bæði á einstaklinga og fyrirtæki sem og útfærslu þeirra, þar sem við óttuðumst að í undirbúningi væri enn ein aðförin að verðgildi skattleysismarkanna.

Einnig er ljóst að hugmyndir um orku- og umhverfisskatta hafa sett öll áform um fjárfestingar í orkugeiranum í algjört uppnám.

Samninganefnd ASÍ og framkvæmdastjórn SA funduðu í fyrstu viku októbermánaðar þar sem farið var yfir stöðugleikasáttmálann og drögum við þá niðurstöðu að ríkisstjórnin hefði efnit afar fátt af því sem lagt var upp með í honum. Eftir að hafa setið að þjarki í tvær vikur er ljóst að afar lítið hefur þokast í samkomulagsátt, hvorki við ríkisstjórnina né Sedlabankann.

Við og SA höfum sameiginlega krafist viðbragða stjórnvalda til nokkurra þátta sem lúta að fjárfestingum í atvinnulífinu, endurgreiðslu hins opinberra á fjármögnun lífeyrissjóðanna á framkvæmdum, frekari úrræði vegna greiðsluvanda heimilanna, slökun á gjaldeyrishöftum, lækkun vaxta og að umfang skattahækkana sé ekki í neinum samhengi við ákvæði sáttmálans. Það er þó afar jákvætt að ríkisstjórnin hefur endurheimt meirihluta sinn og tekist að endursema um Icesave á viðunandi hátt þannig að AGS lýsti því yfir í gær að stjórnin myndi flýta 1. endurskoðun áætlunarinnar og afgreiða lánin þegar í næstu viku.

Það er lýsandi fyrir ástandið að þessari endurskoðun átti að ljúka fyrir lok janúar sl. samkvæmt upphaflegu tímaáætluninni og í dag er 22. október – þetta tók bara 10 mánuði! Tíminn er orðin afar naumur og að óbreyttu blasir við að kjarasamningum verði sagt upp á þriðjudaginn kemur, þann 27. október, komi ekki skýr viðbrögð frá ríkisstjórninni. Hvort þetta tekst eða ekki er því miður óvíst og það eru bara fimm dagar til stefnu!

Kjarasamningur okkar er nú í þriðja sinn á þessu ári kominn í uppnám og langlundargeð gagnvart úrræðaleysi stjórnvalda í nánast öllum málum er að þrotum komið. Allt eins gætum við staðið frammi fyrir því, að þrátt fyrir náíð samstarf samtaka launafólks og atvinnurekenda í þessari glímu, geti komið til uppsagnar kjarasamninga í byrjun næstu viku. Það væri auðvitað alveg skelfileg staða ef hún kemur upp – og þrátt fyrir að hún sé á ábyrgð ríkisstjórnarinnar verða atvinnurekendur að gera sér grein fyrir því að forsenda samstarfs af okkar hálfu er að til launahækkana muni koma. Verði kjarasamningum sagt upp og réttmætar launahækkningar hafðar af láglaunafólki mun verkalýðshreyfingin beita afli sínu til þess að tryggja að til þeirra hækkana muni koma. Á þingi Starfsgreinasambandsins leyfði ég mér að nota orðalagið að ef þið viljið stríð þá munið þið fá stríð!

Góðir félagar

Eins og ég kom inn á áðan er það hlutverk okkar og skylda við svona aðstæður að verja grunnstoðir velferðarkerfisins. En hlutverk okkar í velferðarkerfinu er ekki síður mikilvægt við framkvæmd veigamikilla þátta þess sem snúa beint að launafólki því við höfum byggt upp viðamikil velferðakerfi á vinnumarkaði í samstarfi við atvinnurekendur.

Stéttarfélagin reka umfangsmikla velferðarþjónustu við sína félagsmenn í formi mikilvægra réttinda í fræðslusjóðum, sjúkrasjóðum og lífeyrissjóðum

og með kjarasamningunum í febrúar 2008 tókst okkur að bæta enn einum mikilvægum þætti í þessa flöru með samkomulaginu um starfsendurhæfingarsjóð.

Við höfum nú ýtt þessu verkefni úr vör og ég hygg að við séum um það bil að ljúka því verkefni að allir okkar félagsmenn hafi aðgengi að sérstökum ráðgjafa ef upp koma alverleg veikindi sem ógna starfsgetu viðkomandi. Þá höfum við á undangengnum árum byggt upp umfangsmikið endur- og eftirmenntunarkerfi á vinnumarkaði og í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar vítt og breytt um landið. Þannig höfum við markvisst verið að treysta velferðarkerfið á vinnumarkaði sem um leið er lykillinn að þeim virku vinnumarkaðsaðgerðum sem eru mikilvæg forsenda baráttunnar við atvinnuleysið og endurreisnarrinnar í atvinnulífinu þeirra. Ég nefni þetta hér því við verðum að hafa í huga, að þau réttindi sem launafólk hefur fengið með kjarasamningi og sú þjónusta sem stéttarfélögin veita hefur reynst vera miklu öruggari og traustari en sá hluti sem verið hefur í höndum stjórnvalda.

Ég nefni þetta líka vegna þess að í því atvinnuleysi sem nú dynur yfir þjóðina hafa komið fram alvarlegir brestir í þeirri uppstokkun sem orðið hefur á umsýslu og framkvæmd með atvinnuleysistryggingum undanfarin 10 ár. Einkum kemur þetta fram í samskiptum við þá sem missa vinnuna þar sem fólk gengur atvinnulaust mánuðum saman án þess að brugðist sé við með stuðningi og úrræðum. Aldrei fyrr hefur það gerst, að þátttaka atvinnulausra í stéttarfélögum hafi fallið úr yfir 80% niður í um 50% eins og nú. Ég lít þetta mjög alvarlegum augum því þessir félagsmenn okkar eru að missa veigamikil réttindi bæði vegna veikinda og endurmenntunar.

Eftir að umsýsla með atvinnuleysistryggingakerfinu var flutt frá stéttarfélagunum og til stjórnsýslunnar er fólk að missa réttindi, það er einangraðra og afskiptra og fær ekki þá þjónustu og tækifæri sem það á rétt á. Ég tel að stjórnvöld eigi einfaldlega að viðurkenna að þessar breytingar hafa mistekist og leiðréta hið fyrsta og taka aftur upp það fyrirkomulag sem við höfðum fyrir árið 1997, þó í breyttri mynd sé. Við eigum að krefjast þess að auka aftur hlutverk stéttarfélaganna í þessari umsýslu og endurskipuleggja þjónustu við þá sem missa atvinnuna á svipuðum nótum og við höfum verið að gera í tengslum við starfsendurhæfinguna og námsráðgjöfina í fullorðinsfræðslunni og tryggja okkar fólki virkar vinnumarkaðsaðgerðir en ekki óvirkar eins og nú er gert.

Það er athyglisvert og mikilvægt, að forysta Samtaka atvinnulífsins er okkur sammála um þetta og því höfum við sameiginlega boðið upp á viðræður með þetta að markmiði og treysti því og hvet ráðherra vinnumarkaðsmála til að standa með okkur í þessari vegferð.

Ágætu félagar

Við stöndum frammi fyrir ögrandi áskorunum við endurreisn atvinnulífsins. Við höfum ítrekað sett fram kröfur um nýtt siðferðismat í stjórnun fyrirtækja, þar sem saman fari skilvirk löggjöf og víðtæk samfélagsleg ábyrgð þeirra. Krafa okkar hefur verið skýr, verkalýðshreyfingin mun ekki setta sig við að atvinnulífið verði bara endurræst á sömu vitlausu forsendunum og síðast – með sama siðleysinu, sömu græðginni, sömu bónusunum, sama eignarhaldsfélagafeluleiknum - aldrei aftur!

Að sama skapi er afar mikilvægt að móta nýjar forsendur fyrir atvinnuþróun inn í framtíðina. Þrátt fyrir áherslur okkar um skammtímaaðgerðir næstu 12-18 mánaða vegna atvinnuleysisvanda samtímans er ég þeirrar skoðunar að við eigum að hasla Íslandi völl á grundvelli sjálfberrar þróunar og græns og endurnýjanlegs hagkerfis. Ásamt sterkasta lífeyriskerfi heims móta gríðarlegar auðlindir okkar í formi hreinnar orku úr fallvötnum og iðrum jarðar, miklir möguleikar í umhverfisvænni ferðaþjónustu og vannýtt tækifæri í líffræðilega ábyrgri og hreinni matvælaframleiðslu bæði úr sjávarfangi og landbúnaði ótrúlega sterka samkeppnisyfirburði Íslands í grænu hagkerfi framtíðarinnar. Þarna liggja tækifærin okkar, þangað eigum við að stefna því þarna getum við náð verulegu forskoti á ábyrgum hnattrænum forsendum.

Ég hef aldrei getað sætt mig við þá fullyrðingu að sjávarútvegur og landbúnaðar geti ekki verið uppspretta hagvaxtar og nýrra starfa hér á landi – að mikilvægustu atvinnugreinar landabyggðarinnar verði dæmdar úr leik, að fólkinu okkar í þessum störfum sé ekki búin björt framtíð í sínu byggðalagi. Við eigum að hafna þessari nálgun. Við eigum að bjóða ungum útgerðarmönnum og bændum til samræðu við okkur, samræðu um tækifæri morgundagsins í stað þess að leyfa þeim sem eru fastir í viðjum vanans – í fortíðinni – að ráða ferð. En við verðum einnig að vera raunsæ og hafa það hugfast að forsenda þessarar þróunar – forsenda þess að nýta þessi tækifæri- er tvíþætt, það verður að tryggja meiri og varanlegri stöðugleika í hagkerfinu með traustan gjaldmiðil og það verður að tryggja þessum greinum óheftan aðgang að erlendum mörkuðum fyrir fullunnar afurðir sjávarútvegs og landbúnaðar. Að öðrum kosti breytum við þessari stefnu tækifærananna í örlög viðvarandi samdráttar og glataðra tækifæra. Við megum ekki að láta þrönga hagsmuni talsmanna núverandi fyrirtækja vera ráðandi – við eigum að leggja grunn að nýrri þróun með nýjum fyrirtækjum sem hafa þrótt og vilja til að mæta nýjum áskorunum og fjölga störfum um land allt.

Góðir ársfundafulltrúar,

Yfirskrift þessa ársfundar „Byggjum réttlátt þjóðfélag“ er fengin úr alþjóðlegum baráttusöng verkalýðsins og endurspeglar grundvallarsýn okkar og þá stefnu að launafólk fái að búa í réttlátu þjóðfélagi þar sem saman fer krafan um atvinnu fyrir alla, tækifæri fyrir alla, velferð fyrir alla og jöfnuð

fyrir alla sem og þar sem byggt er á traustu siðferði og skýrri samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja og stofnana.

Það eru miklar væntingar til okkar því ég held að sá pólitíski óróleiki sem einkennir stjórn málin leiði til þess að félagar okkar horfa til verkalýðshreyfingarinnar um stefnufestu og raunhæf úrræði. Ég er alveg sannfærður um að okkar fólk vill fá að heyra það sem það þarf að heyra, en ekki endilega það sem kann að hljóma vel en á ekkert skylt við raunveruleikann og því oft óframkvæmanlegt. Það er okkar hlutverk og skylda að mæta þessum væntingum, við megum ekki bregðast.

Við skipulag þessa ársfundar höfum við í miðstjórn ASÍ lagt höfuðáherslu að leggja fram allt það efni, allar þær tillögur sem ASÍ hefur lagt fram síðan í október í fyrra sem umræðuskjöl fyrir þennan fund. Okkar ósk er, að hér geti farið fram málefnalegar og opnar umræður um hag heimilanna, stöðuna í efnahags- og kjaramálum og sýn okkar í atvinnumálum og á samfélagslega ábyrgð. Eftir umræðu í sal verða málin tekin til frekari umræðu í nefndarstarfinu og í lok dags skipi nefndirnar sérstakar ritnefndir sem beri ábyrgð á því að draga þær áherslur sem fram koma í umræðunni saman í ályktunardrög. Í upphafi dags á morgun verða þessi drög síðan kynnt og rædd í nefndinni og afgreidd þar til seinni umræðu í sal og afgreiðslu. Með þessu vinnulagi viljum við tryggja betri aðkomu ykkar að mótun stefnu samtakanna og áherslna á komandi mánuðum og misserum. Er þetta í takt við þá sannfæringu okkar í forystusveitinni, að aldrei fyrr hafi það verið mikilvægara fyrir launafólk en að verkalýðshreyfingin gangi í takt á grundvelli þeirra sjónarmiða og áherslna sem hrærast í brjósti okkar félagsmanna.

Góðir félagar.

Við erum, eigum að vera og verðum að vera trúverðugir talsmenn launafólks og það er okkar verkefni að sinna þeirri skyldu næstu tvo dagana. Með þessum orðum segi ég þennan ársfund Alþýðusambandsins settan og óska okkur öllum velfarnaðar í starfi.



Ávarp félagsmálaráðherra

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir varaforseti ASÍ bauð félags- og tryggingamálaráðherra, **Árna Pál Árnason**, velkominn til fundarins. Hann flutti eftirfarandi ræðu:

Rúmt ár er nú liðið frá þeim örlagaríku atburðum sem urðu síðastliðið haust þegar fjármálakerfi landsins hrundi og í kjölfar þess skall á efnahags- og gjaldeyriskreppa.

Nauðsynleg viðbrögð við áfalli af þessu tagi eru tvíþætt. Annars vegar að kanna hvernig þetta gat gerst og hins vegar leggja grunn að endurreisn hagkerfisins á traustari grunni. Ríkisstjórnin leggur áherslu á hvort tveggja.

Umræða undanfarinna mánaða hefur eðlilega mikið snúið um hlut einstakra manna og einstakra fyrirtækja í hruninu. Ríkisstjórnin hefur tryggt nauðsynlega umgjörð um rannsóknir og það er vilji okkar að allir sæti ábyrgð í samræmi við þann hlut sem þeir áttu í þessum vanda.

En þrátt fyrir að hlutur einstaklinga sé mikill í hruninu á það þó dýpri rætur. Satt að segja virðist þeim sem helst báru ábyrgð í mun að endurskrifa söguna á þann veg að nokkrir útrásargosar hafi verið eina ástæðan fyrir hruninu. Það er vissulega rétt að sumir menn fóru mjög offari, en sú óhófsveisla var ekki höfudástæða hrunsins. Undirrót hrunsins var oftrú á markaðshagkerfið og barnaleg sýn á það að hagkerfið væri einreið sem ekki gæti farið út af sporinu. Ekki þarf samt að langt leita langt til að finna dæmi um alvarleg

lestarslys markaðshagkerfisins og nægir að nefna fjármálahrúnið í Skandinavíu árin 1992 – 1993 og efnahagshrun Austur Asíulanda árin 1997 – 1998. Markaðshagkerfið kann að vera besta leiðin sem við höfum fundið til þessa að stýra framleiðslu og neyslu en blind trú á það er ekki skynsamleg. Hag-sveiflur og eignabólur eru óhjákvæmilegir fylgifyiskar þess og nauðsynlegt er að því sé stjórnað með virkum hætti. Innistæðulausar skattalækkningar og hug-myndafræðileg óbeit Sjálfstæðisflokksins á opinberum afskiptum af hagkerfinu eru stærstu ástæður þess stjórnleysis í efnahagsmálum sem leiddu til hrunsins. Markaðurinn er góður þjónn en afleitur herra. Það eru sígild sannindi þótt þau hafi gleymst í lestarferð Eimreiðarhópsins undanfarin 20 ár.

Efnahagsþróunin hefur frá hrúninu verði í meginatriðum í samræmi við þær spár sem komu fram á haustmánuðum strax í kjölfar hrunsins. Þannig virðist samdrátturinn á þessu ári ætla að verða um 9% og hann muni halda áfram eitthvað inn á næsta ár. Spár virðast benda til að þá verði botninum náð og hagvöxtur geta farið að festa rætur á síðari hluta ársins. Atvinnuleysi hefur fylgt hagþróuninni og hefur hæst orðið um rúm 9% og gæti miðað við spár vaxið áfram á inn á næsta ár og orðið á bilinu 10 – 11%. Við getum vonað að þróunin verði heldur betri en ég er í vinnu við að vera boðberi hinna slæmu tíðinda og býst því við því versta.

Það má segja að fimm meginverkefni blasi við okkur og þau eru kjarni efnahagsáætlunar stjórnvalda sem unnið er að í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Í fyrsta lagi að endurreisa fjármálakerfið því án trausts og starfshæfs fjármálakerfis getur atvinnustarfsemi og efnahagslífið ekki starfað. Hér þarf að draga lærdóma af þeim mistökum sem leiddu til hrunsins hér á landi auk þess sem það þarf að fylgjast með þeim lærdómum sem dregnir eru á alþjóðavettvangi af þeim mistökum sem leiddu til alþjóðlegu fjármálakreppunnar. Mikilvægir áfangar hafa náðst við endurreisn bankanna á undanförunum vikum sem treysta grunn þeirra og munu ef til vill auðvelda þeim að endurreisa erlend viðskiptasambönd þeirra. Ísland er opið hagkerfi og þarf á greiðum utanríkisviðskiptum að halda.

Í öðru lagi þarf að takast á við þann vanda sem myndast hefur í ríkisfjármálum í kjölfar hrunsins. Hruenið leiddi til þess að ríkissjóður þurfti að taka á sig gríðarlegar byrðar. Viðvarandi hallarekstur myndi bæta á þær byrðar. Það er ekki ásættanlegt. Þá grefur hallarekstur undan efnahagslegum stöðugleika bæði innan á við og út á við og leiðir til verðbólgu og ójafnvægis. Hallinn er í raun samsettur úr tveimur þáttum. Annars vegar því að afkoma ríkissjóðs fyrir hrún var byggð á efnahagslegum óraunveruleika eignabóllunnar sem leiddi til hrunsins. Þannig er ljóst að ekki var innstæða fyrir þeim skattalækkunum árána 2005 – 2007. Hins vegar afleiðingum hrunsins, samdrætti í atvinnu-

lífinu, auknum vaxtakostnaði og félagslegum útgjöldum sem leiða beint eða óbeint af efnahagssamdrættinum. Við þessu þarf að bregðast með erfðum aðgerðum bæði til lækkunar útgjalda og aukningu skatttekna.

Þriðji hornsteinn efnahagsstefunnar er að koma gjaldeyrisviðskiptum við útlönd í frjálst horf á ný og leggja grunn að styrkingu krónunnar á næstu árum. Gjalddeyrishöft leiða til óhagkvæmi, undanbragða og spillingar. Fyrir því höfum við og aðrar þjóðir langa og slæma reynslu. Þá eru höftin eðli máls samkvæmt sjálf hindrun fyrir styrkingu krónunnar og eðlilegrar verðmyndunar gjaldeyris á markaði. Þau mynda vantrú á gengi gjaldmiðilsins. Margir samverkandi þættir þurfa að fléttast saman til að leysa þennan hnút. Trúverðug efnahagsstefna og framkvæmd hennar er einn. Sátt við erlenda kröfuhafa fjármálafyrirtækjanna er annar. Við þurfum líka að ná hagvexti upp og tryggja aðgang að erlendum lánamörkuðum.

Í fjórða lagi þarf leysa þann greiðslu- og skuldavanda sem myndaðist hjá heimilum og fyrirtækjum í kjölfar efnahagshrunsins. Heimili og fyrirtæki sem eru í skuldafjötrum eru ekki líkleg til þess að leggja grunn að hagvexti á næstu árum. Reynsla annarra þjóða er að þennan vanda þarf að nálgast af skynsemi og raunsæi og engum er greiði gerður með því að halda til streitu kröfum sem engin forsenda er til að hægt sé að greiða til lengri tíma. Þess vegna höfum við lagt fram skýra sýn til lausnar á skuldavanda heimilanna. Við munum tryggja að allir sem voru í lagi fyrir hrun verði það áfram eftir hrun og flytja dhættu af verðbólgu og gengisfalli af launafólki og á lánveitendur. Við munum jafnframt mæta með fjölþættum aðgerðum þeim stóra hópi sem þarf frekari úrræði til að koma skuldastöðu sinni í horf.

Loks þarf að leggja grunn að hagvexti hér á landi á næstu árum. Mikilvægtur þáttur þess er að forða því að atvinnuleysi festist í sessi og verði langvarandi. Reynsla margra þjóða sýnir að slíkt getur gerst og hér reynir á skapandi hugmyndir til þess að svo verði ekki. Ég fjalla nánar um það hér á eftir.

Nauðsynlegt að er að átta sig á því að öll þessi fimm meginverkefni tengjast innbyrðis og styrkja og veikja hvort annað. Nálgast þarf úrlausn þeirra af skynsemi og raunsæi og líta til sem flestra hliða. Mikilvægt er að hafa réttlæti og jöfnuð að leiðarljósi og ekki falla í þá gryfju að taka tilfinningalega afstöðu við úrlausn margra verkefna þrátt fyrir að þau eigi sér rót í óreiðu og óhöfi undangenginnar markaðs- og eignabólu.

Verkalýðshreyfinginn hefur í þessum efnum gengið fram fyrir skjöldu. Afstaða hennar hefur birst í þátttöku hennar í stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Þar hefur Alþýðusambandið ásamt öðrum samtökum launamanna verið rödd skynsemi og raunsæis og leitað lausna. Það kemur ekki á óvart að svo sé. Fyrir það ber að þakka

Að undanfögnu hefur mikið verið fjallað um hvernig endurreisninni verður

háttað – hvernig atvinnutækifæri verða til og hvernig við getum skapað ný störf og ný tækifæri. Í því efni þarf að fara saman hugmyndaauðgi og raunsæi. Við hvorki getum né megum hugsa út frá forsendum gærdagsins. Við þurfum tilflutning fólks milli starfsgreina – úr bóluhagkerfinu í greinar sem skapa samfélaginu langtímaverðmæti. Við munum ekki endurreisa jafn stóran mannvirkjageira og við höfðum og við þurfum að greiða þeim mikla fjölda sem vann við sölu- og markaðsstörf í bóluhagkerfinu leið til annarra starfa. Við ætlum ekki að endurreisa gærdaginn.

Umgjörð ríkisrekstrarins setur okkur líka miklar skorður í þessu efni. Þess vegna skiptir miklu að hugsa nýjar leiðir. Ég kynnti í síðustu viku hugmyndir um átak í byggingu hjúkrunarheimila, sem felur í sér meiri fyrirgreiðslu Íbúðalánasjóðs til verkefnisins og kemur í veg fyrir að nýr rekstrarkostnaður leggist á ríkið fyrr en 2014. Sú aðgerð gæti skapað um 1200 ársverk vítt og breitt um landið á framkvæmdatímanum og rúmast samt sem áður innan þess þrönga fjárlagaramma sem við búum við. Það færir byggingariðnaði verkefni á þeim tíma sem best hentar. Vonandi tekst að koma því þjóðþrifaverkefni af stað á næstu vikum.

Ég er jafnframt með í vinnslu hugmyndir um hvernig greiða megi fyrir lánsfjárframboði til húsnæðiskaupa og húsnæðisbygginga. Það er mikilvægt að koma eðlilegri veltu á fasteignamarkaði í gang, þótt þær birgðir af óseldum íbúðum sem eru á markaðnum muni auðvitað áfram flækja verðmyndun á fasteignamarkaðnum.

Verkefnið í ríkisrekstrinum er tröllaukið. Í kjölfar hrunsins myndaðist um 200 milljarða króna árlegur halli á ríkissjóði. Efnahagsáætlun okkar miðar að því að eyða þeim halla á tveimur árum og skapa afgang til að hefja niðurgreiðslu skulda ríkissjóðs frá og með árinu 2013. Þannig stuðluðum við að því að léttu vaxtabyrði ríkissjóðs og forðum því að vaxtagreiðslur verði stærsti einstaki útgjaldaliður ríkissjóðs til langframa. Ég tel ekki raunsætt að ganga mikið harðar fram í niðurskurði í velferðarkerfinu en þegar raunin. Nú reynir á aðra þætti í ríkisrekstrinum.

Á tekjuhlíð er áhersla á að afla tekna með breiðum hætti, þ.e. nýta sem flesta mögulega tekjustofna til að tryggja hámarkslíkur á því að tekjuátakið skili árangri. Raunsætt virðist að tekjuskattslækkunar undanfarinna ára gangi til baka enda ekki innstæða fyrir þeim. Þá eru áform uppi um nýja skattstofna sem eru í samræmi við ný viðhorf og áherslur ríkisstjórnarinnar í auðlinda-, orku- og umhverfismálum. Þessum sköttum er ætlað að tryggja að þjóðin nýti auðlindir sínar með skynsamlegum hætti, njóti sameiginlega afraksturs auðlinda og greitt sé fyrir afnot af sameiginlegum umhverfisgæðum. Auðvitað þarf að ganga skynsamlega fram í þessum efnum og ekki má ofbjóða gjaldþoli þeirra aðila sem þessir skattar beinast að. Þá þarf að virða gerða samninga

og taka tillit til gjaldtöku af þessu tagi erlendis með tilliti til samkeppnisstöðu fyrirtækja á Íslandi.

Við heyrum oft nú að skattahugmyndir og fjandsamleg afstaða stjórnvalda komi í veg fyrir atvinnusköpun. Kvótæigendur óttast um sinn hag. Erlend stórfyrirtæki kvarta sáran undan töfum í stjórnkerfinu og ýmsir ágætir vinir mínir hér innan dyra taka undir þær áhyggjur. Ekki stendur á mér að hvetja til góðra vinnubragða í stjórnsýslu og þess að gætt sé sanngirni í samningum við erlenda fjárfesta.

Við viljum semja við erlend fyrirtæki en ekki upp á hvaða býti sem er. Við erum til dæmis ekki tilbúin að semja um óendanlega skattaafslætti. Atvinnulíf sem ekki getur lagt af mörkum til samfélagsins er ekki upp á marga fiska. Við getum tekið dæmi af sjávarútveginum sem hefur notið ríkulega ávaxtanna af stórfelldri gengisfellingu, en kveinar samt viðstöðulítið undan hugmyndum um hóflega innköllun aflaheimilda. Afkomubati sjávarútvegsins á síðasta ári hleypur á tugum milljarða. Þessi afkomubati er fenginn með fórnum ykkar og ykkar félagsmanna. Gengisfellingin færði peninga frá íslensku launafólki til sægreifa og stóriðju. Grátkór og kveinstafir útgerðar og álfyrirtækja er háværari og ágengari á sama tíma og launafólk hefur stillt kröfum í hóf og sýnt mikið þolgæði. Það er íhugunarefni. Ef sjávarútvegur og stóriðja geta ekki þolað hóflega innköllun veiðiheimilda og hóflega auðlindaskatta er spurning hvort við séum yfir höfuð að veðja á réttan hest. Verðum við þá ekki að leita annarra kosta um framtíðaratvinnuuppbyggingu?

Við viljum ekki standa í vegi ákvarðana fyrirtækja um uppbyggingu í Helguvík. Ákvörðun umhverfisráðherra um línulagnir hefur verið gagnrýnd en mér finnst það billegt að reyna að kenna þeirri ákvörðun um tafir. Ákvörðunin mun ekki teyja verkefnið að neinu marki – og ekkert umfram þær tafir sem stafa af því að framkvæmdaaðilinn hefur ekki tryggt fjármagn til verkefnisins og innlend orkufyrirtæki njóta ekki lánstrausts og vafi leikur á að fullnægjandi orkukostir séu til reiðu. Það eru hinar raunverulegu ástæður tafa í Helguvík. Og endaleysan um álverið á Bakka er svo kapítuli út af fyrir sig. Ekkert lýsir betur áherslum ríkisstjórnarinnar en sú ákvörðun að endurnýja ekki viljayfirlýsingu við Alcoa í óbreyttu formi. Við viljum nefnilega uppbyggingu á Bakka. En við viljum ekki afhenda einum útlendum auðhring sjálfðæmi um álitlegan nýtingarkost og gera öðrum áhugasömum fyrirtækjum ókleift að komast að borðinu. Við höfum á undanförunum árum glatað ótöldum tækifærum með aðferðafræði fortíðarinnar. Við höfum samið á forsendum álfyrirtækjanna án þess að skapa okkur samningsstöðu með nauðsynlegri samkeppni um ólíka kosti.

Þetta er mergurinn málsins. Við eigum að greiða fyrir atvinnuuppbyggingu en við eigum ekki að sæta afarkostum óforskammaðra kapítalista. Þeir vinna

að einu markmiði – háþörkun arðs. Það vitum við vel af reynslu undanfarinna ára. Við eigum að standa með okkur sjálfum, setja viðskiptalífínu skýr mörk og verða ekki ginningarfífl stóriðju og útgerðarauðvalds með sama hætti og við eltum sérhagsmuni bankadrengranna og útrásargossanna á undanförunum árum. Reynsla nágrannaríkja okkar sýnir skýrt að samkeppnishæfni þjóða og hátt skattastig eru engar andstæður – þvert á móti er traust velferðarkerfi og afkomuöryggi almennings forsenda efnahagslegrar framþróunar til lengri tíma lítið. Þeir sem halda öðru fram hafa ekkert lært af mistökum undanfarinna ára – og því miður engu gleymt.

Góðir ársfundarfulltrúar.

Við glímum nú við versta atvinnuleysi sem við höfum reynt. Fjöldi þeirra sem glíma við langtímaatvinnuleysi er orðinn meira en helmingur allra á atvinnuleysisskrá. Fjöldi ungs fólks með litla skólagöngu að baki er óeðlilega hár í þessum hópi. Við höfum af því mikla reynslu sem þjód að sameinast um að bjarga verðmætum, þegar dropa tekur í þurrt hey eða þegar aflí liggur undir skemmdum. Við verðum í þessum anda að sameinast um að bjarga þeim mannlegu verðmætum sem eru í hættu og rétta hönd til þess mikla fjölda sem er í stórhættu að lokast inni í einsemd langtímaatvinnuleysis. Við verðum öll að leggjast á árararnar. Verkalýðshreyfingin býr yfir einstæðu samskiptaneti út um allt land og inn í hvern kima. Ég vil þess vegna þjóða verkalýðshreyfingunni til samstarfs um þjónustu við atvinnulausa. Það er mikils virði ef okkur tekst að nýta hið stóra og víðfeðma tengslanet hreyfingarinnar til að hreyfa við þessum stóra hópi, styrkja hann til góðra verka, efla getu, þekkingu og sjálfstraust.

Framundan eru erfiðir tímar og mikið mun reyna á. Öflug verkalýðshreyfing er mikilvægur bandamaður í þeirri baráttu. Ég þakka okkar góða samstarf á undanförunum mánuðum og hlakka til frekara samstarfs á næstu mánuðum. Verkið er rétt að hefjast.

Kjörbréfanefnd

Guðmundur Þ. Jónsson formaður kjörbréfanefndar gerði grein fyrir álitni nefndarinnar.

Ágætu félagar.

Í samræmi við ákvæði 31. gr. laga Alþýðusambandsins skipaði forseti ASÍ 6. október sl. eftirtalda í kjörbréfanefnd vegna ársfundar sambandsins, 22. og 23. október 2009:

Þann sem hér talar, Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, formann LÍV og Ísleif Tómasson, starfsmann RSÍ.

Kjörbréfanefnd kom saman til fundar þriðjudaginn 20. október til að fjalla um innkomin kjörbréf og verklag vegna ársfundar ASÍ.

Í samræmi við 2. mgr. 29. grein laga ASÍ var landssamböndum og landsfélögum með beina aðild úthlutað alls 290 fulltrúum. Þá samþykkti miðstjórn ASÍ að úthluta tveimur aðildarfélögum sem ekki náðu inn fulltrúa á grundvelli 2. mgr. 29. gr. laganna einum fulltrúa hvoru skv. 4. mgr. 29. gr.

Samkvæmt ákvörðun miðstjórnar og úthlutun landssambanda innan ASÍ höfðu 59 aðildarfélög og deildir rétt til að senda 292 fulltrúa til ársfundarins.

20. október höfðu 58 aðildarfélög og deildir sent inn kjörbréf vegna 291 fulltrúa á ársfundinn. Kjörbréfanefnd hefur ákveðið að viðhafa eftirfarandi verklag á ársfundinum:

Í fundargögnum liggur frammi listi með nöfnum þeirra ársfundarfulltrúa sem kjörbréfum hefur verið skilað fyrir, raðað eftir aðildarfélögum eða landsamböndum. Þar sem fulltrúar eru kjörnir af aðildarfélögum á grundvelli aðildar að landssambandi kann sama félag að vera með fulltrúa hjá fleiri en einu landssambandi.

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf í samræmi við framlagðan lista verði öll samþykkt.

Ef það eru ábendingar sem þið viljið gera við samþykkt kjörbréf samkvæmt framangreindum lista er þess óskað að þið komið þeim á framfæri við starfsmann kjörbréfanefndar. Starfsmaður nefndarinnar er Halldór Grönvold og verður hann hér frammi í anddyri til að taka við ábendingum.

Þá ber að geta þess að frá því kjörbréfanefnd kom saman 20. október hafa borist nokkrar óskir um breytingar, þar sem varamenn eru að koma inn fyrir aðalmenn vegna forfalla, og er verið að vinna úr þeim.

Gerð verður grein fyrir breytingu á kjörbréfum sem komið hafa fram við upphaf fundar á morgun.

Afgreiðsla kjörbréfa

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir bar upp tillögu kjörbréfanefndar og var hún samþykkt samhljóða.

Þá bar hún upp eftirfarandi tillögu um kjörbréf:

„ Ársfundur ASÍ 2009, samþykkir í ljósi þess ástands sem ríkir af völdum inflúensufaraldurs sem geisar á landinu og í ljósi mikilvægis þess að öll aðildarsamtök ASÍ geti komið sjónarmiðum sínum og fulltrúum að á ársfundi ASÍ 2009, að þrátt fyrir bein ákvæði 31. gr. laga sambandsins verði tekið við kjörbréfum fulltrúa aðildarsamtakanna á ársfund ASÍ 2009 og þau afgreidd án tillits til þess hvenær þau berast.“

Ingibjörg gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Þá bar Ingibjörg tillöguna upp til atkvæðagreiðslu. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Kjör starfsmanna ársfundar

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir bar fram tillögu um Signýju Jóhannesdóttur sem fundarstjóra á ársfundinum og var tillagan samþykkt samhljóða.

Signý Jóhannesdóttir tók við stjórn fundarins og bar fram tillögu um Stefán Ólafsson sem 1. varafundarstjóra og Svanborgu Hilmarsdóttur sem 2. varafundarstjóra. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar fram tillögu um Snæbjörn Sigurðarson og Svein Ingason sem skrifara. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar fram tillögu um Maríönnu Traustadóttur og Stefán Úlfarsson sem ritara og var það samþykkt.

Fundarstjóri bar fram tillögu um að kynning á lagabreytingum yrði færð aftur fyrir umræður um atvinnumál, efnahags- og kjaramál og hag heimilanna og var það samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir lista með framlögðum gögnum.

Fundarstjóri minnti á kvöldskemmtun á Hótel Íslandi um kvöldið.

Horfur í efnahagsmálum – kynning hagdeildar

Ólafur Darri Andrason deildarstjóri hagdeildar gerði grein fyrir hagspá 2009-2012. Í máli hans kom fram að sú mikla lægð sem gengið hefur yfir íslenskt efnahagslíf muni ná botni á fyrri hluta næsta árs.

Hagdeildin spáir 8% samdrætti í landsframleiðslu á þessu ári og áframhaldandi samdrætti á fyrri hluta næsta árs en eftir það fer hagkerfið að rétta úr kútnum. Staða heimilanna verður áfram erfið, ráðstöfunartekjur dragast saman og atvinnuleysi verður mikið. Búast má við því að atvinnuleysi verði 8-10% næstu árin en lagist heldur undir lok spátímans.

Verðbólga hjaðnar hratt á næstunni og meiri stöðugleiki verður í verðlagi. Gengi krónunnar styrkist lítillega þegar líða tekur á spátímabilið en helst áfram veikt. Stýrivextir fara lækkandi en gert er ráð fyrir fremur aðhaldssamri peningastefnu og að slakað verði á gjaldeyrishöftum í áföngum.

Verði ekki af áætluðum stóriðjuframkvæmdum eða einkaframkvæmdum hefur það umtalsverð áhrif á efnahagslífið á komandi árum og eykur atvinnuleysi enn frekar. Gera má ráð fyrir að hagvöxtur árána 2010-2012 verði 6,7 prósentustigum minni en ella ef ekkert verður af þessum verkefnum.

Framsögur

Fluttar voru þrjár framsögur.

Páll Skúlason, heimspekingur og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands.

Páll fjallaði um viðfangsefnið út frá spurningunni „Hvernig byggjum við réttlátt samfélag?“ Til þess að svo verði þarfað taka samfélagið alvarlega sem

siðferðilegum veruleika, sagði Páll, með því að rækta heilbrigðar dygðir og lífsgildi og ekki síst með réttlátum lögum ríkisins. Hann sagði að við ættum öll fjölskyldur og tökum þátt í samfélagi með öðru fólki sem á aðrar fjölskyldur, við þurfum að afla okkur ýmissa gæða og eiga í alls konar samskiptum og viðskiptum. Til þess að halda utan um þennan flókna samskiptaveruleika þurfum við að hafa ákveðna skipan á sameiginlegum málum, sem er einhvers konar stjórnkerfi eða ríki.

Páll fjallaði um að siðferðið væri félagslegur veruleiki sem byggir á skráðum og óskráðum reglum samfélagsins. Óskráðu siðareglurnar eru oft erfiðari að skilgreina en það eru ákveðin boð og bönn sem til að mynda hindra ofbeldi sem eyðileggur lífsskilyrði eðaboð um skiptingu gæða eftir þörfum og eftir verðleikum.

Siðferðisgildin eru mikilvæg í öllum samskiptum og þar er réttlætið mikilvægt sem hugarfars- og gildismat. Lestir í lífsstíl og gildismati eru meðal annars skeytingaleyfi um eiginleg verðmæti, afskiptaleyfi um hag náungans og að metorðagirndin er lofuð sem dygð. Taumleysi er ómenning nútímans, sagði Páll. Það sem einkennir hana er að allt er selt undir þrána eftir veraldargæðum og að þessi þrá sé þráhyggja nútímans. Hann sagði að við höfum vanrækt að hugsa og hlúa að samfélagslegum gildum og að hugsa um hagsmuni komandi kynslóða.

Páll sagði að til að byggja réttlátt samfélag væri þörf á nýju gildismati. Við þurfum að rækta mannleg samskipti og andleg og siðferðileg gildi sagði hann. Við þurfum að læra að eiga hluti saman og ekki síst að hlúa að samstarfsandnum. Það er nauðsynlegt að skoða hlutina frá sjónarhóli heildarinnar, það þarf að vera opin og heiðarleg umræða um markmið og leiðir og við þurfum að móta sameiginlegan skilning á hugtökunum frelsi, jafnrétti og bræðralagi.

Hörður Arnarson, forstjóri Sjóvá: *Áskorun atvinnulífsins.*

Í framsögu sinni dró Hörður fram ýmsa ljósa punkta í stöðunni. Hann benti á að enn sem komið er hefðu áhrif kreppunnar mest verið í pappírshagkerfinu en ekki í raunhagkerfinu, við ættum enn allar okkar auðlindir sem ráða miklu um samkeppnishæfni okkar: Mannauðinn, fiskinn, orkuna og náttúruna. Til að nýta styrk okkar þyrfti samt sem áður að leysa ýmis vandamál.

Hörður taldi ástandið í atvinnulífinu e.t.v. ekki eins slæmt og margir álitu. Veik króna bætti t.d. samkeppnistöðu bæði útflutningsfyrirtækja og fyrirtækja í samkeppni við innflutning og þensla undanfarinna ára á vinnumarkaði væri horfin. Rekstrarumhverfi útflutningsfyrirtækja væri í raun betra en það hefur verið um árabil.

Að mati Harðar hefur samt tekið of langan tíma að leysa ýmis brýn mál. Það væri að sumu leyti skiljanlegt þar sem við værum að fást við flókið og óþekkt verkefni. Ýmislegt annað spilaði samt inn í eins og tíð ríkisstjórnaskipti og

hræðsla við að taka ákvarðanir. Á móti kæmi að vinnumarkaðurinn hefði jafnvel verið enn sveigjanlegri en búist var við en það hefði án efa létt á vandanum.

Hann taldi nauðsynlegt að við settum okkur skýra framtíðarsýn.

Til skemmri tíma ættum við að einbeita okkur að því að leysa ýmis sér-íslensk vandamál (hrun bankakerfisins, gjaldeyrishöft, háa vexti, verðbólgu / gengislækkunar), önnur vandamál er tengjast óvissu í eignarhaldi fyrirtækja. Þá ættum við að auka áherslu á útflutning til gjaldeyrisöflunar. Þar skipti máli að styðja við bakið á núverandi útflutningsfyrirtækjum með sértækum aðgerðum. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að við missum okkar helstu útflutningsfyrirtæki úr landi.

Til lengri tíma yrðum við hins vegar að leggja áherslu á þekkingaruppbyggingu, rannsóknir og menntun. Þá þyrftum að gæta þess að fara vel með náttúruauðlindirnar. Þetta ætti sérstaklega við um hina hreinu orku sem við eigum en eftirspurn eftir henni muni aukast í framtíðinni. Tryggja þyrfti stöðug og góð starfsskilyrði á alþjóðlegan mælikvarða.

Ásta S. Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna: *Ráðgjöf vegna greiðsluerfiðleika á tímum efnahagsþrenginga.*

Í framsögu sinni gerði Ásta grein fyrir þeim áhrifum sem efnahagsþrengingarnar hefðu haft á starfsemi ráðgjafastofunnar, hún fjallaði um þau úrræði sem í boði eru fyrir þá sem farið hafa illa út úr þrengingunum og vakti athygli á nokkrum brýnum úrlausnarefnum.

Í kjölfar bankahrunsins hefur þörf fyrir ráðgjöf stofunnar aukist verulega, ekki hvað síst meðal barnafjölskyldna. Starfsmönnum hefur því verið fjölgað og ný þjónusta kynnt til sögunnar. Meðal nýjunga má nefna „Sóltúnsmódelið“, þ.e. fyrirkomulag þar sem fólk getur fengið fyrstu ráðgjöf án þess að bíða eftir formlegu viðtali. Þá er unnið að því að gera mögulegt að sækja um aðstoð rafrænt. Ásta vék að því að Ísland eitt Norðurlanda stýddist ekki við opinbera viðurkennda neysluviðmiðun, ef slík viðmiðun væri fyrir hendi hér á landi myndi það auðvelda starf stofunnar.

Í máli Ástu kom fram að margir skjólstaðingar gerðu sér ekki grein fyrir þeim rétti sem þeir ættu, m.a. hjá stéttarfélagunum. Eitt mikilvægasta hlutverk ráðgjafarstofunnar væri að hvetja fólk áfram, benda því á ljósið í myrkrinu. Hún benti á að hafa þyrfti í huga að aðstæður heimila væru ólíkar, mismunandi aðgerðir hentuðu hverjum og einum, klæðskerasaumaðar lausnir væru algengar. Ásta benti á að meðal brýnustu úrlausnarefnanna nú um stundir væri að finna lausnir sem sátu ríki um, að beina umræðunni um úrræði í jákvæðari farveg en verið hefur, að styrkja starfsmenn til að veita ráðgjöf og að læra af öðrum þjóðum.

Klukkan 12:40 var gert hádegishlé.

Klukkan 13:30 var fundi framhaldið.

Atvinnumál, efnahags- og kjaramál, hagsmunir heimilanna / 1. umræða

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Kristinn Örn Jóhannesson, VR / efnahags- og kjaramál. Kristinn benti á mikilvægi þess að við reyndum að sjá tækifærin í því kreppuástandi sem nú ríkti. Hann sagðist trúa því að nú væri lag til að byggja upp réttlátara samfélag. Hann sagðist treysta því að þeir sem hér væru samankomnir ætluðu að fara í þá vinnu af einurð, einlægni og heilindum. Mikilvægt væri að taka heildstætt á vandanum. Launafólk þyrfti að standa þétt saman í aðgerðum gegn bráðavandanum en jafnframt leggja drög að réttlátu samfélagi til framtíðar. Kristinn lagði áherslu á að fyrirhugaðar skattabreytingar verði útfærðar þannig að þeim sem minnst hafa verði hlíft en hinir sem nutu umfram aðra í skattalækkunum á liðnum árum taki á sig byrðarnar – þetta væri best gert með hækkun persónuafsláttar og skattprósentunnar. Hann sagði einnig að tryggja þyrfti að um leið og skattar á neyslu hækki verði áhrif þeirra á neysliverðsvisítölu til útreiknings verðtryggingar minnkuð. Þá varaði hann eindregið við því að notendagjöld í heilbrigðiskerfinu yrðu hækkuð. Kristinn sagðist vilja sjá samfélag þar sem allir hefðu jafna möguleika til réttláttra launa, þar sem lágmarkslaun væru mannsæmandi, þar sem ríkti sanngjarnt launabil og þar sem allir hefðu jafna möguleika til náms, heilbrigðisþjónustu og annarra félagslegra gæða. Hann sagði að til þess að þetta gæti orðið að veruleika verði að láta reyna á samtakamátt verkalyðshreyfingarinnar. Nú væri rétti tíminn til að leggja niður innbyrðis deilur. Núna væri rétti tíminn til að leggja drög að samfélagi sátta, virðingar og réttlætis.

Guðmundur Gunnarsson, RSÍ / umhverfismál. Guðmundur gerði grein fyrir innleggi umhverfisnefndar ASÍ á umhverfisþingi fyrr um haustið. Hann sagði að loftslagsbreytingar og viðbrögð við þeim muni hafa mikil áhrif á vinnustaði okkar á komandi árum. Því væri afar brýnt að verklyðshreyfingin léti sig umhverfismál varða. Guðmundur benti á að eftirspurn eftir umhverfisvænni orku eins og þeirri sem við eigum muni stóraukast í framtíðinni. Stjórnámálamenn töluðu oft eins og orkuforði okkar væri ótakmarkaður, staðreyndin væri hins vegar sú að um væri að ræða takmarkaða auðlind. Við þyrftum að hugsa það mjög vel í hvað við notuðum hana. Hann varaði við því að við settum öll egginn í sömu körfuna. Guðmundur benti á áhugaverð tækifæri í hinu svokallaða „græna hagkerfi“. Það byggir ekki endilega á stórum orku- og iðjuverum heldur margvíslegum tækifærum, m.a. hlífefnaiðnaði og endurvinnslu. Hann nefndi einnig þann möguleika að við rafvæddum bílafлотann okkar sem hann taldi að við gætum jafnvel að verulegu leyti framleitt sjálf. Einnig nefndi hann þann möguleika að við stefndum að því að verða fyrsta

al-græna samfélagið. Guðmundur sagði að það væri pólitísk ákvörðun hvernig við förum með orkulindir okkar, pólitísk ákvörðun sem við getum og eigum að hafa áhrif á.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélag Akraness / efnahags- og kjaramál. Vilhjálmur sagðist harma hvernig endurskoðunarákvæði síðustu kjarasamninga var beitt. Verkalýðsfélag Akraness hefði alfarið lagst gegn frestunum launahækkana. Sum fyrirtæki hefðu auðveldlega getað staðið undir umsömdum launahækkunum. Hann nefndi HB-Granda sem dæmi. Verkalýðsfélag Akraness gagnrýndi það fyrirtæki harðlega þegar það ætlaði að greiða hluthöfum arð án þess að hækka laun. Sú gagnrýni leiddi til þess að fyrirtækið ákvað að hækka laun starfsfólksins. Fleiri fyrirtæki fylgdu síðan í kjölfarið. Verkalýðsfélag Akraness væri mjög stolt af sínum þætti í þessu máli. Vilhjálmur gagnrýndi hins vegar aðkomu miðstjórnar ASÍ að málinu, en hún hafði krafist þess að stjórn HB Granda myndi draga tillöguna um arðgreiðslur til baka, „ella greiða starfsfólki áður umsamdar launahækkanir“. Í ljósi þessa sagði Vilhjálmur að við endurskoðun kjarasamninga nú ætti að krefjast þess að þau fyrirtæki sem standa vel borgi launafólki til baka uppsafnaðan launaskaða þess. Hann gagnrýndi einnig þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við ákvörðun um frestun launahækkana og vitnaði til lögfræðilegs álits sem hann sagði staðfesta að samninganefnd ASÍ mátti ekki semja um verri kjör en upphaflegir samningar sögðu til um nema með því að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu.

Vilhjálmur vék að stöðugleikasáttmálanum. Hann spurði hvað hefði gerst síðan hann var undirritaður. Að hans mati hafði ekkert gerst annað en að auknum byrðum hafði verið varpað á almenning. Hann vakti athygli á að í sáttmálanum væri ekkert fjallað um hækkun persónuafsláttar – sem væri samt það besta sem hægt væri að gera fyrir lágláunafólk. Hann sagði að neyðarlögin frá í fyrra hefðu tryggt stöðu fjármagnseigenda en allt of lítið hefði verið gert til að létta byrðar skuldugra heimila. Hann gagnrýndi sérstaklega þau úrræði sem stæðu þeim til boða sem farið hefðu illa út úr bílalánum. Vilhjálmur endaði mál sitt á því að vitna í ræðu Ögmundar Jónssonar á yfirstandandi þingi BSRB þar sem hann lýsti yfir áhyggjum af stöðu verkalýðshreyfingarinnar, að hún væri að fjarlægjast ræturnar, að hún væri að verða að einskonar stofnun. Vilhjálmur sagðist deila þessum áhyggjum og benti í því samhengi á niðurstöður skoðanakönnunar sem hann sagði sýna að verkalýðshreyfinguna skorti traust meðal almennings. Hann sagði að hreyfingin yrði að snúa við blaðinu, það væri SGS til skammar að semja um lágmarkslaun upp á 144 þús. kr., það væri forgangsráði í framtíðarkjarasamningum að leiðrétta þetta.

Fundarstjóri fór þess á leit við ræðumenn að þeir virtu fundarsköp og héldu sig innan leyfilegs ræðutíma. Því næst kynnti hún til leiks Lúðrasveit verkalýðsins sem lék undir kraftmiklum söng fundarmanna baráttusöng verkafólks. Að

söngnum loknum flutti fundarstjóri kveðju til Jóhannesar Kristjánssonar sem skemmt hefur ársfundarfulltrúum síðustu ár. „Ég ætla að vona að Jóhannes finni hlýja strauma héðan og að það dugi honum vel til skjóts bata.“

Sigurrós Kristinsdóttir, Eflingu / hagar heimilanna. Sigurrós sagði að undanfarið ár hafi þeim heimilum sem eiga í fjárhagsvanda fjölgað. Hún sagði að ekki mætti gleyma því að flest heimili standa enn undir skuldbindingum sínum þó það reynist þeim æ erfiðara. Hún kallaði eftir markvissum aðgerðum til að vandinn verði ekki óviðráðanlegur og til þess að ekki fjölgi í hópi þeirra sem eiga við verulegan vanda að etja. Sérstaklega þyrfti að huga að stöðu þeirra sem stöðu höllum fæti fyrir hrunið svo og ungu fólki sem fjárfesti í húsnæði á þeim tíma er verð þeirra var í hæstu hæðum. Sigurrós sagði nauðsynlegt að verkalýðshreyfingin sé með fingurna á púlsinum. „Við komum því víða að verki,“ sagði hún „og tókum m.a. virkan þátt í stýrihópi félags- og tryggingaráðuneytisins um hina svokölluðu *velferðarvakt*“. Sigurrós gerði nánari grein fyrir hlutverki þessarar vaktar og starfsemi ýmissa undirhópa er vinna fyrir hana. Hún sagði að með aðkomu að velferðarvaktinni væri verkalýðshreyfingin betur undir það búin að koma með tillögur að lausnum. Sigurrós minnti á meginsjónarmið ASÍ í málefnum skuldugra heimila, m.a. það að sem flestum verði gert kleyft að standa undir skuldbindingum sínum, viðhalda viðunandi lífskjörum og verja félagslega stöðu sína. Hún varaði við að hlaupið sé á eftir skyndilausnum sem vísa vandanum á framtíðarkynslóðirnar og grafa undan stöðum velferðarkerfisins. Að lokum sagði Sigurrós að það hefði sjaldan verið mikilvægara en nú að verkalýðshreyfingin stæði þétt saman og væri mótandi afl í að byggja upp réttlátt þjóðfélag.

Margrét Ingbórsdóttir, Verslunarmannafélagi Suðurlands / efnahags- og kjaramál. Margrét fjallaði um reynslu sína af ársfundum ASÍ síðan 2004. Á fyrsta fundinum hélt hún að hún væri á röngum stað m.a. af því hve meðalaldur fulltrúa virtist hár. Hún sagði að sér virtist þetta hafa breyst og að samsetning fulltrúa væri blandaðri. Hún sagðist oft hafa gagnrýnt það fyrirkomulag að leggja fyrir ársfundina „forsoðnar“ tillögur sem lítið hafa breyst í meðförum nefnda. Því fagnaði hún þeirri nýbreytni að láta fundarmönnum meira eftir að semja það sem frá fundinum kemur. Margrét vék að því að verkalýðshreyfingin hefði sýnt mikla ábyrgð í verkum sínum. Oft reyndi á þolinmæðina þegar þessi ábyrga afstaða virtist ekki skila árangri. Við mættum samt ekki gleyma hinu sameiginlega markmiði okkar, þ.e. við viljum öll hag okkar fólks sem mestan. Að lokum vék Margrét að umræðunni um Evrópumál. Hún sagði að yfirleitt hefði hún verið á móti því að Ísland sækti um aðild að ESB, en nú þegar búið væri að leggja inn umsókn þyrfti ekki að ræða það frekar. Hún hvatti fundarmenn til að vinna saman og sýna það í verki að það sem skiptir mestu máli eru félagar okkar og að bæta þeirra hag.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, VR / atvinnumál. Ingibjörg minnt á ályktanir ársfundarins í fyrra um uppgjör við fortíðina og um að settar verði skýrari reglur um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og stjórnenda þeirra þar sem áhersla sé á siðferði og ábyrgð. Hún sagði að þessi krafa ársfundarins endurspeglar í einni grein stöðugleikasáttmálans þar sem kveðið er á um að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins mót sameiginlega viðmið sem fylgt verði við endurreisn atvinnulífsins. Ingibjörg gerði grein fyrir því að nokkur tölfræði hafi orðið á því að stjórnvöld fylgdu ákvæðinu eftir en nú hefði verið skipuð nefnd til að vinna í málinu og ætti ASÍ aðild að henni. Ingibjörg sagði að það gengi ekki að setja viðmið sem fyrirtækin sjálf ráði hvort þau fari eftir. Hún sagði að sérfræðingar mæltu með því að í endurreisnarstarfinu sem framundan er séu sett viðmið um samfélagslega ábyrgð sem tryggt er að fylgt sé eftir. Ingibjörg ítrekaði að hafa þyrfti hraðar hendur: Endurreisnarstarfið væri þegar komið á fulla ferð en viljinn til umbóta meðal fyrirtækjanna sjálfra væri takmarkaður.

Hjördís Þóra Sigurbórsdóttir, Afli-starfsgreinafélagi / efnahags- og kjaramál. Hjördís minnti á að á aukaársfundi ASÍ 2009 hefði tillaga sem Afl lagði fyrir um kjaramál fallið í grýttan jarðveg. Fyrir þessum ársfundi liggja ekki drög að ályktunum. Hún sagði að það ætti því að vera auðveldara að hafa áhrif núna. Því næst las hún upp ályktun sem samþykkt var á kjaramálaráðstefnu Afls þann 19. september sl. Í henni er m.a. fjallað um siðferði í viðskiptum og því siðrofi sem orðið hefur í samfélaginu og hvernig unnt væri að byggja upp réttlátt þjóðfélag til frambúðar. Hjördís sagðist leggja þessa ályktun inn í viðeigandi nefndir til umræðu. Því næst vék hún að kjarasamningunum sem hún sagði að hengu nú á bláþræði þar sem stöðugleikasáttmáli hefði ekki verið framkvæmdur að öðru leyti en því að koma böndum á launafólk. Hún sagði að það hefðu verið mistök að fresta launahækkunum á þessu ári. Það hafi hins vegar verið niðurstaða lýðræðislegrar umræðu sem ber að virða. Hjördís sagðist vera sammála Vilhjálmí Birgissyni að hreyfingin yrði að halda trausti félagsmanna sinna. Launataxtar væru vissulega allt of lágir. Það væri samt ekki bara verkalyðshreyfingin sem bæri ábyrgð á þessu. Samtök atvinnulífsins og atvinnurekendur bera hér líka mikla ábyrgð.

Sigurður Bessason, Eflingu / efnahags- og kjaramál. Sigurður sagði að hreyfingin hefði aldrei áður staðið frammi fyrir eins erfiðum og mikilvægum ákvörðunum sem snerta íslenska launamenn eins og í dag. Hún hefur verið í því hlutverki að reyna að lágmarka þann skaða sem við höfum öll orðið fyrir. Sigurður gerði grein fyrir skiptum skoðunum í samfélaginu um Icesave-málið – hann ítrekaði að það væri nauðsynlegt að koma því máli frá sem allra fyrst svo hægt væri að fara að sinna öðrum brýnum verkefnum. Hann nefndi fjárlagafrumvarpið er boðaði bæði skattahækkunir og niðurskurð – við ættum að krefjast þess að þau loforð sem gefin hafa verið um hækkun persónuafslátt-

arins haldi og að þeim verði hlíft sem lakast standa. Sigurður vék því næst að stöðugleikasáttmálanum og mögulegri uppsögn kjarasamninga. Hann sagði marga gagnrýna stöðugleikasáttmálann, en hafa þyrfti í huga að hann var alltaf hugsaður sem verkfæri, ekki sem töfrasproti. Sigurður sagði að margt benti til þess að kjarasamningunum verði slitið. Ef svo fer verður að verja þá sem lökust hafa kjörin með öllum tiltækum ráðum. Staðan væri vissulega þröng en kjarasamningarnir væru okkar víglína. Þá vék Sigurður að málefnum lífeyrissjóðanna. Hann gerði grein fyrir þeim miklu breytingum sem hefðu orðið á þeim síðustu ár og ýmsum álitamálum sem upp hefðu komið. Þessi álitamál þyrfti að ræða vandlega, jafnvel kæmi til álita að halda ráðstefnu, það gæti auðveldað okkur að samræma stefnu okkar. Sigurður gagnrýndi framkomnar hugmyndir Sjálfstæðismanna um skattlagningu inngreiðslna í lífeyrissjóði. Hann lagði áherslu á að við hröpuðum ekki að niðurstöðum um málefni lífeyrissjóðanna. Mikið hefði verið í lagt að byggja upp réttindin, við mættum ekki missa þau frá okkur fyrir klaufaskap.

Guðmundur Ingi Kristinsson, VR / efnahags- og kjaramál. Guðmundur gagnrýndi fyrirhugaða skerðingu nokkurra lífeyrissjóða á greiðslum til öryrkja. Hann taldi að öryrkjar væru þegar búnir að taka á sig nægar byrðar. Auk þess byggðist þessi fyrirhugaða aðgerð á vafasömum forsendum. Þá væri það ótækt að skerðingin ætti að gerast nánast án fyrirvara. Því næst las Guðmundur upp drög að ályktun þar sem þess er farið á leit við sjóðina að þeir hætti við skerðingarnar eða fresti þeim þar til ASÍ hefur mótað stefnu í málinu.

Gylfi Arnbjörnsson, VR / efnahags- og kjaramál. Gylfi benti á að svo gæti farið að SA segðu upp kjarasamningunum. Ef þau myndu ákveða að gera það færi samningsumboðið til einstakra stéttarféлага. Við slíkar aðstæður gætu sum félög hugsanlega náð fram launahækkunum en önnur ættu mun erfiðara með það. Hann spurði hvort það væri það sem menn vildu. Gylfi sagði að nú væri róinn lífróður að skapa skilyrði fyrir stöðugleika, stöðugleika sem kæmi breiðustum hópi félagsmanna til góða. Ef það tækist ekki gætum við lent inni í ástandi víxlverkana verðlags og launa. Hann ítrekaði að svo gæti farið að SA segðu upp samningum – ræða þyrfti hvort við ætluðum þá að standa saman í samningaviðræðum eða fara fram sitt í hvoru lagi.

Stefanía Magnúsdóttir, VR / samfélagsleg ábyrgð. Stefanía vakti athygli á að ASÍ hefði staðið fyrir mikilli umræðu um ástandið í þjóðfélaginu og bent á ýmsar leiðir til úrbóta. Henni fyndist samt að talað hefði verið fyrir daufum eyrum. Það væri ekki margt sem hefði komið til framkvæmda, þótt e.t.v. væri eitthvað að rofa til nú. Þá vék Stefanía að menntamálum. Hún sagði það liggja fyrir að skólakerfið hér á landi hentar illa u.þ.b. fjórðungi nemenda og einkum séu það strákar sem fara illa út úr kerfinu. Hún vildi að hreyfingin nýtti betur menntastofnanir sínar til að koma til móts við þennan hóp. Loks kom Stefanía inn á jafnréttismál. Hún sagði

að margt hefi áunnist á þeim vettvangi og gæta þyrfti þess að það tapaðist ekki á þeim erfiðleikatímum sem við nú gengum í gegnum um.

Ólafur Pétursson, Hlíf /atvinnumál. Ólafur sagðist óttast það að sú óvissa sem nú ríkti um lagningu SV-línu leiddi til þess að SA segði upp kjarasamningum. Hann gagnrýndi áherslur ASÍ í Evrópumálum. Hann sagði að meirihluti landsmanna væri á móti aðild að ESB. Hreyfingin ætti ekki að fara gegn vilja fjöldans.

Rannveig Sigurðardóttir, VR /atvinnumál. Rannveig fagnaði því að fundarmenn hefðu sungið saman alþjóðasöng verkalýðsins. Þá lýsti hún yfir ánægju með það fyrirkomulag að leggja ekki fyrir fundinn mótuð drög að ályktunum. Varðandi þá gagnrýni á ríkisstjórnina sem komið hefði fram benti hún á að stjórnsýslan ætti erfitt um vik þar sem hún væri önnum kafin við að svara spurningum frá Evrópusambandinu í tengslum við umsókn Íslands að ESB. Þá benti Rannveig á að atvinnuleysisbætur væru nú hærri en lágmarks-laun. Slíkt ástand væri óheppilegt. Mikilvægt væri að leiðrétta misræmið sem fyrst. Loks kom Rannveig á framfæri þökkum til Guðmundar Gunnarssonar fyrir gott innlegg um umhverfismál.

Finnbjörn Hermannsson, Fagfélaginu / atvinnumál. Finnbjörn fjallaði fyrst um endurskoðun kjarasamninganna. Hann sagði að það væri sitt mat að í bæði skiptin sem launahækkunum var frestað á þessu ári þá hefði SA ætlaði að segja samningunum upp og hreyfingin því verið í ákveðinni varnarstöðu. Hann taldi hins vegar að aðstæður nú væru með öðrum hætti. SA væri ekki í góðri stöðu til að segja samningunum upp. Hreyfingin ætti að notfæra sér þetta, þrýsta á SA og draga stjórnvöld að samningaborðinu. Þá vék Finnbjörn að fjárlagafrumvarpinu. Þar blasti við niðurskurður og skattahækkanir. Nauðsynlegt væri því fyrir hreyfinguna að skilgreina ákveðnar víglínur. Standa þyrfti vörð um barnafjölskyldur og þá sem standa höllustum fæti í samfélaginu. Loks kom Finnbjörn inn á endurreisnarstarfið sem væri framundan. Hreyfingin yrði að móta sér skoðun á því hvað skuli gert við það fjármagn sem úr væri að spila. Við þyrftum m.a. að velta fyrir okkur hugmyndum um sérstakan bjargráðasjóð og um aðkomu lífeyrissjóða að væntanlegum framkvæmdum. Finnbjörn lagði áherslu á að þegar við hefðum gert upp hug okkar í þessum efnunum og ákvörðun lægi fyrir þyrftum við öll að standa saman.

Gylfi Ingvarsson, VM / hagur heimilanna. Gylfi vakti athygli á tekju-skerðingum lífeyrisþega á árinu. Hann sagðist óska eftir umræðu um framfærslu þeirra.

Fundarstjóri vísaði frekari umfjöllun um atvinnumál, efnahags- og kjaramál og hag heimilanna til nefnda.

Klukkan 15:45 var gert kaffihlé.

Klukkan 16:00 var fundi haldið áfram.

Lagabreytingar / 1. umræða

Magnús M. Norðdahl lögfræðingur ASÍ tók til máls og kynnti tillögu miðstjórnar ASÍ um lagabreytingar. Hann sagði að við afgreiðslu miðstjórnar á starfs- og fjárhagsáætlun 2009 hafi verið gert ráð fyrir því að flýta fyrirhugaðri lækkun skatta til ASÍ. Miðstjórn legði til að það verði gert með því að fella úr lögum sambandsins bráðabirgðaákvæði með 34. gr. Gera mætti ráð fyrir að þetta þýði um 20 milljón króna lægri skatttekjur til ASÍ en að óbreyttu en þegar hefur verið tekið tillit til þessara breytinga í rekstri sambandsins á yfirstandandi ári.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri vísaði málinu til frekari umfjöllunar í nefnd.

Önnur mál / 1. umræða

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness. Vilhjálmur sagði að stjórn Verkalýðsfélags Akraness hefði fjallað um málefni lífeyrissjóðanna. Í framhaldi af því legði hann nú fyrir ársfundinn tillögu um breytingar á kjarasamningi ASÍ og SA frá 1995 um lífeyrismál. Hann sagðist telja að tillagan væri í takt við vilja hins almenna sjóðsfélaga. Því næst las hann upp tillöguna og meðfylgjandi greinargerð. Tillagan er tvíþætt: Annars vegar um að miðstjórn ASÍ hefji strax vinnu við endurskoðun á samningi ASÍ og SA um lífeyrisamál frá 1995 eins og 16. grein samningsins heimili; hins vegar um að fela miðstjórn ASÍ umboð skv. 16. grein samningsins til að gera þær breytingar á samningum sem tryggir að launafólk yfirtaki stjórnun lífeyrissjóða innan ASÍ og jafnframt að unnið verði að breytingum á reglugerðum sjóðanna þannig að sjóðsfélagar kjósi stjórnarmenn beint. Vilhjálmur rifjaði upp hótanir fyrirtækja hér á landi um að stofna eigin lífeyrissjóði. Sagði hann það sýna að atvinnurekendur vildu beita sjóðunum í eigin þágu. Þá benti hann á að sjóðirnir hefðu tapað miklum fjármunum. Þegar allt sé tekið saman væri ljóst að breytinga væri þörf, mikilvægast væri þó að auka lýðræðið í sjóðunum. Vilhjálmur sagðist gera sér grein fyrir afstöðu miðstjórnar ASÍ til tillögunnar, þ.e. að taka undir fyrri lið hennar en ekki þann seinni. Hann brýndi það fyrir fundarmönnum að mikilvægt væri að þeir greiddu atkvæði um tillöguna samkvæmt eigin sannfæringu. Hann sagðist myndu beita sér fyrir því að viðhöfð yrði leynileg atkvæðagreiðsla.

Gylfi Arnbjörnsson, VR. Gylfi kynnti viðbrögð miðstjórnar við tillögu Verkalýðsfélags Akraness. Hann sagði að ákvæði samninga um lífeyrismál þörfnuðust athugunar. Það væri því rétt að taka Verkalýðsfélag Akraness á orðinu og hefja endurskoðun á samningi ASÍ og SA um lífeyrismál eins og

fyrri liður tillögunnar kveður á um. Það væru hins vegar mörg álitamál sem leggjast þyrfti vandlega yfir, grundvallaratriði væri að viðhalda jafnvægi í heildarkerfinu. Við þyrftum einnig að reyna að gera okkur grein fyrir hverjar móttillögur viðsejenda okkar yrðu og hvernig við bregðumst við þeim. Gylfi sagðist vilja leiðrétta ákveðinn misskilning: Miðstjórn ASÍ hefur umboð til að fjalla um þá lífeyrissjóði sem fjallað er um í kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrisamál frá 1995 – aðra ekki. Viðræðuumboðið er því takmarkað. Þessu til viðbótar benti Gylfi á að nú væri sótt að lífeyrissjóðskerfinu úr öllum áttum og mikilvægt að hreyfingin stæði sameiginlega vörð um það.

Þorsteinn Úlfar Björnsson, Félagi tæknifólks í rafíðnaði. Þorsteinn benti á að ýmislegt hefði verið sagt um ASÍ og verkalyðshreyfinguna á undanförmum vikum og mánuðum – ekki væri það allt fallett, „fólk hefur haft uppi stór orð og nokkrir strigakjastar og skerbítar farið langt út fyrir öll velsæmismörk“. Hann sagðist samt spyrja sig að því hvort eitthvað væri til í því sem sagt hefur verið. ASÍ eigi að einbeita sér að hagsmunum launþega. Sagan segir okkur að ekkert næst baráttulaust og hlutirnir kosta. Við þurfum aðgerðir en við höfum ekki tækin til þess. Við getum ekki farið í verkföll nema eftir ákveðnum seremoníum sem ákveðnar voru af Alþingi eftir tillögum atvinnulífsins. ASÍ ætti kannski að huga að því að bjóða fram til kosninga og taka stærri þátt í mótun stefnunnar inni á Alþingi. Hann sagði að ef ekkert gerist í náinni framtíð, að frumkvæði ASÍ til hagsbóta fyrir vinnandi fólk og líka þá sem misst hafa vinnuna, þá óttist hann að einhverjum bresti þolinmæðin.

Agnes Einarsdóttir, Framsýn-stéttarfélagi. Agnes spurðist fyrir um stöðu rannsóknar á störfum lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins.

Kristbjörg Sigmarsdóttir, Framsýn-stéttarfélagi. Kristbjörg spurðist fyrir um starfsreglur ASÍ um svör við formlegum erindum frá aðildarfélagunum. Nefndi hún nokkrar fyrirspurnir frá Framsýn-stéttarfélagi sem ekki hefðu borist svör við, m.a. um hvort unnt væri að opna aðgang að fundargerðum miðstjórnar.

Guðmundur Ingi Kristinsson, VR. Guðmundur lagði fram tillögu um að miðstjórn beitti sér fyrir breytingum á skaðabótalögum. Þessi lög væru óréttlát, allir borguðu svipuð iðgjöld en mikill munur væri á hvað lágtekjuhátekjufólk fengi greitt í skaðabætur vegna slysa. Þá lýsti Guðmundur því yfir að hann vildi nýta tryggingasjóði til uppbyggingar á endurhæfingarþjónustu.

Hjördís Þóra Sigurjónsdóttir, Afli-starfsgreinafélagi. Hjördís sagði það mjög mikilvægt að ræða málefni lífeyrissjóðanna. Það væri samt ýmislegt í tillögum Verklýðsfélags Akraness sem vefðist fyrir sér. Hvernig væri t.d. útfærslan á beinum kosningum í stjórn sjóðanna hugsuð? Myndu fulltrúar atvinnurekenda vera kjörgengir? Yrði farið út í prófkjör við val á frambjóðendum? Yrði hægt að ná kjöri í krafti fjármagns? Er það þetta sem við viljum?

Þá benti Hjördís á að í tillögunum væri ekkert fjallað um séreignarsjóðina. Margir þeirra væru í vörslu bankanna. Treystum við þeim fyrir sjóðunum eftir allt sem á hefur gengið?

Gylfi Ingvarsson, VM. Gylfi sagði að það væri mjög mikilvægt að áður en til þess kæmi að ASÍ yrði veitt umboð til að hefja samningaviðræður um breytingar á lífeyrissjóðskerfinu væri málið rætt vel og vandlega í aðildarfélögunum. Hjá VM hefði t.d. verið komið á sérstökum lífeyrishóp sem á að stuðla að slíkri umræðu innan félagsins.

María Guðmundsdóttir, Stéttarfélagi Vesturlands. María benti á að ef til laga Verkalýðsfélags Akraness um yfirtöku sjóðsfélaga á lífeyrissjóðunum og beinar kosningar í stjórn þeirra gengu eftir þá skapaðist sú hætta að atvinnurekendur tækju sjóðina algerlega yfir enda séu þeir líka greiðendur í þá. María vildi fara varlega í þessu máli.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness. Vilhjálmur vísaði í 16. grein sammings ASÍ og SA um lífeyrismál. Hann sagði að samkvæmt henni hefðu félögin ekkert um málefni lífeyrissjóðanna að segja. Miðstjórn ASÍ og formönnum landssambanda væri veitt alræðisvald. Vilhjálmur sagði að ef aðeins fyrri liður tillögu Verkalýðsfélags Akraness yrði samþykktur þá myndi þetta alræðisvald ekki breytast neitt. Hann óskaði því eftir því að ársfundurinn mótaði stefnuna. Vilhjálmur velti því líka fyrir sér hvort miðstjórn ASÍ væri yfir höfuð hæf til að fjalla um málið, en í henni sætu 24 aðal- og varamenn þar af 13 sem sitja í stjórn lífeyrissjóða – þeir gætu varla talist hlutlausir í slíkri umfjöllun. Hann sagðist vilja hleypa hinum almenna félagsmanni að.

Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélagi Vesturlands. Signý sagði að fyrir u.þ.b. 15 árum hefði hún líklega stutt tillögu um að henda atvinnurekendum út úr stjórnnum sjóðanna. Núna væri hún ekki sama sinnis. Hún velti því t.d. fyrir sér hvort það fyrirkomulag að bæði fulltrúar launafólks og atvinnurekenda áttu sæti í stjórn sjóðanna hafi ekki tryggt að þeir runnu ekki inn í bankakerfið á tíunda áratugnum – ef það hefði gerst hvar værum við þá stödd? Signý benti á að nú væri mikil ásókn í fjármuni lífeyrissjóðanna. Hún taldi að við þær aðstæður gæti verið hættulegt að gera á þeim miklar breytingar.

Gylfi Arnbjörnsson, VR. Gylfi sagðist vilja svara nokkrum spurningum sem varpað hefði verið fram í umræðunni. Hvað varðar rannsókn á störfum lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins lagði hann fram bréf sem farið hafa milli ASÍ og Fjármálaeftirlitsins. Í þeim kemur fram að þegar í apríl sl. sendi ASÍ erindi til eftirlitsins þar sem þess er óskað að það kanni hvort lífeyrissjóðirnir hafi á undanförunum árum starfað eftir lögum, samþykktum og fjárfestingasamningum sjóðanna. Einnig kemur fram að Fjármálaeftirlitið telur sig ekki geta orðið við þessari beiðni af þeirri ástæðu að ASÍ sé ekki eftirlitsskyldur aðili í þessu sambandi. Gylfi sagði að ASÍ væri ekki sátt við þessa

niðurstöðu. Hvað varðar afgreiðslu á formlegum erindum frá aðildarfélögum sagði Gylfi að ekki væru til ákveðnar starfsreglur um hvornig bæri að standa að slíku. Hann baðst afsökunar á því að fyrirspurnum sem borist hefðu frá Framsýn-stéttarfélagi væri ósvarað. Gylfi vék því næst að ummælum Vilhjálmis Birgissonar fyrr í umræðunum og sagðist ekki setta sig við að talað væri illa um fulltrúa hreyfingarinnar í stjórnnum sjóða og miðstjórn. Hann ítrekaði að hann teldi rétt að fara varlega í breytingar á lífeyrissjóðskerfinu.

Rannveig Sigurðardóttir, VR. Rannveig fagnaði þeirri breytingu sem hún merkti á þessum fundi að ungar konur væru í auknum mæli að láta í sér heyra. Þá sagðist Rannveig hafa verið skipuð í nefnd á vegum ASÍ um slysatryggingar á sínum tíma og gagnrýndi að hún hefði ekki enn lokið störfum formlega. Loks vék Rannveig að tillögu Guðmundar Inga Kristinssonar um breytingar á skaðabótalögum. Sagði hún að þessi lög væru flókin og í sífelldri endurskoðun. Hún mælti með því að miðstjórn kallaði til ráðgjafar breiðan hóp fólks áður en hún ályktaði um málið.

Fundarstjóri vakti athygli á því að enn væru nokkur nafnspjöld ársfundarfulltrúa ósött.

Fundarstjóri gerði grein fyrir kosningu varaforseta, miðstjórnar, aðalskoðunarmanna og kjörnefndar kl. 11:30 daginn eftir, tillögum um framboð ætti að skila til Stefaníu Magnúsdóttur formanns kjörnefndar.

Klukkan 17:10 var gengið til nefndarstarfa. Fundað var í nefnd um laga-breytingar, nefnd um atvinnumál, nefnd um efnahags- og kjaramál og nefnd um hagsmuni heimilanna.

Föstudagur 23. október

Fundi var framhaldið föstudaginn 23. október kl. 09:00 –fyrst með framhaldi á starfi í nefndum en kl. 11:10 sameiginlegri dagskrá í aðalfundarsal.

Fundarstjóri minnti á að búið væri að dreifa tillögu að breytingu á kjörbréfum. Því næst bar hún tillöguna upp til atkvæðagreiðslu. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Skýrsla forseta og reikningar ASÍ og stofnana

Gylfi Arnbjörnsson fylgdi skýrslu forseta úr hlaði.

Í máli hans kom fram að síðustu 12 mánuðir hefðu verið mjög annasamir í starfi ASÍ. Hann benti á skýrslu forseta þar sem ítarleg grein er gerð fyrir þessum verkefnum; einnig benti hann á Árið í hnotskurn þar sem hægt væri að fá yfirlit í stuttu máli.

Eitt fyrsta verkefni ASÍ eftir hrun bankakerfisins var að koma á fót viðbragðshópi sem bar ábyrgð á að miðla mikilvægum upplýsingum til aðildarfélaga og trúnaðarmanna. Sett var upp sérstök heimasíða á svæði ASÍ á veraldarvefnum þar sem haldið er utan um gagnlegar upplýsingar, m.a. um þau

úrræði sem fólki stendur til boða til að takast á við efnahagsþrengingarnar. Þá voru skipulögð sérstök námskeið til að búa starfsmenn hreyfingarinnar undir að takast á við erfið mál sem fyrirjábanlegt var að myndu rata á þeirra borð. ASÍ tók einnig virkan þátt í „krísuvaktinni“ sem staðin var til að halda hinu innlenda greiðslukerfi gangandi, en það var mjög mikilvægt m.a. til að tryggja að laun héldu áfram að vera greidd út með eðlilegum hætti.

Gylfi vék að því í ræðu sinni að það hefðu e.t.v. verið mistök að krefjast ekki ríkisstjórnarskipta strax eftir bankahrunið. Það sem réði þeirri afstöðu ASÍ var ótti við að fá pólitíska kreppu ofan í efnahagslega kreppu. Fljótlega blönduðu samtökin sér þó í hina pólitísku umræðu og stóðu fyrir fundarherferð um allt land þar sem ástand og horfur í þjóðfélagsmálum voru rædd.

Gylfi benti á ýmsa varnarsigra sem unnust í erfiðri stöðu við endurskoðun kjarasamninga og gerð stöðugleikasáttmálans. Þannig náðist að verja hækkun atvinnuleysisbóta 1. mars 2009. Einnig tókst að verja öll framlög sem lofað hafi verið til endurmenntunarmála næstu ár. Loks gerði Gylfi grein fyrir ýmsum öðrum verkefnum ASÍ á starfsárinu, m.a. á sviði verðlagseftirlits og uppbyggingu starfsendurhæfingarkerfisins. Samhliða því að tekist var á við afleiðingar bankahrunsins var því unnið að mörgum öðrum mikilvægum málum.

Ólafur Darri Andráson gerði grein fyrir ársreikningi ASÍ og stofnana.

Í máli hans kom fram að á síðasta ári voru rekstrartekjur samstæðunnar örlítið umfram gjöld. Ef hins vegar er tekið tillit til fjármagnsliða svo og annarra tekna og gjalda þá var afkoman neikvæð um 48 milljónir króna, munar þar einna mest um neikvæða gengisbreytingu verðbréfa og vaxtagjöld. Af einstökum einingum þá skiluðu aðeins Mímir- símenntun ehf. og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins jákvæðri afkomu. Ólafur Darri dró fram að þrátt fyrir að efnahagsþrengingarnar settu mark sitt á reikningana þá stæði samstæðan sterk með eignir samtals upp á tæpar 940 milljónir, þar af eigið fé upp á tæplega 435 milljónir króna.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar samstæðureikning ASÍ og stofnana undir atkvæði og var hann samþykktur samhljóða.

Tillögur kjörnefndar

Stefanía Magnúsdóttir gerði grein fyrir störfum kjörnefndar og tillögum.

Tillaga um varaforseta til 2011:

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, VR (LÍV)

Tillaga um aðalmenn í miðstjórn til 2011:

Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélag Vesturlands (SGS)

Sigurrós Kristinsdóttir, Efling Stéttarfélag (SGS)

Kristján Gunnarsson, Al.- og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr. (SGS)

Sverrir Albertsson, Afl – starfsgreinafélag (SGS)

Sævar Gunnarsson, Sjómannasamband Íslands (SSÍ)

Guðmundur Gunnarsson, Rafiðnaðarsamband Íslands (RSÍ)

Kristinn Örn Jóhannesson, VR (LÍV)

Tillaga um varamenn í miðstjórn til 2011:

Vilhjálmur Birgisson, Vlf. Akraness (SGS)

Faney Friðriksdóttir, Efling (SGS)

Konráð Alfreðsson, Sjómannafélagi Eyjafjarðar (SSÍ)

Björn Ágúst Sigurjónsson, Félag Íslenskra Rafvirkja (RSÍ)

Ágúst Guðbjartsson, VR (LÍV)

Tillaga um skoðunarmenn reikninga til 2011:

Sigríður Stefánsdóttir, VR

Birna Birgisdóttir, Félagi tæknimanna í rafiðnaði

Tillaga um vara-skoðunarmenn reikninga til 2011:

Pórður Ólafsson, Efling

Einar Hjartarson, Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri

Fundarstjóri kallaði eftir öðrum tillögum.

Engar aðrar tillögur bárust.

Fundarstjóri lýsti því yfir að þeir fulltrúar sem gerð hafði verið tillaga um teldust rétt kjörnir.

Fundarstjóri las upp eftirfarandi tillögu um kjörnefnd til loka ársfundar 2010:

Stefanía Magnúsdóttir (LÍV)

Kristín Björnsdóttir (LÍV)

Ísleifur Tómasson (RSÍ)

Sigurrós Kristinsdóttir (SGS)

Kolbeinn Gunnarsson (SGS)

Þorbjörn Guðmundsson (Samiðn)

Níels S. Olgeirsson (bein aðild)

Konráð Alfreðsson (SSÍ)

Ásgerður Pálsdóttir (SGS)

Fundarstjóri kallaði eftir öðrum tilögum.

Engar aðrar tillögur bárust.

Fundarstjóri lýsti yfir því að þeir fulltrúar sem gerð hafði verið tillaga um teldust rétt kjörnir.

Lagabreytingar / 2. umræða

Kristín Björnsdóttir, VR gerði grein fyrir störfum nefndar um lagabreytingar. Sagði hún að nefndin hefði komið saman að lokinni fyrstu umræðu. Fyrir henni lá tillaga miðstjórnar um brottfall bráðabirgðaákvæðis 34. gr. laga ASÍ. Kristín sagði að nefndin væri sammála um að leggja það til við ársfundinn að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar málið upp til atkvæðagreiðslu.

Eftirfarandi breyting á lögum ASÍ var samþykkt samhljóða:

Þrátt fyrir ákvæði 34. gr. laga ASÍ skal eftirfarandi tilhögun gilda við álagningu árið 2009: Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 34.gr., um 7,4% almennt skatthlutfall, skal miða við 8,35%. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 34. gr. um sérstakan skattafrádrátt, kr.3.650.000,- fyrir landsambönd og kr. 182.000,- til kr. 550.000,- fyrir landsfélög m.v. stærð þeirra, skal miða við kr. 5.500.000 fyrir landssambönd og kr. 275.000, 550.000 og 820.000 fyrir félög með beina aðild eftir stærð.Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 34. gr. um 5,7% lágmarksskatt skal miða við 6,1%.

Hagur heimilanna /2. umræða

Sigurros Kristinsdóttir,Eflingu - stéttarfélagi tók til máls og byrjaði á því að þakkanefndarmönnum fyrir vel unnin störf og kynnti tillögu að ályktun um hag heimilanna.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Már Guðnason,Verkalýðsfélagi Suðurlandssagðist hafa efasemdir um að umsýsla atvinnuleysisbóta færi aftur til stéttarfélaganna. Hann sagði að það væru ekki eingöngu félagar í stéttarfélögum sem væru á atvinnuleysisbótum, þar væru einnig einyrkjar og atvinnurekendur. Hann taldi að fyrirkomulagið eins og það er í dag, ekki alslæmt. Már sagði Vinnumálastofnun vera að vinna gott starf, reyndar væri niðurskurður hjá stofnuninni og kæmi það helst niður á eftirlitinu. Hann telur að miðað við þær aðstæður sem eru í þjóðfélaginu í dag þá sé umsýsla atvinnuleysisbóta betur komin hjá Vinnumálastofnun.

Magnús Magnússon,VM taldi síðustu setninguna í skjalinu ekki rétta, að„sitja uppi með afskrifaðar skuldir“, hvort ekki ætti að standa „óafskrifaðar skuldir“ eða einfaldlega „skuldir“.

Gylfi Arnbjörnsson, VR vísaði til ummæla Más Guðnasonar og sagði að reynsla hreyfingarinnar af þjónustu Vinnumálastofnunarinnar við atvinnuleitendur væri ekki góð, það að færa umsýslu atvinnuleysisbóta frá stéttarfélögum til ríkisins hafi mistekist. Hann sagði að e.t.v. væri reynslan mismunandi, hvort um er að ræða fjöldasamfélagið í Reykjavík eða úti á landi. Gylfi taldi mikinn fjölda félagsmanna afskiptan, einangraðan og ekki í eins góðum samskiptum og hreyfingin óskaði eftir. Hann sagði að verkalýðshreyfingin vildi færa umsýslu og þjónustu þeirra sem missa vinnuna nær félögunum. Gylfi sagði það brýnt verkefni að útfæra slíka stefnu. Ríkið getur haldið áfram að sinna einyrkjum og atvinnurekendum eins og þeir gera í dag, sagði hann. Hann benti á að það hafi gengið vel að byggja upp fræðslu- og starfsendurhæfingarkerfi verkalýðshreyfingarinnar. Því taldi Gylfi það mikilvægt að setja inn í stefnu ársfundarins að það þurfi að koma inn meiri virkni til að koma fólki út á vinnumarkaðinn aftur. Verkalýðshreyfingin vill axla ábyrgð á kerfinu og sinna félagsmönnum sínum sagði hann að lokum.

Ragnar Árnason, Hlíf verkalýðsfélagi vísaði einnig í orð Más Guðnasonar, og er honum ekki sammála um að fyrirkomulagið eins og það er í dag sé gott og telur það vera til bóta að færa umsýslu atvinnulausra aftur til stéttarfélaganna.

Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélag Vesturlands telur það mikilvægt að félagsmenn í atvinnuleit geti sótt sína þjónustu til stéttarfélaganna. Signý sagðist hafa barist á móti því á sínum tíma þegar þjónustan var flutt frá stéttarfélagunum til ríkisins. Hún sagðist hafa reynslu bæði í núverandi starfi hjá Stéttarfélagi Vesturlands og í sínu fyrra starfi hjá Verkalýðsfélaginu Vöku á Siglufirði aðþjónusta fólk í atvinnuleit, en bæði félögin eru umboðsaðilar Vinnumálastofnunarinnar á sínum svæðum. Signý sagðist þora að fullyrða að koma inn á skrifstofu stéttarfélags og skrá sig atvinnulausan og sækja þjónustu er margfalt betra en að fara inn í á skrifstofu Vinnumálastofnunar. Hún benti á að reynsla starfsfólks stéttarfélaga væri dýrmæt og taldi hún að breytingin hafi verið mistök. Signý benti einnig á að greiðslustofnun sendi ekki í pósti greiðsluseðla, þeir væru eingöngu aðgengilegir á netinu og sagði hún að fjölmargir félagsmenn hafi ekki tölvuaðgang eða kunnáttu til að nota eingöngu tölvur í samskiptum við stofnanir. Hún sagði það lýsa kjarki hjá hinu opinbera að viðurkenna að kerfisbreytingin hafi verið mistök og mikið lán fyrir félagsmenn stéttarfélaga að fá þjónustuna aftur til félaganna.

Guðmundur Þ Jónsson, Eflingu – stéttarfélagi sagðist taka undir það sem fram hafi komið, að það hafi verið mistök að færa þjónustuna frá stéttarfélagunum, tengsl hafa rofnað milli stéttarfélaganna og atvinnulausra. Hann sagði að hér áður hafi atvinnurekendur oft haft samband við félögin og leitað eftir fólki í vinnu þar sem starfsmenn félaganna hafi haft þekkingu á hæfni

og getu þeirra sem voru í atvinnuleit. Guðmundur efaðist ekki um getu starfsfólks Vinnumálastofnunarinnar en samskiptin væru önnur þegar þjónustan hafi verið hjá stéttarfélagunum. Hann nefndi að Már hafi nefnt einyrkja og atvinnurekendur, það hafi ekki verið vandamál hér áður fyrr þeir hafi átt rétt til bóta einnig fyrir hrunið og sáu félögin um það. Guðmundur vísaði í orð félagsmálaráðherra frá deginum áður um aukna samvinnu í þessum málaflokki.

Baldur Jónsson, Stéttarfélagi Vesturlands taldi setninguna í 3. málsgrein illa orðaða. Hann var ekki tilbúinn með tillögubreytingu en benti á orðalagið gæti verið betra.

Sigurður Besson, Eflingu - stéttarfélagi fagnaði umræðunni. Hann sagði starfsmenn Vinnumálastofnunar vinna við gríðarlega erfiðar aðstæður í dag og að kerfið, eins og það er í dag væri sprungið, kerfi sem átti aðbyggja á peningalegri hagræðingu en ekki fólkinu. Sigurður sagði að verkalýðshreyfingin, ríkið og atvinnurekendur hafi unnið sameiginlega eftir ákveðinni aðferðafræði við uppbyggingu endurhæfingarsjóðs. Þar heldur stéttarfélagið utan um einstaklinginn í öllu ferlinu sagði hann og benti á að í því kerfi sem er í dag varðandi fólk í atvinnuleit þar sé búið að taka tenginguna frá félögunum. Hann sagði að verkalýðshreyfingin þyrfti að fá þetta verkefni aftur til baka svo að hægt væri að vinna með þarfir einstaklingsins að leiðarljósi, líkt og gert er í sambandi við endurhæfingarsjóð. Verkalýðshreyfingin á að hafa þetta verkefni en ekki þriðji aðili ítrekaði Sigurður. Að lokum sagði hann að það væri brýnt mál til framtíðar að ná fullu valdi á allri þjónustu við félagsmenn, hvort sem er veikindi, endurhæfing, atvinnumissi eða hefðbundin þjónusta.

Finnbjörn Hermannsson, Fagfélaginu sagði að þær efnisbreytingar eða afstaða fundarmanna gagnvart því hvort verkalýðshreyfingin eigi að koma að umsýslu atvinnuleysisstrygginga sé ekki þess eðlis að sá hluti tillögunar breytist. Því mun tillagan vera óbreytt með þeim undantekningum að það verða gerðar einstakar orðalagsbreytingar.

Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélagi Vesturlands kom með tillögu að orðalagsbreytingu.

Fundurinn samþykkti samhljóða tillögu fundarstjóra að ályktun um hag heimilanna verði lögð fyrir ársfundinn til samþykktar með áorðnum orðalagsbreytingum.

Fundastjóri bar tillöguna upp til atkvæðagreiðslu.

Eftirfarandi ályktun um hag heimilanna var samþykkt samhljóða:

Ársfundur ASÍ krefst þess að allra úrræða sé leitað til þess að verja stöðu heimilanna og lágmarka þann skaða sem þau hafa þegar orðið fyrir og sem þau verða óhjákvæmilega fyrir vegna efnahagshrunsins.

Fundurinn ítrekar þá eindregnu afstöðu að samfélag sem byggir á

öflugu og virku velferðarkerfi, góðri menntun fyrir alla, jöfnuði, jafnrétti og traustum réttindum launafólks að norrænni fyrirmynd er best til þess fallið að takast á við erfiðleika í efnahagslífinu. Öflug velferðarkerfi, menntakerfi og heilbrigðiskerfi eru aldrei mikilvægari en nú.

Ársfundur ASÍ telur að þrátt fyrir efnahagsþrengingar verði að einfalda og efla núverandi kerfi húsaleigu- og vaxtabóta, draga úr tekjutengingum, sameina þau og hækka bætur til þess að koma til móts við aukinn vaxta- og húsnæðiskostnað. Jafnframt verði barnabótakerfið varið og eflt. Ársfundurinn mótmælir þess vegna harðlega fyrirætlan stjórnvalda um rúmlega 3 milljarða niðurskurð þessara bóta sem kemur verst við ungt fólk og barnafjölskyldur sem fjárfestu í húsnæði á þeim tíma þegar íbúðarverð var langt yfir raunvirði og þann hóp sem stóð höllum fæti fyrir hrun.

Ársfundurinn hvetur stjórnvöld til þess að læra af reynslu nágrannaþjóðanna sem gengið hafa í gegnum sambærilega erfiðleika og gæta þess að félagslegar afleiðingar kreppunnar leggist ekki með óhóflegum þunga á börn og unglina. Ársfundurinn leggur því áherslu á að nú þegar verði öllum grunnskólanemendum óháð efnahag foreldra, tryggðar skólamáltíðir og aðgangur að íþróttá- tómsunda- og menningarstarfi og jafnrétti til náms tryggt án tillits til efnahags eða búsetu.

Ársfundur ASÍ skorar á stjórnvöld að efna fyrirheit sín um hækkun persónuafsláttar og setja skorður við hækkun skatta og verja þannig tekjulægstu hópana sem tekið hafa á sig auknar skattbyrðar meðan skattar hafa lækkað á fyrirtækjum og hinum tekjuhærrí á undanförunum árum.

Ársfundur ASÍ leggur áherslu á að atvinnuleitendum verði haldið sem virkum þegnum samfélagsins og krefst þess að skráning atvinnuleitenda og umsýsla atvinnuleysisbóta verði nú þegar færð til stéttarfélaganna.

Ársfundur ASÍ leggur mikla áherslu á að heimilunum verði gert kleift að standa við skuldbindingar sínar og viðhalda mannsæmandi lífsgæðum. ASÍ hefur lagt til almenn úrræði eins og sjálfvirka greiðslujöfnun sem taki til verð- og gengistryggðra lána, þ.m.t. bílálána. Einnig hefur ASÍ lagt til róttæka og skjótvirka greiðsluáðlögun þannig að launafólk geti skapað sér nýja stöðu til framtíðar. Ársfundurinn skorar á stjórnvöld að taka nú þegar til endurskoðunar gildandi löggjöf um

greiðsluaðlögun og tryggja þeim heimilum sem komin eru í veruleg fjárhagsleg vandræði, einfalt og samræmt úrræði sem taki á öllum skuldum heimilanna. Það verði gert með skuldbreytingum og afskriftum sem samræmist greiðslugetu og eignastöðu heimilanna.

Gæta þarf þess sérstaklega að þær ráðstafanir sem gripið er til festi ekki heimilin í skuldafjötrum því þær hafa gríðarlega alvarlegar afleiðingar til framtíðar. Þær ráðstafanir sem boðaðar hafa verið taka aðeins á hluta vandans og eru fyrsta skref af mörgum sem taka þarf. Styrkja verður stöðu þeirra sem lenda í vanskilum, takmarka kostnað vegna vanskilainnheimtu og breyta lögum um gjaldþrot og nauðungaruppboð þannig að fjölskyldur fari ekki á vergang eða sitji uppi árum saman með skuldir úr gjaldþrotum.

Klukkan 12:26 var gert hádegishlé.

Klukkan 13:33 var fundi fram haldið.

Atvinnumál/2. umræða

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, VR tók til máls og byrjaði á því að þakka nefndarmönnum fyrir vel unnin störf og kynnti tillögu að ályktun um öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Gylfi Arnbjörnsson, VR sagðist vera ánægður með ályktunina og taldi efni hennar taka á þeim vanda sem átt er við í dag. Hann gerði tillögu um orðalagsbreytingu í ályktuninni og lagði fram breytingartillögu.

Rannveig Sigurðardóttir, VR gerði athugasemd um að ríkisstjórninni sé kennt um seinagang varðandi atvinnuuppbyggingu og vísaði til ákvörðunar umhverfissráðherra um endurskoðun SV-línu. Hún sagði að SV-línan lægi yfir vatnsból Reykvíkinga og einnig yfir Voga á Vatnsleysuströnd. Rannveig kallaði eftir áliti rafvirkja á mengunarhættu línanna. Hún taldi að rétt hafi verið að staðið með að hægja á framkvæmdum og skoða lögin nánar. Rannveig taldi ASÍ vera að hvetja til lögbrota með orðalaginu í málsgreininni neðst á blaðsíðu eitt í ályktuninni, en hún væri ekki tilbúin með orðalagsbreytingu.

Guðmundur Ingi Kristinsson, VR tók til máls og gerði athugasemd við kröfu um Búðarhálsvirkjun. Hann taldi of mikla áherslu vera lagða á álversuppbyggingu í ályktuninni. Hann spurði hvort verkalýðshreyfingin ætlaði sér að keyra yfir náttúruna og láta skammtímasjónarmið ráða?

Guðmundur Gunnarsson, RSÍ vísaði til orða Rannveigar og undraðist hvernig rafvirkjun og virkjunarlínur fari saman. Hann vitnaði í fjölmargar rannsóknir sem sýna að segulsvið hefur ekki neikvæð áhrif á heilsu manna. Guðmundur sagðist hafa starfað lengi þar sem segulsviðið var mikið án þess

að kenna sér meins. Hann taldi miklu meiri umhverfisspjöll liggja í að grafa raflínur í jörðu, þar sem að í strengnum er olfu til kælingar sem getur haft áhrif á jarðveginn. Hann sagði að ef við ætludum að byggja upp atvinnulífið þá þyrfti að ákvarða hvar ætti að bera niður með virkjanir, og þá hefði hann ekki álver í huga. Við verðum að bera niður þar sem minnst spjöllin verða, sagði Guðmundur. Hann taldi virkjanir í neðri hluta Þjórsár valda minnstum spjöllum, þar færi ekki mikið land undir vatn. Guðmundur sagði að gufu-aflsvirkjanir á SV – horninu duga skammt til að keyra þá atvinnustarfsemi sem er í uppbyggingu, og ef ætti að telja upp verkefni í atvinnuuppbyggingu í ályktuninni þá þyrfti að horfast í augu við þá staðreynd að virkjanir væru nauðsynlegar. Hvar ætlum við að fá orkuna? Það er ekki annað mál eins og stjórnmalamenn segja sagði Guðmundur að lokum.

Kolbeinn Gunnarsson, Hlíf verkalýðsfélagi lýsti ánægju sinni með ályktunina. Hann lagði til að gerður yrði úrdráttur úr henni með helstu atriðum til einföldunar, þar sem ályktunin væri nokkuð yfirgripsmikil. Kolbeinn sagði að ef ætti að virkja í neðri hluta Þjórsár þá væri staðsetning fyrir ofan gömlu brúna hentug.

Rannveig Sigurðardóttir, VR, bað rafvirkja afsökunar og sagði að það væri úrfellingar af möstrum sem gæti mengað vatnsból Reykvíkinga þar sem SV-línan á að liggja yfir. Hún sagðist vera félagi í samtökunum Sól á Suðurlandi og þekkja mjög vel til aðstæðna og umræðunnar um virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Rannveig taldi virkjanir á þessu svæði mjög hættulega framkvæmd m.a. vegna þess að landsvæðið sem um getur er mjög gljúpt og sprungið og því leiti vatnið þangað. Hún sagðist ekki getað samþykkt ályktunina um öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni með virkjun Þjórsár þar inni og hvatti aðra náttúruverndarsinna að gera slíkt hið sama. Rannveig óskaði eftir að þessi afstaða sín yrði bókud. Hún gerði einnig athugasemd við orðalag í ályktuninni þar sem stjórnvöld eru gagnrýnd og lagði fram breytingartillögu

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu Rannveigar Sigurðardóttur, VR

Með stöðugleikasáttmálanum skuldbundu stjórnvöld sig að greiða götu þegar ákveðinna stórframkvæmda s.s. álveranna í Straumsvík og í Helguvík. Þess er krafist að þau standi nú þegar við sitt.

Tillagan var felld með miklum meirihluta.

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu Gylfa Arnbjörnssonar, VR

Neðst á blaðsíðu 2 í stað „sjávarfanga“ komi „afurða til lands og sjávar“

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til atkvæðagreiðslu með samþykktum breytingum.

Eftirfarandi ályktun um öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni var samþykkt með 6 mótatkvæðum.

Íslenskt samfélag býr nú við djúpa kreppu í efnahags- og atvinnumálum. Atvinnuleysi mælist yfir 7% og þeim einstaklingum fjölgar stöðugt sem glíma við langtímaatvinnuleysi. Fjölmargar atvinnugreinar ganga í gegnum samdrátt og hrun hefur orðið í bygginga- og mannvirkjagerð og tengdum greinum. Verði ekki gripið til umfangsmikilla aðgerða er því spáð að ástandið muni enn versna á næstu mánuðum og að langur tími líði áður en íslenskt atvinnulíf nær að reisa sig við að nýju. Það er óásættanleg framtíðarsýn.

Alþýðusamband Íslands kallar eftir bráðaáðgerðum sem taka með afgerandi hætti á þeim tímabundna vanda sem við stöndum frammi fyrir núna – og sem jafnframt taka mið af langtímastefnumótun í atvinnumálum um öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni.

Framtíðarhorfur fyrir íslenskt atvinnulíf eru um margt ágætar. Ef við nýtum möguleika og kosti sem liggja í verðmætum náttúruauðlindum og mannaúðinum eru tækifærin nánast óþrjótandi.

Styrkleikar okkar liggja jafnframt í norræna vinnumarkaðsmódelinu sem við höfum byggt upp hér á landi, samstarfi milli aðila vinnumarkaðarins og samráði við stjórnvöld og margvíslegum réttindum sem þróuð hafa verið á vinnumarkaðnum.

Bráðaáðgerðir í atvinnumálum

Markmiðið með stöðugleikasáttmálanum í júní sl. var að skapa skilyrði fyrir jafnvægi og stöðugleika í íslensku efnahags- og atvinnulífi, auknum fjárfestingum innlendra sem erlendra aðila, hagvexti, nýrri sókn í atvinnumálum um leið og lagður er grunnur að bættum lífskjörum til framtíðar.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að greitt verði fyrir því að nú þegar megi hefja framkvæmdir, einkum í bygginga- og mannvirkjagreinum til að mæta sérstaklega miklum samdrætti í þeim geira. Benda má á fjölmörg verkefni sem ráðast mætti í á næstu mánuðum og misserum af hálfu stjórnvalda og með aðkomu erlendra og innlendra fjárfesta, einkum lífeyrissjóðanna. Viðhaldsverkefni vegna opinberra bygginga um land allt, vegabætur, samgöngumiðstöð, bygging hjúkrunarheimila og nýr Landspítali eru verkefni sem taka má ákvörðun um og hefja vinnu við strax.

Með stöðugleikasáttmálanum skuldbundu stjórnvöld sig til að greiða götu þegar ákveðinna stórframkvæmda s.s. álveranna í Straumsvík og í Helguvík. Með áðgerðum sínum á síðustu vikum hafa stjórnvöld hins vegar sett þessar framkvæmdir í uppnám. Slík framgangsla er óþolandi og er þess krafist að þau standi nú þegar við sitt.

Til að afla þeirrar orku, sem til þarf verður nú þegar að ráðast í Búðarhálsvirkjun og virkjanir í neðri hluta Þjórsár auk þeirra gufuaflsvirkjana, sem fyrirhugaðar eru á Hellisheiði og Reykjanes-skaga.

Fjölmargir aðrir álitlegir kostir eru nú til skoðunar sem skotið geta fleiri stöðum undir atvinnulífið til lengri tíma litið. Iðnaður og þjónustugreinar sem ekki kalla á stór orkuver s.s. gagnaver, sólar- kísil-, koltrefja- og pappírsverksmiðjur. Þá má nefna skipasmíðaiðnað, einkarekin sjúkrahús og heilsutengda ferðaþjónustu fyrir útlendinga.

Leggja verður áherslu á að þær framkvæmdir og sú uppbygging sem ákveðið verður að ráðast í á næstunni séu metnar heildstætt þannig að þær skapi atvinnu strax og verði síðan í edlilegri samfellu, en stuðli ekki að openslu að einhverjum árum liðnum. Þá er mikilvægt að aðgerðir í atvinnumálum og uppbygging skili sér til landsins alls. Varast ber undirboð, kennitölufلاك og svarta atvinnustarfsemi. Ábyrgð ríkis og sveitarfélaga í þeim efnum er mikil.

Ákvarðanir varðandi atvinnuuppbyggingu nú verða að taka eins og kostur er mið af langtímastefnumótun í atvinnumálum. Þannig eru þekktar orkulindir, sem sáttt getur orðið um að nýta, ekki ótakmarkaðar.

Mikilvægt er að samhliða nýjungum og nýsköpun í atvinnulífinu verði hlúð að því atvinnulífi sem fyrir er. Auka þarf nýtingu og neyslu á íslenski iðnaðar- og matvælaframleiðslu til að efla innlent atvinnulíf og spara dýrmætan gjaldehyri. Það gildir um einstaklinga og fyrirtæki, ríki og sveitarfélög.

Um leið og skotið er traustari stöðum undir íslenskt atvinnulíf til að vinna okkur út úr kreppunni er mikilvægt að efla virkar vinnumarkaðsaðgerðir og menntunarræði. Þetta á sérstaklega við um þann hóp sem farið hefur verst út úr samdrættinum á vinnumarkaði, ungt fólk, launafólk með litla formlega menntun og þá sem þurfa á endurmenntun og umskólun að halda vegna breytinga í atvinnulífinu. Þar gegnir verkalýðshreyfingin og samstarf aðila vinnumarkaðarins lykilhlutverki. Það er krafa Alþýðusambandsins að stéttafélögin og aðilar vinnumarkaðarins taki í ríkara mæli að sér framkvæmd atvinnuleysisstrygginga og virkra vinnumarkaðsaðgerða líkt og gert hefur verið með góðum árangri í menntun á vinnumarkaði og nú síðast í starfsendurhæfingu.

Öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni

Ísland býr yfir miklum framtíðarmöguleikum og verðmætum við atvinnuuppbyggingu sem grundvallast á sjálfbærri nýtingu auðlinda okkar; afurða til

lands og sjávar, hreinnar orku og náttúrunnar. Sama gildir um þann mannauð sem í þjóðinni býr.

Með því að leggja áherslu á framangreinda þætti getum við byggt upp öflugt atvinnulíf til framtíðar á sjálfbærum grunni. Um leið erum við að bregðast með ábyrgum hætti við þeim ógnum sem steðja að náttúrunni og lífríkinu, hér á landi og hnattrént m.a. vegna loftslagsbreytinga. Ísland hefur möguleika á að verða grænt hagkerfi sem byggir á grænum störfum.

Framtíðarsýn okkar í atvinnumálum byggð á grænum gildum verður að hvíla á traustum grunni. Þar skipta eftirtaldir þættir miklu:

- *Styrkja verður grunngerð samfélagsins; samgöngur, upplýsingaveitur og flutningskerfi raforku til að tryggja hagkvæma nýtingu hennar. Verð á orku á eftir að hækka umtalsvert á næstu árum og eftirspurn eftir endurnýjanlegri raforku margfaldast. Þrýstingur á aukna virkjun bæði fallvatna og jarðvarma mun aukast. Það er því mikilvægt að mótuð verði markviss stefna í auðlinda- og umhverfismálum, á sjálfbærum grunni. Þannig má skapa skilyrði til að íslenskt samfélag verði á næstu áratugum að mestu sjálfbært á sviði orkunýtingar með því að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir hreina orkugjafa.*
- *Laða þarf fram meira samstarf á sviði rannsókna og tæknipróunar þvert á fræða- og fagsvið svo og yfir landamæri. Horfa þarf meira til skapandi greina s.s. á sviði lista, hönnunar og margmiðlunar.*
- *Auka verður fjárfestingar í framleiðslutækni sem leiðir til minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda. Fyrir liggur að áhugi og vilji á alþjóðavísu til að fjárfesta í græna geiranum fer ört vaxandi. Ef rétt er að málum staðið mun þetta leiða til nýsköpunar á mörgum sviðum. Tækifærin eru nánast óþrjótandi s.s. í orkuviðnáði, efna- og lífefnaði og endurvinnslu.*
- *Nýta verður möguleika sem hefðbundnar greinar íslensks atvinnulífs, sjávarútvegur og landbúnaður þ.m.t. garðyrkja og fullvinnslu afurða, eiga til að sækja fram á erlendum markaði á grundvelli hreinnar framleiðslutækni og grænna gilda. Sama gildir um ferðaþjónustuna sem býður upp á fjölbreytta þróunarmöguleika.*
- *Mikilvægt er að atvinnuuppbygging til framtíðar taki mið af þeim margbreytilegu kostum sem er að finna um land allt. Þar sem styrkleikar og möguleikar hvers svæðis og sköpunarkraftur íbúanna eru virkjaðir.*
- *Uppbygging atvinnulífs á sjálfbærum grunni og aðgerðir til að sporna við loftslagsbreytingum þýða margháttaðar breytingar í atvinnulífinu. Störf munu tapast en í staðinn munu skapast fjölbreytt og áhugaverð störf á fjölmörgum sviðum. Setja verður fram skýra áætlun sem miðar að því að aðstoða fólk við að takast á við þessar breytingar með jákvæðum hætti. Aðlaga þarf menntakerfið að nýrri atvinnustefnu og skapa þannig ungu*

fólki tækifæri til að taka öflugan þátt í uppbyggingunni sem framundan er. Um leið þarf að vinna markvisst að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar og endurmenntunar fyrir fólk á vinnumarkaði þannig að það geti nýtt þau nýju tækifæri sem bjóðast. Mikilvægur liður í þessu er áætlunin um að eigi fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020.

- Við þær aðstæður sem nú ríkja í samfélaginu er afar mikilvægt að skapa ungu fólki trúverðug tækifæri í samræmi við menntun þess og framtíðarsýn sem eykur tiltrú og vilja til áframhaldandi búsetu á Íslandi. Markmiðið er að atvinnustarfssemin skapi góð störf á traustum grunni, atvinnu og hagsæld, og geti staðið undir öfluglu velferðarsamfélagi að norrænni fyrirmynd.

Endurreisnin, atvinnulífið og samfélagsleg ábyrgð

Mikilvægt er að settar verði skýrari reglur um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og stjórnenda þeirra, þar sem áhersla verði lögð á siðferði og ábyrgð. Þetta gildir:

- Um endurreisn atvinnulífsins sem nú stendur yfir, þar sem áhersla þarf að vera á gagnsæi og traust á því sem þar er gert.
- Til framtíðar, þannig að samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja verði edlilegur þáttur í allri umfjöllun og ákvarðanatöku í atvinnulífinu.

Við gerð stöðugleikasáttmálans var orðið við kröfu Alþýðusambandsins um að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins mótuðu sameiginleg viðmið um endurreisn atvinnulífsins og aðkomu opinberra aðila. Nú þegar endurreisnarstarfið er hafid er áriðandi að þessari vinnu verði flýtt eins og kostur er. Jafnframt er mikilvægt að kallaðir verði til innlendir og erlendir sérfræðingar á þessu sviði því að nýta þarf reynslu og þekkingu annarra þjóða. Á því mun trúverðugleiki endurreisnarinnar hvíla, enda bendir margt til þess að nú sé reynt að byggja á sömu forsendum og fyrir hrun –sama siðleysinu, sömu græðginni, sömu bónusunum og sama eignarhaldsfélaga feluleikum. Um það verður aldrei nein sátt.

Til framtíðar gerum við kröfur um nýtt siðferðismat í stjórnun fyrirtækja, þar sem saman fari skilvirk löggjöf og víðtæk samfélagsleg ábyrgð þeirra. Samhliða verði skerpt á hlutverki og heimildum eftirlitsaðila. Krafan er að fyrirtæki fylgi skráðri og viðurkenndri fjárfestingastefnu sem byggir á samfélagslegri ábyrgð; lífeyrissjóðir jafnt sem aðrir. Krafa okkar er að settar verði skýrar reglur um ábyrgð fyrirtækja og opinberra aðila gagnvart því samfélagi sem þau starfa í og náttúrunni. Þannig er krafan um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja í beinu samhengi við sýn okkar á atvinnustefnunna til framtíðar.

Jafnframt áréttar Alpýðusambandið þá kröfu sína að fram fari vandað og fordómalaust uppgjör á aðdraganda hrunsins, þar sem engu verði skotið undan og engum hlíft, hvorki einstaklingum né stofnunum sem hlut áttu að máli. Á því mun sáttin um framhaldið hvíla.

Efnahags- og kjaramál / 2. umræða

Kristinn Örn Jóhannesson, VR tók til máls og byrjaði á því að þakka nefndarmönnum fyrir vel unnin störf og kynnti eftirfarandi tillögur að ályktunum: Tillaga að ályktun um efnahags- og kjaramál, tillaga að ályktun um skattlagningu á inngreiðslur í lífeyrissjóði, tillaga að ályktun um heildarendurskoðun á stefnu Alpýðusambandsins í málefnum lífeyrissjóða, tillaga að ályktun um tekjutengingu lífeyris og tillaga að ályktun um skaðabótalög.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness sagðist ekki vera tilbúinn að samþykkja fyrirleggjandi tillögu óbreytta varðandi skattlagningu á inngreiðslur í lífeyrissjóði. Skattabyrði næstu ára væri það mikil að það þyrfti að skoða allar leiðir og þá einnig að lífeyrisgreiðslur verði skattlagðar strax. Hann lagði áherslu á að það þyrfti að skoða alla kosti og ekki að útiloka neitt. Varðandi tillöguna sem stjórn og trúnaðarráð Verkalýðsfélag Akranes lagði fram sagði Vilhjálmur tillöguna mikið breytta í meðferð vinnuhópsins og ekki tekið á kjarna hennar, sem er að breyta stjórnarkjöri í lífeyrissjóðunum og þannig að auka lýðræði í sjóðunum. Vilhjálmur lagði fram breytingartillögu. Hann gagnrýnir einnig há laun forstjóra og stjórnasetu í lífeyrissjóðnum og taldi að 90% sjóðsfélaga vildi breytingar í takt við það sem hann lagði til og fór fram á leynilega atkvæðagreiðslu um breytingartillöguna. Að lokum sagði Vilhjálmur að ef málið fengi ekki brautargengi þá væri hann ófeiminn við að gagnrýna þá niðurstöðu, þ.e. ef tillagan verður felld í leynilegri kosningu.

Guðmundur Ingi Kristinsson, VR fjallaði um tillöguna sem hann lagði fram um að kanna hvort að koma þurfi til skerðingar örorkulífeyris í 10 lífeyrissjóðum. Hann gagnrýndi það að tillagan væri ekki tekin til umfjöllunar þar sem að lög ASÍ segðu til um að það þurfi að leggja fram tillögur sem ekki eru teknar fyrir í nefndum ársfundar, fyrir ákveðinn tíma. Hann benti á að ef lífeyrisgreiðslur væru fyrirfram skattlagðar þá væru þær tapaðar skatttekjur miðað við tap lífeyrisjóðanna á síðasta ári. Guðmundur vísaði í skjal nr. 20 sem fjallar um skaðabótalögin og biður um einföldun þannig að fólk skilji hvernig bætur og greiðslur eru reiknaðar. Hann telur lífeyrissjóðina hafa fjárfest í tómu bulli og það hafi áhrif á örorkuþega.

Guðmundur Ómar Guðmundsson, Fagfélaginu gagnrýndi orð síðasta ræðumanns um fjárfestingar lífeyrissjóðanna, telur að slíkar fullyrðingar eigi ekki að setja fram á virðulegum fundi eins og ársfundi ASÍ, þó svo að ýmislegt

mætti betur fara hjá lífeyrissjóðunum. Guðmundur gagnrýndi breytingar á tekjutengingu lífeyris, hann sagði að búið væri að afnema tekjutengingu við maka en núverandi ríkisstjórn hefur stigið langt skref til baka að hans mati. Hann sagði að með þeim breytingum sem tóku gildi 1. júní sl. geta öryrkjar með tekjur orðið fyrir skerðingu bæði hjá lífeyrissjóði og Tryggingastofnun, því þyrfti að kanna betur hvernig tekjutengingarkerfið er. Hann segir þetta koma illa við marga sem vilja vinna eitthvað hvort sem þeir eru á lífeyri eða á örorku. Guðmundur setti fram breytingartillögu varðandi orðalag í ályktun um skaðabótalögin. Hann taldi brýnt að fara í heildarendurskoðun á málefnum lífeyrissjóðanna, en vildi ekki að ársfundurinn setti slíkri umræðu of þröngur skorður með að samþykkja tillögu Verkalýðsfélags Akraness. Hann sagði að það væri nauðsynlegt að vanda til hvernig tillögur um breytingar á kosningum til stjórna í lífeyrissjóðina væru settar fram þar sem hann taldi hættu á að atvinnurekendur geti náð yfirráðum í lífeyrissjóðunum verði tillaga Verkalýðsfélags Akraness samþykkt.

Rannveig Sigurðardóttir, VR sagðist taka undir með síðasta ræðumanni varðandi breytingar á orðalagi í ályktun um skaðabótalög. Sagði núverandi orðalag ekki vera ASÍ til sóma og bauð hún sig fram í vinnuhóp við endurskoðun skaðabótalaganna.

Guðmundur Gunnarsson, RSÍ lýsti yfir vanþóknun á ítrekuðum fullyrðingum sem fram hefðu komið um skoðanakúgun innan verkalýðshreyfingarinnar. Hann sagði að ákveðnir einstaklingar bregðist gjarnan þannig við, þegar þeir lenda í minnihluta, að þeir halda því fram að verið sé að beita þá ofbeldi, að verið sé að banna þeim að hafa skoðanir. Guðmundur sagði að vitanlega gæti hver sem er haft sínar skoðanir og gert grein fyrir þeim opinberlega. Það væri samt of langt gengið þegar menn færu að gera öðrum upp skoðanir og vinnubrögð sem ekki væri fótur fyrir. Guðmundur sagði að ákveðnir einstaklingar haldi því fram að fulltrúar á ársfundinum þori ekki að kjósa í samræmi við sannfæringu sína því fámenn valdaklíka standi yfir mönnum og andi niðrum háls málið á þeim. Hann sagði að með slíkum fullyrðingum væru þeir að lítilsvirða félag sína, þeir væru að segja að ársfundarfulltrúarnir væru skoðana- og viljalaust fólk sem láti skipa sér fyrir verkum. Með þessu væri einnig verið að lítilsvirða vinnu allra stofnana verkalýðshreyfingarinnar, miðstjórnar, stjórna aðildarféлага, trúnaðarráða. Þar fari ekki fram lýðræðisleg afgreiðsla mála. Guðmundur sagði að ákveðnir einstaklingar haldi því einnig fram að valdaklíka stjórn lífeyrissjóðunum og hafi vísvitandi tapað 800 milljörðum. „Af hverju hringja þeir ekki á lögregluna?“ spurði hann. Guðmundur sagði að allir sem fylgst hafa með fréttum á þessu ári vita hvernig fjármálaglæpamenn spiluðu á kerfið. Á sama tíma og þeir voru að selja hlutabréf í virtum fyrirtækjum hafi þeir staðið að því að hreinsa eignirnar út úr þeim. Allir sem vita vildu

vissu hvaða lög væru um fjárfestingar lífeyrisjóða og skert svigrúm þeirra. Þá vakti Guðmundur athygli á að sá lífeyrissjóður sem rafiðnaðarmenn ættu hefði hækkað réttindi um 47% á síðustu 10 árum, það væri í fyrsta skipti nú sem til skerðingar hefði komið – hún næmi um 6%. Guðmundur vakti einnig athygli á að gerðar væru strangar kröfur til þeirra sem settust í stjórn sjóðsins fyrir hönd félagsmanna. Þeir þyrftu t.d. bæði að standast ákveðnar faglegar kröfur, fara á mörg námskeið og ganga í gegnum kosningar. Hann nefndi sjálfan sig sem dæmi. Hann hefði komið út á vinnumarkað um svipað leiti og sjóðirnir hefðu verið stofnaðir. Alltaf verið í efri lögum innkomu, borgað mikið í sér-eignarsjóði og það væru örugglega ekki margir sem ættu meiri inneignir í lífeyrissjóð en hann. Sama gildi um marga aðra stjórnarmenn. Það væri því út í hött að bera það á þessa menn að þeir væru vísvitandi að gambla með sínar inneignir og lífeyri.

Sigurður Bessason, Eflingu stéttarfélagi sagðist taka undirorð síðasta ræðumanns. Hann itrekaði að hvert félag taki afstöðu til þess hvaða breytingar þeir vilja sjá á kjöri í stjórnir lífeyrissjóðanna. Sigurður taldi málf lutning Vilhjálmssonar undarlegan, í einu orði er krafan um lýðræðisleg vinnubrögð en í því næsta eru hótanir um gagnrýni og mótmæli verði tillaga sem hann leggur fram ekki samþykkt.

Baldur Jónsson, Stéttarfélagi Vesturlands lagði til að yfirskrift fyrirleggjandi skjala yrði „tillaga að ályktun“, ekki „drög að ályktun“.

Guðmundur Ingi Kristinsson, VR vísaði í orð Rannveigar varðandi skaðabætur. Hann benti á að tryggingafélög hafi fengið greiddar til sín slysabætur frá Tryggingarstofnun og gagnrýndi Guðmundur tryggingafélög almennt og þá mismunun sem hann telur þau gera í útreikningum á tryggingabótum.

Gylfi Arnbjörnsson, VR sagði að allar ályktanirnar sem fram væru komnar mjög góðar. Hann tók undir orð Guðmundar Ómars um þingskjal 20, um að margt mætti betur fara í skaðabótalögum, þó væri nauðsynlegt að fara varlega í breytingar og kalla til þá sérfræðinga sem þarf við þá vinnu. Gylfi benti á að það bótakerfið sem byggt hafi verið upp hér á landi, þ.e. bótakerfi sjúkrasjóða og lífeyrissjóða væri tekjutengt. Hann taldi mikilvægt að ályktanirnar sem ársfundur sendi frá sér væru afgerandi og skýrar, þannig að aðrir væru ekki að túlka þær á annan hátt en ársfundur hafi samþykkt. Hann sagðist fylgjandi því að endurskoða samning verkalýðshreyfingarinnar um lífeyrismál og lagði áherslu á að eitt aðildarfélag ASÍ hafi lagt inn tillögu og miðstjórn hafi tekið þeirri tillögu fagnandi. Þó svo að miðstjórn hafi ekki samþykkt seinni tillögu Verkalýðsfélags Akraness þá væri hún ennþá opin fyrir umræðu. Gylfi sagðist taka undir orð Guðmundar Gunnarssonar og Sigurðar Bessasonar hér á undan og benti á að ársfundur ASÍ væri valdastofnun þar sem lagt væri upp með breytingar á samfélaginu. Verið væri að samþykkja ályktanir sem legðu grunn að

réttlátu samfélagi. Hann sagði ársfund ASÍ vera valdastofnun í þeim skilningi að það hafi áhrif að ríflega hundrað þúsund manna samtök taki samfélagslegar ákvarðanir. Þessar ákvarðanir tókum við með rökræðu á ársfundinum sagði Gylfi. Hann taldi það yfiringilegt að Vilhjálmur væri að stilla ársfundinum upp við vegg. Að hann, Vilhjálmur, ætli sínu fram, sama hvað ársfundurinn samþykkir, þetta telur Gylfi ekki boðlegt. Hann lagði til að fyrri hluti tillögu Verkalýðsfélags Akraness verði samþykkt og að opin og málefnaleg umræða verði um lífeyrismál, þar sem umræðan endar á ákvörðun en ekki í byrjun. Að lokum hvatti Gylfi ársfundarfulltrúa að fylkja liði og sameinast þannig að það heyrist úti í samfélaginu hvaða skoðun verkalýðshreyfingin hefur á þessum málum sem öðrum málum.

Friðrik Björgvinsson, VM, hvatti Verkalýðsfélag Akraness til að draga tillöguna sína til baka. Hann taldi áhugavert til umhugsunar að skoða hvað liggur á bak við lífeyrissíðgjöldin. Þetta er tryggingarnet og varasjóður, sagði hann, en ekki varasjóður fyrir ríkissjóð. Hann sagði að það mætti veita lán úr lífeyrissjóðunum til ríkisframkvæmda en endurtók að lífeyrissjóðir væru ekki varasjóðir fyrir ríkissjóð.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélag Akraness byrjaði á því að gagnrýna endurskoðunarákvæði kjarasamninga og vitnaði í ræðu sína frá deginum áður.

Vilhjálmur vitnaði í texta og las að hluta til upp, texta af heimasíðu RSÍ þar sem hann sagði að fram komi að launamenn ættu að kjósa alla stjórnarmenn í lífeyrissjóði. Hann sagði að Guðmundur Gunnarsson hafi lýst þessari skoðun í fjölmiðlum og skildi því ekki af hverju hann væri ekki tilbúin að styðja tillöguna. Vilhjálmur sagði einnig að hann hafi ekki hótad neinum, en mundi halda áfram að hafa sína skoðun.

Sigurður Bessason, Eflingu-stéttarfélagi fór yfir málflutning Vilhjálms og gagnrýndi hann.

Fundarstjóri hóf afgreiðslu skjala og atkvæðagreiðslna um ályktanir um efnahags- og kjaramál.

Fundarstjóri bar upp viðbótartillögu Vilhjálms Birgissonar við tillögu um lífeyrismál:

Ársfundur samþykkir að fela miðstjórn ASÍ umboð samkvæmt 16. grein samningsins til að gera þær breytingar á samningnum sem tryggi að launafólk yfirtaki stjórnun lífeyrissjóða innan ASÍ. Jafnframt samþykkir ársfundurinn að unnið verði að breytingum á reglugerðum sjóðanna þannig að sjóðsfélagar kjósi stjórnarmenn beinni kosningu.

Verði gengið frá nýjum samningum við Samtök atvinnulífisins um lífeyrismál þá telur ársfundurinn að samninginn eigi að leggja í allsherjaratkvæðagreiðslu til þeirra félaga sem eiga aðild að samningnum.

Viðhöfð var leynileg atkvæðagreiðsla um viðbótartillöguna og var niðurstaða talningar eftirfarandi: Nei sögðu 176, já sögðu 46, auðir seðlar voru 12.

Viðbótartillaga við tillögu um lífeyrismál var felld.

Fundarstjóri bar tillögu að ályktun um heildarendurskoðun á stefnu Alþýðusambandsins í málefnum lífeyrissjóða upp til atkvæðagreiðslu.

Eftirfarandi ályktun um heildarendurskoðun á stefnu Alþýðusambandsins í málefnum lífeyrissjóðanna var samþykkt án mótatkvæða:

Ársfundur ASÍ felur miðstjórn sambandsins að standa fyrir viðtækri og almennri umræða um málefni lífeyrissjóðanna meðal aðildarsamtaka sinna á næstu mánuðum. Markmið slíkrar umræðu verði að leggja drög að endurskoðaðri stefnu ASÍ í lífeyrismálum og skilgreina helstu samningsmarkmið samtakanna í viðræðum við Samtök atvinnulífsins. Skal þeirri vinnu lokið eigi síðar en 31. mars 2010.

Fundarstjóri bar tillögu að ályktun um efnahags- og kjaramál upp til atkvæðagreiðslu.

Eftirfarandi ályktun um efnahags- og kjaramál var samþykkt samhljóða:

Ársfundur ASÍ telur mikilvægt að kjarasamningar haldi gildi sínu þannig að þær kjarabætur sem að óbreyttu eiga að koma til framkvæmda 1. nóvember 2009 og 1. júní 2010 skili sér til launafólks. Ársfundurinn minnir á að fjöldi launamanna hefur ekki fengið launahækkunir síðan 2007 og staða þeirra tekjulægstu er óviðunandi.

Ársfundurinn bendir á að aukin verðmætasköpun er eina færa leiðin út úr efnahagsvandinum. Verkalýðshreyfingin undirritaði stöðugleikasáttmála í sumar sem hafði það markmið að stuðla að endurreisn efnahagslífsins með því að skapa skilyrði fyrir aukinni fjárfestingu, nýrri sókn í atvinnumálum, auknum hagvexti og leggja þannig grunn að bættum lífskjörum til framtíðar.

Ársfundurinn krefst þess að ríkisstjórnin beiti sér af fullum þunga fyrir framgangi sáttmálans og standi við gefin fyrirheit. Fundurinn lýsir yfir miklum vonbrigðum með vanefndir ríkisstjórnarinnar og telur það með öllu óásættanlegt að ráðherrar ríkisstjórnarinnar fari gegn sáttmálanum eins og umhverfisráðherra gerði með nýlegri ákvörðun sinni um Suðvestur-línu og komi þannig fjárfestingum og nýsköpun í frekara uppnám.

Ársfundurinn lýsir yfir áhyggjum sínum af áformuðum skattahækkunum á heimili og fyrirtæki. Fundurinn telur mikilvægt að umfang skattahækkana verði ekki meira en kveðið er á um í stöðugleikasáttmálanum. Þá krefst fundurinn þess að staða þeirra tekjulægstu verði varin og að umsamin hækkun persónuafsláttar komi til framkvæmda. Auk þess telur fundurinn mikilvægt að þess verði gætt að áform um

orku- og auðlindagjöld verði útfærð með þeim hætti að áformum um fjárfestingar verði ekki stefnt í voða.

Stöðugleikasáttmálinn er öflugt tæki við uppbyggingu samfélagsins og það yrðu mikil vonbrigði ef okkur tækist ekki að nýta þau tækifæri sem í honum felast betur. Ársfundurinn varar við því að ef kjarasamningar fara í sundur nú um mánaðamótin eru forsendur stöðugleikasáttmálans brostnar og ófriður skapast á vinnumarkaði. Því mun verkalyðshreyfingin mæta sem órofa heild.

Fundarstjóri bar tillögu að ályktun um skattlagningu á inngreiðslur í lífeyrissjóði upp til atkvæðagreiðslu.

Eftirfarandi ályktun um skattlagningu á inngreiðslur í lífeyrissjóði var samþykkt með 2 mótatkvæðum:

Ársfundur Alþýðusambands Íslands hafnar þeim hugmyndum sem fram hafa komið um skattlagningu á inngreiðslum í lífeyrissjóði. Slík skattlagning hefði í för með sér tilflutning á skattgreiðslum milli kynslóða og leggur þungar skattbyrðar á komandi kynslóðir. Þessi breyting mun einnig leiða til þess að skerða þarf réttindi í lífeyrissjóðum í nútíð og framtíð. Ársfundurinn leggur ríka áherslu á að ekki verði hróflað við þeim réttindum sem launafólk hefur byggt upp í lífeyrissjóðum sínum á umliðnum áratugum.

Greinargerð:

Fram hafa komið tillögur um að breyta fyrirkomulagi skattgreiðslna á lífeyrissparnað þannig að í stað þess að greiða skatt af lífeyristekjum sem greiddar eru út úr lífeyrissjóðunum verði iðgjald í sjóðina skattlagt við inngreiðslu. Þetta þýðir að sjóðirnir fá aldrei þann hluta iðgjaldsins til ávöxtunar til að byggja upp framtíðarlífeyrisréttindi. Slík breyting hefði víðtæk varanleg áhrif á lífeyriskerfi þjóðarinnar og skattgreiðendur í nútíð og framtíð.

Með því að skattleggja inngreiðslur í lífeyrissjóði er verið að flytja skattgreiðslur á milli kynslóða og víkja frá þeirri meginhugsun lífeyriskerfisins að hver kynslóð standi undir bæði eigin lífeyri og hluta þeirrar þjónustu sem hún nýtur. Í reynd er verið að breyta þeim hluta af lífeyrissparnaðinum sem nemur sköttum af iðgjöldunum úr sjóðasöfnun í svo kallað gegnumstreymiskerfi. Íslenska lífeyrissjóðakerfinu hefur hingað til verið hampað mjög vegna þess að það byggir á hugmyndafræði sjóðasöfnunar og er einn af meginstyrkleikum hagkerfisins í samanburði við aðrar þjóðir. Flestar Evrópuþjóðir glíma nú við mikinn vanda vegna gegnumstreymiskerfa sem ekki standa undir sér þegar aldursröðun þjóða breytist og vinna nú að því að umbreyta lífeyriskerfum sínum í sjóðasöfnun. Þessi breyting væri því mikil afturför fyrir lífeyriskerfi okkar.

Ef inngreiðslur í lífeyrissjóði eru skattlagðar í dag munu lífeyrisþegar framtíðarinnar að óbreyttu ekki skila skatttekjum í ríkissjóð. Það þýðir að þeir sem verða á vinnualdri eftir 20-40 ár munu þurfa að standa undir kostnaði við þjónustu sífellt stækkandi hóps ellilífeyrisþega með hærri skattbyrði sem nemur þeim skattgreiðslum sem verða teknar út núna. Fjöldi fólks á vinnualdri á hvern lífeyrisþega fer ört fækkandi. Í dag eru sex vinnandi á hvern eftirlaunaþega en eftir 25 ár verður hlutfallið einn á móti þremur. Ef skattlagning lífeyris helst óbreytt munu eldri kynslóðir greiða skatt af sínum eftirlaunum og þannig leggja sitt af mörkum til að fjármagna t.a.m. heilbrigðis- og velferðarkerfið. Verði hins vegar búið að taka þennan skatt núna munu ungu kynslóðir dagsins í dag, þurfa að bera mjög þunga skattbyrði í framtíðinni.

Skattlagning inngreiðslna í lífeyrissjóði mun skerða lífeyrisréttindi þar sem lægra hlutfall iðgjaldanna er ávaxtað hjá lífeyrissjóðunum. Nefnt hefur verið að ef greitt er í lífeyrissjóð af sömu tekjum á 40 ára starfsævi með 3,5% ávöxtun muni skattlagning inngreiðslna leiða til 15% skerðingar á lífeyrisréttindum.

Verði breytingar gerðar á skattalegri meðferð lífeyrisiðgjalda þarf að loka núverandi kerfi og gera það upp m.v. áfallna stöðu sjóðanna sem mun flækja kerfið og auka kostnað. Flestir sjóðir munu þurfa að skerða réttindi umtalsvert nú þegar vegna aldursræðingaráhrifa sjóðsfélaga sem gerir það að verkum að áfallin staða sjóðanna er neikvæð þrátt fyrir að framtíðarstaðan sé góð og fáir núverandi kerfi að þróast óbreytt mun jafnvægi nást. Auk þess er almenna lífeyriskerfið þegar í mjög viðkvæmu breytingarferli við að taka upp aldurstengda réttindaávinnslu í stað flatrar ávinnslu. Breytingin mun taka nokkra áratugi þar sem sjóðsfélagar flestra sjóða (þeir sem eru 35 ára og eldri) gátu valið að vera áfram í flatri réttindaávinnslu til 67 ára aldurs. Viðamikil kerfisbreyting mun kollvarpa þessum lífeyrislofordum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Nefnt hefur verið að þetta muni leiða til allt að 25% skerðingar á réttindum í sumum almennum sjóðum.

Ljóst er að skerðing á réttindum í lífeyrissjóðum í núverandi stöðu mun leiða til aukinna útgjalda almannatrygginga þar sem lífeyriskerfi landsmanna er tveggja stóða kerfi sem byggir á samspili þessara kerfa, en í dag er um 100% tekjutenging hjá allstórum hópi lífeyrisþega.

Miðað við núverandi fyrirkomulag þar sem réttindi í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna eru ríkistryggð mun ríkissjóður þurfa að leggja opinberu sjóðunum til aukið framlag vegna þess misvægis sem skattgreiðslur af inngreiðslum valda. Það mun því lenda á skattgreiðendum

að fjármagna þetta nema til þess komi að einnig verði farið í að skerða réttindi í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna.

Innstreymi í lífeyrissjóðina minnkar verði iðgjöld skattlögð í stað lífeyris. Þar með minnkar sparnaður landsmanna um sömu fjárhæð og fjárfestingargeita þeirra og geta til að taka þátt í uppbyggingu atvinnulífsins minnkar að sama skapi.

Eigi skattlagning á inngreiðslum í lífeyrissjóði að skila þeim tekjum sem lagt er upp með í tillögunum, þýðir það að skattleggja þarf lífeyrisgreiðslur utan persónuafsláttar. Það mun leiða til mestra skattahækkana hjá þeim sem hafa lægstar lífeyristekjur en lækkun skatta hjá þeim sem fá háan lífeyrir.

Fundarstjóri bar tillögu að ályktun um tekjutengingu lífeyris upp til atkvæðagreiðslu.

Eftirfarandi ályktun um tekjutengingu lífeyris var samþykkt samhljóða:

Ársfundur ASÍ telur að tekjutenging örorku- og ellilífeyris milli almannatrygginga og lífeyrissjóða sé komin langt út fyrir velsæmismörk og leggur áherslu á að komið verði í veg fyrir víxlverkun slíkra tekjutenginga milli þessara kerfa. Fundurinn telur það forgangsverkefni að tryggja launafólki sem nýtur afkomutryggingar velferðarkerfisins, örugga og fyrirsjáanlega afkomu. Fyrirhugað er að endurskoða kjarasamning ASÍ og SA um lífeyrismál og telur fundurinn mikilvægt að í þeirri vinnu verði þessar tekjutengingar endurskoðaðar á þann hátt að almannatryggingar og lífeyrissjóðakerfið vinni betur saman. Er það forgangsverkefni að taka upp sérstakt frítekjumark vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum.

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu Guðmundar Inga Kristinssonar VR:

Ársfundur ASÍ felur miðstjórn ASÍ að kanna hvort koma þurfi til lækkunar örorkulífeyris 1900 öryrkja í 10 lífeyrissjóðum þann 1. nóvember 2009.

Tillagan var samþykkt með 3 mótatkvæðum

Fundarstjóri bar upp tillögu Guðmundar Ó. Guðmundssonar, Fagfélaginu o.fl. um breytingu á tillögu að ályktun um skaðabótalög:

2. málsgrein falli niður og í stað hennar komi ný 2. málsgrein svo hljóðandi:

Ársfundur telur að tími sé kominn til að gera útreikning á skaðabótum einfaldari og gagnsærri en nú er. Ljóst er að fólki er mismunað þegar litið er á tekjur fortíðar til að meta tjón til framtíðar.

Tillagan var samþykkt með 2 mótatkvæðum.

Fundarstjóri bar tillögu að ályktun um skaðabótalög með samþykktum breytingum upp til atkvæðagreiðslu.

Eftirfarandi ályktun um skaðabótalög var samþykkt samhljóða:

Ársfundur ASÍ felur miðstjórn ASÍ að skoða skaðabótalög nr.50/1993 og beita sér fyrir úrbótum.

Ársfundurinn telur að tími sé kominn til að gera útreikning á skaðabótum einfaldari og gagnsærri en nú er. Ljóst er að fólki er mismunað þegar litið er á tekjur fortíðar til að meta tjón til framtíðar.

Forseti ASÍ, Gylfi Arnbjörnsson kvaddi sér hljóðs og tilkynnti að nýr formaður BSRB væri Elín Björg Jónsdóttir og sendi ársfundur ASÍ henni árnáðaróskir.

Önnur mál / 2. umræða

Guðmundur Gunnarsson, RSÍ vildi benda Vilhjálmi Birgissyni á tvennt, annað var að í tillögum RSÍ um kjör í stjórnir lífeyrissjóða væri talað um sjóðsfélaga. Einnig sagðist Guðmundur aldrei hafa bannað Vilhjálmi að hafa skoðanir en hann, Vilhjálmur, ætti ekki að gera öðrum upp skoðanir.

Ekki fleiri kvöddu sér hljóðs undir liðnum „önnur mál“.

Fundarslit

Fundarstjóri þakkaði samstarfsfólki og ársfundarfulltrúum gott samtarf.

Forseti ASÍ, Gylfi Arnbjörnsson, færði Rögnu Larsen og Ásgerði Pálsdóttur blóm sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf, en þær voru að hætta í miðstjórn ASÍ.

Því næst flutti Gylfi stutta ræðu. Þar kom m.a. fram að það væri „mjög eðlilegt að við látum tilfinningarnar ráða í okkar starfi, en það skiptir líka máli að við gerum þetta af þrautseigju og yfirvegað og vinnum okkar störf sem best“. Þótt slægi í brýnu væri mikilvægt að menn fylktu sér saman um niðurstöðuna. „Við förum af þessum fundi sem heild“, sagði hann.

Fundi slitið kl. 16:45.



Fulltrúar á ársfundi ASÍ 2009

Bein aðild að ASÍ

Félag bókagerðarmanna

Georg Páll Skúlason
Hrafnhildur Ólafsdóttir
Stefán Ólafsson
Þorkell Svarfdal Hilmarsson

VM – Félag vélstjóra og málm- tæknimanna

Brynjar Viggósson
Friðrik Björgvinsson
Guðmundur H Þórarinsson
Guðmundur Þórður Ragnarsson
Guðni Gunnarsson
Gylfi Ingvarsson
Halldór Arnar Guðmundsson
Halldór Ingi Lúðvíksson
Haraldur Guðjón Samúelsson
Heimir Vilhjálmur Pálmason

Jóhann Pétur Gíslason
Kristinn Sævar Jóhannsson
Magnús Magnússon
Samúel Ingvason
Sævar Örn Kristjánsson
Vignir Eypórsson
Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson

MATVÍS

Gígja Magnúsdóttir

Jón Karl Jónsson
Níels Sigurður Olgeirsson
Sigurður Magnússon

Félag ísl. hljómlistarmanna

Ásgeir Hermann Steingrímsson
Sigurgeir Sigmundsson

Félag leiðsögumanna

Pétur Jónsson

Flugfreyjufélag Íslands

Kara Margrét Svafarsdóttir

Sigrún Jónsdóttir

Mjólkurfræðingafélag Íslands

Markús Betúel Jósefsson

Landssamband ísl. verzlunarmanna**VR**

Agnar Kristján Þorsteinsson

Alan James Winrow

Alfreð Karl Alfreðsson

Anna Þórðardóttir Bachmann

Arna Gunnur Ingólfssdóttir

Ágúst Guðbjartsson

Ágúst Halldórsson

Benedikt Vilhjálmsson

Bergur Þór Steingrímsson

Birgir Már Guðmundsson

Bjarki Steingrímsson

Bjarni Þór Sigurðsson

Björgvin Ingason

Eyrún Ingvaldsdóttir

Finnur Jens Númason

Finnur Sigurðsson

Gísli Friðrik Ágústsson

Grétar Hannesson

Guðmundur Aðalsteinsson

Guðmundur Friðrik Eggertsson

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir

Guðrún Jóna Valgeirsdóttir

Guðrún María Jóhannsdóttir

Gunnar Böðvarsson

Gunnar Gunnarsson

Gunnar Heiðberg Gestsson

Gunnar Sigurbjörnsson

Gylfi Arnbjörnsson

Halldór Halldórsson

Hólmfríður Björg Petersen

Inga Jóhannsdóttir

Ingibjörg Finnbogadóttir

Ingibjörg R Guðmundsdóttir

Jón Hrafn Guðjónsson

Jón Ingi Kristjánsson

Jón Kristinn Þorsteinsson

Jón Magnússon

Jón Þór Skaftason

Jósef Agnar Róbertsson

Judy Ásthildur Wesley

Júlfana Pálsdóttir

Júlíus Freyr Theódórsson

Karl Óskar Óskarsson

Kristi Jo Jóhannsdóttir

Kristinn Örn Jóhannesson

Kristín María Björnsdóttir

Magnea Jenny Guðmundsdóttir

Margrét Eiríksdóttir

Ólafur Erling Ólafsson

Óskar Kristjánsson

Pétur Gunnar Pétursson

Ragnar Borgþórsson

Ragnar Þór Ingólfsson

Ragnheiður Helgadóttir

Rannveig Sigurðardóttir

Sigríður Stefánsdóttir

Sigurður Sigfússon

Stefanía Magnúsdóttir

Stefán Halldór Kristvinsson

Sverrir Ólafur Benónýsson

Sæmundur Karl Jóhannesson

Tinna Mjöll Karlsdóttir

Tómas Ingi Tómasson

Valur Magnús Valtýsson

Vilhjálmur Árnason

Þorgerður Jóhannsdóttir

Þorsteinn B A Guðmundsson
Þorsteinn Bjarnason
Þorsteinn Þórólfsson
Þórður Mar Sigurðsson
Þröstur Valgarðsson

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Bryndís Kjartansdóttir
Guðbrandur Einarsson
Sigrún Ólafsdóttir
Sveinbjörg Sigurðardóttir

Stéttarfélag Vesturlands

Einar Oddur Pálsson
Helga Ólafsdóttir

Stéttarfélagið Samstaða

Guðbjörg Þorleifsdóttir
Vigdís Elva Þorgeirsdóttir

Framsýn, stéttarfélag

Snæbjörn Sigurðarson

Verslunarmannafélag Skagfirðinga

Hjörtur S Geirmundsson

**Félag versl.- og
skrifstofufólks Akureyri**

Anna María Elíasdóttir
Árni Anton Þorvaldsson
Eiður Stefánsson
Hildur Tryggvadóttir
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

Verslunarmannafélag Suðurlands

Guðmundur Gils Einarsson
Hugrún Ólafsdóttir
Kristján Hálfánarson
Margrét Ingþórsdóttir

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Erna Sigurðardóttir
Finnur Magnússon

AFL-Starfsgreinafélag

Guðleif Kristbjörg Bragadóttir
Gunnhildur Imsland

Rafiðnaðarsamband Íslands

Félag ísl. símamanna

Grétar Birkir Guðmundsson
Guðrún S Bergþórsdóttir
Kristín Ósk Óskarsdóttir

Félag ísl. rafvirkja

Björn Ágúst Sigurjónsson
Guðmundur Gunnarsson
Ísleifur Tómasson
Stefán Sveinsson
Svanborg Hilmarsdóttir

Félag rafeindavirkja

Björn Eysteinnsson
Kristján Þórður Snæbjarnarson

Félag tæknifólks í rafiðnaði

Kári Gíslason
Páll Sveinn Guðmundsson
Sigurjón Guðni Ólason
Þorsteinn Úlfar Björnsson

Rafiðnaðarfélag Suðurnesja

Georg Grundfjörð Georgsson

Rafvirkjafélag Norðurlands

Helgi Jónsson

**Félag rafíðnaðarmanna
Suðurlandi**
Helgi Guðmundsson

**Félag sýningarstjóra við
kvikmyndahús**
Stefán Ó Guðmundsson

Félag símsmiða
Sigurgeir Ólafsson

Samiðn, samband iðnfélaga

Fagfélagið
Finnbjörn A Hermannsson
Guðmundur Guðmundsson
Guðmundur Ómar Guðmundsson
Heimir Þorleifur Kristinsson
Sigurjón Einarsson

Félag hársnyrtisveina
Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir
Súsanna Björg Vilhjálmsdóttir

Félag iðn- og tæknigreina
Ármann Ægir Magnússon
Georg Óskar Ólafsson
Guðlaugur Karlsson
Gunnar Björn Gunnbjörnsson
Helgi Pálsson
Hilmar Harðarson
Ólafur Sævar Magnússon
Sveinn Ingason
Sveinn Jónsson
Tryggvi Frímann Arnarson
Vilhjálmur G Gunnarsson

Verkalýðsfélag Akraness
Sigurður Guðjónsson

Iðnsveinafélag Húnavetninga
Svavar Hákon Jóhannsson

Þingiðn
Jónas Kristjánsson
AFL-Starfsgreinafélag
Sigurður Hólm Freysson
Sævar Örn Arngrímsson

Félag járneðnaðarmanna Ísafirði
Halldór Óli Hjálmarsson

**Félag málmíðnaðarmanna
Akureyri**
Brynjólfur Jónsson
Hákon Hákonarson

Sjómannasamband Íslands

Sjómannafélag Hafnarfjarðar
Jón Rósant Þórarinnsson

**Sjómanna- og vélstj.fél.
Grindavíkur**
Hermann Magnús Sigurðsson
Sævar Gunnarsson

Sjómannafélag Eyjafjarðar
Knútur Eiðsson
Konráð Þorsteinn Alfreðsson
Sigurður Sveinn Alfreðsson

AFL-Starfsgreinafélag
Grétar Ólafsson
Jón Bernharð Kárason

Sjómannafélagið Jötunn
Valmundur Valmundsson

**Starfsgreinasamband Íslands
Efling, stéttarfélag**

Axel Finnur Norðfjörð
Berglind Jónína Gestsdóttir
Elín Jónsdóttir
Elín Lorenza Tangolamos
Erna Haraldsdóttir
Fanneý Helga Friðriksdóttir
Franz Arason
Friðrik Benediktsson
Guðjón Ágúst Norðdahl
Guðmundur Ragnar Ragnarsson
Guðmundur Þ Jónsson
Ingvar Vigur Halldórsson
Jenný Jensdóttir
Jens Þorsteinsson
Jódis Sigurðardóttir
Jóhann Ingvar Harðarson
Jón Friðrik Hrafnsson
Jóna Sigríður Gestsdóttir
Jónína Sigurðardóttir
Kristbjörg B Guðjónsdóttir
Kristín Helga Jónatansdóttir
Kristrún Sigurðardóttir
Lilja Eiríksdóttir
Lydia V Jónsson
Magnús Jakobsson
Ólafur Haraldsson
Ragna S Sveinbjörnsdóttir
Ragnar Ólason
Ruth Jóhanna Arelúsdóttir
Signe Reidun Skarsbö
Sigríður Stefánsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurey Agatha Ólafsdóttir
Sigurrós Kristinsdóttir
Snorri Ársælsson
Stanislaw Bukowski
Stefán Gíslason
Theodóra S. Theodórsdóttir

Tryggvi Marteinsson
Viðar Ottesen
Þorsteinn M Kristjánsson
Þóra Sigurbjörnsdóttir
Þórður Ólafsson

Verkalýðsfélagið Hlíf

Guðbjörg Skúladóttir
Ingibjörg Pála Harðardóttir
Kolbeinn Gunnarsson
Linda Baldursdóttir
Ólafur Pétursson
Ragnar Árnason

VI og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.

Guðjón H Arngrímsson
Ingibjörg Magnúsdóttir
Jóhannes D Halldórsson
Kristján G Gunnarsson
Kristrún Jónsdóttir
Steingerður Hermansdóttir

Verkalýðsfélag Grindavíkur

Benoný Benediktsson
Hörður Styrmir Jóhannsson

VI. og sjóm.fél. Sandgerðis

Friðrik Örn Ívarsson
Magnús Sigfús Magnússon

Verkalýðsfélag Akraness

Alma María Jóhannsdóttir
Bryndís Ólöf Guðjónsdóttir
Jóna Ágústa Adolfsdóttir
Vilhjálmur E Birgisson
Þórarinn Helgason

Stéttarfélag Vesturlands

Kristján Jóhannsson
María Erla Guðmundsdóttir
Signý Jóhannesdóttir

Stéttarfélagið Samstaða

Ásgerður Pálsdóttir
Eiríkur Pálsson
Stefanía Anna Garðarsdóttir

Verkalýðsfélag Snæfellinga

Sigurður A Guðmundsson
Þorsteinn Sigurðsson
Þórunn S Kristinsdóttir

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Finnbogi Sveinbjörnsson
Gunnhildur Björk Elíasdóttir
Halldór Gunnarsson
Ólafur Baldursson

Aldan, stéttarfélag

Bjarki Tryggvason
Hjördís RakeL Gunnarsdóttir
Þórarinn Guðni Sverrisson

Eining – Iðja

Anna Júlíusdóttir
Björn Snæbjörnsson
Elísabet Jóhannesdóttir
Hafðís Ósk Kristjánsdóttir
Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir
Ingvar Kristjánsson
Kristbjörg Ingólfsdóttir
Matthildur Sigurjónsdóttir
Sigríður K Bjarkadóttir

Framsýn, stéttarfélag

Aðalsteinn Árni Baldursson
Agnes Einarsdóttir
Kristbjörg Sigurðardóttir

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Svala Sævarsdóttir

AFL-Starfsgreinafélag

Ásgeir Þór Sigmarsson
Björn Grétar Sveinsson
Bryndís Aradóttir
Eypór Guðmundsson
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir
Reynir Arnórsson
Stefanía Stefánsdóttir
Steinunn Zoéga
Sverrir Mar Albertsson

Drífandi, stéttarfélag

Arnar G Hjaltalín
Guðný Óskarsdóttir

Verkalýðsfélag Suðurlands

Anna María Ólafsdóttir
Eiríkur Tryggvi Ástþórsson
Már Guðnason

Báran, stéttarfélag

Halldóra Sigríður Sveinsdóttir
Jóhannes Óli Kjartansson
Ragna Gissurardóttir
Örn Bragi Tryggvason

VI. og sjóm.fél. Bolungarvíkur

Lárus Benediktsson

Breytingar eftir fund kjörbréfanefndar

20. OKTÓBER 2009

Félag bólkagerðarmanna

Sæmundur Árnason	Varamaður	Mætir
Þorkell Svarfdal Hilmarsson	Aðalmaður	Forfallaðist

VM – Félag vélstjóra og málmteknimanna

Brynjar Viggósson	Aðalmaður	Forfallaðist
Halldór Ingi Lúðvíksson	Aðalmaður	Forfallaðist
Heimir Vilhjálmur Pálmason	Aðalmaður	Forfallaðist
Magnús Trausti Ingólfsson	Varamaður	Mætir
Marteinn S Karlsson	Varamaður	Mætir
Þorsteinn Arthúrssen	Varamaður	Mætir

Matvís

Gígja Magnúsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Þorsteinn Ómar Gunnarsson	Varamaður	Mætir

VR

Alfreð Karl Alfreðsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Anna Björg Siggeirsdóttir	Varamaður	Mætir
Árni Leósson	Varamaður	Mætir
Ástríður S Valbjörnsdóttir	Varamaður	Mætir
Elías Guðmundur Magnúss.	Varamaður	Mætir
Elísabet Magnúsdóttir	Varamaður	Mætir
Elsa Unnur Guðmundsdóttir	Varamaður	Mætir
Gísli Friðrik Ágústsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Guðfinna Helgadóttir		Varamaður
Mætir		
Guðmundur F. Eggertsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Guðmundur Ingi Kristinsson	Varamaður	Mætir
Gunnar Böðvarsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Gunnar Sigurbjörnsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Halldór Halldórsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Hansína Gísladóttir	Varamaður	Mætir
Hólmfríður Björg Petersen	Aðalmaður	Forfallaðist
Jón Hrafn Guðjónsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Jón Kristinn Þorsteinsson	Aðalmaður	Forfallaðist

Kalla Björg Karlsdóttir	Varamaður	Mætir
Kolbrún Una Einarsdóttir	Varamaður	Mætir
Kristi Jo Jóhannsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Kristín Sigurðardóttir	Varamaður	Mætir
Laufey Eydal		Varamaður
Mætir		
Magnea J. Guðmundardóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Petrína Ragna Pétursdóttir	Varamaður	Mætir
Ragnar Borgþórsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Ragnheiður Helgadóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Stefán Halldór Kristvinsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Stefán Viðar Egilsson	Varamaður	Mætir
Steinunn Böðvarsdóttir	Varamaður	Mætir
Sveinbjörn F Pétursson	Varamaður	Mætir
Tinna Mjöll Karlsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Tómas Ingi Tómasson	Aðalmaður	Forfallaðist
Unnur Þorsteinsdóttir	Varamaður	Mætir
Þorgerður Jóhannsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Þórður Mar Sigurðsson	Aðalmaður	Mætir

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Guðbrandur Einarsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Sigríður Birna Björnsdóttir	Varamaður	Mætir
Sigrún Ólafsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist

Stéttarfélagið Samstaða

Vigdís Elva Þorgeirsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
----------------------------	-----------	--------------

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri

Anna María Elíasdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Árni Anton Þorvaldsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Sigurlaug Hinriksdóttir	Varamaður	Mætir

Félag ísl. símamanna

Guðrún S Bergþórsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
-------------------------	-----------	--------------

Félag rafeindavirkja

Þórunn Stefanía Jónsdóttir	Varamaður	Mætir
----------------------------	-----------	-------

Félag tæknifólks í rafíðnaði

Páll Sveinn Guðmundsson Aðalmaður Forfallaðist

Félag iðn- og tæknigreina

Einar Þór Gíslason Varamaður Mætir

Guðlaugur Karlsson Aðalmaður Forfallaðist

Félag málmíðnaðarmanna Akureyri

Brynjólfur Jónsson Aðalmaður Forfallaðist

Finnbogi Jónsson Varamaður Mætir

Sjómannafélag Eyjafjarðar

Hermann Rúnar Stefánsson Varamaður Forfallaðist

Knútur Eiðsson Aðalmaður Forfallaðist

Konráð Þorsteinn Alfredsson Aðalmaður Forfallaðist

Kristinn Sigurður Pálsson Varamaður Forfallaðist

Sigurður Sveinn Alfredsson Aðalmaður Forfallaðist

Þorvaldur S. Aðalsteinsson Varamaður Forfallaðist

AFL-Starfsgreinafélag

Guðjón Guðjónsson Varamaður Mætir

Jón Bernharð Kárason Aðalmaður Forfallaðist

Efling, stéttarfélag

Erna Haraldsdóttir Aðalmaður Forfallaðist

Jón S Pétursson Varamaður Mætir

Þórður Ólafsson Aðalmaður Forfallaðist

Verkalýðsfélagið Hlíf

Erla Þóra Óskarsdóttir Varamaður Mætir

Ingibjörg Pála Harðardóttir Aðalmaður Forfallaðist

Verkalýðsfélag Grindavíkur

Benóný Harðarson Varamaður Mætir

Hörður Styrmir Jóhannsson Aðalmaður Forfallaðist

Verkalýðsfélag Akraness

Alma María Jóhannsdóttir Aðalmaður Forfallaðist

Jón Jónsson Varamaður Mætir

Stéttarfélag Vesturlands

Baldur Jónsson

Kristján Jóhannsson

Varamaður

Aðalmaður

Mætir

Forfallaðist

Eining - Iðja

Anna Júlíusdóttir

Stefán Aðalsteinsson

Aðalmaður

Varamaður

Forfallaðist

Mætir

AFL-Starfsgreinafélag

Bryndís Aradóttir

Jóna Benedikta Júlíusdóttir

Stefanía Stefánsdóttir

Þorkell Kolbeins

Aðalmaður

Varamaður

Aðalmaður

Varamaður

Forfallaðist

Mætir

Forfallaðist

Mætir

Báran, stéttarfélag

Jóhannes Óli Kjartansson

Óðinn Kalevi Andersen

Aðalmaður

Varamaður

Forfallaðist

Mætir



Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn Alpýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá miðjum júní fram í seinni hluta ágústmánaðar ár hvert. Miðstjórnin hefur æðsta vald í málefnum Alpýðusambandsins á milli ársfunda ASÍ. Í miðstjórn er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alpýðusambandsins og samskipti við aðildarsamtökin, samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila umstarf verkalýðshreyfingarinnar og hagsmuni launafólks. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum, sem hæst ber hverju sinni, mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktar ársfunda ASÍ.

Fjölmörg mál komu til kasta miðstjórnar ASÍ á tímabilinu frá ársfundi sambandsins 2009.

Í upphafi árs 2010 afgreiddi miðstjórn starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir árið 2010. Starfs- og fjárhagsáætlunin mótar þann ramma, sem starfsemin byggir á, og leggur stóru línurnar varðandi áherslur í starfinu og hvernig þeim fjármunum, sem Alpýðusambandið hefur til ráðstöfunar hverju sinni, er varið.

Próunin og staða mála í kjölfar efnahagshrunsins á haustmánuðum 2008

yfirskygðri allt annað í starfi miðstjórnar á tímabilinu líkt og áður. Þannig hafa efnahags- og atvinnumálin, málefni atvinnulausra, kjaramálin og staða heimilanna í landinu í kjölfar hrunsins verið meginviðfangsefni á öllum fundum miðstjórnar frá því haustið 2008. Umfjöllunin hefur falist í upplýsingamiðlun og greiningu á stöðu mála og stefnumótun af hálfu miðstjórnar sem bæði hefur komið fram í ályktunum um efnið og aðgerðum Alþýðusambandsins.

Eins og áður fjallaði miðstjórn um allar tilnefningar af hálfu ASÍ í opinberar nefndir og ráð og umboð fyrir fulltrúa Alþýðusambandsins.

Loks má nefna að undirbúningur fyrir ársfund ASÍ 2010 hefur verið á dagskrá miðstjórnar á seinni hluta tímabilsins.

Hér á eftir er gerð frekari grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum miðstjórnar ASÍ í nokkrum málum á því tímabili sem skýrslan tekur til. Á öðrum stað í skýrslunni er auk umfjöllunar um efnahags- og atvinnumálin og hag heimilanna sérstaklega gerð grein fyrir ýmsum málefnum sem voru til umfjöllunar í miðstjórn, s.s. málefnum Atvinnuleysistryggingasjóðs, skerðingum á fæðingarorlofi, fyrirætlunum stjórnvalda um sameiningu stofnana vinnumarkaðarins, málefnum lífeyrissjóðanna, starfsendurhæfingu, aðildarviðræðum við Evrópusambandið o.fl.

Umfjöllun og ályktanir miðstjórnar um efnahags- og atvinnumál og hag heimilanna

Eins og segir hér að framan var umfjöllun um efnahags- og atvinnumálin og hag heimilanna efst á baugi í starfi miðstjórnar og á öllum fundum hennar og þá í samhengi við efndir á stöðugleikasáttmálanum. Umfjöllunin fól m.a. í sér ítarlega greiningu á stöðunni og umræður um úrræði og aðgerðir á fjölmörgum sviðum efnahags- og atvinnumála og hvað varðaði hag launafólks og heimilanna í kjölfar hrunsins haustið 2008. Þá var margítrekuð krafan um að stjórnvöld brygðust við með viðeigandi hætti jafnframt því sem miðstjórn áréttaði að Alþýðusambandið væri tilbúið til samráðs og samstarfs um aðgerðir á þessu sviði. Hér verður getið ályktana sem miðstjórn sendi frá sér um efnið. Á öðrum stað í skýrslunni er fjallað ítarlega um tillögur Alþýðusambandsins og starf þess að þessum málefnum á tímabilinu.

Á fundi miðstjórnar 23. september voru miklar umræður um stöðu atvinnu- og kjaramálanna. Þar kom fram hörð gagnrýni á stjórnvöld fyrir aðgerðarleysi í atvinnumálunum. Á sama fundi var fjallað um greiðsluvanda heimilanna og fjallað um kröfur ASÍ um aðgerðir til að mæta vanda skuldsettra heimila.

Á fundum miðstjórnar í október og nóvember voru efnahags-, atvinnu- og kjaramálin og framkvæmd stöðugleikasáttmálans á dagskrá og á fundi hennar 2. desember 2009 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af umfangi

skattahækkana en það er mun meira en boðað var við gerð stöðugleikasáttmálans.

Mikilvægt er að breytingar á sköttum einstaklinga verði með þeim hætti að þeim tekjulægstu verði hlíft sem kostur er. Miðstjórn varar sérstaklega við þeim áhrifum sem hækkun neysluskatta hefur á rekstur og skuldir heimilanna. Jafnframt bendir miðstjórn á að miklar skattahækkanir leiða til meiri samdráttar í atvinnulífinu með skerðingu á kjörum og auknu atvinnuleysi.

Miðstjórn ASÍ mótmælir boðuðum breytingum á skattlagningu tekna sjómannanna og bendir á að við gerð stöðugleikasáttmálans í vor var því heitið að ekki yrði „gripið til lagasetninga eða annarra stjórnvaldsáðgerða sem hafa bein áhrif á innihald kjarasamninga eða kollvarpa með öðrum hætti þeim grunni sem kjarasamningar byggja á“ eins og þar segir.

Á fundi 16. desember 2009 var ályktað um áformuð samningssvik ríkisstjórnarinnar:

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum ríkisstjórnar Íslands að virða ekki gerða samninga. Samkvæmt stjórnarfrumvarpi um breytingar á tekjuskattskerfinu þá áforma stjórnvöld að afnema verðtryggingu persónuafsláttar sem ASÍ samdi um við háverandi ríkisstjórn í tengslum við endurskoðun kjarasamninga 2006. Ríkisstjórnin lætur ekki þar við sitja heldur áformar einnig, einhliða og án viðræðna við sinn viðsemjanda, að afnema 3000 króna sérstaka hækkun persónuafsláttar sem verkalýðshreyfingin samdi um við ríkisstjórnina í tengslum við kjarasamninga í febrúar 2008 og er hluti af gildandi kjarasamningi.

Miðstjórn ASÍ hafnar alfarið vinnubrögðum af þessu tagi þar sem ekki er staðið við gerða samninga. Miðstjórn ASÍ krefst þess að ríkisstjórnin dragi þessar hugmyndir til baka þegar í stað.

Áfram var fjallað um þessi mál í janúar og á fundi miðstjórnar 10. febrúar var fjallað um væntanlega auglýsingaherferð ASÍ um hag skuldsettra heimila og kröfuna um aðgerðir í atvinnumálum. Um greiðsluvanda heimilanna ályktaði miðstjórn svo:

„Réttur fólksins, ekki rukkaranna“

Miðstjórn ASÍ krefst nú þegar aðgerða af hálfu stjórnvalda til að bregðast við greiðsluvanda þeirra heimila sem verst standa. Ríkisstjórnin hefur haft heilt ár til að bregðast við fjárhagslegu hruni þúsunda heimila. A dgerðirnar hafa verið í skötulíki. Bankar og fjármálastofnanir hafa verið fengnar til að útfæra björgunaraðgerðir, stofnanir sem hugsa fyrst og fremst um að lágmarka eigin

skaða en ekki endilega um heill skuldarans. Þetta er aðferðafræði sem miðstjórn ASÍ hafnar.

Stjórnvöld eiga að hafa kjark og þor til að setja heimilin í landinu í fyrsta sæti. Frá yfirtöku ríkisins á bönkunum hefur milljörðum verið varið til skilanefnda bankanna sem hafa það hlutverk að lágmarka tjón og hámarka eignir. Heimili landsmanna eru í sömu stöðu og bankarnir hvað þetta varðar en samfélagslegt verðmæti þeirra og velferð fjölskyldnanna í landinu eru hins vegar ómetanlegir hagsmunir allrar íslensku þjóðarinnar. Því krefst miðstjórn ASÍ aðgerða fyrir heimilin strax.

Ályktunin um atvinnuálin er svohljóðandi:

„Við viljum vinna“

Atvinnuleysi er böll. Það er því forgangsmál að stuðla með öllum tiltækum ráðum að aukinni atvinnu um leið og við verjum störf. Alþýðusambandið krefst verklegra framkvæmda til að mæta miklum samdrætti í byggingariðnaði og mannvirkjagerð því þar er atvinnuleysið mest. Slíkar framkvæmdir munu einnig hleypa auknu lífi í fjölmargar greinar atvinnulífsins sem þjónusta byggingariðnað og mannvirkjagerð með beinum og óbeinum hætti.

Ríkisstjórnin verður að greiða götu þeirra stórframkvæmda sem nú eru í undirbúningi auk þess að ráðast í framkvæmdir á eigin vegum. Bent hefur verið á fjölmörg verkefni sem ráðast má í á næstu mánuðum og misserum af hálfu stjórnvalda s.s. viðhaldsverkefni vegna opinberra bygginga um land allt, vegabætur, samgöngumiðstöð, byggingu hjúkrunarheimila og nýjan Landspítala. Þetta eru verkefni sem hefja má tafarlaust vinnu við.

Á fundi miðstjórnar 24. febrúar var enn ályktað um atvinnu- og efnahagsmál:

Miðstjórn ASÍ lýsir áhyggjum af þeirri miklu óvissu sem ríkir um framvindu íslensks efnahags- og atvinnulífs. Dráttur á lausn ICESAVE-málsins hefur sett efnahagsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem og afgreiðslu lána frá vinaþjóðum í uppnám. Afleiðingarnar eru að erfitt, ef ekki ómögulegt, er að fjármagna þær stórframkvæmdir sem hefjast áttu á þessu ári.

Þá gagnrýnir miðstjórn ASÍ seinagang stjórnvalda við að taka nauðsynlegar ákvarðanir sem snúa að atvinnuuppbyggingu og endurreisn efnahagslífsins. Miðstjórn átelur einnig stjórnvöld fyrir að leggja stein í götu einstakra verkefna. Afleiðingarnar eru tafir við undirbúning nauðsynlegra framkvæmda þannig að þær verða ekki tilbúnar þegar fjármögnun fæst.

Aukin óvissa og úrræðaleysi eykur á vanda okkar og því stefnir í mun meiri samdrátt í efnahagslífinu en hingað til hefur verið spáð og auknu atvinnuleysi. Í nýrri spá Hagdeildar ASÍ um þróun efnahagsmála kemur fram að landsfram-

leiðsla muni dragast saman um ríflega 5% í ár og að atvinnuleysið verði að meðaltali yfir 10%. Þetta þýðir að óbreyttu að þjóðfélagið verður af tugum milljarða í verðmætum og á annað þúsund manns verða án vinnu sem ella hefðu fengið vinnu. Aukinn samdráttur mun einnig leiða til aukins halla á ríkissjóði sem aftur leiðir til meiri niðurskurðar og leða skattahækkana. Þessi staða er með öllu óásættanleg og við þessu verða stjórnvöld að bregðast nú þegar með markvissum aðgerðum.

Krafa miðstjórnar ASÍ er að uppbygging og barátta gegn atvinnuleysi hafi allan forgang.

Þegar kom fram í mars fór gagnrýni miðstjórnar á stöðu mála og framgöngu stjórnvalda harðnandi. Þann 24. mars ályktaði miðstjórn um verðlagsmál og atvinnumál. Um verðlagsmálin segir í ályktuninni:

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af þróun verðlags. Verðbólgan mælist nú 8,5% á ársgrundvelli sem er með öllu óásættanlegt. Ekki er að sjá að styrking krónunnar á liðnum mánuðum sé að skila sér til almennings.

Síðustu fjóra mánuði hefur krónan t.d. styrkst um 5% en ekkert í mælingum Hagstofnunnar gefur til kynna að sú styrking sé að skila sér í lækkuðu innflutningsverðlagi. Þá hafa athuganir ASÍ sýnt að verðlagsáhrif vegna falls krónunnar eru þegar komin fram.

Það með öllu óásættanlegt að fyrirtæki nýti sér þessa stöðu og hækki álagningu sína í þeim miklu þrengingum sem nú ganga yfir. Eigi sátt að ríkja í þjóðfélaginu verða allir að axla hluta af byrðunum. Velti fyrirtækin vanda sínum þannig yfir á almennung mun það einungis leiða af sér hækkaðar launakröfur til að bæta upp skertan kaupmátt. Miðstjórn ASÍ skorar á fyrirtækin að gæta hófs og draga úr álagningu og á opinbera aðila að afturkalla hækkanir á sinni þjónustu.

Ályktunin um efnahags-, kjara- og atvinnumál er svohljóðandi:

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu efnahags- og atvinnumála. Ríkisstjórn og Alþingi verða að gera sér grein fyrir því að kaupmáttur ráðstöfunartekna almennings hefur lækkað verulega sl. misseri. Atvinnuleysi mælist nú hærra en nokkru sinni fyrr, eða 9,3% sem jafngildir því að rúmlega 15.000 manns séu án atvinnu og horfurnar eru ekki bjartar. Þessi staða er með öllu ólíðandi og aðgerðaleysi óásættanlegt með öllu.

Miðstjórn ASÍ telur að nú skipti höfuðmáli að koma hjólum efnahags- og atvinnulífsins í gang aftur og auka verðmætasköpun í landinu þannig að hægt verði að ráða fólk í vinnu og hækka laun. Einungis þannig getur þjóðin unnið sig út úr þeim mikla efnahagsvanda sem hún glímir nú við. Til þess þurfa allir að leggja sitt af mörkum.

Miðstjórn ASÍ krefst þess að allir axli sinn hluta af ábyrgðinni og vinni að þessu sameiginlega markmiði. Stjórnvöld, bæði ríkisstjórn og sveitarstjórnir, bera sérstaka ábyrgð á að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að eyða óvissu og stuðla að frekari uppbyggingu og fjárfestingum. Alþingi verður að ljúka þessari erfiðu ICESAVE-deilu sem allra fyrst til að auðvelda aðgengi að erlendu fjármagni til uppbyggingar og stuðla að hraðari vaxtalækkun. Hraða verður vinnu vegna undirbúnings stórframkvæmda, sérstaklega í skipulagsmálum. Þá verða stjórnvöld að gera áttak í mannaflsfrækum framkvæmdum, hvort heldur sem er í eigin nafni eða einkaframkvæmdum, og þiggja tilboð lífeyrissjóðanna um fjármögnun slíkra verkefna.

Þá var á fundinum 24. mars kynnt efni bréfs forseta ASÍ til forsætisráðherra þar sem, auk annars, þess var krafist að ríkisstjórnin stæði við loford sín um lagasetningu varðandi framlög í Starfsendurhæfingarsjóð.

Næst var ályktað um alvarlega stöðu efnahags-, atvinnu- og kjaramála 12. maí. Þar segir:

Alþýðusamband Íslands hefur allar götur frá því að fjármálakerfið hrundi haustið 2008 lagt áherslu á tvennt: Annars vegar að komið verði til móts við skuldsett heimili með fullnægjandi hætti. Hins vegar hefur ASÍ krafist þess að gripið verði til umfangsmikilla aðgerða til þess að koma hjólum atvinnulífsins í gang þannig að störfum fjölgi og auka megi tekjur launafólks. Samhliða þessu hafa samtökin lagt áherslu á að tryggja að umsamdar launahækkanir kæmu til framkvæmda.

Alþýðusamband Íslands hefur verið þeirrar skoðunar að til þess að ná framangreindum markmiðum sé mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld eigi með sér náð samráð og samstarf við mótun aðgerðaáætlunar sem sé af því umfangi og þeirri áræðni að hún geti spornað við þeirri óheillaþróun sem þjóðin stendur frammi fyrir í atvinnumálum.

Mikilvægur liður í þessu starfi var samkomulagið frá 25. júní 2009 – sem nefnt hefur verið stöðugleikasáttmálinn. Með gerð hans var það einlæg von miðstjórnar ASÍ að tekist hefði að sameina aðila vinnumarkaðarins og stjórnvöld til þess að bregðast af festu og myndugleika við þeim áskorunum sem við stóðum frammi fyrir.

Þær væntingar, sem gerðar voru til stöðugleikasáttmálans, hafa ekki staðist. Samstarfið á þessum vettvangi hefur einkennst af þeirri upplausn og þeim ágreiningi sem ríkt hefur á vettvangi stjórnmalanna undanfarin misseri. Ímynd þjóðarinnar gagnvart umheiminum hefur skadað mikið og vinþjóðir okkar hafa ekki treyst sér til að koma með nauðsynlega aðstoð til að við komumst út úr efnahagsþrengingunum.

Brotthlaup Samtaka atvinnulífsins úr samstarfinu vegna deilu um skötusel er algerlega óásættanlegt. Að sama skapi er framganga sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórnar í því máli, á meðan sérstök nefnd freistar þess að ná samstöðu um endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar, með öllu óskiljanleg. Alþýðusambandið hafði frumkvæði að því fyrir skömmu að efna að nýju til samstarfs aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda um aðgerðir til að endurreisa efnahags- og atvinnulíf og fjölgun starfa. Þessi tilraun hefur ekki tekist, þvert á mótihriktir í samstarfi aðila vinnumarkaðar vegna sjávarútvegs mála og ekkert bolar á framtaki af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að ná aðilum saman, hvað þá undirbúa nauðsynlegar aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum.

Miðstjórn ASÍ telur núverandi stöðu óviðunandi og ábyrgðarlausa gagnvart öllum þeim fjölda fólks sem ýmist er án atvinnu eða hefur mátt þola verulega tekjuskerðingu og glímir við erfiða greiðslu- og skuldastöðu. Miðstjórn ítrekar þá kröfu sína að nú þegar verði gripið til umfangsmikilla aðgerða í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum. Alþýðusambandið skorar á önnur samtök launafólks, atvinnurekendur, ríkisstjórn og stjórnarandstöðu að koma strax til samstarfs um framkvæmd slíkrar aðgerðaáætlunar á grundvelli hjálagðra tillagna.

Alþýðusambandið hefur boðað til formannafundar innan ASÍ þann 25. maí nk. þar sem staðan verður metin og næstu skref ákveðin.

Alþýðusambandið hélt áfram að gagnrýna stjórnvöld harðlega fyrir framgönguna í málaflöknum. Hinn 16. júní var þolinmæði miðstjórnar vegna vanefnda á stöðugleikasáttmálanum á þrotum. Samþykkt var að ASÍ segði sig frá sáttmálanum með eftirfarandi ályktun:

Réttur til starfsendurhæfingar er mikilvægur liður í að efla og treysta stöðu launafólks á vinnumarkaði sem lendir í áföllum vegna veikinda og slysa. Um leið er hún stórt hagsmunamál fyrir samfélagið í heild.

Með yfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar í tengslum við gerð kjarasamninga í febrúar 2008 var gerð mikilvæg sátt á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um uppbyggingu og þróun starfsendurhæfingar á vinnumarkaði. Markmiðið er að tryggja öllu launafólki rétt til starfsendurhæfingar í kjölfar veikinda eða slysa. Jafnframt var gerð sátt um það hvernig fjármagna ætti þetta mikilvæga verkefni með framlagi allra aðila, þar með talið stjórnvalda.

Framangreind sátt var áréttuð af núverandi ríkisstjórn með stöðugleikasáttmálanum í júní á síðasta ári þar sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins samþykktu verulega lækkun og seinkun á framlögum ríkisins vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs. Þar var jafnframt ákveðið hvernig staðið yrði að málum til að öllu fólki á vinnumarkaði yrði tryggður réttur til starfsendurhæfingar. Samkvæmt samkomulaginu átti að afgreiða málið á Alþingi fyrir lok síðasta

árs. Minna má á að meira en 1/3 félagsmanna ASÍ eru nú án þessara réttinda.

Nú liggur fyrir að frumvarp um lögbindingu á greiðsluskyldu atvinnurekenda og lífeyrissjóða til starfsendurhæfingar verður ekki afgreitt á yfirstandandi þingi og málið allt í uppnámi. Þar með hafa stjórnvöld enn á ný svikið þau loforð sem gefin hafa verið. Með þessari framgöngu eru stjórnvöld og Alþingi beinlínis að koma í veg fyrir að stórir hópar fólks á almennum vinnu-markaði og öryrkjar hjá lífeyrissjóðunum njóti réttar til starfsendurhæfingar.

Miðstjórn ASÍ gagnrýnir ríkisstjórnina harðlega fyrir að standa ekki við fyrirheit í stöðugleikasáttmálanum. Það er engin launung að væntingar miðstjórnar ASÍ til lögbindingar þessara ákvæða voru síðasta hálmstráid sem rökstuddi aðild ASÍ að þessum svokallaða sáttmála þrátt fyrir aðgerða- og úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum. Nú er ljóst að sú von er að engu orðin og lýsir miðstjórn ASÍ því formlega yfir að engar forsendur eru fyrir aðkomu þess að frekari samstarfi á þeim grunni.

Miðstjórn ASÍ ítrekar fyrri hvatningu til aðildarfélaga sinna um að hefja undirbúning að gerð kjarasamninga. Ljóst má vera að framundan eru erfiðar viðræður um gerð nýrra kjarasamninga og barátta fyrir réttindum félagsmanna aðildarfélaga Alþýðusambandsins.

Á fundi miðstjórnar 16. júní var einnig ályktað um undirbúning fjárlaga fyrir árið 2011 þar sem þess er krafist að grunnstoðir velferðarkerfisins og kjör lágtekjufólks séu varin:

Undirbúningur að gerð fjárlaga fyrir árið 2011 er í fullum gangi. Gatið, sem þarf að fylla, er stórt og því óhjákvæmilegt að draga verður úr útgjöldum og hagræða í ríkisrekstrinum. Miðstjórn ASÍ telur mikilvægt við þessar aðstæður að haft sé náid samráð við verkalyðshreyfingunaum forgangsröðun í rekstri ríkisins með það að markmiði að verja grunnstoðir velferðarkerfisins og lágtekjuhópa.

Úr fjármálaráðaneytinu hafa borist þau skilaboð að til standi að frysta elli- og örorkulífeyri þriðja árið í röð. Þeirri leið hafnar miðstjórn Alþýðusamband Íslands alfarið. Elli- og örorkulífeyrisþegar eru margir hverjir meðal þeirra sem höllustum fæti standa í þjóðfélaginu og lífeyrir frá almannatryggingum er veigamikill hluti lífeyrisréttinda launafólks á almennum vinnu-markaði. Það verður aldrei samþykkt að ráðist verði að þeim hópi með þessum hætti á sama tíma og opinberir starfsmenn búa við ríkistryggð lífeyrisréttindi.

Í forsendum fjárlaga er einnig unnið út frá þeirri hugmynd að frysta laun ríkisstarfsmanna á næsta ári. Innan vébanda ASÍ eru 12 þúsund opinberir starfsmenn, margir í láglau nastörfum. Miðstjórn ASÍ hafnar því að samningsrétturinn sé tekinn af okkar fólki með þessum hætti. Ríkisstjórnin verður að

leita raunhæfari leiða til að ná endum saman en níðast á þeim er síst skyldi. Nóg er nú samt.

Á fundum miðstjórnar síðsumars og haustið 2010 voru efnahags- kjara- og atvinnumál áfram til umræðu. Áfram komu fram áhyggjur miðstjórnar af stöðu mála og stjórnvöld voru harðlega gagnrýnd. Þá kom fram að framganga stjórnvalda og alvarleg staða atvinnu- og kjaramála muni mjög lita undirbúning kjarasamninganna sem losna í lok nóvember og að kjaraviðræðurnar verði mjög erfiðar.

Ritun sögu ASÍ

Á fundum miðstjórnar ASÍ í desember 2009 var fjallað um stöðuna varðandi ritun sögu ASÍ sem koma á út í tengslum við 95 ára afmæli sambandsins 2011. Fram kom að verkið væri á áætlun. Jafnframt var samþykktur viðbótarsamningur við höfund verksins, Sumarliða Ísleifsson.

Ársfundur ASÍ 2010

Á fundi miðstjórnar ASÍ 3. nóvember 2009 var ákveðið að næsti ársfundur ASÍ yrði haldinn 21. og 22. október 2010 á Hótel Nordica. Frá upphafi lá fyrir að meginviðfangsefni fundarins yrðu kjaramálin og mál þeim tengt, þ.e. efnahags-, atvinnu- og velferðarmál. Þá var í upphafi árs 2010 hafinn undirbúningur að breytingum á skipulagi og lögum ASÍ og haldnir fundir með aðildarfélögunum um land allt. Þau sjónamið, sem fram komu á fundunum, voru kynnt í miðstjórn og var skipulags- og starfsháttanefnd falið að vinna úr þeim. Á fundi miðstjórnar 16. júní var síðan samþykkt tillaga um breytingar á lögum ASÍ til umfjöllunar í aðildarfélögunum. Jafnframt var samþykkt að tillagan og viðbrögð aðildarfélaganna yrðu til umfjöllunar á formannafundi um miðjan september og í framhaldinu mundi miðstjórn taka ákvörðun um hvort tillögurnar verði lagðar fyrir ársfund ASÍ 2010.

1. maí 2010

Á fundi miðstjórnar ASÍ 24. marsvar fjallað um yfirskrift aðgerða verkalyðshreyfingarinnar á 1. maí. Ákveðið var að yfirskriftin yrði „Við viljum vinna“.

Ályktanir miðstjórnar ASÍ

Ályktun um greiðsluvanda heimilanna 26. 8. 2009

Vandi heimilanna vex hröðum skrefum dag frá degi. Staða þeirra sem komin eru í greiðsluvanda fer stöðugt versnandi og þeim fjölgar hratt sem ekki sjá framá að geta staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Að óbreyttu mun ástandið aðeins versna næstu mánuði ekki síst í ljósi þess að á sama tíma og skuldir vaxa ört fer kaupmáttur minnkandi. Undanfarna mánuði hefur þessi aðkallandi vandi, sem snýr ekki síst að almennu launafólki í landinu, fengið litla athygli stjórnvalda. Það er með öllu óásættanlegt.

Fyrir liggur að þær aðgerðir, sem þegar hefur verið gripið til af hálfu stjórnvalda og fjármálastofnana, duga engan veginn til að mæta þeim vanda sem við blasir. Alþýðusambandið hefur margoft bent á að þær væru alltof seinvirkar, ómarkvissar og skiluðu mjög takmörkuðum árangri. ASÍ hefur ítrekað krafist úrbóta.

Ríkisstjórnin verður að bregðast strax við og koma með raunhæfar og virkar aðgerðir til að létta skulda- og greiðslubyrði heimilanna áður en fólk missir alla von um mannsæmandi afkomu á næstu árum. Alþýðusambandið leggur áherslu á að allar leiðir til lausnar fjárhagsvanda heimilanna verði skoðaðar og lýsir sig reiðubúið til að taka þátt í þeirri vinnu.

Ályktun um fjárlagafrumvarpið 7. 10. 2009

Miðstjórn ASÍ lýsir yfir áhyggjum sínum af nýframlögðu fjárlagafrumvarpi. Aldrei áður hefur þjóðin staðið frammi fyrir eins erfiðum ákvörðunum eins og fram kom í þessu frumvarpi. Ljóst má vera að það mun hafa áhrif á hag allra, með samdrætti í þjónustu hins opinbera og auknum álögum á almenning. Þessi erfiða staða hefur verið þekkt allt frá því snemma á árinu. Alþýðusambandið hefur því lagt áherslu á að óhjákvæmilegum byrðum efnahagshrunsins verði dreift með eins sanngjörnum hætti og kostur er.

ASÍ hefur lagt áherslu á að verja stöðu skuldsettra heimila, unga barnafólksins og þeirra tekjulægri. Í síðustu kjarasamningum samdi ASÍ við þáverandi ríkisstjórn um hækkun barna- og vaxtabóta á árunum 2008 og 2009 og hækkun skattleysismarka á árunum 2009 til 2011. Þá beitti sameinuð verkahlýðshreyfing sér fyrir því við gerð stöðugleikasáttmálans að viðkvæmustu þáttum velferðar-, heilbrigðis- og menntakerfisins yrði hlíft sem kostur væri og settar yrðu skorður við hækkun skatta. Jafnframt sammæltust aðilar stöðugleikasáttmálans um að gera átak í að efla framkvæmdir með því að ríkið fengi lífeyrissjóðina til samstarfs um stór fjárfestingarverkefni.

Ríkisstjórnin hefur staðið við þau fyrirheit að verja eins og kostur er þá þætti samfélagsþjónustunnar sem samið var um. Því miður virðist ríkisstjórnin ekki

ætla að standa við fyrirheit fyrri ríkisstjórna um að létta skattbyrði lágtekjufólks. Þá virðist ríkisstjórnin lítið vera að gera til að auka atvinnu með því að ráðast í stórframkvæmdir í samstarfi við lífeyrissjóðina. Verði ekkert af því er ljóst að þriðjungslæðingur á framkvæmdafé er með öllu óásættanlegur.

Miðstjórn ASÍ krefst þess að gerðar verði breytingar á fjárlagafrumvarpinu, þar sem staðið verði við fyrirheit um að létta skattbyrði þeirra tekjulægstu og komið verði betur til móts við erfiða greiðslustöðu heimilanna með hækkun barna- og vaxtabóta. Mikilvægt er að náðið samráð verði haft við verkalýðshreyfinguna um nauðsynlegar skattkerfisbreytingar. Ennfremur ítrekar miðstjórnin mikilvægi þess að þegar í stað verði ráðist í framkvæmdir í samstarfi við lífeyrissjóðina til að efla atvinnu og hagvöxt.

Ályktun um skattamál 2. 12. 2009

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir þungum áhyggjum af umfangi skattahækkana en það er mun meira en boðað var við gerð stöðugleikasáttmálans.

Mikilvægt er að breytingar á sköttum einstaklinga verði með þeim hætti að þeim tekjulægstu verð hlíft sem kostur er. Miðstjórn varar sérstaklega við þeim áhrifum sem hækkun neysluskatta hefur á rekstur og skuldir heimilanna. Jafnframt bendir miðstjórn á að miklar skattahækkanir leiða til meiri samdráttar í atvinnulífnum með skerðingu á kjörum og auknu atvinnuleysi.

Miðstjórn ASÍ mótmælir boðuðum breytingum á skattlagningu tekna sjómanna og bendir á að við gerð stöðugleikasáttmálans í vor var því heitið að ekki yrði „gripið til lagasetninga eða annarra stjórnvaldsáðgerða sem hafa bein áhrif á innihald kjarasamninga eða kollvarpa með öðrum hætti þeim grunni sem kjarasamningar byggja á“, eins og þar segir.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um áformuð samningssvik ríkisstjórnarinnar 16. 12. 2009

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum ríkisstjórnar Íslands að virða ekki gerða samninga. Samkvæmt stjórnarfrumvarpi um breytingar á tekjuskattkerfinu þá áforma stjórnvöld að afnema verðtryggingu persónuafsláttar sem ASÍ samdi um við þáverandi ríkisstjórn í tengslum við endurskoðun kjarasamninga 2006. Ríkisstjórnin lætur ekki þar við sitja heldur áformar einnig, einhliða og án viðræðna við sinn viðsemjanda, að afnema 3000 króna sérstaka hækkun persónuafsláttar sem verkalýðshreyfingin samdi um við ríkisstjórnina í tengslum við kjarasamninga í febrúar 2008 og er hluti af gildandi kjarasamningi.

Miðstjórn ASÍ hafnar alfarið vinnubrögðum af þessu tagi þar sem ekki er staðið við gerða samninga. Miðstjórn ASÍ krefst þess að ríkisstjórnin dragi þessar hugmyndir til baka þegar í stað.

Ályktun um atvinnumál 10. 2. 2010

Atvinnuleysi er böll. Það er því forgangsmál að stuðla með öllum tiltækum ráðum að aukinni atvinnu um leið og við verjum störfnin. Alþýðusambandið krefst verklegra framkvæmda til að mæta miklum samdrætti í byggingariðnaði og mannvirkjagerð því þar er atvinnuleysið mest. Slíkar framkvæmdir munu einnig hleypa auknu lífi í fjölmargar greinar atvinnulífsins sem þjónusta byggingariðnað og mannvirkjagerð með beinum og óbeinum hætti.

Ríkisstjórnin verður að greiða götu þeirra stórframkvæmda, sem nú eru í undirbúningi, auk þess að ráðast í framkvæmdir á eigin vegum. Bent hefur verið á fjölmörg verkefni sem ráðast má í á næstu mánuðum og misserum af hálfu stjórnvalda, s.s. viðhaldsverkefni vegna opinberra bygginga um land allt, vegabætur, samgöngumiðstöð, byggingu hjúkrunarheimila og nýjan Landspítala. Þetta eru verkefni sem hefja má tafarlaust vinnu við.

Ályktun um fjárhagsvanda heimilanna (réttur fólksins, ekki rukk- aranna) 10. 2. 2010.

Miðstjórn ASÍ krefst nú þegar aðgerða af hálfu stjórnvalda til að bregðast við greiðsluvanda þeirra heimila sem verst standa. Ríkisstjórnin hefur haft heilt ár til að bregðast við fjárhagslegu hruni þúsunda heimila. Aðgerðirnar hafa verið í skötulíki. Bankar og fjármálastofnanir hafa verið fengnar til að útfæra björgunar-
aðgerðir, stofnanir sem hugsa fyrst og fremst um að lágmarka eigin skaða en ekki endilega um heill skuldarans. Þetta er aðferðafræði sem miðstjórn ASÍ hafnar. Stjórnvöld eiga að hafa kjark og þor til að setja heimilin í landinu í fyrsta sæti. Frá yfirtöku ríkisins á bönkunum hefur milljörðum verið varið til skilaneftanda bankanna sem hafa það hlutverk að lágmarka tjón og hámarka eignir. Heimili landsmanna eru í sömu stöðu og bankarnir hvað þetta varðar en samfélagslegt verðmæti þeirra og velferð fjölskyldnanna í landinu eru hins vegar ómetanlegir hagsmunir allrar íslensku þjóðarinnar. Því krefst miðstjórn ASÍ aðgerða fyrir heimilin strax.

Ályktun um atvinnu- og efnahagsmál 24. 2. 2010.

Miðstjórn ASÍ lýsir áhyggjum af þeirri miklu óvissu sem ríkir um framvindu íslensks efnahags- og atvinnulífs. Dráttur á lausn ICESAVE-málsins hefur sett efnahagsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem og afgreiðslu lána frá vinaþjóðum í uppnám. Afleiðingarnar eru að erfitt – ef ekki ómögulegt – er að fjármagna þær stórframkvæmdir sem hefjast áttu á þessu ári.

Þá gagnrýnir miðstjórn ASÍ seinagang stjórnvalda við að taka nauðsynlegar ákvarðanir sem snúa að atvinnuuppbyggingu og endurreisn efnahagslífsins. Miðstjórn átelur einnig stjórnvöld fyrir að leggja stein í götu einstakra verkefna. Afleiðingarnar eru tafir við undirbúning nauðsynlegra framkvæmda þannig að þær verða ekki tilbúnar þegar fjármögnun fæst.

Aukin óvissa og úrræðaleyzi eykur á vanda okkar og því stefnir í mun meiri samdrátt í efnahagslífinu en hingað til hefur verið spáð og auknu atvinnuleysi. Í nýrri spá Hagdeildar ASÍ um þróun efnahagsmála kemur fram að landsframleiðsla muni dragast saman um ríflega 5% í ár og að atvinnuleysið verði að meðaltali yfir 10%. Þetta þýðir að óbreyttu að þjóðfélagið verður af tugum milljarða í verðmætum og á annað þúsund manns verða án vinnu sem ella hefðu fengið vinnu. Aukinn samdráttur mun einnig leiða til aukins halla á ríkissjóði sem aftur leiðir til meiri niðurskurðar og/eða skattahækkana. Þessi staða er með öllu óásættanleg og við þessu verða stjórnvöld að bregðast nú þegar með markvissum aðgerðum.

Krafa miðstjórnar ASÍ er að uppbygging og baráttan gegn atvinnuleysi hafi allan forgang.

Ályktun um verðlagsmál 24. 3. 2009

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af þróun verðlags. Verðbólgan mælist nú 8,5% á ársgrundvelli sem er með öllu óásættanlegt. Ekki er að sjá að styrking krónunnar á liðnum mánuðum sé að skila sér til almennings.

Síðustu fjóra mánuði hefur krónan t.d. styrkst um 5% en ekkert í mælingum Hagstofnunnar gefur til kynna að sú styrking sé að skila sér í lækkuðu innflutningsverðlagi. Þá hafa athuganir ASÍ sýnt að verðlagsáhrif vegna falls krónunnar eru þegar komin fram.

Það er með öllu óásættanlegt að fyrirtæki nýti sér þessa stöðu og hækki álagningu sína í þeim miklu þrengingum sem nú ganga yfir. Eigi sátt að ríkja í þjóðfélaginu verða allir að axla hluta af byrðunum. Velti fyrirtækin vanda sínum þannig yfir á almenning mun það einungis leiða af sér hækkaðar launakröfur til að bæta upp skertan kaupmátt. Miðstjórn ASÍ skorar á fyrirtækin að gæta hófs og draga úr álagningu og á opinbera aðila að afturkalla hækkanir á sinni þjónustu.

Ályktun um alvarlega stöðu í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum 12. 5. 2010

Alþýðusamband Íslands hefur allar götur frá því að fjármálakerfið hrundi haustið 2008 lagt áherslu á tvennt. Annars vegar að komið verði til móts við skuldsett heimili með fullnægjandi hætti. Hins vegar hefur ASÍ krafist þess að gripið verði til umfangsmikilla aðgerða til þess að koma hjólum atvinnulífsins í gang þannig að störfum fjölgi og auka megi tekjur launafólks. Samhliða þessu hafa samtökin lagt áherslu á að tryggja að umsamdar launahækkanir kæmu til framkvæmda.

Alþýðusamband Íslands hefur verið þeirrar skoðunar að til þess að ná

framangreindum markmiðum sé mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld eigi með sér náð samráð og samstarf við mótun aðgerðaáætlunar sem sé af því umfangi og þeirri áræðni að hún geti spornað við þeirri óheillapróun sem þjóðin stendur frammi fyrir í atvinnumálum.

Mikilvægur liður í þessu starfi var samkomulagið frá 25. júní 2009 – sem nefnt hefur verið stöðugleikasáttmálinn. Með gerð hans var það einlæg von miðstjórnar ASÍ að tekist hefði að sameina aðila vinnumarkaðarins og stjórnvöld til þess að bregðast af festu og myndugleika við þeim áskorunum sem við stóðum frammi fyrir.

Þær væntingar, sem gerðar voru til stöðugleikasáttmálans, hafa ekki staðist. Samstarfið á þessum vettvangi hefur einkennst af þeirri upplausn og þeim ágreiningi, sem ríkt hefur á vettvangi stjórnmalanna undanfarin misseri. Ímynd þjóðarinnar gagnvart umheiminum hefur skaðast mikið og vinabjóðir okkar hafa ekki treyst sér til að koma með nauðsynlega aðstoð til að við komumst út úr efnahagsþrengingunum.

Brotthlaup Samtaka atvinnulífsins úr samstarfinu vegna deilu um skötusel er algerlega óásættanlegt. Að sama skapi er framgangsa sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórnar í því máli, á meðan sérstök nefnd freistar þess að ná samstöðu um endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar, með öllu óskiljanleg. Alþýðusambandið hafði frumkvæði að því fyrir skömmu að efna að nýju til samstarfs aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda um aðgerðir til að endurreisa efnahags- og atvinnulíf og fjölga störfum. Þessi tilraun hefur ekki tekist, þvert á móti hrikir í samstarfi aðila vinnumarkaðar vegna sjávarútvegs mála og ekkert bolar á framtaki af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að ná aðilum saman, hvað þá undirbúa nauðsynlegar aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum.

Miðstjórn ASÍ telur núverandi stöðu óviðunandi og ábyrgðarlausu gagnvart öllum þeim fjölda fólks, sem ýmist er án atvinnu eða hefur mátt þola verulega tekjuskerðingu og glímur við erfiða greiðslu- og skuldastöðu. Miðstjórn ítrekar þá kröfu sína að nú þegar verði gripið til umfangsmikilla aðgerða í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum. Alþýðusambandið skorar á önnur samtök launafólks, atvinnurekendur, ríkisstjórn og stjórnarandstöðu að koma strax til samstarfs um framkvæmd slíkrar aðgerðaáætlunar á grundvelli hjálagðra tillagna.

Alþýðusambandið hefur boðað til formannafundar innan ASÍ þann 25. maí nk., þar sem staðan verður metin og næstu skref ákveðin.

Ályktun vegna fjárlaga 16. 6. 2010

Undirbúningur aðgerð fjárlaga fyrir árið 2011 er í fullum gangi. Gatið sem þarf að fylla er stórt og því óhjákvæmilegt að draga verður úr útgjöldum og hagræða í ríkisrekstrinum. Miðstjórn ASÍ telur mikilvægt við þessar aðstæður að haft sé náð samráð við verkálýðshreyfingunaum forgangsöröðun í rekstri

ríkisins með það að markmiði að verja grunnstoðir velferðarkerfisins og lágtekjuhópa.

Úr fjármálaráðaneytinu hafa borist þau skilaboð að til standi að frysta elli- og örorkulífeyri þriðja árið í röð. Þeirri leið hafnar miðstjórn Alþýðusamband Íslands alfarið. Elli- og örorkulífeyrisþegar eru margir hverjir meðal þeirra sem höllustum fæti standa í þjóðfélaginu og lífeyrir frá almannatryggingum er veigamikill hluti lífeyrisréttinda launafólks á almennum vinnumarkaði. Það verður aldrei samþykkt að ráðist verði að þeim hópi með þessum hætti á sama tíma og opinberir starfsmenn búa við ríkistrygð lífeyrisréttindi.

Í forsendum fjárlaga er einnig unnið út frá þeirri hugmynd að frysta laun ríkisstarfsmanna á næsta ári. Innan vébanda ASÍ eru 12 þúsund opinberir starfsmenn, margir í láglaunastörfum. Miðstjórn ASÍ hafnar því að samningsrétturinn sé tekinn af okkar fólki með þessum hætti. Ríkisstjórnin verður að leita raunhæfari leiða til að ná endum saman en niðast á þeim er síst skyldi. Nóg er nú samt.

Ályktun vegna starfsendurhæfingar og svikinna loforda stjórnvalda 16. 6. 2010

Réttur til starfsendurhæfingar er mikilvægur liður í að efla og treysta stöðu launafólks á vinnumarkaði sem lendir í áföllum vegna veikinda og slysa. Um leið er starfsendurhæfing stórt hagsmunamál fyrir samfélagið í heild.

Með yfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar í tengslum við gerð kjarasamninga í febrúar 2008 var gerð mikilvæg sátt á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um uppbyggingu og þróun starfsendurhæfingar á vinnumarkaði. Markmiðið er að tryggja öllu launafólki rétt til starfsendurhæfingar í kjölfar veikinda eða slysa. Jafnframt var gerð sátt um það hvernig fjármagna ætti þetta mikilvæga verkefni með framlagi allra aðila, þar með talið stjórnvalda.

Framangreind sátt var áréttuð af núverandi ríkisstjórn með stöðugleikasáttmálanum í júní á síðasta ári, þar sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins samþykktu verulega lækkun og seinkun á framlögum ríkisins vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs. Þar var jafnframt ákveðið hvernig staðið yrði að málum til að öllu fólki á vinnumarkaði yrði tryggður réttur til starfsendurhæfingar. Samkvæmt samkomulaginu átti að afgreiða málið á Alþingi fyrir lok síðasta árs. Minna má á að meira en 1/3 félagsmanna ASÍ eru nú án þessara réttinda.

Nú liggur fyrir að frumvarp um lögbindingu á greiðsluskyldu atvinnurekenda og lífeyrissjóða til starfsendurhæfingar verður ekki afgreitt á yfirstandandi þingi og málið allt í uppnámi. Þar með hafa stjórnvöld enn á ný svikið þau loford sem gefin hafa verið. Með þessari framgöngu eru stjórnvöld og Alþingi beinlínis að koma í veg fyrir að stórir hópar fólks á almennum vinnumarkaði og öryrkjar hjá lífeyrissjóðunum njóti réttar til starfsendurhæfingar.

Miðstjórn ASÍ gagnrýnir ríkisstjórnina harðlega fyrir að standa ekki við fyrirheit í stöðugleikasáttmálanum. Það er engin launung að væntingar miðstjórnar ASÍ til lögbindingar þessara ákvæða voru síðasta hálmstráið sem rökstuddi aðild ASÍ að þessum svokallaða sáttmála þrátt fyrir aðgerða- og úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum. Nú er ljóst að sú von er að engu orðin og lýsir miðstjórn ASÍ því formlega yfir að engar forsendur eru fyrir aðkomu þess að frekari samstarfi á þeim grunni.

Miðstjórn ASÍ ítrekar fyrri hvatningu til aðildarfélaga sinna um að hefja undirbúning að gerð kjarasamninga. Ljóst má vera að framundan eru erfiðar viðræður um gerð nýrra kjarasamninga og barátta fyrir réttindum félagsmanna aðildarfélaga Alþýðusambandsins.



Efnahagsmál

Síðasta ár var eitt versta ár í efnahagslífi Íslands og reyndist samdrátturinn sá mesti á lýðveldistímanum. Atvinnumissir, tekju- og eignatap hafa skilið mörg heimili og fyrirtæki eftir í verulegum vanda og aðlögun þeirra að nýjum aðstæðum hefur tekið á. Erfiðlega hefur gengið að koma hjólum atvinnulífsins af stað á nýjan leik og mörg brýn verkefni eru enn óleyst.

Þrátt fyrir erfiða efnahagstöðu eru þó jákvæð teikn á lofti. Krónan hefur styrkst, verðbólga hjaðnað, vaxtastig lækkað og meiri bjartsýni gætir hjá almenningi en áður.

Á síðastliðnu ári kom Alþýðusambandið að endurreisn íslensks efnahagslífs með beinum og óbeinum hætti auk þess sem mikið starf fór í að standa vörð um hagsmuni launafólks. Hefur það verið gert á margvíslegan hátt og hefur sambandið átt víðtækt samstarf við ýmsa aðila í því sambandi. Sem dæmi má nefna átakið „Allir vinna“ og aðgerðaáætlunina „Við höfum verk að vinna“ en þar eru kynntar tillögur Alþýðusambands Íslands að aðgerðaáætlun í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum. Nánar er gerð grein fyrir aðgerðum Alþýðusambandsins í kaflanum *Af vettvangi miðstjórnar*.

Efnahags- og atvinnumál hafa við þessar erfiðu aðstæður verið mikið til umfjöllunar á vettvangi miðstjórnar. Hefur miðstjórnin marg oft lýst yfir

áhyggjum af þróun og stöðu efnahagsmála og hversu hægt hefur gengið að endurreisa íslenskt atvinnu- og efnahagslíf.

Hagdeildin hefur einnig tekið virkan þátt í umræðunni um efnahagsmál og hefur m.a. gefið út skýrslur um horfur og þróun í efnahagsmálum. Í október 2009 var gefin út skýrslan „Horfur í efnahagsmálum 2009–2012“. Í skýrslunni kom m.a. fram að ef hætt yrði við stórframkvæmdir yrði hagvöxtur um 5 prósentustigum minni en ella á spátímanum. Í febrúar 2010 var gefin út „Endurskoðuð hagspá 2010–2013“. Þar er dregin upp fremur dökk mynd af þróun og horfum helstu hagstærða þar sem ljóst var að stórframkvæmdum myndi seinka. Enn dekkri mynd var síðan dregin upp í skýrslunni sem gefin var út í júní en þá var ljóst að stórframkvæmdum yrði frestað enn frekar en í spád var í febrúar.

Þróun og staða efnahagsmála haustið 2010

Landsframleiðslan drógst saman um 6,8% í fyrra. Þetta er mesti samdráttur í efnahagslífinu sem mælst hefur á lýðveldistímanum. Til samanburðar mældist samdrátturinn í landsframleiðslunni 5,5% árið 1968 þegar síldin hvarf. Margt bendir til þess að það versta sé yfirstaðið og botni kreppunnar verði náð á seinnihluta þessa árs. Ýmis jákvæð teikn eru á lofti. Krónan hefur styrkst, verðbólga hjaðnað, vaxtastig lækkað, viðskipahallinn minnkar hratt og meiri bjartsýni gætir hjá almenningsi en áður. Mikil óvissa ríkir þó um þróun efnahagslífsins á næstu misserum þegar þetta er skrifað. Líkur eru á því að stóriðjuframkvæmdum verði slegið á frest um lengri tíma, ICESAVE-deilan er enn óleyst, ítrekaðar tafir hafa orðið á aðstoð AGS og nágrannaþjóða, illa hefur gengið að fjármagna framkvæmdir til að koma hjólum efnahagslífsins í gang á ný og staða ríkissjóðs og sveitarfélaga er slæm. Nýlegur úrskurður Hæstaréttar um vaxtakjör á bílalanum, sem áður voru gengisbundin en dæmd hafa verið ólögleg, hefur eytt nokkurri óvissu um styrkleika fjármálakerfisins.

Horfur eru á að landsframleiðslan haldi áfram að minnka á yfirstandandi ári en að hún taki að vaxa á ný árið 2011.

Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 leituðu íslensk stjórnvöld eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og nágrannaþjóða okkar. Aðstoðin felur í sér að AGS lánar Íslendingum 2,1 milljónir Bandaríkjadalaog nágrannaþjóðir okkar 3 milljónir Bandaríkjadalaen stjórnvöld skuldbundu sig aftur á móti til þess að fara eftir sameiginlegri áætlun stjórnvalda og AGS um endurreisn íslensks efnahagslífs. Meginhluti lánsins frá AGS var borgaður út strax en afganginn átti að greiða út í átta jöfnum greiðslum. Útgreiðslur hafa ítrekað tafist, m.a. vegna erfiðleika og seinangangs við endurfjármögnun bankanna og eins vegna

Helstu kennitölur										
Hlutfallsleg magnbreyting	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008*	2009*
Hagvöxtur	4,3	3,9	0,1	2,4	7,7	7,5	4,6	6,0	1,0	-6,8
Verðbólga	5,0	6,7	4,8	2,1	3,2	4,0	6,8	5,0	12,4	12,0
Kaupmáttur launa	1,6	2,0	2,2	3,4	1,4	2,6	2,6	3,8	-3,7	-7,3
Atvinnuleysi ¹	1,3	1,4	2,5	3,4	3,1	2,1	1,3	1,0	1,6	8,0
Einkaneysla	4,2	-2,9	-1,5	6,1	7,0	12,7	3,6	5,6	-7,9	-16,0
Samneysla	3,8	4,7	5,3	1,8	2,2	3,5	4,0	4,1	4,6	-1,7
Fjármunamyndun	11,8	-4,3	-14,0	11,1	28,1	35,7	22,4	-11,1	-21,0	-50,9
Útflutningur	4,2	7,4	3,8	1,6	8,4	7,5	-4,6	17,7	7,1	7,4
Innflutningur	8,6	-9,1	-2,6	10,7	14,5	29,3	10,4	-0,7	-18,2	-24,1
Viðskiptajöfnuður ²	-10,2	-4,3	1,5	-4,8	-9,8	-16,1	-24,4	-16,3	-18,5	-2,2
Landsfr. á mann	2,8	2,5	-0,7	1,8	6,5	6,3	1,7	3,5	-1,6	-6,8

Heimild: ASÍ, Seðlabanki, Hagstofa, Vinnuálastofnun
¹ Hlutfall atvinnulausra af heildarjöfndar á vinnumarkaði.
² Hlutfall af landsframleiðslu
* Bráðabirgðatölur

ICESAVE-deilunnar við Breta og Hollendinga. Útgreiðsla annars hluta lánsins dróst nokkuð og það var loks í lok október 2009 sem fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunarinnar lauk og annar hluti lánsins frá AGS var greiddur út. Í kjölfarið var fyrsti hluti láns frá Norðurlöndunum greiddur til Íslands, samtals 300 milljónir evra. Nokkrar tafir urðu svo aftur á annarri endurskoðun efnahagsáætlunarinnar. Henni lauk ekki fyrir en um miðjan apríl en samkvæmt áætluninni átti hún verða í janúar 2010. Nú er beðið eftir að þriðju endurskoðuninni ljúki en gert er ráð fyrir það verði í lok september.

Frá efnahagshruninu hefur lánshæfi landsins ítrekað verið lækkað með þeim afleiðingum að erfiðara er að fá lán erlendis og lánakjörin eru mjög óhagstæð. Á meðan ICESAVE-deilan er óleyst og óvissa ríkir um þróun efnahagsmála verður lánshæfismat Íslands lágt. Lélegt lánstraust og erfitt aðgengi að lánsfé erlendis hamlar endurreisninni og seinkar efnahagsbatanum.

Erfið staða heimilanna

Staða heimilanna er ennþá mjög erfið. Ráðstöfunartekjur þeirra hafa rýrnað mikið síðastliðin tvö ár í kjölfar atvinnuleysis, launalækkana, styttri vinnutíma, skattahækkana og lækkunar á bótum almannatrygginga auk þess sem þrálát verðbólga hefur dregið enn frekar úr kaupmætti. Kaupmáttur ráðstöfunartekna minnkaði um fimmtung í fyrra og útlit er fyrir um riflega 6% lækkun á yfirstandandi ári. Á sama tíma hefur skuldabyrði heimilanna margfaldast við gengisfall krónunnar og vegna mikillar verðbólgu í kjölfarið. Svigrúm heimilanna til neyslu hefur því ekki verið mikið við þessar aðstæður. Endurspeglast þröng staða heimilanna í miklum samdrætti í einkaneyslu en hún dróst saman

um 16% á síðasta ári. Á fyrrihelmingi yfirstandandi árs hefur einkaneyslan haldið áfram að dragast saman en mun hægar en áður eða um ríflega 1%. Með hjöðnun verðbólgunnar eykst kaupmáttur á ný og má búast við að svigrúm heimilanna til að auka við neyslu sína rýmkest. Fjárfestingar heimilanna í íbúðarhúsnæði hafa einnig dregist mjög skart saman eða um ríflega helming í fyrri í kjölfar fimmtungs samdráttar 2008. Á fyrrihluta yfirstandandi árs hefur fjárfesting haldið áfram að minnka mikið eða um ríflega 40%. Þetta hefur haft alvarlegar afleiðingar fyrir fasteignamarkaðinn og byggingariðnað. Lítil velta hefur verið á fasteignamarkaði og íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hefur lækkað um 2,3% síðustu 12 mánuði. Raunverð hefur því lækkað um tæp 40% frá því að það var hæst 2007. Hægt hefur á verðlækkunum íbúðarhúsnæðis frá því í fyrri, en í ágúst í fyrri lækkað íbúðaverð um 11% frá sama tíma árið á undan.

Mikið dregur úr fjárfestingum

Heildarútgjöld þjóðarbúsins til fjárfestinga drógust mikið saman, eða um ríflega helming, í kjölfar ríflega fimmtungs samdráttar 2008. Vegur þar þyngst mikill samdráttur í fjárfestingum atvinnuveganna sem skrapp saman um 55%. Skýringin ermikill samdráttur í fjárfestingum í stóriðju- og raforkuverum og almennt minni fjárfestingum í byggingum og mannvirkjagerð. Á sama tíma drógust fjárfestingar í íbúðarhúsnæði saman auk fjárfestinga hins opinbera. Fjárfestingar ríkis og sveitarfélaga drógust saman um 32% á síðastliðnu ári. Fyrstu sex mánuði ársins hafa heildarfjárfestingar haldið áfram að dragast saman eða um tæp 15% frá sama tímabili í fyrri. Á tímabilinu hefur atvinnuvegafjárfesting aukist um 5% og vegur upp á móti áframhaldandi samdrætti í öðrum fjárfestingum.

Slæm staða á vinnumarkaði

Staðan á vinnumarkaði var slæm allt síðasta ár. Í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 versnaði staðan hratt og atvinnuleysi fór á skömmum tíma úr 1,3% í 9,1%. Á vor- og sumarmánuðum minnkaði atvinnuleysið vegna tímabundinna verkefna en jókst á ný á haustmánuðum 2009. Náði það hámarki í janúar og febrúar 2010 eða 9,3% en það jafngildir því að 15.000 manns hafi verið án atvinnu. Heldur hefur dregið úr atvinnuleysi frá þeim tíma og mældist það 7,5% í júlí sem jafngildir því að 12.600 manns hafi verið án vinnu. Þetta er meira atvinnuleysi en áður hefur þekkt á íslenskum vinnumarkaði. Þetta ástand hefur kallað á virkar vinnumarkaðsaðgerðir sem er lýst nánar í kaflanum *Atvinnuástand*. Að mestu leyti má rekja minna atvinnuleysi nú á vor- og sumarmánuðum til tímabundinna átaks- og árstíðabundinna verkefna en einnig til breytinga á reglum umrétt til atvinnuleysisbóta. Búast má við að

atvinnuleysi aukist á ný nú á haustmánuðum þegar tímabundnum verkefnum lýkur og að það verði á bilinu 9–10% þegar mest lætur í vetur.

Staða fyrirtækja misjöfn

Staða fjölmargra fyrirtækja er erfið og hjá mörgum þeirra sendur yfir víðtæk endurskipulagning á fjárhag og rekstri. Mörg hver hafa einnig átt í vandræðum með að fjármagna reksturinn og hefur það gert stöðu þeirra enn erfiðari. Afleiðingarnar má glöggst sjá í tölum um gjaldþrot fyrirtækja en þeim hefur fjölgað umtalsvert. Í fyrra voru þau 910 í samanburði við 748 árið áður. Það sem af er þessu ári hefur gjaldþrotunum haldið áfram að fjölga voru þau orðin 591 talsins í ágúst. Frá bankahruninu hefur mest borið á gjaldþrotum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð en gjaldþrotum þar fjölgaði um tæp 80% í fyrra. Á þessu ári hefur einnig orðið mikil fjölgun á gjaldþrotum íheild- og smásöluverslun. Staða fyrirtækja er þó mjög misjöfn. Rekstraraskilyrði fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum eru betri þar sem þau njóta stórbættrar samkeppnisstöðu gagnvart útlöndum vegna lágs raungengis krónunnar. Raungengikrónunnar var í sögulegu lágmarki í ágúst í fyrra en hefur frá þeim tíma hækkað. Það er þó langt undir meðalraungengi síðustu 30 ára.

Samneysluútgjöld minnka mikið

Umsvif hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs og sveitarfélaga, minnkuðu mikið í fyrra. Samneysluútgjöld hins opinbera, þ.e. útgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga vegna launagreiðslna og kaupa á vörum og þjónustu, drógust saman um 1,7% í fyrra; er það mesti samdráttur í neysluútgjöldum ríkis og sveitarfélaga frá því árið 1951. Mestur var niðurskurðurinn hjá sveitarfélögunum en þau skáru samneysluútgjöldin niður um 3,7% en ríkissjóður ásamt almannatryggingum skáru samneysluútgjöldin niður um 0,6%.

Dregur úr halla ríkissjóðs

Staða ríkissjóðs hefur versnað mjög í kjölfar efnahagsþrenginganna. Halli ríkissjóðs nam 123 milljörðum króna sem samsvarar 8,2% af landsframleiðslu. Tekjur ríkissjóðs drógust saman um 6% í fyrra á sama tíma og útgjöldjukur um 16% þegar horft er framhjá skuldayfirtöku ríkisins vegna Seðlabanka Íslands. Meginskýringin á minni tekjum eru lækkandi skattstofnar vegna slæms árferðis. Sem dæmi má nefna að skatttekjur ríkissjóðs drógust saman um tæp 11% í fyrra. Þrátt fyrir slæma afkomu er hún betri en áður var spáð. Skýring á því er fyrst og fremst sú að ekki voru greiddir vextir af ICESAVE-skuldbindingum eins og gert hafði verið ráð fyrir. Fyrstu sex mánuði þessa árs hafa heildartekjur ríkissjóðs vaxið á ný eða um 12% frá sama tíma í fyrra; þar

af hafa skatttekjur aukist um ríflega 13%. Þær eru samt sem áður um 14 milljörðum undir áætlun fyrstu sex mánuði þessa árs.

Að mestu má rekja vöxt útgjalda til aukinna vaxtagjalda, aukinna vaxtabóta og útgjalda til almannatrygginga, svo sem atvinnuleysisbóta. Fyrstu sex mánuði ársins hafa útgjöld ríkisins aukist um 5% frá sama tíma í fyrra.

Ljóst er að áfram þarf að hafa strangt aðhald í ríkisfjármálum til að efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS gangi eftir. Efnahagsáætlunin gerir ráð fyrir að jöfnuði verði náð í rekstri ríkissjóðs á næsta ári þegar undan eru skilin vaxtatekjur og vaxtagjöld, svonefndur frumjöfnuður, og að afgangur verði á heildarjöfnuði árið 2013. Í ljósi þess að áætlanir um skatttekjur ganga ekki eftir þarf væntanlega að auka aðhaldið í ríkisrekstrinum.

Áætlað er að á árunum 2010 til 2013 þurfi að draga úr halla ríkissjóðs sem nemur 157 milljörðum. Ljóst er að halla af þessari stærð verður ekki eytt nema með víðtækum aðgerðum. Alþýðusambandið hefur lagt áherslu á jafnvægi yrði náð í rekstri ríkis og sveitarfélaga sem fyrst. Sambandið hefur jafnframt lagt áherslu á að staðinn verði vörður um þá sem minnst mega sín. Samkvæmt stöðugleikasáttmála stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, sem undirritaður var í júní 2009, átti hlutfall skatta í aðgerðunum ekki að fara yfir 45%. Á haustþingi 2009 voru svo að lagðar fram nákvæmari útfærslur á aðgerðum í rekstri hins opinbera.

Þegar tillögur að aðgerðunum voru lagðar fram kom í ljós að þær voru ekki í samræmi við það sem stjórnvöld höfðu samið um í stöðugleikasáttmálanum og þann 2. desember 2009 ályktaði miðstjórn ASÍ um málið og þar segir:

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af umfangi skattahækkana en það er mun meira en boðað var við gerð stöðugleikasáttmálans.

Mikilvægt er að breytingar á sköttum einstaklinga verði með þeim hætti að þeim tekjulægstu verði hlíft sem kostur er. Miðstjórn varar sérstaklega við þeim áhrifum sem hækkun neysluskatta hefur á rekstur og skuldir heimilanna. Jafnframt bendir miðstjórn á að miklar skattahækkanir leiða til meiri samdráttar í atvinnulífinu með skerðingu á kjörum og auknu atvinnuleysi.

Miðstjórn ASÍ mótmælir boðuðum breytingum á skattlagningu tekna sjómanna og bendir á að við gerð stöðugleikasáttmálans í vor var því heitið að ekki yrði „gripið til lagasetninga eða annarra stjórnvaldsaðgerða sem hafa bein áhrif á innihald kjarasamninga eða kollvarpa með öðrum hætti þeim grunni sem kjarasamningar byggja á.

Þegar frumvarp um breytingar á tekjuskattskerfinu leit dagsins ljós kom auk þess fram að ætlunin var að afnema verðtryggingu persónuafsláttar sem samið var um við endurskoðun kjarasamninga 2006. Jafnframt var ljóst að

ætlunin var að afnema 3000 króna hækkun persónuafsláttar sem samið var um við ríkisstjórnina í tengslum við kjarasamningana í febrúar 2008.

Miðstjórn ASÍ mótmælti þessum tillögum og sendi frá sér harðorða ályktun þann 16. desember 2009.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum ríkisstjórnar Íslands að virða ekki gerða samninga. Samkvæmt stjórnarfrumvarpi um breytingar á tekjuskattskerfinu þá áforma stjórnvöld að afnema verðtryggingu persónuafsláttar sem ASÍ samdi um við þáverandi ríkisstjórn í tengslum við endurskoðun kjarasamninga 2006. Ríkisstjórnin lætur ekki þar við sitja heldur áformar einnig, einhliða og án viðræðna við sinn viðsemjanda, að afnema 3000 króna sérstaka hækkun persónuafsláttar sem verkalýðshreyfingin samdi um við ríkisstjórnina í tengslum við kjarasamninga í febrúar 2008 og er hluti af gildandi kjarasamningi.

Miðstjórn ASÍ hafnar alfarið vinnubrögðum af þessu tagi þar sem ekki er staðið við gerða samninga. Miðstjórn ASÍ krefst þess að ríkisstjórnin dragi þessar hugmyndir til baka þegar í stað.

Ekki var hlustað á mótmæli miðstjórnar og þann 1. janúar 2010 tóku gildi ný lög um tekjuskatt. Með þeim voru gerðar umtalsverðar breytingar á skattaumhverfinu. Helstu breytingar fólust í því að:

Tekinnvar upp þriggja þrepa tekjuskattur:

- a. Af fyrstu 200.000 kr. er skatturinn 37,22%
- b. Af næstu 450.000kr. á mánuði er skatturinn 40,12%
- c. Og af fjárhæð umfram 650.000 kr. á mánuði er skattprósentan 46,12%

Fjármagnstekjuskattur var hækkaður úr 10% í 18%

Lagður er á sérstakur auðlegðarskattur, þ.e. 1,25% skattur er lagður á eignir umfram 90 milljónir hjá einstaklingum og 120 milljónir hjá hjónum.

Virðisaukaskattur var hækkaður úr 24,5% í 25,5% í almenna þrepinu en var óbreyttur í lægra þrepinu.

Tryggingagjald var hækkað úr 7,0% í 8,65%

Einnig var verðtrygging persónuafsláttar afnumin og 3.000 kr. hækkun hans, sem koma átti til framkvæmda 1. janúar, einnig afnumin.

Um áramótin tóku einnig gildi lög um umhverfis- og auðlindaskatta. Í þeim er kolefnisgjald lagt á fljótandi jarðefnaeldsneyti, 2,90 kr. á hvern lítra af gas-og dísilolíu, 2,60 kr. á hvern lítra af bensíni, 2,70 kr. á hvern lítra flugvéla- og þotuelsneytsi og 3,60 kr. á hvert kílógramm af brennsluolíu. Jafnframt var lagður skattur á raforku og heitt vatn, 2,0% á verð á heitu vatni og 0,12 kr. á hverja kílóvattstund af seldri raforku.

Staða margra sveitarfélaga slæm

Sveitarfélögin hafa orðið harkalega fyrir barðinu á efnahagshruninu. Fjárhagstaða margra þeirra er afar slæm og hafa þau þurft að hagræða verulega í rekstri til að ná endum saman. Staða þeirra er að vísu nokkuð misjöfn en um 12 sveitarfélög eru með skuldir eða skuldbindingar umfram viðmiðunarmörk eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga og þurfa þau að grípa til aðgerða til að sporna við fjárhagsvandinum. Horfur eru á að sveitarfélögin þurfi að hagræða enn meira í rekstri og draga úr þjónustu og/eða hækka þjónustugjöld og skatta til að auka tekjur sínar.

Heildartekjur sveitarfélaganna minnkuðu um ríflega 2% í fyrra. Þar af drógust skatttekjur saman um 1,4%. Á sama tíma drógust heildarútgjöld þeirra saman um 1%, þar af vaxtaútgjöld um 18% og fjárfestingar um 40%. Á móti kom að tilfærslur til heimilanna jukust um þriðjung.

Fyrstu sex mánuði þessa árs hafa tekjur sveitarfélaganna aukist um 3% frá sama tíma í fyrra, þar af hafa skatttekjur aukist um 1,9%. Heildarútgjöld hafa á sama tíma dregist saman um 0,3% og skýrist samdrátturinn að mestu af miklum samdrætti í fjárfestingum eða um 37%.

Hámarksálagning útsvars var hækkuð úr 13,03% árið 2008 í 13,28% árið 2009. Meðalútsvarsprósentan hækkaði því úr 12,97% í 13,11% árið 2009 og skýrir það að nokkru auknar tekjur sveitarfélaganna.

Skuldir sveitarfélaga hafa aukist hratt á undanförunum árum og munar mestu um hækkun erlendra skulda. Með auknum skuldum hafa afborganir af þeim og vaxtagreiðslur hækkað og sérstaklega eftir bankahrunið 2008. Við fall krónunnar hafa erlendar skuldir nær tvöfaldast og vaxtagreiðslur aukist í takt við það. Greiðslubyrði erlendra skulda hefur því íþyngt rekstri sveitarfélaganna verulega og eru mörg hver að sligast undan þeim. Mörg fyrirtæki í eigu sveitarfélaga eiga í erfiðleikum með endurfjármögnun skuldbindinga sinna og stefnir í að mörg þeirra grípi til þess ráðs að stórhækka gjaldskrár sína til að ná endum saman.

Bakslag í efnahagsbata helstu viðskiptalanda

Alþjóðlega fjármálakreppan hefur leikið mörg ríki grátt. Samdrátturinn í evrulöndunum varð ríflega 4% í fyrra, þar af var samdrátturinn í Finnlandi tæplega 8%. Svipaða sögu er að segja frá Danmörku og Svíþjóð en þar varð samdrátturinn um 5% í hvoru landi og í G7-ríkjunum drógust hagkerfin saman um 4,7%. Þetta er mesti samdráttur sem hagkerfi heimsins hafa gengið í gegnum frá lokum síðari heimstyrjaldarinnar. Virðist sem flest hagkerfi séu að ná sér á ný og mældist tæplega 2% hagvöxtur í evrulöndunum á öðrum ársfjórðungi þessa árs og 2,7% hagvöxtur í G7-ríkjunum. Bakslag virðist hins vegar

vera komið í efnahagsbatann, hefur hægt á honum frá öðrum ársfjórðungi og mikil óvissa ríkir um framvindu efnahagsmála á næstu misserum.

Heimsviðskipti drógust mikið saman á síðast ári eða um 11%. Mikill bati varð á þeim á fyrrihluta þessa árs en svo virðist sem þau hafi dregist saman á nýjan leik. Þrátt fyrir mikinn samdrátt í heimsviðskiptum hafði það ekki veruleg áhrif á útflutning frá Íslandi. Verð á sjávarafurðum hækkaði um 6% nú í júlí frá sama tíma í fyrra og verð á áli hefur einnig hækkað nokkuð eða um 9% frá því í ágúst í fyrra. Styrking krónunnar vegur upp á móti verðhækkunum og hækkaði verð sjávarafurða í íslenskum krónum aðeins um tæplega 1% og álverð um 2,8%.


Viðskiptakjör rýrnuðu umtalsvert í fyrra eða um 7%. Skýrist það helst af verðfalli á sjávarafurðum og áli. Horfur eru á að viðskiptakjörin batni á ný í ár þar sem verð á sjávarafurðum og áli hefur hækkað á ný. Hækkandihrávöruverð vegur hins vegar upp á móti. Búast má við að viðskiptakjörin batni um 6% í ár.

Viðskiptahalli minnkar hratt

Vegna lágs gengis krónunnar hefur dregið mjög úr innflutningi. Árið 2009 dróst heildarinnflutningur saman um ríflega 24% samanborið við ríflega 18% samdrátt árið áður. Vegur þyngst snarpur samdráttur í innflutningi á vörum en hann dróst saman um tæplega þriðjung. Minni neysla heimillanna og mikill samdráttur í fjárfestingum ræður hér mestu um. Heildarútflutningur hélt áfram að aukast þriðja árið í röð og jókst um ríflega 7% í fyrra. Má rekja mestan hluta aukningarinnar til mikils vaxtar í þjónustu útflutnings (ferðamannaþjónustu) en þjónustuútflutningur jókst um tæpan fimmtung. Þessi þróun hefur leitt til þess að verðmæti útflutnings varð meiri en verðmæti innflutnings og varð afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum í fyrra, í fyrsta skipti síðan 1997. Þrátt fyrir verulegan afgang af vöru- og þjónustuviðskiptum er nokkur halli á heildarviðskiptum við útlönd vegna hárra fjármagnsgreiðslna til útlanda. Það hefur þó mikið dregið úr honum. Í fyrra nam viðskiptahallinn 2,2% af landsframléiðslu en árið á undan var hann hins vega mun meiri eða 22%.

Vegna veikari útflutnings fyrstu sex mánuði ársins hefur viðskiptahalli heldur aukist og var hann á miðju ári komin í 3,6% af landsframléiðslu.


Á fyrrihluta þessa árs hefur innflutningur nánast verið óbreyttur frá fyrra ári og vísbendingar eru um að hann sé byrjaður að vaxa á ný. Útflutningur dróst á hinn bóginn saman um ríflega 2% fyrstu sex mánuði þessa árs og þar af vöruútflutningur um 5%. Þetta hefur leitt til þess að viðskiptahallinn hefur aukist lítilllega á ný og mældist 3,6% af landsframléiðslu.



Verðbólga hjaðnar

Verðbólga hefur lækkað mikið frá því í fyrra. Hæst mældist hún 18,6% í janúar 2009 en mældist nú í ágúst 4,5%. Verðbólga lækkaði hratt frá september í fyrra fram í janúar á þessu ári en þá jókst hún á ný og fór í 8,5% í mars. Þetta gerðist þrátt fyrir nokkra styrkingu krónunnar undanfarna mánuði. Miðstjórn ASÍ brást við og sendi frá sér ályktun þann 24. mars 2010 þar sem hún lýsir yfir þungum áhyggjum af þróun verðlags.

Frá því í mars hefur verðbólga lækkað hratt og mældist í ágúst 4,5% eins og áður sagði. Hjöðnunin hefur þó verði hægari en vonir stóðu til þrátt fyrir töluverða styrkingu krónunnar frá áramótum. Svo virðist sem styrking krónunnar hafi ekki skilað sér til neytenda nema að litlum hluta. Skýrist það að hluta til af hækkunum á hrávöruverði erlendis sem endurspeglast í herra innflutningsverði hingað til lands. Hækkanir á virðisaukaskatti um áramót, ásamt hækkunum á ýmsum neyslusköttum, opinberum gjöldum og álögum hafa einnig hægt á hjöðnun verðbólgunnar. Lækkun íbúðaverðs og minni almenn eftirspurn hefur aftur á móti dregið úr verðbólgu. Búast má við að það hægi á hjöðnun verðbólgunnar nú á haustmánuðum. Í farvatninu eru hækkanir á ýmsum vörum og þjónustu. Sem dæmi má nefna að Orkuveita Reykjavíkur hefur boðað umtalsverðar hækkanir á gjaldskrá sinni. Einnig má búast við að sveitarfélögin og ríkið hækki ýmiskonar þjónustugjöld og álögur til að ná endum saman.



Krónan styrkist

Krónan hefur styrkst nokkuð frá því í október í fyrra eða um ríflega 12% gagnvart vagnu meðaltali mynta helstu viðskiptalanda. Krónan er samt sem áður mjög veik í sögulegu samhengi.

Eftir að gjaldeyrishöftin voru sett í kjölfar bankahrunsins 2008 hefur verulega dregið úr viðskiptum á gjaldeyrismarkaðnum. Hefur það haft áhrif á gengi krónunnar en þegar viðskipti eru strjál, eins og raunin hefur verið síðustu mánuði, fylgir gengi krónunnar evrunni. Breytingar á gengi krónunnar skýrast því að nokkru leyti af innbyrðis breytingum milli helstu viðskiptamynta Íslands. Miklar sveiflur á inn- og útflæði gjaldeyris, svo sem vegna vaxtagreiðslna af erlendum lánum, hafa einnig mikil áhrif á gengi krónunnar. Á vor- og sumarmánuðum hefur mikið innstreymi gjaldeyris, m.a. vegna gjaldeyriskna á ferðaþjónustu, leitt til nokkurrar styrkingar krónunnar. Styrking krónunnar er nokkuð meiri en búist var við. Líkur eru á því að gengi hennar veikist á ný þegar gjaldeyriskjör vegna ferðaþjónustu dragast saman á haustmánuðum.

Fyrsta skrefið í afnámi gjaldeyrishaftanna var stigið 31. október 2009 en þá heimilaði Seðlabankinn innstreymi gjaldeyris til nýfjárfestinga. Var aðgerðin hluti af stöðugleikasáttmálanum. Öðrum hömlum á gjaldeyrisviðskiptum hefur ekki verið aflétt enn sem komið er og óljóst hvenær það verður gert. Að lokinni þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og

Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verða forsendur til staðar til að losa um höftin. Með nýlegum dómi Hæstaréttar um vaxtakjör á lánnum, sem voru gengisbundin, eru auknar líkur á að næsta skref í afnámi þeirra verði stigið.

Stýrivextir lækka

Stýrivextir hafa verið háir frá bankahruninu 2008. Í október í fyrra voru stýrivextir 12%. Hafa þeir lækkað nokkur síðan og voru nú í september komnir í 7%. Seðlabankinn hefur því lækkað þá sjö sinnum á tímabilinu um samtals 5 prósentustig. Þrátt fyrir gjaldeyrishöft hefur Seðlabankinn talið nauðsynlegt að hafa háa stýrivextil til að sporna við útstreymi gjaldeyris og styðja við gengi krónunnar.

Aðhaldsstig peningamálastefnunnar hefur aukist þrátt fyrir að stýrivextir hafi lækkað. Stafar það af því að raunstýrivextir hafa hækkað þar sem verðbólga og verðbólguvæntingar hafa lækkað hraðar en stýrivextir. Haldi krónan áfram að styrkjast og verðbólga að hjaðna má því búast við áframhaldandi lækkun stýrivaxta.


Verðlagseftirlit ASÍ

Verðlagseftirlit er hluti af reglubundnu starfi á skrifstofu Alþýðusambandsins og hefur það hlutverk að veita neytendum upplýsingar um verðlag og verðþróun á helstu neytendamörkuðum. Með því má skapa aðhald og auka samkeppni í því miði að koma í veg fyrir óhóflegar verðhækkanir og rýrandi kaupmátt. Veikt gengi íslensku krónunnar samhliða auknum opinberum álögum ss. hækkun á virðisaukaskatti og vörugjöldum hefur á undanförmum tveimur árum skilað sér í miklum verðhækkunum á neysluvörum. Almennt verðlag á dagvörum skv. vísitölu neysluverðs hafði um mitt ár 2010 hækkað um 40% á undangengnu eina og hálfu ári þótt mjög hafi hægt á verðhækkunum undanfarna mánuði. Sem fyrr hefur verðlagseftirlitið lagt mesta áherslu á að fylgjast með verðlagi og verðþróun á matvörumarkaði enda hefur sá liður mikil áhrif á útgjöld heimilanna ekki síst á samdráttartímum.

Verðlagseftirlitið hefur á starfsárinu gert verðkannanir í matvöruverslunum víða um land í samstarfi við aðildarfélag ASÍ. Auk þess hafa verið gerðar verðkannanir á dekkjaskiptum- og smurþjónustu, fiski, námsbókum og jólabókum. Þá hafa einnig verið teknar saman upplýsingar um raforkukostnað, ýmsa gjaldtöku sveitafélaganna og þróun á verði innfluttra vara.

Vörukörfa ASÍ

Verðlagseftirlitið gerir reglulega verðmælingar á vörukörfu ASÍ í öllum helstu matvöruverslunarkerðjum landsins í þeim tilgangi að skoða hvernig verð þróast yfir tíma í einstaka verslunum. Vörukörfunni er ætlað að endurspeglar almenn



innkaup meðalheimilis og inniheldur allar almennar mat- og drykkjarvörur. Helstu niðurstöður mælinganna á liðnu starfsári eru þær að verð vörukörfunnar hækkaði um 2-13% frá því í maí í fyrra fram í júní 2010. . Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hækkaði verð á mat- og drykk í vísitölu neysliverðs um u.þ.b. 5% á sama tímabili.



Kjaramál

Samninganefndir ASÍ og SA náðu samkomulagi í júní 2009 um að endurskoðunar- og framlengingarákvæði kjarasamninga á almennum vinnumarkaði yrði frestað með ákveðnum skilyrðum þannig að „...endurskoðun og ákvörðun um framlengingu [skyldi] endanlega vera lokið eigi síðar en 27. október 2009. Launabreytingar, sem samkvæmt samningnum áttu að taka gildi 1. mars 2009 en var frestað, [skyldu] koma þannig til framkvæmda:

1. *Helmingur hækkana almennra kauptaxta kemur til framkvæmda 1. júlí sem hækka þá um 6.750 eða 8.750 kr. á mánuði. Helmingur hækkana á ákvæðistöxtum, kostnaðarliðum og fastákvæðnum launabreytingum kemur jafnframt til framkvæmda 1. júlí. Hinn helmingur þessara hækkana (sömu tölur) kemur til framkvæmda 1. nóvember 2009.*
2. *3,5% launapróunartrygging kemur til framkvæmda 1. nóvember 2009 og viðmiðunartími vegna hennar miðast við tímabilið 1. janúar – 1. nóvember 2009.*
3. *Hækkun kauptaxta, almennar launahækkunar og aðrar kjarabreytingar, sem áttu að taka gildi 1. janúar 2010, færast til 1. júlí 2010.“*

Samkvæmt samkomulaginu skyldu samninganefndir ASÍ og SA meta fyrir 27. október 2009 hvort markmið þríliða stöðugleikasáttmála ASÍ, SA, BSRB, BHM, KÍ, SSF, ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hefði

gengið eftir. Næðu aðilar ekki niðurstöðu eða teldu að aðgerðir stjórnvalda hefðu ekki náð fram að ganga skyldi sá aðili, sem vildi losna undan samningi, skýra hinum frá þeirri ákvörðun sinni fyrir kl 24:00 þann 27. október 2009. Við það myndu kjarasamningar frá 17. febrúar 2008 falla úr gildi og ráðgerðar launabreytingar þann 1. nóvember 2009 og 1. júlí 2010 ekki koma til framkvæmda.

Ársfundur ASÍ í október 2009 ályktaði um mikilvægi þess að kjarasamningarnir héldu gildi sínu, eða eins og sagði á ályktun fundarins um efnahags og kjaramál: „Ársfundur ASÍ telur mikilvægt að kjarasamningar haldi gildi sínu þannig að þær kjarabætur, sem að óbreyttu eiga að koma til framkvæmda 1. nóvember 2009 og 1. júní 2010, skili sér til launafólks. Ársfundurinn minnir á að fjöldi launamanna hefur ekki fengið launahækkanir síðan 2007 og staða þeirra tekjulægstu er óviðunandi.

Ársfundurinn bendir á að aukin verðmætasköpun er eina færa leiðin út úr efnahagsvandinum. Verkalýðshreyfingin undirritaði stöðugleikasáttmála í sumar sem hafði það markmið að stuðla að endurreisn efnahagslífsins með því að skapa skilyrði fyrir aukinni fjárfestingu, nýrri sókn í atvinnumálum, auknum hagvexti og leggja þannig grunn að bættum lífskjörum til framtíðar.

Ársfundurinn krefst þess að ríkisstjórnin beiti sér af fullum þunga fyrir framgangi sáttmálans og standi við gefin fyrirheit. Fundurinn lýsir yfir miklum vonbrigðum með vanefndir ríkisstjórnarinnar og telur það með öllu óásættanlegt að ráðherrar ríkisstjórnarinnar fari gegn sáttmálanum eins og umhverfisráðherra gerði með nýlegri ákvörðun sinni um Suðvesturlínu og komi þannig fjárfestingum og nýsköpun í frekara uppnám.

Ársfundurinn lýsir yfir áhyggjum sínum af áformuðum skattahækkunum á heimili og fyrirtæki. Fundurinn telur mikilvægt að umfang skattahækkana verði ekki meira en kveðið er á um í stöðugleikasáttmálanum. Þá krefst fundurinn þess að staða þeirra tekjulægstu verði varin og að umsamin hækkun persónuafsláttar komi til framkvæmda. Auk þess telur fundurinn mikilvægt að þess verði gætt að áform um orku- og auðlindagjöld verði útfærð með þeim hætti að áformum um fjárfestingar verði ekki stefnt í voða.

Stöðugleikasáttmálinn er öflugt tæki við uppbyggingu samfélagsins og það yrðu mikil vonbrigði ef okkur tækist ekki að nýta þau tækifæri, sem í honum felast, betur. Ársfundurinn varar við því að ef kjarasamningar fara í sundur nú um mánaðamótin eru forsendur stöðugleikasáttmálans brostnar og ófriður skapast á vinnumarkaði. Því mun verkalýðshreyfingin mæta sem órofa heild.

Við endurskoðun kjarasamninga í aðdraganda 27. október kom upp alvarlegur ágreiningur við ríkisstjórnina vegna ákvæða stöðugleikasáttmálans. Nauðsynlegt var að hafa hliðsjón af framvindu stöðugleikasáttmálans við endurskoðun kjarasamninganna, þar sem uppsagnarmöguleiki atvinnurekenda varð að veruleika vegna vanefnda ríkisstjórnarinnar á einstaka efnisþáttum

sáttmálans. Eftir óformlegar þreifingar milli fulltrúa ASÍ, SA og stjórnvalda tókst að setja niður ágreining um flest atriði utan þess að ekki náðist viðunandi lending varðandi áform ríkisstjórnarinnar um nýja orku-, auðlinda- og umhverfisskatta – áform sem settu nýfjárfestingar í verulega óvissu. Þrátt fyrir að ekki tækist að leysa það mál fyrir kl 24:00 þann 27. október ákvað framkvæmdastjórn SA að nýta ekki heimild til uppsagnar kjarasamninga.

Þar sem ekki kom til þess að SA nýtti uppsagnarheimildina komu umsamar launahækkanir til framkvæmda 1. nóvember 2009. Um var að ræða sérstaka hækkun kauptaxta upp á kr. 6.750 á töxtum verkafólks og afgreiðslufólks en kr. 8.750 hjá iðnaðarmönnum og skrifstofufólki. Auk þess kom 3,5% launaþróunartrygging til framkvæmda þar sem heimilt var að draga launaskrið frá 1. janúar 2009 til 1. nóvember 2009 frá hækkuninni.

Ríkisstjórnin gaf frá sér yfirlýsingu í tengslum við endurskoðunina þar sem eftirfarandi kom m.a. fram:

1. ASÍ og SA gerðu athugasemdir við umfang aðhaldsaðgerða ríkisfjármála og áformaðar skattahækkanir en stjórnvöld hugðust minnka halla á rekstri hins opinbera um 1,5% af landsframleiðslu meira en samkomulagið við AGS gerði ráð fyrir. Munaði þar 23 milljörðum króna á árinu 2010 sem áform voru um að sækja með skattahækkunum. Samkomulag varð um að endurmeta umfang aðhaldsaðgerða þannig að mögulegar breytingar á aðhaldsstiginu kæmu til lækkunar á áformuðum skattahækkunum.
2. Fyrirheit voru gefin um að við breytingar á tekjuskattskerfinu yrði höfð hliðsjón af fyrri markmiðum um breytingar á skattleysismörkum en þau áttu að hækka verulega samkvæmt kjarasamningum ASÍ og lögum.
3. Fyrirheit voru gefin um að vinna áfram að breytingum á lögum um greiðsluáðlögun skulda heimilanna ásamt frekari aðgerðum.
4. Ríkisstjórnin lýsti sig reiðubúna til að hefja viðræður um breytt fyrirkomulag á þjónustu við atvinnulausa þar sem aðilar vinnumarkaðarins axli verulega ábyrgð á framkvæmd kerfisins.
5. Ekki yrði gripið inn í þann sáttafarveg um endurskoðun fiskveiðistjórnunarinnar sem ákveðin var með skipun sérstakrar nefndar.
6. Allt kapp yrði lagt á atvinnusköpun og að greiða fyrir fjárfestingum í atvinnulífina og hraða úrvinnslu mála sem tengjast þegar ákveðnum og fyrirhuguðum stórframkvæmdum. Ríkisstjórn var kunnugt um að mikilvægar ákvarðanir í þeim efnum þyrfti að taka fyrir lok nóvembermánaðar.

Það atriði, sem ekki tókst að jafna ágreining um, varðaði áform stjórnvalda um nýja orku, umhverfis- og auðlindaskatta sem kynnt voru í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2010. Í frumvarpinu voru settar fram óræddar og lítt útfærðar

hugmyndir um orku-, auðlinda- og umhverfisskatta sem ollu óvissu um nýjar fjárfestingar. Viðbrögð fyrirtækjanna við svona óvissu, er að fresta fjárfestingarárkvörðunum eða falla frá þeim. Áhyggjur samninganefndar ASÍ voru þær að ef ekki kæmi til þeirra fjárfestingaáforma, sem kynntar höfðu verið og voru hluti af forsendum þjóðhagsáætlunar og fjárlagafrumvarps, myndi tvennt gerast. Atvinnuleysi yrði meira en áætlanir gerðu ráð fyrir og afkoma ríkissjóðs versnaði þar sem útgjöld ykjast vegna atvinnuleysis og tekjur drægjust saman vegna minni umsvifa í hagkerfinu.

Í viðræðum ASÍ og SA mótaðist sú afstaða að við núverandi aðstæður væri mikilvægt að finna aðra leið til tekjuöflunar til að setja ekki nýjar fjárfestingar í uppnám. Jafnframt lagði samninganefnd ASÍ mikla áherslu á að atvinnulífið yrði sjálft að tryggja tekjur fyrir ríki og sveitarfélög með öðrum hætti. Í þessu sambandi samþykkti samninganefndin tillögu um að atvinnutryggingagjald yrði hækkað til að fjármagna Atvinnuleysistryggingasjóð gegn því að aðilar vinnumarkaðarins hefðu meira um framkvæmd trygginganna að segja.

Í desember 2009 voru lögð fram frumvörp ríkisstjórnarinnar um tekjuöflun. Þar var gert ráð fyrir að fella brott verðtryggingu persónuafsláttar og einnig sérstaka 3.000 kr. hækkun hans sem þegar hafði verið lögbundið að kæmi til framkvæmda um áramótin. Um hvorttveggja hafði ASÍ samið við ríkisvaldið. Miðstjórn ályktaði um málið þann 16. desember þar sem áformunum var mótmælt eða eins og sagði í ályktuninni:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum ríkisstjórnar Íslands að virða ekki gerða samninga. Samkvæmt stjórnarfrumvarpi um breytingar á tekjuskattkerfinu þá áforma stjórnvöld að afnema verðtryggingu persónuafsláttar sem ASÍ samdi um við þáverandi ríkisstjórn í tengslum við endurskoðun kjarasamninga 2006. Ríkisstjórnin lætur ekki þar við sitja heldur áformar einnig, einhliða og án viðræðna við sinn viðsemjanda, að afnema 3000 króna sérstaka hækkun persónuafsláttar sem verkalýðshreyfingin samdi um við ríkisstjórnina í tengslum við kjarasamninga í febrúar 2008 og er hluti af gildandi kjarasamningi.

Miðstjórn ASÍ hafnar alfarið vinnubrögðum af þessu tagi þar sem ekki er staðið við gerða samninga. Miðstjórn ASÍ krefst þess að ríkisstjórnin dragi þessar hugmyndir til baka þegar í stað.“

Vaxandi óánægja með framgang stöðugleikasáttmálans

Eftir síðustu áramót kom vaxandi óánægja með framgang stöðugleikasáttmálans ítrekað fram á samráðsvettvangi aðila stöðugleikasáttmálans og einnig í miðstjórn. Þann 24. mars ritaði forseti ASÍ forsætisráðherra eftirfarandi bréf þar sem hann lýsti óánægju með samskiptin við stjórnvöld og vanefndir ríkisstjórnarinnar á einstökum ákvæðum stöðugleikasáttmálans.



Forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir
Stjórnarráðshúsinu /Lækjargötu
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2010.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fjallaði á fundi sínum í dag um upplegg félags- og tryggingamálaráðherra vegna boðaðrar sameiningar Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlits ríkisins í Vinnumarkaðsstofnun. Með því er rofin sú áratuga sátt sem verið hefur um samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um fyrirkomulag samráðs og samábyrgðar á íslenskum vinnumarkaði. Þá var á fundinum fjallað um vanefndir ríkisstjórnarinnar á stöðugleikasáttmálanum varðandi þau atriði hans sem lúta að því að tryggja öllu launafólki rétt til starfsendurhæfingar.

Ekkert ætti að þurfa að fjölýrða um þá mikilvægu hagsmuni sem hér er um að tefla og þær afleiðingar sem framganga stjórnvalda í þessum málum mun hafa að óbreyttu. Til að taka af öll tvímæli er þó mikilvægt að benda á eftirfarandi.

Félags- og tryggingamálaráðherra kynnti í byrjun vikunnar áform ríkisstjórnarinnar um sameiningu Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlitsins í nýja Vinnumarkaðsstofnun sem gegna á lykilhlutverki við framkvæmd og þróun málefna vinnumarkaðarins hér á landi í framtíðinni.

Ekkert samráð var haft við aðila vinnumarkaðarins um þessi áform eða efni málsins að öðru leyti. Með fyrirhugðum breytingum er slitið á öll formleg tengsl og aðkomu aðila vinnumarkaðarins að þeim verkefnum sem Vinnumarkaðsstofnun mun hafa með höndum og allt vald varðandi málefni hinnar nýju stofnunar færð í hendur ráðherra og forstjóra sem starfar í umboði hans.

Samstarf og samábyrgð aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um málefni vinnumarkaðarins er eitt af helstu einkennum norrænu velferðarsamfélaganna og vinnumarkaðsmódelisins og jafnframt einn helsti styrkur þeirra. Hér á landi hefur um langt árabíll verið víðtæk sátt í megin atriðum um þetta fyrirkomulag. Með þeim áformum stjórnvalda sem nú hafa verið kynnt er verið að rjúfa þessa sátt og um leið er veglið að því fyrirkomulagi sem byggt hefur verið upp á íslenskum vinnumarkaði. Alþýðusamband Íslands mun aldrei sætta sig við þá stefnubreytingu yfirvalda sem með þessu er boðuð.

Með samkomulagi í nefnd forsætisráðherra um nýja hugsun og nálgun varðandi örorkumat og með yfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar var í febrúar 2008 gerð mikilvæg sátt á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um uppbyggingu og þróun starfsendurhæfingar á vinnumarkaði. Markmiðið er að tryggja öllu launafólki sem hefur þörf á slíku rétt til starfsendurhæfingar í kjölfar veikinda eða slysa. Jafnframt var sátt um hvernig fjármagna ætti þetta mikilvæga verkefni með framlagi allra aðila sem



málið varðaði, þ.m.t. stjórnvalda. Óumdeilt er að með þessu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda var stigið mikilvægt skref til að treysta réttindi og möguleika fólks á vinnumarkaði og til að auka lífsgæði þeirra sem lenda í áföllum vegna veikinda og slysa, sem um leið er mikilvægt framfaraskref fyrir samfélagið í heild.

Framangreind sátt var áréttuð af stjórnvöldum með stöðugleikasáttmálanum í júní á síðasta ári, þar sem fulltrúar aðila vinnumarkaðar samþykktu verulega lækkun og seinkun á framlögum ríkisins vegna erfiðrar stöðu ríkisfjármála. Þar var jafnframt ákveðið hvernig staðið yrði að málum þannig að öllu launafólki á vinnumarkaði yrði tryggður með löggjöf sami réttur til starfsendurhæfingar. Minna má á, að um 1/3 félagsmanna ASÍ eru nú án þessara réttinda þar sem þeir starfa hjá fyrirtækjum sem ekki eru aðilar að samtökum atvinnurekenda.

Tafist hefur úr hófi að ríkisstjórnin stæði við sinn hluta samkomulagsins, þrátt fyrir itrekaðar yfirlýsingar um bragabót. Nú hefur komið fram af hálfu tveggja ráðherra að ekki sé samstaða innan ríkisstjórnarflokkanna um að standa við þessar skuldbindingar ríkisstjórnarinnar. Verði það niðurstaðan mun það koma í veg fyrir að stórir hópar fólks á vinnumarkaði njóti réttar til starfsendurhæfingar. Ljóst er að standi stjórnvöld ekki við sín fyrirheit er um skýrt brot á samkomulagi aðila að ræða og augljóslega mun slík framganga draga mjög úr trausti í samskiptum aðila.

Það er því skýlaus krafa Alþýðusambands Íslands að stjórnvöld dragi til baka áform um grundvallarbreytingar varðandi fyrirkomulag á íslenskum vinnumarkaði, eins og þau hafa verið sett fram í tengslum við uppstokkun á lykilstofnunum vinnumarkaðarins. Þess er jafnframt krafist að sest verði að samráði við aðila vinnumarkaðarins um breytingar á hlutverki og verkaskiptingu bæði stofnana og aðila sem byggja á þeirri sátt sem ríkt hefur um sameiginlega ábyrgð aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda á þróun og uppbyggingu vinnumarkaðarins og yfirlýsingum sem ríkisstjórnin gaf við endurskoðun kjarasamninga í október 2009.

Jafnframt krefst ASÍ þess að stjórnvöld standi að fullu við skuldbindingar sínar um lögbindingu á greiðsluskyldu atvinnurekenda og lífeyrissjóða til starfsendurhæfingar með þeim hætti að frumvarp verði lagt fram á Alþingi eigi síðar en n.k. mánudag.

Virðingarfyllst,

Gylfi Arnbjörnsson
Forseti ASÍ

Þann 27. mars 2010 lýstu Samtök atvinnulífsins því yfir að þau litu svo á að

...ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hafi með aðgerðum sínum og aðgerðaleyfi vísað SA frá stöðugleikasáttmálanum sem undirritaður var 25. júní 2009. Kornid sem fyllti mælinn var samþykkt skötuselsfrumvarpsins svokallaða en áður hafði byggst upp mikil þreyta innan samtakanna vegna hægagangs í mörgum málum.

Formannafundur Alþýðusambandsins var haldinn á Grand hótél þann 29. mars. Til fundarins var boðað til að ræða stöðuna í efnahags- og atvinnumálunum. Áhyggjur vegna stöðu atvinnumála voru áberandi á fundinum og var þungt í mönnum. Ríkisstjórn og sveitarfélög voru gagnrýnd fyrir framtaksleysi varðandi stærri framkvæmdir. Þá var stjórnarandstaðan einnig gagnrýnd fyrir sína framgöngu. Einnig kom fram hörð gagnrýni á hendur Samtaka atvinnulífsins fyrir að segja sig frá stöðuleikasáttmálanum vegna skötusels þegar þúsundir manna eru búnar að missa vinnuna. Fundarmenn töldu ákveðin verðmæti í sáttmálanum; samstaða þeirra fjölmörgu aðila sem komu að honum væri afar mikilvæg svo unnt sé að koma hjólum atvinnulífsins aftur af stað. Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins yrðu að taka höndum saman um að vinna þjóðina út úr vandanum.

Þann 20. apríl boðaði Alþýðusamband Íslands til fundar með þeim aðilum sem höfðu frumkvæði að stöðugleikasáttmálanum í fyrra. Á fundinum kom fram sú krafa ASÍ að Samtök atvinnulífsins kæmu aftur að samstarfinu enda sé verkefnið, sem gengið var til sl. Sumar, enn óleyst og efnahagsaðgerða sé þörf til að koma hjólum atvinnulífsins af stað. ASÍ lagði fram eftirfarandi tillögu um framhald samstarfs aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um aðgerðir til að endurreisa efnahags- og atvinnulíf og fjölga störfum:

Tillaga ASÍ um framhald samstarfs aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda umaðgerðir til að endurreisa efnahags- og atvinnulíf og fjölga störfum

Í aðdraganda kosninganna í apríl 2009 höfðu aðilar vinnumarkaðarins frumkvæði að því að efna tilviðtæks samráðs vinnumarkaðarins og stjórn-málaflokkanna um mótun stefnu í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum með það að markmiði að varða leiðina út úr þeim efnahagsþrengingum sem þjóðin stæði frammi fyrir. Sett voru fram drög að aðgerðaáætlun og skilgreind skýr og tölusett markmið um helstu lykilstærðir eins og vexti, gengi, verðbólgu, ríkisfjármál, lífskjör almennings og atvinnustig. Með gerð stöðugleikasáttmá-lans, sem var afrakstur viðræðna aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um nánari útfærslur þessara markmiða, var lagður grunnur að samstarfi þessara aðila ásamt því að ríkisstjórnin gaf fyrirheit um einstaka atriði.

Þrátt fyrir að margt hafi vel tekist við endurreisn efnahagslífsins er ljóst að þessi sáttmáli hefur ekki reynst sá vettvangur umræðu og ákvarðanatöku sem vænst var. Ítrekaðar tafir hafa orðið á framvindu áætlunar AGS og stjórnvalda m.a. vegna deilunnar um Icesave-reikningana. Alvarlegar deilur um einstaka þætti sáttmálans hafa markað djúp spor í samstarfið og nýverið sagði framkvæmdastjórn SA sig formlega frá sáttmálanum þannig að staða hans er óljós sem stendur. Forysta ASÍ lýsir því miklum áhyggjum af stöðu þessara mála. Þau markmið, sem aðilarvinnnumarkaðarins höfðu frumkvæði að því að setja um endurreisn efnahags- og atvinnulífsins og bætta stöðu heimila og fyrirtækja, standa óbreytt. Minnt er á að allt að 15.000 manns eru án atvinnu sem stendur og verulegar líkur á að þeim fjölgi enn frekar. Ábyrgð sammingsaðila vinnnumarkaðar er mikil og væntingar launafólks og almennings standa til þess að við höfum ákveðna forystu um að leiðarhjóðina út úr þessum ógöngum. Við þessu verðum við að bregðast – hvað sem viðkemur einstaka deiluefnum – þrátt fyrir vonbrigði með hvernig til hafi tekist.

Því leggur forysta ASÍ til að í stað þess að einblína á samninginn frá 25. júní 2009 sameinist aðilar vinnnumarkaðarins og stjórnvöld um að leita sameiginlegra lausna á þeim brýnu verkefnum semframundan eru. Við væntum þess að ríkisstjórn og Alþingi efni þau atriði sáttmálans, sem þegar er búíð að setja í farveg með lagafrumvörpum og ákvörðunum. Forysta ASÍ leggur því til að efnt verði til náins samstarfs af hálfu aðila vinnnumarkaðarins og stjórnvalda um nauðsynlegar aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum á næstu vikum sem hafi það aðmarkmiði að skilgreina þá stöðu efnahagsmála eins og hún blasir við nú, m.a. á grunni afgreiðslu AGS á öðrum hluta efnahagsáætlunarinnar í síðustu viku. Að mati ASÍ er viðfangsefnið að mynda grunn að umfangsmikilli aðgerðaráætlun í efnahags- og atvinnumálum sem geti verið sá stökkipallur sem atvinnulífið þarf nauðsynlega á að halda til að fjölga hér störfum og auka tekjur landsmanna. Meðal þeirra atriða, sem nauðsynlegt er að bregðast við, eru lágt gengi íslensku krónunnar, gjaldeyrishöft og háir vextir, viðvarandi verðbólguþrýstingur, auknar framkvæmdir á vegum hins opinbera meðaðkomu lífeyrissjóðanna, staða ríkisfjármála næstu misseri og ár og erfið greiðslu- og skuldastaðaheimilanna. Einnig leggur ASÍ áherslu á að unnið verði að krafti í nefnd aðila um siðferði og samfélagslega ábyrgð í endurreisn atvinnulífsins en skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis og Siðfræðihópsins undirstrikar mikilvægi þess að settar verði skýrari og skrifaðar leikreglur, bæði í stjórnsýslu og atvinnulífi.

Það er skoðun ASÍ að forsenda árangurs sé náíð samráð þessara aðila og að umfang og áhrif slíkra aðgerða verði að vera umtalsverð og muni verða ráðandi um afstöðu og þolinmæði launafólks gagnvart frekara samstarfi.

Þann 25. maí var haldinn fundur formanna aðildarfélaga ASÍ. Þungt hljóð var í fundarmönnum. Fundarmenn töldu ljóst að erfiðir kjarasamningar færu í hönd með haustinu þar sem verkalýðshreyfingin myndi nýta afl sitt til að sækja kjarabætur. Mikil gagnrýni kom fram á ríkisstjórnina fyrir ýmsar sakir en helst vegna aðgerðarleysis í atvinnumálum.

Það voru einkum þrjú stef sem einkenndu umræðuna um efnahags- og atvinnumál. Ríkisstjórnin fékk falleinkunn fyrir aðgerðarleysi í baráttunni gegn atvinnuleysi og seinagang við að koma verkefnum í gang sem lífeyrissjóðirmir eru tilbúnir að fjármagna. Þá bar nokkuð á ótta um að ríkisstjórnin myndi ráðast á millitekjuhópinn þegar hún talar um hátekjuskatt. Skýrt kom fram í máli verkalýðsforingjanna að svik ríkisstjórnarinnar um hækkun persónu-afsláttar nú í vetur eru geymd en ekki gleymd. Rætt var um kjarasamningana sem framundan eru í haust. Kom fram í máli manna að erfiðar viðræður stæðu fyrir dyrum og mikilvægara en oftast áður að verkalýðshreyfingin standi saman. Sameiginlegur slagkraftur hreyfingarinnar er afl sem gæti þurft að beita í kjarasamningsgerðinni. Í þriðja lagi var rætt um mikilvægi þess að ná fram jöfnun lífeyrisréttinda á við opinbera starfsmenn. Brann það mál mjög heitt á mörgum fundarmönnum.

Á fundi sínum þann 16. júní gagnrýndi miðstjórn ASÍ ríkisstjórnina

...harðlega fyrir að standa ekki við fyrirheit um starfsendurhæfingu í stöðugleikasáttmálanum. Miðstjórninni er engin launung á því að væntingar til lögbindingar þessara ákvæða voru síðasta hálmstráið sem rökstuddi aðild ASÍ að stöðugleikasáttmálanum. Nú er sú von að engu orðin og lýsir miðstjórn ASÍ því formlega yfir að engar forsendur eru fyrir aðkomu þess að frekari samstarfi á þeim grunni.

Starfsendurhæfing og svikin loforð stjórnvalda

Ályktun miðstjórnar um starfsendurhæfingu er í heild á þessa leið:

Réttur til starfsendurhæfingar er mikilvægur liður í að efla og treysta stöðu launafólks á vinnumarkaði sem lendir í áföllum vegna veikinda og slysa. Um leið er hún stórt hagsmunamál fyrir samfélagið í heild.

Með yfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar í tengslum við gerð kjarasamninga í febrúar 2008 var gerð mikilvæg sátt á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um uppbyggingu og þróun starfsendurhæfingar á vinnumarkaði. Markmiðið er að tryggja öllu launafólki rétt til starfsendurhæfingar í kjölfar veikinda eða slysa. Jafnframt var gerð sátt um það hvernig fjármagna ætti þetta mikilvæga verkefni með framlagi allra aðila, þar með talið stjórnvalda.

Framangreind sátt var áréttuð af núverandi ríkisstjórn með stöðugleika-

sáttmálanum í júní á síðasta ári, þar sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins samþykktu verulega lækkun og seinkun á framlögum ríkisins vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs. Þar var jafnframt ákveðið hvernig staðið yrði að málum til að öllu fólki á vinnumarkaði yrði tryggður réttur til starfsendurhæfingar. Samkvæmt samkomulaginu átti að afgreiða málið á Alþingi fyrir lok síðasta árs. Minna má á að meira en 1/3 félagsmanna ASÍ eru nú án þessara réttinda.

Nú liggur fyrir að frumvarp um lögbindingu á greiðsluskyldu atvinnurekenda og lífeyrissjóða til starfsendurhæfingar verður ekki afgreitt á yfirstandandi þingi og málið allt í uppnámi. Þar með hafa stjórnvöld enn á ný svikið þau loforð sem gefin hafa verið. Með þessari framgöngu eru stjórnvöld og Alþingi beinlínis að koma í veg fyrir að stórir hópar fólks á almennum vinnumarkaði og öryrkjar hjá lífeyrissjóðunum njóti réttar til starfsendurhæfingar.

Miðstjórn ASÍ gagnrýnir ríkisstjórnina harðlega fyrir að standa ekki við fyrirheit í stöðugleikasáttmálanum. Það er engin launung að væntingar miðstjórnar ASÍ til lögbindingar þessara ákvæða vorusíðasta hálmstráid sem rökstuddi aðild ASÍ að þessum svokallaða sáttmála þrátt fyrir aðgerða- og úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum. Nú er ljóst að sú von er að engu orðin og lýsir miðstjórn ASÍ því formlega yfir að engar forsendur eru fyrir aðkomu þess að frekari samstarfi á þeim grunni.

Miðstjórn ASÍ ítrekar fyrri hvatningu til aðildarfélaga sinna um að hefja undirbúning að gerð kjarasamninga. Ljóst má vera að framundan eru erfiðar viðræður um gerð nýrra kjarasamninga og barátta fyrir réttindum félagsmanna aðildarfélaga Alþýðusambandsins.

Á fundi miðstjórnar ASÍ 27. ágúst 2010 kom fram að ríkisstjórnin hefði boðað aðila stöðuleikasáttmálans á fund til að ræða aðkomu að nýrri samstarfsáætlun. Þar kom fram af hálfu fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar að reynslan af stöðugleikasáttmálanum og framgangi hans væri ekki með þeim hætti að hún gæfi tilefni til bjartsýni varðandi samstarf stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar.

Í reynd hefðu stjórnvöld ekki staðið við mikilvæga þætti sáttmálans og ekki hefði verið hægt að treysta þeim loforðum sem ríkisstjórnin gaf í tengslum við hann. Í því sambandi var bent á aðgerðaleysið í atvinnumálum, sem ASÍ hefur lengi gagnrýnt, og svik varðandi lögbindingu framlaga til Starfsendurhæfingarsjóðs. Af þessum ástæðum hefði ASÍ sagt sig frá stöðugleikasáttmálanum.

Þá lægi nú fyrir að ríkisstjórnin ætlar ekki að standa við loforð í skattamálum auk þess sem ekki á að verðbæta lífeyrisgreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega. Hefðu stjórnvöld raunverulegan áhuga á samstarfi væri réttast að þau byrjuðu á að efna það sem þegar hefði verið lofað. Fram kom á miðstjórn-

arfundinum að lítil áhugi væri meðal félagsmanna aðildarfélaganna á nýjum stöðugleikasáttmála eða „samstarfsáætlun“ í ljósi framgöngu stjórnvalda.

Þann 16. september 2010 var haldinn fundur formanna aðildarféлага ASÍ. Á fundinum voru komandi kjarasamningar m.a. ræddir. Fundarmenn voru almennt á þeirri skoðun að komandi kjarasamningar yrðu erfiðir og að mikið skorti á nauðsynlegt traust gagnvart ríkisstjórninni.



Atvinnumál

Í ágúst var skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun 7,3% samanborðið við 7,5% í mánuðinum á undan og 7,7% á sama tíma fyrir ári. Atvinnuleysi meðal karla er 7,3% en meðal kvenna 7,4%. Atvinnuleysi er talsvert meira á höfuðborgarsvæðinu (8,3%) en á landsbyggðinni (5,5%), mest er það þó á Suðurnesjum (11%).

Yfirleitt er atvinnuástandið best á sumrin og fram eftir hausti en verst yfir háveturinn og frameftir vori. Miðað við þetta má ætla að skráð atvinnuleysi minnki örlítið næstu 1–2 mánuði en versni síðan aftur í vetur.


Atvinnuleysi

Alls voru 12.714 manns atvinnulausir í lok ágúst, þar af 10.336 atvinnulausir að fullu, 1.815 í hlutastörfum og 563 óskuðu ekki eftir fullu starfi.

Atvinnulausum fjölgaði mjög hratt í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Á heildina lítið hefur þeim lítið fækkað síðan þá. Ástandið hefur skánað yfir sumarmánuðina en nánast farið í sama farið yfir veturinn.

Nánari greining á gögnum um atvinnulausa í lok ágúst leiðir eftirfarandi í ljós:

- Tæplega $\frac{3}{4}$ atvinnulausra búa á höfuðborgarsvæðinu. Fyrir hrundi var



fjöldi atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni nokkuð svipaður. Eftir hrunið fjölgaði atvinnulausum á höfuðborgarsvæðinu mun meira en á landsbyggðinni.

- Ríflega helmingur atvinnulausra eru karlmenn. Fyrir hrunið var fjöldi atvinnulausra karla og kvenna nánast sá sami. Eftir hrunið fjölgaði atvinnulausum körlum mun meira en atvinnulausum konum. Munurinn, sem nú er á milli kynjanna, virðist reyndar vera árstíðabundinn og minnka yfir sumarmánuðina.
- Rúmlega 2/3 hlutar atvinnulausra eru á aldrinum 25–54 ára. Þeir sem út af standa skiptast nokkurn veginn jafnt milli elstu og yngstu aldurshópanna. Rétt fyrir hrunið hafði hlutfall eldra fólks verið að aukast. Um tíma eftir hrunið snerist þessi þróun við og hlutfall yngri aldurshópanna jókst. Frá hausti 2009 hefur aldurssamsetning atvinnulausra hins vegar lítið breyst.
- Flestir atvinnulausra eru aðeins með grunnskólamenntun (51%). Þeir sem eru með iðnnám eða stúdentspróf eru 25% allra atvinnulausra, þeir sem eru með háskólapróf 17% og þeir sem eru með verslunarpróf, vélstjórnar- eða stýrimannanám eða margs konar nám á framhaldsskólastigi 7%. Eftir hrun hefur atvinnulausum fjölgað í öllum menntahópum. Hins vegar er athyglisvert að þeim sem hafa á bak við sig iðnnám eða stúdentspróf hefur fjölgað langmest, næstum nífaldað, og fjöldi þeirra sem er með háskólapróf hefur meira en sexfaldað.

- Flestir atvinnulausra koma úr verslun og viðgerðarþjónustu (18%), mannvirkjagerð (14%) og iðnaði og hráefnavinnslu (10%). Þá er einnig talsverður hluti sem kemur úr sérfræðistarfsemi, fjármála- og tryggingaþjónustu og margs konar annarri sérhæfðri þjónustu (samtals um 15%). Eftir hrunið hefur atvinnulausum fjölgað í öllum atvinnugreinum nema opinberri stjórnsýslu þar sem þeim hefur fækkað talsvert. Mest hefur fjölgunin verið í mannvirkjagerð (þrettánföldun), sérfræðistarfsemi (ellefuföldun), trygginga- og fjármálaþjónustu (níföldun) svo og í menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi (áttföldun).
- Þeir sem hafa verið án vinnu lengur en sex mánuði eru 61% allra atvinnulausra og þeir sem hafa verið atvinnulausir lengur en í eitt ár rúmlega þriðjungur. Langtímaatvinnulausum hefur fjölgað hratt síðan á útmánuðum 2009. Um haustið það ár voru þeir helmingur allra atvinnulausra. Hlutfallið lækkaði örlítið um áramótin, þegar nýtt fólk bættist á atvinnuleysissskrá vegna versnandi atvinnuástands um veturinn, en hefur farið vaxandi á ný. Hlutfall langtímaatvinnulausra er hærra á höfuðborgarsvæðinu (63%) en á landsbyggðinni (57%). Hæst er það á Suðurnesjum (64%) en lægst á Vestfjörðum (30%). Það er heldur hærra hjá körlum en konum. Langtímaatvinnuleysi er mjög háð aldri. Meðal yngstu aldurshópanna, 16–24 ára, eru langtímaatvinnulausir aðeins 51% atvinnulausra en meðal elstu aldurshópanna, 55 ára og eldri, 72%.

Eftirspurn vinnuafis

Í kjölfar efnahagshrunsins hefur mjög dregið úr eftirspurn vinnuafis. Samdráttur í fjárfestingum og einkaneyslu hefur dregið þrött úr greinum eins og mannvirkjagerð, sérfræðistarfsemi, verslun og þjónustu. Á sama tíma hefur hægfare hagræðing og tækniframfarir dregið úr þörf eftir vinnuafli í öðrum greinum, sem koma betur undan hruninu, eins og í sjávarútvegi og fiskvinnslu.

Ekki er ástæða til mjög mikillar bjartsýni þegar horft er fram á við. Reyndar má benda á að allt stefnir í að hópuppsagnir verði mun færri í ár en í fyrra. Fram til loka ágúst hefur t.d. aðeins 494 manns verið sagt upp í hópuppsögnum samanborið við 1.789 manns allt árið í fyrra. Þá er ljóst að væntingar neytenda samkvæmt væntingavísitölu Gallups hafa tekið að glæðast. Þannig hækkaði vísitalan um tæplega 3 stig í ágúst frá fyrra mánuði og stendur nú í 69,9 stigum sem er hæsta gildi hennar frá því fyrir hrun. Þar sem vísitalan er enn undir hundrað stigum eru samt fleiri svartsýnir en bjartsýnir á ástandið. Af undirvísitölum væntingavísitöluunnar hækkar mat á atvinnuástandi mest milli mánaða eða um rúmlega 8 stig og mælist nú 73,8 stig.

Hins vegar gefur könnun Gallup á stöðu og horfum meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins til kynna heldur dekkri horfur. Á öðrum ársfjórðungi í ár töldu

nær allir stjórnendurnir aðstæður í efnahagslífinu slæmar og hefur það viðhorf nánast ekkert breyst frá hrúni. Þeir horfa samt heldur bjartari augum til framtíðar en áður. Í fyrsta skipti í 3 ár eru fleiri sem sjá fram á betri tíð eftir 6 mánuði en þeir sem spá versnandi horfum. Nær allir sem spurðir voru telja sig hafa nægt starfsfólk. Fækkun starfsfólks er fyrirhuguð hjá 28% fyrirtækja, 14% hyggst fjölga starfsmönnum en 58% býst við óbreyttum starfsmannafjölda. Þetta er heldur dekkri sýn en kom fram í síðustu könnun.

Mörg óútkljáð mál vofa yfir atvinnulífinu. Icesave-deilan við Bretland og Holland er óleyst. Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja hefur tafist. Deilt er um aðkomu erlendra fjárfesta að íslensku atvinnulífi. Tekist er á um ráðstöfun á náttúruauðindum Þjóðarinnar. Margvíslegar hindranir hafa komið upp varðandi verklegar framkvæmdir sem stjórnvöld hétu að greiða fyrir í stöðugleikasáttmálanum. Svona mætti áfram telja en ljóst er að við þessar aðstæður mun nýjum störfum óhjákvæmilega fjölga hægar en vonast var til.

- Í grófum dráttum má greina stöðuna, sem blasir við í mismunandi atvinnugreinum, með eftirfarandi hætti:
- Í iðnaði og hráefnavinnslu, mannvirkjagerð, verslun og viðgerðum og flutningastarfsemi er ástandið heldur skárri í ár en í fyrra, þ.e. atvinnulausum fjölgaði ekki eins mikið um veturinn og fækkaði síðan meira um sumarið en þá.
- Í ýmissi sérhæfðri þjónustu, svo sem eins og bílaleigu, atvinnumiðlun, starfsemi ferðaskrifstofa, öryggisvörslu, fasteignaumsýslu, hreingerning- arþjónustu og skruðgarðyrkju, virðist atvinnuástandið nánast óbreytt frá því í fyrra.
- Í gistihúsa- og veitingastarfsemi, svo og menningar-, íþrótt- og tómstunda-starfsemi, er ástandið talsvert verra í ár en í fyrra, þ.e. atvinnulausum fjölgaði meira um háveturinn og fækkaði minna nú í sumar en þá.
- Eftir mikinn skell í upphafi hrunsins hefur atvinnuástandið í upplýsinga- og fjarskiptagreinum, sérfræðiþjónustu og fjármálageiranum lagast jafnt og þétt – án þess að nokkuð bakslag kæmi síðasta vetur eins og í mörgum öðrum greinum. Ástandið í fjármálageiranum hefur reyndar lítið lagast frá því síðasta haust.
- Í heilbrigðis- og menntastarfsemi versnaði ástandið ekki eins mikið og í öðrum greinum fyrst eftir hrúnið en það hefur hins vegar sigið á ógæfuhliðina jafnt og þétt án þess að ástandið hafi lagast áberandi mikið á sumrin eins og í mörgum öðrum greinum.

Framboð vinnuafis

Minni eftirspurn eftir vinnuafli leiðir óhjákvæmilega til aukins atvinnuleysis. Á móti kemur að efnahagsþrengingar hafa margvísleg áhrif á hegðun fólks á

vinnumarkaði. Fólk lagar sig að breyttum aðstæðum, t.d. með því að hverfa af vinnumarkaði tímabundið, flytjast af landi brott og/eða með því að verða sér úti um nýja færni sem eykur möguleika þess að fá vinnu. Þessi sveigjanleiki leiðir til þess að atvinnuleysi verður minna en ella. Íslenskur vinnumarkaður er tiltölulega sveigjanlegur hvað þetta varðar.

Breytingar á vinnumarkaði

Strax í kjölfar hrunsins tapaðist gífurlegur fjöldi starfa. Til að byrja með leiddi þetta nánast til samsvarandi fjölgunar atvinnulausra. Fljótlega byrjaði þó fólk að yfirgefa vinnumarkaðinn í stórum stíl. Á þriðja ársfjórðungi 2009 höfðu t.d. tapast um 12 þúsund störf miðað við sama tíma árið áður. Atvinnulausum hafði hins vegar aðeins fjölgað um sex þúsund þar sem fólki á vinnumarkaði hafði fækkað um önnur sex þúsund.

Á öðrum ársfjórðungi í ár fjölgaði starfandi einstaklingum milli ára í fyrsta skipti síðan fyrir hrún. Þetta er samt ekki eins afgerandi breyting og kann að virðast í fyrstu eins og sést ef gögnin eru brotin til mergjar.

Þannig má sjá að þrátt fyrir að atvinnulausum körlum hafi fækkað um 1.400 þá fjölgaði starfandi körlum ekki neitt. Í þeirra röðum fækkaði einstaklingum á vinnumarkaði einfaldlega jafn mikið og sem nam fækkun atvinnulausra. Þetta jafngildir því að allir þeir karlar, sem töldust ekki lengur atvinnulausir, hafi einfaldlega horfið af vinnumarkaði.

Þá er ljóst að þrátt fyrir að starfandi konum fjölgaði um 2.000 þá fjölgaði atvinnulausum konum um hátt í 1.000. Í þeirra röðum fjölgaði einstaklingum á vinnumarkaði einfaldlega mun meira en sem nam fjölgun starfa.

Af þessu má ljóst vera að það gengur enn mjög hægt að skapa ný störf. Mjög margir karlar eru enn að yfirgefa vinnumarkaðinn og atvinnulausum konum fjölga.

Búferlaflutningar/erlendir ríkisborgarar

Þróun í búferlaflutningum er í meginatriðum í samræmi við þá miklu fækkun sem varð á fjölda fólks á vinnumarkaði árið 2009.

Á tímabilinu 2005–2008 fluttu 15.391 fleiri til landsins en frá því. Um 806 fleiri Íslendingar fluttu reyndar frá landinu en til þess. Þetta var hins vegar miklu meira en vegið upp af erlendum ríkisborgurum en 16.200 fleiri úr þeirra röðum fluttu til landsins en frá því. Mikil umskipti urðu síðan árið 2009 en þá fluttu 4.835 fleiri frá landinu en til þess, 2.466 fleiri Íslendingar og 2.369 fleiri erlendir ríkisborgarar.

Miðað við þessar upplýsingar má ætla að erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði séu nú um 15-16 þús. manns eða um 8-9% af vinnumarkaðnum. Þar sem atvinnulausir erlendir starfsmenn eru um 2.000 manns þýðir

Þetta að atvinnuleysi meðal þeirra er ríflega 13% sem er mun hærra hlutfall en meðalatvinnuleysið í landinu. Þetta helgast sennilega af því að flestir þeirra störfuðu í mannvirkjagerð (27%) en þar fjölgaði atvinnulausum langmest eftir hrúnið.

Vinumarkaðsaðgerðir

Í kjölfar hrunsins hafa verið innleidd margvísleg úrræði er miða að því að draga úr neikvæðum afleiðingum atvinnuleysisins og flýta fyrir bata á vinnumarkaðnum.

- Hlutabætur: Í nóvember 2008 voru samþykktar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Breytingin fól m.a. í sér rétt einstaklinga til atvinnuleysisbóta á móti minnkuðu starfshlutfalli. Úrræði eins og hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli eru m.a. til þess fallin að dreifa byrði atvinnuleysisins. Af þeim sem voru skráðir atvinnulausir nú í ágúst voru samtals 1.815 í hlutastörfum, þar af fengu 1.077 einstaklingar greiddar hlutabætur.
- Vinnumarkaðsaðgerðir: Með reglugerðum, sem tóku gildi í janúar 2009, var kveðið á um hvaða úrræði atvinnuleitendur geta tekið nýtt sér samhliða því að fá greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Hér er um að ræða úrræði eins og námssamninga, starfsþjálfun, reynsluráðningu, atvinnutengda endurhæfingu, þróun eigin viðskiptahugmyndar og þátttöku í frumkvöðla-starfi, sjálfboðaliðastörfum eða sérstökum átaksverkefnum.

Átaksverkefni:

- Ungt fólk til athafna. Átakinu var hleypt af stokkunum í janúar 2010. Markmiðið er að enginn verði atvinnulaus lengur en þrjá mánuði án þess að bjóðast virkniúrræði. Í þessu samhengi var sett fram áætlun um að skapa yfir 2.000 ný starfs- eða námstækifæri fyrir ungt fólk í breiðu samstarfi milli aðila vinnumarkaðarins, símenntunarmiðstöðva, sjálfboðaliðasamtaka, menntamálayfirvalda og sveitarfélaga. Í ágúst hafði um 90% af öllum ungum atvinnuleitendum boðist ráðgjöf og þátttöku í úrræðum á vegum átaksins.
- 856 ný störf. Um síðustu áramót var lögum um atvinnuleysistryggingar breytt þannig að námsmenn á milli anna höfðu ekki rétt til atvinnuleysisbóta yfir sumartímamann. Í staðinn var ákveðið að verja 250 milljónum úr Atvinnuleysistryggingarsjóði til að skapa sumarstörf fyrir þennan námsmannahóp í gegnum átaksverkefnið „856 ný störf“. Með átakinu voru sköpuð um 2.000 tímabundin störf hjá ýmsum stofnunum ríkisins og sveitarfélögum. ASÍ gagnrýndi þann hluta þessara aðgerða er sneri að skerðingu á atvinnuleysisbótarétti.
- Allir vinna. Í byrjun júlí hófst hvatningarátak um atvinnuskapandi

aðgerðir í samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Markmiðið er að hvetja landsmenn til að ráðast í verklegar framkvæmdir og nýta sér fagmenn við þau verk. Þetta er gert með því að vekja athygli á þeim jákvæðu áhrifum sem slíkt getur haft á atvinnusköpun. Einnig er minnt á þær hagstæðu aðstæður, sem nú eru fyrir hendi, til að taka til hendinni, þ.e. endurgreiðsla virðisaukaskatts og skattfrádráttur vegna framkvæmda viðíbúðarhúsnæði og frístundarhús.

- Þor – átak gegn langtímaatvinnuleysi. Í byrjun ágúst hleypti Vinnu-
málastofnun af stað sérstöku átaki gegn afleiðingum langtíma-
atvinnuleysis. Markmiðið með áttakinu er að virkja þá einstaklinga,
sem hafa verið atvinnulausir í tólf mánuði eða lengur, til þátttöku
í fjölbreytilegum vinnumarkaðsúrræðum. Á næstu mánuðum verða
allir þessir einstaklingar kallaðir til ráðgjafarfundar á vegum Vinnu-
málastofnunar og þeim kynnt tækifæri og skyldur þeirra til þátttöku
í úrræðum sem ætlað er að auka möguleika þeirra í atvinnuleitinni.

Atvinnumál og ASÍ

Á starfsárinu beitti Alþýðusambandið sér með margvíslegum hætti í atvinnu-
málum. Miðstjórn ályktaði t.d. ítrekað um alvarlega stöðu í atvinnumálum
og setti fram hugmyndir um úrbætur. Í lok janúar tók ASÍ þátt í ráðstefnu,
sem haldin var á vegum stýrihóps 20/20 Sóknaráætlunar, sem bar yfirskrift-
ina „Horft til framtíðar fyrir atvinnulíf og samfélag“. Á ráðstefnunni fjölluðu
grasrótarhópar, hagsmunaaðilar og ýmis samtök um sóknarfæri og áherslur
sem aukið geta lífsgæði og samkeppnishæfni Íslands á komandi árum. Í
byrjun maí hélt ASÍ velheppnaðan fund með atvinnuleitendum þar sem reynt
var að greina veikleika í núverandi löggjöf um atvinnuleysistryggingar og
vinnumarkaðsaðgerðir.

Atvinnumálanefnd

Hlutverk atvinnumálanefndar ASÍ er stefnumótun og starf að atvinnumálum
almennt og stefnumótun í byggðamálum sérstaklega. Meginverkefni nefnd-
arinnar á starfsárinu var að standa fyrir opnum fundi í byrjun árs undir yfir-
skriftinni „Atvinnumál á krepputímum“ (sjá nánar í umfjöllun um vinnumark-
aðsráðin hér á eftir). Atvinnumálanefnd kemur náið að samskiptum ASÍ við
ýmsar opinberar nefndir og ráð, þ. á m. við Vísinda- og tækniráð, Vinnumark-
aðsráð og Landflutningaráð.

Vísinda- og tækniráð

Vísinda- og tækniráð hefur það hlutverk að samræma stefnu stjórnvalda hvað varðar rannsóknir og tækniþróun. ASÍ tilnefnir tvo aðalmenn og tvo varamenn í ráðið. Skipunartími þess ráðs, sem nú situr, er frá 2009–2012. Meðal verkefna, sem unnið er að í ráðinu um þessar mundir, eru tillögur um siðareglur fyrir rannsóknir og nýsköpun og viðbrögð við misferli. Stefnt er að því að þessar tillögur liggi fyrir í lok árs 2010. Þá er unnið að því að samhæfa kerfið til stuðnings rannsóknum og tækniþróun hér á landi.

Vinumarkaðsráð

Vinumarkaðsráðin hafa það hlutverk að greina stöðu og þróun atvinnumála hvert á sínu starfssvæði og gera tillögur að vinnumarkaðsúrræðum. Hinn 13. janúar stóð atvinnumálanefnd fyrir opnum fundi með fulltrúum ASÍ í ráðunum undir yfirskriftinni „Atvinna á krepputímum“. Fyrri hluti fundarins var helgaður umræðu um stöðu og horfur í atvinnulífnum eftir atvinnusvæðum. Seinni hlutinn var helgaður umræðum um ákveðin þemu. Runólfur Ágústsson, formaður stjórnar Vinnumálastofnunar, fjallaði um ýmis nýleg vinnumarkaðsúrræði. Arnar Guðmundsson, aðstoðarmaður iðnaðarráðherra, fjallaði um 20/20 sóknaráætlun. Ágúst Ingþórsson, forstöðumaður Rannsóknþjónustu HÍ, fjallaði um uppbyggingarsjóði ESB. Loks fjallaði Hjalti Páll Ingólfsson, verkefnastjóri Öndvegissæturs í jarðhitarannsóknum, um „græna hagkerfið“.

Landflutningaráð

Landflutningaráði er ætlað að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um landflutningamál og umsagnaraðili um breytingar á lögum, reglum og stefnumörkun í málaflokknum. Meðal þeirra mála, sem rædd hafa verið í ráðinu hingað til, má nefna beiðni um undanþágur frá reglugerð ESB um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, uppbyggingu á áningarstöðum við þjóðvegi og tillögur um ný umferðarlög.

Það mál, sem einna mesta umfjöllun hefur fengið á vettvangi ráðsins, er undanþágubeiðnin frá reglugerð ESB. Nú liggur fyrir afstaða yfirstjórnar ESA í þessu máli. Hún er í stuttu máli sú að „fallist er á beiðni Íslands um að aka megi 4 daga vikunnar í stað 2ja daga í 11 klst. á leiðinni frá Reykjavík til Egilsstaða, Neskaupstaðar og Ísafjarðar og til baka með ferskvöru“. Ennfremur er fallist á beiðni um „að framlengja mætti akstur um ½ klst. (úr 4 ½ í 5 klst.) frá Reykjavík að Freysnesi ... og hins vegar frá Freysnesi til Egilsstaða“. Báðar undanþágurnar eru tímabundnar og falla úr gildi 15. apríl á næsta ári. Ekki er ljóst hvað gerist þá en samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið segist munu leita allra leiða til að fá varanlegar undanþágur.

Unnið hefur verið að því í sumar að kortleggja áningarstaði um landið,

meta þörf á nýjum slíkum stöðum, hvar þeir þurfi þá að vera og hvernig þeir þurfi að vera útbúnir. Fulltrúi ASÍ tók að sér að kanna skoðun félagsmanna hvað þetta varðar og hefur ráðuneytinu verið afhent niðurstaða þeirrar vinnu. Beðið er næsta fundar ráðsins til að fjalla áfram um þessi mál. Enn er unnið að nýjum umferðarlögum og hafa hlutar þeirra verið kynntir í ráðinu.




Velferðarmál

Kaup og kjör

Kaupmáttur

Eftir samfellt tímabil kaupmáttarrýrnunar frá því í upphafi árs 2008 hafði kaupmáttur launa hækkaðum 1,1% í júlímánuði samanborið við sama tíma í fyrra. Verulega hefur dregið úr verðbólgu á liðnum mánuðum og í júní tók gildi síðasti hluti hækkana í núgildandi kjarasamningum á almennum vinnumarkaði þegar laun hækkuðu um 2,5% og kauptaxtar um 6.500 kr. Verðlag hafði í júlí hækkað um 4,8% á síðustu 12 mánuðum á sama tíma og laun á vinnumarkaði hækkuðu um 6%. Frá því halla tók undan fæti í upphafi árs 2008 hefur kaupmáttur launa rýrnað um ríflega 10% og er nú sambærilegur við það sem var á síðari hluta árs 2003.

Samkvæmt launavísitölu hækkuðu regluleg laun að meðaltali um 3,8% á árinu 2009 en á því ári voru umtalsvert meiri hækkanir hjá opinberum starfsmönnum en á almennum vinnumarkaði. Laun opinberra starfsmanna hækkuðu að meðaltali um 7,1% á árinu 2009 á sama tíma og laun á almennum markaði hækkuðu að meðaltali um 2,4%. Þegar tekið er tillit til verðbólgu rýrnaði kaupmáttur launa að meðaltali um tæplega 9% á almennum vinnumarkaði í



fyrra en um 4% hjá opinberum starfsmönnum. Í janúar og júní komu til framkvæmda kjarasamningsbundnar hækkanir á almennum vinnumarkaði sem frestað var í fyrra, sem leiddi til meiri hækkana á almenna markaðnum en hjá hinu opinbera á yfirstandandi ári. Á öðrum ársfjórðungi 2010 voru regluleg laun að meðaltali 1,2% hærrí en ársfjórðunginn á undan. Á sama tímabili hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 1,5% en laun opinberra starfsmanna hækkuðu um 0,4% að meðaltali. Milli annars ársfjórðungs 2009 og 2010 hækkuðu regluleg laun að meðaltali um 4,6%, þar af um 5,7% á almennum vinnumarkaði og um 1,9% hjá opinberum starfsmönnum.

Á almennum vinnumarkaði hækkuðu laun á öðrum ársfjórðungi í ár samanborið við sama tíma í fyrra mest hjá þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki (7,4%), verkafólki (6,8%) og skrifstofufólki (5,8%) en hjá öðrum starfstéttum hækkuðu laun á bilinu 4,5–5,1%. Séu þessar tölur skoðaðar í samhengi við breytingar á verðlagi hefur kaupmáttur launa á almennum vinnumarkaði rýrnað um 1,4% milli annars ársfjórðungs í ár og í fyrra en kaupmáttur opinberra starfsmanna um 4,9% á sama tímabili.

Ráðstöfunartekjur

Þrátt fyrir að gera megi ráð fyrir að tímabili rýrnandi kaupmáttur launa sé nú lokið munu ráðstöfunartekjur heimilanna áfram dragast saman næstu misserin ef fram fer sem horfir. Síðastliðin tvö ár hafa ráðstöfunartekjur dregist mikið saman vegna atvinnuleysis, launalækkana, styttri vinnutíma, hækkunar

á skattaálgöllum, lækkunar á bótum almannatrygginga og samdráttar í fjármagnstekjum heimilanna. Til viðbótar hefur þrálát verðbólga enn dregið úr kaupmætti. Seðlabankinn áætlar að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi dregist saman um 7,5% á árinu 2008, tæplega fimmting á árinu 2009 og gert er ráð fyrir um 6% samdrætti á yfirstandandi ári. Í heild þýðir þetta að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hefur á síðustu þremur árum dregist saman um tæpan þriðjung.

Skuldastaða heimilanna - greiðsluferfiðleikar

Skuldsetning heimila hér á landi hefur farið mjög vaxandi síðastliðinn áratug og hlutdeild erlendra lána í skuldum heimilanna jókst einnig mikið á árunum 2005–2008, einkum til bílakaupa. Ætla má að heimilin skuldi nú sem svarar u.þ.b. þreföldum árlegum ráðstöfunartekjum sínum sem er með því hæsta sem gerist en þetta hlutfall hefur tvöfaldast á sl. tíu árum. Þessi mikla skuldsetning gerði það að verkum að heimilin voru viðkvæmari en ella fyrir þeim samdrætti í tekjum sem varð í kjölfar efnahagshrunsins. Sú staðreynd að bróðurpartur skulda heimilanna er verðtryggður eða gengistryggður hefur síðan valdið því að samhliða miklum samdrætti í tekjum hefur greiðslubyrði og höfuðstóll skulda hækkað mikið í kjölfar gengisfalls og verðbólgu og skapað mikla erfiðleika hjá mörgum heimilum.

Í nýlegu mati Seðlabanka Íslands á skuldastöðu heimilanna kemur fram að ríflega fimmta hvert heimili hér á landi, eða tæp 24.000 heimili, eru líkleg til þess að vera í greiðsluvanda þrátt fyrir þær almennu aðgerðir sem stjórnvöld hafa ráðist í til þess að létta á greiðslubyrði heimilanna. Samkvæmt mati bankans eru fjölskyldur með börn helst í vanda. Þriðja hvert einstæða foreldri er líklegt til þess að vera í skuldavanda og 27% hjóna með börn. Áberandi er hversu stór hluti ungs barnafólks, sem tók íbúðalán í uppsveiflunni (2006–2008), er í vanda en Seðlabankinn áætlar að tæp 40% heimila í þessum hópi séu líkleg til þess að eiga í greiðsluvanda, sem eru um 3.400 heimili. Flest heimili í vanda eru í tekjulægstu hópunum og yngstu aldurshópunum. Þegar hópurinn, sem er í vanda, er skoðaður eftir búsetu má sjá að staðan er einna erfiðust á Reykjanesi þar sem tæplega þriðjungur heimila eru líklegur til að vera í vanda, eða 2.100 heimili. Á Suðurlandi eru 28% talin í greiðsluvanda, eða 2.050 heimili og á höfuðborgarsvæðinu, þar sem nýbyggingar eru flestar, er tæpur fjórðungur heimila líklegur til að vera í vanda eða um 10.000 heimili. Á Vestfjörðum er hlutfallið svipað; þar eru 24% heimila talin í vanda eða 530 heimili. Af þeim ríflega 37.000 heimilum, sem eru með gengistryggð lán, eru um 13.000 heimili í greiðsluvanda, eða um 36% hópans. Tæplega 65.000 heimili eru eingöngu með lán í íslenskum krónum og af þeim eru um 10.500 talin í vanda eða 16%. Athygli vekur að þau tæplega 24.000 heimili,

sem eru í greiðsluvanda, eru með 42% af heildarbilaskuldum landsmanna og telur Seðlabankinn að vísbendingar séu um að bilaskuldir eigi stóran þátt í vanda þessara heimila. Hlutdeild þessara heimila í heildarfbúðarskuldum er hins vegar í ágætu samræmi við stærð hópsins. Að mati Seðlabankans skulda nú tæp 40% heimila, eða ríflega 28.000 heimili, meira en þau eiga í húsnæði sínu. Þetta hlutfall var um 11% fyrir bankahrunið, í upphafi árs 2008, en jókst í 20% haustið 2008. Tvö af hverjum þremur heimilum ungs barnafólks, sem tók íbúðalán í uppsveiflunni, þ.e. eftir 1. janúar 2006, er með neikvæða eiginfjárstöðu og skuldar meira en það á í húsnæði sínu. Þessi greining Seðlabankans á skuldastöðu og vanda heimilanna gefur ágætar vísbendingar um hversu stór sá hópur er sem þarf frekari aðgerða við til þess að ná endum saman og undirstríkar nauðsyn þess að aðgengi og skipulag á þeim lausnum, sem ætlað er að koma til móts við þennan hóp, sé með viðunandi hætti. Í þessum tölum hafa stjórnvöld einnig ágætan leiðarvísi um það hversu brýnt er að lögð sé rík áhersla á að auka almennan stuðning við barnafólk, s.s. í gegnum greiðslu barna- og húsnæðisbóta.

Fjölgun heimila í fjárhagsvanda má m.a. merkja á tölum um vanskil og fjölda umsókna um ýmis greiðsluerfiðleikaúrræði. Hjá Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna, sem aðstoðar heimili í fjárhagserfiðleikum, voru í fyrra afgreiddar tæplega 1.200 umsóknir um ráðgjöf vegna greiðsluerfiðleika sem er aukning um ríflega þriðjung frá árinu áður og nærri tvöföldun á þeim fjölda sem árlega sótti aðstoð til stofunnar á árunum 2005–2007. Til viðbótar leitar einnig fjöldi manns til ráðgjafastofunnar eftir almennri ráðgjöf eða leiðbeiningum án þess að lögð sé inn formleg umsókn um aðstoð og hefur sá fjöldi einnig margfaldast á undanförunum tveimur árum. Viðskiptavinahópur ráðgjafastofunnar hefur breyst umtalsvert undanfarin ár; í fyrra voru flestir umsækjendur hjón/sambúðarfólk á fertugsaldri sem búa í eigin húsnæði með börnum og eru á vinnumarkaði en greiðsluerfiðleikar þeirra stafa einkum af tekjulækkun og atvinnuleysi. Áður hafa einstæðar mæður verið fjölmennastar í þeim hópi, sem leitar til ráðgjafastofunnar, og flestir verið búsettir í leiguhúsnæði. Íbúðalánasjóði bárust í fyrra ríflega 3.300 umsóknir vegna greiðsluerfiðleika eða að meðaltali um 275 í mánuði og það sem af er þessu ári hefur fjöldinn áfram verði svipaður. Þetta er umtalsverð fjölgun miðað við árin á undan en á árinu 2008 bárust um 1.400 umsóknir til sjóðsins vegna greiðsluerfiðleika og á árunum 2006 og 2007 innan við 400 árlega. Tæplega 6% lánþega Íbúðalánasjóðs eru nú í vanskilum með lán sín en þetta hlutfall var 4% í fyrra og 1–2% á árunum 2007 og 2008. Samkvæmt upplýsingum frá Credit Info, sem heldur utan um vanskilaskrá, voru í júní sl. um 22 þúsund manns á vanskilaskrá og þeir áætluðu að um 8.000 manns stefndu að óbreyttu í alvarleg vanskil. Í tölunum kemur einnig fram að tæplega 11.000 börn eigi foreldra sem eru á

vanskilaskrá. Til samanburðar má nefna að tæplega 20 þúsund einstaklingar voru á vanskilaskrá í ágúst 2009, um 16.500 í október 2008 og 11.500 í lok árs 2007. Samkvæmt úrtakskönnun, sem Capacent Gallup vann fyrir Credit Info í vor og náði til 1.200 einstaklinga sem eiga í fjárhagserfiðleikum, segjast 56% þeirra sem þegar hafa fengið aðstoð af einhverju tagi þurfa meiri aðstoð, 23% telja ólíklegt að þeir þurfi frekari aðstoð, 5% segjast vissir um að þeir þurfi ekki frekari aðstoð og 16% taka ekki afstöðu. Það verður athygli að 72% aðspurðra segjast ekki hafa nýtt sér þær lausnir sem stjórnvöld eða bankar hafa boðið til að létta á fjárhagsvanda heimilanna.

Úrræði í greiðsluerfiðleikum

Allt frá því haustið 2008 hafa stjórnvöld og lánastofnanir sett fram ýmis úrræði fyrir skuldara sem í kjölfar gengisfalls, verðbólgu og tekjumissis lentu í erfiðleikum með að standa skil á skuldum sínum. Um er að ræða ýmis almenn úrræði sem einkum miða að því að létta greiðslubyrði og gera lántakendum kleift að standa við skuldbindingar sínar, auk sértækra úrræða fyrir þann hóp skuldara sem á í alvarlegum greiðsluvanda og fyrirséð er að muni að óbreyttu ekki geta ráðið fram úr skuldum sínum. Þau úrræði, sem gripið var til haustið 2008 og fram undir haustið 2009, voru rakin í skýrslu forseta ASÍ haustið 2009 en hér er gerð grein fyrir helstu viðbótum sem komið hefur verið á undanfarið ár. Í október 2009 voru samþykkt á Alþingi lög þess efnis að sjálfkrafa greiðslujöfnun yrði sett á öll verðtryggt fasteignalán frá og með desemberjaldlega 2009 til þess að leiðrétta það misgengi launa og lána sem myndast hafði á undangengnum misserum með því að fresta tímabundið hluta af greiðslu lánsins. Lántakendur gátu sagt sig frá greiðslujöfnuninni með tilkynningu til lánveitanda og jafnframt óskað eftir úrræðinu síðar kjósi þeir svo. Þá var sömuleiðs sett þak á greiðslujöfnunina þannig að fasteignalán lengist að hámarki um þrjú ár umfram gildandi lánstíma vegna greiðslujöfnunarinnar en séu eftirstöðvar af láninu að þeim tíma liðnum falla þær niður. Þetta á jafnt við um verðtryggt fasteignalán og fasteignalán í erlendri mynt. Einnig undirrituðu félagsmálaráðherra ásamt efnahags- og viðskiptaráðherra í októberlok samkomulag við fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóði og Íbúðalánasjóð um úrræði vegna skuldavanda einstaklinga sem tók til greiðslujöfnunar á fasteignalánum í erlendri mynt og greiðslujöfnunar á bílalánum og bílasamningum. Markmið greiðslujöfnunarinnar var að færa greiðslubyrði þessara lána aftur til þess sem hún var fyrir bankahrún. Gert var ráð fyrir að sótt væri um greiðslujöfnun erlendra fasteigna- og bílalána til viðkomandi lánafyrirtækis. Þá var einnig undirritað sérstakt samkomulag um sértæka skuldaaðlögun sem ætluð er einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum þar sem fullreynt er að vægari úrræði nægja ekki til lausnar á vandanum. Skuldaaðlögun felur

Í sér samning milli kröfuhafa og lántaka um að laga skulda- og eignastöðu lántakans að greiðslugetu hans. Lántakinn greiðir af skuldum sínum eins og greiðslugeta hans leyfir á samningstímanum en kröfuhafar fallast á eftirgjöf krafna, hlutfallslega lækkun þeirra eða gjaldfrest á þeim kröfum sem eru umfram greiðslugetu. Gert er ráð fyrir að einstaklingur leiti eftir skuldaaðlögun í gegnum viðskiptabanka sinn sem jafnframt sé umsjónaraðili með því. Í mars lagði ríkisstjórnin fram nýtt frumvarp til laga um greiðsluáðlögun þar sem í fyrsta sinn var gert ráð fyrir að til yrði eitt heildstætt félagslegt úrræði fyrir heimili í miklum greiðsluerfiðleikum sem næði til allra krafna. Samhliða yrði komið á nýju embætti Umboðsmanns skuldara sem tæki við verkefnum Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna en umboðsmaður fær víðtækara hlutverk en ráðgjafastofan og er ætlað að vera talsmaður lántakenda gagnavart lánardrottnum. Frumvörpin voru samþykkt á Alþingi í júniflok og tóku gildi þann 1. ágúst en þá tók jafnframt embætti Umboðsmanns skuldara til starfa á grunni Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna sem starfrækt hefur verið frá árinu 1996. Þá voru einnig samþykkt lög um tímabundin úrræði til að aðstoða einstaklinga, sem vegna líttilla umsvifa á fasteignamarkaði, sitja uppi með tvær fasteignir til heimilisnota. Í júní voru sömuleiðis samþykkt lög um bætta réttarstöðu skuldara sem voru, eins og segir í greinargerð frumvarpsins, samin að höfðu samráði við ASÍ og réttarfarsnefnd. Lögin miða að því að bæta réttarstöðu skuldara m.a. til að einstaklingar geti dvalið áfram í íbúðarhúsnæði í allt að 12 mánuði eftir gjaldþrotaskipti eða eftir nauðungarsölu. Þá eru einnig settar fram reglur sem kveða á um að kröfuhafi verði eftir nauðungarsölu að láta meta þá eign, sem seld er, ef hann ætlar að reyna að innheimta kröfu sem ekki hefur fengist greidd við nauðungarsölu og að hann geti ekki krafði gerðarpóla eða annan um meira en nemur því sem skuldin fer fram úr verðmæti eignarinnar samkvæmt matinu. Að auki er heimild lögmanna til að áskilja sér þóknun úr hendi skuldara við tiltekna kringumstæður takmörkuð.

Mikil umræða og gagnrýni hefur verið í samfélaginu á að þau úrræði, sem aðstoða eiga heimili í greiðsluvanda, séu ekki nægjanleg og dugi ekki til að leysa vandann. Alþýðusambandið hefur í þessu samhengi lagt á það ríka áherslu, allt frá bankahruni, að þegar almennar aðgerðir eins og greiðsujöfnun eða frýsting afborgana duga ekki til, þurfi að tryggja að til staðar sé heildstætt skilvirkt úrræði fyrir þau heimili sem eiga í mestum fjárhagsvanda. Einkum hefur hér verið horft til þess að sett væru heildstæð lög um greiðsluáðlögun einstaklinga sem tryggi að heimili, sem fyrirséð er að ráða ekki við skuldabyrði sína, fái raunhæfa og sanngjarna laus mála. Þá voru einnig bundnar nokkrar vonir við að samkomulag um sértæka skuldaaðlögun, sem undirritað var milli stjórnvalda, fjármálafyrirtækja, Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóða, myndi hraða málsmeðferð og vera til þess fallið að leysa vanda margra heimila. Það

olli hins vegar miklum vonbrigðum hversu fá heimili fengu aðstoð í gegnum þessi úrræði. Allt benti til þess að illa hafi gengið að leysa úr málefnum verst stöddu heimilanna og mun færri fengu úrlausn mála sinna í gegnum þessar leiðir en ráð var fyrir gert og skýrar vísbendingar voru um að þyrftu á frekari aðstoð að halda. Í skoðanakönnun, sem Capacent Gallup gerði fyrir ASÍ í desember 2009, komu fram vísbendingar um þetta en þar töldu tæplega 17% aðspurðra sig þurfa á sérstökum úrræðum að halda til að geta staðið í skilum með greiðslur af lánum. Það jafngildir því að um 37.000 heimili þurfi á frekari aðstoð að halda. Af þeim sem þegar höfðu leitað sér aðstoðar töldu 83% sig ekki hafa fengið fullnægjandi úrlausn mála sinna. Miðstjórn ASÍ skipaði á fundi sínum í mars starfshóp til þess að skoða aðkomu bankanna að endurskipulagningu á fjárhag heimila og var honum m.a. ætlað að skoða verklag og árangur hinnar frjálsu greiðsluadlögunar banka og fjármálastofnana. Starfshópin skipuðu Guðmundur Gunnarsson, Kristinn Örn Jóhannesson, Signý Jóhannsdóttir, Magnús Norðdahl og Henný Hinz. Til að kynna sér viðfangsefnið heimsótti hópurinn Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankann og einnig var kallað eftir upplýsingum frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Dómstólaráði. Niðurstaða skoðunarinnar var í stuttu máli sú að sammerkt var með öllum viðskiptaböndunum að fremur fáir einstaklingar höfðu farið í gegnum hina sértæku skuldaadlögun bankanna og mun færri en gert var ráð fyrir í upphafi. Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF) höfðu í lok apríl mál 70 heimila um sértæka skuldaadlögun verið afgreidd og um 120 heimili verið samþykkt í sértæka skuldaadlögun en mál þeirra voru enn í vinnslu. Sömuleiðis höfðu mun færri heimili en gert var ráð fyrir fengið úrlausn mála sinna í gegnumhina opinberu greiðsluadlögun. Samkvæmt tölum frá Dómstólaráði bárust 266 beiðnir um greiðsluadlögun fasteignaveðkrafna á tímabilinu frá 15. maí 2009 til 31. júlí 2010. Af þeim voru 127 mál samþykkt, 32 málum var hafnað, 19 afturkölluð og 88 eru enn óafgreidd. Á sama tímabili bárust 1062 beiðnir um nauðungarsamninga til greiðsluadlögunar. Af þeim voru 546 mál samþykkt, 115 málum var hafnað, 35 afturkölluð og 300 mál eru enn óafgreidd. Meðal þeirra ástæðna, sem helst voru nefndar fyrir því að svo fá heimili hafa fengið úrlausn mála sinna í gegnum þessi úrræði, var að mörg heimili hefðu nýtt sér svokallaða höfuðstólsleiðréttingu eða 110% leið sem felur í sér að höfuðstóll erlendra lána er lækkaður í 110% af markaðsvirði eignar. Þá hefði skapast nokkur vandi þegar um marga kröfuhafa er að ræða sem sumir standi utan samkomulags lánastofnana um sértæka skuldaadlögun sem hefur valdið því að samkomulag næst ekki. Skuldir einstaklinga hjá hinu opinbera hafa sömuleiðis komið í veg fyrir að hægt sé að framkvæma sértæka skuldaadlögun þar sem innheimtumenn ríkissjóðs, sveitarfélög og LÍN gefi ekki eftir kröfur sínar í sértækri skuldaadlögun. Einnig hafi margir einstakl-

ingar viljað bíða átekta vegna réttaróvissu varðandi gengistryggðu lánin og þeirra væntinga sem stjórnvöld hafa skapað um að frekari úrræði væru væntanleg. Má þar nefna að ítrekað kom fram í máli félagsmálaráðherra að til stæði að ráðst í almennar aðgerðir til að aðstoða þau heimili sem skulda bílalán tengderlendum gjaldmiðlum og boðaði ráðherrann m.a. í apríl sl. að lagt yrði fram frumvarp um tímabundna greiðsluáðlögun bílalána sem fæli í sér að hækkun á gengistryggðum bílalánnum umfram hækkun á sambærilegum verðtryggðum lánnum yrði að stærstum hluta tekin til baka. Frumvarp þess efnis var ekki lagt fram en umræðan skapaði talsverðar væntingar meðal almennings. Ljóst var af skoðun starfshópsins að þau úrræði, sem ætlað varað aðstoða þann hóp heimila, sem er hvað verst staddur með skuldir sínar, skilar litlum árangri og það er áhyggjuefni hversu fá heimili hafa fengið mál sín afgreidd fyrir tilstilli þeirra. Þessar niðurstöður staðfestu enn nauðsyn þess að sett yrðu heildstæð lög um greiðsluáðlögun einstaklinga en áralöng barátta Alþýðusambandsins fyrir slíkri löggjöf skilaði loks árangri þegar Alþingi samþykkti lög um greiðsluáðlögun einstaklinga í lok sumarþings í júní 2010.

Velferðarkerfið

Undanfarin tvö ár hafa einkennst af miklum halla á fjárhag bæði ríkis og sveitarfélaga sem leitt hefur til umfangsmikilla sparnaðaraðgerða í allri velferðarþjónustu á sama tíma og ásókn í þjónustuna eykst á tímum mikilla efnahagserfiðleika og atvinnuleysis. Niðurskurður í lífeyristryggingum, sjúkratryggingum og hjá fæðingarorlofssjóði var verulegur á árinu og viðbúið að frekari aðgerða sé að vænta á næsta ári. Alþýðusambandið hefur allt frá bankahruni, þegar ljóst var að framundan væru erfið ár með miklum samdrætti, lagt á það ríka áherslu að við niðurskurð í ríkisfjármálum yrði þess gætt að verja eins og kostur er undirstöður velferðarkerfisins og standa vörð um menntakerfið. Sú áhersla endurspegladist m.a. í stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Almannatryggingar

Almannatryggingar hafa ekki farið varhluta af aðahaldsaðgerðum í ríkisfjármálum. Á árinu 2009 voru gerðar umtalsverðar breytingar á reglum almannatrygginga í því skyni að ná fram verulegum sparnaði í málaflöknum og voru bæði í janúar og júlí það ár gerðar breytingar á forsendum bótagreiðslna. Engar frekari breytingar voru hins vegar gerðar á reglum almannatrygginga í upphafi árs 2010 og bótaupphæðum haldið óbreyttum frá árinu áður. Ljóst

er að kaupmáttur bóta almannatrygginga skertist verulega á árinu 2009 en verðbólga á því ári var að meðaltali 12%.

Fjárhagsaðstoð

Til marks um aukna erfiðleika í samfélaginu hefur þeim fjölgað mjög sem þurfa á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og aðstoð ýmissa hjálparsamtaka að halda. Velferðarnefnd ASÍ tók fyrir á árinu saman upplýsingar um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og fékk upplýsingar frá ýmsum hjálparsamtökum sem veita eintaklingum aðstoð. Sú skoðun leiddi í ljós að á árinu 2009 fengu tæplega 6.000 heimili hér á landi fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum og fjölgaði þeim heimilum, sem fengu aðstoð, um 965 (19%) frá árinu 2008 og um ríflega 1.700 (40%) frá árinu 2007. Á þeim heimilum, sem fengu fjárhagsaðstoð í fyrra, bjuggu ríflega 10.400 einstaklingar eða 3,3% þjóðarinnar og í þeim hópi eru tæplega 3.900 börn sem eru 4,8% barna í landinu (0–17 ára). Mikið atvinnuleysi birtist í tölum um fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna og líkt og sjá má í tölum Hagstofunnar er augljóst samband atvinnuleysis og fjölda þeirra sem fá fjárhagsaðstoð á hverjum tíma. Fyrir þá einstaklinga, sem missa atvinnu og eiga engan eða lítinn rétt til atvinnuleysisbóta, er fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna sú lágmarksframfærsla sem hinu opinbera ber að tryggja. Um 40% þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð í fyrra var fólk án atvinnu eða um 2.300 manns en á árunum 2007 og 2008 var um fjórðungur viðtakanda án atvinnu. Lífeyrisþegar voru í fyrra um fimmtungur viðtakenda, ríflega 1.100, og sjúklingar um 17% eða um 1.000. Líkt og verið hefur voru flestir viðtakendur fjárhagsaðstoðar í fyrra einstæðir barnlausir karlar sem voru um 42% heimila, sem fengu aðstoð, eða um 2.500 heimili. Einstæðir foreldrar voru tæplega 32% heimila eða 1.900 heimili. Frá hjálparsamtökunum fengust þær upplýsingar að aðsókn í aðstoð hefði margfaldast á sl. tveimur árum. Einkum hefði fólki án atvinnu og fólki af erlendum uppruna fjölgað mjög í hópi þeirra sem óskuðu eftir aðstoð.

Velferðarnefnd ASÍ

Velferðarnefnd ASÍ hefur í störfum sínum á árinu fylgst með þeim breytingum sem átt hafa sér stað í velferðarþjónustu ríkis og sveitarfélaga á tímum mikils niðurskurðar. Formaður nefndarinnar, Sigurrós Kristinsdóttir, á sæti í stýrihóp Velferðarvaktar ríkisstjórnarinnar sem hefur það hlutverk að fylgjast með markvissum hætti með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna. Formaðurinn hefur með reglulegum hætti upplýst velferð-

arnefnd ASÍ um störf Velferðarvaktarinnar og þá vinnu, sem þar fer fram, og miðlað áfram sjónarmiðum ASÍ inn í starf vakarinnar. Mikil umræða hefur verið um aukna fátækt og þörf á fjárhagsaðstoð fyrir einstaklinga og safnaði nefndin saman ítarlegum upplýsingum frá sveitarfélögum og hjálparsamtökum um málefnið fyrir á árinu. Sérstaklega voru skoðaðar gildandi reglur um fjárhagsaðstoð og mat á framfærsluþörf sem og þær reglur sem gilda um sérstaka aðstoð til foreldra vegna framfærslu barna.



Félags- og vinnumarkaðsmál

Félags- og vinnumarkaðsmálin eru eðli málsins samkvæmt hluti að kjarnastarfsemi Albýðusambandsins og starfsmanna þess. Með aðild sinni að stjórnun Vinnuálastofnunar, Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ábyrgðasjóðs launa, Vinnueftirlitsins, Jafnréttisráðs og Starfsmenntaráðs, auk fjölmargra nefnda á sviði félags- og vinnumarkaðsmála, taka fulltrúar ASÍ virkan þátt í að móta og framkvæma stefnu stjórnvalda á þessu sviði.

Samdráttur og erfiðleikar á vinnumarkaði í kjölfar hrunsins haustið 2008 settu sem fyrr mark sitt á stöðu mála og úrlausnarefnin. Áhrifin komu fram á flestum sviðum atvinnulífsins og bar þar hæst samdráttur í atvinnu og tekjum. Gagnvart stofnunum vinnumarkaðarins birtist þessi erfiða staða með gleggstum hætti í miklum útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ábyrgðasjóðs launa samhliða auknum verkefnum Vinnuálastofnunar og annarra aðila er vinna að virkum vinnumarkaðsaðgerðum.

Starf ASÍ að þessum málaflokki hefur mjög mótast af framangreindum aðstæðum. Þó er starfið að jafnréttismálum ánægjuleg undantekning frá því.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir nokkrum málaflökkum sem voru til umræðu og unnið var að á vettvangi ASÍ á frá hausti 2009 til hausts 2010.

Jafnréttismál

Jafnrétti er eitt af grunngildum verkalýðshreyfingarinnar. ASÍ hefur frá upphafi barist fyrir jöfnum rétti kvenna og karla til starfa, áhrifa og sömu launa fyrir jafn verðmæt störf. Krafa um breyttar áherslur í samfélaginu er hávær meðal almennings, sú samfélagsgerð, sem var, sýnir okkur að fjölbreytileikinn er mikilvægur til að tryggja víðsýni og betri ákvarðanatöku. Verkalýðshreyfingin þarf að setja sér skýr jafnréttismarkmið og vinna markvisst að þeim. Jafnrétti kemur ekki af sjálfu sér, við verðum að vinna að því saman, konur og karlar!

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd

Nefndinni er ætlað að hafa frumkvæði að stefnumótun og aðgerðum á sviði jafnréttis- og fjölskyldumála og að vera vettvangur fyrir upplýsingar til aðildarfélaga ASÍ. Jafnréttis- og fjölskyldunefnd hefur komið saman þrisvar sinnum frá ársfundi 2009, nefndarmenn hafa nýtt sér tölvusamskiptitil upplýsinga og samskipta í auknum mæli. Nefndin er mikilvægt bakland fyrir fulltrúa ASÍ í ýmsum nefndum, ráðum og vinnuhópum.

Stefna ASÍ í jafnrétti kvenna og karla

Á ársfundi ASÍ 2005 var samþykkt jafnréttisstefna og hefur sú stefna verið vegvísir í jafnréttisáherslum sambandsins. Í mars 2008 voru samþykkt á Alþingi ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (10/2008). Í lögnum eru nokkrar nýjar áherslur, m.a. eru eftirlitsheimildir Jafnréttisstofu með framkvæmd laganna eflar og gerðar skýrari og aukinn þrýstingur á fyrirtæki og stofnanir að samþætta jafnréttissjónarmið starfsmannastefnu sinni. Önnur ný markmið jafnréttislaganna eru að vinna gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni. Jafnréttis- og fjölskyldunefnd ákvað að endurskoða jafnréttisstefnu ASÍ og aðlaga að breyttum áherslum í jafnréttislögum og er verið er að vinna að endurskoðuninni.

Jafnréttisáherslur í kjarasamningi ASÍ og SA

Í kjarasamningi ASÍ og SA frá febrúar 2008 fylgdi sérstök bókun um jafnréttisáherslur á samningstímabilinu. Í framhaldi af þessu samþykkti miðstjórn ASÍ verulega fjárupphæð til að hrinda efni bókunarinnar í framkvæmd.

Þar sem hafinn er undirbúningur að nýrri kröfugerð og tillögum um mál og lagfæringar á kjarasamningum sem öllum eru sameiginlegar er vert að fara yfir stöðu verkefna sem falla undir bókunina um jafnréttisáherslur.

Vottunarferli launajafnréttis

Umfangsmesta verkefnið var að þróa ferli vegna vottunar á framkvæmd á stefnu um launajafnrétti og jafna möguleika kynjanna til starfa og starfsþróunar.

Staðlaráði Íslands var falið að hafa umsjón með gerð staðalsins og frá því í nóvember 2008 hefur vinnuhópur, skipaður fulltrúum frá ASÍ, SA og félags- og tryggingamálaráðherra, unnið að gerð staðals um framkvæmd stefnu um launajafnrétti. Fljótlega í vinnuferlinu var samþykkt að leggja eingöngu áherslu á gerð staðals um jafnlaunastefnu og í framhaldinu að vinna að staðli er varðar möguleika kynjanna til starfa og starfsþróunar.

Það er metnaðarfullt verkefni að ráðast í gerð staðals um launajafnrétti. Ekki er kunnugt um að slíkur staðall hafi verið gerður annars staðar sem endurspeglast í vinnu hópsins, þar sem vinnan er lærdómsferli fyrir alla þá sem að verkefninu koma. Verkið hefur gengið hægar en í upphafi var gert ráð fyrir og er það helst að nefna að skoðanir aðila eru skiptar um hve langt á að ganga í kröfum til fyrirtækja og stofnana í staðlinum. Staðallinn á að nýttast jafnt opinberum stofnunum sem og fyrirtækjum á almenna vinnumarkaðinum; því er nauðsynlegt að aðilar komi sér saman um kröfur sem uppfylla þarf. Jafnlaunastaðallinn þarf að vera þannig úr garði gerður að hann víkki út hefðbundna túlkun á réttindum til launajafnréttis og leiðbeini aðilum vinnumarkaðarins hvernig markmiðum jafnlaunaákvæðis jafnréttislaga verði náð. Stefnt er að því að ljúka viðstaðalinn veturinn 2010–2011.

Launakannanir

Í bókuninni segir m.a. að „Gerð verið úttekt á launamyndun á vinnumarkaði með sérstöku tilliti til launamyndunar kvenna og karla.“

Gerðar hafa verið tvær launakannanir á tímabilinu.

- ASÍ og SA gerðu samning við ParX viðskiptaráðgjöf IBM um rannsókn á launamun kynjanna á grundvelli gagnasafns ParX um launagreiðslur á árinu 2008. Rannsóknin kom út í febrúar 2009 og er hægt að nálgast hana á heimasíðu ASÍ. Einnig er nánari umfjöllun um rannsóknina í Skýrslu forseta ASÍ fyrir árið 2009.
- Skrifað var undir samstarfssamning ASÍ, SA og Hagstofu Íslands um rannsókn á launamun kvenna og karla á grundvelli þeirra ganga sem Hagstofan hefur tiltæk. Niðurstöður rannsóknarinnar voru gefnar úr í hagtúndahefti Hagstofunnar í febrúar 2010. Rannsóknin byggði á tæplega 185 þúsund athugunum á launum einstaklinga sem störfuðu á almennum vinnumarkaði á árunum 2000–2007. Eitt af markmiðum rannsóknarinnar var að reyna að varpa ljósi á hvað getur legið að baki þeim mun, sem fram kemur á meðallaunum kvenna og karla, og auka þannig skilning á þeim undirliggjandi

skýringarþáttum sem hafa áhrif á launamun. Könnunina er hægt að lesa í heild sinni á vef Hagstofu Ísland.

Kynningar- og fræðsluefni

Samkvæmt áðurnefndri bókun í kjarasamningi ASÍ og SA frá febrúar 2008 um jafnréttisáherslur átti að stefna að því að vinna sameiginlegt kynningar- og fræðsluefni ASÍ og SA um jafnrétti á vinnumarkaði fyrir launafólk og fyrirtæki. Því miður hefur það verkefni ekki farið af stað. Alþýðusambandið hefur í samvinnu við MFA lagt áherslu á jafnréttisfræðslu í námsframboði sínu og haldnar hafa verið ráðstefnur fyrir talskonur verkalýðshreyfingarinnar á undanföllum árum þar sem sérstök áhersla hefur verið á jafna stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði.

Kynjabókhald ASÍ

Kynjabókhald ASÍ var að venju lagt fram á ársfundinum í október 2009. Þetta var í fjórða skiptið sem upplýsingar eruteknar saman þar sem fram kemur hlutfall kvenna og karla í stjórnnum, ráðum og nefndum á vegum aðildarféлага sambandsins. Líkt og fyrri ár eru upplýsingarnar fengnar úr innsendum skýrslum aðildarféлага. Kynjabókhaldi er ætlað að vera verkfæri í „jafnréttisverkfærakassann“ fyrir þá sem vinna að markmiðaáætlun innan hreyfingarinnar og skipa í nefndir og ráð.


Þegar rýnt er í tölurnar á milli ára kemur í ljós að breytingar láta á sér standa. Hlutfallstölur eru óbreyttar á milli árána 2008 og 2009 hvað varðar kynjahlutfall stjórnarmanna í félögum, deildum og landssamböndum.

Samkvæmt könnun, sem gerð var fyrir ASÍ sumarið 2008 meðal ungs fólks, kom skýrt fram að jafnréttismál eiga að vera ofarlega á baugi hjá verkalýðshreyfingunni. Að ungt fólk sjái sér hag í því að eiga aðild að stéttarfélagi og vilji gerast virkir þátttakendur og áhrifavaldar um eigin hagsmuni er mikilvægt fyrir vöxt og þróun hreyfingarinnar. Til þess að svo megi verða þarf sú verkalýðshreyfing, sem býður ungt fólk velkomið í sínar raðir, að endurspegla möguleika kynja til þátttöku og áhrifa. Hægt er að nálgast kynjabókhaldið á heimasíðu ASÍ.

8. mars - alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Alþýðusambandið hefur í samstarfi við helstu samtök launafólks og stofnanir, sem láta sig jafnrétti kvenna og karla varða, staðið að baráttufundi í hádeginu á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars. Að fundinum í ár stóðu ásamt ASÍ: BHM, BSRB, KÍ, SSF, Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð.

Yfirskrift fundarins, *Frelsi til fjölskyldulífs! – Samræming fjölskyldu- og*



atvinnulífs, endurspeglaði orðræðunasefni ríkjandi er í samfélaginu í kjölfar efnahagshrunsins í október 2008. Krafa um breytingar á gildum samfélagsins, m.a. að leggja áherslu á nærsamfélagið og hlúa að fjölskyldunni, var og er ennþá áberandi og að sjálfsögðu taka samtöklaunafólks þátt í þeirri orðræðu.

Fundurinn var vel sóttur líkt og undanfarin ár. Gyða Margrét Pétursdóttir, aðjúnt í kynjafræði við HÍ, hélt erindi sem hún nefndi *Ert þú svona Pollýanna? – Útíðinnandi mæður innan áru kynjajafnréttis*. Gyða Margrét varði doktorsritgerð sína í október 2009 og er fyrst Íslendinga að ljúka doktorsnámi í kynjafræðum. Ingólfur V. Gíslason, dósent í félagsfræði við HÍ, flutti erindi um breytingar á stöðu feðra í kjölfar breytinga á fæðingar- og foreldraorlofslögum, *Frá skaffara til umhyggjuaðila? – Breytingar á stöðu feðra*. Að lokum flutti Heiða Björk Rúnarsdóttir leikskólustjóri erindið: *Réttur barnsins! – Erum við að eyða krónunni og spara aurinn?* Þórhildur Þorleifsdóttir, formaður Jafnréttisráðs, var fundarstjóri.

ETUC skýrsla

Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC hefur kannað meðal aðildarfélaga undanfarin ár þátttöku kvenna í forystusveit verkalýðshreyfingarinnar og hefur ASÍ tekið þátt í könnuninni frá upphafi. Niðurstöðurnar, sem koma út í skýrsluformi 8. mars ár hvert, sýna að konur eru í miklum minnihluta í forystusveitinni í öllum þátttökulöndum. Fram kemur að konur séu frekar í sæti varaformanns en um leið er hlutfall karla í sömu stöðu tvöfalt hærra. Í framhaldinu hefur ETUC ákveðið að hrinda af stað átaki sem hefur að markmiði

að auka hlut kvenna í áhrifastöðum innan verkalýðshreyfingarinnar og hefur jafnréttis- og fjölskyldunefnd ASÍ fullan hug á að vinna að markmiðum verk-efnisins. Hægt er að nálgast skýrslurnar á vefsvæði ETUC undir heitinu „8th March Survey“.

Baráttudagur kvenna á Íslandi – 24. október

Í ár eru 35 ár frá því að konur lögðu niður störf þann 24. október 1975 til að sýna fram á verðmæti vinnuframlags kvenna í íslensku samfélagi. Hvergi er atvinnuþátttaka kvenna jafnmikil og hér á landi. Blása á til baráttufundar mánudaginn 25. október þar sem minnst á *Kvennafrídagsins* með barátturæðum, menningardagskrá og fleiru.

Fulltrúar jafnlaunaneftnda samtaka launafólks – ASÍ, BHM, BSRB, KÍ og SSF – hafa unnið að sameiginlegri aðkomu verkalýðshreyfingarinnar að baráttudegi kvenna á Íslandi. Konur og karlar verða hvött til virkrar þátttöku í viðburðum dagsins í baráttunni fyrir efnahagslegu og félagslegu jafnrétti í íslensku samfélagi.

Fræðsla

Fræðsla og upplýsingar um jafnrétti kynjanna fyrir kjörna fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar og annarra félagsmanna er forsenda þess aðsambætting jafnréttissjónarmiða öðlist það vægi sem nauðsynlegt er í allri ákvarðanatöku og starfsemi aðildarfélaga ASÍ. Einnig er mikilvægt að kynna aðildarfélögum nýjustu strauma og stefnur í málaflokknum. Á síðasta starfsári var boðið upp á námskeið um jafnrétti á vinnumarkaði, kynjaða fjárlagagerð og fjölmenningu í fræðslu trúnaðarmanna og í almennu fræðsluframboði MFA.

Fæðingar- og foreldraorlofslögin

Löggjöfin um fæðingar- og foreldraorlof og framkvæmd hennar er viðvarandi viðfangsefni á skrifstofu ASÍ.

Töluvert er um að leitað sé til Alþýðusambandsins með fyrirspurnir og ábendingar um efni laganna og framkvæmd þeirra. Vandamálin, sem upp koma um þessar mundir, tengjast mjög breyttu atvinnuástandi og samdrætti og áhrifum þessara þátta á töku og réttindi fólks til fæðingarorlofs.

Á tímabilinu voru réttindi foreldra í fæðingarorlofi ítrekað skert.

1. júlí 2009 tóku gildi breytingar á greiðslum í fæðingarorlofi sem fólu í sér að hámark greiðslna var lækkað í 350.000 kr. og heimild foreldra til að taka fæðingarorlof lengd þar til barn hefur náð 36 mánaða aldri. Í ljósi efnahagsástandsins og sparnaðarkröfu á ríkissjóð gerði Alþýðusambandið ekki athugasemd við þessa skerðingu en benti jafnframt á að ekki mætti ganga nær fæðingarorlofskerfinu.

Í byrjun nóvember 2009 kynnti félags- og tryggingamálaráðherra hugmyndir um frekari skerðingar á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Fyrirhugaðar skerðingar byggðu á viðbótarsparnaðarkröfu sem gerð var á Fæðingarorlofssjóð vegna ársins 2010 upp á 1,2 milljarða kr. Alþýðusambandið lýsti þeirri skoðun sinni að með þessari sparnaðarkröfu, sem kæmi til viðbótar því sem áður hafði verið ákveðið, væri með alvarlegum hætti vegið að því fram-sækna fæðingarorlofskerfi sem byggt hefði verið upp hér á landi frá árinu 2000, fyrirkomulagi sem hefur sýnt sig að vera mikilvægur grundvöllur réttinda barna til að vera samvistum við báða foreldra sinna, aukins jafnréttis á vinnumarkaði og möguleika beggja foreldra til að samræma atvinnuþátttöku og fjölskyldulíf. Jafnframt bent ASÍ á að lögín hefðu á sínum tíma verið sett á grundvelli yfirlýsingar þáverandi ríkisstjórnar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Upphaflega löggjöfin og þær breytingar, sem síðan hafa orðið á lögnum, byggðu á samráði stjórnvalda og verkálýðshreyfingarinnar enda ljóst að hér er um að ræða mikilvægan hluta af réttindakerfi á vinnumarkaði.

Sparnaðarkrafan, sem nú væri sett fram, þýddi í reynd ríflega 10% frestun eða hreina skerðingu á réttindum úr sjóðnum og væri þá ekki tekið tillit til hækkana fjárhæða sem hefðu átt að koma til framkvæmda um næstu áramót. Í þessu sambandi benti ASÍ á að nú þegar væri búið að skerða réttindi úr sjóðnum tvisvar sinnum síðan um síðustu áramót. Þann 1. janúar 2009 hefði hámarksgreiðsla úr sjóðnum verið lækkuð úr 480.000 kr. í 400.000 kr. Þá hefði hámarkið aftur verið lækkað 1. júlí 2009 í 350.000 kr. Engar rannsóknir lægju fyrir á mögulegum áhrifum þeirra breytinga sem þegar hefðu verið ákveðnar, hvorki félagslegum eða fjárhagslegum. Þá væri vert að benda á að samkvæmt stöðugleikasáttmálanum, sem gerður var í júní 2009, var gert ráð fyrir að skerðing í velferðarkerfinu yrði ekki yfir 5%.

Í framangreindu ljósi lagði ASÍ til að tillagan um frestun og frekari skerðingu greiðslna í fæðingarorlofi yrði endurskoðuð og hún dregin til baka.

Eftir miklar umræður um málið og harða gagnrýni af hálfu ASÍ og fleiri aðila á hugmyndir félags- og tryggingamálaráðherra var að nokkru fallist á sjónarmið ASÍ. Niðurstaðan var að eftirtaldar breytingar voru gerðar vegna barna sem fædd voru, tekin í fóstur eða ættleidd eftir 1. janúar 2010: Annars vegar var hámark greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði lækkað í 300.000 kr. Hins vegar var hlutfall greiðslna úr fæðingarorlofssjóði vegna meðaltalstekna á viðmiðunartímabili umfram 200.000 kr. lækkað úr 80% í 75%.

Af hálfu ASÍ kom fram að með þessum breytingum væri gengið mjög nærri fæðingarorlofskerfinu og raunveruleg hætta á að það byði varanlegan skaða af.

Réttarstaða skulda og greiðsluaðlögun

Í Skýrslu forseta 2009 er gerð grein fyrir baráttu ASÍ fyrir setningu laga um greiðsluaðlögun en vorið 2009 tók lögfræðingur ASÍ virkan þátt í því að hrint var í framkvæmd vilyrði ríkisstjórnarinnar um upptöku greiðsluaðlögunar hér á landi.

ASÍ lagði upp með eitt heildstætt og skuldaramiðað úrræði sem m.a.

- tæki jöfnum höndum á veðtryggðum og óveðtryggðum skuldum
- gæti skilmálabreytt veðskuldum og fellt niður gengistryggingu
- væri notendavænt og einfalt
- tryggði umsækjanda endurgjaldslausu aðstoð við gerð umsóknar, rafrænt og hjá opinberri stofnun
- fæli endurgjaldslausu umsjón í hendur opinbers aðila

Upphaflega hafði viðskiptaráðherra lagt fram frumvarp hér að lútandi en það var um margt þungt og flókið í framkvæmd auk þess sem það tók ekki á veðskuldum. Dómsmálaráðuneytið undir forystu Björns Bjarnasonar lagðist á sínum tíma gegn greiðsluaðlögunarhugmyndinni þegar málið fluttist milli ráðuneyta og fékk stuðning til þess úr réttarfarsnefnd. Ragna Árnadóttur dómsmálaráðherra var opnari en réttarfarsnefnd lék áfram lykilhlutverk í vinnslu málsins. Vegna þess tókst ekki að smíða það straumlínulagaða og virka tæki sem ASÍ lagði upp með í sínum tillögum. Út úr vinnunni kom tvíþætt löggjöf. Annars vegar almenn greiðsluaðlögun sem sérstakur 10. kafli gjaldþrotalaga og hins vegar sérstök greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði sem gerð er grein fyrir í Skýrslu forseta 2009.

Þessi löggjöf var um margt ágæt en ASÍ taldi að gera þyrfti breytingar á henni og tryggja betur að saman væri unnið með almennar skuldir og veðskuldir vegna íbúðarhúsnæðis. Samhliða yrði allt ferlið gert fljótvirkara og notendavænna með það fyrir augum að geta sinnt á tiltölulega stuttum tíma a.m.k. þeim 10 þúsund fjölskyldum sem eiga við alvarleg greiðsluvandræði að stríða.

Það sem betur mætti fara væri eftirfarandi:

- lögin taki jafnt til þeirra sem stefna í vandræði og þeirra sem í þeim eru
- hægt sé að sækja um almenna- og veðskuldagreiðsluaðlögun með einni og sömu umsókninni
- fellt verði úr lögunum alveg eða tímabundið, það viðmið að þeir fái ekki greiðsluaðlögun sem sköpuðu sér skuldbindingar umfram getu, svo lengi sem ásetningurinn var ekki sá að sleppa undan þeim síðar í skjóli greiðsluaðlögunar
- húsaleiguvíðmið laganna um greiðsluaðlögun veðskulda verði breytt og sömu reglum beitt gagnvart þeim skuldum eins og gagnvart öðrum þ.e. greiðslugeta ráði

- hyggja sérstaklega að þeirri stöðu þegar umsækjendur sitja uppi með óseljanlegt og veðsett lausafé eða óseljanlegt íbúðarhúsnæði umfram þarfir
- skýrt verði kveðið á um að heimilt sé að skuldbreyta lánnum til langs tíma, fella niður gengistryggingu, breyta verðtryggingu o.fl.
- skýrt verði kveðið á um heimildir til sölu eigna til þess að aðlaga húsnæði að þörfum fjölskyldunnar þegar of stórt hefur verið keypt eða byggt
- tryggja betur aðgang borgaranna að endurgjaldslausri aðstoð við gerð umsóknar og virkja opinberar stofnanir til þess að taka að sér umsjón eða tilsjón
- nauðungarsala stöðvist þegar sótt er um en ekki þegar úrskurðað er
- fyrir liggi strax hvað verði afskrifað af veðskuldum í lok greiðsluáðlögunar enda breytist forsendur hennar ekki meðan á henni stendur
- tryggt verði að niðurfelling skuldar skerði ekki bætur eða réttindi

ASÍ benti einnig á, að til þess að gera greiðsluáðlögunarferlið fljótverkara og notendavænna, yrði að veita verulegum fjármunum til verkefnisins og þeirra stofnana sem sjá um framkvæmdina. Að lokum var lagt til að tillögur ASÍ um lækkun innheimtu- og vanskilakostnaðar yrði hrint í framkvæmd og réttarstaða skuldara bætt að ýmsu öðru leyti. Lagði ASÍ til að einstaklingar sem misstu íbúðarhúsnæði inn í gjaldþrot eða nauðungaruppboð fengju tímabundin áframhaldandi afnot af húsnæðinu gegn greiðslu leigu. Lagt var til að bannað væri að láta nauðungaruppboð eða aðför fara fram til fullnustu á innheimtukostnaði sem lögmenn reikna af gjaldfelldum eftirstöðvum lána. Samhliða var lagt til að skuldarar gætu borið ágreining um innheimtukostnað undir sýslumann áður en nauðungaruppboð eða aðför fer fram í stað þess að gera það eftir á. Einnig var lagt til að gjaldþrotalögum yrði breytt þannig að fólk myndi ekki bera ábyrgð út yfir gröf og dauða á skuldum sem ekki fást greiddar við gjaldþrot líkt og nú er. Loks var lagt til að innheimtulögum yrði breytt þannig að þau tækju ekki bara til fyrstu stiga innheimtunnar heldur einnig þegar lögmenn eru komnir með þær í hendur og krefjast aðfarar, nauðungarsölu eða hóta málssókn. Það er, beita réttarfarsúrræðum eins og það heitir í núgildandi innheimtulögum. ASÍ benti á, að eftir að krafa er gjaldfallin og viðvörunarfrestur liðinn sé skuldari kominn upp á náð og miskunn þeirra lögmanna sem innheimta kröfuna, án þess að geta borið hönd fyrir höfuð sér. Undir hótun um aðför að skuldara sjálfum, ábyrgðarmönnum hans eða undir hótun um að nauðungaruppboð fari fram á eignum hans er samningsstaða hans vonlaus og engra úrræða að leita fyrir en viðkomandi aðgerð hefur náð fram að ganga með því tjóni og þeim afleiðingum sem slíkt getur haft í för með sér.

Í stöðugleikasáttmálanum sem undirritaður var 25. júní 2009 var ákveðið að endurmeta gildandi löggjöf. Forræði greiðsluadlögunar færðist frá dómsmálaráðuneytinu til félagsmálaráðuneytisins og hafist var handa um smíði á nýju frumvarpi. Málið hreyfðist hins vegar lítið og í febrúar 2010 taldi ASÍ fullreynt að stjórnvöld myndu gera þær breytingar sem ASÍ taldi nauðsynlegar. Alþýðusambandið hrinti þá af stað herferð í prent og ljósvakamiðlum undir slagorðinu RÉTTUR FÓLKSINS, EKKI RUKKARANNA. Efnisatriði herferðarinnar voru eftirfarandi:

ASÍ krefst lagasetningar strax gegn okri og harðræði rukkara.

Það er eindregin skoðun Alþýðusambands Íslands að jafnvel þó svo að gildandi innheimtulög nr. 95/2008 skapi nokkra vörn gegn óhóflegri gjaldtöku og harðræði meðan kröfur eru í forinnheimtu, þá veiti þau ekki það skjól sem skuldsettum og varnarlausum einstaklingum er nauðsynlegt þegar gjaldfallnar skuldir eru innheimtar í skjóli einfaldra, hraðvirkra og beitra réttarfarsúrræða sem kröfuhöfum hafa verið sköpuð til verndar hagsmunum sínum. Hér hallar verulega á.

ASÍ krefst að við gjaldþrot falli niður ábyrgð á öllum skuldum heimilanna sem eru umfram eignir.

Í 2.mgr. 165.gr. laga nr. 21/1991 segir: „Þrotamaðurinn ber ábyrgð á skuldum sínum sem fást ekki greiddar við gjaldþrotaskiptin.“ Í janúar 2009 lagði ASÍ til við ríkisstjórnina að ákvæðinu yrði breytt þannig að þrotamaður beri **ekki** ábyrgð á skuldum sem ekki fást greiddar við gjaldþrot hans.

ASÍ krefst banns við öllum innheimtukostnaði, sem reiknaður hefur verið út frá heildarupphæð láns, ekki aðeins þeim hluta sem er í vanskilum.

Hér er um mikla hagsmuni skuldara að ræða. Réttarstaða hans er veik þegar krafist er óhóflegra innheimtulauna af langtímalánum sem fara í vanskil og geyma heimild til þess að gjaldfella allar eftirstöðvar verði vanskil ekki gerð upp. Hann stendur oftast en ekki frammi fyrir þeim valkostum að greiða það sem upp er sett ella missa eignir sínar á uppboð. Hér getur verið um háar fjárhæðir að ræða.

ASÍ krefst að allan ágreining við kröfuhafa um uppboðskröfu megi bera undir sýslumann fyrir uppboð, en ekki bara eftir á. Þar á meðal um vexti og kostnað.

Flestar kröfur sem beðið er um nauðungaruppboð vegna eða þar sem nauðungaruppboði er hótad, eru greiddar áður en til sölu kemur. Þá er skuld að jafnaði komið í skil en skuldara stundum gert að greiða kostnað af skuldinni

gjaldfelltri. Í þeirri stöðu er skuldari varnarlaus þegar hann semur um greiðslu við uppboðsbeiðanda.

ASÍ krefst að allan ágreining við kröfuhafa um fjárnámskröfu megi bera undir sýslumann fyrir fjárnám, en ekki bara eftir á. Þar á meðal um vexti og kostnað.

Margar kröfur sem beðið er um aðför vegna eða þar sem aðför er hótad, eru greiddar áður en til aðfarar kemur. Þá er skuld að jafnaði komið í skil en skuldara á stundum gert að greiða kostnað af skuldinni gjaldfelltri. Í þeirri stöðu er skuldari varnarlaus þegar hann semur um greiðslu við kröfuhafann.

ASÍ krefst að ef fjölskylda missir húsnæði sitt við gjaldþrot megi hún samt búa þar áfram í 12 mánuði gegn greiðslu eðlilegrar leigu.

Skv. meginreglu 87.gr. gjaldþrotalaga eins og hún er, skal svipta skuldara umráðum eigna sinna og koma þeim í verð svo fljótt sem verða má. Með 5.gr. laga nr. 23/2009 var bætt bráðabirgðaákvæði við gjaldþrotalögin en samkvæmt því getur skuldari haldið afnotum með samþykki veðhafa. Breytingin var gerð að tillögu ASÍ en gekk ekki nógu langt.

ASÍ krefst að ef fjölskylda missir húsnæði sitt á nauðungaruppboði megi hún samt búa þar áfram í 12 mánuði gegn greiðslu eðlilegrar leigu.

Samkvæmt lögum um nauðungaruppboð skal svipta uppboðspóla afnotum og umráðum seldrar fasteignar þegar við samþykki boðs. Með meira svigrúmi eru líkur á því að minni röskun verði á skólagöngu og félagstengslum barna vegna bráðra flutninga og fjölskyldunni almennt veitt meira svigrúm til þess að vinna úr því áfalli sem nauðungaruppboði á slíku húsnæði fylgir.

ASÍ krefst banns við fjárnámum, nauðungaruppboðum og gjaldþrotum vegna innheimtukostnaðar, sem reiknaður hefur verið út frá heildarupphæð láns, ekki aðeins þeim hluta lánsins sem er í vanskilum.

Heimildir til aðfara og nauðungarsölu fela það í sér, að kröfuhafi fær fulltingi réttarkerfisins til innheimtu krafna sinna og annarra réttinda. Löggjafanum er heimilt að setja reglur um það í hvaða skyni réttarkerfinu er beitt og ber að tryggja að hagsmuna skuldara sé gætt. Stór hluti þeirra skulda sem innheimtar eru með aðför og nauðungaruppboðum eða hótun um slíkar aðgerðir eru lán sem tekin hafa verið til langs tíma og þar sem einungis lítill hluti er kominn á gjalddaga. Alþýðusambandið lagði til í janúar 2009, að kostnaður af innheimtunni verði bundinn við það sem gjaldfallið er en ekki það sem gjaldfellt er og vill verja skuldara þannig gegn óhóflegri gjalddöku.

ASÍ krefst greiðsluaðlögunar sem náí bæði til almennra skulda og veðskulda, þar með bæði íbúðalána og bílalána.

ASÍ hefur lagt til að greiðsluaðlögun geti jöfnum höndum og í einu ferli tekið til allra skulda, þ.m.t. vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota og vegna hóflegar bifreiðaeignar. Markmiðið er að ná utan um veðskuldir umfram verðmæti íbúðarhúsnæðis og bifreiða, með það fyrir augum að afskrifa þær skuldir sé greiðslugeta ekki til staðar, enda kjósi veðhafi sem telur sig hlunnfarinn með slíkri afskrift, ekki að leysa viðkomandi eign til sín gegn yfirtöku áhvílandi skulda. Til skuldanna má hvorki hafa verið stofnað á óheiðarlegan hátt né heldur má greiðsluaðlögun skulda geta talist óhæfileg þegar litið er til annarra skuldara eða hagsmuna almennings almennt.

ASÍ krefst að nauðungarsölu á íbúðarhúsnæði, sem fólk býr sjálf í, stöðvist um leið og beiðni um greiðsluaðlögun er lögð fram.

Samkvæmt gildandi lögum stöðvast nauðungaruppböð ekki fyrr en við úrskurð héraðsdóms. ASÍ hefur lagt til nauðungaruppböð á íbúðarhúsnæði til eigin nota stöðvist um leið og óskað er eftir heimild til greiðsluaðlögunar í stað þess að það frestist þegar heimild hefur verið veitt með úrskurði héraðsdóms. Sama regla þarf að gilda hafi skuldari fengið lánsveð í íbúðarhúsnæði annars aðila. Oft getur liðið langur tími frá því að beiðni er lögð fram og þar til hún fæst afgreidd og ef marka má ummæli embættismanna er þess að vænta að þessi tími geti enn átt eftir að lengjast.

ASÍ krefst að lánnum á íbúðarhúsnæði til eigin nota sé hægt að breyta þannig að gengistrygging falli niður, gjalddögum fjölgi og lánstími lengist.

Í sumum tilvikum getur verið nauðsynlegt samhliða niðurfærslu skulda niður að markaðsverðmæti fasteignar, að breyta skilmálum lána þannig að þau verði gerð greiðanleg. ASÍ vill þannig að allt sem hægt sé að gera verði gert til þess að standa vörð um heimilin og fjölskyldurnar í landinu og vill að stjórnvöld teygji sig eins langt og þurfa þykir til þess að ná því markmiði. Sá fyrirvari er gerður að til skuldanna má hvorki hafa verið stofnað á óheiðarlegan hátt né að breytingarnar geti talist óhæfilegar þegar litið er til annarra skuldara eða hagsmuna almennings almennt.

ASÍ krefst að ef banki sættir sig ekki við eðlilegar afskriftir á veðskuldum vegna íbúðarhúsnæðis, þá skal honum skylt að leysa til sín húseignina – og taka um leið yfir allar veðskuldbindingar.*

* Á við hæfilegt íbúðarhúsnæði, sem skuldari býr sjálfur í.

Við greiðsluaðlögun getur risið ágreiningur um hvert markaðsvirði íbúðarhúsnæðis er. Lánveitandi hefur mikilla hagsmuna að gæta í því að markaðs-

verð verði metið sem hæst. Hindri hann greiðsluaðlögun eða sé hann ósáttur við mat sérfróðra matsmanna taki hann einfaldlega eignina yfir eða með öðrum orðum, skuldari skili honum lykklunum að henni.

ASÍ krefst að ef veðskuldir eru afskrifaðar af íbúðarhúsnæði hjá fólki í greiðsluaðlögun og húsnæðið er síðan selt með hagnaði innan 5 ára, þá skuli hagnaðinum skipt jafnt milli skuldara og kröfuhafa.

Greiðsluaðlögun er blanda af félagslegu- og réttarfarslegu úrræði og enginn á að hagnast á henni. Verð á íbúðarhúsnæði hefur farið lækkandi og mun líklega gera það áfram. Það mun hins vegar hækka að nýju og ef söluhagnaður verður af því er bæði sanngjarnt og eðlilegt að honum sé skipt auk þess sem nauðsynlegt er að hvati sé til staðar til þess að húsnæðinu sé vel við haldið og það ekki látið drabbast niður.

ASÍ krefst að ríkið fjármagni og reki “skilanefndir heimilanna”. Aðstoð við greiðsluaðlögun verði endurgjaldslaus og á ábyrgð hins opinbera.

Frá yfirtöku ríkisins á bönkunum hefur milljörðum verið varið til skilanefnda bankanna sem hafa það hlutverk að lágmarka tjón og hámarka eignir. Heimili landsmanna eru í sömu stöðu og bankarnir hvað þetta varðar en samfélagslegt verðmæti þeirra og velferð fjölskyldnanna í landinu eru hins vegar ómetanlegir hagsmunir allrar íslensku þjóðarinnar. Til þeirrar hagsmunagæslu á og þarf að veita auknu fjármagni.

ASÍ krefst að mögulegt sé að afskrifa veðskuldir strax við staðfestingu greiðsluaðlögunar, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Greiðsluaðlögun er almennt ætlað að standa í 5 ár áður en skuldir eru endanlega afskrifaðar. Gera má ráð fyrir að skuldir sumra heimila séu það miklar í samanburði við eignir og félagslega stöðu hennar, að engum vafa sé undirorpið að þær munu aldrei verða greiddar að fullu. ASÍ telur að í þeim tilvikum sé engin ástæða til þess að bíða með afskrift, best sé að láta hana koma til framkvæmda þegar í stað.

ASÍ krefst einfaldari, fljótvirkari og skýrari greiðsluaðlögun með afskriftum og skilmálabreytingum. Allar skuldir verði miðaðar við greiðslugetu og þarfir skuldara.

Núgildandi ákvæði laga um greiðsluaðlögun ganga allt of skammt. Þau eru þung og dýr í framkvæmd og kröfuhafamiðuð. ASÍ setti sínar tilögur fram haustið 2008 en í stað heildstæðrar löggjafar voru sett sérlög um tímabundna aðlögun fasteignaveðskulda og almenna greiðsluaðlögun annarra skulda. Forsenda þess að greiðsluaðlögun nái þeim árangri sem henni er ætlað og til þess

að hún svari kröfu almennings um aðstoð við fjölskyldur í fjárhagsvandráðum, er að stjórnvöld vinni hratt og markvisst. Þessi hópur getur ekki beðið eftir aðstoð meðan tekist er á um hvaða leiðir séu færar til þess svara kröfum um almenn úrræði vegna forsendubrests og nánast glæpsamlegrar lánastefnu bankakerfisins. Hér er um algjört forgangsverkefni að ræða í þágu heimilanna, verkefni sem þolir enga bið. Stjórnvöld lofuðu bót og betrun haustið 2009 eftir ítrekaðar kröfur ASÍ. Enn er ekki öll von úti um að bætt verði úr en langlundargeði launafólks er þó takmörk sett.

Herferð þessi fékk góðar undirtektir og ný frumvörp um umboðsmann skuldara, breytta greiðsluáðlögun og réttarstöðu skuldara litu dagsins ljós vorið 2010 (þingmál á 138 þingi, mál 510, 560, 561 og 562 – sjá kafla *Umsagnir um þingmál*). ASÍ tók virkan þátt í vinnu að þessum þingmálum sem unnin voru með samstillu átaki dóms- og félagsmálaráðuneyta og taldi eftir samþykkt þeirra að viðunandi árangur hefði náðst.

Málefni lífeyrissjóðanna

Lífeyrissjóðir landsmanna fóru ekki varhluta af því efnahagshruni sem varð hér á landi haustið 2008. Sjóðirnir urðu flestir fyrir miklum skakkaföllum og hafa lífeyrissjóðir launafólks á almennum vinnumarkaði á sl. tveimur árum þurft að skerða áfallin réttindi sjóðfélaga sinna til þess að leiðrétta tryggingafræðilega stöðu sína. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum Fjármálaeftirlitsins um stöðu lífeyrissjóðanna á árinu 2009 var vegið meðaltal raunávöxtunar lífeyrissjóða án ábyrgðar launagreiðenda, sem eru lífeyrissjóðir launafólks á almennum vinnumarkaði, neikvætt um 0,85% og vegið meðaltal tryggingafræðilegrar stöðu þessara sömu sjóða neikvætt um 11% um sl. áramót. Hjá sjóðum með launagreiðendaábyrgð, sem einkum eru sjóðir opinberra starfsmanna, var vegið meðaltal hreinnar raunávöxtunar 2,8% á árinu 2009 en heildartryggingafræðileg staða þeirra var neikvæð um 57%. Til samanburðar var raunávöxtun lífeyrissjóðakerfisins í heild neikvæð um ríflega 20% á árinu 2008. Heildareignir lífeyrissjóðanna hækkðu úr tæplega 1.600 milljörðum í árslok 2008 í ríflega 1.770 milljarða í árslok 2009 sem er raunhækkun um 3% en rétt er þó að hafa þann fyrirvara á að enn ríkir nokkur óvissa um endanlegt mat á eignum sjóðanna í kjölfar bankahrunsins.

Í kjölfar þeirra áfalla, sem lífeyrissjóðirnir urðu fyrir við efnahagshrunið, urðu miklar umræður og skiptar skoðanir um starfsemi sjóðanna, stjórnkerfi þeirra og fjárfestingar, bæði í opinberri umræðu sem og á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar. Umræðan um stjórnkerfi sjóðanna var fyrirferðamikil og fram komu ýmsar hugmyndir um breytingar. Þess var m.a. krafist að það fyrirkomulag, sem nú er viðhaft við stjórnarkjör og byggir á kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál, verði endurskoðað. Umhverfi og starfsemi lífeyrissjóðanna

hefur breyst mikið frá því síðast var gerð heildarendurskoðun á kjarasamningi aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál árið 1995 sem hefur haft áhrif á félagslegar og tryggingafræðilegar forsendur kerfisins. Má þar nefna að samið hefur verið um aukin framlög til sjóðanna og gert samkomulag um breytingu á grundvelli lífeyrisréttinda úr jafnri ávinnslu lífeyrisréttinda í svokallað aldurstengt kerfi. Þá hafa sameiningar bæði stéttarféлага og lífeyrissjóða leitt til þess að ekki eru lengur eins skýr skil og áður á milli einstakra stéttarféлага og tiltekinna sjóða. Félagsmenn í sama stéttarfélagi geta þannig átt aðild að fleiri en einum sjóði sem getur gert umræðu um lífeyrismál innan félaganna flókna. Til þess að bregðast við breytingum og þeirri gagnrýni, sem fram hefur komið, þótti nauðsynlegt að fjalla með heildstæðum hætti um málefni lífeyrissjóðanna innan hreyfingarinnar enda ljóst að tími væri kominn á gagngera endurskoðun á kjarasamningi aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál. Mikilvægt þótti að ræða allar breytingar á stjórnskipan sem og aðrar breytingar í lífeyrissjóðakerfinu í heildarsambengi og út frá því grundvallaratriði að núverandi fyrirkomulag byggir á kjarasamningi aðila vinnumarkaðarins. Í því augnamiði var á ársfundi Alþýðusambandsins í október 2009 samþykkt ályktun þess efnis að fram færi víðtæk og almenn umræða meðal aðildarfélaganna um málefni lífeyrissjóðanna. Markmið slíkrar umræðu væri að leggja drög að endurskoðaðri stefnu ASÍ í málefnum lífeyrissjóðanna og skilgreina helstu samningsmarkmið í viðræðum við Samtök atvinnulífsins. Sjá nánarkafla um ályktanir ársfundar ASÍ 2009.

Stefnumótun ASÍ í lífeyrismálum

Lífeyrisnefnd ASÍ var falið að fylgja eftir ályktun ársfundar 2009 um heildarendurskoðun á stefnu ASÍ í málefnum lífeyrissjóða. Til þess að hefja þá vinnu boðaði nefndin til tveggja daga stefnumótunarfundur á Selfossi dagana 18.–19. febrúar 2010 þar sem fulltrúum frá öllum aðildarfélagum ASÍ var boðin þátttaka. Til fundarins mættu ríflega 70 fulltrúar frá fjölda aðildarféлага sem tóku virkan þátt í að skilgreina framtíðaráherslur hreyfingarinnar í málefnum lífeyrissjóðanna.

Í upphafi fundarins var þátttakendum skipt í fimm hópa sem allir fengu spurninguna: *Hverju þarf að breyta í lífeyriskerfinu?* Þátttakendur settu fram áherslur sínar sem síðan voru ræddar undir stjórn hópstjóra í hverjum hóp fyrir sig. Að því loknu hlýddu fundarmenn á erindi þar sem fjallað var um stöðu og horfur lífeyriskerfisins. Fyrirlesarar voru Ásmundur Stefánsson, fyrrverandi forseti ASÍ, sem ræddi um aðdraganda og hugmyndafræðina að baki lífeyriskerfinu, Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur sem fjallaði um réttindi og tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóðanna, Stefán Ólafsson prófessor ræddi um samspil lífeyrissjóðakerfisins og almannatrygginga og Sigurbjörn Sig-

urbjörnsson, framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda fjallaði um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Að lokum hélt Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, erindi sem nefndist: *Hversvegna er nauðsynlegt að endurskoða kjarasamninginn um lífeyrismál. Hvað hefur breyst frá 1995?*. Síðari dagur fundarins var allur nýttur til hópvinnu. Fjallað var um fjögur meginviðfangsefni og fengu allir þátttakendur tækifæri til þess að ræða og koma sínum sjónarmiðum á framfæri í öllum málflokkunum. Viðfangsefni hópanna voru: hugmyndafærði kerfisins, lífeyrisréttindin, stjórnkerfi lífeyrissjóðanna og eignir lífeyrissjóðanna. Þátttaka fundarmanna í vinnunni var góð og umræður líflegar. Niðurstöðum stefnumótunarfundarins var því næst vísað til lífeyris- og veikindaréttarnefndar ASÍ sem falið var að vinna úr niðurstöðunum og leggja fram drög að nýrri stefnu sambandsins í lífeyrismálum í samræmi við þær.

Meginniðurstöður stefnumótunurvinnunnar voru að fram kom skýr vilji til þess að lífeyrissjóðakerfið grundvallaðist áfram á **skylduaðild, samtryggingu, sjóðasöfnun og sjálfbærni kynslóðanna**. Áhersla var lögð á að kerfið byggði áfram á **kjarasamningi** aðila vinnumarkaðarins sem fari sameiginlega með gæslu og ábyrgð á rekstri sjóðanna. Þrátt fyrir þá áherslu að hrófla ekki við meginstöðum og hugmyndafræði kerfisins og byggja áfram á fulltrúa-lyðræði í stjórnnum sjóðanna kom fram í stefnumótuninni rík krafa um **aukið gagnsæi** í stjórnkerfi og allri upplýsingagjöf sjóðanna sem gefur sjóðfélögum betri yfirsýn og möguleika til aðhalds með starfsemiinni hverju sinni; einnig að nauðsynlegt væri að tryggja að **kynjahlutfall stjórna** endurspegli betur sjóðfélagahópinn. Mikil áhersla var lögð á að lífeyrissjóðirnir setji sér reglur um **siðferði og samfélagslega ábyrgð** bæði hvað varðar fjárfestingar sínar og innri starfsemi. Þetta er brýnt svo auka megi tiltrú og tryggja að atburðir líkt og þeir sem áttu sér stað í samfélagi okkar á liðnum árum endurtaki sig ekki. Í ljósi þeirra áfalla, sem sjóðirnir urðu fyrir í kjölfar efnahagshrunsins, er einnig brýnt að sjóðirnir setji sér stefnu um það með hvaða hætti þeir hyggjast **fylgja fjárfestingum sínum eftir** og sömuleiðis verði **áhættudreifing** aukin. Fram kom skýr krafa um að lífeyrisréttindi á almennum vinnumarkaði verði **jöfnuð til samræmis við réttindi opinberra starfsmanna** sem hafa, óháð ávöxtun sjóðanna á hverjum tíma, launagreiðendaábyrgð á lífeyrisréttindum sínum. Þessi krafa verður enn meira aðkallandi nú þegar sjóðir launafólks á almennum markaði þurfa að skerða réttindi lífeyrisþega sinna til þess að rétta stöðu sína á sama tíma og réttindi opinberra starfsmanna eru tryggð með skattfé og standa óhögguð. Þung áhersla var í umræðunni á nauðsyn þess að skýra **verkaskiptingu milli almennatrygginga og lífeyrissjóðanna** betur og tryggja að launafólk hafi raunverulega bættan hag af því á efri árum að greiða iðgjöld til samtryggingarsjóða á starfsævinni. Sveigjanleiki í starfslokum er einnig mikilvægur og til að auka hann skuli stefna að því að gera **séreign-**

arsparnað að skyldusparnaði fyrir allt launafólk. Þá er einnig horft til þess að auka þurfi verulega **áherslu á endurhæfingu** þeirra sem missa starfsorku til þess að tryggja eins og kostur er áframhaldandi þátttöku á vinnumarkaði.

Í 16. gr. nágildandi sammings um lífeyrismál frá árinu 1995 segir að miðstjórn ASÍ hafi í samráði við formenn landssambanda innan ASÍ umboð til þess að fjalla um og undirbúa breytingar á samningnum sem miðstjórn ASÍ taki síðan til endanlegrar afgreiðslu fyrir hönd félaga í ASÍ. Gert er ráð fyrir því að félög með beina aðild að sambandinu hafi þessa stöðu sameiginlega, líkt og gildir í núverandi samstarfssamningi. Lífeyrisnefnd ASÍ lagði fyrstu drög að nýrri stefnu í lífeyrismálum fyrir fund með formönnum allra aðildarféлага sambandsins þann 25. maí 2010 þar sem fundarmenn komu með athugasemdir og ábendingar um stefnudrögin. Vinnu við að fullklára nýja heildstæða stefnu Alþýðusambandsins í lífeyrismálum verður haldið áfram á næstu mánuðum.

Skattlagning á lífeyrisiðgjöld

Í kjölfar mikilla erfiðleika í ríkisfjármálum með hækkandi útgjöldum samfara lækkandi skatttekjum komu fram tillögur á Alþingi um að breyta fyrirkomulagi skattgreiðslna á lífeyrissparnað þannig að í stað þess að greiða skatt af lífeyristekjum, sem greiddar eru út úr lífeyrissjóðunum, verði iðgjald í sjóðina skattlagt við inngreiðslu. Þetta þýðir að sjóðirnir fá aldrei þann hluta iðgjaldsins til ávöxtunar til að byggja upp framtíðarlífeyrisréttindi. Slík breyting hefði víðtæk varanleg áhrif á lífeyriskerfi þjóðarinnar og skattgreiðendur í nútíð og framtíð. Málefnið var rætt á ársfundi ASÍ í október 2009 og lögðust fundarmenn eindregið gegn slíkum breytingum. Á fundinum var samþykkt ályktun þess efnis að slík skattlagning hefði í för með sér tilflutning á skattgreiðslum milli kynslóða og leggði þungar skattbyrðar á komandi kynslóðir sem leiða mun til þess að skerða þurfi réttindi í lífeyrissjóðum í nútíð og framtíð. Sjá nánar kafla um ályktanir ársfundar ASÍ 2009.

Nefnd ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins um málefni lífeyrissjóðanna

Í samræmi við ákvæði í stöðugleikasáttmálanum, sem undirritaður var í júní 2009, skipaði fjármálaráðherra í febrúar 2010 sameiginlega nefnd um málefni lífeyrissjóðanna með fulltrúum frá ríki, sveitarfélögum og aðilum vinnumarkaðarins á almennum og opinberum markaði. Í 9. tölul. sáttmálans segir að þessir aðilar muni í sameiningu taka lífeyrismál til umfjöllunar, fara yfir þau frá grunni án skuldbindingar og fjalla um framtíðarsýn í málaflokknum. Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar er henni í fyrsta lagi ætlað að fara yfir og meta kosti og galla núverandi fyrirkomulags og í öðru lagi að safna saman hugmyndum og koma með tillögu um framtíðarskipan lífeyrismála. Fyrir hönd

ASÍ sitja í nefndinni Gylfi Arnbjörnsson og Þorbjörn Guðmundsson. Fulltrúar ASÍ hafa haldið sjónarmiðum um jöfnun lífeyrisréttinda hátt á lofti og því að nauðsynlegt sé að horfast nú þegar í augu við þær miklu skuldbindingar sem hvíla á ríkssjóði og sveitarfélögum vegna ábyrgðar á lífeyrisskuldbindingum í sjóðum opinberra starfsmanna. Þessar skuldbindingar þurfi að greiða úr sameiginlegum sjóðum á sama tíma og launafólk á almennum markaði þarf sjálft að bera ábyrgð á sínum lífeyrissjóðum og skerða réttindi þegar illa gengur. Við þetta verði ekki unað. Nefndin hefur haldið reglulega fundi frá því í febrúar þar sem aflað hefur verið upplýsinga um stöðu lífeyriskerfisins og afstaða þeirra hópa, sem málið varðar, rædd. Nefndin hélt ráðstefnu um lífeyriskerfið á Hilton Nordica þann 10. maí 2010. Þar fjallaði Bjarni S. Jónsson frá Capacent um íslenska lífeyriskerfið í alþjóðlegu samhengi. Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtök Lífeyrissjóða (LL), og Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME), fjölluðu um stöðu lífeyrissjóðanna og eftirlitshlutverk FME. Vigfús Ásgeirsson og Bjarni Þórðarson ræddu um tryggingafræðilega stöðu sjóðanna, Benedkt Jóhannesson um samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða og Ólafur Ísleifsson um þær megináskoranir sem lífeyriskerfið stendur frammi fyrir. Efnt var til framhaldsráðstefnu í september undir yfyrskriftinni *Horft til framtíðar* þar sem fulltrúar frá öllum aðilum, sem sæti eiga í nefndinni, tóku þátt í umræðuhópum um ýmis álitamál varðandi lífeyriskerfið.

Framtakssjóður Íslands stofnaður

Í desember 2009 stofnuðu sextán lífeyrissjóðir nýtt fjárfestingarfélag, Framtakssjóð Íslands slhf. sem ætlað er að taka þátt í og móta fjárhagslega og rekstrarlega endurreisn íslensks atvinnulífs í kjölfar efnahagshrunsins. Stofnendur sjóðsins skuldbundu sig til að leggja sjóðnum til um 30 milljarða króna í hlutafé og segir í skilmálum sjóðsins að hann muni ávaxta innborgað fé með fjárfestingum í íslenskum fyrirtækum í öllum atvinnugreinum sem eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll. Markmið sjóðsins sé að byggja upp öflug fyrirtæki sem geti verið leiðandi á sínu sviði um leið og þau skili góðri ávöxtun. Stjórn Framtakssjóðsins skipa Ágúst Einarsson stjórnaformaður, Ragnar Önundarson varaformaður, Baldur Þór Vilhjálmsson, Vilborg Loft, Þorkell Sigurlaugsson, Guðfinna Bjarnadóttir og Auður Finnbogadóttir. Finnbogi Jónsson var ráðinn framkvæmdastjóri sjóðsins.

Rannsókn á lífeyrissjóðunum

Á ársfundi ASÍ í október 2008 og aftur á aukaársfundinum í mars 2009 var lögð mikil áhersla á mikilvægi þess að endurheimta þann trúnað og traust sem ríkja verður milli almenns launafólks og lífeyrissjóðanna. Réttindi okkar til elli- og

Örorkulífeyris eru meðal mikilvægustu og verðmætustu þátta í réttindabaráttu launafólks og því verður verkalyðshreyfingin að beita sér fyrir aðgerðum til að koma þessu trausti aftur á. Af hálfu lífeyrisnefndar miðstjórnar ASÍ voru unnar á árinu 2009 tillögur að siðareglum um innri starfsemi lífeyrissjóðanna, m.a. hvað varðar þátttöku í svokölluðum gjafa- eða boðsferðum ásamt reglum um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar. Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins lögðu á aðalfundi Landssamtaka lífeyrissjóða í maí 2010 fram sameiginlega tillögu um að sett yrði á fót óháð rannsóknarnefnd til að rannsaka starfsemi lífeyrissjóðanna og samskipti þeirra við bankana í aðdraganda bankahrunsins. Nefndin skyldi einnig koma með tillögur til úrbóta um starfshætti og fjárfestingastefnu lífeyrissjóðanna. Með tillögu sinni um skipan sérstakrar nefndar vildu ASÍ og SA hafa frumkvæði að rannsókn og greiningu á starfsháttum og fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna og stuðla þannig að því að vönduð umræða fari fram um hlutverk þeirra í framtíðinni, starfshætti og fjárfestingarstefnu. Með þessu væri einnig brugðist við ábendingum, sem fram komu í rannsóknarskýrslu Alþingis, um starfsemi lífeyrissjóðanna. Samþykkt var að fela stjórn LL að beita sér fyrir því að koma slíkri nefnd á laggirnar og fól stjórnin á fundi sínum í júní ríkissáttasemjara að skipa þriggja manna nefnd óháðra, óvilhallra og hæfra einstaklinga til þess að gera úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins. Ríkissáttasemjari tilnefndi í nefndina í ágúst sl. þau Hrafn Bragason, lögfræðing og fyrrverandi hæstaréttardómara, formann, Guðmund Heiðar Frímansson, siðfræðing og prófessor við Háskólann á Akureyri, og Katrínu Ólafsdóttur, hagfræðing og lektor við Háskólann í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum í árslok 2010.

Vinnuvernd

Skipulag vinnunnar og vinnuvernd hafa æ mikilvægara hlutverki að gegna fyrir launafólk, velferð þess á vinnustað og heilsu almennt. Þá hafa áherslur á þessu sviði tekið miklum breytingum með aukinni þekkingu og breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Mikill árangur hefur náðst gagnvart mörgum þeirra úrlausnarefna sem varða öryggi við vinnu og aðbúnað á vinnustöðum. Á undanförunum árum hefur athyglin í vaxandi mæli einnig beinst að öðrum þáttum vinnuverndar eins og ýmsum sálrænum og félagslegum þáttum tengdum vinnunni, skipulagi hennar og samskiptum fólks á vinnustað. Áherslan hefur í vaxandi mæli beinst að því að efla innra vinnuverndarstarf í fyrirtækjum með því að styrkja innviði þessa starfs á vinnustöðunum og með upplýsingum og fræðslu.

Þann 23. mars 2009 samþykkti stjórn Vinnueftirlitsins stefnu fyrir stofnunina 2009– 2013. Þar var í fyrsta sinn sett fram af hálfu stofnunarinnar mæl-

anleg markmið fyrir vinnuverndarstarfið í landinu. Gerð er grein fyrir þessari stefnumörkun í síðustu skýrslu forseta ASÍ.

Tilkynning og skráning atvinnusjúkdóma

Í framhaldi af bókun um tilkynningu og skráningu veikinda, sem gerð var í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði 17. febrúar 2008 var félags- og tryggingamálaráðuneytinu sent erindi vorið 2008. Í erindinu var óskað eftir því við ráðuneytið að þegar yrði hafin vinna með það að markmiði að setja reglur sem stuðluðu að bættri skráningu atvinnusjúkdóma.

Eftir mikinn þrýsting frá ASÍ barst Vinnueftirliti ríkisins (VER) bréf þar sem óskað var eftir því að stofnunin – í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins – fjallaði um málið og gerði tillögur til félags- og tryggingamálaráðuneytisins um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma. Jafnframt kom fram að ráðuneytið mundi eiga samskipti við heilbrigðisráðuneytið um setningu reglugerðar um bótaskylda atvinnusjúkdóma enda falli málið undir það ráðuneyti.

Af hálfu stjórnar Vinnueftirlitsins var skipaður starfshópur um þetta verkefni sem í sátu fulltrúar aðila vinnumarkaðarins og starfsmaður Vinnueftirlitsins. Starfshópurinn víðaði að sér upplýsingum um fyrirkomulag þessara mála annars staðar á Norðurlöndum og fjallaði um með hvaða hætti þessum málum yrði best fyrir komið hér á landi. Niðurstaðan var að skoða frekar þá leið sem Danir hafa farið varðandi tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma.

Starfshópurinn skilaði af sér tillögu að reglugerð um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma í lok nóvember 2009 ásamt skýrslu um grundvöll og efni tillögunnar. Jafnframt var lagt til að atvinnusjúkdómalisti ESB yrði lagður til grundvallar við framkvæmd reglugerðarinnar. Á fundi stjórnar Vinnueftirlitsins 14. desember 2009 var fjallað um tillöguna og samþykkt að senda hana félags- og tryggingamálaráðuneytinu með ósk um að reglugerð yrði sett á grundvelli hennar.

Að mati Alþýðusambandsins var mikilvægum áfanga náð með þeirri samstöðu sem náðist um efni reglugerðarinnar og samþykkt stjórnar VER enda er hér um að ræða áratugalangt baráttumál verkalýðshreyfingarinnar og mikilvægan þátt í baráttunni fyrir aukinni vinnuvernd og bótarétti launafólks sem fær atvinnusjúkdóma.

Þrátt fyrir margítrekaðar óskir og síðar kröfur ASÍ hefur félags- og tryggingamálaráðuneytið ekki ennþá gefið út reglugerð um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma þegar þetta er skrifað um miðjan september 2010. Þetta eru mikil vonbrigði og ljóst að við svo búið verður ekki unað. Þá hefur engin vinna átt sér stað varðandi reglugerð um bótaskylda atvinnusjúkdóma eins og lofað hefur verið af hálfu félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Evrópsk vinnuverndarvika

Vinnuverndarvika Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar árið 2009 var 19.–23. október. Hún fjallað um áhættumat eins og vinnuverndarvikan árið 2008.

Árið 2010 verður Evrópska vinnuverndarvikan 25.– 29. október. Yfirskrift vinnuverndarvikunnar verður að þessu sinni *Öruggr viðhaldsvinna*. Næsta ár, 2011, verður einnig helgað öruggr viðhaldsvinnu. Í tilefni af vinnuverndarvikunni verður gert sérstakt átak til að vekja athygli á hættum við viðhaldsvinnu og hvernig megi fyrirbyggja þær.

Samningur um einelti og ofbeldi

Eftirfarandi minnisblað var af hálfu ASÍ lagt fyrir stjórn Vinnueftirlitsins 26. október 2009. Stjórn VER samþykkti tillöguna sem þar var sett fram og var félags- og tryggingamálaráðherra sent erindi þess efnis með bréfi VER 10. desember 2009:

Í lok árs 2006 gerðu aðilar vinnumarkaðarins á Evrópuvísu (ETUC/CES og BUSINESSEUROPE/ UEAPME/CEEP) rammamarkaðssamning um einelti og ofbeldi við vinnu. Samningnum er ætlað að auka vitund og skilning atvinnurekenda, launafólks og fulltrúa þessara aðila á einelti og ofbeldi á vinnustað. Jafnframt er samningnum ætlað að auðvelda þessum aðilum að greina, koma í veg fyrir og takast á við vandamál af slíku tagi sem kunna að koma upp.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins eru aðilar að framangreindum Evrópusamtökum og þar með rammamarkaðssamningnum. Í samræmi við ákvæði hans hafa þessi samtök skuldbundið sig til að innleiða efni samningsins.

Af hálfu ASÍ og SA hefur verið fjallað um með hvaða hætti væri best að innleiða samninginn hér á landi. Það er sameiginleg niðurstaða þessara samtaka að þar sem þegar er til staðar reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum sé eðlilegast að láta reyna á hvort ekki náist samkomulag um að endurskoða þá reglugerð með það að markmiði að fella inn í hana efni framangreinds rammamarkaðssamnings um einelti og ofbeldi á vinnustað. Jafnframt mætti í leiðinni meta hvort tilefni er til að gera frekari breytingar á reglugerðinni.

Í ljósi framanritaðs er lagt til að stjórn Vinnueftirlitsins beini því til félags- og tryggingamálaráðuneytisins að þegar verði hafin endurskoðun á reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum nr. 1000/2004 og jafnframt að Vinnueftirlitinu verði falið að gera tillögu að nýrri reglugerð um þetta efni m.a. í ljósi samnings aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um einelti og ofbeldi á vinnustað. Af hálfu Vinnueftirlitsins verði skipaður sérstakur vinnuhópur fulltrúa tilnefningaraðila í stjórn ásamt starfsmanni til að vinna slíka tillögu. Áhersla er lögð á að þessu starfi ljúki þannig að breytingar taki gildi í síðasta lagi fyrir lok apríl 2010.

Árétta skal að sú leið, sem hér er lögð til varðandi innleiðingu Evrópu-samnings, byggir á þeirri staðreynd að þegar er til staðar reglugerð um sama eða sambærilegt efni sem edlilegt er að byggja á. Það breytir ekki þeirri almennu afstöðu samningsaðila að almennt sé rétt að innleiða slíka samninga með kjarasamningum ef kostur er.

Engin viðbrögð hafa borist úr ráðuneytinu þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir og óskir af hálfu ASÍ um aðgerðir af þess hálfu.

Aðild að Vinnuverndarstofnun Evrópu

Vorið 2009 var samþykkt að Ísland fengi áheyrnaraðild að stjórn Vinnuverndarstofnunar Evrópu sem staðsett er í Bilbao. Þarna er um mikilvæg tímamót að ræða þar sem fyrir liggur að helsta þróun á sviði vinnuverndar á sér stað á vettvangi Evrópusambandsins og að með aðild að Bilbao-stofnuninni getur Ísland orðið virkari þátttakandi í vinnuverndarstarfi á Evrópuvísu en áður. Þátttaka Íslands í stjórninni er með þeim hætti að einn fulltrúi er tilnefndur af stjórnvöldum, einn af samtökum launafólks og einn af samtökum atvinnurekenda.

Verkefnisstjórn 50+

Í árslok 2009 lauk Verkefnisstjórn 50+ starfi sínu. Verkefnisstjórnin var skipuð af félags- og tryggingamálaráðherra árið 2005 til fimm ára. Stjórninvar skipuð sjö aðilum og var henni ætlað að stýra verkefnisem hafði það meginverkefni að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Starfstími stjórnarinnar átti að renna út vorið 2010 en í ljósi mikils niðurskurðar og sparnaðar þá var lagt til að stjórnin lyki starfi sínu um áramótin 2009/2010. Gefin var út skýrsla um starf nefndarinnar og er hana að finna á vef 50+: <http://50.felagsmalaraduneyti.is/>. Verkefnisstjórnin hélt samtals 38 fundi auk stefnumótunarfundar. Fulltrúi Alþýðusambandsins í stjórninni var Ingunn S. Þorsteinsdóttir.

Endurskoðun laga um starfsmenn í hlutastörfum

Frá því haustið 2002 áttu Alþýðusamband Íslands ásamt BSR, BHM og KÍ í viðræðum við ríki og sveitarfélög um innleiðingu tilskipunar 97/81/EBE um hlutastörf. Samningar tókust ekki vegna ágreinings um það hvort allt launafólk hjá hinu opinbera sem ráðið er í svokallaða “tímavinnu” yrði undanþegið ákvæðum samningsins. ASÍ taldi undanþágu af þeim toga ekki heimila skv. ákvæðum fyrrgreindrar tilskipunar eða skv. ákvæðum rammamnings aðila vinnumarkaðarins í Evrópu. Slík undanþága fæli jafnframt í sér skerðingu réttinda skv. gildandi kjarasamningum en tilgangur tilskipunarinnar væri hins vegar að tryggja réttindi þeirra og auka þar sem það ætti við. Samtök atvinnulífsins fóru þess á leit að svipuð undanþága kæmi inn í kjarasamning

ASÍ og SA um innleiðingu tilskipunarinnar á almennum vinnumarkaði en samningum var lokið án þess að slík undanþága væri veitt. Samningar tókust hins vegar ekki við hið opinbera og var félagsmálaráðherra tilkynnt sú niðurstaða í maí 2003. Lög um starfsmenn í hlutastörfum voru síðan sett í mars 2004, með hinum umdeildu undantekningum varðandi „tímavinnu“. Eftirlitsstofnun EFTA tók málið upp árið 2006 og komst að þeirri niðurstöðu að þær undanþágur sem lögín geymdu væru of víðtækar til að geta samrýmst tilgangi framangreindrar tilskipunar. Lögum um starfsmenn í hlutastörfum var síðan breytt með lögum 85/2009 í þá veru sem ASÍ lagði til árið 2003 og undanþágunnar felldar niður.

Réttur þeirra sem starfa erlendis

Í tengslum við gerð kjarasamning 17.2 2008 gaf ríkisstjórn Íslands út yfirlýsingu um að skipaður skyldi starfshópur sem ætti að skoða með hvaða hætti unnt væri að tryggja að starfsmenn með lögheimili hér á landi, sem eru að störfum erlendis fyrir dótturfyrirtæki íslenskra fyrirtækja, gætu viðhaldið réttindum sínum í íslenska velferðarkerfinu. Starfshópurinn lauk störfum þann 12.3 2010.

Niðurstaða starfshópsins

„Samkvæmt þeim milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að er meginreglan sú að starfsmenn ávinna sér réttindi í velferðarkerfi þess ríkis þar sem vinnan er innt af hendi. Þeir geta síðan nýtt sér þessi réttindi í viðkomandi ríki eða flutt þau með sér milli þeirra ríkja sem aðild eiga að hlutaðeigandi samningum með því að framvísa tilheyrandi E-vottorðum. Í ljósi þess telur starfshópurinn ekki þörf á breytingum á þessu sviði.

Starfshópurinn leggur hins vegar til að starfsmönnum sem hafa skráð lögheimili hér á landi á grundvelli laga um lögheimili, þrátt fyrir atvinnuþátttöku erlendis, verði gert kleift að greiða iðgjald af launum sínum til áframhaldandi ávinnslu réttinda hérlendis til atvinnuleysistrygginga sem og fæðingar- og foreldraorlofs ávinni þeir sér engin réttindi í öðru ríki með atvinnuþátttöku sinni þar. Leggur starfshópurinn til að fyrrnefnt iðgjald verði sama hlutfall af launum viðkomandi og hefðu launin verið greidd hér á landi. Starfshópurinn leggur áherslu á að eingöngu er átt við þá starfsmenn erlendis sem ávinna sér engin réttindi þrátt fyrir atvinnuþátttöku sína þar en ekki er átt við þá starfsmenn erlendis sem með atvinnuþátttöku sinni ávinna sér réttindi innan velferðarkerfis erlendis þótt þau réttindi séu lakari en sambærileg réttindi hér á landi.“

Uppsögn ráðningarsamninga

Með bókun í samkomulagi ASÍ og SA frá 17.2 2008 var ákveðið að vinna sameiginlegt fræðsluefni um góða framkvæmd uppsagna. Verkinu átti að ljúka fyrir árslok 2008 og í lok september 2008 voru drög að kynningarefni útbúin af ASÍ og send SA. Eftirfarandi sameiginlegt fræðsluefni leit dagsins ljós í ársbyrjun 2010.

Um framkvæmd og uppsagnir starfsmanna

Réttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda

Tilgangur þessa upplýsingabæklings Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins er að stuðla að góðri framkvæmd uppsagna á vinnumarkaði. Með því að tileinka sér góðar venjur við framkvæmd uppsagna er hægt að lágmarka neikvæð áhrif uppsagnarinnar á viðkomandi starfsmann, fyrirtækið og aðra starfsmenn þess.

Lög og kjarasamningar taka til ráðningarsambands atvinnurekanda og starfsmanns. Við uppsagnir gilda reglur um framkvæmd og lengd uppsagnarfrests sem báðir aðilar verða að virða. Að jafnaði þarf hvorki starfsmaður né atvinnurekandi að rökstyðja ákvörðun sína um slit ráðningarsambands nema hvað varðar nokkra hópa eða tilvik þar sem uppsagnarvernd er tiltekin í lögum.

Nýjar reglur

Meginreglan er áfram sú að uppsögn þarf ekki að rökstyðja, uppsagnarfrestur sem getur verið mismunandi eftir kjarasamningum er gagnkvæmur og að uppsögn skal vera skrifleg.

Starfsmaður á nú rétt á viðtali um ástæður uppsagnar, óski hann þess. Framkvæmd uppsagna af hálfu atvinnurekanda var breytt að þessu leyti í kjarasamningum 2008.

Áréttað er að uppsagnarréttur atvinnurekanda er áfram frjáls þó svo að hann geti verið háður vissum takmörkunum, lögum samkvæmt.

Meginreglurnar eru þessar:

- Uppsagnir skulu vera skriflegar.
- Uppsagnarbréf skal vera á sama tungumáli og ráðningarsamningur starfsmanns.
- Starfsmaður á rétt á viðtali um starfslok sín og ástæður uppsagnar.
 1. Beiðni um viðtal skal koma fram innan *fjögurra sólarhringa* frá því uppsögn er móttækin.
 2. Viðtal skal fara fram innan *fjögurra sólarhringa* þar frá.

3. Starfsmaður getur óskað þess þegar að loknu viðtali, eða innan *fjögurra sólarhringa*, að ástæður uppsagnar séu skýrðar skriflega.
4. Fallist atvinnurekandi á þá ósk skal viðtalið eiga sér stað innan *fjögurra sólarhringa* þar frá.
5. Fallist atvinnurekandi ekki á ósk starfsmanns um skriflegar skýringar, á starfsmaður innan *fjögurra sólarhringa* rétt á öðrum fundi með vinnuveitanda um ástæður uppsagnar að viðstöddum trúnaðarmanni sínum eða öðrum fulltrúa stéttarfélags síns, ef starfsmaður óskar þess.

Viðurlög

Brot gegn ofangreindum reglum geta varðað bótum skv. almennum reglum skaðabótaréttarins. Í því felst að bæta skal það tjón sem er afleiðing slíks brots.

Sérstök uppsagnarvernd tiltekinna starfsmanna

Tilteknir hópar launafólks njóta sérstakrar uppsagnarverndar. Rökstyðja ber uppsagnir þeirra til þess að tryggja að uppsögn beinist ekki að þeim vegna þeirrar sérstöku stöðu sem þeir eru í. Þetta á við um:

- Trúnaðarmenn og öryggistrúnaðarmenn
Trúnaðarmenn njóta sérstakrar verndar gegn uppsögnum að því er varðar störf þeirra sem trúnaðarmanna og einnig almennrar verndar. Þegar fækka þarf starfsmönnum skal trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni, sbr. 11. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938. Sama regla gildir um öryggistrúnaðarmenn, sbr. 9. gr. vinnuverndarlaga nr. 46/1980.
- Barnshafandi konur, foreldrar í fæðingarorlofi og starfsmenn sem tilkynnt hafa um töku fæðingar- og foreldraorlofs
Óheimilt er að segja starfsmanni upp störfum vegna þess að hann hefur tilkynnt um fyrirhugaða töku fæðingar- eða foreldraorlofs eða er í fæðingar- og foreldraorlofi, nema gildar ástæður séu fyrir hendi og skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja uppsögninni. Sama gildir um uppsagnir þungaðrar konu og konu sem nýlega hefur alið barn. Sjá 29. og 30. gr. fæðingarorlofs-laga, nr. 95/2000.
- Starfsmenn sem bera fjölskylduábyrgð
Óheimilt er að segja starfsmanni upp störfum eingöngu vegna fjölskyldu-ábyrgðar sem hann ber. Þar er átt við skyldur starfsmanns gagnvart börnum, maka eða nánnum skyldmönnum sem búa á heimili hans og greinilega

þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar. Sjá lög um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, nr. 27/2000.

Þá eru ákvæði í lögum sem ber að gæta og veita starfsmönnum vernd gegn uppsögnum við ákveðnar aðstæður.

- Óheimilt er að mismuna starfsmönnum við uppsagnir á grundvelli kyns, sbr. jafnréttislög nr. 10/2008.
- Atvinnurekendum er bannað að reyna að hafa með uppsögnum áhrif á aðild og afstöðu starfsmanna til stéttarfélaga, vinnudeilna eða stjórn mála-starfs, sbr. 4. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938.
- Einnig ber atvinnurekendum að hyggja sérstaklega að reglu 3. mgr. 4. gr. laga um starfsmenn í hlutastarfi, nr. 10/2002, og lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002.

Auk þess ber atvinnurekendum að gæta samráðsskyldu laga um hópuppsagnir, nr. 63/2000.

Uppsagnarfrestir

Lágmarksuppsagnarfrestir eru tilgreindir í lögum nr. 19/1979 en kjarasamningar bæta talsvert við þann lágmarksrétt. Kjarasamningar leggja starfstíma til grundvallar lengd uppsagnarfrests og er uppsagnarfrestur frá því að vera enginn á fyrstu starfsdögum upp í 6 mánuði, ef uppfyllt eru skilyrði um starfsaldur.

Starfsemi Vinnumálastofnunar

Mikið álag hefur verið á Vinnumálastofnun eftir hrunið í október 2008. Ljóst er að stofnunin var engan veginn búin undir það mikla álag sem er á stofnuninni, bæði varðandi greiðslu atvinnuleysisbóta, vinnumiðlun og aðra þjónustu við atvinnuleitendur, svo og virkar vinnumarkaðsaðgerðir.

Vinnumálastofnun stóð sig vel í að tryggja útborgun atvinnuleysisbóta við erfiðar aðstæður. Stofnunin gerði þetta að forgangsverkefni í starfi sínu á árinu 2008. Það var rétt forgangsröðun. Þá var aukin áhersla lögð á úttektir og greiningarvinnu vegna atvinnuástandsins og birtingarmynda atvinnuleysisins þegar leið á árið 2009.

Vinnumálastofnun varð hins vegar fyrir vaxandi gagnrýni þegar leið á árið 2009 fyrir að sinna mjög takmarkað þeim mikilvæga þætti sem lítur að almennri ráðgjöf til atvinnuleitenda og virkum vinnumarkaðsaðgerðum. Í því sambandi benti ASÍ á fjölmörg atriði, sem færa mætti til betri vegar, og tilgreindi jafnfram leiðir í þeim efnum, eins og fram kemur í síðustu skýrslu forseta ASÍ. Alþýðusambandið benti m.a. á það sem helst einkenndi þau úrræði, sem boðið væri upp á, og hvernig þau væru nýtt, annars vegar að fram-

boð væri mjög mismunandi eftir landsvæðum og hins vegar væri kerfið ennþá þannig að það þjónar fyrst og fremst þeim sem hjálpa sér sjálfir og bera sig eftir því sem í boði er. Þannig væri staðan sú að þúsundir atvinnulausra fengju enga ráðgjöf eða úrræði af hálfu stofnunarinnar svo mánuðum og misserum skipti. Takmörkuð viðbrögð við gagnrýni og tillögum Alþýðusambandsins voru ásamt öðru kveikjan að sameiginlegum tillögum ASÍ og SA um að aðilar vinnumarkaðarins kæmu með mun virkari og formlegri hætti að framkvæmd laga um atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og virkum vinnumarkaðs- aðgerðum. Gerð er grein fyrir þeim tillögum síðar í þessum kafla.

Í framhaldi af gagnrýninni á Vinnumálastofnun og umræðu um þær sérstöku hættur, sem fælust í því að atvinnulaus ungmenni fengju ekki hvatningu og stuðning til virkni, var áttakinu *Ungt fólk til athafna* (UFA) hleypt af stokkunum í janúar 2010. Markmiðið var að tryggja öllu ungu fólki 16–25 ára, sem verið hefði atvinnulaust í 3 mánuði eða lengur, virkniúrræði og skyldi þessu markmiði náð fyrir 1. apríl 2010.

Við upphaf átaksins voru atvinnulaus ungmenni rúmlega 3.000 á landinu öllu, flest á höfuðborgarsvæðinu eða rúmlega 2.000.

Markmið með áttakinu er að virkja alla unga atvinnuleitendur innan þriggja mánaða frá atvinnumissi til að koma í veg fyrir þær alvarlegu afleiðingar sem aðgerðarleysi getur haft á líf og heilsu. Því má segja að áttakinu sé ætlað að milda og draga eins og kostur er úr þeim alvarlegu afleiðingum sem efnahags- hrunið hefur haft á vinnumarkaðinn og þar með stöðu ungra atvinnuleitenda fremuren að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir ákveðna þekkingu og færni.

Áherslur átaksins eru á eftirfarandi þætti:

1. Áhersla á markhópinn 16–25 ára
2. Snemmbært inngrip með tilboði um virkniúrræði (innan þriggja mánaða)
3. Áhersla á náms- og starfsráðgjöf
4. Samstarf við ólíka aðila, s.s. menntamálayfirvöld, aðila vinnumarkaðarins, fullorðinsfræðsluaðila, sjálfboðaliðasamtök og sveitarfélög
5. Skylduvirkni - Þátttaka í áttakinu forsenda bóta

Í áttakinu er lögð mikil áhersla á náms- og starfsráðgjöf og hvatningu til þátttöku í úrræðum sem hafa það markmið að stuðla að því að byggja upp hæfni markhópsins. Menntunartig í hópi ungra atvinnuleitendaer með þeim hætti að um 75% hópsins hefur einungis lokið grunnskólanámi. Þessi hópur fær sérstaka athygli í áttakinu.

Virkniúrræðum má skipta í tvennt:

Í boði er fjölbreytt úrval námsúrræða sem bjóðast í samstarfi við framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar og aðra námskeiðshaldara.

Í boði eru vinnutengd virkniúrræði, annars vegar sjálfboðaliðastörf í sam-

starfi við ýmis sjálfboðaliðasamtök, s.s. Rauða krossinn og Íþróttahreyfinguna. Auk þess er lögð áhersla á að fá fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög í samstarf um átaksverkefni og starfsþjálfunarpláss. Átak um sumarstörf er liður í þessu verkefni.

Ekki er tímabært að álykta um árangur af verkefninu til lengri tíma þar sem stutt er síðan það fór af stað. Þó liggur fyrir að 90% af öllum ungum atvinnuleitendum á landinu hefur boðist ráðgjöf og þátttaka í virkniúrræði frá því átakið hófst.

Frá hausti 2010 hefur verið tekin sú ákvörðun að UFA-ráðgjafar kalli inn fólk úr aldurhópnum 25–29 ára, þ.e. þá sem hafa verið atvinnulausir 12 mánuði eða lengur, og munu þeir fá hliðstæða þjónustu og veitt er í átakanu fyrir 16–24 ára.

Þann 1. ágúst 2010 hleypti Vinnumálastofnun af stað sérstöku átaki gegn afleiðingum langtímaatvinnuleysis undir yfirskriftinni *ÞOR - þekking og reynsla*. Markmiðið með átakanu er að virkja þann hóp einstaklinga, sem hefur verið atvinnulaus í tólf mánuði eða lengur, til þátttöku í fjölbreytilegum vinnumarkaðsúrræðum. Á næstu mánuðum verða allir þessir einstaklingar kallaðir til ráðgjafafundar á vegum Vinnumálastofnunar og þeim kynntir með öflugum og markvissum hætti tækifæri og skyldur þeirra til þátttöku í úrræðum sem eiga að auka möguleika þeirra í atvinnuleitinni. Um 4000 manns hafa nú verið atvinnulaus í eitt ár eða lengur og Vinnumálastofnun hefur sett sér það markmið að nálgast þá alla fyrir 1. nóvember nk.

Leitað hefur verið samstarfs við fjölda fræðsluaðila, fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka um virkniúrræði og þá hefur stofnunin átt samræðu við símenntunardeildir háskólanna en kraftar þeirra hafa til þessa lítið verið nýttir atvinnuleitendum til hagsbóta. Um 70 úrræði standa atvinnulausum nú til boða, mismunandi eftir menntun og starfsreynslu hvers og eins.

Málefni Atvinnuleysistryggingasjóðs

Mikil átök urðu síðla árs 2009 á milli Alþýðusambandsins og félags- og tryggingamálaráðherra vegna tillagna hans um miklar breytingar og skerðingar á réttinum til atvinnuleysisbóta. Um annað var hins vegar sátt, eins og hvað varðaði framlengingu á bráðabirgðaákvæðum laga um hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli og tímabundnum rétti sjálfstætt starfandi til atvinnuleysisbóta á móti tekjum.

Um miðjan nóvember kynnti ráðherra aðilum vinnumarkaðarins hugmyndir um að Vinnumálastofnun yrði heimilað að taka allt að helming atvinnuleysisbóta fólks að 25 ára aldri, sem uppfylla ákveðin skilyrði varðandi búsetu og framfærsluskyldu (barnlaus í foreldrahúsum), og ráðstafa í vinnumarkaðsúrræði. Nefnt var sem dæmi að fjármunir yrðu nýttir til að borga pláss

fyrirþennan aldursþóp í framhaldsskóla, fjölsmiðju eða í öðrum úrræðum. Þá var lagt til það nýmæli að þeir sem njóta elli- og örorkulífeyris skv. lögum um almannatryggingar nytu ekki atvinnuleysisbóta. Skiptir þá engu máli hvort viðkomandi uppfyllti önnur skilyrði laganna um þátttöku á vinnumarkaði. Þá var að finna ýmsar breytingar sem lutu að því að herða viðurlög og refsheimildir. Fleiri atriði var að finna í tillögum ráðherra, s.s. að hækka aldur þeirra sem ættu rétt til atvinnuleysisbóta í 18 ár.

Fulltrúar Alþýðusambandsins gerðu strax alvarlegar athugasemdir við þær hugmyndir varðandi ungmennin og elli- og örorkulífeyrisþega sem settar höfðu verið fram. Þá benti ASÍ á fleiri atriði sem mjög orkuðu tvímælis, s.s. varðandi hækkun á lágmarksaldrinum. Fulltrúar ASÍ áréttuðu að leggja ætti áherslu á aukna virkni og úrræði án þess að skerða bæturnar en af hálfu ASÍ hefði það verið algjör forsenda að ekki yrði hróflað við réttindum launafólks á vinnumarkaði. Atvinnuleysisbótarétturinn væri a.m.k. fyrir almenna vinnu- markaðinn hluti af grundvallarréttindum launafólks.

Til að mæta gagnrýni ASÍ um að skerða atvinnuleysisbætur fólks að 25 ára aldri gerði ráðherra tillögu um nýja útfærslu sem litlu breyttu fyrir efni málsins.

Í byrjun desember 2009 lagði ráðherra fram frumvarp til breytinga á lögum um atvinnuleysistryggingar, þar sem fallið var frá hugmyndunum um skerðingu atvinnuleysisbóta til fólks undir 25 ára aldri og seinni hugmyndum um sama efni vegna ítrekaðra mótmæla Alþýðusambandsins og gagnrýni. Eftir stóð að verulega var þrengt að rétti námsmanna til atvinnuleysisbóta og allar eftirlits- og refsheimildir Vinnuálastofnunar auknar til mikilla muna auk fleiri atriða.

Vegna aðdraganda málsins og efnis þess sá Alþýðusambandið tilefni til að fjalla sérstaklega um þann þátt í upphafi umsagnar sinnar til félags- og tryggingamálanefndar Alþingis um frumvarpið. Þar sagði:

Í upphafi er rétt að taka fram að Alþýðusamband Íslands hefur gagnrýnt harðlega hvernig stadið var að gerð þessa frumvarps sem endurspeglast að nokkru í efni þess. Það hefur tíðkast um langt árabíl, óháð skipan ríkisstjórna eða hvaða ráðherrar hafa farið með málefni vinnumarkaðarins, að leitað hefur verið eftir samráði við Alþýðusambandið og aðra aðila vinnumarkaðarins um mál er varða sérstaklega réttindamál launafólks og velferðarkerfið á vinnumarkaði. Jafnframt hafa allir aðilar, sem málið varðar, leitast við að ná sameiginlegri niðurstöðu sem sátt hefur verið um. Má í þessu sambandi nefna sem dæmi frá síðustu árum lög um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, lög um ábyrgðasjóð launa, lög um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, og lög um vinnumarkaðsaðgerðir. Er þá ótalin löggjöf sem sett hefur verið síðustu ár til að styrkja vinnumarkaðinn og koma í veg fyrir

félagsleg undirboð. Má segja að hér hafi verið farin sú leið sem norræna vinnumarkaðsmódelið byggir á, þ.e. að leita sátta og semja um niðurstöðuna ef nokkur kostur er.

Atvinnuleysisstryggingar eru eitt af hornsteinum réttindakerfis launafólks. Atvinnuleysisstryggingum var upphaflega komið á fyrir baráttu verkalds-hreyfingarinnar eftir mikil átök og langt verkfall. Alla tíð síðan hefur verið viðurkennt að það réttindakerfi, sem þá var lagður grunnur að, yrði aðeins þróað og því breytt í góðri sátt við samtök launafólks. Enda ljóst að hagsmunir launafólks eru miklir og kostnaðurinn við kerfið greiddur af því og fyrirtækjunum í landinu. Af þessari braut var vikið við undirbúning breytinganna nú. Að vísu tókst á síðustu stundu að koma í veg fyrir alvarlegustu meinbugina á því frumvarpi sem félags- og tryggingamálaráðherra var með í undirbúningi. Eftir standa ýmis álítaefni og athugasemdir sem nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir.

Í meðförum Alþingis var að nokkru tekið tillit til gagnrýni ASÍ á efni frumvarpsins.

Vorið 2010 voru lög um atvinnuleysisstryggingar aftur til umfjöllunar á vettvangi Alþingis vegna framlengingar á bráðabirgðaákvæðunum um hlutabætur og sjálfstætt starfandi. Þá var einnig að finna afturvirk ákvæði um að greiðslur séreignarlífeyrissparnaðar skuli ekki skerða greiðslur atvinnuleysisbóta en þetta ákvæði var komið inn að kröfu ASÍ. Við meðferð málsins á þingi lagði ASÍ til að bótatímabil atvinnuleysisbóta yrði lengt úr 3 árum í 4. Við því var ekki orðið en því lofað að málið yrði tekið upp á haustmánuðum 2010 og bótatímabilið þá lengt. Vinna við þá breytingu hófst síðan í september og er stefnt að því að hún verði lögð fyrir Alþingi í október og þá að lengingin verði tímabundin og í 5 ár.

Boðuð sameining stofnana vinnumarkaðarins

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir að stefnt skuli að því að sameina stofnanir á sviði almannatrygginga og vinnumála í eina stofnun um vinnu og velferð.

Alþýðusambandið varaði strax við þeim hugmyndum sem þetta stefnumið ríkisstjórnarinnar byggir á. Á fundi miðstjórnar ASÍ í september 2009 var lýst yfir miklum efasemdum vegna hugmynda um sameiningu Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar ríkisins og Vinnueftirlits ríkisins í eina stofnun „vinnu og velferðar“.

Helstu rökin fyrir þessari afstöðu ASÍ eru að byggt hefur verið upp og þróað hér á landi viðamikilið og öflugt kerfi samskipta á vettvangi vinnumarkaðarins með ágætu samstarfi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda þar sem aðilar vinnumarkaðarins hafa tekið mikilvægt frumkvæði og axlað mikla

ábyrgð. Lögð hefur verið áhersla á að réttindi og skyldur fylgist sem best að, svo og ábyrgð og framkvæmd aðila.

Mikilvægt er að byggja á styrkleikum þess kerfis stofnana og samskipta á vinnumarkaði, sem hér er til staðar, og þróa það enn frekar í stað þess að skaða það. Bent er á að gott dæmi um árangur af samstarfi, eins og hér hefur verið lýst, er hvernig aðilum vinnumarkaðarins tókst sameiginlega með samstarfi á mörgum sviðum, samningum, lagasetningu og sameiginlegum aðgerðum, að verja vinnumarkaðinn og treysta þegar innflutningurinn á erlendu launafólki stóð sem hæst.

Grunnhugsunin gagnvart einstaklingunum á að vera að tryggja sem best og varanlegust tengsl þeirra, sem af einhverjum ástæðum forfallast eða þurfa á aðstoð að halda, við vinnumarkaðinn. Þar er mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins axli sameiginlega ábyrgð gagnvart því sem gerist á vinnumarkaði.

Grunnhugsunin af hálfu stjórnvalda á að vera að tryggja að fjármunir og þjónusta nýtist einstaklingunum sem best. Ljóst er að helstu veikleikar í núverandi kerfi tengjast Tryggingastofnun. Þar hefur orðið til mikið og flókið kerfi sem ekki er mjög heildstætt eða til þess fallið að hvetja og styrkja einstaklingana „sem lent hafa í kerfinu“ til virkrar þátttöku á vinnumarkaði.

Tryggingastofnun og þróun hennar er víti til varnaðar – þar voru tengsl og aðkoma aðila vinnumarkaðarins að stofnuninni ekki tryggð og þar með ekki virk aðkoma þeirra að uppbyggingu og framkvæmd kerfisins. Þessu var m.a. svarað með uppbyggingu sjúkrasjóða stéttarfélaganna, lífeyrissjóðanna og nú síðast Starfsendurhæfingarsjóðs.

Mikilvægt er að viðhalda því fyrirkomulagi að aðilar vinnumarkaðarins axli sem mest ábyrgð og hafi með höndum þá þætti er varða vinnumarkaðinn, fyrirtækin og launafólk.

Þótt ASÍ hafi lagst gegn þeim sameiningaráformum, sem lýst er hér að framan, hefur komið fram af hálfu sambandsins að skoða megi sameiningu Vinnuálastofnunar og Vinnueftirlitsins. Þá eru jafnframt settar fram hugmyndir um frekara samstarf og mögulegan tilflutning verkefna milli stjórnvaldsstofnana og lögð áhersla á að byggja brýr á milli réttindakerfa og stjórnsýslustofnana og fleiri aðila og samhæfa starfsemi þeirra og réttindakerfi þar sem þörf kann að vera á slíku.

Eftir nokkrar umræður og átök um málið bárust í upphafi árs 2010 þau skilaboð úr félags- og tryggingamálaráðuneytinu að sameiningamálin hefðu verið sett á ís. Það kom því Alþýðusambandinu algjörlega í opna skjöldu þegar félagsmálaráðherra kynnti á sameiginlegum fundi starfsmanna Vinnueftirlitsins og Vinnuálastofnunar upp úr miðjum mars 2010 að ákveðið hefði verið að sameina stofnanirnar og að sameiningin ætti að taka gildi 1 janúar 2011.

Málið var rætt á fundi miðstjórnar ASÍ 24. mars og í framhaldinu sendi forseti ASÍ forsætisráðherra bréf, þar sem sagði m.a.:

Félags- og tryggingamálaráðherra kynnti í byrjun vikunnar áform ríkisstjórnarinnar um sameiningu Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlitsins í nýja Vinnumarkaðsstofnun sem gegna á lykilhlutverki varðandi framkvæmd og þróun málefna vinnumarkaðarins hér á landi í framtíðinni.

Ekkert samráð var haft við aðila vinnumarkaðarins um þessi áform eða efni málsins að öðru leyti. Með fyrirhugðum breytingum er slitið á öll formleg tengsl og aðkomu aðila vinnumarkaðarins að þeim verkefnum sem Vinnumarkaðsstofnun mun hafa með höndum og allt vald varðandi málefni hinnar nýju stofnunar fært í hendur ráðherra og forstjóra sem starfar í umboði hans.

Samstarf og samábyrgð aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um uppbyggingu og þróun vinnumarkaðarins er eitt af helstu einkennum norrænu velferðarsamfélaganna og vinnumarkaðsmóðelsins og jafnframt einn helsti styrkur þeirra. Hér á landi hefur um langt árabil verið viðtæk sátt í meginatriðum um þetta fyrirkomulag. Með þeim áformum stjórnvalda, sem nú hafa verið kynnt, er verið að rjúfa þessa sátt um leið og vegið er að því fyrirkomulagi sem byggt hefur verið upp á íslenskum vinnumarkaði. Alþýðusamband Íslands mun aldrei sætta sig við slíka niðurstöðu.

Með samkomulagi í nefnd forsætisráðherra um nýja hugsun og nálgun varðandi örorkumat og með yfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar var í febrúar 2008 gerð mikilvæg sátt á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um uppbyggingu og þróun starfsendurhæfingar á vinnumarkaði. Markmiðið er að tryggja öllu launafólki, sem hefði þörf á slíku, rétt til starfsendurhæfingar í kjölfar veikinda eða slysa. Jafnframt var sátt um hvernig fjármagna ætti þetta mikilvæga verkefni með framlagi allra aðila sem málið varðaði, þ.m.t. stjórnvalda. Óumdeilt er að með þessu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda var stigið mikilvægt skref til að treysta réttindi og möguleika fólks á vinnumarkaði og til að auka lífsgæði þeirra sem lenda í áföllum vegna veikinda og slysa, sem um leið er mikilvægt framfaraskref fyrir samfélagið í heild.

Framangreind sátt var áréttuð af stjórnvöldum með stöðugleikasáttmál-anum í júní á síðasta ári, þar sem fulltrúar aðila vinnumarkaðar samþykktu verulega lækkun og seinkun á framlögum ríkisins vegna erfiðrar stöðu ríkisfjármála. Þar var jafnframt ákveðið hvernig stadið yrði að málum þannig að öllu launafólki á vinnumarkaði yrði tryggður með löggjöf sami réttur til starfsendurhæfingar. Minna má á, að um 1/3 félagsmanna ASÍ eru nú án þessara réttinda þar sem þeir starfa hjá fyrirtækjum sem ekki eru aðilar að samtökum atvinnurekenda.

Tafist hefur úr hófi að ríkisstjórnin stæði við sinn hluta samkomulagsins þrátt fyrir úrekaðar yfirlýsingar um bragarbót. Nú hefur komið fram af hálfu tveggja ráðherra að ekki sé samstaða innan ríkisstjórnarflokkanna um að standa við þessar skuldbindingar ríkisstjórnarinnar. Verði það niðurstaðan mun það koma í veg fyrir að stórir hópar fólks á vinnumarkaði njóti réttar til starfsendurhæfingar. Ljóst er að standi stjórnvöld ekki við sín fyrirheit er um skýrt brot á samkomulagi aðila að ræða og augljóslega mun slík framganga draga mjög úr trausti í samskiptum aðila.

Það er því skýlaus krafa Alþýðusambands Íslands að stjórnvöld dragi til baka áform um grundvallarbreytingar varðandi fyrirkomulag á íslenskum vinnumarkaði eins og þau hafa verið sett fram í tengslum við uppstokkun á lykilstofnunum vinnumarkaðarins. Þess er jafnframt krafist að sest verði að samráði við aðila vinnumarkaðarins um breytingar á hlutverki og verkaskiptingu bæði stofnana og aðila sem byggja á þeirri sátt sem ríkt hefur um sameiginlega ábyrgð aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda á þróun og uppbyggingu vinnumarkaðarins og yfirlýsingum sem ríkisstjórnin gaf við endurskoðun kjarasamninga í október 2009.

Jafnframt krefst ASÍ þess að stjórnvöld standi að fullu við skuldbindingar sínar umlögbindingu á greiðsluskyldu atvinnurekenda og lífeyrissjóða til starfsendurhæfingar með þeim hætti að frumvarp verði lagt fram á Alþingi eigi síðar en nk. mánudag.

Í framhaldi af gagnrýni Alþýðusambandsins voru teknar upp viðræður milli félagsmálaráðherra og ASÍ um efni málsins. Niðurstaða þeirra viðræðna var sátt sem handsöluð var 27. mars:

Sameiginleg yfirlýsing félags- og tryggingamálaráðherra og Alþýðusambands Íslands

1. Félags- og tryggingamálaráðherra og Alþýðusamband Íslands munu sameiginlega setjast yfir frumvarp um sameiningu stofnana vinnumarkaðarins með það að markmiði að ná sátt um málið nú á næstu tveimur sólarhringum. Þar verði fjallað um breytingar á verkefnum og stjórnskipulagi nýrrar Vinnumarkaðsstofnunar.

2. Félags- og tryggingamálaráðherra mun skipa nefnd aðila stöðugleikasáttmálans og ÖBÍ vegna málefna, er varða sérstaklega skjólstæðinga þess, til að fara yfir skipulag og verkefni nýrrar Vinnumarkaðsstofnunar. Ráðgjafar ráðuneytisins munu vinna með nefndinni. Í nefndarstarfinu verði jafnframt rætt um mögulega framtíðarverkaskiptingu hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins m.a varðandi málefni atvinnulausra. Það er í samræmi við yfirlýsingu forsætisráðherra og fjármálaráðherra í tengslum við framlengingu

stöðugleikasáttmálans í október 2009. Þá meti nefndin kosti og galla frekari sameiningar Vinnumarkaðsstofnunar og Tryggingastofnunar með tilliti til verkefna sem snúa að högum fólks sem er eða gæti verið á vinnumarkaði.

3. Félags- og tryggingamálaráðherra mun skipa samstarfsnefnd um starfsendurhæfingu í samræmi við 12. lið stöðugleikasáttmálans frá í júní 2009. Í nefndinni verði fulltrúar aðila stöðugleikasáttmálans, ÖBÍ, lífeyrissjóðanna og Hlutverks eftir því sem við á. Nefndin vinni að því að samþætta starf hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins að málefnum starfsendurhæfingar, m.a. með tilliti til samræmdra reglna um mat á starfshæfni og vinnugetu. Markmiðið er að ná sameiginlegri niðurstöðu þannig að allir landsmenn njóti sama réttar til starfsendurhæfingar og starfshæfingar þótt greiðsluskylda vegna bæði bóta og þjónustu sé hjá mismunandi aðilum.

4. Lokid verði við samninga um þátttöku Virk í átaki félags- og tryggingamálaráðuneytisins vegna þjónustu við langtímaatvinnulausa.

Í ljósi breytinga, sem gerð voru á upphaflegum frumvarpsdrögum og munnlegra og skriflegra loforða ráðherra um samráð varðandi meginefni málsins, féllst ASÍ á að styðja frumvarp ráðherra. Af hálfu ASÍ var lögð áhersla á að ný stofnun starfaði undir stjórn og í nánú samráði við aðila vinnumarkaðarins og að hún yrði öflugri og þjónaði betur hagsmunum launafólks en þær stofnanir sem fyrir væru (sjá umsögn ASÍ við frumvarpið á öðrum stað í skýrslunni).

Það er skemmst frá því að segja að samráðið, sem lofað var, hefur í reynd ekkert verið en á sama tíma hafa ráðherra og embættismenn félags- og tryggingamálaráðuneytisins unnið að því að undirbúa og útfæra starfsemi hinnar nýju stofnunar. Í því ljósi setti ASÍ fram þá kröfu í lok ágúst sl. að frumvarpið um Vinnumarkaðsstofnun verði dregið til baka eða afgreiðslu þess í það minnsta frestað á Alþingi þar til raunverulegt samráð hefur átt sér stað og fyrir liggur sátt við verkalýðshreyfinguna um framhald málsins.

Aðilar vinnumarkaðarins og framkvæmd atvinnuleysistrygginga, vinnumiðlunar og vinnumarkaðsaðgerða

Á árinu 2009 fór gagnrýni Alþýðusambandsins á skort á þjónustu, ráðgjöf, vinnumiðlun og virkum vinnumarkaðsaðgerðum af hálfu Vinnumálastofnunar stöðugt vaxandi eftir því sem á leið. Þá var gagnrýnt að stofnunin hefði takmarkaðan vilja til að eiga samstarf við stéttarfélögin og aðila vinnumarkaðarins um málin nema þá á eigin forsendum. Um þessi sjónarmið var víðtæk samstaða á milli ASÍ og SA. Á ársfundi ASÍ í október 2009 kom þessi umræða upp og í ályktum sagði m.a.:

Ársfundur ASÍ leggur áherslu á að atvinnuleitendum verði haldið sem

virikum þegnum samfélagsins og krefst þess að skráning atvinnuleitenda og umsýsla atvinnuleysisbóta verði nú þegar færð til stéttarfélaganna.

Í endurskoðun stöðugleikasáttmálans haustið 2009 lýsti ríkisstjórnin, að kröfu ASÍ og SA, sig reiðubúna til að hefja viðræður um breytt fyrirkomulag á þjónustu við atvinnulausa þar sem aðilar vinnumarkaðarins axli verulega ábyrgð á framkvæmd kerfisins.

Málið var áfram til umræðu á vettvangi ASÍ og í samskiptum ASÍ og SA og á fundi miðstjórnar ASÍ 10. febrúar fékk forysta sambandsins umboð til að vinna málið áfram á grundvelli minnisblaðs sem kynnt var á fundinum. Þar kemur m.a. fram að hugmyndin er að um einn Atvinnuleysistryggingasjóð verði að ræða, fjármagnaðan af atvinnulífnum, utan ríkisreiknings en með ríkisábyrgð. Sjóðurinn verði undir stjórn aðila vinnumarkaðarins ásamt fulltrúa stjórnvalda. Með lögum verði skilgreind ákveðin grunnréttindi en að jafnframt verði heimilt að semja um frekari réttindi án skerðingar grunnréttinda. Yfirstjórn með framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða verði hjá Atvinnuleysistryggingasjóði sem einnig fjármagni þær. Gengið er út frá að stéttarfélagunum verði, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, heimilað að taka á sig ábyrgð á framkvæmd kerfisins gagnvart sínum félagsmönnum hvað varðar móttöku og skráningu atvinnulausra, vinnumiðlun og virkar vinnumarkaðsaðgerðir. Þá er gengið út frá að Vinnuálastofnun starfi áfram og sinni framangreindum verkefnum gagnvart þeim sem ekki eru í stéttarfélagum, auk þess að sinna fjölmörgum lögbundnum verkefnum öðrum er varða þjónustu og eftirlit á vinnumarkaði.

Það er skemmst frá því að segja að þrátt fyrir ítrekaðar kröfur ASÍ hefur ekki enn fengist efnisleg umræða um málið við félags- og tryggingamálaráðherra. Þá hefur hann við ýmis tækifæri lýst sig andvígán því að hefja viðræður um málið þrátt fyrir fyrirheit ríkisstjórnarinnar frá því um mánaðarmót október–nóvember 2009.

Vinnufundur um málefni atvinnuleitenda

Í framhaldi af samtölum við fulltrúa atvinnuleitenda, umræðum á vettvangi ASÍ um virkari aðkomu verkalýðshreyfingarinnar að fyrirkomulagi atvinnuleysistrygginga, vinnumiðlunar og virkra vinnumarkaðsaðgerða og skilgreiningu á þjónustu og aðstoð við atvinnuleitendur ákvað ASÍ að standa fyrir vinnufundi um málefni atvinnuleitenda 5. maí 2010. Um var að ræða hugmynda- og stefnumótunarfund um fyrirkomulag atvinnuleysistrygginga, vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir og þjónustu við atvinnuleitendur. Byggt var á miðlunaraðferðinni.

Markmið fundarins var að greina veikleika í núverandi löggjöf og framkvæmd varðandi atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir og hvað sé

til ráða. Sérstaklega var fjallað um stöðu og hlutverk verkalýðshreyfingarinnar og samstarf við atvinnuleitendur sem „fulltrúa notenda“. Þá verði einnig fjallað um þá möguleika sem felast í samstarfi við aðra aðila sem málið varðar.

Áhersla var lögð á að draga fram sem best yfirlit yfir stöðuna varðandi þjónustu við og úrræði fyrir atvinnuleitendur og hvernig megi gera betur, þ.m.t. varðandi virkar vinnumarkaðsaðgerðir og vinnumiðlun. Með virkum vinnumarkaðsaðgerðum var verið að vísa til ráðgjafar fyrir atvinnuleitendur, aðgerða til að styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði og úrræða sem hafa að markmiði að virkja krafta atvinnuleitenda og skapa ný tækifæri í atvinnulífinu.

Tæplega 100 einstaklingar voru boðaðir til fundarins, fulltrúar atvinnuleitenda, forystumenn og starfsmenn stéttarfélaga, sem einkum vinna með málefni atvinnuleitenda, og fulltrúar frá frjálsum félagasamtökum og þjónustuaðilum sem vinna með atvinnuleitendum.

Fundurinn heppnaðist prýðilega. Í framhaldinu var unnið úr þeim hugmyndum, sem þar komu fram, og niðurstöðurnar sendar til allra þátttakenda, auk þess sem þeim var dreift til fleiri aðila sem málið varðar. Þá hafa niðurstöðurnar verið notaðar af fulltrúa ASÍ í þeirri vinnu sem hafin er við endurskoðun laga um atvinnuleysisbætur. Einnig munu þær koma að góðu gagni í viðræðum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um endurbætur og virkari aðkomu aðila vinnumarkaðarins að þjónustu við atvinnuleitendur.

Vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit

Í tengslum við kjarasamningana 17. febrúar 2008 var gerð sérstök bókun um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Greint er frá bókuninni í síðustu skýrslu forseta ASÍ.

Veturinn 2008 til 2009 hófst vinna við að hrinda efni bókunarinnar í framkvæmd í samstarfi ASÍ og SA. Samstaða var um að byrja með einfalt fyrirkomulag sem síðan mætti byggja á og þróa í framhaldinu. Þannig væru meiri líkur á því að koma mætti verkefninu í framkvæmd. Fyrirkomulagið byggði annars vegar á vinnustaðaskírteinum, sem uppfylltu lágmarkskröfur um upplýsingar, og hins vegar eftirliti úti á vinnustöðunum sem styddist við rafrænar upplýsingar úr þjóðskrá og fyrirtækjaskrá og rafræna skráningu í gagnagrunn sem vinna mætti frekar með og senda upplýsingar úr til opinberra aðila, s.s. Ríkisskattstjóra og Vinnumálastofnunar. Byrjað yrði í byggingariðnaði og mannvirkjagerð eins og bókunin kveður á um og síðan kæmi að veitinga- og gistihúsageiranum.

Í tengslum við gert stöðugleikasáttmálans í júní 2009 var framangreindum sjónarmiðum fylgt eftir og undir þau tekið af hálfu stjórnvalda. Í 11. tölulíð sáttmálans segir m.a.:

Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld taki upp virkt samstarf um eftirlit

á vinnustöðum og vinnustaðaskírteini í samræmi við bókun ASÍ og SA frá 17. febrúar 2008. Markmiðið með slíku samstarfi er m.a. að tryggja að starfsmenn njóti umsaminna réttinda og vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og misnotkun atvinnuleysisbóta. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum um almennt eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskírteini.

Haustið 2009 hófst síðan vinna við samningu rammalöggjafar um vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit og samhliða unnu fulltrúar ASÍ að samkomulagi milli samtakanna um sama efni sem fæli í sér nánari útfærslu á framkvæmd laganna. Lagafrumvarpið og samkomulag ASÍ og SA voru tilbúin í byrjun árs 2010 en framkvæmdin beið þess að frumvarpið yrði að lögum. Það varð í maí sl. og í framhaldinu var samkomulag ASÍ og SA undirritað 15. júní sl.; tók það gildi 15. ágúst.

Samkomulag ASÍ og SA um vinnustaðaskírteini og framkvæmd eftirlits á vinnustöðum er mikilvægur áfangi í baráttunni fyrir því að tryggja að atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum.

Samkomulagið og lögín eru afrakstur af áralöngustarfi Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess gegn félagslegum undirboðum á íslenskum vinnumarkaði. Miklar vonir eru bundnar við að vinnustaðaskírteinin og eftirlit á vinnustöðunum skili markverðum árangri í þeim efnum. Þótt ekki hafi náðst öll upphafleg markmið ASÍ er um mikilvægan áfanga að ræða. Þá skiptir máli að ágætt samstarf hefur tekist um málið við SA og þá einkum framkvæmdastjóra þess. Einnig hafa Samtök iðnaðarins verið virk í málinu. Þá hefur í samstarfi ASÍ og SA verið smíðaður sérstakur hugbúnaður sem ætlað er að auðvelda vinnustaðaeftirlitið og safna í gagnagrunn þeim upplýsingum sem verða til við vinnustaðaeftirlitið.

Til að byrja með eru það byggingastarfsemi, mannvirkjagerð, rekstur gististaða og veitingarekstursem falla undir gildissvið samkomulagsins. Nánar er fjallað um gildissvið og afmörkun í samkomulaginu sjálfu. Síðar er gert ráð fyrir að aðrar atvinnugreinar fylgi í kjölfarið. Vinnustaðaskírteininum er ætlað að auðvelda eftirlit með því að starfsmenn njóti þeirra kjara og réttinda, sem þeim ber, og koma í veg fyrir ólöglega háttsemi fyrirtækja á íslenskum vinnumarkaði. Atvinnurekandi skal sjá til þess að starfsmenn fái vinnustaðaskírteini þegar þeir hefja störf. Á vinnustaðaskírteini skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- Nafn og kennitala viðkomandi starfsmanns ásamt mynd. Starfsheiti er valkvætt. Ef starfsmaður erlends þjónustufyrirtækis er ekki með íslenska kennitölu skal skrá fæðingardag og ár.
- Nafn/heiti atvinnurekanda eins og það er skráð í fyrirtækjaskrá (eða heiti starfsmannaleigu eins og það er skráð hjá Vinnumálastofnun).

Atvinnurekandi er ábyrgur fyrir gerð vinnustaðaskírteinisins og þeim upplýsingum sem þar koma fram. Hann er ekki bundinn af tilteknu formi eða útliti svo lengi sem skírteinið uppfyllir skilyrðin hér að framan. Í samkomulaginu kemur einnig fram að samningsaðilar hafa ákveðið að vinna áfram að sérstökum staðli um vinnustaðaskírteini.

Samkvæmt lögnum er eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði atvinnurekanda til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsmenn hans starfi í samræmi við gildandi reglur. Skal eftirlitsfulltrúunum veittur aðgangur að vinnustöðum í þeim tilgangi. Atvinnurekandi og starfsmenn hans skulu bera skírteini á sér og vera reiðubúnir að framvísa því sé þess óskað af eftirlitsfulltrúa. Með hugtakinu atvinnurekandi er einnig átt við sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Í lögnum er kveðið á um að eftirlitsfulltrúarnir skuli senda upplýsingar þær sem fram koma á vinnustaðaskírteini til skattýfirvalda, Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar ríkisins, lögreglustjóra og, þegar við á, Útlendingastofnunar og Þjóðskrár þannig að unnt sé að kanna hvort atvinnurekandi eða starfsmaður starfi í samræmi við hlutaðeigandi lög sem hverri stofnun er ætlað að annast framkvæmd á. Þá má geta þess að í lögnum er að finna heimildir til Vinnumálastofnunar til að beita fyrirtæki dagsektum ef eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins er neitað um aðgengi að vinnustöðum atvinnurekanda eða ef atvinnurekandi eða starfsmenn hans bera ekki vinnustaðaskírteini á sér við störf sín og framangreint er tilkynnt Vinnumálastofnun. Dagsektir geta numið allt að 100.000 kr. á dag. Undirbúningur undir þennan þátt er þegar hafinn og er miðað við að nánari útfærsla á samstarfi framangreindra aðila og verklagi liggja fyrir með haustinu.

Samráðsnefnd ASÍ og SA um framkvæmd vinnustaðaeftirlits skal skipuð tveimur fulltrúum ASÍ og tveimur frá SA. Samráðsnefnd skal annast kynningu þessa samkomulags og laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum og auðvelda upptöku vinnustaðaskírteina, m.a. með gerð fyrirmynda að skírteinum og sérstöku vefsvæði. Samráðsnefndin hefur yfirumsjón með framkvæmd eftirlits og ákveður áherslur í eftirlitsstarfi í nánu samstarfi við skattýfirvöld og Vinnumálastofnun. Samráðsnefnd er heimilt að fela eftirlitsmönnum sérstök verkefni í tengslum við eftirlit.

Af hálfu samningsaðila er lögð áhersla á að fyrstu þrjá mánuði eftir gildistöku samkomulagsins verði hlutverk eftirlitsfulltrúanna einkum að veita atvinnurekendum, sem undir eftirlit falla, upplýsingar um samkomulagið ásamt hvatningu um hrinda því í framkvæmd.

Opnaður hefur verið sérstakur vefur, www.skirteini.is. Á vefnum er að finna upplýsingar um samkomulag ASÍ og SA, löggin og framkvæmdina. Þar er einnig að finna leiðbeiningar um gerð vinnustaðaskírteina.

Framkvæmd EES-samningsins

Starf Alþýðusambands Íslands, sem tengist Evrópusamvinnunni og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er mikilvægur þáttur í starfsemi ASÍ. Áhrifin eru bæði bein og óbein. Þau birtast með skýrustum hætti í þeim þætti starfsins sem snýr að undirbúningi og gildistöku tilskipana, samninga og reglna Evrópusambandsins á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála hér á landi. Jafnframt er ljóst að reglur á íslenskum vinnumarkaði og réttindi launafólks byggja í stöðugt ríkari mæli á þróuninni í Evrópu á þessu sviði. Þessi þróun er í samræmi við það sem stefnt var að með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Fyrir liggur að fullgilda nokkrar tilskipanir Evrópusambandsins á sviði vinnumarkaðsmála og því tengdu. Hér má nefna tilskipun um starfsmannaleigur, tilskipun um breytingar á foreldraorlofi og tilskipun um breytingar á reglum um Evrópsk samstarfsráð en þessar tilskipanir þarf að innleiða hér á landi á árinu 2011. Af hálfu ASÍ er undirbúningur þegar hafinn. Þá á enn eftir að lögbinda tilskipun um þjónustuviðskipti sem fjallað hefur verið ítrekað um á vettvangi ASÍ og í fyrri skýrslum forseta.

Lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja

Með bréfi dagsettu 25. nóvember 2009 setti Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) fram „rökstutt álit“ um tiltekna þætti í lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja, sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands, og starfskjör starfsmanna þeirra en, „rökstutt álit“ er síðasta stig áður en ESA fer með málið fyrir EFTA-dómstólinn.

Efnislega eru athugasemdir ESA tvíþættar. Annars vegar eru gagnrýnd ákvæði 8., 10. og 11. gr. laganna þar sem fjallað er um fresti þjónustufyrirtækja til að tilkynna væntanlega starfsemi sína hér á landi og sérstakan fulltrúa. Hins vegar er gagnrýnt ákvæði 7. gr. laganna varðandi skyldur atvinnurekenda til að slysatryggja starfsmenn sína, svo og 5. gr. um að starfsmenn skuli njóta veikindaréttar njóti þeir ekki sömu eða sambærilegrar verndar/réttinda í heimalandinu.

Eftir samráð félags- og tryggingamálaráðuneytisins, ASÍ og SA var niðurstaðan sú að aðalatrið málsins væri að verja 5. og 7. gr. laganna. Ekki yrði kvikað frá því og látið yrði reyna á þá þætti fyrir EFTA-dómstólnum væri það vilji ESA. Voru rök Íslands í þeim efnum áréttuð og dýpkuð enn frekar. Hins vegar voru aðilar sammála um að efni 8., 10. og 11. gr. væri ekki þess eðlis að ekki mætti kvika frá því og var lögunum sl. vor breytt til að mæta gagnrýni ESA á efni þeirra.

Í samræmi við þá sátt sem náðist um málið gaf félags- og tryggingamálaráðuneytið út yfirlýsingu 18. júní þar sem segir:

Félags- og tryggingamálaráðuneytið telur mikilvægt að ákvæðum laga um rétt útsendra starfsmanna til launa vegna veikinda og slysa og til slysatrygginga verði ekki breytt þar sem um mikilvæg réttindi sé að ræða. Því hefur ekki verið orðið við kröfum Eftirlitsstofnunar EFTA um afnám þeirra og mun íslenska ríkið grípa til varna fyrir EFTA-dómstólnum.

Eins og fram hefur komið í fréttum hefur Eftirlitsstofnun EFTA ákveðið að stefna íslenska ríkinu fyrir EFTA-dómstólinn á þeim forsendum að lög frá árinu 2007 um skyldur erlendra fyrirtækja, sem senda starfsmenn sína til tímabundinna starfa á Íslandi, samræmist ekki ákvæðum EES-samningsins um frjálsta þjónustustarfsemi né ákvæðum tilskipunar um úrsenda starfsmenn.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur í samskiptum við EFTA lagt áherslu á nauðsyn þess að halda inni í lögnum ákvæðum um rétt útsendra starfsmanna til launa í veikinda- og slysatilvikum og rétt þeirra til slysatrygginga vegna andláts, varanlegs líkamstjóns og tímabundins missis starfsorku. Er það álit ráðuneytisins að þarna sé um mikilvæg grundvallarréttindi að ræða sem ekki verði fallið frá fyrr en að fullreyndu, því verði skilningur Eftirlitsstofnunar EFTA staðfestur muni það setja í uppnám þær margháttaðu varnir sem hér hefur verið komið upp á andanförnum árum gegn félagslegum undirboðum.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki fallist á röksemdir Íslands í þessu máli. Íslensk stjórnvöld hafa aftur á móti ákveðið að láta reyna á sjónarmið sín fyrir dómi og munu ekki hvika frá þeirri stefnu sem þau hafa markað til varnar félagslegum undirboðum, nema á grundvelli skýrra fyrirmæla EFTA-dómstólsins.

Unnið er að undirbúningi málsins fyrir EFTA-dómstólnum í samstarfi ráðuneytisins, ASÍ og SA. Þá hefur Alþýðusambandið leitað til alþýðusambandanna annars staðar á Norðurlöndum og Evrópusambands verkalýðsfélaga um aðstoð og stuðning í málinu.

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði hafa mikið verið til umfjöllunar á vettvangi ASÍ á undanförnum misserum og árum. Fyrir því eru margvíslegar ástæður.

Fjölmörg atriði hafa komið upp varðandi réttindi og kjör útlendinga á vinnumarkaði en flest tengjast þau meintri misnotkun fyrirtækja á erlendu verkafólki með brotum á kjarasamningum og lögum, skattaundanskotum og annarri vafasamri eða beinlínis ólöglegri framkvæmd.

Ljóst er að þau álitafni og ágreiningsmál, sem komið hafa upp varðandi þessa starfsemi, tengjast einnig með beinum hætti stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og framkvæmd EES-samningsins enda í flestum tilfellum

tengd fyrirtækjum og verkafólki frá aðildarríkjum EES í Eyrstrasaltsríkjunum og fyrrum ríkjum Austur Evrópu.

Af hálfu Alþýðusambandsins hefur verið lögð mikil vinna í þennan málaflokk á síðustu árum með það að markmiði að styrkja íslenskan vinnumarkað og treysta réttindi og stöðu þeirra útlendinga sem koma hingað til starfa um lengri eða skemmri tíma. Málaférlin fyrir EFTA-dómstólnum og löggjöf og samkomulag um vinnustaðaskírteini eru nýjustu dæmin um það.

Fræðslu- og menntamál

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess ásamt aðildarfélögunum taka virkan þátt í menntastarfi hér á landi, bæði með stefnumótun og þátttöku í framkvæmd á fjölmörgum sviðum. Það á við bæði um formlega menntakerfið og það óformlega. Þá standa MFA-fræðsludeild ASÍ og Mímir-símenntun, sem er í eigu ASÍ, fyrir öflugri fræðslustarfi. Einnig á Alþýðusambandið aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Starfsmenntaráði og stjórn landskrifstofu menntaáætlunar ESB, auk þess að vera tilnefningaráðili í starfsgreinaráðin á framhaldsskólastigi. Aukinni áherslu Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar á menntun og mikilvægi hennar, bæði góðrar grunnmenntunar og símenntunar, hefur fylgt mjög aukið starf á þessu sviði á vettvangi samtakanna og vænta má þess að sú þróun haldi áfram.

Í menntanefnd ASÍ hefur farið fram mikil umræða um stöðu og framtíð menntamála og um hlutverk verkalýðshreyfingarinnar í þeim efnum. Hér bar hæst umfjöllun um frumvarp menntamálaráðherra um framhaldsfræðslu og undirbúningur undir setningu reglugerða á grundvelli laga um framhaldsskóla. Þá kom menntanefnd að málefnaundirbúningi vegna aukaársfundar ASÍ með umfjöllun um menntun og rannsóknir á vettvangi Evrópusamvinnunnar.

Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkur viðfangsefni á sviði menntamála á tímabilinu á vettvangi Alþýðusambandsins eða þar sem ASÍ kom að.

Félagsleg fræðsla

MFA –fræðsludeild ASÍ

Menntanefnd ASÍ er stjórn MFA –fræðsludeildar. Markmið MFA er að bjóða uppá fræðslu og námskeið sem styrkja talsmenn í starfi til að þeir séu betur

í stakk búinir að takast á við kröfur, sem gerðar eru, og stöðugar breytingar í samfélaginu. Lögð er áhersla á að námsframboð miðist við þarfir og aðstæður félaga hverju sinni. MFA býður upp á ráðgjöf og þarfagreiningu fyrir einstök félög og geta stéttarfélögin þannig nýtt sér námskeið og fræðslu til að móta starf og stefnu. Í samráði við þarfir félaga er hægt að þróa námskeið og námsefni.

Félagsmálaskóli alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu er rekinn af MFA og er deildarstjóri fræðsludeildar jafnframt skólastjóri Félagsmálaskólans. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Félagsmálaskólinn fær framlag úr ríkissjóði til reksturs skólans og gerir skólastjóri fjárhagsáætlanir fyrir hann. Talsmenn BSRB hafa einnig aðgang að Félagsmálaskólanum. Félagsmálaskólinn hefur verið að mestu fjármagnaður af framlagi frá ríkissjóði. Framlagið var ríflega 20 milljónir á síðasta ári. Framlag þetta hefur verið skorið niður í 14 milljónir fyrir yfirstandandi ár. Síðan árið 2003 hefur verið í gildi samningur við Mími-símenntun ehf. um framkvæmd félagslegrar fræðslu í þeim tilgangi að stuðla að skilvirkri uppbyggingu, þróun og framkvæmd félagslegs náms fyrir trúnaðarmenn og talsmenn verkalyðshreyfingarinnar. Uppröðun, innihald og kennsla trúnaðarmannanámskeiða hefur verið í umsjá Mímis að mestu. Vegna breytts umhverfis hefur samningnum við Mími-símenntun ehf. nú verið sagt upp og rann hann út í maí. Því hefur öll félagsleg fræðsla verið færð undir einn hatt og er nú staðsett í höfuðstöðvum ASÍ. Jafnframt var ráðinn starfsmaður í fullt starf sem mun sinna öllu er snýr að trúnaðarmannanámskeiðum. Auk hans er starfandi við skólann starfsmaður í hálfu starfi fyrir utan skólastjóra.

Í samstarfi við skólanefnd Félagsmálaskólans og einnig menntanefnd mótar deildarstjóri heildarsýn fræðslustarfsins og stefnu fyrir hverja önn. Þarfagreining og stefnumótun fléttast inn í daglegt starf deildarstjórans og eru tengsl hans við talsmenn stéttarfélaga mikilvægur þáttur í starfi deildarinnar.

Þjónusta fræðsludeildar og Félagsmálaskóla alþýðu

Trúnaðarmannanámskeið

Fræðsludeildin heldur námskeið fyrir trúnaðarmenn og talsmenn stéttarfélaganna. Stéttarfélögin panta trúnaðarmannanámskeið hjá Félagsmálaskólanum og í samráði við starfsmenn hans eru gerð drög að dagskrá.

Trúnaðarmannanámskeiðin voru með hefðbundnum hætti á árinu. Alls voru 39 trúnaðarmannanámskeið haldin og stóðu þau í allt frá tveimur dögum til fimm. Alls sóttu 585 manns námskeiðin sem er mun meiri þátttaka frá fyrra ári en þá sóttu 390 námskeiðin.

Formlegt mat á trúnaðarmannanámi

Gefnar hafa verið út tvær námskrár: *Trúnaðarmannafræðsla I og II*, samtals 142 kennslustundir. Samningur er við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að fá trúnaðarmannanámið metið til eininga á framhaldsskólastigi. Markmiðið með formlegu mati er að efla trúnaðarmannafræðsluna, fjölga námsþáttum og gera trúnaðarmönnum kleift að nýta sér námskeiðin ef þeir vilja halda áfram námi. Þá hefur skólinn fengið aðgang að sameiginlegu nemendabókhaldi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Samstarf við háskóla

Fræðsludeild ASÍ, í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, hélt námskeið fyrir fulltrúa í stjórnum lífeyrissjóða og lífeyrisnefnda á vegum ASÍ. Markmið námsins var að efla árangur, ábyrgð og trúverðugleika lífeyrissjóða með því að treysta faglegan grunn stjórnarmanna, m.a. á sviði lagalegra, rekstrarlegra, fjárhagslegra og siðferðilegra viðfangsefna. Mikilvægt er bæði að efla þekkingu og hæfni þessara aðila til þess að sinna hlutverki sínu í stjórnum sjóðanna sem og tryggja að þessir fulltrúar uppfylli þær kröfur sem gerðar eru skv. lögum og reglum. Námsleiðin mun nýtast þátttakendum sem einn liður af mörgum við mat Fjármálaeftirlitsins á faglegu hæfi þeirra. Námskeiðið var haldið tvisvar.

Fræðsludeildin skipulagði einnig þriggja daga námskeið um ESB í samstarfi við Háskólann í Reykjavík sem ætlað var þeim aðilum er koma til með að starfa fyrir hönd ASÍ að mótun áhersluatriða í aðildarviðræðum við ESB. Námskeiðið var haldið tvisvar.

Þá hefur verið samið við tvo meistaraneva við Háskóla Íslands um tvö verkefni undir leiðsögn Gylfa Dalmanns Aðalsteinsonar. Annarsvegar er um að ræða verkefni um hvernig efla megi starf trúnaðarmanna, mikilvægi þess og sýnileika og hinsvegar að útbúa handbók fyrir stéttarfélög. Bæði þessi verkefni eru nú í vinnslu og stefnt er að því að þeim verði lokið nú um áramót.

Námskeið

Almenn námskeið, sem eru í boði fyrir stéttarfélög, eru ýmist auglýst og þá opin öllum eða þötuð af einstökum félögum.

Haustið 2009 voru 9 almenn námskeið í boði: *Opið trúnaðarmannanámskeið I - þrep 3 og 4, ESB – hvað er það?, Vinnustaðurinn eftir uppsagnir; Fjármálalæsi, Uppbygging og umhverfi lífeyrissjóðanna, Ræðu- og greinarskrif, Að stjórna eigin hugarfari og vellíðan, Staða, hlutverk og framtíð verkalýðshreyfingarinnar; Erfið mál trúnaðarmannsins.*

Vorið 2010 voru 7 almenn námskeið í boði: *Opið trúnaðarmannanámskeið I - þrep 3 og 4, ESB – hvað er það?, Ný verkfæri í kassann! Kynjasamþættning og kynjuð hagstjórn, Styrkleikar í starfi – jákvæð sálfræði, Samfélagsleg*

ábyrgð, Upplýsinga- og skjalastjórn.

Auk almennra námskeiða voru haldin 8 námskeið sérþöntuð af einstökum félögum.

Alls sóttu 207 talsmenn námskeiðin þetta skólaár.

Genfarskólinn

MFA sendir tvo þátttakendur á Genfarskólann, sem haldinn er í tengslum við þing Alþjóðavinnuámalastofnunarinnar, ILO, í Genf. Nemendur kynnst þinghaldinu og Alþjóðavinnuámalastofnuninni. Stofnunin starfar að vinnuámalum á vegum Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar á ILO-þinginu eru frá stjórnvöldum, atvinnurekendum og samtökum launafólks um allan heim. Þátttakendur kynnst norrænu samstarfi á vettvangi ILO og geta kynnt sér ýmis alþjóðasamtök verkalýðshreyfingarinnar sem starfa í tengslum við ILO.

Aðild að Genfarskólanum eiga MFA-samböndin í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og hér á landi. Deildarstjóri fræðsludeildar situr í stjórn Genfarskólans. Á síðasta ári var Maríanna Traustadóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ, kennari við Genfarskólann.

Útgáfa

Á vegum Fræðsludeildar er bæði gefið út efni í prentuðu formi og rafrænu. Til að auðvelda trúnaðarmönnum og félagsmönnum aðgengi að upplýsingum hefur verið útbúið upplýsingaveita sem kallast *Vefnám trúnaðarmannsins* og er á heimsíðu skólans. Vefnámið gerir fólki kleift að sækja sér upplýsingar um störf trúnaðarmanna hvar og hvenær sem því hentar. Þá er einnig efni á heimasíðu Félagsmálaskólans um einelti sem trúnaðarmenn og talsmenn, sem og aðrir, geta nýtt sér.

Handbók trúnaðarmannsins

Handbók trúnaðarmannsins kom fyrst út vorið 2004 og hefur selst í 3138 eintökum. Mörg félög hafa keypt handbókina fyrir alla trúnaðarmenn sína. Handbókin er í stöðugri endurskoðun. Þá hafa fimm kaflar verið þýddir á sex tungumál: ensku, pólsku, portúgölsku, tagalog, rússnesku og þýsku. Nú er allt efni hennar aðgengilegt á netinu, www.felagsmalaskoli.is.

Skipulag hópfunða

Fræðsludeild hefur í auknum mæli aðstoðað félagin við að skipuleggja hóp- og vinnufundi með aðferð er kallast Miðlunaraðferðin. Það er gagnleg aðferð til að vinna með hópum, hvort sem það er á fundum eða við kennslu. Aðferðin byggir á því besta sem þekktist úr kennslufræði og námssálarfræði.

Þá hafði fræðsludeildin umsjón um fundaherferðar ASÍ um skipulagsmál sambandsins sem farin var á vordögum 2010.

Lög um framhaldsfræðslu

Eins og fram kom í síðustu skýrslu forseta dagaði frumvarp menntamálaráðherra um framhaldsfræðslu upp á Alþingi vorið 2009 þar sem ekki tókst að tryggja nauðsynlega fjármögnun samhliða aðkomu opinbera geirans að starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og Fræðslusjóðs. Þá gafst ekki nægilegur tími til að útfæra tæknilega aðild þessara aðila að FA.

Áfram var unnið að málinu haustið 2009 og við endurskoðun stöðugleikisáttmálans náðist samkomulag um fjármögnun vegna aðkomu opinberra aðila að starfi FA. Þá lá fyrir efnislega sátt um útvíkkun aðildar að FA og skipan þeirra mála. Frumvarpið um framhaldsfræðslu var aftur lagt fram lítt breytt á haustþingi 2009.

Í umsögn ASÍ um frumvarpið segir m.a.:Alþýðusamband Íslands (ASÍ) vill í upphafi áréttta að það hefur lengi verið skoðun sambandsins að mikilvægt væri að setja sérstaka rammalöggjöf um framhaldsfræðslu (fullorðinsfræðslu). Nægir í því sambandi að benda á tillögur Verkefnisstjórnar um símenntun frá árinu 2004, sem ASÍ átti aðild að, og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði 17. febrúar 2008. Frumvarpið felur í sér viðurkenningu á mikilvægi þess að fólk, sem komið er út á vinnumarkaðinn, hafi tækifæri til að auka þekkingu sína og færni, einkum að fólk með litla formlega viðurkennda menntun fái , annað tækifæri til náms“. Jafnframt felst í frumvarpinu viðurkenning á þörf launafólks og fyrirtækja fyrir eftir- og endurmenntun og nýsköpun til að mæta breyttum kröfum atvinnulífsins.

Frumvarp var unnið í ágætu samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Í frumvarpinu og athugasemdunum, sem með því fylgja, felst mikilvæg viðurkenning á því samstarfi sem aðilar vinnumarkaðarins hafa þróað með sér á sviði menntamála, á vettvangi heildarsamtakanna, í einstaka starfs- og atvinnugreinum og í samstarfi við fleiri aðila í símenntamiðstöðvunum...

Alþýðusamband Íslands leggur ríka áherslu á að með lögum um framhaldsfræðslu verði réttur og möguleikar launafólks til menntunar efldir og treystir frekar en nú er. Jafnframt verði mikilvægt hlutverk aðila vinnumarkaðarins staðfest og styrkt í þeim mikilvæga málaflökki sem framhaldsfræðslan, og þ.m.t. grunn-, endur- og eftirmenntun á vinnumarkaði, er fyrir einstaklingana, atvinnulífið og samfélagið allt.

Frumvarpið var afgreitt sem lög frá Alþingi vorið 2010 og hefur síðan verið unnið að gildistöku þess 1. október nk. Af hálfu Alþýðusambandsins hefur einkum verið unnið að innleiðingunni á vettvangi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þá er nú unnið að þjónustusamningi á milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og FA en gert er ráð fyrir að Fræðslumiðstöðin gegni lykilhlutverki við framkvæmd laganna.

Starfsmenntaráð

Mikil óvissa var um starfsemi Starfsmenntaráðs vegna fyrirhugaðra lagabreytinga en stefnt hafði verið að því að ný lög um framhaldsfræðslu tækju gildi 1. janúar 2010 og að þar með féllu lög um starfsmenntun í atvinnulífina úr gildi. Starfsemi Starfsmenntaráðs byggir einmitt á þeim lögum. Þegar hins vegar lá fyrir síðla vetrar að lögum um framhaldsfræðslu tækju ekki gildi fyrir en 1. október 2010 og að í reynd mundi starfsemi á grunni þeirra ekki byrja fyrir en á árinu 2011 var ákveðið að Starfsmenntaráð myndi starfa áfram til 1. október 2010 og úthluta úr Starfsmenntasjóði með hefðbundnum hætti þótt úthlutunin yrði seinna á árinu en venja er til.

Starfsmenntaráð hélt opinn fund 3. júní sl. þar sem gerð var grein fyrir starfsemi ráðsins, stöðu þess og framtíð. Þá var kynnt ákvörðun ráðsins um styrki vegna starfsmenntunar 2010:

- Flokkur A:

Fræðsluverkefni sem stuðla að atvinnusköpun og fela í sér nýsköpun og þróun. Kostur er að um samstarf ólíkra aðila sé að ræða, t.d. frumkvöðla, framleiðenda og seljenda. Umsækjendur geta verið samstarfsklasar, félög og fyrirtæki og aðrir sem stunda sprotastarf.

- Flokkur B:

Þróunarverkefni á sviði fræðslu, ráðgjafar eða þjálfunar sem miða að því að vinna gegn neikvæðum áhrifum breytinga í kjölfar efnahagskreppu, s.s. vegna breytinga á störfum, stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og á starfsemi fyrirtækja og stofnana. Niðurstöður verkefna verða að hafa almenna skírskotun og geta yfirfærst á önnur svið.

Fram kom að gerð væri krafa um samstarf við samtök atvinnurekenda og launafólks við gerð og framkvæmd viðkomandi verkefnis og áhersla lögð á að verkefni, sem sótt er um styrk til, séu vel undirbúin og umsóknir vandaðar.

Til úthlutunar voru 55 milljónir króna.

Alls var sótt um stuðning við 82 verkefni og var fjárhæðin tæpar 165 milljónir.

Starfsmenntaráð úthlutaði í fyrri hluta september rúmum 55 milljónum til allt að 42 verkefna.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA)

Starfsemi FA byggir á þjónustusamningi sem ASÍ og SA gera við menntamálaráðuneytið. Þetta fyrirkomulag hefur verið í gildi frá 2003. Á aðalfundi 6. maí sl. var staðfest aðkoma opinberra aðila á vinnumarkaði að FA með nýjum samþykktum fyrir starfseminu. Sl. haust var þjónustusamningurinn endurnýjaður til eins árs og samningaviðræður eru í gangi milli samningsaðila um 5 ára samning á

grundvelli nýrra laga um framhaldsfræðslu. Á tímabilinu hefur verkefnum fjölgað verulega og starfsemi bæði FA og símenntunarmiðstöðvanna hefur aukist mikið.

Markhópur starfseminnar er fólk á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, innflytjendur og aðrir sambærilegir hópar.

Stjórn

Stjórnarmenn árin 2009–2010 voru fyrir hönd ASÍ Halldór Grönvold, Finnbjörn A. Hermannsson og Atli Lýðsson og fyrir hönd SA Guðrún Eyjólfsdóttir, María Guðmundsdóttir og Torfi Pálsson. Varamenn í stjórn voru: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir fyrir hönd ASÍ og Jónína Gissurardóttir fyrir hönd SA. Á aðalfundi í maí sl. voru auk ofangreindra kjörin í stjórn fyrir hönd opinberra aðila þau Árni Stefán Jónsson fyrir hönd BSRB, Guðmundur H. Guðmundsson fyrir hönd fjármálaráðuneytisins og varamenn Arna Jakobína Björnsdóttir fyrir hönd BSRB og Guðfinna Harðardóttir fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Stjórnin hélt 10 fundi á árinu. Ársfundur var haldinn 26. nóvember 2009. Aðalfundur var haldinn 6. maí 2010.

Starfsmenn

Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins voru: Ingibjörg E. Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri, Ásmundur Hilmarsson, Björn Garðarsson, Björgvin Þór Björgvinsson, Fjóla María Lárusdóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Guðrún Reykdal, Haukur Harðarson, Lena Nilsen, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir og Sigrún Kristín Magnúsdóttir. Fjóla María Lárusdóttir var í barneignarleyfi fram til 31. desember. Stöðugildi voru um 11 á árinu.

Lög um framhaldsfræðslu

Lög um framhaldsfræðslu voru samþykkt á alþingi 31. mars 2010. Þessum lögum er ætlað að vera fimmta stoðin undir menntakerfið (leikskóli, grunnskóli, framhaldskóli, háskóli) á Íslandi. Um er að ræða rammalöggjöf sem byggir að miklu leyti á því starfi sem fram hefur farið á vettvangi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Lögin gera ráð fyrir aðild BSRB og þeirra atvinnurekenda, sem eru fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga, að starfi FA. En aðild þessara aðila að FA var staðfest með nýjum samþykktum á aðalfundi FA 6. maí sl.

Ýmislegt í lögnum horfir til bóta í námi fullorðinna. Þar ber fyrst að nefna lagagrundvöll undir þátttöku ríkissjóðs í kostnaði vegna framhaldsfræðslu og undir einingamat, en einnig skilyrði um viðurkenningu fræðsluaðila, námskrár, upplýsingaskyldu og árangursmat fræðsluaðila og möguleika fullorðinna á einingabæru námi, raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf.

Vegna aðkomu opinberra aðila samþykkti Alþingi aukið fjárframlag til

starfseminnar, þ.e. 70 milljónir á árinu, og hefur fjárhagsáætlun vegna þessara fjármuna verið staðfest af menntamálaráðuneytinu.

Samstarfshópur um menntunarræði

Þau straumhvörf, sem urðu í atvinnulífi Íslendinga á haustmánuðum 2008, hafa áfram sett svip sinn á starfsemi ársins. Samstarfshópur um menntunarræði fyrir atvinnuleitendur fundaði 12 sinnum á árinu. Hópurinn er samsettur af fulltrúum ASÍ, SA, BSRB, menntamálaráðuneytis, Vinnumálastofnunar, fræðsluáðila, fræðslusjóða og Starfsmenntaráðs.

Vinnuhópur um unga atvinnuleitendur – virkni þeirra og menntun

Félags- og tryggingamálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra settu á fót vinnuhóp í september 2009 til að fara yfir aðgerðir til að virkja atvinnuleitendur, nám sem þeim stendur til boða og gera tillögur um úrbætur.

Vinnuhópurinn fékk þau verkefni að kanna aðstæður atvinnulausra eftir því sem kostur er og greina menntunarræði þeirra, auk þess að endurskoða menntunarræði, sem í boði eru fyrir atvinnulausa, og kanna leiðir til að auka virkni og námsframboð þeirra. Loks var gerð tilraun til að meta hvort gera þyrfti auknar virknikröfur til atvinnulausra, m.a. um samfélagsþjónustu og sjálfbodaliðastörf.

Hópurinn var settur á laggirnar í ljósi þess að atvinnuleysi hafði nær fjórfaldast á einu ári sem var ný staða í íslensku efnahagslífi. Þeim sem höfðu verið atvinnulausir í meira en sex mánuði og eru því skilgreindir sem langtímaatvinnulausir fjölgaði ört og voru þeir rúmlega helmingur atvinnulausra. Yfir 30% atvinnulausra í þessum hópi var undir þrítugu. Upplýsingar af atvinnuleysisskrá sýna einnig að um helmingur atvinnulausra hefur aðeins grunnskólapróf.

Hópurinn skilaði skýrslu í nóvember 2009, *Ungt fólk án atvinnu, virkni þess og menntun*. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir sat í vinnuhópnum fyrir hönd FA.

Í framhaldi af þessu starfi tók Ingibjörg þátt í viðræðum milli Kvasis – samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og Vinnumálastofnunar um samning þess efnis að nota megi námsleiðir FA fyrir atvinnuleitendur á vegum Vinnumálastofnunar enda verði starfsþjálfun skipulögð með námsleiðunum. Einnig verði þær aðlagðar að þörfum fólks undir 20 ára aldri með tilliti til einingamats og starfsþjálfunar.

Hugtakahópur Hópur um skilgreiningar hugtaka í fullorðinsfræðslu hefur verið starfandi hjá FA frá upphafi. Árið 2009 var ákveðið að víkka hópinn út og bjóða til þátttöku fleiri aðilum. Á árinu 2009 sátu í hópnum Ágústa

Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Björgvin Andersen frá Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins, Hróbjartur Árnason frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Björg Pétursdóttir, Ólafur Grétar Kristjánsson og Stefán Stefánsson frámenntamálaráðuneyti ásamt Ásmundi Hilmarsyni, Ingibjörgu E. Guðmundsdóttur, Sigrúnu Jóhannesdóttur og Sigrúnu Kristínu Magnúsdóttur frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Hópurinn ákvað að beita sér fyrir þýðingu á orðaskrá um evrópska menntastefnu og fékk styrk frá menntamálaráðuneytinu til verksins. Elísabet Gunnarsdóttir var ráðin sem þýðandi en hópurinn vann með henni. Verkinu var skilað til menntamálaráðuneytisins 6. október 2009. Orðalistinn var færður inn í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar á árinu.

Þjónustusamningar við menntamálaráðuneytið

Allir þjónustusamningarnir, sem gerðir hafa verið við menntamálaráðuneytið, eiga það sammerkt að markhópar starfseminnar er fólk á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, innflytjendur og aðrir sambærilegir hópar. FA er ekki ætlað að sinna markhópum sínum beint heldur í gegnum samstarfsaðila sína sem eru símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni, Mímir-símenntun og fræðslumiðstöðvar idngreina.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir starfseminni samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið.

Í fyrsta lagi verður gerð grein fyrir þeim verkefnum sem veitt er fé til hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum.


Í öðru lagi verður sagt frá verkefnum sem FA annast.

Í þriðja lagi verður greint frá nokkrum stórum verkefnum sem eru fjármögnuð með öðrum hætti.

Framlög til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Greiðslur til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva komu fyrst inn í samninga

Ár	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi nemenda- stunda	Fjöldi lokinna eininga	Fjármagn í krónum
2008	118	1.509	147.237	11.414	163.423.905
2009	168	1.973	253.171	20.041	297.263.239
Samtals	286	3.482	400.408	31.455	460.687.144




FA árið 2006 og hafa því verið framkvæmdar á fimmta ár. Framlagið til miðstöðvanna greinist í fjóra hluta og verður gerð grein fyrir þeim hverjum fyrir sig.

- 1) Framlag til vottaðs náms hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum og Mími-símenntun.
- 2) Framlag til símenntunarmiðstöðvanna níu og Mímis-símenntunar vegna náms- og starfsráðgjafar.
- 3) Framlag til námsráðgjafar og raunfærnimats hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina.
- 4) Framlag úr sérstökum sjóði til raunfærnimats og ráðgjafar.

1.1. Framlag til vottaðra námsleiða

Árið 2009 voru greiddar til vottaðra námsleiða um 297,3 milljónir króna, sambærileg upphæð fyrir 2008 var um 163 milljónir króna. Alls sóttu 1.973 nemendur nám í 253.171 nemendastundir árið 2009. Áætlaður fjöldi eininga er 20.041. Einingaverðið (á vorönn) er því u.þ.b 14.800 krónur.

Um 62% þátttakenda voru á landsbyggðinni en 38% sóttu námið hjá Mími-símenntun á höfuðborgarsvæðinu. Nemenda stundum í vottuðu námi fjölgaði um 72% milli árana 2008 og 2009, sjá töfluna hér á eftir. Sambærilegar tölur fyrir árið 2010 liggja ekki fyrir.




Nokkuð er um að vottað nám sé greitt af öðrum en FA og gefur næsta mynd yfirsýn yfir þróun vottaðs náms. Þegar bornar eru saman tölur á milli ára 2008 og 2009 sést að vottað nám greitt af FA eykst mjög mikið á milli ára á meðan annað einingabært nám fyrir markhóp FA dregst lítillega saman.

Framlag til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvum

Árið 2010 er fimmta árið sem fjármagni er veitt í náms- og starfsráðgjöf hjá símenntunarmiðstöðvunum og Mími-símenntun. Árið 2009 var áætlað að nota 52,7 milljónir króna til náms- og starfsráðgjafar samkvæmt reiknilíkani. Þá var einnig úthlutað tæplega 38,4 milljónum úr sérstökum sjóði vegna raunfærni-mats og ráðgjafar og 1,9 milljón úr sjóði vegna erfiðrar stöðu á vinnumarkaði. Samtals var því úthlutað tæplega 93 milljónum í náms- og starfsráðgjöf á árinu 2009. Árið 2010 eru til ráðstöfunar í náms- og starfsráðgjöf 55,3 milljónir króna en auk þess geta fræðsluaðilar sótt um fjármagn í sérstakan sjóð fyrir náms- og starfsráðgjöf og raunfærni-mat.

Á árinu 2009 voru haldnir 252 kynningarfundir í 202 fyrirtækjum. Fundina sóttu 3.003 einstaklingar og komu 1.147 í viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa



í framhaldi af kynningarfundunum. Þegar verkefnið *náms- og starfsráðgjöf á vinnustað* fór af stað árið 2007 fóru flestir kynningarfundir fram í fyrirtækjum en í dag eru ráðgjafar í meira mæli að kynna þessa þjónustu á fjölbreyttari vettvangi. Sjá myndina hér á eftir.

Mjög misjafnt er eftir símenntunarmiðstöðvum hversu hátt hlutfall þeirra, sem fara á kynningu, skila sér síðan í viðtal hjá ráðgjafa. Lægst var þetta hlutfall 18% en hæst 50% og meðaltalið var 38% en þess má geta að meðaltal ársins 2008 var 29%.

Árið 2009 var heildarfjöldi einstaklingsviðtala 5.469, þar af var fjöldi endurkoma 1.869. Meðalverð, sem FA greiddi fyrir hvert einstaklingsviðtal á árinu, var rúmar 12 þúsund krónur. Átta af símenntunarmiðstöðvunum tíu náðu markmiðum sínum í einstaklingsviðtölum í náms- og starfsráðgjöfinni. Sjá myndina hér fyrir neðan.

Einstaklingsviðtöl árið 2009 voru 5.469 talsins á móti 2.799 árið 2008 sem er 95% aukning. Allar 10 miðstöðvarnar náðu að fjölga viðtölum á milli ára en á árinu 2008 náði helmingur þeirra þeim árangri. Fjölgunin var mest hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) en af þeim 1.375 viðtölum, sem MSS tók á árinu 2009, voru 1.081 tekin í hópráðgjöf.

Fræðsluaðili	Fjöldi einstakl.	Fjöldi eininga í mati	Fjöldi staðinna eininga	Árangursviðmið	Fjár-magn	Kostn. án ráðgjafar
Samtals	205	7.994	6.671	6.322	48.964.000	7.340
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	34	498	435	470	3.324.000	7.641
IÐAN fræðslusetur	171	7.496	6.236	5.852	45.640.000	7.319

Framlag til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina

Í upphafi árs 2007 gerðu ASÍ og SA viðaukasamning við menntamálaráðuneytið. Í samningnum er FA falið að skilgreina nýtingu fjár sem ætlað er að gera fræðslumiðstöðvum í löggiltum iðngreinum kleift að bjóða upp á þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Einnig er FA falið að þróa í samstarfi við þessa aðila aðferðir við raunfærnimat sem eru til þess fallnar að nýtast einstaklingum sem hafa hafið iðnnám en ekki lokið sveinsprófi.

Til þessa starfs var veitt 31,1 milljón á árinu 2008. Hins vegar kom til viðbótarfjármagn á árinu vegna nýs viðaukasamnings ASÍ og SA við menntamálaráðuneytið. Heildarupphæðin var því kr. 51.165.000 á árinu og skiptist hún í kr. 32.241.000 vegna raunfærnimats og kr. 20.924.000 vegna ráðgjafar. Á árinu 2009 var sambærileg upphæð 75.327.000 kr. eða aukning um 47% og skiptist upphæðin í 48.964.000 kr. vegna raunfærnimats og 26.363.000 kr. vegna ráðgjafar. Í raunfærnimati var skipting fjármuna eftirfarandi: kr. 15.424.000 af föstu framlagi FA en 33.540.000 úr sérstökum sjóði um ráðgjöf og raunfærnimat. Í ráðgjöfinni var skipting fjármuna eftirfarandi: kr. 9.118.000 í fast framlag en 17.245.000 vegna viðtala einstaklinga.

Raunfærnimat

Í iðngreinum hefur raunfærnimat fest sig í sessi og virðist að mestu ríkja sátt um framkvæmd milli skóla og atvinnulífs. Mikil aðsókn í þetta úrræði hefur einkennt árið og einnig fjölgaði þeim löggiltum iðngreinum þar sem boðið er upp á raunfærnimat. Staðnar einingar á árinu 2009 voru 6.671 á móti 4.774 árið 2008 sem er 40% aukning á milli ára. Verð á hverja staðna einingu var 7.340 krónur að meðaltali.

Iðngrein	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi mat-samtala	Fjöldi einingaf mati	Fjöldi staðinna eininga	Meðaltal staðinna eininga pr. einstakling
Blikksmíði	10	40	408	412	41,2
Framleiðsla	3	6	122	76	25,3
Hárgreiðsla	2	32	59	59	29,5
Húsasmíði	60	238	2.785	2.266	37,8
Málaraiðn	17	68	576	396	23,3
Matartækni	10	28	264	96	9,6
Pípulögn	28	112	986	737	26,3
Rafvirkjun	34	232	498	435	12,8
Stálsmíði	11	32	541	496	45,1
Vélvirkjun	30	129	1.755	1.698	56,6

Alls fóru 205 einstaklingar í raunfærnimat í löggiltum iðngreinum á árinu 2009, 171 hjá IÐUNNI fræðslusetri og 34 hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Meðaltal staðinna eininga á mann er 32,5 en eru eftir greinum frá 10 einingum í matartækni til tæplega 57 eininga í vélvirkjun. Varast verður að draga rangar ályktanir af þessu því það er mismunandi hversu margar einingar voru undir í mati hverju sinni, bæði eftir einstaklingum og greinum.

Ráðgjöf í löggiltum iðngreinum

Náms- og starfsráðgjöf hjá fræðslumiðstöðvum löggiltra iðngreina snerist mjög mikið um raunfærnimat. Mikil aukning er einnig í ráðgjöf við atvinnuleitendur.

Heildarfjöldi viðtala var 1.298. IÐAN fræðslusetur tók 1.068 viðtöl en Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins tók 230 viðtöl. Sjá töflu hér að neðan.

Sérstakur sjóður til raunfærnimats og ráðgjafar

Á grundvelli viðaukasamninga haustið 2008 var í áætlunum fyrir árið 2009 gert ráð fyrir að gefa samstarfsaðilum FA kost á að sækja um fé til raunfærnimatsverkefna. Stjórn FA samþykkti í fjárhagsáætlun að veita til verkefna í raunfærnimati og til náms- og starfsráðgjafar til viðbótar við greiðslulíkon kr. 90.000.000.

Niðurstöður úthlutunar árið 2009 urðu eftirfarandi: Í náms- og starfsráðgjöf var veitt kr. 47.053.005, þar af 8.127.000 til ráðgjafar í löggiltum iðngreinum og kr. 38.926.005 til ráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvum. Um áramót hafði ekki verið framkvæmt fyrir kr. 542.500 sem var endurgreitt og flutt í verkefnasjóð. Einnig var veitt fé til fræðslu- og símenntunarmið-

Fræðsluaðili	Fjöldi viðtala	Árangurs- mark mið	Fé ráðgjafar með föstu framlagi	Kostnaður á viðtal með föstu framlagi	Fé ráðgjafar fasts framlags	Kostnaður á viðtal án fasts framlags
Samtals	1.298	1.308	26.363.000	20.310	17.245.000	13.286
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	230	240	6.136.000	26.678	3.068.000	13.339
IDAN fræðslusetur	1.068	1.068	20.227.000	18.939	14.177.000	13.274

stöðvarinnar Visku í Vestmannaeyjum til að gera kynningarefni á geisladiskum umunnámsráðgjöf fyrir sjómenn kr. 977.445. Verkefninu var lokið á árinu 2010.

Til verkefna í raunfærnimati var veitt kr. 41.430.000, þar af 33.540.000 til raunfærnimats í löggiltum iðngreinum og 7.890.000 til tveggja verkefna utan iðngreina. Hér var um að ræða raunfærnimat fyrir leikskólaliða þar sem metið er á móti námskrá frá menntamálaráðuneyti og raunfærnimat á móti námskrá um verslunarfagnám frá FA. Fyrri verkefninu lauk á árinu 2010 og fyrirhugað er að því síðara ljúki einnig á árinu. Loks var veitt kr. 539.550 til gátlistagerðar í löggiltum iðngreinum og er því verkefni lokið.

Starfsemi FA samkvæmt þjónustusamningum

Víðtækt samstarf hefur tekist við flesta þá aðila sem starfa að fræðslumálum á vegum ASÍ og SA. Allir skilgreindir samstarfsaðilar hafa komið til samstarfs á þeim árum sem liðin eru frá stofnun FA, þ.e. allar símenntunarmiðstöðvarnar, Mímir-símenntun, fræðslumiðstöðvar iðngreina, fræðslusjóðirnir Landsmennt, Sveitamennt, Ríkismennt, Starfsafl og Fræðslusjóður verslunar- og skrifstofufólks. Mikil þátttaka hefur einnig verið frá baklandi ASÍ og SA í samstarfsverkefnum; ber þar einkum að nefna SGS, VR, SAF og SVÞ. Með aðkomu BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytisins að starfsemi FA stækkar enn sá hópur sem verður í samstarfi við FA. Á haustmánuðum 2010 er verið að móta þetta samstarf.

Húsfélag

Starfsemin hefur nú verið fjögur ár í Skeifunni 8, 2. hæð. Ásamt Fræðslumiðstöð atvinnulífsins leigja eftirtaldir aðilar húsnæði af FA: Mímir-símenntun,

Háskólinn á Bifröst og fræðslusjóðirnir Landsmennt, Sveitamennt og Ríkismennt.

Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa heimild til að nýta vinnu- og fundaraðstöðu hjá FA. Jafnframt er reynt að ná samlegðaráhrifum í þjónustu samstarfsaðilanna. Auk ofangreindra aðila leigir lítið fyrirtækið aðstöðu í húsnæði FA.

Þjónustu- og samstarfssamningar við fræðsluaðila

Þjónustusamningar við samstarfsaðila FA voru framlengdir um eitt ár á grundvelli þjónustusamnings um starfsemi FA. Samningsaðilar eru allar símenntunarmiðstöðvarnar, Mímir-símenntun og fræðslumiðstöðvar iðngreina.

Nýjar námsleiðir

Unnið var að skrifum þriggja 60 kennslustunda námskráa fyrir enskunám. Áður en kom til lokayfirferðar fyrir mat var ákveðið að endurskrifa námskránnar með hliðsjón af íslenska viðmiðarammanum. Í samræmi við áform um að skrifa enskunámskrár með hliðsjón af íslenska viðmiðunarrammanum voru skrifaðar 3 námskrár fyrir nám í ensku. Námskránnar voru síðan, af kennslufræðilegum ástæðum og hagkvæmniástæðum, settar í eitt hefti og þær lagðar þannig fyrir matsnefnd undir heitinu „Sterkari starfsmaður, Nám og þjálfun í ensku 1., 2. og 3. þrep“. Í heftinu er lýst 54 klukkustunda (81 kennslustunda) námslotum. Námskránnar fylgja viðmiðinu Erlend mál útfærsla 2 – lærdómsviðmið“ sem er birt á vefnum *nymenntastefna.is*. Námskrá fyrir nám í meðferð matvæla var skrifuð og frágengin með tilraunakennslu í huga. Námsleið til undirbúnings náms í frumgreinadeild er 600 kennslustunda nám. Stofn námsleiðarinnar er unninn úr námskránum Grunnmenntaskóli og Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum. Kennslustundum í nokkrum námsþáttum er fækkað og kennslustundum til valgreina varið til að fjölga kennslustundum í íslensku, ensku og stærðfræði. Breytingarnar eru innan þeirra marka sem sett eru um breytingar af þessu tagi á námskrám FA. Breytingarnar voru unnar að frumkvæði Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum sem hefur boðið nám samkvæmt þessu fyrirkomulagi til undirbúnings háskólabróu Keilis. Fleiri símenntunarmiðstöðvar hafa einnig gert það. Aukin eftirspurn leiðir til þess að nauðsynlegt reynist að fá metna sérstaka námskrá fyrir nám samkvæmt þessu fyrirkomulagi. Í undirbúningi er samstarf við fleiri frumgreinadeildir um undirbúningsnám. Tillaga var gerð að nýjum námsleiðum fyrir ungt fólk. Tillaga var gerð um námsferil sem hefst með náms- og starfsráðgjöf á undan námskrám FA. Eftir það verði kostur á ýmsum námsleiðum, s.s. Sterkari starfsmaður, Grunnmenntaskóli, Færni í ferðaþjónustu I og II og Leikskólaliðar. Í framhaldi af námsleið eða samhliða henni verði starfsþjálfun. Ekki voru gefnar út nýjar námskrár á árinu en 7 námskrár voru

endurprentaðar; Færni í ferðaþjónustu 1 og 2, Trúnaðarmannanámsskeið 1 og 2, Grunnmenntaskólinn, Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum og Öryggisverðir. Skjámyndir vegna útgefningu námskráa á vef FA, www.frae.is, voru endurnýjaðar. Krækjur í prentvænar útgáfur námskráanna á vefnum voru endurbættar. Unnið var að því á árinu að greina þekkingarþörf og lagaumhverfi dyra- og öryggisvarða. Það verkefni er unnið fyrir Starfsgreinasamband Íslands og á árinu 2009 var að mestu lokið vinnu með rýnihópum og fundum með álitsgjöfum. Stýrihópur er starfandi fyrir verkefnið með aðkomu hagsmunaaðila og gert er ráð fyrir að verkinu ljúki á vormánuðum. Á árinu hófst einnig undirbúningur að mótun heildstæðs náms í ferðaþjónustu á vegum samstarfshóps Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka ferðaþjónustunnar en FA heldur utan um verkefnisstjórn þessa verkefnis.

Rannsókn á tveimur námsleiðum

Á árinu var unnin rannsókn á árangri tveggja námsleiða, sem FA býður upp á fyrir fólk með lestrar- og skriftarerfiðleika, Aftur í nám og Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun. Þátttakendur í rannsókninni voru allir þeir sem sótt hafa þessi námskeið á starfstíma FA, alls 507 einstaklingar. Símenntunarmiðstöðvarnar lögðu til nafnalista. Bæði var um að ræða spurningalista og djúpvíðtöl. Niðurstöður lágu fyrir í lok nóvember 2009 og voru birtar í skýrslu sem er aðgengileg á vef FA. Einnig var gerð grein fyrir rannsókninni og niðurstöðum í Gátt (ársriti um málefni FA) og á ársfundi FA í nóvember 2009. Verkefnið hlaut styrk frá Starfsmenntaráði og var unnið í samstarfi við Félag lesblindra, Mími-símenntun og Kvasi. Framkvæmd rannsóknarinnar var í höndum Kná ehf. Svörun var mjög góð eða yfir 70% og niðurstöður sýna að þátttakendur eru mjög ánægðir með bæði þessi námskeið og að þau hafa haft mikið að segja fyrir einstaklingana. Meðal þess sem fram kemur í rannsókninni er að 59% þeirra sem tóku Aftur í nám og 34% þeirra sem tóku Skref til sjálfshjálpar hafa farið í frekara nám eftir að þeir luku námsleiðunum og fleiri hyggja á nám á næstunni. Margir lýstu einnig áhuga á framhaldsnámskeiði eða 83%. Hjá FA er hafinn undirbúningur námskrár sem hentað getur sem viðbótarnám á þessu sviði.

Gæði náms

Eitt af hlutverkum Fræðslumiðstöðvarinnar er að tryggja að gæði fræðslunnar séu sem allra best hjá framkvæmdaraðilum og gerir FA kröfu á samstarfsaðila sína um að þeir framfylgi almennum samningsskilmálum um gæði í framkvæmd og kennslu. Í nýtilkomnum lögum um framhaldsfræðslu er innra gæðamat og tilvist gæðakerfa skilyrði fyrir viðurkenningufræðsluaðila til að annast framhaldsfræðslu. Auk þess boða löggin úttektir á framkvæmd fræðslunnar. Sem lið í að auka gæði og til að styðja fræðsluaðila við að uppfylla skil-

yrði laganna hefur FA á liðnu ári kynnt sjálfsmatskerfi og vottunarferli fyrir fræðsluaðila (EQM, European Quality Mark) sem hannað var í gegnum samstarfsverkefnið RECALL (stýrt af FA). EQM er ætlað til vottunar fræðsluaðila og er sérstaklega hannað með þarfir lítilla fullorðinsfræðsluaðila í huga utan hins formlega skólakerfis. Vottunarferlið er ekki enn til staðar þar sem enginn vottunaraðili hefur verið útnefndur en sjálfsmatskerfið er gagnlegt til eflingar innra starfs og gæða. EQM var kynnt fyrir fræðsluaðilum á haustfundi Kvasis í október 2009. Í framhaldi af þeirri kynningu sýndu margar símenntunarmiðstöðvar því áhuga að fara í gegnum sjálfsmat á forsendum EQM. Til að styðja við þá vinnu hefur starfsmaður frá FA tekið þátt í vinnufundum um gæðamál og sjálfsmat hjá tveimur fræðsluaðilum, Símeysju á Akureyri í desember 2009 og ÞNA á Egilsstöðum í maí 2010, og verið fleiri fræðsluaðilum til ráðgjafar. Einnig hefur sjálfsmatkerfið og mögulegt vottunarferli verið kynnt hjá Iðunni fræðslusetri (maí 2010) fyrir stjórn Starfsafls (júní 2010), fyrir stjórn FA (júní 2010) og á kynningarfundum nýrra aðila að FA (júní 2010). Þótt vottunarferlið sé ekki enn til staðar hafa fræðsluaðilar innan samstarfsnets FA séð sér hag í því að nýta sér sjálfsmatskerfið til að byggja upp innra gæðastarf og til að vera reiðubúnir ytra gæðamati þegar þar að kemur.

Allar upplýsingar um sjálfsmatkerfið og vottunarferlið má finna á íslensku á vefsíðunni www.europeanqualitymark.org. Einnig má finna krækju (EQM) á vef FA.

Á vegum NVL (norrænt tengslanet um nám fullorðinna) er starfandi sérfaðingahópur um gæðamál í fullorðinsfræðslu. Fulltrúi Íslands í þessum norræna hópi er Guðmunda Kristinsdóttir hjá FA. Viðfangsefnið er að vinna áfram með skýrsluna „Nordiske brikker til en mosaik“ sem forveri hópsins vann og gaf út í júní 2008. Markmiðið er setja dæmin úr skýrslunni upp á þann hátt að þau séu sambærileg og samanburðarhæf og þannig auka notagildi þeirra og yfirfærslugildi. Einnig verður haldin ráðstefna um efnið í Kaupmannahöfn í október 2010 með yfirskriftinni: Gæði – hvernig?

Gagnaflutningur í Skinnu	Námsráðgjöf
Raunfærnimat	Fara yfir brautaumsóknir
Fara yfir vinnusvæðið Nemendabókhald	Fara yfir vinnusvæðið Brautir
Fara yfir tölfræði og skýrslur	Leiðbeiningar um notkun Námsnetsins

Námsnetið

Í nóvember 2009 var unnin lýsing fyrir sérstakt vinnusvæði fyrir náms- og starfsráðgjafa. Forritarar Studia, sem á og viðheldur Námsnetinu, hófu forritun fyrir vinnusvæðið í lok nóvember.

Í lok desember var gerður samningur við Studia. Samningurinn felur í sér að fara yfir og aðlaga Námsnetið með áherslu á eftirtalin atriði:

Í janúar 2010 hóf Studia vinnu við sérstakt vinnusvæði fyrir náms- og starfsráðgjafa fræðslustofnana sem hafa samning við FA. Vinnusvæðið er undir sérstökum hnappi - Námsráðgjöf – og er lokað öðrum en þeim sem fá sérstaka heimild til þess að vinna á því. Á vinnusvæðinu eru skráðar upplýsingar um vinnustaðaheimsóknir og einkaviðtöl náms- og starfsráðgjafa. Ráðgjafar sækja upplýsingar í gögnin og senda sem áfangayfirlit og ársuppgjör til FA. Í lok apríl var vinnusvæðið kynnt á fundi náms- og starfsráðgjafa. Í apríl hóf Studia vinnu við vinnusvæði sem er undir sérstökum hnappi, Bekkir/Hópar. Vinnusvæðið er hannað með það fyrir augum að Námsnetið henti betur til skipulags og umsýslu upplýsinga vegna brautanáms á vegum fræðslustofnana sem hafa samning við FA. Ennfremur er gert ráð fyrir að þetta vinnusvæði geti stofnanir, sem sjá um raunfærni, notað til skipulags og umsýslu þess. Frá þessu vinnusvæði verða síðar send gögn í SKINNU, gagnagrunn menntamálaráðuneytisins. Í júlí voru unnar leiðbeiningar um notkun vinnusvæðisins. Þær eru aðgengilegar starfsmönnum frá vinnusvæðinu. Í lok ágúst mánaðar var vinnusvæðið kynnt á veffundum.

Námsferilsskrár

Námsnetið heldur utan um námsferil þeirra sem sækja nám hjá fræðslustofnunum sem hafa samning við FA. Flutningur námsferilsskráa úr Námsnetinu er ekki hafinn vegna þess að SKINNA, gagnagrunnur menntamálaráðuneytisins, er ekki talin tilbúin til að taka við námsferilsskrám úr Námsnetinu.

Þróun mats á raunfærni

Það virðist að mesturíkja sátt um framkvæmd raunfærnimats og þá aðferð sem notuð er. Samstarf og samræður hafa verið lykillinn að þessum árangri auk þess sem fjármagni hefur verið stýrt með þeim hætti að það gerir kröfu um samstarf milli formlega skólakerfisins og fullorðinsfræðsluaðila.

- Viðvinnuvegna raunfærnimatshefur FA haft að leiðarljósi:
- Að skapa sátt um framkvæmd milli hagsmunaaðila.
- Að tryggja faglega framkvæmd en halda kostnaði í lágmarki.
- Að þekking, sem metin er með raunfærnimati, hafi sama vægi og þekking sem aflað er innan skólakerfisins.

Enn er aðeins boðið upp á raunfærnimat í afmörkuðum geirum. Í iðngreinum hefur raunfærnimat fest sig í sessi sem viðurkennd leið til að meta þekkingu en segja má að við séum enn á tilraunastiginu í öðrum greinum. Víða höfum við ekki lagt af stað. Í auknum mæli hefur verið boðið upp á raunfærnimat á landsbyggðinni og nú er svo komið að flestar símenntunarmiðstöðvar hafa haft beina aðkomu að framkvæmd raunfærnimats. Þannig er þekkingin á framkvæmd hennar að breiðast út.

Frá upphafi hefur verið horft til leiðbeininga frá Evrópu við þróun raunfærnimats á Íslandi. Árið 2009 komu út endurskoðaðar leiðbeiningar frá CEDEFOP (starfsmenntastofnun ESB) og er mikilvægt að nýta þær til frekari þróunar hér á landi. Þar er meðal annars lögð áhersla á:

- réttindi þess sem fer í raunfærnimat
- aðgæði séu tryggð og stór þáttur í því er þjálfun matsaðila
- hlutverk hagsmunaaðila
- stuðning við þátttakendur

Þrátt fyrir mikinn áhuga hér á landi á raunfærnimati þá hefur áhersla FA verið á gæði en ekki magn. Mikilvægt er að reynsla þeirra sem koma að framkvæmd raunfærnimatsverkefnasé jákvæð og tiltrú á raunfærnimati eflað með þeim hætti. Þannig skapast gott orðspor og traust. Það má kalla þetta hægfara markaðssetningu en FA telur að hún sé líkleg til árangurs.

Framhaldsfræðsla

Í samningi, sem gerður var við mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2006, var kveðið á um að FA skyldi þróa aðferðir við mat á óformlegu námi og námsárangri í samvinnu við ráðuneytið, atvinnulífið og fræðsluaðila ásamt því að þróa aðferðir við mat á raunfærni einstaklinga. Tillögum um aðferðir var skilað inn árið 2007.

Þann 31. mars 2010 voru samþykkt á Alþingi lög um framhaldsfræðslu. Þar er meðal annars fjallað um raunfærnimat og í 2. grein kemur fram að markmið framhaldsfræðslu samkvæmt lögnum sé m.a. :

- að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis
- að stuðla að því að nám og reynsla, sem aflað er utan hins formlega skólakerfis, verði metin að verðleikum

Þá er í lögnum skilgreining á orðinu raunfærnimat og er hún eftirfarandi:

Skipulagt ferli þar sem með formlegum hætti er lagt mat á alhliða þekkingu og færni einstaklingsins. Matið getur byggt á skólagöngu, starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, framhaldsfræðslu, félagsstörfum og lífsreynslu viðkomandi.

Áttunda grein laganna fjallar sérstaklega um raunfærnimat og starfsráðgjöf. Hún snýr að rétti til að gangast undir raunfærnimat og að þeim sem hyggjast leggja stund á nám sem byggir á lögum um framhaldsfræðslu standi til boða einstaklingsbundin náms- og starfsráðgjöf. Í stuttu máli er kveðið á um að þeir sem hafa stutta skólagöngu og hyggjast leggja stund á nám sem byggt er á lögum um framhaldsfræðslu eða lögum um framhaldsskóla eigi rétt á því að raunfærni þeirra sé metin.

Framhaldsfræðslulögin munu taka gildi þann fyrsta október og reglugerð er í smíðum hjá ráðuneytinu á grundvelli þeirra. Þann 9. mars voru sendar ábendingar frá FA til ráðuneytisins um atriði sem mikilvægt er að huga að við reglugerðarsmíð. Þær ábendingar sneru að skráningu eininga að loknu raunfærnimati, áfrýjunarferli, skilgreiningu hagsmunaaðila, þjálfun matsaðila og mati á lífsleikni- og íþróttáföngum. FA á sæti í vinnuhópi á vegum ráðuneytisins um mótun reglugerðar um raunfærnimat.

Aðkoma FA að nýjum verkefnum

Þegar auglýst var eftir umsóknum um raunfærnimatsverkefni árið 2009 var lögð áhersla á umsóknir í nýjum greinum.

Af 13 umsóknum, sem ekki voru frá fræðslumiðstöðvum iðngreina og sneru að raunfærnimati, var 11 hafnað vegna þess að þær uppfylltu ekki útsend viðmið um aðferðir og/eða samstarf. Tvær uppfylltu viðmið og var samið um fjármagn til þeirra verkefna.

Í framhaldi af þessari niðurstöðu fór fram endurmat á því hvernig FA kæmi að raunfærnimatsverkefnum þar sem þekking er ekki til staðar frá fyrri verkefnum og/eða um er að ræða nýjar starfsgreinar. Niðurstaðan var að mikilvægt væri að FA hefði beina aðkomu að undirbúnings- og tengslavinnu nýrra verkefna. Markmið FA með aukinni þátttöku í nýjum raunfærnimatsverkefnum er að:

- Tryggja aðkomu hagsmunaaðila
- Tryggja aðferðafræði og gæði verkefna
- Upplýsa um möguleika á fjármagni og greiðslulíkan FA
- Tryggja yfirfærslu á þekkingu til nýrra aðila

Þetta hefur gengið ágætlega eftir, samstarf við framkvæmdaaðila og hagsmunaaðila hefur gengið vel og samræmist þeirri stefnu, sem FA hefur tekið, þ.e. að besta leiðin til að auka tiltrú á raunfærnimati séu gæði verkefna og aðkoma allra hagsmunaaðila.

Ár	Einingar til mats	Staðnar einingar	Hlutfall staðinna eininga
2007	4.224	2.469	58%
2008	7.281	4.774	64%
2009	7.994	6.671	83%

Þjálfun matsaðila

Í ágúst 2010 hafa 164 einstaklingar hlotið þjálfun sem fagaðilar í raunfærnimati frá því að FA hóf þjálfun í raunfærnimati. Á árinu var voru námsefni og handbók um raunfærnimat uppfærð og nú liggja fyrir ítarlegri hjálpargögn til að styðjast við þegar raunfærnimat er framkvæmt. Haldin voru 3 námskeið á árinu, 35 einstaklingar sóttu þessi námskeið. Nemendastundir voru 525.

Tegundir raunfærnimats

Verkefnum, sem snúa að raunfærnimati FA, má skipta í tvo hópa. Annars vegar raunfærnimat á móti námskrám og hins vegar raunfærnimat á móti viðmiðum sem sett hafa verið í atvinnulífínu.

Raunfærnimat í iðngreinum – á móti námskrám

Á árunum 2007 til 2009 hafa 492 einstaklingar farið í gegnum raunfærnimat í iðngreinum. Ef miðað er við að skólaárið skili að jafnaði 35 einingum til hvers einstaklings er fjöldi metinna skólaára orðin 395 talsins.

Það veur athygli að milli ára hækkar hlutfall staðinna eininga á móti einingum til mats umtalsvert. Árið 2008 stóðust þátttakendur 64% af þeim áföngum sem þeir þreyttu raunfærnimat í en árið 2009 var þetta hlutfall orðið 83%.

Hægt er að leiða líkur að því að með reynslu aukist færni hjá framkvæmdaaðilum í því að greina hver á erindi í raunfærnimat. Áætlaður meðalkostnaður við hverja raunfærnimatsmetna framhaldsskólaeiningu í iðngreinum er árið 2009 9.057 kr. Innifalin í þessari upphæð eru kynning, vinna með þátttakendum í hópum, ráðgjöf, raunfærnimat og ráðgjöf að loknu mati.

Raunfærnimat í öðrum greinum á móti námskrám

Árið 2010 lauk raunfærnimati í Reykjavík og á Húsavík vegna leikskólaíða. Verkefnið var sérstakt að því leyti að hluti af því snerist um að meta persónu-

lega færni. Árangur var ágætur en vegna þess hve fáar einingar voru til mats reyndist það fjárhagslega erfitt. Niðurstaðan er þó aðallega sú að ekki virðist vandkvæðum bundið að meta huglæga hluti. Önnur verkefni, sem snúa að verslunarfagnámi og skrifstofubraut voru sett af stað eftir áramót 2009 en þeim er ekki lokið.

Raunfærnimat á móti viðmiðum í atvinnulífsins

Haldið var áfram að raunfærnimeta þjónustufulltrúa og gjaldkera á móti viðmiðum sem mótuð voru í atvinnulífinu. Tveimur verkefnum, annars vegar í Reykjavík og hins vegar á Akureyri, lauk árið 2010 en þegar hefur verið samið um framkvæmd á þremur verkefnum til viðbótar. Kostnaður vegna þessara verkefna er á árinu 2010 greiddur af SSF – Samtökum starfsmanna fjármála-fyrirtækja annars vegar og hins vegar af FA.

FA stýrirverkefni fyrir Félag tæknifólks í rafiðnaði. Markmiðið er að útbúa viðmið til að meta þekkingu tæknimanna sem vinna við hljóðvinnslu. Unnið er að þarfagreiningu á færni fyrir mismunandi þætti hljóðvinnslu. Þar er horft til evrópskra viðmiðarammans (EQF). Stefnt er að því að bjóða upp á raunfærnimat samkvæmt þessum viðmiðum í nóvember 2010.

Þetta verkefni er hluti af REVOW-verkefninu (sjá kaflann *Viðurkenning á gildi starfa* hér á eftir) og er Félag tæknifólks í rafiðnaði samstarfsaðili í því verkefni.

Meistaraprófsritgerð í náms- og starfsráðgjöf

Að stíga skrefið: Í nám á nýjan leik að loknu raunfærnimati er nafnið á meistaraprófsritgerðsem Auður Sigurðardóttir vann í náms- og starfsráðgjöf við H.Í. Markmið hennar var tvíþætt:

Annars vegarað varpa ljósi á ástæður sem lágu að baki því að þátttakendur í rannsókninni hurfu frá námi eða hófu ekki nám í framhaldsskóla, hvaða þættir hefðu haft áhrif á að þeir fóru í raunfærnimat í iðngrein og hvort hindranir hefðu orðið á vegi þeirra er þeir hófu nám að nýju.

Hins vegar að skoða þátt náms- og starfsráðgjafa í raunfærnimatinu og hvaða áhrif ráðgjöf og stuðningur, sem veittur var í ferlinu, hafði á þátttakendur.

Tekin voru sjö hálfopin viðtöl við karlmenn á aldrinum 27 til 47 ára sem fóru í raunfærnimat í iðngrein á fræðslustofnun og eru nú í námi eða hafa lokið sveinsprófi í húsasmíði eða málaraíðn. Einnig var rætt við tvo náms- og starfsráðgjafa sem eru ráðgjafar í raunfærnimatsferlinu.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að námsörðugleikar, persónulegir erfiðleikar og skortur á stuðningi voru helstu ástæður þess að þátttakendurnir

flosnuðu upp úr skóla og áttu í erfiðleikum með að hefja nám að nýju. Helstu hindranir á vegi þeirra við að hefja nám að nýju voru öðru fremur lítil trú á eigin getu og ótti við að mistakast enn og aftur í námi. Löngunin til að klára námið og fá starfsréttindi voru helstu ástæður þess að þeir fóru í raunfærnimat í þeirri iðngrein sem þeir höfðu unnið lengi í.

Stuðningur náms- og starfsráðgjafa í raunfærnimatsferlinu virðist skipta sköpum fyrir þennan hóp sem og hópstuðningur jafningja og hefur úrslitaáhrif á að þeir hefja nám að nýju. Einnig kom í ljós að þátttaka í raunfærnimati gefur einstaklingum með litla formlega menntun aukna möguleika á að hefja nám á nýjan leik og skiptir þátttakan miklu máli fyrir sjálfsmynd þeirra. Þá kom fram að samvinna fræðslustofnana og framhaldsskóla verði að vera meiri til að tryggja eftirfylgni og áframhaldandi stuðning náms- og starfsráðgjafa er í framhaldsskóla er komið.

Erlend samstarfsverkefni

OBSERVAL Leonardo-verkefni 2008–2010. OBSERVAL verður gagnabanki um framvindu raunfærnimats í Evrópu. Verkefnið hlaut styrk Leonardo da Vinci-starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins. Flest ríki þess eiga fulltrúa í verkefninu en auk þeirra eru Noregur og Ísland aðilar. Lokaráðstefna, þar sem afurð verkefnisins verður kynnt, verður í október 2010.

Viðurkenning á gildi starfa (REVOW) Leonardo-verkefni2009-2011.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stýrirverkefni um raunfærnimat í atvinnulífinu ásamt samstarfsaðilum frá Danmörku, Írlandi og Grikklandi. Verkefnið snýst um að móta almennar færnikröfur starfa sem erufæranlegar milli starfsgreina en undirviðmið um færni taka mið af viðkomandi grein.

Norrænt tengslanet um raunfærni á vegum NVL

Fulltrúar FA í norrænu sérfræðinganeti um raunfærnimat á vegum NVL (Norrænt tengslanet um nám fullorðinna) eru Fjóra María Lárusdóttir og Haukur Harðarson.

Hlutverk netsins er að:

- Móta stefnu og áherslur varðandi raunfærnimat á Norðurlöndum
- Ræða viðfangsefni
- Miðla og safna reynslu

Á árinu 2009 kom út skýrsla um áskoranir í raunfærnimati á Norðurlöndum. Þar eru flokkaðir þeir 18 málaflokkar sem NVL-netið í raunfærnimati sér fyrir sér að huga þurfi sérstaklega að á næstu árum. Sú skýrsla mun verða lögð til grundvallar í starfi netsins á næstu árum ef fjármagni verður veitt til frekara starfs.

Þróun náms- og starfsráðgjafar

Náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk í atvinnulífinu er nú starfrækt hjá öllum símenntunarmiðstöðvunum og Mími-símenntun fimmta árið í röð og hjá IDUNNI fræðslusetri og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins fjórða árið í röð með samningum við FA. Hlutverk FA er að halda utan um samstarfsnet þessara ráðgjafa og veita þeim handleiðslu og ráðgjöf eftir megni ásamt því að þróa ráðgjöfina í samstarfi við þá. Það bar hæst á tímabilinu að gerður var samningur á milli Vinnumálastofnunar, Kvasi – samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um náms- og starfsráðgjöf fyrir atvinnuleitendur. Ráðgjafar munu með þessum samningi taka þátt í að ná til atvinnuleitenda, sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins, og hvetja þá til virkni.

Samráðsvettvangur – fræðslufundir

Á árinu voru haldnir fjórir fræðslu- og samráðsfundir með náms- og starfsráðgjöfum í samstarfsneti FA. Fyrsti fræðslufundurinn var haldinn 2. október. Á þeim fundi var fjallað um samstarf við Vinnumálastofnun vegna ráðgjafar fyrir atvinnuleitendur. Farið var yfir árangur í ráðgjöfinni á árinu og skráningu upplýsinga úr ráðgjöfinni í nemendabókhald FA. Einn fræðsluaðili kynnti framkvæmd ráðgjafar hjá sinni miðstöð og ráðgjafi sagði frá námsferð sinni til Bretlands. Gerð var greining á fræðsluþörfum ráðgjafahópsins til að byggja skipulag næstu funda á.

Haldinn var sérstakur fundur 28. október fyrir náms- og starfsráðgjafa úr samstarfsneti FA og ráðgjafa Vinnumálastofnunar víðsvegar um land. Þar var fjallað um samstarfssamning Vinnumálastofnunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Kvasis vegna ráðgjafarþjónustu. Vinnumarkaðsúrræði Vinnumálastofnunar voru kynnt sem og lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Menntatorg, upplýsingaveita fyrir atvinnuleitendur, var einnig kynnt á fundinum. Þriðji fræðslufundur var haldinn 8. febrúar. Farið var yfir reynsluna af samstarfinu við Vinnumálastofnun og þá umgjörð sem því fylgir. Halldór S. Guðmundsson, lektor við HÍ, hélt fyrirlestur um áhrif atvinnuleysis á einstaklinginn og Fjóra Einarsdóttir hjá Rauða Krossinum kynnti mentoraverkefni fyrir atvinnuleitendur. Einnig var farið yfir tölur úr starfinu.

Fjórði fundur var haldinn 30. apríl. Fundurinn hófst á hópeflisverkefni. Þá kynnti Sólrún Bergþórsdóttir, ráðgjafi hjá VISKU (Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja), kynningarmyndband um ráðgjöfina, sérstaklega gert fyrir sjómenn. Rætt var um þróun skimunarlista í viðtölum við atvinnuleitendur og Ása Dóra Konráðsdóttir hjá VIRK–Starfsendurhæfingarsjóði kynnti skimunartæki sem notuð eru í þeirra starfi. Þá var farið í hópavinnu í því skyni

að greina áskoranir og úrlausnir í starfinu. Að lokum var farið yfir skráningu upplýsinga úr ráðgjöfinni.

Í heild voru haldnir 4 fræðslufundir. Þátttakendur voru 101. Nemendastundir í heild voru 865,5.

Samstarf við Vinnumálastofnun

Vegna aukins atvinnuleysis í samfélaginu og þörf á auknu samstarfi í þágu atvinnuleitenda hófst samstarf FA og Vinnumálastofnunar (VMST) haustið 2009. Samstarfið fór formlega í gang í nóvember 2009. Það gengur út á að ráðgjafar á vegum samstarfsaðila FA leggi VMST lið í því að þjónusta atvinnuleitendur og leiðbeina þeim við færniþróun. VMST beinir mánaðarlega ákveðnum hópi í ráðgjöf til samstarfsaðila FA á hverju svæði fyrir sig, skilgreindum eftir lengd atvinnuleysis og menntun. Ráðgjafarnir starfa í umboði VMST í því skyni að beina einstaklingum í skylduvirkni. Þetta verkefni er unnið samhliða áframhaldandi heimsóknum á vinnustaði og í stofnanir með viðtölum í kjölfarið á kynningarfundum eftir hefðbundinni nálgun ráðgjafanets FA.

Reynslugreiningar hafa verið gerðar á samstarfinu á fræðslufundum og niðurstöður nýttar til úrbóta í samvinnu við VMST.

Þróunarstarf

Áherslur í þróunarstarfinu á árinu tengdust að miklu leyti samstarfinu við Vinnumálastofnun og upplýsingum um vinnulag í því samhengi. Unnið er að skimunarlistum til notkunar í viðtölum með atvinnuleitendum í samstarfi við VIRK –starfsendurhæfingarsjóð. Einnig er FA í samstarfi við Sérfræðisetur um ævilanga náms- og starfsráðgjöf (SAENS) umrannsókn á áhrifum ráðgjafar og rödd notenda í ráðgjöf. Rannsóknin er styrkt af Norrænu tengslaneti í fullorðinsfræðslu og unnin af sérfræðingahópi frá öllum Norðurlöndunum. FA hefur komið að gerð spurningalista og haft umsjón með söfnun netfanga notenda þjónustunnar sem býðst að taka þátt í rannsókninni. Þá hefur FA einnig haldið utan um umræðu um þróun gagnagrunns með upplýsingum um nám og störf í samstarfi við SAENS og HÍ. Fjóla María Lárusdóttir hefur verið fulltrúi FA í hinu norræna tengslaneti, NVL, um ráðgjöf fyrir fullorðna.

Kennslufræðinámskeið og ráðgjöf

Í þjónustusamningi er kveðið á um að þróa skuli aðferðir í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun með sérstakri áherslu á markhópinn og miðla sérfræðipækkingu með ráðgjöf og kennslu. Þessu er sinnt með þróunarstarfi í samstarfi við ýmsa aðila, námskeiðahaldi fyrir samstarfsaðila, fræðslufundum, ráðgjöf og kynningu á vef og í Gátt, ársriti um málefni FA.

Stiklur eru kennslufræðinámskeið sem hafa verið í boði frá upphafi starfsemi

FA. Þau eru blanda af fræðilegum þáttum og hagnýtum æfingum og tengingum þar sem komið er til móts við fjölbreyttan hóp kennara og leiðbeinenda með mjög mismunandi bakgrunn. Á tímabilinu voru haldin 11 kennslufræðinámskeið og fræðslufundir fyrir 269 þátttakendur samtals 1.184 nemendastundir.

Áfram var unnið að því að þróa aðferðir, tæki og gögn um kennslufræði fullorðinna með þarfar markhóps FA að leiðarljósi. Nokkur ný námskeið og/eða námsefni fyrir þau var þróað í samræmi við óskir og ábendingar samstarfsaðilanna. Efni þeirra er um: „erfiða nemendur“, fjölbreytilegt námsmat í fullorðinsfræðslu, lykilhæfnipætti og viðmiðaramma Evrópusambandsins (Key competences og EQF), samskiptavefi og aðra tækni sem nýtist okkar markhópi í námi. Nú þegar er búið að fella efni um þessa þætti inn í þau námskeið og fræðslufundi sem samstarfsaðilum FA stendur til boða. Í þróun er efni um grundvallarfærni (basic skills) með áherslu á leiðir til að aðstoða fólk sem á við lestrarerfiðleika að stríða í námi sínu.

Nú eru í boði eftirfarandi 13 námskeið sem eru 7 kennslustundir hvert en má raða saman með mismunandi hætti eftir óskum samstarfsaðila.

Grunnnámskeið

1. Fræðslustarfsmaðurinn og kröfurnar í nútímasamfélagi
2. Fullorðnir nemendur og forsendur þeirra
3. Undirbúningur, skipulag og hönnun námskeiða fyrir fullorðna

Ítarnámskeið

1. Fjölbreyttar kennsluáðferðir– hraðnámsáðferðir
2. Fjölbreyttar kennsluáðferðir – samskiptavefir
3. Kynningartækni, framsetning og framkoma
4. Fjölbreytilegar námsmatsáðferðir í fullorðinsfræðslu
5. Hljóðglærur og hljóðupptökur
6. Fjarkennsla – fjarfundabúnaður
7. Rafrænir miðlar í tungumálanámi
8. Erfiðir einstaklingar og uppákomur – viðbrögð og úrræði
9. Grundvallarfærni (Basic skills) og lestrarerfiðleikar fullorðinna nemenda (í þróun)

Sérhönnuð námskeið

1. Námskeið og fræðslufundir í tengslum við námskrár FA samkvæmt beiðni hverju sinni.

Samningur um verkefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn

Verkefnum samkvæmt samningi, sem gerður var við menntamálaráðuneytið um námsefni, námskrár og þjálfun kennara í íslensku fyrir útlendinga í sept-

ember 2008, er nú senn lokið. Á árinu hefur verið unnið að námsefni í íslensku fyrir útlendinga og það útbúið til notkunar á vef. Birting á vef er í bígerð á næstu mánuðum. Eftir er að halda námskeið fyrir kennara vegna framhaldsnámskrár. Öðrum verkþáttum er lokið eða hætt hefur verið við þá vegna samdráttar í ríkisfjármálum.

Söfnun og miðlun upplýsinga

Ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er gefið út einu sinni á ári í tengslum við ársfund félagsins. Ársritið GÁTT er liður í kynningu á málefnum þeim sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur verið falið að vinna að. Gátt2009 fjallar um fullorðinsfræðslu í ljósi erfiðrar stöðu á vinnumarkaði. Gátt er vandað rit, 104 síður að lengd. Ritið var sent mjög víða, m.a. til framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og bókasafna. Það er notað til kennslu í þremur háskólum, HÍ, HA, og LHÍ. Ársritið er einnig á vef Fræðslumiðstöðvarinnar, www.frae.is.

Ársfundur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var haldinn 26. nóvember 2009 á Nordica Hilton hóteli undir yfirskriftinni „Úrræði til árangurs“. Að þessu sinni var fundurinn haldinn í samstarfi við Landsskrifstofu menntaáætlunar ESB og var ráðstefna á vegum Landsskrifstofunnar haldin 27. nóvember undir sömu yfirskrift.

Fundinn sátu um 150 manns. Fundurinn hófst með ávarpi menntamálaráðherra. Gestur Guðmundsson, prófessor í félagsfræði menntunar, hélt erindi undir heitinu „Getum við hafið sókn til framtíðar með lausnum á bráðavanda?“. Þóra Ásgeirsdóttir, ráðgjafi hjá Kná, hélt erindi undir heitinu „Ég var bara tossi – niðurstöður könnunar meðal lesblindra“. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent í mannauðsstjórnun hjá HÍ, hélt erindi undir heitinu „Sveltur sitjandi kráka“. Guðjónína Sæmundsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum, fjallaði um hlutverk símenntunarmiðstöðva. Veitt var viðurkenningin „fyrirmynd í námi fullorðinna“ og hlutu hana þeir Sigtryggur Gíslason og Vilhjálmur Örn Halldórsson fyrir að hafa skarað fram úr í námi fullorðinna á árinu 2009 en þeir stunduðu báðir sitt nám hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Sigtryggur Gíslason og Vilhjálmur Örn Halldórsson hafa fylgst að í náminu hjá Símei og fóru báðir í gegnum raunfærnimat í húsasmíðum. Þá hafa þeir einnig báðir lokið námskeiðunum Aftur í nám og Skref til sjálfshjálpar en þessi námskeið hjálpa einstaklingum með lestrarörðugleika en báðir eru þeir lesblindir. Í dag sækja þeir Sigtryggur og Vilhjálmur Örn báðir námsleiðina Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum hjá Símei. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins færði Sigtryggi og Vilhjálmi Erni í viðurkenningarskyni fartölvur með forritum, leiðréttingarforritið Púka og viðurkenningarskjal. Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri FA, ræddi aðeins við verðlaunahafana og það var ekki laust við að fundarmenn kæmust við og

vöknaði um augu undir lýsingum á þeim hremmingum sem þeir höfðu gengið í gegnum í skólanum á fyrri hluta ævinnar. Við afhendingu viðurkenninga stóðu gestir ráðstefnunnar úr sætum og hylltu sínar hetjur sem svo sannarlega standa undir nafni sem fyrirmyndir í námi fullorðinna.

Fundarstjóri var Guðrún Eyjólfsdóttir, verkefnisstjóri hjá Samtökum atvinnulífsins.

Kynningarefni

Á vefsvæði FA, www.frae.is, má finna allt það efni sem gefið hefur verið út af FA. Þar eru bæði námskrár, ársritið Gátt, bæklingar o.fl.

Á árinu var lokið við nýjan kynningarbækling um vottuðu námsleiðina Skrifstofuskólann.

Önnur verkefni FA

Norrænt tengslanet um nám fullorðinna

NVL (norrænt tengslanet um nám fullorðinna) er starfrækt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar). Samningur um að hýsa verkefnið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með Sigrúnu Kristínu Magnúsdóttur sem tengilið fyrir Íslands hönd til ársloka 2012 gekk í gildi 1. júlí 2009.

Ísland hefur haft forgöngu um nokkur verkefni NVL. Meðal þeirra er norrænt net um notkun upplýsingatækni, Distans, svo og verkefni um færniþróun, þar sem fjallað er um hvernig hægt er að mæta breytingum á vinnumarkaði með menntun. Þá hafa tveir íslenskir bakhópar starfað á árinu, annar bakhópur fyrir NVL á Íslandi og hinn um raunfærnimat.

Dagurinn 3. desember var helgaður NVL. Dagurinn hófst með fundi í bakhópi NVL á Íslandi með þátttöku framkvæmdastjóra NVL, Öntu Carlsen. Síðan tók við fundur allra fulltrúa í undirhópum NVL. Þar miðluðu fulltrúarnir upplýsingum af starfinu á árinu. Eftir hádegi var síðan haldin málstofa í samstarfi við Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins þar sem menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir fullorðna, Nordplus, var kynnt.

Í aðdraganda stórrar ráðstefnu, sem NVL stóð fyrir í Kaupmannahöfn dagana 2. og 3. júní 2010 um hvatningu, stóð Distanshópurinn fyrir röð fjögurra vefmálstofa um hvernig hægt er að beita tækni til þess að hvetja fullorðna til náms. Námsstefnurnar voru eingöngu með þátttöku á vefnum; til þess notaði hópurinn hugbúnað til fjarfundahalds, Connect Pro, sem hann er áskrifandi að. Málstofurnar voru haldnar 26. dag hvers mánaðar í febrúar, mars, apríl og maí. Alls tóku nær 170 manns þátt í málstofunum, sem góður rómur var gerður að, flestir þátttakendur voru sem fyrr frá háskólum og opinberum stofnunum. Í

undirbúningi er ráðstefna sem halda á í samstarfi við NITUS, samtök símenntunarmiðstöðva í Svíþjóð, í Uppsölum í nóvember á þessu ári.

Hvað varðar færniþróunarverkefnið þá er ætlunin að finna dæmi um fyrirmyndarverkefni á öllum Norðurlöndunum um hvernig menntun hefur verið beitt til þess að takast á við breytingar á vinnumarkað. Síðan á að greina hvað þau eiga sameiginlegt og hvað ber að varast við skipulag slíkra úrræða. Á Íslandi voru 8 fyrirmyndardæmi valin í samstarfi við Samstarfshóp FA um menntunarræði. Fyrirmyndardæmin voru kynnt og rædd á námsstefnu þann 18. maí 2010 sem haldin var á Hilton Nordica. Á norrænum vettvangi hefur tveimur hópum verið komið á laggirnar, annar með fjórum norrænum fræðimönnum en hinn með fulltrúum færniþróunarhópa þjóðanna fimm. Fyrsti fundur norrænu hópanna var haldinn á Íslandi í febrúar, annar í apríl og sá þriðji er áætlaður í lok september.

NVL á Íslandi hefur á árinu 2010 haldið tvær ráðstefnur. Sú fyrri var haldin í Keflavík um náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat sem á sjötta tug manna sóttu. Sú síðari var haldin í Reykjavík í byrjun september 2010 í samstarfi við sérfræðingahóp NVL um raunfærnimat. Á ráðstefnunni voru 15 áskoranir, sem blasa við í vinnunni við raunfærnimat á Norðurlöndum, kynnt og einnig var fjallað um mat á raunfærni á sviðum eins og í þriðja geiranum, æðri menntastofnunum og iðnaði. Þátttakendur voru rúmlega 80.

NVL á Íslandi hefur áhrif á fullorðinsfræðslu á Íslandi, netið nær til ólíkra markhópa, fyrirtækja, stofnana, stéttarféлага og fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. Íslendingum, sem tekið hafa þátt í ýmsum viðburðum á vegum NVL á Íslandi, hefur fjölgað verulega í gegnum árin og þeir voru um 400 árið 2009.

Fagråd verslunar og þjónustu

Í samningi milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Fagráðs verslunar- og þjónustugreina (FVÞ) er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins falið að framkvæma tiltekin viðfangsefni á sviði fræðslumála. Að FVÞ standa Landssamband íslenskra verslunarmanna (LIV), VR og Samtök atvinnulífsins (SA).

Í samþykktum FVÞ segir að tilgangur þess sé að efla menntun og fræðslu meðal starfsmanna verslunar- og þjónustufyrirtækja og kynna og koma náms-efni á framfæri við fræðsluaðila, fyrirtæki, starfsmenn og aðra hagsmunaaðila.

Fimmta starfsári fagráðsins er nú að ljúka. Eftirfarandi markmið hafa verið í starfinu:

- Hafa eftirlit með að starfstengt nám fyrir verslunar- og þjónustugreinar fari fram samkvæmt þörfum og óskum fyrirtækjanna og nemendanna
- Vakta nýjar menntaþarfir innan greinanna og koma þeim í framkvæmd

- Skapa tengingu við menntamálaráðuneytið og halda uppi hagsmunum og áframhaldandi þróun starfsnáms fyrir verslunar- og þjónustugreinar
- Kynna starfsemi Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks
- Koma af stað námskeiðum eftir þörfum og óskum
- Stuðla að og styðja við námskrárgerð

Helstu verkefni FVP á árinu hafa verið:

Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina

Í byrjun árs 2007 var gerður samningur milli FVP og Starfsgreinaráðs skrifstofu- og verslunargreina (SSV) um að FVP taki að sér að sinna reglulegri starfsemi SSV. Hafa þau verkefni að mestu lotið að nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla. Nýtt starfsgreinaráð var skipað í byrjun árs 2010 og er formaður þess Ólaffa B. Rafnsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmanna- og þjónustusviðs 365. Fyrsta verkefni nýs starfsgreinaráðs var að fara í stefnumótunarvinnu og leggja línurnar fyrir starfsemina. Ekki tókst að ljúka þeirri vinnu fyrir sumarfrí og verður henni framhaldið á haustmánuðum 2010.

Eitt af síðustu verkefnum fráfarandi starfsgreinaráðs var að semja um gerð námsefnis fyrir starfsnám þjónustu í verslunar- og skrifstofugreinum. FVP hefur, ásamt Ingu Karlsdóttur, fagstjóra hjá Menntaskólanum í Kópavogi, stýrt þeirri vinnu. Fyrstu drög liggja fyrir og er stefnt að því að efnið verði tilbúið til kennslu fyrir lok árs 2010.

Eins og undanfarin ár hefur FVP verið í góðu sambandi við framkvæmdaraðila Starfsnáms þjónustu í skrifstofu- og verslunargreinum og aðstoðað nemendur við að finna sér starfsnámsfyrirtæki, auk þess að vera einstaka fyrirtækum innan handar við framkvæmd þess.

ReTAiL

ReTAiL (Retail Management for Adults in Lifelong Learning) er verkefni með styrk frá menntaáætlun Evrópusambandsins. Verslunarskóli Íslands leiddi verkefnið en FVP var þátttakandi fyrir milligöngu FA. Auk Íslendinga tóku Finnar og Skotar þátt í verkefninu. Markmið verkefnisins var gerð rafræns námsefnis til kennslu í verslunarstjórnun. Um yfirfærsluverkefni var að ræða sem byggði á að nýta fyrirbyggjandi hugmynda- og aðferðafræði til gerðar námsefnis sem nýtist öllum þáttökulöndunum. Verkefninu lauk í byrjun árs 2010 með tilraunakennslu nokkurra áfanga og haustið 2010 verða nokkrir áfangar í boði hjá Verslunarskólanum, þar á meðal áfanginn Innkaup og sala sem verður boðinn áhugasömum án endurgjalds.

Greining á hæfni starfsmanna í íslenskum þjónustufyrirtækjum.

FVP, í samstarfi við Rannsóknarsetur verslunarinnar og Capacent, vann á árunum 2008–2009 að rannsókn á menntaþörf meðal stjórnenda í lægsta stjórnunarþrepi í þjónustufyrirtækjum. Rannsóknin var unnin með styrk frá Starfsmenntaráði og stýrt af Rannsóknarsetri verslunarinnar. Í rannsókninni var leitast við að greina helstu færniþætti, sem krafist er að lægsta stjórnendalagið hafi vald á, og hvernig þeir sjálfir og næstu yfirmenn þeirra meti færni þeirra fyrrnefndu til að beita henni. Markmiðið var að kanna hvort stjórnendur í lægsta stjórnunarþrepi búi almennt yfir þeirri færni, sem krafist er af þeim, og ef svo er ekki að þróa þá í framhaldinu fræðsluefni sem uppfyllir þarfir þeirra. Niðurstöður lágu fyrir í byrjun árs 2010 og voru gefnar út í skýrslunni *Greining á hæfni starfsmanna í íslenskum þjónustufyrirtækjum*.

Verslunarfagnám

Verslunarfagnám var hvergi í boði veturinn 2009–2010 en þess í stað hefur verið unnið að undirbúningi raunfærnimats í bóklegum greinum námsins. Áður hefur verið gerð tilraun með raunfærnimat í vinnustaðahluta þess með góðum árangri. Mímír-símenntun stýrir verkefninu en FVP hefur unnið náið sem ráðgjafi í undirbúningnum auk þess að vinna að gerð matslista sem byggja á námskrá Verslunarfagnámsins. Aðrir samstarfaðilar eru Símei á Akureyri og Viska í Vestmannaeyjum. Talsverð vinna liggur bak við gerð matslistanna þar sem um nokkuð langt og umfangsmikið nám er að ræða sem reynir bæði á faglega þekkingu og persónulega færni einstaklingsins. Þá er hér er í fyrsta sinn gerð færniviðmið sem byggja á námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Gert er ráð fyrir að raunfærni mátið hefjist haustið 2010 og verði í boði hjá Mími-símenntun í Reykjavík, Símei á Akureyri og hjá Visku í Vestmannaeyjum. Raunfærni mátið er ætlað jafnt fyrir núverandi sem fyrrverandi starfsmenn verslunarfyrirtækja.

Fræðslustjóri að láni

Haustið 2009 hóf Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks að styrkja fyrirtæki til að fá til sín tímabundinn ráðgjafa til að meta þörfina fyrir fræðslu- og þjálfun. Nefnist verkefnið *Fræðslustjóri að láni*. FVP hefur séð um kynningu á verkefninu meðal fyrirtækja, samningagerð fyrir hönd sjóðsins og fylgst með framkvæmd þess. Þá hefur FVP að undanfögnu unnið að gerð námleiðar fyrir starfsfólk í þjónustu og skrifstofustörfum í samstarfi við Framvegis, miðstöð símenntunar í Reykjavík. Um er að ræða eins árs nám sem skiptist í fjórar sjálfstæðar lotur en sem saman mynda eina heild. Námið er ætlað fullorðnu fólki sem hefur öðlast talsverða reynslu í starfi og vill byggja ofan á fyrirliggjandi reynslu og þekkingu til að efla sig jafnt í starfi sem einkalífi með það að markmiði að geta tekist á við fjölbreyttari og flóknari störf. Gert er ráð fyrir

að þetta nám verði í boði hjá Framvegis frá og með vori 2011. Mikill áhugi hefur verið á verkefninu meðal fyrirtækja og hafa á annan tug þeirra fengið styrk til að greina fræðsluþörf sína og koma upp sérsniðinni fræðsluáætlun fyrir starfsmenn sína.

Mímir-símenntun

Um heim allan er unnið að því að finna lausnir til að lágmarka skaðleg áhrif efnahagsástandsins. Kreppan snertir Ísland jafnvel enn harðar en margar aðrar þjóðir og hafa áhrif hennar m.a. birst í mesta atvinnuleysi sem sést hefur á síðari tímum hér á landi. Enn og aftur upplifum við það að markhópur Mímis, einstaklingar með stutta formlega skólagöngu, verða verst úti í atvinnuleysi.

Þessar ytri aðstæður í þjóðfélaginu hafa haft áhrif á starfsemi Mímis-símenntunar og strax haustið 2008 varð ljóst að Mímis biði virk þátttaka í að efla atvinnuleitendur með fjölbreyttri menntun, náms- og starfsráðgjöf og stuðningi við að finna ný tækifæri.

Þrátt fyrir erfiða tíð hefur rekstur Mímis gengið vel og er afkoma ársins vel ásættanleg með tæplega 5% rekstrarafgang. Lögð hefur verið áhersla á gæðamál í rekstri með vel skilgreindum verkferlum og bættu skipulagi við innheimtu og fleira.

Starfsfólk Mímis lagði hart að sér við að laga framboð náms, starfshætti og aðferðir að þörfum atvinnuleitenda en um leið var dregið úr framboði á starfsmenntun til þeirra sem höfðu fasta vinnu.

Stærsti hluti atvinnuleitenda sótti almenn námskeið en þar voru námsleiðirnar Aftur í nám fyrir fólk með lesraskanir og Grunnmenntaskólinn fjölsóttastar.

Starfsmenntanámskeiðum fækkaði heldur á árinu en meirihluti þeirra var fyrir starfsfólk í umönnun á sjúkrastofnunum og starfsfólk sem vinnur að uppeldismálum í leikskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Á árinu eflidist náms- og starfsráðgjöf verulega og var ráðgjöfum fjölgað til að mæta aukinni þörf sem skapaðist í kjölfar aukins atvinnuleysis.

Þessar aðstæður í þjóðfélaginu orsökðu breytingu á eftirspurn eftir tungumála- og frístundanámskeiðum. Hagnýt og skapandi námskeið nutu mikilla vinsælda og sömuleiðis jókst ásókn í námskeið í tungumálum Norðurlandanna verulega svo ítrekað þurfti að bæta við námskeiðum.

Eftirspurn eftir íslenskunámskeiðum fyrir fólk af erlendum uppruna dróst verulega saman á árinu. Má einna helst rekja það til ótryggs atvinnuástands erlendra starfsmanna en ekki síður til þess að stjórnvöld drógu verulega úr styrkveitingu til íslenskunáms sem þýddi að nemendur báru stærri hluta nemendagjalda.

Í kjölfar mikils niðurskurðar ríkisins á fjárframlögum til Félagsmálaskóla alþýðu sagði ASÍ upp þjónustusamningi við Mími fyrir hönd MFA og Félagsmálaskóla alþýðu. Menntanefnd ASÍ vinnur nú að tillögum um framtíðarskipan fræðslumála MFA og Félagsmálaskóla alþýðu.

Í lok ársins 2009 fóru stjórnvöld af stað með verkefnið Ungt fólk til athafna sem hefur það að markmiði að virkja unga atvinnuleitendur. Verkefnið er mikilvægt samfélagsverkefni sem Mímir tekur virkan þátt í.

Á vorönn 2010 voru gerðir samningar við Vinnumálastofnun um nám fyrir unga atvinnuleitendur og sérstakur verkefnisstjóri ráðinn til starfa hjá Mími. Þegar þetta er skrifað hafa um 200 ungir atvinnuleitendur hafið nám hjá Mími-símenntun.

Mímir hefur verið aðili að Leikn, samtökum fullorðinsfræðsluáðila á Íslandi og þannig tekið virkan þátt í faglegri umræðu og mótun fullorðinsfræðslu á Íslandi. Hefur Mímir átt fulltrúa í stjórn Leiknar frá stofnum samtakanna.

Á árinu gerðist Mímir aðili að Kvasi, samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, en allt fram til ársins 2009 voru samtökin eingöngu fyrir símenntunarmiðstöðvarnar nýu á landsbyggðinni. Það er mikils virði fyrir Mími að eiga aðild að þessum öflugum hagsmunasamtökum.

Þekkt er að fyrirtæki, sem þurfa að draga saman í rekstri, skeri niður starfsþróunarkostnað fyrirtækjanna og er það miður. Rannsóknir sýna að fyrirtæki, sem viðhalda menntun og starfsþróun starfsmanna sinna, eru fyrri til að ná sér þegar uppsveifla í atvinnulífinu fer af stað. Mímir hefur hvatt fyrirtæki til að draga ekki úr endurmenntun starfsfólks þrátt fyrir erfitt efnahagsástand og ekki síður hvatt eigið starfsfólk til endurmenntunar, þátttöku í erlendu samstarfi og þróunarverkefnum.

Fullorðinsfræðsla er í stöðugri þróun og á vormánuðum 2010 voru lög um framhaldsfræðslu samþykkt á Alþingi. Starfsfólk og stjórn Mímis væntir mikils af nýjum lögum sem setja ákveðinn ramma um fullorðinsfræðslu.

Fastráðnir starfsmenn Mímis eru 25 og verktakar um 200. Með dugnaði þeirra og þrautseigju hefur verið hægt að sveigja starf fyrirtækisins að breyttum þörfum atvinnulífsins fyrir menntun. Án þeirra hefði þetta ekki verið hægt og eru þeim hér færðar þakkir fyrir ómetanlegt framlag.

Fjölmenning og frístundir

Á árinu 2009 jókst aðsókn í námskeið Mímis-símenntunar á sviði lista og handverks og sprenging varð í aðsókn á norskunámskeið en með því að auka framboð norskunámskeiða kom Mímir til móts við fjölda fólks sem stefnir að því að flytja til Noregs. Í heildina minnkaði þó aðsókn á námskeið deildarinnar, mest í íslensku fyrir útlendinga.

Á árinu 2009 voru haldin 200 námskeið í deildinni Fjölmenning og frístundir sem skiptust í fjóra flokka: Tungumál, Íslensku fyrir útlendinga, Gagn og gaman og Listir og menningu Þátttakendur voru á öllum aldri, allt frá fimm ára og upp í rúmlega áttrætt, samtals 2131 manns. Konur voru í meirihluta, eða tæplega 69% á móti 31% karla.

Mikil fækkun varð í íslenskunámi fyrir útlendinga eða 42% fækkun frá fyrra ári. Fækkunin varð bæði í almennum íslenskunámskeiðum og í námskeiðum á vinnustöðum. Skýringar má eflaust finna í aðhaldsaðgerðum fyrirtækja, ótryggu efnahagsástandi og atvinnuleysi meðal innflytjenda.

Tungumál

Það voru haldin 57 tungumálanámskeið á árinu, mörg á mismunandi þyngdarstigum. Langflestir sóttu námskeið í spænsku og ensku en áhugi nemenda á öðrum tungumálum, s.s. japönsku, portúgölsku, pólsku og rússnesku, var einnig áberandi. Sama má segja um Norðurlandamálin, þá sérstaklega norsku, en þar fjölgaði nemendum gríðarlega eða um 110% frá fyrra ári.

Nokkur tungumálanámskeið voru haldin á vinnustað fyrir starfsfólk og þá sérstaklega námskeið í símsvörun á ensku. Einnig voru haldin enskunámskeið fyrir nemendur Fjölmenntar (fullorðinsfræðsla fyrir fatlaða) með góðum árangri. Einkatímar í tungumálanámi henta sumum nemendum betur og voru fjölmargir sem nýttu sér þann möguleika á árinu.

Gagn og gaman

Námskeið í þessum flokki spanna vítt svið og voru á árinu haldin 29 námskeið. Námskeiðin *Feng-Shui-fræði* og *Vinamót* nutu áfram vinsælda en af nýjungum má nefna námskeiðið *Ættfræðigrúsk* og *Að spá í spil* sem fengu góðan hljóm-

grunn. Námskeið um íslenskar nytjajurtir og ræktun matjurta voru einnig vel sótt. Áhugi á þrjónaskap, fatasaumi og fatahönnun fer vaxandi og jókst aðsókn á slík námskeið allt síðasta ár.

Listir og menning

Námskeið í þessum flokki eru ekki síður fjölbreytileg en 14 slík voru haldin á árinu. Vinsælust voru myndlistarnámskeið, bæði fyrir börn og fullorðna, en myndlistarnámskeiðin hafa fest sig í sessi hjá Mími og árlega eru haldin nokkur námskeið í olíumálun, vatnslitamálun og teikningu. Námskeið í smá-sagnagerð voru einnig vel sótt, svo og námskeið um *Miðausturlönd*.

Íslenska fyrir útlendinga

Markmið íslenskunámskeiða eru unnin eftir námskrá mennta- og menningar-málaráðuneytisins í íslensku fyrir útlendinga. Kennslufræðileg markmið miða m.a. að því að í kennslunni sé beitt fjölbreyttum aðferðum sem henta fjölmenningslegum hópum fullorðinna nemenda og að nemendur fái þjálfun í öllum færniþáttum tungumálanáms, þ.e. skilningi (lestri og hlustun), ritun og töluðu máli.

Alls voru haldin 79 almenn íslenskunámskeið á síðasta ári. Námskeiðin voru á fimm stigum en að auki var boðið upp á ritunar- og talþjálfunarnámskeið fyrir lengra komna. Sérstakir byrjendahópar voru fyrir fólk frá Kína, Taílandi, Víetnam og fyrir þá sem tala slavnesk tungumál. Kennarar þessara hópa tala tungumál hópsins og nota það til stuðnings í kennslunni eftir þörfum. Í upphafi anna geta nemendur komið í stöðumat sér að kostnaðarlausu til þess að finna námskeið við hæfi.

Haldin voru 19 starfstengd námskeið á vinnustöðum. Á námskeiðunum var leitast við að tengja saman starfstengdan orðaforða vinnustaðarins og daglegt mál. Flest námskeiðin voru kennd á Landspítala–háskólasjúkrahúsi en einnig voru námskeið fyrir starfsfólk hótela og framleiðslufyrirtækja.

Íslenska - sérstök verkefni

Íslenskuaðstoð fyrir erlenda nemendur í félagsliðabru er eitt af verkefnum Mímis. Þrír slíkir hópar voru á árinu. Markmiðið með þessari kennslu er að auðvelda erlendum nemendum að læra fög á framhaldsskólastigi á íslensku og þróa fjölbreyttar kennslu- og matsaðferðir í samvinnu við fagkennara í félagsliðabru.

Landnemaskólinn er vottuð námsleið, gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, fyrir fólk af erlendum uppruna. Á síðasta ári fóru tveir Landnemaskólar

af stað og að þessu sinni voru nær allir þátttakendur atvinnuleitendur. Námið var fjölbreytt og fengu nemendur kennslu m.a. í íslensku og tölvunotkun, auk þess að gera færnimöppu og fara í fræðandi vettvangsferðir.

Innflytjendur, sem hyggjast sækja um búsetuleyfi hér á landi, geta tekið íslenskupróf hjá Mími en einnig var boðið upp á þá nýjung að halda undirbúningsnámskeið fyrir nemendur Mímis sem hugðust þreyta íslenskupróf vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt.

Nám fyrir atvinnulífið

Á árinu sá deildin Nám fyrir atvinnulífið um mörg mikilvæg og áhugaverð verkefni. Kennsla samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var stór þáttur í starfseminni. Í samstarfi við Vinnumiðlun Höfuðborgarsvæðisins var lögð áhersla á að sniða framboð og skipulagningu náms að þörfum og áhuga atvinnuleitenda.

Heildarfjöldi nemenda deildarinnar var 1600 á árinu. Atvinnuleitendur sóttu í auknum mæli í almennt nám en minna í nám tengt ákveðnum starfsgreinum. Með almennu námi er átt við nám sem er til þess fallið að styrkja undirstöðuþekkingu og færni þátttakenda. Á árinu voru 64% nemendastunda í almennu námi vegna þátttöku atvinnuleitenda sem er mikil aukning frá árinu á undan og tengist kringumstæðum í íslensku samfélagi.

Starfstengd námskeið

Námskeiðum, sem tengjast beint starfi þátttakenda, fækkaði lítillega á árinu. Eins og áður eru konur í miklum meirihluta í þessum flokki. En það er vegna þess að talsvert námsframboð er fyrir starfsmenn sem starfa á leikskólum og við aðhlyningu og umönnun. Eftirtalin starfstengd námskeið voru kennd eftir námskrám frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins:

Fagnámskeið I og II fyrir starfsfólk sem starfar við umönnun og aðhlyningu

Þátttaka var góð á þessum námskeiðum þar sem áhersla er lögð á námsþætti sem nýtast starfsmönnum í starfi og einkalífi ásamt því að styrkja þá í vinnu sinni með skjólstæðingum. Þessi námskeið eru einnig undanfari félagsliðabráar sem gefur nemendum, sem uppfylla tiltekin skilyrði, kost á að ljúka félagsliðanámi á skemmri tíma en ella.

Haldin voru fjögur Fagnámskeið I á árinu og fimm Fagnámskeið II. Starfsmenn af erlendum uppruna voru mikill meirihluti þátttakenda. Styrkur fékkst

frá Innflytjendaráði til námsefnisgerðar í þeim hluta námsins er varðar samskipti. Þeirri vinnu lauk um mitt árið.

Á árinu fékkst einnig styrkur úr Starfsmenntasjóði félags- og tryggingamálaráðuneytisins í verkefnið Kjölur sem er fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna. Markmið verkefnisins er að bjóða upp á námskeið fyrir einstaklinga sem hafa áhuga á að starfa í heilbrigðis- og félagsþjónustu eða á leikskóla. Kennsluaðferðir og námsefni verða miðaðar að þörfum fólks af erlendum uppruna.

Félagsliðanám- einingánám

Á árinu voru sjö hópar nemenda í félagsliðabrá. Þrír nemendahópar luku námi sem félagsliðar af félagsliðabrá, þar af var einn hópurinn sérstaklega fyrir starfsmenn af erlendum uppruna. Í félagsliðanáminu eru kenndir áfangar samkvæmt námskrá menntamálaráðuneytisins.

Sérhæfing

Í samvinnu við Eflingu stéttarfélag var haldið eitt 54 kennslustunda námskeið í framhaldsnámi félagsliða um heilabilun.

Fagnámskeið I og II fyrir starfsmenn leikskóla

Þrjú námskeið voru haldin á árinu fyrir starfsmenn leikskóla. Eitt Fagnámskeið I og eitt Fagnámskeið II, einnig var haldið eitt námskeið sem kallaðist uppþótarnámskeið en það var fyrir starfsmenn sem höfðu ekki náð að ljúka Fagnámskeiði I á fyrri árum. Þessi námskeið eru undanfari Leikskólalabráar sem gefur nemendum, sem uppfylla tiltekin skilyrði, kost á að ljúka leikskólaliðanámi á skemmri tíma en ella.

Leikskólaliðanám - einingánám

Á árinu voru fjórir hópar nemenda í Leikskólaliðanámi hjá Mími. Einn hópur útskrifaðist. Í leikskólaliðanáminu eru kenndir áfangar samkvæmt námskrá menntamálaráðuneytisins.

Sérhæfing

Í samvinnu við Eflingu stéttarfélag voru haldin tvö 56 kennslustunda námskeið í framhaldsnámi leikskólaliða um börn með sérþarfir.

Verslunarfagnám

Einn hópur lauk námi í verslunarfagnámi sem er þriggja anna nám sem er ætlað að auka verslunarfærni og efla almenna og persónulega færni starfsfólks

til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni í nútímaverslun. Einnig var lagður grunnur að raunfærnimatsverkefni tengdu þessari námskrá sem kemur til framkvæmdar árið 2010.

Þjónustuliðar grunnám

Í samstarfi við Eflingu stéttarfélag og Hrafnistu í Hafnarfirði var haldið eitt námskeið samkvæmt námskrá fyrir þjónustuliða sem starfa við ræstingar á heilbrigðisstofnunum. Verður þessu samstarfi haldið áfram árið 2010.

Flutningaskóli Samskipa

Flutningaskóli Samskipa er sérhæfður skóli í vöruflutningum sem starfræktur er í samstarfi við Samskip og lauk fyrsti hópurinn námi í maí. Nýr hópur nemenda hóf nám haustið 2009. Kennir samkvæmt námskránni Vöruflutningaskólinn.

Nám fyrir öryggisverði

Tveir nemendahópar luku námi samkvæmt námskránni Nám fyrir starfandi öryggisverði þar sem fjallað er um öryggisþjónustu og samfélag, vinnuumhverfið, eigin velferð og öryggi, brunavarnir, skyndihjálpar og staðbundið eftirlit.

Jarðlagnatækni

Tveir hópar luku námi eftir námskránni Jarðlagnatækni en þessi námsleið er ætluð þeim sem vinna við nýlagnir, endurbætur, viðhald og viðgerðir rafstrengja, vatnslagna, hitalagna, fjarskiptalagna og fráveitna í jörð.

Færni í ferðaþjónustu I

Einn hópur sótti nám í Færni í ferðaþjónustu I. Þetta var blandaður hópur starfsmanna í ferðaþjónustufyrirtækjum og atvinnuleitenda.

Fagnám fyrir starfsmenn framkvæmda-, umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar

Í samstafi Eflingar stéttarfélags og Reykjavíkurborgar var haldið fagnámskeið fyrir starfsmenn á framkvæmda-, umhverfis- og samgöngusviði. Luku nemendur 150 stunda almennum hluta námskrárinnar og stefnt er að því að bjóða upp á sérhæfingarhluta námsins eins fljótt og auðið er.

Almenn námskeið

Til almennra námskeiða teljast þau námskeið sem ekki falla undir ákveðna starfsgrein. Um er að ræða nám sem er til þess fallið að styrkja undirstöðu-

þekkingu og færni þátttakenda. Eins og greint er frá hér að ofan varð umtalsverð ásókn í þennan flokk náms hjá Mími vegna aukins atvinnuleysis.

Nám fyrir fólk í atvinnuleit

Gott samstarf var við Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins um menntun atvinnuleitenda og sóttu þeir í auknum mæli í nám sem kennt er samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Grunnmenntaskólinn

Mikil eftirspurn var eftir námi í Grunnmenntaskólanum og voru starfræktir nú slíkir á árinu. Sex hópar luku námi í Grunnmenntaskólanum á árinu. Sjö hópar luku námi úr námsleiðinni Aftur í nám sem ætluð er einstaklingum með lesraskanir.

Landnemaskólinn

Tveir hópar luku námi í Landnemaskólanum sem er nám fyrir fólk af erlend-um uppruna sem náð hefur nokkrum tókum á íslensku.

Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum

Á árinu hófst í fyrsta skipti kennsla samkvæmt námskránni, Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum og mun fyrsti hópurinn ljúka námi í upphafi árs 2010.

Sterkari starfsmaður –samskipti og upplýsingatækni

Tveir hópar luku námi í námsleiðinni Sterkari starfsmaður, samskipti og upplýsingatækni. Á árinu var gerður samningur við Keili um samstarf vegna kennslu í Háskólastoð sem er um 600 kennslustunda nám sem jafngildir 50 eininga námi á framhaldsskólastigi og gefur þeim sem lokið hafa því námi rétt til að sækja um nám í Háskólabrú Keilis. Hóf einn hópur nám í Háskólastoðum í byrjun febrúar 2010.

Nám fyrir fólk í atvinnuleit

Gott samstarf var við Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins um menntun atvinnuleitenda og sóttu þeir í auknum mæli í nám sem kennt er samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Þjónustusamningur við ASÍ um félagafraeðslu

Á árinu var haldið áfram að vinna samkvæmt þjónustusamningi við Félagsmálaskóla alþýðu um félagslega fræðslu og námskeið fyrir talsmenn verka-

Lýðshreyfingarinnar. Kennt var samkvæmt námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Trúnaðarmannanámskeið I og II.

Nemendastundum fækkaði á árinu en ekki námskeiðafjöldanum. Ástæðan fyrir þessari fækkun nemendastunda milli ára er að háskólanám fyrir trúnaðarmenn var lagt niður vorið 2008 og erfiðara reyndist að fá trúnaðarmenn til að sækja námskeið þannig að færri þátttakendur voru á námskeiðunum hverju sinni en árið á undan. Möguleg skýring á fækkun trúnaðarmanna á námskeiðum gæti verið að vegna aðstæðna í þjóðfélaginu sé erfiðara fyrir vinnusvæðin að senda starfsmenn á trúnaðarmannanámskeið.

Sem fyrr voru námskeið fyrir trúnaðarmenn stærsti þátturinn en þau voru 33 á árinu. Haldin voru 22 námskeið fyrir stjórnir, starfsmenn og annað lykilmálk stéttarfélaganna. Samstarfið um framkvæmd trúnaðarmannafræðslu ASÍ og BSRB hefur tekist einstaklega vel.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað

Frá upphafi ársins 2006 hefur Mímir-símenntun tekið þátt í framkvæmd verkefnisins Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað sem byggir á samningi Mímis og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Megintilgangur verkefnisins er að hvetja fólk á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu og fólk af erlendum uppruna til að styrkja stöðu sína með símenntun og starfsþróun.

Í kjölfar mikilla breytinga á vinnumarkaði urðu á árinu nokkrar áherslubreytingar í verkefninu. Kynningafundum og viðtölum á vinnustöðum fækkaði lítillega, sérstaklega á síðari hluta ársins, en viðtölum í húsnæði Mímis fjölgaði aftur á móti töluvert. Þá hafa náms- og starfsráðgjafar Mímis frá byrjun nóvember 2009 veitt ráðgjöf, atvinnuleitendum í umboði Vinnumálastofnunar en það samstarf byggir á samningi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Kvasis – samtaka símenntunarmiðstöðva og Vinnumálastofnunar.

Að mati náms- og starfsráðgjafa Mímis hafa breyttar aðstæður á vinnumarkaði almennt leitt til jákvæðara viðhorfs stjórnenda gagnvart verkefninu Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað og fleiri starfsmenn vilja þiggja einstaklingsmiðaða ráðgjöf en áður. Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar hefur fólk með stutta formlega skólagöngu verið rúmlega helmingur þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá. Þessa einstaklinga er ekki hægt að nálgast á vinnustöðum og því

kærkomið að fá tækifæri til að taka þátt í að veita hópnum ráðgjöf í gegnum samstarf við Vinnumálastofnun.

Kynningarfundir og einstaklingsviðtöl

Á árinu voru haldnir 150 kynningarfundir á 106 vinnustöðum um gildi símenntunar og þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Alls sóttu 1408 starfsmenn þessar kynningar og tæplega helmingur þeirra kom í viðtal að lokinni kynningu. Á fyrri hluta ársins var meðal annars farið á allar starfsstöðvar tveggja stórfyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Hluta af starfsmönnum hafði verið sagt upp vinnu, starfshlutfalli verið breytt, yfirvinna tekin af eða þeir upplifðu óvissu af öðrum ástæðum. Náms- og starfsráðgjafar telja að það hafi reynst farsælt að fá tækifæri til að nálgast starfsmenn, áður en atvinnuleit tók við, til að upplýsa þá um möguleika og hvetja til virkni.

Einstaklingsviðtöl á árinu voru 1759 talsins og fjölgaði um tæplega 80% frá fyrra ári. Ráðþegum í húsnæði Mímis fjölgaði töluvert og á seinni hluta ársins var meiri hluti þeirra atvinnuleitendur sem komu að eigin frumkvæði eða voru boðaðir í umboði Vinnumálastofnunar. Beindist aðstoð meðal annars að námsvali, könnun á áhugasviði, ferilskrárgerð, útvíkkun á starfshugmyndum og skipulagningu á starfsleit. Þá hefur persónuleg aðstoð og stuðningur við að takast á við hindranir og breyttar aðstæður aukist. Fram til ársins 2009 hafa karlmenn að jafnaði verið um fjórðungur ráðþega en á árinu varð sú breyting á að þeir voru tæp 40%. Þá virðast karlmenn á aldrinum 40–60 ára fúsari að koma í ráðgjöf en áður. Aukinni þörf og eftirspurn eftir einstaklingsmiðaðri ráðgjöf var mætt með fjölgun náms- og starfsráðgjafa sem taka þátt í verkefninu.

Við lok ársins 2009 höfðu í heild verið tekin yfir 4000 viðtöl hjá Mími í verkefninu Námsog starfsráðgjöf á vinnustað. Mikil þekking og reynsla hefur orðið til á þörfum markhópsins sem hefur að mati ráðgjafa nýst vel til hvatninga og aðstoðar við þá sem eru á vinnumarkaði og í atvinnuleit.

Raunfærnimat

Raunfærnimat fyrir starfsmenn bankastofnana

Á árinu 2009 voru framkvæmd tvö raunfærnimatsverkefni fyrir starfsmenn bankastofnana en í þessum verkefnum er raunfærni til starfa metin. Í fyrra verkefninu tóku 20 þjónustufulltrúar og starfsmenn í bakvinnslu þátt en í seinna verkefninu voru 17 gjaldkerar frá fjórum fyrirtækjum.

Verkefnið er samstarfsverkefni Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF), Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, fjármálafyrirtækja og Mímis-símenntunar sem hefur séð um framkvæmdina.

Raunfærimat fyrir starfsmenn leikskóla

Á haustmánuðum 2009 hófst samstarfsverkefni Mímis-símenntunar, Borgarholtsskóla, Þekkingarnets Þingeyinga, Framhaldsskólans á Húsavík og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um raunfærnimat fyrir starfsmenn leikskóla. Í þessu verkefni er verið að skoða reynslu og færni starfsmanna til mats á 6 námsáföngum í Leikskólabrú. Verkefnið er byggt á tilraunaverkefni sem fór fram hjá Mími-símenntun árið 2008. Í þessu verkefni var lögð sérstök áhersla á að þróa skimunarvinnu og endurskoða matslista, m.a. í samræmi við nýja aðalnámskrá framhaldsskóla.

Þróunarverkefni

Fullorðinsfræðsla er í stöðugri þróun og er Mímir-símenntun virkur þátttakandi í þeirri þróun. Fjöldi þróunarverkefna er í gangi hverju sinni, ýmist undir verkstjórn starfsfólks Mímis eða annarra samstarfsaðila. Flest þróunarverkefnanna eru samstarfsverkefni og styrkt af þróunar- og starfsmenntasjóðum. Helstu aðilar, sem hafa styrkt verkefni, eru Starfsmenntaráð, menntamálaráðuneytið, Starfsafl, Starfsmenntasjóðir Eflingar- stéttarfélags, Þróunarsjóður innflytjendamála og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks. Á árinu 2009 var unnið að eftirfarandi verkefnum:

Lestur og tal – íslenska

Þróunarverkefninu Lestur og tal var hrint í framkvæmd en haldið var námskeið á vorönn 2009 fyrir innflytjendur á vinnumarkaði sem eru ólæsir á latneskt letur. Verkefnið tókst afar vel og hefur þróast áfram með fleiri hópum.

Íslenska í lífi og starfi

Markmiðið með þessu verkefni er að gera nám í starfstengdri íslensku markvissara og að aðlaga námsefni og námskeið að þörfum erlendra starfsmanna Landspítala-háskólasjúkrahúss.

Námskeiði ráðgjöf og þjónustu

Verkefnið fólst í hönnun og tilraunakennslu námskeiðs til að efla færni starfsmanna sem koma að ráðgjöf og þjónustu. Námskeiðið var haldið í samstarfi við VR og þátttakendur voru atvinnuleitendur sem allir höfðu reynslu og áhuga á að styrkja sig í ráðgjafartækni. Innihald námskeiðsins byggðist á fræðilegri umfjöllun og ýmsum verklegum æfingum.

Raunfærnimat á vinnustaðahluta Verslunarfagnáms

Verslunarfagnám er ein af námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem Mímir-símenntun býður upp á. Ávinningur raunfærímats á vinnustaðahluta Verslunarfagnámsins fyrir nemendur og fyrirtæki er sá að meta þá miklu reynslu og þekkingu sem nemendur búa yfir, út frá starfsreynslu sinni, með það að markmiði að ljúka vinnustaðahluta námsins fyrr, en það mun minnka álag á fyrirtækjum og jafnframt skapa svigrúm til styttingar náminu.

Raunfærnimat inn í Leikskólabró

Megintilgangur verkefnisins er að þróa samstarf framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðva vegna raunfærímats, þróa og framkvæma raunfærnimat til styttingar náms fyrir leiðbeinendur á leikskólum – brúarleið, og um leið þróa enn frekar þau skimunar- og matstæki sem notuð eru í raunfærímatinu.

Kjölur

Kjölur er 100 stunda námskeið þar sem færni í íslensku er þjálfuð samhliða kynningu á öðrum námsgreinum. Námskeiðið er ætlað fólki sem hefur ekki íslensku að móðurmáli, er í atvinnuleit og hefur áhuga á að starfa í heilbrigðis- og félagsþjónustu eða á leikskólum.

Námsefnisgerð

Mímir hefur í auknum mæli unnið að gerð og þróun námsefnis. Má þar nefna námsefnisgerð fyrir námsleiðir eins og Jarðlagnatækni, Öryggisvarðanám og Færni í ferðaþjónustu II.

Færni- rafræn verkfæri fyrir lesblinda

Um er að ræða námskeið þar sem lesblindum er kynntur ýmis hugbúnaður sem getur nýst þeim og öðrum við lestur og skrift. Markmiðið er að auka aðgengi þeirra að skrifuðu máli, öryggi þeirra á þessu sviði og færni í notkun helstu verkfæra sem í boði eru.

Erlent samstarf

Hópur belgískra tungumálakennara sótti námskeið í íslensku síðsumars en námskeiðið var hluti af mannaskiptaverkefni Leonardo-áætlunarinnar. Þátttakendurnir lærðu íslensku og upplifðu hvernig er að læra nýtt tungumál án nokkurs hjálparmáls en einnig kynntu þeir sér móttöku og kennslu innflytjenda á Íslandi.

Eftir Leonardo-tengslaráðstefnu í Reykjavík fékk Mímir styrk til að fara í undirbúningsheimsókn til Antwerpen í Belgíu. Tilgangur ferðarinnar var að kynna



sér möguleika í starfstengdu námi fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna. Niðurstaða heimsóknarinnar var góð og frekara samstarf milli Mímis og stofnana í Antwerpen er á döfinni.

Nordplus 50+

Þetta er samvinnuverkefni þriggja landa, Svíþjóðar, Íslands og Litháen. Náms- hópar með nemendum 50 ára og eldri voru stofnaðir í öllum löndunum þar sem megináherslan í kennslunni var enska. Markmiðið með verkefninu er að nemendur eldri en 50 ára fái tækifæri til að þjálfa sig í ensku með því að kynnst og hafa samskipti við nemendur í hinum löndunum í gegnum tölvur en einnig er nokkrum nemendum boðið að taka þátt í heimsóknum milli landanna.

Grundtvig-tengslaráðstefna

Tveir starfsmenn Mímis tóku þátt í Grundtvig-tengslaráðstefnunni sem haldin var í Tallin í Eistlandi. Markmið ráðstefnunnar var að skapa tækifæri fyrir aðila sem vinna í fullorðinsfræðslu í Evrópulöndunum í því skyni að búa til samstarfshópa til að vinna að nýjum verkefnum.

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður samkvæmt ákvörðun miðstjórnar ASÍ 21. júlí 1983 og var skipulagsskrá sjóðsins staðfest af forseta Íslands og gefin út 11. desember 1984.

Stofnfé sjóðsins var kr. 1.000.000 en tekjur sjóðsins hafa einkum verið

vaxtatekjur, auk þess sem eitthvað var um sölu minningarkorta á fyrstu árunum.

Um tilgang sjóðsins segir í stofnskrá hans:

Tilgangur sjóðsins er m.a. að styrkja verkafólk til að afla sér fræðslu um málefni og starf verkalýðshreyfingarinnar.

Meðal hlutverka sjóðsins skal vera að stuðla að því að saga Dagsbrúnar verði skrifuð og gefin út.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, skipaðir af miðstjórn ASÍ. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kjörtímabil miðstjórnar ASÍ. Sú venja hefur skapast að forseti ASÍ og formaður Dagsbrúnar, nú Eflingar, hafa setið í stjórninni auk þriðja aðila sem nú er Grétar Þorsteinsson.

Minningasjóður Eðvarðs Sigurðssonar veitir eftirtalda styrki:

1. Styrk til að sækja námskeið eða afla sér með öðrum hætti þekkingar á verkalýðshreyfingunni og málefnum launafólks, innanlands eða erlendis.

Um er að ræða styrk sem ætlaður eru til að greiða að hluta til eða öllu leyti skráningargjöld, ferða- og/eða dvalarkostnað. Styrkirnir eru ætlaðir félagsmönnum í stéttarfélögum. Hámarksstyrkur er kr. 100.000. Umsóknir um styrkinn eru afgreiddar tvisvar á ári: 1. september (umsóknarfrestur til 15. ágúst) og 1. desember (umsóknarfrestur til 15. nóvember).

2. Styrk til verkefnis er varða íslenskt samfélag og málefni launafólks.

Styrkurinn er ætlaður til að efla rannsóknir og útgáfu á verkum sem varða sérstaklega íslenskt samfélag, vinnumarkaðinn, hagsmuni launafólks og starfsemi verkalýðshreyfingarinnar. Hámarksfjárhæð er kr. 500.000. Styrkveiting er einu sinni á ári. Umsóknir um styrkinn þurfa að berast fyrir 1. apríl. Styrkjunúmer úthlutað 1. maí ár hvert.

Styrkur samkvæmt tölulið 2 fyrir árið 2010 var veittur 1. maí sl.

Alls bárust 6 umsóknir. Að þessu sinni fékk Eyjólfur Sigurðsson hagfræðingur og doktorsnemi við Háskóla Íslands styrk úr sjóðnum fyrir verkefnið „Framboð vinnuafis og áhrif skattbreytinga“. Styrkinn fær Eyjólfur til að vinna að gerð líkans, sem nýta má til að meta áhrif skattkerfisbreytinga á íslenskan vinnumarkað, og til að rannsaka viðbrögð einstaklinga við breytingum á afkomu með því að skoða framboð á vinnuafli. Upphæð styrksins er 500 þúsund krónur.



Mynd: Evrópuþingið.

Umsókn um aðild að Evrópusambandinu

Í skýrslu forseta fyrir árið 2009 var fjallað ítarlega um stefnumótun Alþýðusambandsins í Evrópumálum og þá sérstaklega á ársfundi sambandsins í október 2008. Þá var í skýrslunni einnig gerð grein fyrir áherslum ASÍ og samningsmarkmiðum í aðildarviðræðunum við Evrópusambandið. Um þann þátt sagði í skýrslunni:

Nú þegar Ísland hefur sótt um aðild að ESB leggur ASÍ ríka áherslu á mikilvægi þess að skilgreina með skýrum hætti samningsmarkmið fyrir aðildarviðræður við Evrópusambandið sem formlega munu væntanlega hefjast í byrjun árs 2010. Við skilgreiningu á samningsmarkmiðum þarf að gæta sérstakra hagsmuna Íslendinga og íslensks launafólks. Alþýðusamband Íslands hefur um árabíl lagt grunninn að slíku starfi og stefnir að því að leggja fram áherslur sínar í öllum helstu málaflokkum er varða aðildarviðræðurnar við ESB og hagsmuni launafólks.

Á aukaársfundi ASÍ 25. mars 2009 var stigið mikilvægt skref í þá átt. Í þeim kafla skýrslu forseta, sem fjallar um aukaársfundinn, eru samþykktir hans birtar, auk þess sem gögn, sem undirbúin voru fyrir umræðuna á fundinum, eru birt sem viðauki aftan við þessa skýrslu.

Verkefni ASÍ í tengslum við aðildarviðræðurnar er ekki aðeins að taka þátt í að skilgreina samningsmarkmið Íslendinga í viðræðunum. Ekki er síður mikilvægt að tryggja að fulltrúar samtaka launafólks fái aðild að viðræðunum sjálfum þar sem verið er að fjalla um mál sem varða launafólk og hagsmuni þess. Slíkt er mikilvæg forsenda þess að vel takist til.

Einnig mun ASÍ leggja áherslu á upplýsingamiðlun og samræðu við forystu og félagsmenn aðildarsamtaka ASÍ í undirbúningnum og meðan á viðræðum stendur. Þetta gildir um:

- *áherslur og samningsmarkmið sem ASÍ setur fram*
- *frangang viðræðnanna eins og þær horfa við fulltrúum verkalyðshreyfingarinnar meðan á þeim stendur*
- *niðurstöður samninganna og mat á þeim út frá þeim áherslum og samningsmarkmiðum sem sett voru fram í viðræðunum.*

Til að búa sig sem best undir viðræðurnar hefur Alþýðusambandið leitað sérstaklega eftir upplýsingum og ráðgjöf til alþýðusambandanna á hinum Norðurlöndunum. Þá mun sambandið leita víðar fanga meðal samtaka launafólks og bandamanna í Evrópu þegar kemur að viðræðunum sjálfum.

Um leið og ákveðið var að Ísland sækti um aðild að Evrópusambandinu var sú ákvörðun tekin af hálfu Alþýðusambandsins að sambandið tæki virkan þátt í samningaferlinu. Af hálfu sambandsins var þegar í upphafi lögð áhersla á að hlutverk ASÍ og fulltrúa þess í undirbúningi undir samningaviðræðurnar við ESB og síðan í samningunum sjálfum væri að fylgja eftir áherslum ASÍ og samningsmarkmiðum sem nú liggja fyrir og þau munu þróast í ferlinu sjálfu. Verkefnið er að gæta hagsmuna launafólks og stuðla að því að sem bestur samningur náist. Það verður síðan þjóðarinnar sjálfrar, í þjóðaratkvæðagreiðslu, að ákveða hvort Ísland verði aðili að Evrópusambandinu eða ekki.

Framangreind afstaða Alþýðusambandsins var kynnt stjórnvöldum og jafnframt óskað eftir því að ASÍ fengi fulla aðild að undirbúningi og síðan samningaferlinu sjálfu eftir að það hæfist.

Undirbúningur ASÍ undir aðildarviðræðurnar

Undirbúningur undir aðkomu Alþýðusambandsins var í upphafi í höndum alþjóðanefndar ASÍ. Á fundi miðstjórnar ASÍ 23. september 2009 var fjallað um undirbúninginn og þær áherslur sem alþjóðanefnd hafði mótað og voru þær samþykktar. Um undirbúning ASÍ undir aðildarviðræðurnar sagði m.a.:

Tryggja beina aðkomu ASÍ að aðildarviðræðunum.

Snýr að íslenskum stjórnvöldum - ASÍ á fulltrúa í öllum 9 samningahópum.

1. Aðkoma að upplýsingamiðlun frá stjórnvöldum um gang mála almennt - ASÍ mun eiga fulltrúa í samráðshópi.
2. **Nýta þekkingu og reynslu annarra við undirbúning og framsetningu stefnumiða.**
Snýr að samstarfi við norræna og evrópska verkalýðshreyfingu og aðra bandamenn.
Mikilvægt er að nýta þekkingu og reynslu samtaka launafólks innan ESB (einkum Norðurlandanna) að aðildarviðræðum þeirra. Svára spurningum eins og:
 - *Hvernig tók verkalýðshreyfingin í viðkomandi landi þátt í aðildarviðræðunum á sínum tíma?*
 - *Hvernig var undirbúningi undir viðræðurnar háttað?*
 - *Hvernig skilgreindi hreyfingin markmiðin og hvaða áherslur voru uppi?*
 - *Horft til baka: Hvað tókst vel og hvað miður? Holl ráð til Íslands?*
3. **Hvaða áherslur/stefnumál vill verkalýðshreyfingin að verði settar fram í viðræðunum:**
 - Almennt.
 - *Sértækt fyrir vinnumarkaðinn og félagsmálin.*
Snýr að íslenskum stjórnvöldum og ESB.
Hér er mikilvægt að byggja á þeirri umræðu sem þegar hefur farið fram á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar. Jafnframt þarf að dýpka umræðuna enn frekar, m.a. á grunni lærdóma erlendra félaga okkar.
4. **Nýta núverandi og skapa ný tengsl við mögulega bandamenn í viðræðunum.**
Snýr að samstarfi við norræna og evrópska verkalýðshreyfingu og aðra bandamenn.
Mikilvægt er að nýta öll sambönd til að afla stuðnings við málstað Íslands (ekki bara ASÍ heldur ekki síður samböndin og félögin).
5. **Huga þarf strax að upplýsingamiðlun og samræðu við félagsmenn meðan á viðræðum stendur.**
Snýr að félagsmönnum aðildarfélaganna og samfélaginu almennt.
 - *Um áherslur/samningsmarkmið ASÍ.*
 - *Um framgang viðræðnanna eins og þær horfa við verkalýðshreyfingunni meðan á þeim stendur.*
 - *Um niðurstöður samninganna og mat á þeim (út frá þeim áherslum/samningsmarkmiðum sem sett voru fram).*
Skoda þarf aðferðir við að koma upplýsingunum á framfæri og hvernig upplýsingamiðlunin verður útfærð.

6. Undirbúa verkefni sem nýst geta í aðildarviðræðunum og síðan ef/þegar kemur til aðildar að ESB.

Dæmi: Mannauðs- og uppbyggingasjóðir ESB og menntunarmarkmiðin 2020.

Þá voru jafnframt áréttaðar áherslur og samningsmarkmið ASÍ í aðildarviðræðunum og fjallað um með hvaða hætti stefnan verður þróuð frekar.

Á fundi miðstjórnar ASÍ voru væntanlegar aðildarviðræður við Evrópu-sambandið og undirbúningur undir þær aftur til umfjöllunar. Á þeim fundi var fjallað um og samþykkt með hvaða hætti Alþýðusambandið skipi fólki til verka og með hvaða hætti málefnanefndir ASÍ, þ.m.t. alþjóðanefnd ASÍ, og miðstjórn, muni koma að málinu og skipta með sér verkum.

Ákveðið var að tilnefna eftirtalin í samningahópna af hálfu ASÍ. Jafnframt var ákveðið með hvaða hætti einstakar málefnanefndir ASÍ kæmu að einstaka málaflokkum:

Samningahópar/fulltrúar ASÍ	Málefnanefndir (samningskaflar):
Byggða- og sveitastjórnarmál Sverrir Albertsson (Hjördís Þóra Sigurpórsdóttir til vara) Guðbrandur Einarsson (Halldór Grönvold til vara)	Atvinnumálanefnd Vinumarkaðsnefnd Menntanefnd
Landbúnaðarmál Niels S. Olgeirsson (Halldóra Sveinsdóttir til vara) Práinn Hallgrímsson (Henný Hinz til vara)	Atvinnumálanefnd
EES I, vörur, orka, samkeppnismál o.fl. Finnbjörn A. Hermannsson (Sigurður Bessason til vara)	Atvinnumálanefnd (5, 12, 15, 20) Efnahags- og skattanefnd (1, 8, 18) Umhverfisnefnd (15)
EES II, félagsmál, þjónusta, fjárfestingar, umhverfismál o.fl. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir (Úlfhildur Rögnvaldsdóttir til vara) Halldór Grönvold (Maríanna Traustadóttir til vara)	Vinumarkaðsnefnd (2, 3, 19, 28) Efnahags- og skattanefnd (4, 6, 9)

	Menntanefnd (10, 25, 26) Umhverfisnefnd (27) Atvinnumálanefnd (21) Jafnréttis- og fjölskyldunefnd (19)
Gjaldmiðlamál Gylfi Arnbjörnsson (Ólafur Darri Andrason til vara)	Efnahags- og skattanefnd
Fjárhagsmálefni Ólafur Darri Andrason (Ingunn S. Þorsteinsdóttir til vara)	Efnahags- og skattanefnd
Sjávarútvegsmál Hólmeir Jónsson (Sævar Gunnarsson til vara) Guðmundur P. Ragnarsson (Halldór Arnar Guðmundsson til vara) Skúli Thoroddsen (Signý Jóhannsdóttir til vara) Guðmundur Gunnarsson (Guðrún Erlingsdóttir til vara)	Atvinnumálanefnd
Dóms- og innanríkismál Magnús M. Norðdahl (Dalla Ólafsdóttir til vara)	Alþjóðanefnd
Utanríkisviðskipti, utanríkis- og öryggismál Kristinn Örn Jóhannesson (Gylfi Arnbjörnsson til vara)	Alþjóðanefnd

Fyrirkomulag starfsins á vettvangi ASÍ - umboð og skyldur samningamanna

Mikil áhersla er lögð á að skipulag og starfshættir varðandi aðildarviðræðurnar á vettvangi Alþýðusambandsins séu í samræmi við og taki mið af skipulagi sambandsins og valdauppbyggingu.

- Ársfundir ASÍ eru helsta valdastofnun sambandsins. Ársfundur ASÍ 2008 og aukaársfundur ASÍ í mars 2009 settu fram ákveðnar áherslur og samningsmarkmið af hálfu ASÍ í væntanlegum samningum við Evrópusambandið. Þar er að finna mikilvægt veganesti fyrir samningamenn ASÍ. Þá er viðbúið að á ársfundi ASÍ 2010 verði fjallað um Evrópumálin og frekari leiðsögn gefin varðandi þau mál sem þá kunna að standa útaf í viðræðunum.
- Miðstjórn ASÍ fer með æðsta vald í málefnum ASÍ á milli ársfunda. Samningamenn verða tilnefndir af miðstjórn og munu starfa í umboði miðstjórnar ASÍ. Það er því mikilvægt að miðstjórn sé á hverjum tíma vel upplýst um stöðu mála í samningahópunum og gang samningavið-

ræðnanna. Jafnframt er það hlutverk miðstjórnar að fjalla um og móta afstöðu ASÍ til þeirra álitamála sem upp kunna að koma í ferlinu og samningamenn ASÍ þurfa að leita leiðsagnar um. Lagt er til að miðstjórn setji samningamönnum ASÍ sérstakt erindisbréf.

- Samkvæmt skipulagi ASÍ og verkaskiptingu á vettvangi ASÍ er það alþjóðanefnd ASÍ sem hefur með höndum yfirsýn og samræmingu af hálfu Alþýðusambandsins varðandi aðildarviðræðurnar. Það felur m.a. í sér að alþjóðanefnd heldur utan um starf samningamanna ASÍ og skipuleggur upplýsingamiðlun af þeirra hálfu um gang mála. Í því felst einnig að samningamenn gefi reglulega skýrslu um starf viðkomandi samningahóps til alþjóðanefndar á sérstöku formi sem alþjóðanefnd útbýr. Þá mynda fulltrúar ASÍ í samningahópnum sameiginlegan hóp á vettvangi alþjóðanefndar þar sem samningamenn miðla reynslu sinni og þekkingu af starfi samningahópanna og samræmi starfshætti og nálgun.
- Alþjóðanefnd skipuleggur og hefur umsjón með reglubundinni upplýsingamiðlun til miðstjórnar og aðildarsamtakanna og félagsmanna þeirra og metur ásamt viðkomandi málefnanefnd hvenær og hvernig eigi að leggja álitafni fyrir miðstjórn.
- Samningamenn ASÍ skulu hafa samráð við viðkomandi málefnanefnd/ir ASÍ um faglega stefnumótun og áherslur þeirra í aðildarviðræðunum eftir því sem við á. Þannig eru málefnanefndir ASÍ í reynd hin faglegi og pólitíski bakhjarl fulltrúa ASÍ í viðræðunum.
- Sérfræðingar á skrifstofu ASÍ (sem ekki eru í viðkomandi nefnd) skulu vera samningamönnum ASÍ og málefnanefndunum til aðstoðar eftir því sem þörf krefur. Ákvörðun þar um er á ábyrgð forseta ASÍ í samráði við viðkomandi málefnanefnd.

Samningamönnum ASÍ var sent sérstakt erindisbréf af hálfu ASÍ þar sem fram kemur hvert þeir sækja umboð sitt, við hvaða málefnanefnd/ir þeir skulu hafa samráð og hvaða starfsskyldur þeir hafa varðandi upplýsingamiðlun o.fl. Í erindisbréfinu segir m.a.:

Í samræmi við ákvörðun miðstjórnar ASÍ 18. nóvember 2009 hefur þú verið skipuð/skipaður fulltrúi Alþýðusambands Íslands í samningahóp um [hér kemur nafnið á viðkomandi samningahópi].

Hlutverk samningahópsins er að undirbúa aðildarviðræður við ESB að því er varðar þau málefni sem undir hópinn falla og í samræmi við leiðarljós Alþingis (sbr. Erindisbréf utanríkisráðuneytisins fyrir hópinn sem fylgir hjálagt).

Með tilnefningu þinni hefur þér verið falið að gæta sérstaklega hagsmuna

aðildarsamtaka ASÍ og félagsmanna þeirra eins og þeir eru skilgreindir af ársfundum ASÍ, miðstjórn og málefnanefndum ASÍ.

Sem fulltrúi Alþýðusambands Íslands sækir þú umboð þitt til miðstjórnar ASÍ og berð endanlega ábyrgð gagnvart henni.

Í samræmi við það fyrirkomulag, sem miðstjórn ákvað á fundi sínum 18. nóvember 2009 varðandi skipulag samningaviðræðnanna af hálfu ASÍ, heyrta samningaviðræðurnar, skipulag þeirra og samræming undir alþjóðanefnd ASÍ. Skyldur samninganefndarmanna gagnvart alþjóðanefnd ASÍ eru að:

- Sækja samráðs- og samræmingarfundi með samningamönnum ASÍ sem nefndin boðar til
- Gefa reglubundið upplýsingar um starf viðkomandi samningahóps og gang samningaviðræðnanna við ESB á því formi sem nefndin óskar eftir. (Í þeim samningahópum, þar sem ASÍ á fleiri en einn fulltrúa, skulu þeir sameiginlega gefa umbednar upplýsingar).

Auk þeirra áherslna og samningsmarkmiða sem ársfundir ASÍ og miðstjórn hafa sett fram eða kunna að setja fram meðan á samningum stendur skulu samningamenn ASÍ í starfi sínu eiga samráð við málefnanefnd/ir á viðkomandi sviði og sækja þangað frekari áherslur og leiðsögn í starfi sínu.

Um samstarf við málefnanefndina skal hafa frekara samráð við formann/formenn í viðkomandi nefnd/nefndum.

Í samningahópum þar sem fleiri en einn fulltrúi koma frá ASÍ er lögð rík áhersla á samráð og samstarf þeirra í starfi samningahópanna.

Alþýðusambandið mun leitast við að búa samninganefndarmenn sína sem best undir starfið framundan. Ákveðið hefur verið að halda námskeið í samstarfi við Háskólann í Reykjavík um Evrópumál 25.–27. nóvember nk. fyrir samningamenn ASÍ og fleiri sem koma munu að málinu fyrir hönd ASÍ. Einnig mun ASÍ standa fyrir sérstöku námskeiði fyrir samningamenn um verk-efnastjórnun og upplýsingamiðlun. Þá verða samningamönnum láttin í té ýmis gögn og upplýsingar sem koma munu að notum í starfinu.

Þá kemur fram í samþykktum miðstjórnar að gera beri miðstjórn ASÍ reglulega grein fyrir gangi mála með skipulegum hætti, a.m.k. mánaðarlega og oftast ef þörf krefur. Ábyrgð á þessari upplýsingagjöf er hjá alþjóðanefnd ASÍ. Upplýsingagjöfin verður í formi almenns stöðumats (samandregnar upplýsingar, áfangar, sem náðst hafa, og álitæfni sem eru uppi) og nánari upplýsinga um stöðuna í einstaka samningahópum.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga verður unnið efni á vef ASÍ undir sérstökum hnappi: ESB - AÐILDARVIÐRÆÐUR. Þar er einnig að finna almennar upplýsingar um skipulag og aðkomu ASÍ að samningaviðræðunum, upplýsingar um samningamenn ASÍ í einstaka samningahópum og annað efni sem kann að vera áhugavert og upplýsandi.

Námskeið fyrir fulltrúa ASÍ í samningahópunum, miðstjórn og alþjóðanefnd ASÍ

Alþýðusambandið skipulagði í samstarfi við Háskólann í Reykjavík sérstakt 3ja daga námskeið fyrir fulltrúa ASÍ í samningahópunum, miðstjórn og alþjóðanefnd ASÍ um Evrópumál sem lið í að undirbúa þessa aðila sem best undir aðkomu ASÍ að aðildarviðræðunum.

Efnistöð

Á námskeiðinu var fjallað um Evrópusambandið út frá margvíslegum hliðum. Fjallað var um tilurð og sögu sambandsins sem og Evrópusamrunann sl. 60 ár. Sérstök umfjöllun var um tilgang, uppbyggingu og ákvarðanatöku innan sambandsins sem og helstu stefnumál þess. Inn í þessa umræðu var fléttað öðrum þáttum sem tengjast starfsemi sambandsins og Íslandi sérstaklega eins og EES-samningnum og Schengen-samkomulaginu. Fjallað var um myntsamstarf Evrópuríkja, auðlindir og Evrópusambandið, m.a. um landbúnaðar- og sjávarútvegsmál, byggðastyrki og uppbyggingarstyrki. Að auki var fjallað sérstaklega um aðkomu aðila vinnumarkaðarins að ákvarðanatöku innan sambandsins, vinnumarkaðsmál, vinnumarkaðsreglur, verðbólguog atvinnustig svo fátt eitt sé nefnt. Lokadag námskeiðsins var síðan fjallað sérstaklega um tengsl Íslands við Evrópusambandið og aðildarviðræðurnar. Farið var yfir helstu álit- og ágreiningsmál, sem upp kunna að koma í hugsanlegum aðildarviðræðum, sem og ferli slíkra viðræðna gagnvart almenningi hér á landi. Að lokum var fjallað um aðkomu ASÍ að samningaviðræðunum sjálfum og stefnumótun samtakanna þar að lútandi.

Námskeiðið var haldið tvisvar sinum, í nóvember 2009 og janúar 2010 og voru þátttakendur tæplega 40.

Í byrjun janúar var síðan haldið sérstakt námskeið fyrir samningamenn ASÍ í aðildarviðræðunum um verkefnastjórnun og upplýsingamiðlun. Á grundvelli niðurstaðna úr námskeiðinu voru síðan útbúnir samræmdir verkferlar fyrir samningamenn.

Fulltrúar ASÍ í samningahópunum hafa síðan hist ásamt fulltrúum málefnanefnda ASÍ til að fjalla um stöðuna í aðildarviðræðunum og þau álitamál sem uppi eru. Þá er nú í undirbúningi að opna sérstakan vef fyrir samningamenn og málefnanefndir ASÍ þar sem haldið verður utan um aðildarviðræðurnar af hálfu samningamanna ASÍ.

Á næstu mánuðum mun Alþýðusambandið móta frekar aðkomu sína og frumkvæði að upplýsingamiðlun og umræðum um Evrópusambandið, hagsmuni launafólks og aðildarviðræðurnar. Af hálfu forystu sambandsins er lögð mikil áhersla á að það starf verði vandað og byggt á bestu mögulegu heimildum og þekkingu sem sett sé fram að hlutlægni og heiðarleika.

Staðan í aðildarviðræðunum

Undirbúningur af hálfu samningahópa Íslands undir aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið hófst í lok árs 2009 og hefur staðið með litlum hléum síðan. Starf hópanna hefur falist í upplýsingaöflun og greiningu á stöðunni hér á landi og reglum og starfsemi Evrópusambandsins varðandi einstök málefna svið sem falla undir kaflana 35 í væntanlegum aðildarviðræðum. Eðli málsins samkvæmt er þessi vinna mjög misjafnlega flókin og umfangsmikil eftir viðfangsefnunum. Hvað varðar þá kafla og viðfangsefni, sem falla undir EES-samninginn að mestu eða öllu leyti, hefur vinnan einkum falist í að fara yfir gerðir Evrópusambandsins og kanna hvað kann að standa út af varðandi innleiðingu þeirra hér á landi, hvaða aðlögunarfresti eða undanþágur Ísland hefur fengið og hvort þörf sé á slíku. Staðan varðandi þessa kafla er um miðjan september sú að nú þegar er búið að skila til aðalsamninganefndar Íslands greinargerðum samningahópanna varðandi nokkra samningskaflana sem falla undir EES-samninginn og í öðrum tilfellum er vinnan langt komin og búið við að henni ljúki innan skamms. Hvað varðar þau viðfangsefni væntanlegra samninga, sem eru utan EES-samningsins, er vinnan mun skemmra á veg komin. Það gildir m.a. um landbúnaðarmálin, sjávarútvegsmálin, byggðamálin og myntsamstarfið. Í sumum hópunum, eins og t.d. þeim sem fjalla um landbúnaðarmálin og byggðamálin, hefur farið fram mikil vinna við upplýsingaöflun og kynningu á reglum ESB og starfi að málaflökkunum.

Ekki er hægt að segja að enn sem komið er hafi komið upp stórkostleg álitaeefni eða ágreiningsmálenda vinnan ekki komin það langt á veg í viðkvæmstu málarflokkinum og eiginlegar samningaviðræður við Evrópusambandið ekki enn hafnar. Þó er rétt að geta þess að í samningahópi EES II um félagsmál, þjónustu, fjárfestingar, umhverfismál o.fl. bókaði fulltrúi ASÍ eftirfarandi afstöðu:

„Varðandi umræður um kafla 3 um frjáls þjónustuviðskipti (og/eða kafla 19 um félags- og atvinnumál, en það byggir á því hvort tilskipunin um útsenda starfsmenn verði til umfjöllunar undir 3. kafla, 19. kafla eða á báðum stöðum) gerir ASÍ kröfu til þess að í viðræðum við ESB verði sérstaklega tekin upp álitaeefni er varða samspilið á milli: Annars vegar verndar launafólks og réttar aðildarríkjanna til að ákveða réttindi og reglur á vinnumarkaði í viðkomandi aðildarríki. Hins vegar um réttinn til að veita þjónustu yfir landamæri. Af hálfu ASÍ er gerð krafa um að í aðildarviðræðunum verði gerð skýr krafa um að viðurkenndur verði réttur Íslendinga og hann tryggður með skýrum hætti í þessum efnum og að innleiðing tilskipunarinnar um útsenda starfsmenn hér á landi verði viðurkennd af hálfu ESB. Og jafnframt að heimilt verði að setja reglur í þessum efnum sem ætlað er að koma í veg fyrir gerviverktöku

í tengslum við veitingu þjónustu yfir landamæri. Jafnframt er mikilvægt að þegar verði unnar reglur um þetta efni og þær lögfestar, sbr. athugasemdir ASÍ um frumvarp til laga um þjónustuviðskipti sem nú liggur fyrir Alþingi. Ég óska eftir að þessari afstöðu ASÍ verði komið til samninganefndarinnar.

Gert er ráð fyrir að eiginlegar samningaviðræður við Evrópusambandið hefjist um miðjan nóvember nk. og að verulegur þungi færist í þær þegar líður á árið 2011.

Samstarf um þróunarverkefni

Alþýðusambandið hefur tekið virkan þátt í undirbúningi undir umsókn til Evrópusambandsins um stuðning við ákveðið menntaverkefni sem veittur er ríkjum sem sótt hafa um aðild að ESB. Undirbúningurinn hófst þegar á haustmánuðum 2009 og hefur verið unnið að honum með hléum síðan. Auk Alþýðusambandsins hafa fulltrúar frá utanríkisráðuneytinu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Samtökum atvinnulífsins o.fl. komið að verkefninu. Þá hefur átt sér stað umtalsverð upplýsingaöflun gagnvart Evrópusambandinu í tengslum við undirbúninginn. Verkefnið er nú á forræði mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Í minnisblaði Alþýðusambandsins um verkefnið, sem unnið var í ársbyrjun 2010, segir m.a.:

Um verkefnið almennt: Á Íslenskum vinnumarkaði eru yfir 30% einstaklinga án formlega viðurkenndrar menntunar að loknum grunnskóla. Jafnframt liggur fyrir að menntun starfsmanna er verulega áfátt í ýmsum atvinnugreinum og eftir landsvæðum.

Stjórnvöld í samráði við aðila vinnumarkaðarins hafa sett sér að árið 2020 verði ekki fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- og/eða framhaldsskólamenntunar.

Lýsing: Verkefnið felur í sér að auka með kerfisbundnum hætti og mælanlegum markmiðum hæfni og færni á vinnumarkaði, almennt og á ákveðnum svæðum og í tilteknum atvinnugreinum með það að markmiði að auka getu vinnuafslsins og tryggja atvinnulífina sem hæfast starfsfólk á hverjum tíma.

Verkefnið hefur:

- *Mennta- og félagspólítiska vídd gagnvart launafólk (á vinnumarkaði og sem er tímabundið utan vinnumarkaðar).*
- *Atvinnupólítiska vídd þar sem því er ætlað að bæta menntunarstig vinnuafslsins almennt og skapa möguleika á frekari atvinnuuppbyggingu.*
- *Svæðisbundna- og atvinnugreinabundna vídd, þar sem því er ætlað að bæta stöðu einstakra byggða og atvinnugreina í atvinnupólítísku tilliti.*

Ábyrgð: Verkefnið verði á ábyrgð og undir stjórn fulltrúa stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

*Samstarfsaðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Símenntunarmiðstöðvar um allt land (Vinumarkaðsráð)
(Sveitarstjórnarstigið – staðbundnir aðilar vinnumar-
kaðarins – formlega skólakerfið – heilbrigðiskerfið -
Vinnumálastofnun)
Fræðslustofnanir atvinnulífsins
Rannsóknarþjónusta HÍ*

Seinni hluta ágústmánaðar skilaði mennta- og menningarmálaráðuneytið síðan inn umsókn sem byggir á framangreindri vinnu. Umsóknin ber yfirskriftina „Menntun sem stuðlar að fleiri og betri störfum“. Ef af verður er reiknað með að verkefnið geti farið af stað á árinu 2011.



Erlend samskipti

Alþýðusamband Íslands er virkur þátttakandi í alþjóðastarfi. Þátttaka ASÍ endurspeglar hvort tveggja, alþjóðlegan uppruna samtaka launafólks og ört vaxandi mikilvægi alþjóðastarfs fyrir verkalýðshreyfinguna og félagsmenn hennar.

Hnattvæðingunni með auknum viðskiptum og samskiptum á öllum sviðum fylgja ný úrlausnarefni, hættur en einnig tækifæri fyrir samtök launafólks. Aukið samstarf Evrópuríkja og þátttaka Íslands í EES með sameiginlegum vinnumarkaði Evrópuríkja og löggjöf og samstarf á fjölmörgum sviðum er mikilvægur þáttur í þessari þróun. Með þátttöku sinni á alþjóðavettvangi tekur ASÍ þátt í umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku á alþjóðavísu, nýtir þekkingu og reynslu úr alþjóðlegu starfi og árangur alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar fyrir íslenskt launafólk og leggur sitt af mörkum til að efla alþjóðlega samstöðu launafólks og styður uppbyggingarstarf og réttindabaráttu í þróunarríkjunum.

Norræna verkalýðssambandið - NFS

Stjórn Norræna verkalýðssambandsins – NFS – kemur saman tvisvar á ári og er hún skipuð forystumönnum allra heildarsamtaka á Norðurlöndunum. Forseti ASÍ situr þessa fundi fyrir hönd ASÍ. Starf NFS hefur á undanförunum árum í vaxandi mæli snúist um samstarf Norðurlandanna á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi.

Á árinu 2010 hefur mikil vinna verið lögð í að samstillta málflutning norrænu samtakanna á vettvangi Evrópusamtakanna vegna umræðunnar um áhrif dóma Evrópudómstólsins um gildi kjarasamninga og áhrif þeirra á samkeppnisreglur. Lögð hefur verið áhersla á að koma á evrópsku félagsdómskerfi þar sem deilur um gildissvið kjarasamninga yrðu leiddar til lykta í partískum dómstóli (n.k. félagsdómi) fremur en Evrópudómstólum.

Á fundi stjórnar NFS í nóvember 2009 var ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að fjalla um verkefni og hlutverk NFS í framtíðinni. Forseti ASÍ og varaformaður BSRB hafa tekið þátt í þeirri umræðu og er áformað að skila niðurstöðu fyrir stjórnarfundinn í nóvember nk. Í umræðu vinnuhópsins er samkomulag um að NFS hafi stöðuumboð til þess að fjalla um málefni norræna vinnumarkaðarins við bæði Norræna ráðherraráðið og atvinnurekendur en þegar kemur að Evrópusamstarfinu og samstarfi innan alþjóðasamtakanna gegnir NFS hlutverki samráðsvettvangs fremur en að fara með sjálfstætt umboð. Lögð hefur verið áhersla á að tengja betur saman starf fulltrúa norrænu samtakanna í Brussel við starf skrifstofu NFS, þar væru tengslin og yfirsýnin sem engin ástæða væri fyrir NFS að eyða tíma og peningum til að byggja upp.

Alþjóðavinnuálagstofnunin – ILO

99. – þing ILO

Í sendinefndinni sátu af hálfu stjórnvalda Gylfi Kristinsson, skrifstofustjóri félags- og tryggingamálaráðuneytisins, og Kristinn Árnason sendiherra auk starfsmanna fastanefndarinnar í Genf. Af hálfu samtaka verkafólks sóttu þingið Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, Genfarskólann sátu þau Friðrik Atlason frá BSRB (SFR) og Guðni Gunnarsson frá ASÍ (VM) en Maríaanna Traustadóttir, sérfræðingur ASÍ í jafnréttismálum, var kennari við skólann. Af hálfu atvinnurekenda sóttu þingið Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón H. Magnússon, lögfræðingar Samtaka atvinnulífsins. Meginmálefni þingsins lutu að atvinnuálagum en Magnús M. Norðdahl sat í þeirri nefnd, sem um þau fjallaði, og var jafnframt talsmaður Norrænu verkalýðshreyfingarinnar í henni, setningu nýrra tilmæla nr. 200 um HIV/AIDS, almennri umræða um það hvort setja skuliformlegar reglur um réttarstöðu hjúa (domestic workers) og loks að venju um framkvæmd samþykktu.

Þríhliða nefnd ILO á Íslandi.

Undanfarin ár hefur nefndin að jafnaði fundað 6–8 sinnum á ári. Á síðasta starfsári voru hins vegar haldnir tveir fundur. Það er skilningur ASÍ að nú þegar hafi nefndin lokið umræðu um staðfestingu samþykktu S-186 um vinnuskilyrði farmanna, S-187 um aðbúnað og hollustuhætti og S-188 um fiskimenn.

Það er mat ASÍ að þær skuli staðfesta af Íslands hálfu en SA hefur lagst gegn því. Málin bíða nú endanlegrar afstöðu viðkomandi ráðuneyta en þegar afstaða þeirra liggur fyrir ber að gera grein fyrir niðurstöðum á Alþingi. Það verklag er skv. stofnsamþykkt ILO en hefur ekki tíðkast hingað til hér á landi. Að kröfu ASÍ hefur því verklagi verið breytt. Nefndin hefur ekki tekið til umræðu tilmæli T-197 um aðbúnað og hollustuhætti, T-199 um fiskimenn og T-198 um ráðningarsamband. Frágangi og þýðingu viðbóta við Félagsmálasáttmála Evrópu hefur ekkert miðað vegna fjarveru starfsmanna ráðuneytisins og vegna anna þar á bæ. Við það hafa verið gerðar athugasemdir.

Norræna ILO samstarfið

Fulltrúar norrænu verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndum hittust þrisvar á síðasta starfsári. Á þessum fundum er afstaða til einstakra dagskrármála í Stjórnarnefnd ILO rædd auk þess sem ILO-þingin eru undirbúin og verkum og ábyrgð skipt vegna þeirra. Af hálfu ASÍ voru tveir þessara funda sóttir. Undirbúningsfundur vegna ILO-þingsins var haldinn 18.–19. maí í Kaupmannahöfn og hann sóttu þau Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, sem verið hefur fulltrúi á þinginu undanfarin ár. en auk þess Marianna Traustadóttir, sérfræðingur ASÍ í jafnréttismálum og viðtakandi skólastjóri Genfarskólans.

NFJS–fundur lögfræðinga heildarsamtaka launafólks á Norðurlöndum

Fundir þessir eru árlegir samráðs- og upplýsingafundir lögfræðinga sem starfa fyrir þau samtök launafólks sem eru innan NFS. Flutt eru fræðileg erindi og skipst á skoðunum um lögfræðileg álitaefti. Dalla Ólafsdóttir, lögfræðingur hjá ASÍ, sótti fundinn að þessu sinni en fundurinn var haldinn í Noregi 20. ágúst 2010.

Meginefni fundarins voru annars vegar innleiðing tilskipunar 2008/104/ESB um starfsmannaleigur og hins vegar var fjallað um áhrif og afleiðingar tilskipunar 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu.

Á fundinum komu fram ýmis gagnleg sjónarmið og ábendingar varðandi innleiðingu tilskipunar um starfsmannaleigur en sú vinna er framundan hér á landi. Lögð var fram ítarleg skýrsla frá LO í Danmörku um möguleg áhrif og innleiðingu tilskipunarinnar sem gagnlegt kann að vera fyrir íslenska verkalýðshreyfingu að horfa til. Þá var vakin athygli á þeirri leið sem Danir hafa farið til að tryggja útsendum starfsmönnum sambærilega skilmála og skilyrði og gilda um tímabundið ráðna starfsmenn í gistiríkinu.

Varðandi tilskipun um útsenda starfsmenn voru flutt nokkur erindi um hin ýmsu dómsmál sem hafa risið vegna túlkunar eða beitingar tilskipunarinnar,

annars vegar fyrir dómstólum hvers lands fyrir sig og hins vegar mál sem m.a. ESA hefur höfðað gegn Noregi og Íslandi. Meginágreiningsefnið varðar 3. gr. tilskipunarinnar um hvaða kjör aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að skuli gilda um útsenda starfsmenn. Sú þrönga túlkun, sem beitt er af hálfu Evrópudómstólsins og vísað er m.a. til í álitum ESA, leiðir til þess að kjör útsendra starfsmanna eru lakari en annars launafólks í gistiríki sem felur í reynd í sér aðstöðu til að beita félagslegum undirboðum.

Af Íslands hálfu var á fundinum gerð nokkuð ítarleg grein fyrir dómsmáli því sem ESA hefur ákveðið að höfða gegn Íslandi vegna brots á tilskipuninni um útsenda starfsmenn vegna ákvæða í lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja, sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands, og starfskjör starfsmanna þeirra en að álitum ESA fela ákvæði laganna um veikindarétt og slysatryggingar starfsmanna í sér brot á ákvæðum tilskipunarinnar og ákvæðum EES-samningsins um frelsi til að veita þjónustu. Mikilvægt er að horft verði til sambærilegra mála á Norðurlöndum þegar mál þetta verður rekið fyrir dómstólum. Þá var á fundinum rætt um mikilvægi samvinnu samtaka launafólks á Norðurlöndum vegna mála sem rekin eru fyrir EFTA- og ESB dómstólunum en slík mál varða oft grundvallaratriðið varðandi túlkun ESB-gerða og hafa þar af leiðandi áhrif á stöðu launafólks í öllum Evrópulöndum.

SAMAK

Fundur formanna aðildarsamtaka SAMAK var haldinn í janúar í Helsinki í Finnlandi. Á dagskrá var umræða um áhrif kreppunnar í hverju landi fyrir sig og hvaða tillögur verkalyðshreyfingin og jafnaðarmannahreyfingin hefði lagt fram til að glíma við afleiðingarnar hennar. Rætt var um að mikilvægt væri að ræða það milli alþýðusambandanna og alþýðuflokkanna hvernig haga ætti verkaskiptingu milli verkalyðshreyfingarinnar og opinberra stofnana þegar kæmi að þjónustu við launafólk, hvort heldur það er vegna atvinnuleysis, veikinda og slysa eða endurhæfingar. ASÍ tók ekki þátt í þingi SAMAK í sumar vegna anna.

Verkalyðshreyfingin í Norður Atlantshafi (VN)

Samstarf okkar við grænlenku og færeysku verkalyðshreyfinguna innan vébanda Vest-norræna sambandsins hefur verið á lágum nótum undanfarin ár en er engu að síður mikilvægur vettvangur skoðanaskipta og tengsla ef til átaka kæmi í sjávarútvegi vegna skyldleika og nálægðar. Á þessu starfsári hefur nýr formaður Samtak – heildarsamtaka launafólks í Færeyjum – haft það sem verkefni að stofna sérstaka heimasíðu VN-samtakanna þar sem hægt yrði að miðla upplýsingum um réttindi launafólks sem flytur sig á milli þessara landa í leit að vinnu. Ársfundur samtakanna var að þessu sinni haldinn í

Nuuk á Grænlandi þar sem kynntar voru fyrstu hugmyndir að heimasíðunni. Jafnframt kynnti starfsmaður SIK, grænlenska alþýðusambandsins, stöðu mála með náttúruauðlindir á Grænlandi. Á fundinum var jafnframt ákveðið að framlengja ákvæði um að rukka ekki félagsgjöld á árinu 2010.

Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC

Framkvæmdastjórn ETUC kemur saman 4 sinnum á ári í Brussel og á ASÍ einn fulltrúa í stjórn sem hefur verið forseti ASÍ.

Starf innan ETUC hefur mótast verulega af alþjóðlegri fjármálakreppu og kröfu samtakanna um samræmd viðbrögð framkvæmdastjórnar og aðildarríkjanna til að draga úr aukningu atvinnuleysis og verja velferðarkerfið. Ljóst er að eftir kosningar til Evrópuþingsins sumarið 2009 ásamt vaxandi fylgi hægri flokka í einstökum aðildarríkjum verður á brattann að sækja á vettvangi Evrópusamtaka okkar á næstu árum. Búast má við nokkrum átökum við að verja þann árangur sem náðst hefur í einstökum málaflökum og verða bein samskipti við þá flokka sem eru á þinginu, sífellt mikilvægari í starfinu.

Samningur á Evrópuvísu um „vinnumarkaði fyrir alla“

Þann 9. desember 2009 náðu samninganefndir Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC) og Evrópusamtaka atvinnurekenda (BUSINESSEUROPE/CEEP) samkomulagi um samning um „vinnumarkaði fyrir alla“ (e. Inclusive Labour Markets).

Efnisatriði samningsins

Í inngangi samningsins kemur fram að hann byggir á ákvörðun sem tekin var af aðilum vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um að semja um „vinnumarkaði fyrir alla“. Jafnframt kemur fram að þær erfiðu efnahagslegu og félagslegu aðstæður sem einkenndu þann tíma, sem samningaviðræðurnar stóðu yfir (október 2008 til desember 2009), geri enn frekari kröfur til aðila vinnumarkaðarins um að þeir vinni saman að því að skapa vinnumarkaði fyrir alla. Þannig megi hámarka þá möguleika sem felast í evrópsku vinnuafli, auka atvinnuþátttöku og gæði starfanna, m.a. með þjálfun og hæfnisuppbyggingu. Með vinnuörkuðum fyrir alla er einnig verið að bregðast við þeim áskorunum sem Evrópa stendur frammi fyrir, einkum vegna lýðfræðilegra breytinga, fækkun fólks á vinnualdri og sjálfbærni velferðarkerfisins. Vinnumarkaðir fyrir alla eru leið til að nýta möguleika sem ný atvinnutækifæri gefa, s.s. eins og vegna græna hagkerfisins.

Þá er í innganginum áréttuð ábyrgð aðila vinnumarkaðarins við að skipuleggja vinnumarkaði fyrir alla. En um leið er bent á að opinberir aðila og aðrir gegna mikilvægu hlutverki í þessum efnunum við að skapa þann ramma

sem nauðsynlegur er. Þar skipta aðgerðir á ýmsum sviðum miklu máli og er sem dæmi bent á mikilvægi menntunar og starfsþjálfunar, heilbrigðiskerfisins, húsnæðismála, samgangna og svæðisbundinna þróunaráætlana.

Í 2. tölulið er fjallað um markmið samningsins. Þar segir að helstu markmiðin séu að skoða aðgengi, endurkomu og þróun með það að markmiði að einstaklingar séu fullir þátttakendur á vinnumarkaði; auka vitund, skilning og þekkingu atvinnurekenda, launafólks og fulltrúa þessarar aðila á jákvæðri þýðingu vinnumarkaða fyrir alla; skapa atvinnurekendum, launafólki og fulltrúum þessara aðila aðgerðamiðaðan ramma til að greina vandamál við að tryggja vinnumarkaði fyrir alla og hvernig megi yfirstíga þau.

Í 3. tölulið er að finna nánari lýsingu og skilgreiningu á gildissviði samningsins. Þar segir m.a. að vinnumarkaðir fyrir alla byggi á að heimila og hvetja allt fólk á vinnualdri til atvinnuþátttöku og skapa skilyrði til starfsþróunar þessa fólks. Samningurinn nær til þeirra einstaklinga sem eiga í erfiðleikumvið að komast út á vinnumarkaðinn, eru í vanda með endurkomu á vinnumarkaðinn eða við að aðlagast vinnumarkaðinum. Jafnframt er samningnum ætlað að ná til þeirra sem eru í vinnu en eiga á hættu að missa starf sitt vegna neðangreindra þátta sem skipta allir máli til að ná markmiðinu um vinnumarkað fyrir alla:

Efnahagslegir þættir og umhverfi vinnumarkaðarins. Þarna er verið að vísa í kerfislæga og landfræðilega þætti eins og atvinnutækifæri, tilvist og gæði umönnunar og vinnumarkaðsúrræði, samgöngur og húsnæði, sem og samspil efnahagsstefnu og félagsmála.

Starfstengdir þættir eins og skipulag vinnunnar og vinnuumhverfi, ráðningarferlar, tækniþróun og mennta- og starfsþjálfunarstefna.

Einstaklingsbundnir þættir snerta atriði eins og hæfni, færni og menntunartig, áhuga, málakunnáttu, heilbrigði og ítrekuð eða löng tímabil atvinnuleysis.

Í 4. tölulið er fjallað um þær hindranir sem eru á því að einstaklingar aðlagist að fullu vinnumarkaðinum. Lögð er áhersla á að aðgangur, endurkoma, viðhald og þróun eru grunnþættir þess að ná megi fullri aðlögun. Hvernig til tekst ræðst af skipan á vinnumarkaði og í samfélaginu, sem og möguleikum, hæfi og hvata einstaklinganna og skipulagsheilda. Aðilar vinnumarkaðarins á Evrópuvísu hafa sameiginlega greint helstu hindranir í vegi vinnumarkaðar fyrir alla. Þær varða:

- hindranir er tengjast skorti á upplýsingum, m.a. varðandi þá sem eru að leita eftir störfum og um störfin sem í boði eru
- hindranir varðandi ráðningar sem felast í ófullkomnu ráðningarferli
- hindranir er varða þjálfun, hæfni og færni, m.a. varðandi fjárfestingu eða aðgengi að menntunarmöguleikum, tilvist og/eða viðurkenningu og mat á færni einstaklinganna (raunfærnimat) og starfsreynslu

- hindranir er varða ábyrgð og viðhorf atvinnurekenda, launafólks og samtaka þeirra og atvinnuleitenda
- hindranir er tengjast lífinu í vinnunni, þættir eins og vinnuaðstæður og skipulag vinnunnar
- Einnig eru fjölmargir þættir, sem ekki eru eingöngu á valdi aðila vinnu- markaðarins að takast á við og leysa, sem hafa áhrif á möguleika vinnu- markaðarins til að taka við öllum á vinnualdri. Þessir þættir eru skýrðir nánar í viðauka 1 með samningnum.

Í 5. tölulið er fjallað um hlutverk aðila vinnu- markaðarins. Þar er sett fram það sameiginlega viðhorf aðila að þátttaka á vinnu- markaði séu mikilvæg forsenda samstöðu og aðlögunar, þar með talið baráttunnar gegn fátækt, og fjárhagslegra ávinninga. Til að ryðja úr vegi skilgreindum hindrunum og ná markmiðum um vinnu- markaði fyrir alla þarf margvísleg úrræði, fjölþættar aðgerðir og/eða samninga á öllum stigum af hálfu atvinnurekenda, launafólks, samtaka þeirra, atvinnuleitenda og þriðju aðila. Þær aðgerðir ættu að leiða til atvinnusköpunar og auka vinnufærni launafólks og atvinnuleitenda með það að markmiði að laga alla einstaklinga að vinnu- markaðinum.

Aðilar vinnu- markaðarins á Evrópuvísu viðurkenna ábyrgð sína í þessu tilliti. Markmið samráðs þeirra, sameiginlegra álita og tillagna á þessu sviði er að bæta aðgengi, stöðu, endurkomu og þróun einstaklinga sem eru í erfiðri aðstöðu varðandi atvinnuþátttöku. Slíkar aðgerðir ferla m.a. í sér:

- Skipuleggja, þar sem við á, aðgerðir til að efla skilning og/eða bæta ímynd tiltekinna atvinnugreina og starfa.
- Skipuleggja, þar sem við á, aðgerðir sem stuðla að fjölbreytilegu vinnu- afli.
- Miðla upplýsingum um störf í boði og endur- og eftirmenntun.
- Eiga samstarf við „þriðja geirann“ til stuðnings þeim sem eiga í sérstökum vanda í tengslum við vinnu- markaðinn.
- Eiga samstarf við mennta- og starfsþjálfunarkerfið til að tengja betur saman þarfir einstaklinga og atvinnulífsins.
- Innleiða sérstakar og gagnlegar ráðningaraðferðir.
- Kynna áætlanir um einstaklingsbundna færniuppbyggingu, sem unnin er sameiginlega af atvinnurekanda og launamanni, sem taka tillit til sérstakrar stöðu sérhvers atvinnurekanda, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og launamannsins.
- Auka gagnsæi og yfirfærslumöguleika, bæði fyrir launafólk og fyrirtæki, með það að markmiði að auka landfræðilegan og atvinnulegan hreyf- anleika og auka virkni vinnu- markaðarins.
- Stuðla að fleiri og betri samningum um nám og starfsþjálfun.

Í 6. tölulið er fjallað um gildistöku og eftirfylgni með samningnum. Þessi hluti er í öllum aðalatriðum í samræmi við það sem áður hefur verið sett á blað í sambærilegum samningum. Þar kemur fram að samningurinn sé sjálfstætt framlag aðila vinnumarkaðarins sem byggir á starfsáætlun þeirra fyrir tímabilið 2006–2008 og 2009–2010. Þá er vísað til þess að ekki sé ætlunin að óska eftir að samningurinn verði gerður bindandi með tilskipun heldur ætli aðildarsamtökin að hrinda honum í framkvæmd í samræmi við venjur og hefðir sem gilda í samskiptum aðila vinnumarkaðarins í aðildarríkjum ESB og EES. Einnig er kveðið á um að aðildarsamtökin upplýsi um hvernig gengur að hrinda samningnum í framkvæmd í hverju landi fyrir sig og að þær upplýsingar verði teknar saman með reglubundnum hætti. Einnig er tekið fram að samningurinn skuli ekki koma í veg fyrir að aðilar vinnumarkaðarins, á öllu stigum, aðlagi eða innleiði samninginn til að mæta sérstökum þörfum viðkomandi aðila.

Samningnum fylgja tveir viðaukar. Viðauki 1 ber yfirskriftina *Tillögur til opinberra aðila og annarra sem málið varðar*. Þar er fjallað um mikilvægi framlaga opinberra aðila og annarra en aðila vinnumarkaðarins til að ná þeim markmiðum sem sett eru með samningnum. Þar eru taldir upp 7 lykilþættir. Í viðauka 2 er tilvísun í þær reglur og aðgerðir sem þegar hafa verið samþykktar eða ákveðnar á Evrópuvísu og að gagni mega koma við framkvæmd samningsins.

Samningurinn og afstaða ASÍ til hans

Eins og sést af því sem rakið er hér að framan verður ekki sagt að hér sé um samning í hefðbundnum skilningi þess orðs að ræða. Til þess vantar allar raunverulegar skilgreindar skyldur og skuldbindingar af hálfu samningsaðilanna. Miklu frekar má segja að efnið sé einhverskonar viljayfirlýsing um sameiginlega sýn aðila til viðfangsefnisins og vilja þeirra til að reyna að hafa áhrif á stöðu og þróun mála án þess að sett sé fram af þeirra hálfu hvernig það verði gert.

Jafnframt hefur komið fram að nokkur óeining var í samningahópi ETUC um niðurstöðuna og töldu ýmsir samningamenn að ETUC ætti að segja sig frá samningunum frekar en að fallast á niðurstöðu sem er jafn efnislega rýr og raun ber vitni. Það var hins vegar vilji meirihlutans að ljúka samningnum á þeim nótum, sem lýst hefur verið, og leggja fyrir framkvæmdastjórn ETUC. Rökin eru tvíþætt: Niðurstaðan sé innan þeirra marka sem samningsumboð hópsins kvað á um og að mikilvægt sé að halda samningaferli aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu lifandi.

Af hálfu ASÍ var málið tekið upp á vettvangi Norrænu verkalýðssamtakanna (NFS) þar sem leitað var eftir sameiginlegri sýn og samstöðu norrænu samtakanna til málsins. Niðurstaðan varð sú að styðja samninginn.

Samningurinn var síðan staðfestur af framkvæmdastjórn ETUC á fundi hennar fyrri hluta árs 2010. Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins eru síðan skuldbundin til að hrinda samningnum í framkvæmd hér á landi fyrir mitt ár 2013.

NETLEX – Network of Legal Experts

Árleg ráðstefna lögfræðinga aðildarsamtaka ETUC var haldin dagana 10.–11. desember 2009 og sótti Dalla Ólafsdóttir, lögfræðingur hjá ASÍ, ráðstefnuna. Á þessum ráðstefnum eru til umfjöllunar og umræðu löggjöf Evrópusambandsins varðandi vinnumarkaðinn og tekin til skoðunar áhrif hennar og tillögur evrópskrar verkalýðshreyfingar sem varða sameiginlega hagsmuni hennar. Sú fræðilega umfjöllun, sem fram fer á ráðstefnunni, er mikilvæg fyrir íslenska verkalýðshreyfingu þegar kemur að innleiðingu og túlkun margvíslegrar Evrópulöggjafar í íslenskum rétti.

Á ráðstefnunni voru til umfjöllunar þrjú meginefni: a) Réttindi þvert yfir landamæri, b) þróun vinnuréttar í Evrópu og c) samráð aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu og alþjóðlega, en auk þess voru önnur vinnumarkaðstengd mál rædd.

Hvað varðar réttindi fólks þvert yfir landamæri var farið yfir afleiðingar dóma Evrópuðómstólsins í málum sem kennd eru við Laval, Viking og Rüffert. Fram kom mikil gagnrýni á túlkun Evrópuðómstólsins á verkfallsrétti stéttarféлага en hún er að mati fræðimanna ekki í samræmi við umfjöllun Mannréttindadómstóls Evrópu og vernd verkfallsréttarins í samþykktum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar. Ennfremur kom fram mikil gagnrýni á forgangsroðun þá sem þykir mega lesa úr dómum Evrópuðómstólsins þar sem innri markaðurinn er settur framur félagslegum réttindum launafólks. Fram kom það mat fyrirlesara að mikilvægt væri að halda því stefnumiði innri markaðarins á lofti að markaðnum hefði verið komið á fót til að auka félagslegt réttlæti.

Sérstaklega var farið yfir þær breytingar sem Lissabon-sáttmálinn hefur í för með sér fyrir starfsemi verkalýðshreyfingarinnar á Evrópuvísu, m.a. aukið mikilvægi Evrópuþingsins, auk þess sem þing aðildarríkjanna fá meira vægi við undirbúning löggjafar. Þessi breyting hefur í för með sér aukin sóknarfæri fyrir verkalýðshreyfinguna að mati fyrirlesara.

Á ráðstefnunni voru ennfremur haldnar tvær málstofur, annars vegar um evrópsk samstarfsráð og hins vegar um félagsleg mál (e. European Social Dialogue). Á málstofunni um félagsleg mál var fjallað um fyrirhugaðar breytingar á Evróputilskipun um foreldraorlof en meginbreytingin, sem lögð er til, er sú að hvort foreldri um sig hafi rétt til fjögurra mánaða orlofs í stað þriggja nú, þar af einn mánuð sem er fastbundinn foreldrinu.

Fyrirhugaðar eru breytingar á vinnuverndarlöggjöfinni á vegum Evrópusambandsins. Fram kom í erindi fyrirlesara gagnrýni á hugmyndafræðilegan grundvöll breytinganna en þær fela í sér að eingöngu er metinn kostnaður af öryggis- og vinnuverndarreglum fyrir atvinnurekendur en ekki ennfremur sá ávinningur fyrir launafólk sem hlýst af skynsamlegri vinnuverndarlöggjöf.

Í umræðu um þróun vinnuréttar var rætt hvaða leiðir eru færar til að auka vægi félagslegra réttinda launafólks við framkvæmd opinberra útboða og draga þar með m.a. úr líkum á félagslegum undirboðum. Ráðstefnunni lauk með tveimur erindum varðandi annars vegar starfsemi verkalýðshreyfingarinnar á alþjóðavísu og um alþjóðasamninga og hins vegar um kjarasamninga á alþjóðlegum vettvangi.

Ráðgjafarnefnd EFTA

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins í EFTA-löndunum. Nefndin hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar er í tengslum við fund nefndarinnar haldinn fundur með Stjórnarnefnd EFTA (Standing Committee). Að vori eru í tengslum við fund nefndarinnar haldnir fundir með ráðherrum EFTA-ríkjanna og Þingmannanefnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA/EFTA-EES-ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar Ráðgjafarnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC). Í Ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda, sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Lichtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildarsamtökunum í einstaka málum.

Halldór Grönvold er fulltrúi ASÍ í Ráðgjafarnefndinni og mun hann taka við formennskunni í nóvember 2010.

Helstu verkefni Ráðgjafarnefndarinnar

Ráðgjafarnefnd EFTA setti sér sérstaka starfsáætlun fyrir árið 2010. Áætlunin tekur eðli málsins mjög mikið mið af því sem er á gerast á vettvangi Evrópusambandsins og samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

- Alþjóðlega efnahags- og fjármálakreppan og viðbrögð við henni
- Aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu
- Önnur stækkunarferli ESB með áherslu á Króatíu
- Samskipti við þriðju lönd með áherslu á nýja fríverslunarsamninga
- „Evrópa 2020 áætlun“ Evrópusambandsins og þýðing hennar fyrir EFTA-ríkin

- Lissabon-sáttmálinn og áhrif hans á samstarf og samskipti EFTA-ríkjanna og ESB

Um öll framangreind viðfangsefni og fleiri var fjallað á fundum Ráðgjafarnefndar EFTA á tímabilinu.

Ráðgjafarnefnd EES

Haldinn var fundur í Ráðgjafarnefnd EES í Lichtenstein í maí 2010. Á fundinum var fjallað um úrbætur á regluverki varðandi fjármálakerfið á Evrópska efnahagssvæðinu og um „Evrópa 2020“ áætlunina og samþykktar ályktanir um hvort tveggja.

Vegna samgöngutruflana í tengslum við eldgosíð í Eyjafjallajökli gat fulltrúi ASÍ ekki sótt fundinn.

Efnahags- og félagsmálanefnd ESB og Ísland

Að frumkvæði Alþýðusambandsins og í samstarfi við aðra aðila vinnumarkaðarins hér á landi og sendiráð Íslands í Brussel var óskað eftir því við Efnahags- og félagsmálanefnd Evrópu (EESC) að nefndin fjallaði sérstaklega um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu og jafnframt að sett yrði á laggirnar sérstök ráðgjafarnefnd ESB og Íslands með þátttöku fulltrúa frá EESC og hagsmunaaðila á Íslandi. Efnahags- og félagsmálanefnd ESB samþykkti að fjalla með formlegum hætti um aðildarumsókn Íslands og að skrifuð yrði sérstök skýrsla um efnið. Jafnframt var Liina Carr, fulltrúa eistnesku verkalyðshreyfingarinnar í EESC, falið að skrifa skýrsluna.

Þann 8. september sl. hélt Efnahags- og félagsmálanefndin síðan fund með fulltrúum hagsmunasamtaka hér á landi þar sem þeim var boðið að gera grein fyrir afstöðu sinni til aðildarumsóknarinnar og fyrir áherslum í aðildarviðræðunum við ESB. Jafnframt gerðu fulltrúar Efnahags- og félagsmálanefndarinnar grein fyrir hlutverki og starfsemi nefndarinnar. Af hálfu ASÍ flutti Gylfi Arnbjörnsson framsögu auk þess sem 8 aðrir fulltrúar ASÍ í samningahópunum vegna aðildarumsóknarinnar að ESB sóttu fundinn.

Alþjóðasamband verkalýðsfélaga – ITUC

Alþýðusambandið hefur átt aðild að Alþjóðasambandi verkalýðsfélaga frá stofnun þeirra en ekki tekið virkan þátt í starfi stjórnar eða nefnda sambandsins fyrir utan starf þess á vettvangi Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar, ILO. Árið 2006 var alþjóðasamband frjálsra stéttarfélaganna og heimssamband verkalýðsfélaga sameinað í eitt öflugt samband allra frjálsra stéttarfélaganna, ITUC.

Annað þing nýja alþjóðasambandsins var haldið í júní 2010 í Vancouver í Kanada og sótti forseti ASÍ þingið. Yfirskrift þingsins var „Nú fyrir fólkið – frá kreppu til réttlætis“ þar sem fulltrúar alls launafólks í heiminum voru mættir til að bera saman bækur sínar um áhrif alþjóðlegru kreppunnar sem hefur á

mismunandi hátt haft áhrif á allt launafólk. Stéttarfélögin eru ekki ein um að finna leiðir út úr kreppunni eða að tryggja að það sem rís upp úr kreppunni verði eitthvað betra en það sem var og leiði ekki til sama óréttlætis og sömu þjáninga og fyrr. En þar sem hluti orsaka kreppunnar er af alþjóðlegum toga stendur alþjóðleg verkalýðshreyfing frammi fyrir áskoronum sem bæði fela í sér ábyrgð og einnig tækifæri.

Forseti ASÍ ávarpaði þingið þar sem hann fór yfir afleiðingar kreppunnar hér á landi fyrir launafólk og almennig:

Forseti, framkvæmdastjóri og kærur bræður og systur.

Ég vil byrja á því að lýsa yfir stuðningi minna samtaka við þær ályktanir sem stjórn ITUC hefur lagt fyrir þetta þing og Guy Raider kynnti í skýrslu sinni til þingsins í gær. Ég kem frá því landi sem varð fyrst fyrir bardinu á falli Lehman Brothers þar sem meira en 90% af bankakerfinu varð gjaldþrota í kjölfarið með skelfilegum afleiðingum fyrir hagkerfið og launafólk á Íslandi. Meira en 20% af störfunum okkar og þriðjungur af tekjum ríkissjóðs hurfu eins og döggi fyrir sólu á nokkrum mánuðum.

Kærur bræður og systur, það er athyglisvert að skoða stöðu lífeyrissjóðanna okkar á sama tíma – en þeim er stjórnað sameiginlega af samningsaðilum á vinnumarkaði. Lífeyrissjóðirnir stóðust hrun fjármálakerfisins vegna þess að kjarasamningar okkar kveða skýrt á um aðhaldssama fjárfestingarstefnu og dreifða eignasamsetningu. Þannig að þrátt fyrir að þeir hafi tapað talsverðum fjármunum, sem hefur áhrif á lífeyri okkar, var tap þeirra ekki nema 8,5% af nafnverði sem undirstrikar betur en margt annað hvers kona fjárhættuspil bankarnir voru þátttakendur í og hvað félagslega ábyrg fjárfestingarstefna getur áorkað – þetta skulum við hafa í huga í glímu okkar við alþjóðlegan fjármálamarkað.

En kærur félagar, það er einmitt vegna þessara áhrifa fjármálakreppunnar á atvinnu okkar félagsmanna að það er svo mikilvægt fyrir okkur að koma mikilvægum skilaboðum okkar ályktana á framfæri bæði við leiðtoga þessa heims á G20-fundinum í Toronto á föstudaginn og ekki síður við gagnadila okkar – við atvinnurekendur þessa heims. Við verðum að vinna gegn því á öllum vígstöðvum að hagkerfi nýfrjálshyggjunnar, sem leiddi heiminn í þessar skeflilegu ógöngur, verði endurræst þannig að allt fari aftur í sama farið. Þetta er og verður okkar mikilvægasta verkefni og markmið, þetta verðum við að heita félagsmönnum okkar – aldrei aftur! Ég vil einnig nota þetta tækifæri til að undirstrika áherslu minna samtaka á tvennt: Annars vegar er það mikilvægi þess að lagður sé grunnur að hagvexti með fjölgun starfa og betri afkomu. Stjórnvöld verða að setja áhersluna á uppbyggingu og atvinnusköpun í forgang – og við eigum að gera það að forsendu fyrir samstarfi við okkur. Hins vegar vil ég útreka áherslu okkar á að innleidd verði í löggjöf skýr

ákvæði um réttlátari og sanngjarnari endurskipulagningu á skuldum heimilanna. Það verður að bæta réttarstöðu skuldara á þann hátt að höfuðstóll lána og endurgreiðslubyrði verði stillt af m.v. greiðslugetu og eignarstöðu viðkomandi heimila. Við verðum einnig að koma í veg fyrir það að bankarnir færi tap liðinna ára af yfirgengilegri græðgi og fjárhættuspili yfir á heimilin í formi hárra vaxta og ósanngjarnrar endurgreiðslubyrði. Afleiðingar þess fyrir hagkerfi heimsins yrðu skelfilegar og framkalla djúpa og langvarandi heimskreppu vegna áhrifanna á einkaneysluna – stærsta einstaka þátt landsframleiðslunnar!

Kæru bræður og systur, stundum getur tilveran verið undarleg og stuðningur komið úr óvæntum áttum. Þegar við settum þessar kröfur fram við stjórnvöld á Íslandi fengum við óvæntan stuðning frá AGS við þessum tillögum. AGS hefur ítrekað komið því á framfæri að það gangi of hægt að endurskipuleggja fjármál heimilanna og að það teji efnahagsbatann.

Að lokum vil ég koma á framfæri bæði viðurkenningu og þakklæti okkar til þín, Guy. Þú hefur verið sannur leiðtogi Alþjóðasamtakanna og verið okkur fyrirmynd í baráttunni við afleiðingar hnattvæðingarinnar og yfirstandandi kreppu. Tillögur þínar um hnattræna samstöðu í Myazaki og hugmyndir um hvernig við getum tengt baráttu einstakra stéttarféлага í nærsamfélaginu saman í hnattræna, samfellda og samræmda baráttu á alþjóðavettvangi hefur virkilega breytt heiminum. Fyrir það erum við þér þakklát!

Í lok þingsins varð Sharon Burrow, fyrrum forseti ástralska alþýðusambandsins, framkvæmdastjóri samtakanna. Er hún fyrsta konan til að gegna þessu mikilvæga forystuhlutverki í alþjóðasamtökunum. Í uppstillingu til stjórnar samtakanna fengu norrænu samtökin óvænt aukinn hlut og var forseti ASÍ kosinn í varastjórn samtakanna í fyrsta sinn.

Nánari upplýsingar um ITUC má finna á vefsíðunni www.ituc-csi.org/

Fundur hagfræðinga hjá Alþýðusamböndum á Norður-löndum

Árlegur fundur hagfræðinga norrænu alþýðusambandanna var haldinn í Ramnäs í Svíþjóð dagana 27.–28. maí 2010. Á dagskrá fundarins var almenn kynning á stöðu efnahags- og kjaramála í hverju landi fyrir sig auk almennra umræðna um áhrif niðursveiflunnar á efnahag, ríkisfjármál og lífskjör í löndunum. Botni hagsveiflunnar var víðast náð í fyrra en þá dróst landsframleiðsla talsvert saman að Noregi undanskildu. Útlit er fyrir viðsnúning á þessu ári en atvinnuástandið verður áfram slæmt og ekki gert ráð fyrir að það taki að batna fyrr en á árinu 2011. Umboðsmaður LO, sænska alþýðusambandsins í Västermannland, kynnti fundarmönnum stöðu atvinnu- og kjaramála og sagði

frá starfsemi LO á svæðinu. Einnig var farin áhugaverð kynnisferð í járnsmiðjuna Ramnäs bruk sem á rætur að rekja á staðnum til ársins 1580 en þar tóku trúnaðarmaður starfsmanna og forstjóri fyrirtækisins á móti hópnum og kynntu starfsemina þar sem nú starfa um 100 manns. Í dag sérhæfir fyrirtækið sig í framleiðslu á keðjufestingum fyrir stóra olíuborpalla og á viðskipti um allan heim.



Lagabreytingar og skipulagsmál

Laganefnd

Laganefnd kom saman á tveimur fundum á starfsárinu og afgreiddi á þeim fundum sínum umsagnir og tillögur til miðstjórnar um breytingar á lögum 8 aðildarfélaga ASÍ. Í flestum tilvikum var um einfaldar lagabreytingar að ræða sem ekki varða lög ASÍ. Nefndin lagði til að einni lagabreytingu yrði hafnað og staðfesti miðstjórn þá afstöðu. Í hlut átti FIT – Félag iðn- og tæknigreina. Í umsögn laganefndar segir:

Fyrstu grein var breytt þannig að í stað þess að félagið skilgreini starfssvæði sitt m.v. sveitarfélög segir nú að starfssvæði þess sé „innan íslenskrar lögsögu þar sem félagsmenn búa eða starfa hverju sinni“. Á þessari breytingu eru verulegir gallar. Í fyrsta lagi er óheimilt að binda félagsaðild við búsetu manna, sbr. 2.mgr. 12.gr. laga ASÍ. Í öðru lagi þá er mælt fyrir um það í 2.gr. laga nr. 80/1938 að félagssvæði stéttarfélaga megi ekki vera minna en eitt sveitarfélag. Hér er vísað til landfræðilegra stjórnsýslueininga. Íslensk lögsaga er ekki landfræðileg stjórnsýslueining. Með íslenskri lögsögu er átt við einhver þau svæði þar sem íslenska ríkið fer með einhverskonar heimildir eða réttindi. T.d. fer íslenska ríkið með fullveldisrétt innan 12 mílna landhelgi Íslands en með takmarkaða lögsögu innan efnahagslögsögunnar og

enn önnur á landgrunni Íslands. Sérstakar reglur gilda síðan um mengunar- lögsögu og lofthelgi. Flóknar og mismunandi reglur gilda síðan um lögsögu Íslands gagnvart svæðum og málefnum sem njóta úrlendisréttar hér á landi (sendiráð,alþjóðastofnanir o.fl.) en ekki síður hvað varðar t.d. íslensk loftför, skip og sendiráð svo einhver dæmi séu tekin. Loks er verulegur munur á lög- sögu Íslands eftir því hvort fjallað er um samninga og skuldbindingar eða refs- ingar. Íslensk lögsaga er þannig margbrotið hugtak sem skýrir valdheimildir íslenska ríkisins á mismunandi sviðum og svæðum og gagnvart einstaklingum og lögpersónum en felur ekki í sér landfræðilega stjórnsýslueiningu sem mark- að getur starfssvið íslenska stéttarféлага. Það er álit laganefndar að breyt- ingar á 1.gr. laga FIT, eins og þær voru samþykktar á aðalfundi félagsins séu markleysa og leggur laganefnd það til að miðstjórn synji þeimstaðfestingar.

Skipulags- og starfsháttanefnd

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman til 9 funda á starfsárinu. Á árinu sameinaðist Verkalýðsfélag Hróttfirðinga Stéttarfélaginu Samstöðu og FÍH -Félag íslenskra hljómlistarmanna sagði sig úr ASÍ og gekk til liðs við BHM. Nefndin hafði jafnframt til umræðu endurnýjun á samstarfssamningi aðild- arsamta ASÍ auk þess sem ágreiningur um aðild VM (Félags vélstjóra og málmteknimanna) að kjarasamningi við Norðurál kom á borð nefndarinnar. Meginverkefni nefndarinnar lutu hins vegar að umræðu um skipulagsmál ASÍ og hugsanlegar breytingar á lögum sambandsins.

Fundaherferð um skipulagsmál ASÍ

Í byrjun árs 2010 skipulagði skipulags- og starfsháttanefnd fundarherferð um landið með stjórnnum, varastjórnnum og trúnaðarmannaráðum allra aðildarsam- taka ASÍ um skipulagsmál sambandsins. Byrjað var í Reykjavík þann 10. febrúar og lokafundurinn var á Selfossi 23. mars.

Markmið fundanna var að fá fram með skipulögðum hætti viðhorf og væntingar í hreyfingunni til uppbyggingar og skipulags verkalýðshreyf- ingarinnar. Síðan var unnið með þær hugmyndir sem komu fram á þessum fundum í skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ sem lagði þær í framhaldinu fyrir sameiginlegan fund formanna aðildarfélaganna. Á grundvelli niðurstaðna fundanna vann skipulags- og starfsháttanefnd svo tillögur að skipulagsbreyt- ingum. Miðstjórn fjallaði þá um breytingartillögurnar og í framhaldi af því fór forysta sambandsins í kynningarferð með þær tillögur sem miðstjórn varð ásátt um að leggja fyrir ársfund ASÍ 2010.

Fyrirkomulag fundanna var þannig að í upphafi var núverandi skipulag ASÍ og skipulagsumræða síðustu ára kynnt. Um þann þátt sáu þeir Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, og Grétar Þorsteinsson, fyrrverandi forseti

ASÍ, sem jafnframt bar ábyrgð á fundaherferðinni í heild. Í framhaldi af því sá fræðsludeild ASÍ um að stýra hópavinnu. Unnið var eftir svokallaðri miðlunar-aðferð. Aðaleinkenni aðferðarinnar er að umræðurnar eru sýnilegar, málefnið er alltaf í miðpunkti en ekki það hver leggur það til.

Skipt var í 7 hópa og fékk hver hópur ákveðið viðfangsefni til umfjöllunar. Eftirfarandi málefni voru tekin fyrir:

Hlutverk ASÍ- Hvað á það að vera?

Skipulag aðildar að kjarasamningum - Hvernig ætti það að vera?

Skipulag ASÍ - Hvernig ætti það að vera?

Jafnræði aðildarsamtaka innan stjórnskipulags ASÍ - Hvernig á það að vera?

Jafnræði kynjanna innan stjórnskipulags ASÍ - Hvernig ætti það að vera og hvernig náum við því fram?

Jafnræði höfuðborgar og landsbyggðar - Hvernig ætti það að vera?

Staða ungs fólks innan ASÍ - Hver ætti hún að vera?

Fundirnir stóðu í um þrjá tíma og þátttakan var góð. Alls tóku 333 félagsmenn þátt í fundunum, þar af 145 konur og 188 karlar. Félögin lögðu mikið uppúr góðum aðbúnaði og tóku höfðinglega á móti okkur. Á fundunum myndaðist mjög góð stemning og allir voru sammála um að tengslin milli skrifstofu ASÍ og stjórna og trúnaðarmannaráða hefðu eflst. Sjá nánar fylgiskjal í Viðauka um skipulagsferðina og niðurstöður hennar.

Gerð var grein fyrir niðurstöðum ferðarinnar á fundi formanna aðildarfélaga og í framhaldi af því vann skipulags- og starfsháttanefnd fyrir miðstjórn afmarkaðar tillögur um lagabreytingar. Í júní ákvað miðstjórn að senda aðildarsamtökunum tillögurnar, efna til umræðu um þær og efna að nýju til formannafundar þann 16. september 2010. Loks myndi miðstjórn taka endanlega afstöðu til tillagnanna á fundi sínum þann 22 september.

Megininntak tillagnanna var eftirfarandi:

- Í fyrsta lagi er gerð tillaga um að aðild að ASÍ breytist á þann veg að aðild að landssambandi eða staða sem landsfélag verði ekki lengur skilyrði fyrir aðild að ASÍ.
- Í öðru lagi er lagt til að í stað ársfunda komi æðsta stofnun ASÍ saman á þingum á tveggja ára fresti og að í tengslum við þing ASÍ komi saman sérstakt þing ungs launafólks í aðildarsamtökum ASÍ.
- Í þriðja lagi er lagt til að fundur formanna aðildarfélaga ASÍ verði formgerður í lögum ASÍ og komi saman milli þinga.

Haustið 2010 heimsótti forseti ASÍ öll aðildarfélög sambandsins og var þar m.a. fjallað um framangreindar tillögur.

Samstarfssamningur aðildarsamtaka ASÍ

Gildandi samstarfssamningur aðildarsamtaka ASÍ hafði sama gildistíma og almennir kjarasamningar og rann því sitt skeið á árinu. Drög að nýjum samstarfssamningi komu til umræðu í skipulags- og starfsháttanefnd vorið 2010. Síðsumars lauk endurnýjun hans og er hann nú ótímabundinn en með 3ja mánaða uppsagnarfresti. Samningurinn er svohljóðandi:

SAMSTARF

aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands um leikreglur vegna sameiginlegra mála við gerð og endurnýjun kjarasamninga

1. gr.

Samstarfið er byggt á 14. gr. laga ASÍ. Aðild að samstarfinu og samningi þessum eiga öll landssambönd ASÍ, VR, félög með aðild að samningi Flóabandalagsins og félög með beina aðild.

2. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að nauðsynlegt sé að samræma aðgerðir sínar í sameiginlegum málum gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum. Rammasamningur þessi gildir um þau mál sem sameiginlegt umboð er veitt til hverju sinni og kemur þá samninganefndin fram fyrir hönd hlutaðeigandi aðila við samningsgerðina og fylgir samningunum eftir á samningstímanum.

3. gr.

Í samninganefnd á vettvangi ASÍ skulu eiga sæti, auk forseta ASÍ, einn fulltrúi frá hverju landssambandi ASÍ, einn sameiginlegur fulltrúi félaga með aðild að samningi Flóabandalagsins, einn fulltrúi VR og einn sameiginlegur fulltrúi félaga með beina aðild. Jafnframt er gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri ASÍ vinni með nefndinni.

4. gr.

Samninganefnd á vettvangi ASÍ skal skipuð með góðum fyrirvara í aðdraganda kjarasamninga hverju sinni. Forseti ASÍ kallar nefndina saman og stýrir störfum hennar.

Samninganefndin skal að jafnaði koma saman ekki síðar en fjórum mánuðum áður en fyrstu aðalkjarasamningar verða lausir hverju sinni.

5. gr.

Umboð samninganefndar á vettvangi ASÍ tekur til eftirfarandi þátta:

Gerðar sérstakrar viðræðuáætlunar um þá þætti kjarasamninganna sem samkomulag er um.

Tryggingarákvæða á gildistíma kjarasamninga.

Skipanar og umboðs sameiginlegrar forsendunefndar um mat á framvindu kjarasamninga og endurskoðun þeirra.

Viðræðna og samkomulags við stjórnvöld (ríki og sveitarfélög) um mál er varða þau ekki sem aðila kjarasamninga.

6. gr.

Samninganefndin hefur umboð samkvæmt samningi þessum til að ganga til samninga við atvinnurekendur fyrir hönd aðila samstarfsins í samræmi við ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

7. gr.

Í samninganefndinni skal leitast við að ná einróma samstöðu í málum. Samninganefndinni er heimilt að taka skuldbindandi ákvarðanir með meirihluta atkvæða enda hafi allir fulltrúar í nefndinni samþykkt að viðhafa slíka atkvæðagreiðslu skv. 6.mgr. 29.gr. laga ASÍ.

Hafi samningsaðilar ákveðið að fjalla sameiginlega um tryggingarákvæði á gildistíma kjarasamninga og/eða skipan og umboð sameiginlegrar forsendunefndar um mat á framvindu kjarasamninga og endurskoðun þeirra, sbr. 5.gr. b- og c-lið, tekur nefndin skuldbindandi ákvarðanir með meirihluta atkvæða í samræmi við 1.mgr.

8. gr.

Samstarfssamningur þessi er uppsegjanlegur með 3ja mánaða fyrirvara en gildir þó til loka hvers samnings sem gerður er á grundvelli hans.

Reykjavík 21. júní 2010,

LÍV, SGS, RSÍ, Samiðn, SSÍ, VR, Flóabandalagið, félög með beina aðild og ASÍ.

Ágreiningur um aðild VM að kjarasamningi við Norðurál

Á starfsárinu kom krafa VM – Félags vélstjóra og málmteknimanna um aðild að kjarasamningi við Norðurál inn á borð nefndarinnar. Leitað var sátta milli félagsins og þeirra stéttarféлага sem aðilar eru að gildandi kjarasamningi með óformlegum hætti en þær tókust ekki. Fór svo að VM höfðaði mál fyrir Félagsdómi f.h. nokkurra tilgreindra einstaklinga á hendur Norðuráli og krafð-

ist kjarasamnings. Dómur féll 18.2 2010 og var Norðurál sýknað. Í dóminum segir m.a.:

Samkvæmt framansögðu hefur ekki verið sýnt fram á að þeir starfsmenn stefnda, sem stefnandi krefst samningsumboðs fyrir, séu félagsmenn í stefnanda. Stefnandi er þegar bundinn af kjarasamningi við réttargæslustefnda. Í kjarasamningnum er tekið fram að aðilar hafi undirritað hinn 18. nóvember 1997 samkomulag um meginreglur varðandi gerð kjarasamninga þar sem m.a. er kveðið á um það að stefndi viðurkenni hlutadeigandi stéttarfélag sem viðsejendur sína og að stéttarfélagin lýsi því yfir að þau muni standa sameiginlega að gerð kjarasamnings sem gildi vegna starfa í þágu stefnda. Það samkomulag telst hlutikjarasamningsins. Í starfssamningi stefnda við starfsmenn er tekið fram að starfssamningurinn sé gerður í samræmi við kjarasamning Norðuráls og verkalýðsfélaga, dags. 10. janúar 1998, sem teljist hluti starfssamnings þessa. Réttargæslustefndi er stéttarfélag sem gerir kjarasamninga fyrir sína félagsmenn við stefnda um sömu störf og stefnandi. Stefnandi er bundinn í kjarasamningi að forgangsrétti félagsmanna réttargæslustefnda til starfa en í gr. 4.02.1 segir að félagið skuldbindi sig til að láta þá sem eru fullgildir félagsmenn í hlutadeigandi verkalýðsfélögum og samböndum hafa forgangsrétt til ráðningar til þeirra starfa sem um ræðir í 1. kafla samningsins enda séu þeir hæfir til þess starfs, sem um er að ræða, og hafi tilskilin réttindi þar sem þeirra er krafist. Vegna þessa forgangsréttarákvæðis er stefndi í raun bundinn af því að viðurkenna aðeins eitt stéttarfélag í hverri starfsgrein á viðkomandi félagssvæði, sbr. og C-lið í umræddu samkomulagi frá 18. nóvember 1997 um meginreglur varðandi gerð kjarasamninga. Með vísan til þess sem að framan greinir verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda í málinu.

Skil á reglugerðum sjúkrasjóða

Á árinu 2006 og í kjölfar nýrra ákvæða í lögum ASÍ varðandi lágmarksréttindi í sjúkrasjóðum, 42.gr. og í samræmi við 2.mgr. þeirrar greinar, var óskað eftir því að öll aðildarfélag ASÍ skiluðu inn reglugerðum sjúkrasjóða sinna til staðfestingar. Í 15 tilvikum af 53 m.v. núverandi fjölda aðildarfélaga, voru gerðar athugasemdir við einstök ákvæði í reglugerðum viðkomandi sjúkrasjóða. Í september 2010 höfðu nauðsynlegar breytingar verið gerðar í öllum tilvikum.



Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ

Starfsemi á skrifstofu ASÍ byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af forseta og fjármálastjóra ASÍ í samráði við Starfs- og fjárhagsnefnd og síðan samþykkt af miðstjórn ASÍ. Starfs- og fjárhagsáætlun var lögð fyrir miðstjórn í byrjun desember þar sem línur voru lagðar fyrir starfsemi skrifstofunnar fyrir árið 2010 og hún síðan samþykkt á fundi miðstjórnar í janúar 2010. Í ljósi óvissu um tekjuþróun ASÍ vegna samdráttar hjá aðildarfélögunum var ekki ráðið í stöðu framkvæmdastjóra að sinni en að Ólafur Darri Andrason, deildarstjóri Hagdeildar ASÍ, gegndi áfram hlutverki fjármálastjóra og Eyrún Björk Valsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar ASÍ/MFA, gegndi hlutverki starfsmannastjóra. Starfsemin á skrifstofu ASÍ markaðist á tímabilinu einkum af þeim viðfangsefnum sem fjallað er um í þessari skýrslu. Því til viðbótar komu fjölmörg mál til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga, útreikninga og lög, auk hagfræðilegra úrlausnarefna af ýmsu tagi. Hrun fjármálakerfisins og sá gríðarlegi efnahagslegi samdráttur í kjölfar þess hefur sett mark sitt á starfið á árinu. Margvísleg upplýsingagjöf er mikill og vaxandi þáttur í starfsemi.

Starfsmenn á skrifstofu ASÍ 1. október 2010

Starfsmenn Alþýðusambands Íslands voru þann 1. október síðastliðinn sem hér segir: Ása Jónsdóttir gjaldkeri, Ástríður Andrésdóttir fulltrúi, Dalla Ólafsdóttir lögfræðingur, Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, Guðmundur Hilmarsson sérfræðingur, Berglind S. Guðnadóttir ræstitæknir, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar, Henný Hinz hagfræðingur, Ingibjörg Björnsdóttir matráðskona, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, Ingunn S. Þorsteinsdóttir hagfræðingur, Kristjana Birgisdóttir, verkefnisstjóri verðlagseftirlits, Magnús Norðdahl, lögfræðingur og deildarstjóri lögfræðideildar, María Haraldsdóttir bókari, Marianna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar ASÍ, Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningardeildar, Eyrún Björk Valsdóttir, fræðslufulltrúi og deildarstjóri MFA – fræðsludeildar ASÍ, Sif Ólafsdóttir fulltrúi og Stefán Úlfarsson hagfræðingur.

Litlar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ársfundi en Ester Sveinbjörnsdóttir lét að eigin ósk af störfum á starfsárinu og var Kristjana Birgisdóttir ráðin í hennar stað.



Starfsendurhæfingarsjóður

Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem var upphaflega stofnuð af Alpýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í maí 2008. Í janúar 2009 var síðan undirrituð ný stofnskrá sjóðsins með aðkomu stéttarfélaga og atvinnurekenda á opinberum vinnumarkaði. Sjóðurinn byggir á samkomulagi um nýtt fyrirkomulag starfsendurhæfingar í kjarasamningum á vinnumarkaði á árinu 2008.

Stofnaðilar Starfsendurhæfingarsjóðs eru:

- Alpýðusamband Ísland
- Samtök atvinnulífsins
- Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
- Bandalag háskólamanna
- Kennarasamband Íslands
- Fjármálaráðherra
- Reykjavíkurborg
- Launanevnd sveitarfélaga

Starfsendurhæfingarsjóður hefur ákveðið að nota orðið VIRK yfir bæði starfsemi sína, nafn á heimasíðu og í ýmsu samhengi í útgefnu efni sjóðsins.

Heimasíða sjóðsins er þannig www.virk.is og kynningarbæklingur sjóðsins heitir „Verum virk“. Orðin *Starfsendurhæfingarsjóður* og *VIRK* eru því notuð jöfnum höndum í umfjöllun um sjóðinn hér á eftir.

Stjórn

Eftirtaldir menn skipa stjórn Starfsendurhæfingarsjóðs:

- Vilhjálmur Egilsson, formaður, frá SA
- Elín Björg Jónsdóttir, varaformaður, frá BSRB
- Hannes G. Sigurðsson, ritari, frá SA
- Ágústa Hlín Gústafsdóttir, meðstjórnandi, frá fjármálaráðuneyti
- Finnbjörn A. Hermannsson, meðstjórnandi, frá ASÍ
- Gylfi Arnbjörnsson, meðstjórnandi, frá ASÍ
- Guðlaug Kristjánsdóttir, meðstjórnandi, frá BHM og KÍ
- Inga Rún Ólafsdóttir, meðstjórnandi, frá LN og RVK
- Ingibjörg R Guðmundsdóttir, meðstjórnandi, frá LÍV
- Sigurður Bessason, meðstjórnandi, frá ASÍ
- Sólveig Pétursdóttir, meðstjórnandi, frá SA
- Þóra Hallgrímsdóttir, meðstjórnandi, frá SA

Varamenn í stjórn eru eftirfarandi:

- Álfheiður M. Sívertsen, frá SA
- Eiríkur Jónsson, frá KÍ og BHM
- Halldór Árnason, frá SA
- Hallur Páll Jónsson, frá RVK og LN
- Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, frá ASÍ
- Kristín Guðmundsdóttir, frá BSRB
- Níels Sigurður Olgeirsson, frá ASÍ
- Soffía Gísladóttir, frá fjármálaráðuneyti

Innan stjórnar starfar síðan 6 manna framkvæmdastjórn sem fundar einu sinni í mánuði og hefur umboð til að starfa með framkvæmdastjóra að daglegum rekstri sjóðsins.

Hlutverk og meginverkefni

Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs samkvæmt skipulagsskrá er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum.

Meginverkefni Starfsendurhæfingarsjóðs eru að;

- skipuleggja störf ráðgjafa, sem starfa á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna, og aðstoða þá sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda. Starfsendurhæfingarsjóður greiðir kostnað af störfum ráðgjafanna, hefur umsjón og eftirlit með starfi þeirra og veitir þeim faglegan stuðning. Sérstök áhersla er lögð á snemmbært inngríp og fjölpætt starfsendurhæfingarúrræði;
- greiða kostnað af ráðgjöf ýmissa fagaðila, s.s. lækna, sálfræðinga, iðjuþjálfara, sjúkrapjálfa, félagsráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa o.s.frv., vegna mótunar sérstakrar einstaklingsbundinnar endurhæfingaráætlunar;
- greiða kostnað við úrræði og endurhæfingu til að auka vinnugetuna til viðbótar því sem þegar er veitt af almennri heilbrigðisþjónustu í landinu.

Önnur verkefni Starfsendurhæfingarsjóðs eru að;

- stuðla að aukinni fjölbreytni og framboði úrræða í starfsendurhæfingu;
- byggja upp og stuðla að samstarfi allra þeirra aðila sem koma að starfsendurhæfingu;
- hafa áhrif á viðhorf og athafnir í samfélaginu sem stuðla að aukinni virkni einstaklinga;
- styðja við rannsóknir og þróunarvinnu á sviði starfsendurhæfingar.

Skrifstofa og starfsmenn

Sjóðurinn er til húsa að Sætúni 1 í Reykjavík. Starfsmenn á skrifstofu sjóðsins eru eftirfarandi:

- Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri
- Ása Dóra Konráðsdóttir
- Guðbjörg Róbertsdóttir
- Ingibjörg Þórhallsdóttir
- Kamilla Gísladóttir
- Sigurður Þ. Sigursteinsson
- Svava Jónsdóttir
- Soffía Vernharðsdóttir
- Þorsteinn Sveinsson

Verkefni starfsmanna og sérfræðinga á skrifstofu Starfsendurhæfingarsjóðs felast aðallega í stjórnun, fjármálastjórnun og uppbyggingu starfseminnar og faglegum stuðningi við ráðgjafa á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna. Aðalstarfsemi á vegum sjóðsins fer hins vegar fram hjá ráðgjöfum sjúkrasjóða stéttarféлага um allt land og hjá endurhæfingaraðilum sem kostaðir eru af Starfsendurhæfingarsjóði og starfa með þeim einstaklingum sem þurfa á ráðgjöf og endurhæfingu að halda.

Verkefni og áherslur sjóðsins hafa ráðið uppbyggingu og ákvörðunum um ráðningar á starfsmönnum til sjóðsins. Hjá sjóðnum þarf að starfa mjög öflugt þverfaglegt teymi sem getur bæði haldið utan um ráðgjafa um allt land og veitt þeim faglegan stuðning og getur einnig byggt upp starfsemi sjóðsins til framtíðar og tryggt það að sjóðurinn hafi forgöngu um að þróa og auka þekkingu og reynslu í starfsendurhæfingu hér á landi.

Gildi starfsmanna

Starfsmenn VIRK hafa mótað sér gildi sem eru leiðarljós þeirra við dagleg störf. Sameiginleg gildi starfsmanna og menning á vinnustað móta breytni, ákvarðanatöku, samskipti og vinnubrögð. Þau tryggja samræmi í daglegum störfum og stýra viðhorfum og nálgun starfsmanna að verkefnum. Gildin styðja jafnframt við hlutverk, stefnu og framtíðarsýn VIRK.

Gildi starfsmanna VIRK eru eftirfarandi:

Fagmennska

- Við búum yfir þekkingu, færni og reynslu.
- Við erum áreiðanleg.
- Við leggjum áherslu á trúnað, öryggi og traust.

Virðing

- Við berum virðingu fyrir sjálfum okkur og samferðafólki okkar.
- Við leggjum áherslu á samvinnu og samstarf í öllum verkefnum.
- Við erum sveigjanleg.
- Við leggjum áherslu á umburðarlyndi og auðmýkt.

Metnaður

- Við höfum kraft og hugrekki til að fara nýjar leiðir.
- Við sýnum frumkvæði og framsækni.
- Við lærum af reynslunni og viljum stöðugt gera betur.

Stefna og áætlanir

Sjóðurinn hefur mótað sér stefnur, starfsreglur og áætlanir í ýmsum málum. Hér er talið upp það helsta, en allar þessar stefnur og áætlanir er að finna á heimasíðu sjóðsins www.virk.is:

- **Starfsáætlun fyrir hvert ár.** Gerð er sundurliðuð starfsáætlun fyrir hvert ár og er hún uppfærð ársfjórðungslega á fundum starfsmanna.
- **Innkaupastefna** hefur verið mótuð og samþykkt af stjórn.

- **Upplýsingaöryggisstefna** hefur verið mótuð og samþykkt af stjórn. Einnig hefur verið útbúið handbók fyrir starfsmenn á grundvelli þessarar stefnu.
 - **Framtíðarsýn og stefna um starfsendurhæfingu á vinnustöðum** hefur verið mótuð og samþykkt af stjórn sjóðsins. Þar eru sett fram markmið til lengri og skemmri tíma og skilgreindar leiðir að hverju markmiði.
 - **Vinnuferlar og verklagsreglur ráðgjafa** í ýmsum verkefnum hafa verið mótaðar og eru stöðugt í þróun hjá sjóðnum. Umfjöllun um ýmis verkfæri og vinnuferla Starfsendurhæfingarsjóðs er að finna í grein Ásu Dóru Konráðsdóttur sérfræðings í þessu riti.
 - **Reglur um úthlutun styrkja vegna rannsóknarverkefna** hafa verið mótaðar og samþykktar af stjórn sjóðsins.
- Reglur um styrki til uppbyggingar- og þróunarverkefna** hafa verið mótaðar og samþykktar af stjórn sjóðsins.

Samningar við stéttarfélög um allt land

Fyrri hluta ársins 2009 var gengið frá samningum um starf/störf ráðgjafa við flest stéttarfélög eða samtök stéttarfélaganna um allt land. Um er að ræða nokkuð ítarlega samninga þar sem ábyrgð og skyldur samningsaðila eru skilgreindar og kveðið er á um greiðslur og eðli þjónustunnar. Stéttarfélögin eða sjúkra-/styrktarsjóðir stéttarfélaganna bera ábyrgð á ráðningu ráðgjafa og taka að sér að veita þá þjónustu sem skilgreind er í samningnum en VIRK sér um að móta vinnureglur og verkfæri ráðgjafanna; ráðgjafarnir þurfa að uppfylla kröfur VIRK hvað varðar þekkingu, hæfni og veitta þjónustu. VIRK ber ennfremur ábyrgð á fræðslu og símenntun ráðgjafanna.

Í eftirfarandi töflu eru talin upp þau félög/samtök sem hafa gert samning við Starfsendurhæfingarsjóð:

Alls er um að ræða samninga um 18,5 stöðugildi ráðgjafa og hafa 22 einstaklingar verið ráðnir í þessi stöðugildi.

Stærstu félögin, VR og Efling, hafa sína eigin ráðgjafa og það sama á við um heildarsamtök stéttarfélaganna eins og BSRB. Minni félög hafa sameinast um ráðgjafastöðurnar og á landsbyggðinni er yfirleitt einn ráðgjafi starfandi fyrir öll þau stéttarfélög sem eiga félagsmenn á svæðinu. Þannig geta allir launamenn sem búsettir eru á Suðurlandi leitað til ráðgjafans á Suðurlandi óháð því hvaða stéttarfélagi þeir tilheyra.

Í upphafi var miðað við að eitt stöðugildi ráðgjafa væri fyrir hverja 10 þúsund félagsmenn stéttarfélaganna. Síðan hefur einnig verið tekið mið af öðrum þáttum við mat á umfangi, s.s. fjölda félaga, mismunandi hópa félagsmanna

Félag/Félög/Samtök	Fj. stg. ráðgjafa	Landshluti
VR	3	Höfuðborgarsvæðið
Efling og Hlíf	2	
Rafiðnaðarsamband Íslands	1	
Félag vélstj. og málmæknimanna		
Matvís		
Félag hársnyrtisveina		
Mjólkurfræðingafélag Íslands		
Fagfélagið	1	
Félag bókagerðarmanna		
Félag iðn- og tæknigreina		
Félag leiðsögumanna		
Flugfreyjufélag Íslands		
Verkstjórasamband Íslands		
BSRB	2	
BHM, KÍ og SSF	1	
Stéttarfélag á Akranesi	0,5	Akranes
Stéttarfélag í Borgarnesi og Snæfellsnesi	0,5	Borgarnes og Snæfellsnes
Stéttarfélag á Vestfjörðum	0,5	Vestfirðir
Stéttarfélag á Norðurlandi vestra	0,5	Norðurland vestra
Stéttarfélag á Norðurlandi eystra	3	Eyjafjarðarsvæðið og Þingeyjarsýslur
Stéttarfélag á Austurlandi	1	Austurland
Stéttarfélag á Suðurlandi	1	Suðurland
Stéttarfélag í Vestmannaeyjum	0,5	Vestmannaeyjar
Stéttarfélag á Reykjanesi	1	Reykjanes

og fjarlægðir á landsbyggðinni. Fljótlega eftir að ráðgjafarnir hófu störf kom í ljós að á sumum stöðum var umfangið meira en ráðgjafarnir gátu annað og þar hefur ráðgjöfum verið fjölgað. Eftir á að koma í ljós hvernig starfið þróast en líklegt er að bæta þurfi við ráðgjöfum sums staðar þegar byrjað verður að veita örorkulífeyrisþegum lífeyrissjóðanna þjónustu.

Ráðgjafar

Nú eru starfandi 22 ráðgjafar hjá stéttarfélögum um allt land í 18,5 stöðugildum. Óhætt er að segja að stéttarfélög um allt land hafi lagt mikla vinnu og metnað í að vinna við uppbyggingu þjónustunnar og finna mjög hæfa ráðgjafa sem flestir hafa víðtæka þekkingu og reynslu til að takast á við þetta mikilvæga og flókna starf. Flestir ráðgjafanna tóku til starfa á haustmánuðum 2009 en örfáir hófu störf fyrr og tóku þátt í tilraunaverkefni á fyrri hluta árs 2009. Þá voru vinnuferlar og tæki í mótun og þróun. Í upphafi árs 2010 bættust síðan fleiri ráðgjafar í hópinn en þá var ráðgjöfum hjá VR, Eflingu, iðnaðarmannafélögum á höfuðborgarsvæðinu og hjá stéttarfélögum á Akureyri fjölgað.

Vinnuaðferðir ráðgjafa

Ráðgjafar nota verkfæri í starfi sínu sem hafa verið þróuð hjá VIRK og að hluta í samstarfi við opinbera aðila í tengslum við nýtt starfshæfnismat. Um er að ræða gátlista, samtalsramma og verkefnablöð sem hafa þann tilgang að greina stöðu einstaklings, finna styrkleika hans og lágmarka þá farartálma sem eru á vegi fullrar þátttöku á vinnumarkaði. Þessi verkfæri eru í stöðugri þróun hjá sérfræðingum VIRK með virkri þátttöku ráðgjafanna. Auk þessa eru til staðar ákveðnar vinnureglur miðaðar við fjölþættar aðstæður einstaklinga, skráningu gagna, kaup á þjónustu/úrræðum og margt fleira. Hver ráðgjafi hefur ákveðinn sérfræðing hjá VIRK sem tengilið og funda þeir reglulega um framgang mála.

Við upphaf starfs fá ráðgjafar í hendur leiðbeiningar, handbækur og ýmis gögn auk þess sem þeir fá bæði fræðslu og handleiðslu við notkun vinnuferla og tækja. Ráðgjafarnir hafa þannig nokkuð skýran ramma sem þeim ber að fara eftir en innan hans hafa þeir einnig tiltekið svigrúm.

Fræðsla og símenntun ráðgjafa

Mikil áhersla er lögð á fræðslu og símenntun fyrir ráðgjafa á vegum VIRK. Auk reglulegrar handleiðslu frá sérfræðingum VIRK koma allir ráðgjafar saman hjá VIRK einu sinni í mánuði og taka þátt í skipulagðri fræðslu. Að jafnaði tekur dagskrá hvers mánaðar einn dag en í upphafi fá ráðgjafar lengri þjálfun eða allt að einnar viku námskeið. Á fræðsludögum er fjallað um hugmyndafræði, vinnuferla, ráðgjafahlutverkið, verkfæri, réttindi og skyldur á vinnumarkaði, siðfræði og starfsaðferðir auk þess sem fræðslan tengist áhersluþáttum og þróun í starfi ráðgjafanna á hverjum tíma. Leiðbeinendur í fræðslunni hafa verið sérfræðingar VIRK, ráðgjafar sem hafa sérþekkingu á ákveðnu sviði og utanaðkomandi sérfræðingar. Þá hefur einnig reynst mjög mikilvægt að gefa ráðgjöfum góðan tíma í umræður um starfið og tækifæri til tengslamyndunar sín á milli.

VIRK hefur gert samning við kanadíska samtökin NIDMAR um notkun á 25 námskeiðum sem þeir hafa þróað og notað á undanförunum árum. Um er að ræða námskeið í starfsendurhæfingu með sérstakri áherslu á endurkomu í starf eða „Return to work“. Þessi námskeið eru kennd um allan heim og gefa góðan þekkingargrunn í faginu. Ráðgjöfum VIRK verður boðið upp á þessa fræðslu næstu 4 árin með reglulegu millibili. Í kjölfar þess geta ráðgjafar tekið alþjóðlegar gráður í „Disability Management“ og „Return to work“.

Fyrirkomulag þjónustu

Ráðgjafar hafa vinnustöðvar hjá stéttarfélagum eða sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarféлага og einstaklingar, sem koma í ráðgjöf, geta pantað þar tíma. Forsenda þjónustunnar er að til staðar sé heilsubrestur sem hefur áhrif á starfsgetu viðkomandi einstaklings. Allir á vinnumarkaði eiga rétt á þjónustu hjá ráðgjöfum séu þessar forsendur til staðar og það sama gildir um þá sem eru á dagpeningum hjá sjúkrasjóðum stéttarféлага eða eru í atvinnuleit og fá bætur frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Þegar gengið hefur verið frá aðild lífeyrissjóðanna að VIRK munu allir þeir sem rétt eiga á örorkulífeyri frá lífeyrissjóðunum eiga rétt á aðstoð.

Ráðgjafar veita þjónustu á sviði starfsendurhæfingar þar sem markmiðið er fyrst og fremst að aðstoða viðkomandi einstakling við að fara aftur í vinnu. Þjónustan er fjölbreytt og miðar að því að hvetja einstaklinginn til að nýta styrkleika sína og um leið að fækka þeim hindrunum sem koma í veg fyrir að hann geti verið virkur þátttakandi á vinnumarkaði. Hlutverk ráðgjafa er að halda utan um mál hvers einstaklings og hjálpa viðkomandi til að finna vænlegar leiðir. Ráðgjafinn er hins vegar ekki meðferðaraðili og ef ljóst er að einstaklingur þarf aðstoð sérfræðings á ákveðnu sviði þá er hann kallaður til. Ef einstaklingur þarf heilbrigðisþjónustu þá er honum vísað á hið opinbera heilbrigðiskerfi – oftast til síns heimilislæknis. Ráðgjafar stéttarfélaganna veita ekki heilbrigðisþjónustu og VIRK fjármagnar ekki þjónustu sem er veitt og kostuð af hinu opinbera heilbrigðiskerfi. Hins vegar er lögð mikil áhersla á gott samstarf við bæði heilbrigðis- og menntakerfið og sérstök áhersla er lögð á að byggja upp gott samstarf við heilsugæslustöðvar og heimilislækna um allt land.

Mjög gott samstarf hefur ennfremur verið milli sérfræðinga VIRK, ráðgjafa og sérfræðinga Tryggingastofnunar ríkisins m.a. vegna þróunar á matstækjum og umsjónar með starfsendurhæfingarátelunum.

Helstu þjónustubættir

Mikilvægasti þjónustubátturinn hjá VIRK er þjónusta ráðgjafanna. Þeir halda utan um mál einstaklingsins og leggja sig fram um að auka virkni hans og getu í samstarfi við fjölmarga aðra aðila. Ráðgjafar gera virkniáætlun með einstaklingnum og eiga við hann samtöl sem hafa þann tilgang að hvetja hann til aukinnar þátttöku. Mörgum nægir aðstoð ráðgjafans og nokkur viðtöl við hann duga til aukinnar virkni eða endurkomu til vinnu. Aðrir þurfa á meiri aðstoð að halda og þá eru kallaðir til sérfræðingar eða keypt nauðsynleg þjónusta eftir þörfum og aðstæðum hvers og eins.

Dæmi um slíka þjónustu eru:

- Tímar hjá sálfræðingi.
- Fjármálanámskeið.
- Námskeið eða önnur aðstoð til sjálfsstyrkingar.
- Líkamsrækt með stuðningi sérfræðinga.
- Þátttaka í greiðslu kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar sem hefur það að markmiði að auka vinnugetu viðkomandi.
- Næringarráðgjöf og ráðgjöf til heilsueflingar.
- Þjónusta iðjuþjálfara og félagsráðgjafa til að leysa úr sértækum vandamálum einstaklinga.
- Námskeið eða styttra nám til að auka möguleika á vinnumarkaði (sérstaklega fyrir þá sem ekki geta snúið aftur í sitt fyrra starf).
- Þjónusta starfsendurhæfingarstöðva sem bjóða upp á sérstakar starfsendurhæfingarátlanir sem byggja á aukinni menntun með stuðningi.
- Þjónusta sérhæfðs matsteymis til að meta vinnugetu og möguleika viðkomandi einstaklings.

Á árinu 2010 verður lögð meiri áhersla á kaup á úrræðum sem hafa beina tengingu við vinnumarkaðinn og er ætlað að aðstoða einstaklinga við að halda starfi sínu eða komast aftur í starf við hæfi.

Fjöldi einstaklinga sem hafa fengið þjónustu


Eins og áður hefur komið fram hófu flestir ráðgjafar störf á haustmánuðum 2009 og í byrjun árs 2010 bættust fleiri í hópinn. Ráðgjafarnir hafa síðan þurft að setja sig inn í starfið og kynna þjónustu sína bæði innan þeirra félaga, sem þeir starfa hjá, og eins á vinnustöðum félagsmanna. Starfsemin er því rétt að byrja að taka sín fyrstu skref og aðsókn að þjónustu ráðgjafa eykst með hverri viku.

Í lok ágúst 2010 höfðu um 1240 manns komið í viðtal til ráðgjafa. Af þeim eru nú um 770 í reglulegum viðtölum eða annarri þjónustu á vegum VIRK og töluverður hópur til viðbótar er í eftirfylgni og stuðningi þó ekki sé um regluleg viðtöl að ræða. Af þeim 1240, sem hafa leitað til ráðgjafa, eru um 60% konur og 40% karlar.

Ráðgjafar bjóða öllum einstaklingum, sem fá greidda dagpeninga frá sjúkraeða styrktarsjóðum stéttarfélaganna, upp á þjónustu og stærstur hluti þeirra sem koma til ráðgjafa hafa þaðan framfærslu sína. Töluverður hópur, sem er enn á launum hjá atvinnurekanda vegna veikinda, leitar einnig til ráðgjafa og er þá

Framfærsla við upphaf þjónustu

m.v. skráningu í ágúst 2010



yfirleitt um að ræða fólk sem á rétt á launagreiðslum í nokkra mánuði. Eins hafa leitað til ráðgjafa einstaklingar, sem eru á örorkulífeyri, og einstaklingar sem eru á endurhæfingarlífeyri. Ráðgjafar hafa þá aðstoðað viðkomandi við gerð og eftirfylgni endurhæfingaráætlunar. Sjá nánari upplýsingar um hvernig skjólstæðingar skiptast með hliðsjón af hvaðan framfærslan kemur í myndinni hér á eftir.

Árangur, gæðaeftirlit og viðhorf notenda

Ráðgjafar, starfsmenn VIRK og starfsmenn stéttarfélaganna hafa fengið mjög jákvæð viðbrögð frá félagsmönnum stéttarfélaganna við þjónustu ráðgjafanna og mörg dæmi eru um góðan árangur af starfi þeirra. Viðtöl hafa verið tekin við nokkra einstaklinga sem hafa náð árangri fyrir tilstuðlan ráðgjafa og þeirrar þjónustu sem boðið er upp á hjá VIRK. Þessi viðtöl eru mjög lýsandi um þjónustu sjóðsins og er þau að finna á heimasíðu VIRK, <http://virk.is/page/hvatning>.

Sé lítið til framtíðar er mikilvægt að gæði og árangur þjónustunnar séu mæld og skráð á kerfisbundinn og samræmdan hátt. Að þessu er unnið en það tekur tíma að koma upp nauðsynlegum ferlum og eftirliti til að gera þetta mögulegt. Áhersluþættir í þjónustu og gildi starfsmanna hafa nú þegar verið mótuð og nú er unnið að gerð formlegrar þjónustustefnu með mótuðum ferlum um

úrvinnslu kvartana og könnun á viðhorfum notenda. Einnig hefur verið ákvæðið að ráðgjafar fylgi eftir þeim einstaklingum, sem þeir hafa veitt þjónustu, og hafi samband við þá eftir tiltekinn tíma frá útskrift og staða viðkomandi athuguð. Upplýsingakerfi VIRK sér um að minna ráðgjafa á þessa eftirfylgni.

Í samningum við úrræðaaðila eru ákvæði er varða gæðaeftirlit VIRK með þeirri þjónustu sem veitt er. Sérfræðingar VIRK hafa fylgt eftir þessum samningum og fundað reglulega með þjónustuveitanda um gang mála og árangur úrræðisins. Í upplýsingakerfi VIRK eru enn fremur skráð öll úrræði, sem veitt eru, og unnið er að því að ráðgjafar skrái inn samræmdar upplýsingar um árangur mismunandi úrræða.

Starfshæfnismat og vinnuáðferðir

Hjá Starfsendurhæfingarsjóði hefur átt sér stað þróun á verkfærum og vinnuferlum sem hafa það að markmiði að meta getu og færni einstaklinga til virkrar þátttöku á vinnumarkaði, ásamt því að draga fram þau tækifæri, sem eru til staðar, og virkja og hvetja einstaklinga til dáða. Hér er um að ræða svokallað starfshæfnismat sem að hluta til hefur verið unnið í samstarfi við faghóp um matsaðferðir, sem settur var á laggirnar af opinberum aðilum, og hafði það hlutverk að koma með tillögur að leiðum í nýju starfshæfnismati. Skýrslu þessa faghóps er að finna á vef félagsmálaráðuneytisins. Stór hluti þeirra verkfæra, sem þar eru sett fram, hafa verið þróuð og prófuð af sérfræðingum Starfsendurhæfingarsjóðs og mynda grunn þess mats sem notað er hjá sjóðnum í dag. Áframhaldandi þróun þessara verkfæra og vinnuferla er ákaflega mikilvæg og leggur Starfsendurhæfingarsjóður mikla áherslu á að standa vel að þeirri vinnu í samvinnu við fjölmarga aðila bæði hérlendis og erlendis.

Kynning og útgáfa

Mikið kynningarstarf hefur farið fram hjá VIRK undanfarið ár. Starfsmenn VIRK og ráðgjafar um allt land hafa undirbúið og tekið þátt í kynningarstarfinu, haldið fjölda fyrirlestra, skrifað greinar, farið í viðtöl hjá fjölmiðlum og fleira. VIRK hefur einnig staðið fyrir útgáfu á eftirfarandi fræðsluefni:

- Kynningarbæklingurinn **Verum virk**. Þetta er almennur kynningarbæklingur um starfsemi VIRK sem dreift hefur verið um allt land. Bæklingurinn er líka til á ensku og heitir „Stay Active“.
- Fræðsluritið **Vinum saman**. Um er að ræða upplýsingar um árangursríka endurkomu til vinnu eftir veikindi og slys sem gagnast bæði stjórnendum og starfsmönnum í atvinnulífinu.
- Fræðsluritið **Úr veikindum í vinnu**. Þetta er bæklingur sem ráðgjafar

afhenda einstaklingum sem koma til þeirra í þjónustu. Í honum eru góð ráð er varða endurkomu til vinnu og tengsl við vinnustað í veikindum.

- **Ársrit VIRK.** Um er að ræða 64 síðna rit með bæði upplýsingum um starfsemi VIRK auk viðtala og ýmissa fræðigreina og fróðleiks um starfsendurhæfingu.

Heimasíða Starfsendurhæfingarsjóðs (www.virk.is) er í stöðugri þróun. Þar er að finna fjölbreyttan fróðleik, upplýsingar um starfsemi VIRK og um starfsendurhæfingarúrræði hér á landi. Á síðunni er einnig að finna ýmsar fræðigreinar og tengla í áhugaverðar síður. Notkun heimasíðunnar eykst stöðugt, innlit á hverjum degi eru um 120–150 að meðaltali, innlit í hverjum mánuði eru um 3000 og gestir í hverjum mánuði eru um 1200.

Samningar um úrræði og þjónustu

Hjá VIRK hafa verið mótuð stöðluð samningsdrög sem notuð eru í samningagerð við úrræðaaðila um allt land. Þessi samningsdrög innihalda m.a. ákvæði um innihald, umfang og framkvæmd þjónustu, kröfur til þjónustusala, upplýsingagjöf og eftirlit, skýrslur, eftirlit og árangur, samstarf auk almennra samningaákvæða, s.s. um markmið og tilgang, gildissvið, ábyrgð og tryggingar, þagnarskyldu og trúnað og gildistíma og uppsögn.

Mótaður hefur verið n.k. rammasamningur við sálfræðinga þar sem skilgreindar eru kröfur til þeirra auk þess sem þjónusturamminn er skilgreindur. Hins vegar var ákveðið að miða ekki viðfast verð í þessum samningi heldur þarf sérhversálfræðingur að bjóða fram þjónustu sína gegn ákveðnu verði. Ráðgjafar og sérfræðingar VIRK taka síðan ákvörðun um af hverjum þjónusta er keypt á grundvelli samningsins og þá er bæði tekið mið af verði og árangri viðkomandi. Á þriðja tug sálfræðinga hafa skráð sig á þennan samning og sífellt bætast fleiri við.

Auk þessa hafa verið undirritaðir formlegir samningar við ýmsa aðila um kaup á heilsu- og líkamsræktarþjónustu, kaup á námskeiðum og þjónustu á sviði fjármálaráðgjafar. Fleiri samningar eru í vinnslu.

Þjónusta og úrræði hafa einnig verið keypt án þess að fyrir liggi formlegir samningar en hér er yfirleitt um að ræða lítið umfang og þjónustu sem keypt er samkvæmt fyrirbyggjandi gjaldskrá.

Samstarf við atvinnulífið

Stjórn VIRK hefur samþykkt ákveðna framtíðarsýn og stefnu vegna starfsendurhæfingar á vinnustöðum. Helstu þættir hennar eru eftirfarandi:

- Að vinnustaðir á Íslandi leggi í starfsmannastefnu sinni áherslu á forvarnir, fjarvistastjórnun og viðbrögð við skammtíma- og langtíma fjarvistum vegna veikinda og slysa.
- Að stefna, athafnir og viðhorf á vinnustöðum stuðli að eflingu starfsendurhæfingar og aukinni virkni einstaklinga með skerta starfsgetu.
- Að viðhorf á vinnustöðum séu þannig að gert sé ráð fyrir að allir leiki ákveðið hlutverk í atvinnulífinu þrátt fyrir skerta starfsgetu af ólíkum ástæðum.

Starfsmenn VIRK og ráðgjafar um allt land hafa átt gott samstarf við vinnustaði – bæði með fræðslu fyrir starfsmenn og stjórnendur og vegna einstakra mála þar sem unnið er að því að bæta starfsgetu starfsmanna.

Það er hins vegar mjög mikilvægt að þróa áfram samstarf við vinnustaði um allt land með það í huga að þeir verði öflugir þátttakendur í því verkefni að koma fleirum, sem hafa skerta vinnugetu, til starfa. Hér þarf bæði að aðstoða stjórnendur við að mæta þörfum eigin starfsmanna sem og við að taka á móti nýjum starfsmönnum með skerta starfsgetu.

Rannsóknir og þróun

Eitt hlutverka VIRK samkvæmt skipulagsskrá er „að vinna að gagnaöflun, rannsóknum og þróun endurhæfingar og tryggja að framkvæmd þeirra verði sem árangursríkust“. Samþykktar hafa verið reglur um styrki bæði vegna rannsóknarverkefna og eins vegna þróunar- og uppbyggingarverkefna og er markmið þessara styrkveitinga að stuðla að þróun og frekari uppbyggingu á starfsendurhæfingu hér á landi. Framkvæmdastjórn tekur ákvörðun um styrkveitingar.

Sérfræðingar sjóðsins hafa lagt áherslu á að afla gagna og þekkingar á fyrirkomulagi starfsendurhæfingar í öðrum löndum og þá sérstaklega nágrannalöndum okkar ásamt Bretlandi, Kanada og Ástralíu. Í þessari gagnaöflun hafa komið fram margar góðar hugmyndir sem hafa nýst í þróun á starfshefningum, þróun starfsaðferða og áherslna og við útgáfu upplýsinga- og fræðslubæklinga á vegum sjóðsins.



Umsagnir um þingmál

Frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur, 5. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur þegar skilað umsögn um mál 112 um sama efni (sjá hér fyrir neðan). Þar leggur ASÍ til að frumvarpinu verði breytt í meðförum Alþingis og inn í það felldar heimildir til þess að framkalla þjóðaratkvæðagreiðslu með stuðningi tiltekins hlutfalls kosningabærra manna. Það frumvarp, sem nú er veitt umsögn um, gerir ráð fyrir slíkri framkvæmd og styður ASÍ þær hugmyndir en tekur að öðru leyti ekki afstöðu til málsins.

Þingsályktunartillaga um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11 mál.

Nýafstaðinn ársfundur ASÍ ályktaði um efnahags-, kjara- og atvinnumál þar sem m.a. var fjallað um ákvörðun umhverfisráðherra varðandi Suðvesturlínu og fleiri þætti sem áhrif geta haft á ákvarðanir um fjárfestingar og nýsköpun. Í ályktun ársfundarins um atvinnumál segir m.a:

Með stöðugleikasáttmálanum skuldbundu stjórnvöld sig til að greiða götu

þegar ákveðinna stórframkvæmda, s.s. álveranna í Straumsvík og í Helguvík. Með aðgerðum sínum á síðustu vikum hafa stjórnvöld hins vegar sett þessar framkvæmdir í uppnám. Slík framganga er óþolandi og er þess krafist að þau standi nú þegar við sitt.

Í ályktun fundarins um efnahags- og kjaramál segir m.a.:

Ársfundurinn krefst þess að ríkisstjórnin beiti sér af fullum þunga fyrir framgangi [Stöðugleika]sáttmálans og standi við gefin fyrirheit. Fundurinn lýsir yfir miklum vonbrigðum með vanefndir ríkisstjórnarinnar og telur það með öllu óásættanlegt að ráðherrar ríkisstjórnarinnar fari gegn sáttmálanum eins og umhverfisráðherra gerði með nýlegri ákvörðun sinni um Suðvesturlínu og komi þannig fjárfestingum og nýsköpun í frekara uppnám.

Alþýðusamband Íslands tekur því undir efni tillögunnar og mælir með samþykkt hennar.

Þingsályktunartillaga um stöðu minni hluthafa, 24. mál.

Alþýðusamband Íslands hvetur til þess að tillaga þessi verði samþykkt og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni. Í ljósi þess áfalls, sem fjármálakerfið varð fyrir og sem afhjúpaði fjölmarga veikleika þess, er brýnt að staða og hagsmunir minni hluthafa verði tryggðir við enduruppbyggingu þess.

Frumvarp um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, 69. mál.

Alþýðusamband Íslands styður mjög eindregið framgang þessa máls. Frumvarpið skapar ramma utan um frjálsa greiðsluaðlögunarsamninga þar sem tekið er heildstætt á öllum skuldum. Um leið og ASÍ fagnar því er vakin athygli á að sá hópur, sem ekki mun eiga kost á frjálsri greiðsluaðlögun vegna þess að hann er þegar kominn í veruleg vandræði eða stefnir í þau vegna skyndilegs tekjufalls, atvinnumissis o.fl., þarf að sæta mun flóknari, tímafrekari og dýrari meðferð en sá hópur sem njóta mun hagræðis 2.gr. frumvarpsins. ASÍ hvetur Alþingi til að flýta eins og kostur er endurskoðun á ákvæðum gjaldþrotalaga um greiðsluaðlögun og lögum um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðskulda og tryggja að þau lög nýtist þeim einstaklingum og heimilum sem veikast standa til að þau fái réttláta og sanngjarna meðferð í greiðsluvandræðum sínum.

Jafnframt eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

- a. Í 4.gr. er kveðið á um sjálfvirka greiðslujöfnun verðtryggðra lána og fagnar ASÍ þeirri tillögu en bendir á að í lögunum er ekki að finna sambærilega heimild til greiðslujöfnunar gengistryggðra lána og hvetur til þess að slík heimild verði tekin upp í lög.

- b. Leita þarf leiða til þess að ekki þurfi að þinglýsa skilmálabreytingum eða leita samþykkis annarra veðhafa fyrir henni. Ein leið gæti verið sú að breyta ákvæðum laga um verðtryggingu þ.a. að greiðslujöfnun yrði almennur og óaðskiljanlegur hluti verðtryggingarinnar sjálfrar og félli þannig undir almenn ákvæði viðkomandi skuldabréfs og þarfnæðist því ekki þinglýsingar.
- c. Skv. 6.gr. er veitt heimild til stofnunar heildsölubanka eins og nánar er útskýrt í ákvæðinu. ASÍ telur að tillaga þessi hafi ekki hlotið nægilega umræðu en um verulega stefnubreytingu er að ræða verði heimildin nýtt. ASÍ leggur jafnframt áherslu á að eigið fé Íbúðalánasjóðs sé betur varið til þess að standa undir auknu álagi vegna ráðstafana í þágu núverandi lántaka í greiðsluvandræðum og til þess að byggja undir almenna lánastafsemi sjóðsins.
- d. Í greinargerð með 2.gr. frumvarpsins er fjallað um heimildir til þess að binda láns samninga við launavísitölu og vísað til hugsunar á bak við ákvæði 2.gr. Þar er hvergi fjallað um að binda láns samninga við launavísitölu. ASÍ varar við því að taka upp verðtryggingu lána m.v. launavísitölu, almennt séð hækka laun meira en verðlag í formi þess að kaupmáttur landsmanna eykst yfir tíma. Lög in um greiðslujöfnun gera ráð fyrir að jafna greiðslubyrði lána með því að tryggja að greiðsluseðill hækki ekki meira en sem nemur greiðslujöfnunarvísitölu og mismunurinn lagður inn á sérstakan jöfnunarreikning sem síðan er greitt út af eftir ákveðnum reglum. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að tengja höfuðstól lána slíkri viðmiðun. Minna má á að 1995 var samsetningu lánskjaravísitölnnar breytt með því að fella út bæði launavísitölu og byggingavísitölu en fram til þess tíma voru lánin okkar að 2/3 hluta tengd launum.

Að lokum vekur ASÍ athygli á, að nauðsynlegt er að endurskoða reglugerð nr. 54/2001 þ.e. að þau úrræði sem Íbúðalánasjóður bíður, nýtist lántökum sjóðsins, óháð því hvort þeir eru komnir í vanskil eða ekki, sbr. m.a. 10.gr. reglugerðarinnar.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um nauðungarsölu, 90. mál.

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) styður mjög eindregið framgang þessa máls. ASÍ vekur athygli á því að ekki eru enn til staðar fullnægjandi réttarárræði fyrir þann hóp skuldara sem á í verulegum greiðslu- og afkomuvandræðum. Yfir stendur endurskoðun á 10. kafla gjaldþrotalaga (greiðsluaðlögun) og lögum um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðlána en þeirri vinnu mun

vonandi ljúka í nóvember og þá tekur við meðferð málsins á Alþingi. Frestun uppboða til loka janúar 2011 mun því að líkindum ekki duga.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, 102. mál.

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) styður framgang þessa máls og telur það mikilvægan áfanga að auknu lýðræði. ASÍ vill þó vekja athygli á að leita þarf leiða til þess að samþætta ákvæði kosningalaga og markmið jafnréttislaga nr. 10/2008 sem mæla sérstaklega fyrir um að á öllum sviðum samfélagsins skuli gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að kynjasamþættingu í ákvörðunum, vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla í samfélaginu og gæta þess sérstaklega að bæta stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu sbr. a-, b- og c-lið 1. gr. l. nr. 10/2008.

Frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur, 112. mál.

Alþýðusamband Íslands skilaði umsögn um málið þegar það var til umfjöllunar á 137. löggjafarþingi. Í henni kom fram að ASÍ telur að markmið þjóðaratkvæðagreiðslna sé og eigi að vera að veita þjóðinni vald til þess binda hendur löggjafar- og framkvæmdavaldsins. Þjóðaratkvæðagreiðsla eigi með öðrum orðum að vera bindandi en ekki leiðbeinandi og skapa frávik frá meginreglu hefðbundinnar stjórnskipunar um fulltrúalýðræði.

ASÍ studdi mjög eindregið frumvarp til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, sem flutt var af þeim Jóhönnu Sigurðardóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Birki J. Jónssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni á 136. löggjafarþingi. Málið náði ekki fram að ganga. Afstaða ASÍ er óbreytt og styður sambandið það mjög eindregið að stjórnskrá Íslands verði breytt þannig að beint og milliliðalaust lýðræði verði tekið upp hér á landi. Líta má á það frumvarp, sem nú er flutt, sem jákvætt skref í þá átt og styður ASÍ framgang þess.

Hvað efni frumvarpsins varðar að öðru leyti leggur ASÍ til að frumvarpinu verði breytt og inn í það felldar heimildir til þess að framkalla þjóðaratkvæðagreiðslu með stuðningi tiltekins hlutfalls kosningabærra manna og að niðurstaðan verði leiðbeinandi fyrir Alþingi með sama hætti og gert er ráð fyrir í 1. gr. frumvarpsins. Jafnframt er það mat ASÍ að tímamörk 1. mgr. 4. gr. séu of rúm.

Frumvarp til laga um stjórnlagabætur, 152. mál.

Alþýðusamband Íslands studdi mjög eindregið frumvarp til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 frá í mars 2009. Málið náði ekki fram að ganga.

Afstaða ASÍ er óbreytt og styður sambandið að lögum verði breytt þannig að beint og milliliðalaust lýðræði verði tekið upp hér á landi. Líta má á það frumvarp, sem nú er flutt sem jákvætt skref í þá átt, og styður ASÍ framgang þess. Alþýðusamband Ísland vill þó gera þá athugasemd varðandi 2.gr. að fulltrúum á stjórnlagabþingi verði fjölgað og að þeir verði á bilinu 60–70. ASÍ telur að með þeim hætti verði betur tryggð fjölbreytni þeirra fulltrúa og sjónarmiða sem þingið sitja.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Þingsályktunartillaga um úttekt á gjaldmiðilsmálum, 167. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um úttekt á gjaldmiðilsmálum, 167. mál.

Alþingi samþykkti á síðasta ári eftirfarandi þingsályktunartillögu:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning. Við undirbúning viðræðna og skipulag þeirra skal ríkisstjórnin fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram koma í álitni meiri hluta utanríkismálanefndar.

Í nefndarálitni meirihluta utanríkismálanefndar um þingsályktunartillöguna segir m.a.:

Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í báðum þingsályktunartillögum sem til umfjöllunar voru og gera ráð fyrir að Ísland leiti á fyrstu stigum viðræðna eftir sérstöku samkomulagi við ESB, og eftir atvikum evrópska seðlabankann, sem verið gæti stuðningur á næstu missirum við íslensku krónuna meðan á aðlögunarferli Íslands stæði. Slíkt gerði Íslandi síðan kleift að ganga inn í samstarf ESB á sviði efnahags- og peningamála (ERM II) og taka loks upp evruna.

Þetta er í samræmi við afstöðu Alþýðusambands Íslands en á ársfundi sambandsins haustið 2008 var ályktað um mikilvægi þess að Ísland sækti um aðild að Evrópusambandinu og stefndi að því að taka upp evru svo fljótt sem kostur væri.

Nú er þessi vinna hafin og Ísland búið að senda inn aðildarumsókn og allt bendir til þess að formlegar aðildarviðræður geti hafist fljótlega. Þetta mikilvæga mál er því í eðlilegum farvegi í samræmi við vilja ríkisstjórnarinnar og meirihluta Alþingis.

Alþýðusamband Íslands telur ekki þörf á sérstakri úttekt á gjaldmiðilsmálum og mælir gegn samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., 197. mál.

Alþýðusamband Íslands styður eindregið framangreint frumvarp og telur það vera mikilvægan þátt þess uppjörs sem nú fer fram í kjölfar efnahagshrunsins. Ljóst er réttarkerfið er og verður undir miklu álagi á næstu árum og brýnt að almenningur, sem bera mun kostnað hrunsins, verði ekki fyrir ónaúdsynlegum réttarspjöllum og tapi vegna þess álags.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Frumvarp um framhaldsfræðslu, 233. mál

Umsögn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu. Lagt fyrir 138. löggjafarþing 2009-2010.

Inngangur

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) vill í upphafi áréttta að það hefur lengi verið skoðun sambandsins að mikilvægt væri að setja sérstaka rammalöggjöf um framhaldsfræðslu (fullorðinsfræðslu). Nægir í því sambandi að benda á tillögur Verkefnisstjórnar um símenntun frá árinu 2004, sem ASÍ átti aðild að, og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði 17. febrúar 2008.

Frumvarpið felur í sér viðurkenningu á mikilvægi þess að fólk, sem komið er út á vinnumarkaðinn, hafi tækifæri til að auka þekkingu sína og færni, einkum að fólk með litla formlega viðurkennda menntun fái „annað tækifæri til náms“. Jafnframt felst í frumvarpinu viðurkenning á þörf launafólks og fyrirtækja fyrir eftir- og endurmenntun og nýsköpun til að mæta breyttum kröfum atvinnulífsins.

Frumvarp var unnið í ágætu samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Í frumvarpinu og athugasemdunum, sem með því fylgja, felst mikilvæg viðurkenning á því samstarfi sem aðilar vinnumarkaðarins hafa þróað með sér á sviði menntamála, á vettvangi heildarsamtakanna, í einstaka starfs- og atvinnugreinum og í samstarfi við fleiri aðila í símenntamiðstöðvunum. Í athugasemdunum segir m.a. (bls.6):

Við samningu frumvarpsins hefur m.a. verið leitast við að styðja við náðið og árangursríkt samstarf Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) í fræðslumálum sem hafa, í samstarfi við stjórnvöld, staðið fyrir rekstri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem hefur að mati aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda reynst vel. Þá munu starfsmenntamál opinberra starfsmanna verða meðal verkefna Fræðslusjóðs. Jafnframt hefur verið litið til þess hvernig starfsemi símenntunarmiðstöðva hefur þróast á liðnum árum en æskilegt er að tryggðar verði stöðugri undirstöður undir það mikilvæga starf

sem fram fer á þeirra vegum. Með starfsemi símenntunarmiðstöðvanna hefur áunnist mikilvæg reynsla sem er um margt undirstaða framhaldsfræðslustarfs í landinu og stefnumótunar á því sviði sem birtist m.a. í frumvarpi þessu.

Þá segir síðar í athugasemdunum (bls. 9):

Fræðslumiðstöðvar iðngreina hafa einnig gegnt mikilvægu hlutverki við þróun framhaldsfræðslu og raunfærnimats.

Almennt má segja að í athugasemdum með frumvarpinu sé gerð ágæt grein fyrir þróun framhaldsfræðslunnar á umliðnum árum og áratugum og því lyk-
ilhlutverki sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gegnt í því sambandi. Hér má þó áréttta enn frekar en gert er í athugasemdunum mikilvægi raunfærnimatsins sem úrræðis fyrir þá einstaklinga, sem þess njóta, og atvinnulífsins í heild. Með raunfærnimatinu er jafnframt byggð mikilvæg brú á milli starfsreynslu og menntunar sem sótt er í hinu óformlega skólakerfi/ framhaldsfræðslunni og skráðrar og skilgreindrar menntunar og einingamats í formlega skólakerfinu.

Alþýðusamband Íslands leggur ríka áherslu á að með lögum um framhaldsfræðslu verði réttur og möguleikar launafólks til menntunar eflidir og treystir frekar en nú er. Jafnframt verði mikilvægt hlutverk aðila vinnumarkaðarins staðfest og styrkt í þeim mikilvæga málaflokki sem framhaldsfræðslan, og þ.m.t. grunn-, endur- og eftirmenntun á vinnumarkaði, er fyrir einstaklingana, atvinnulífið og samfélagið allt.

Þegar fyrra frumvarp um framhaldsfræðslu var lagt fram á Alþingi í desember 2008 lagði ASÍ sérstaklega áherslu á tvennt:

1. Tryggt yrði að fjármunir til uppbyggingar og reksturs framhaldsfræðslu á almennum vinnumarkaði, eins og hún var skilgreind í frumvarpinu, yrðu ekki skertir með nýjum lögum frá því sem nú er. Var þar vísað til þess að lögin ættu að tryggja félagsmönnum í BSRB sambærilegan rétt og gildi um launafólk á almennum vinnumarkaði.

Með viðbótarframlagi til framhaldsfræðslu, sem koma á inn á næstu þremur árum, er komið til móts við þessi sjónarmið með ásættanlegum hætti.

2. Full sátt er um að aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) verði útvíkkuð þannig að Fræðslumiðstöðin þjóni einnig opinbera vinnumarkaðinum. Í því fellst að BSRB, fjármálaráðuneytið og sveitarfélögin verði aðilar að FA og að stofnunin þjóni markhópi laganna jafnt á opinbera sem almenna vinnumarkaðinum.

Vinna við þess breytingu er þegar hafin og er ekki ástæða til að ætla annað en að það mál verði til lykta leitt á næstunni í ágætu samkomulagi þeirra aðila sem málið varðar.

Jafnframt leggur ASÍ ríka áherslu á að samhliða afgreiðslu frumvarpsins á Alþingi verði gengið frá 5 ára þjónustusamningi við breytta Fræðslu-

miðstöð. Með því verða best tryggð þau markmið, sem getið er um hér að framan, og að sú reynsla og þekking, sem byggð hefur verið upp af hálfu aðila vinnumarkaðarins, nýtist í áframhaldandi uppbyggingu og þróun framhaldsfræðslu á vinnumarkaði.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því frumvarpi sem lagt var fram á Alþingi fyrir ári síðan. Helstu breytinguna er að finna í 5. og 12. gr. frumvarpsins. Í 5. gr. er setningu í upphafi greinarinnar breytt frá fyrri útgáfu frumvarpsins. Nú segir:

Framhaldsfræðslu skal miða við þarfir einstaklinga til virkrar þátttöku í samfélaginu, fyrirtækja og atvinnulífs.

Upphafsetningin í fyrra frumvarpi hljóðaði svo:

Framhaldsfræðslu skal miða við þarfir einstaklinga, fyrirtækja og atvinnulífs.

Jafnframt er hnykkt á þessari áherslubreytingu með því að flytja staflíð d í 2. gr. fram þannig að hann er nú staflíður a en þar segir:

að veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu,

Þessar breytingar eru í samræmi við þau sjónarmið sem núverandi menntamálaráðherra setti fram í umræðum um upphaflega frumvarpið. Ekki eru gerðar athugasemdir við þau sjónarmið sem þar búa að baki. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að breytingin felur í sér nokkra áherslubreytingu varðandi texta frumvarpsins. Af hálfu menntamálaráðuneytisins hefur verið áréttað að ekki er gert ráð fyrir að breytingin hafi áhrif á eða breyti fjármögnun og áherslum sem lagðar verða til grundvallar við úthlutun fjármuna til vinnumarkaðstengdrar framhaldsfræðslu frá fyrra frumvarpi. Þannig verði rekstur og fjármögnun framhaldsfræðslu fyrir hópa, sem standa utan vinnumarkaðar, áfram sérgreind.

Með nýrri 12. gr. er tekið upp hliðstætt ákvæði og er að finna í löggjöf um önnur menntunarsstig um markmið mats og eftirlits með gæðum fræðslustarfseminnar. Það er að mati ASÍ bæði eðlilegt og sjálfsagt.

Athugasemdir og ábendingar við nokkur efnisatriði frumvarpsins

Um leið og Alþýðusambandið tekur undir markmið og meginefni frumvarpsins og útfærslu í öllum aðalatriðum viljum við koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

2 gr.

Í d-lið segir:

d. *að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir*

aukna þekkingu og hæfni starfsmanna,

Það er ótvírætt skilningur ASÍ að hér sé verið að vísa til „annars tækifæris“ fólks á vinnumarkaði til að sækja sér frekari þekkingu en jafnframt möguleika einstaklinga á vinnumarkaði með formlega menntun á framhaldsskólastigi og fyrirtækja til að skipuleggja menntunarræði og þekkingaruppbyggingu sem ætlað er að mæta nýjum kröfum í atvinnulífinu.

3. gr.

Til að áréttta þann skilning sem fram kemur varðandi d-lið 2. gr. hér að framan er lagt til að a-liður 3. gr. verði svohljóðandi:

a. Framhaldsfræðsla: hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og færni og skipulögð er með hliðsjón af þessum þörfum.

Óbreytt nær greinin ekki alveg utan um það sem framhaldsfræðsla ætti að vera, þ.e. mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og færni. Þá er síðari hluti setningarinnar of takmarkandi.

Eftir framhaldsfræðsluleið stendur fólki á vinnumarkaði til boða leikskólaliðabré og félagsliðabré. Það nám er skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla en hægt er að stunda það með námi í símenntunarmiðstöðvum og hefur það reynst mjög vel.

Einnig er lögð áhersla á mikilvægi þess að stuðningur við endurmenntun iðnaðarmanna og annarra starfsmenntaðra verði ekki lakari eftir en áður. Bent skal á varðandi 10. gr. að gert er ráð fyrir því að við setningu laga um framhaldsfræðslu falli úr gildi lög um starfsmenntun í atvinnulífinu nr. 19/1992. Starfsmenntasjóður hefur reynst öflugur bakhjarl við þróun margra iðn- og starfsgreina.

5. gr.

Alþýðusamband Íslands áréttar það sem segir í 5. gr. og á alveg sérstaklega við þar sem segir:

Haft skal samráð við heildarsamtök launafólks og atvinnurekenda um framkvæmd laga þessara og er ráðherra heimilt að fela stofnunum eða félögum á þeirra vegum verkefni er tengjast framkvæmd þeirra, sbr. 15. gr.

Í því sambandi skal áréttað það sem segir hér að framan um þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

7. gr.

Vakin er sérstök athygli á e-lið 7. gr., þar sem fjallað er um viðurkenningu til fræðsluaðila í framhaldsfræðslu, um að mat verði lagt á eftirtalda þætti. Þar segir:

e. tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna.

Áréttað er mikilvægi þeirrar hugsunar, sem þarna býr að baki, um að framhaldsfræðslu beri að skipuleggja og framkvæma með það í huga að verið sé að þjónusta fullorðið fólk og að slíkt krefjist sérþekkingar og sérstakrar nálgunar.

8. gr.

Alþýðusambandið vekur sérstaka athygli á mikilvægi 8. gr. frumvarpsins. Reynslan hefur sýnt að náms- og starfsráðgjöf hefur mikið og vaxandi gildi fyrir einstaklinga á vinnumarkaði við að ákveða frekara nám. Þá er raunfærni mátið mikilvægt verkfæri til að efla og styrkja sjálfsmynd einstaklinga, ekki síst þá sem ekki hafa lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi.

Til samans eru náms- og starfsráðgjöfin og raunfærni mátið mikilvæg til að byggja brýr á milli framhaldsfræðslukerfisins og formlega skólakerfisins, bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi.

Jafnframt hefur reynslan kennt að mikilvægt er að byggja raunfærni mátið og hvernig unnið er með það gagnvart einstaklingunum eins og kostur er í samvinnu við fræðslustofnanir iðngreina/atvinnulífsins, þar sem þær eru til staðar.

10. gr.

Í samhengi við það sem áður hefur komið fram í athugasemdum við 2. og 3. gr. frumvarpsins áréttar ASÍ mikilvægi c-liðar 10. gr. um mikilvægi styrkja til nýsköpunar- og þróunarverkefna sem nýtist launafólki og fyrirtækjum ýmissa starfsgreina eins og starfsmenntasjóður hefur gert.

18. gr.

Mikilvægt er að hægt verði að undirbúa framkvæmd laganna sem best þannig að ekki komi til þess að rof eða seinkun verði á framkvæmd og stuðningi við framhaldsfræðslu. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar nk. Ljóst er að ef sú tímasetning á að halda reynir mikið á samráð og samstarf þeirra sem málið varðar til að yfirfærsla samkvæmt nýjum lögum geti gengið vel og áfallalaust fyrir sig. Það kallar m.a. á að undirbúningur varðandi verklag við úthlutun úr Fræðslusjóði geti hafist sem fyrst á nýju ári enda mikilvægt að þar verði vandað til verka um leið og byggt verði á þeirri reynslu sem fengist hefur m.a. með samningum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og menntamálaráðuneytisins og frá Starfsmenntaráði vegna úthlutana úr Starfsmenntasjóði.

Umsögn ASÍ um mál nr. 239, mál nr. 256 og mál nr. 257.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar eftirfarandi frumvörp; frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.), mál nr. 239, frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins, mál nr. 256, og frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta, mál nr. 257.

Alþýðusamband Íslands stóð ásamt, BSRB, BHM, KÍ, SSF, SA, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og ríkisstjórninni að gerð stöðugleikasáttmála síðastliðið sumar. Aðilar sáttmálans voru sammála um mikilvægi þess að ná jöfnuði í ríkisfjármálum sem allra fyrst. Slíkt yrði gert með aukinni tekjuöflun og samdrætti í útgjöldum.

Aðilar sáttmálans voru sammála um að hlutur tekjuöflunar í nauðsynlegum aðlögunaraðgerðum yrði ekki hærra hlutfall en 45% af heildaraðlöguninni yfir tímabilið 2009 til 2011. Það er mat Alþýðusambandsins að það reyni mjög á þetta hlutfall þegar á næsta ári.

Þegar unnið var að gerð stöðugleikasáttmálans var gert ráð fyrir að aðlögunarþörf ríkisfjármála væri 3,9% af VLF á næsta ári. Við endurskoðun á sameiginlegri efnahagsáætlun AGS og stjórnvalda í haust var aðlögunarþörf opinberra fjármála metin 5,5%. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir 6,9% aðlögun ríkisfjármála. Nefnt hefur verið að með þeim breytingum, sem nú er stefnt að á tekjuhlið ríkisfjármálanna, muni aðlögunin nema um 6,1% af VLF. Aðlögunin stefnir því í að vera 0,6% stigum meiri af VLF en sameiginleg efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS gerir ráð fyrir. Þessi munur jafngildir rúmum 8 milljörðum. Hluti skýringarinnar kann að liggja í því að annars vegar er verið að ræða um fjármál hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, og hins vegar ríkisfjármál. Ekkert bendir þó til að afkoma sveitarfélaganna sé að versna það mikið að það kalli á svo aukna aðlögun hjá ríkinu. ASÍ telur mikilvægt að aðlögunarþörfin verði yfirfarin áður en skattafrumvörpin verða lögfest. Reynist svigrúm til að draga úr aðlögun ríkisfjármála fyrir árið 2010 verði það svigrúm notað til að draga úr áformuðum skattahækkunum á almenning.

Frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.), 239. mál.

Í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs gerir Alþýðusamband Íslands ekki athugasemdir við frumvarpið.

Frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins, 256. mál.

Alþýðusamband Íslands fagnar því að efla eigi jöfnunarhlutverk tekjuskattskerfisins með upptöku þrepaskatts. Ávinningurinn af þrepaskattskerfi er tvíþættur; annars vegar eykst tekjujöfnun og hins vegar lækka jaðarskattar á

lægri tekjur. En jaðaráhrif skatta- og bótakerfanna eru mest á lægstu tekjurnar þar sem skerðingar barnabóta, vaxtabóta og bóta almannatrygginga hafa mest áhrif á þá tekjulægstu.

ASÍ telur mikilvægt að gerðar verði tvær efnislegar breytingar á framkomnum hugmyndum um þrepaskatt; að skattprósentan í lægsta skattþrepinu verði lækkuð um 1%-stig og að lögfest verði að tekjuviðmið skattþrepanna hækki í samræmi við neysluverðsvísitölu. Verði slík hækkun ekki lögfest er hætt við raunlækkun viðmiðunarfjárhæða. Gerist slíkt mun herra skattþrep leggjast á sífellt lægri rauntekjur. Um slíkt kerfi mun aldrei ríkja sátt.

Alþýðusamband Íslands mótmælir harðlega þeim breytingum sem felast í 15. gr. og 24. gr. frumvarpsins og miða að því að fella brott verðtryggingu persónuafsláttar og sérstaka 3.000 kr hækkun persónuafsláttar sem búið var að lögfesta og átti að koma til framkvæmda tekjuárið 2011. Báðar þessar hækkunarir eru komnar til vegna yfirlýsinga ríkisstjórna í tengslum við kjarasamninga ASÍ þar sem markmiðið var að bæta stöðu þeirra tekjulægstu. Rétt er að rifja upp að ASÍ hafði lengi barist fyrir því að fá aftur inn ákvæði um verðtryggingu persónuafsláttar enda hafði rýrnun persónuafsláttarins á árunum þar á undan bitnað hart á lágtekjufólki.

Benda má á að lágtekjufólk mun búa við þyngri skattbyrði af tekjuskatti á næsta ári þrátt fyrir að tekið verði upp þrepaskattskerfi en að óbreyttu skattkerfi. Slíkt er með öllu óásættanlegt.

Alþýðusamband Íslands leggst eindregið á móti því að sjómannaafsláttur verði feldur niður. Miðstjórn ASÍ hefur ályktað sérstaklega um afnám sjómannaafsláttarins eða eins og segir í ályktuninni:

Miðstjórn ASÍ mótmælir boðuðum breytingum á skattlagningu tekna sjómanna og bendir á að við gerð stöðugleikasáttmálans í vor var því heitið að ekki yrði „gripið til lagasetninga eða annarra stjórnvaldsáðgerða sem hafa bein áhrif á innihald kjarasamninga eða kollvarpa með öðrum hætti þeim grunni sem kjarasamningar byggja á“ eins og þar segir.

Frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta, 257. mál.

Í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs gerir Alþýðusamband Íslands ekki athugasemdir við frumvarpið.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, o.fl., 273 mál.

Umsögn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) um frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Inngangur

Í upphafi er rétt að taka fram að Alþýðusamband Íslands hefur gagnrýnt harðlega hvernig stadið var að gerð þessa frumvarps sem endurspeglast að nokkru í efni þess. Það hefur tíðkast um langt árabíl, óháð skipan ríkisstjórna eða því hvaða ráðherrar hafa farið með málefni vinnumarkaðarins, að leitað hefur verið eftir samráði við Alþýðusambandið og aðra aðila vinnumarkaðarins um mál er varða sérstaklega réttindamál launafólks og velferðarkerfið á vinnumarkaði. Jafnframt hafa allir aðilar, sem málið varðar, leitast við að ná sameiginlegri niðurstöðu sem sátt hefur verið um. Má í þessu sambandi nefna sem dæmi frá síðustu árum lög um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, lög um ábyrgðasjóð launa, lög um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, og lög um vinnumarkaðsaðgerðir. Er þá ótalin löggjöf sem sett hefur verið síðustu ár til að styrkja vinnumarkaðinn og koma í veg fyrir félagsleg undirboð. Má segja að hér hafi verið farin sú leið sem norræna vinnumarkaðsmódelið byggir á, þ.e. að leita sátta og semja um niðurstöðuna ef nokkur kostur er.

Atvinnuleysistryggingar eru eitt af hornsteinum réttindakerfis launafólks. Atvinnuleysistryggingum var upphaflega komið á fyrir baráttu verkalýðshreyfingarinnar eftir mikil átök og langt verkfall. Alla tíð síðan hefur verið viðurkennt að það réttindakerfi, sem þá var lagður grunnur að, yrði aðeins þróað og því breytt í góðri sátt við samtök launafólks. Enda ljóst að hagsmunir launafólks eru miklir og kostnaðurinn við kerfið greiddur af því og fyrirtækjunum í landinu. Af þessari braut var vikið við undirbúning breytinganna nú. Að vísu tókst á síðustu stundu að koma í veg fyrir alvarlegustu meinbugina á því frumvarpi sem félags- og tryggingamálaráðherra var með í undirbúningi. Eftir standa ýmis álitæfni og athugasemdir sem nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir.

Almennt

Almennt má segja um frumvarpið að þar er mikil áhersla lögð á eftirlit Vinnu-málastofnunar, refsheimildir og viðurlög. Það er skoðun Alþýðusambandsins að aðrir eigi ekki að taka atvinnuleysisbætur en atvinnuleitendur í virkri atvinnuleit sem uppfylla skilyrði laganna. Mikilvægt er hins vegar að nálgunin gagnvart atvinnuleitendum sé jákvæð og uppbyggileg enda ljóst að fyrir allan þorra fólks er mikið áfall að missa atvinnuna, sem ekki er á bætandi. Því á nálgunin gagnvart atvinnulausu fólki fyrst og fremst að vera með reglubundinni aðstoð og ráðgjöf og eðlilegum kröfum um skylduvirkni. Með slíkri nálgun greinist frá stærstur hluti þeirra einstaklinga sem eru að taka atvinnuleysisbætur á röngum forsendum. Þá er sjálfsagt að auka almennt eftirlit með og uppræta brotastarfsemi. Ofuráhersla frumvarpsins á eftirlit og viðurlög vekur

hins vegar ótta um að vegna skorts á mannafla og úrræðum treysti Vinnu-
málstofnun sér ekki til að vinna með þeim uppbyggilega og jákvæða hætti
sem lögin um vinnumarkaðsaðgerðir kveða á. En mikið hefur skort á í þeim
efnum síðustu mánuði eins og dæmin sanna.

Í annan stað er ljóst að þær breytingar, er snúa að skertum rétti námsmanna
til atvinnubóta í námshléum, og reglur varðandi heimild til að stunda nám
samlíða töku atvinnuleysisbóta eru umdeilanlegar og kalla á endurskoðun.

Í þriðja lagi eru þættir, er varða bráðabirgðaákvæði um greiðslu atvinnu-
leysisbóta á móti skertu starfshlutfalli, sem þarfnast lagfæringa.

1. Ríkari eftirlitsheimildir, auknar skyldur atvinnuleitenda, refsheimildir og viðurlög

Í frumvarpinu er að finna fjölmörg ákvæði er varða ríkari heimildir Vinnu-
málstofnunar til eftirlits og skyldur atvinnuleitenda til að mæta kröfum stofn-
unarinnar. Hér má nefna 1., 4., 6. og 11. gr. frumvarpsins.

Þá er í frumvarpinu að finna fjölmörg ákvæði er lúta að auknum refsheim-
ildum og harðari viðurlögum við brotum atvinnuleitenda gagnvart ákvæðum
um skylduvirkni og ranga upplýsingagjöf. Þannig er t.d. refsing vegna ítrek-
aðra brota að viðkomandi þarf að starfa í a.m.k. sex mánuði á vinnumarkaði
áður en hann öðlast rétt til atvinnuleysisbóta að nýju. Þá eru settar inn heim-
ildir til að halda eftir greiðslum vegna gruns um brot og álag vagna ofgreiddra
atvinnuleysisbóta hækkad. Sjá nánar 2., 3., 13., 17., 18., 19., 20., 21., 22., 23.
og 24. gr. frumvarpsins.

Alls er þannig með 15 greinum í frumvarpinu bætt við eða aukið við
heimildir Vinnuálastofnunar, skyldur atvinnuleitenda og viðurlög af fram-
greindum toga. Þó er það þannig samkvæmt núgildandi lögum að atvinnuleit-
endum er almennt skylt að taka þau störf, sem bjóðast, og greiðsla atvinnu-
leysisbóta er skilyrt því að atvinnuleitendur taki þátt í vinnumarkaðsúrræðum
sem Vinnuálastofnun ákveður. Jafnframt eru til staðar heimildir til að fella
atvinnuleitendur af bótum, setja þá á biðtíma eða svipta rétti til atvinnuleys-
isbóta ef um ítrekuð eða alvarleg brot er að ræða.

Sem dæmi má nefna að efni 1. gr. að frátöldum b-lið bætir engu við
heimildir núgildandi laga. Sama gildir um b-lið 4. og 6. gr. Í 17. til 24. gr. er
svo hert verulega á refsingum vegna brota gegn lögnum. Þar er sérstaklega
umhugsunarvert að gert er ráð fyrir að hafi einstaklingur einu sinni verið
úrskurðaður á biðtíma og brjóti hann síðan af sér að nýju öðlast hann ekki
rétt til atvinnuleysisbóta að nýju fyrr en eftir að hann hefur starfað í a.m.k.
sex mánuði á innlendum vinnumarkaði. Ekki er hægt að fullyrða hvaða afleið-
ingar þessi breyting muni hafa enda mun það ráðast af framkvæmdinni. Hins
vegar er ljóst að þær viðurlagaheimildir, sem eru í núgildandi lögum hvað

þetta varðar, hafa lítið sem ekkert verið nýttar að fullu og því vandséð hvað kallar á þessa breytingu. Jafnframt liggur fyrir að heimildin, sem nú er sóst eftir, er mjög vandmeðfarin.

2. Námsmenn: Bótaréttur í námshléum fellur niður – takmörkuð heimild til háskólanáms - geymdur bótatími lengist

Í 5. gr. segir að

„Sá sem hefur verið skráður í nám, sbr. c-lið 3. gr., á síðustu námsönn án þess að hafa sannanlega lokið náminu og hyggst halda námi áfram á næstu námsönn telst ekki vera í virkri atvinnuleit í námsleyfi samkvæmt kennslu- og/ eða námskrá hlutaðeigandi skóla. Hið sama gildir um námsmenn sem skipta um skóla milli námsanna eða fara milli skólastiga.“

Þetta þýðir í reynd að námsmenn, hvort sem um er að ræða nám á framhalds- eða háskólastigi eða að viðkomandi eru að flytjast á milli skólastiga, eiga ekki rétt til atvinnuleysisbóta. Hér vakna ýmis álitafni.

Spurningin er hvort það sé eðlilegt eða sanngjarnt að setja slík skilyrði ef námsmaður uppfyllir öll skilyrði laganna um að vera tryggður og í virkri atvinnuleit. Hér er mikilvægt að hafa í huga að ekki er aðeins um grundvallarspurningu að ræða heldur getur í mörgum tilfellum verið um fjölskyldufólk að ræða sem treystir á að framfæra sér með atvinnutekjum yfir sumarmánuðina. Ekki þarf að fjölýrða um möguleg áhrif þessarar breytingar á afkomu þeirra sem þær ná til.

Í 16. gr. frumvarpsins er að finna takmarkaða heimild til að stunda háskólanám á atvinnuleysisbótum. Þar segir: „Þrátt fyrir 1. mgr. er hinum tryggða heimilt að stunda nám á háskólastigi sem nemur að hámarki 10 ECTS-einingum á námsönn enda sé um svo lágt námshlutfall að ræða að námið telst ekki lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Umsækjandi um atvinnuleysisbætur skal leggja fram staðfestingu frá viðkomandi menntastofnun um námshlutfallið.“

Með þessari breytingu eru tekin af öll tvímæli um það að einstaklingar, sem sótt hafa nám samhliða vinnu, s.s. í kvöldskóla eða fjarnámi, umfram 10 ECTS einingar, eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum þótt þeir uppfylli öll önnur skilyrði laganna og þar með að vera í virkri atvinnuleit. Hugsunin með þessari breytingu er væntanlega sú að hvetja viðkomandi til að fara í fullt nám á lánnum hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Nokkuð sem ber að hvetja þá til sem möguleika hafa á. Vandinn hér hins vegar sá að þetta skilyrði getur líka í mörgum tilfellum hrakið fólk úr námi, þar sem það þarf að velja á milli námsins og réttarins til greiðslu atvinnuleysisbóta. Mjög margir á vinnumarkaði hafa á undanförunum árum verið að sækja sér aukna menntun með þátttöku í alls kyns námstilboðum sem byggja ákvöld- og helgarkennslu, fjarkennslu

o.s.frv. samhliða fullu starfi. Þrátt fyrir að viðkomandi nám sé lánshæft er nokkuð ljóst að viðkomandi einstaklingar gætu ekki framfleytt sér og sinni fjölskyldu á námslánum og verða því að velja milli þess að hætta í námi eða vera ótryggðir gagnvart atvinnuleysisvánni. Þetta er með öllu óásættanlegt, og ekki bætir úr skák sú breyting sem lögð er til með 5. gr. frumvarpsins. Virðast höfundarnir alls ekki hafa áttað sig á þessu samhengi.

Ákvæði 7. gr. um að geymdur bótaréttur námsmanna lengist úr 36 mánuðum í 72 mánuði er til bóta.

3. Bráðabirgðaákvæði um hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli

Í 25. gr. er kveðið á um að minnkun á starfshlutfalli þurfi að vera minnst 20% og hinn tryggði haldi minnst 50% starfshlutfalli til að ákvæðið eigi við. Ekki er gerð athugasemd við þessa breytingu.

Pá segir í sömu grein að laun og atvinnuleysisbætur mega samanlagt aldrei nema hærri upphæð en 521.318. Í athugasemdum með frumvarpinu er skýrt hvornig þessi upphæð er fundin. Hér skal aðeins bent á að hér er um nokkuð rausnarlegar greiðslur að ræða sé tekið mið af öðrum viðmiðunarfjárhæðum í lögum um atvinnuleysistryggingar, lögum um ábyrgðasjóð launa og lögum um fæðingarorlof. Þannig eru rökkin fyrir fjárhæðinni þau að miðað sé við að starfsmaður með 800.000 kr. á mánuði, sem þurfi að skerða starfshlutfall sitt um helming, fá óskertar hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á móti 400.000 kr. launum fyrir hálf t starf.

Hvað varðar heimild til beitingar þessa bráðabirgðaákvæðis hefur Alþýðusamband Íslands lagt áherslu á að sett yrði inn í lögina að umsókn um bætur þyrfti að fylgja yfirlýsing frá atvinnurekenda um að um tímabundna ráðstöfun væri að ræða (mest 6 mánuðir) sem fæli í sér tímabundna breytingu á ráðningarsamningi og að tímabilinu liðnu mundi fyrri ákvæði ráðningarsamnings um starfshlutfall taka gildi að nýju. Þá mundi upphaflegi ráðningarsamningurinn þegar taka gildi að nýju komi til uppsagnar starfsmanna á tímabilinu. Þannig yrðu tekin af öll tvímæli í þessum efnunum. Þessari ósk ASÍ var hafnað án skýringa.

Jafnframt hefur Alþýðusambandið bent á að nauðsynlegt væri að kveða á um það í lögunum að hlutabætur skv. bráðabirgðaákvæðinu skertu ekki bóta-tímabil atvinnuleysisbóta dag á móti degi heldur væri skerðingin hlutfallsleg. Að óbreyttu er staðan hins vegar sú að starfsmaður, sem t.d. hefur verið með skert starfshlutfall um 20% frá nóvember á síðasta ári og verður það fram á mitt næsta ár, hefur að þeim tíma liðnum nýtt helminginn af bótatímabili sínu sem er 3 ár. Missi þessi starfsmaður síðan vinnuna á hann í reynd aðeins eftir bótarétt í eitt og hálf t ár.

4. Tímaviðmiðunum breytt, ósamrýmanlegar tekjur og tekjur samhliða atvinnuleysisbótum, lágmark starfstíma á innlendum vinnumarkaði og greiðslur úr séreignarsjóði.

Alþýðusambandið hefur lengi verið þeirrar skoðunar að heimila ætti verkalýðshreyfingunni að tryggja félagsmönnum sínum viðbótarréttindi í atvinnuleysi, hvort heldur væri um að ræða lengingu á tekjutengda tímabilinu eða viðbót við grunnbætur. Í allflestum velferðarúrræðum vinnumarkaðarins hefur verkalýðshreyfingin ýmist sjálf eða með kjarasamningi við atvinnurekendur einmitt byggt viðbótarréttindi ofan á lög- og samningsbundinn lágmarksréttindi. Dæmi um þetta er lífeyrissjóðirnir á vinnumarkaði, bæði samtryggingarsjóðirnir á móti almannatryggingum og viðbótarlífeyrissréttindi, veikindaréttur til viðbótar við þau grunnréttindi sem ákvörðuð eru í lögum nr. 19/1979, starfsemi sjúkrasjóðanna, fræðslusjóðir stéttarfélaganna o.s.frv. Þrátt fyrir ýmis ákvæði um tekjutengingar hefur ekki verið komið í veg fyrir slík viðbótarréttindi með lögum, eins og í reynd er gert í lögnum um atvinnuleysistryggingar. Ljóst er að umfang atvinnuleysisins og líkurnar á því að það muni vara lengur nú en áður hefur þekkt, leiðir til þess að mikilvægt er að opna fyrir slíka möguleika því veruleg hættu er á að almenn fátækt fari vaxandi. Því eru ekki neinar efnisástæður til þess að meina verkalýðshreyfingunni að skapa slík viðbótarréttindi í atvinnuleysi. Ekki eru gerðar aðrar athugasemdir við framangreindar breytingar á lögnum.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraðra og lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum, 274 mál.

Hér á eftir fylgir umsögn Alþýðusambands Íslands um framangreint frumvarp.

Breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð

Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að hækka aldursviðmið örorkulífeyris úr 16 ára aldri í 18 ára aldur. Almennt höfum við Íslendingar miðað við þá skilgreiningu að virkur vinnumarkaðsaldur nái til aldurshópsins 16–70 ára. Á þessum forsendum er víða í lögum að finna ákvæði um réttindi þessa aldurshóps. Í lögum um skyldutryggingu lífeyrissréttinda er t.d. miðað við að tryggingaskylda m.a. vegna örorku sé frá 16 ára aldri og sama gildir um rétt til atvinnuleysistrygginga. Afleiðing þessa má einnig sjá í lögum um tekjuskatt en full skattskylda hefst við 16 ára aldur. Alþýðusambandið hefur talið mjög mikilvægt að allir á vinnumarkaði njóti sömu kjara og réttinda óháð þjóðerni, félagslegri stöðu eða aldri og setur sig því alfarið gegn þessari breytingu og telur hana með öllu órökstudda. Vilji stjórnvöld endurskoða stöðu ungs fólks

á aldrinum 16–18 ára sérstaklega veður það að tengjast heildarendurskoðun á stöðu þessa aldurs hóps bæði á vinnumarkaði, bótakerfi og tekjuskattskerfi en ekki grípa handahófskennt inn hér og þar án samræmdra markmiða eða reglna.

Í 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lengja heimild til greiðslu endurhæfingarlífeyris úr 18 mánuðum í allt að 36 og samhliða því forsendum þessa lífeyrisforms og tekjutengingum gagnvart öðrum bótakerfum. ASÍ hefur á undanförunum árum lagt mikla áherslu á endurskoðun örorkubótakerfisins með það að markmiði að efla hlut starfsendurhæfingar og markvissrar virknivæðingar þeirra sem missa starfsgetu og gætu þurft að reiða sig á varanlegar velferðarbætur. Við endurskoðun kjarasamninga í nóvember 2005 náðist samkomulag við þáverandi stjórnvöld að skipa sérstaka nefnd um endurskoðun örorkumatsins sem skilaði niðurstöðu vorið 2007 og í framhaldi af því var skipuð sérstök framkvæmdanefnd um að breyta gildandi lögum og reglugerðum í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar. Af ýmsum ástæðum dróst starf framkvæmdanefndarinnar á langinn, m.a. vegna efnahagshrunsins, en í sumar skilaði sérstakur vinnuhópur niðurstöðu um nýtt starfshæfnismat sem grundvöll að nýrri hugsun og aðferð við að meta umfang örorku og getu viðkomandi til að stunda launavinnu. Áður en framkvæmdanefndin fékk ráðrúm til að fjalla um þessa aðferð og endurskoða gildandi reglur um forsendur örorkumatsins var hún lögð af án þess að málið yrði sett í skilgreindan farveg svo vitað sé. Sú breyting, sem hér er lögð til, er afar takmörkuð og í reynd óséð hvernig hún á að geta leitt til markverðs árangurs.

Í 18. gr. laga um almannatryggingar segir t.d.: „Rétt til örorkulífeyris eiga þeir sem hafa verið búsettir á Íslandi, sbr. II. kafla, eru á aldrinum 16 til 67 ára og:

- a. hafa verið búsettir á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert er þeir tóku hér búsetu,
- b. eru metnir til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar.“

Vandséð er hvernig hægt er að taka þetta ákvæði úr sambandi gagnvart einstaka bótaþegum á grundvelli breytinganna á 7. gr. laganna um félagslega aðstoð, þar sem miðað er við allt annað bótahugtak en í fyrrgreindri lagagrein. Óljóst er hvað muni gerast ef bótaþegi hafnar þátttöku í endurhæfingu. Mun hann þá ekki eiga rétt á örorkulífeyri á grundvelli 18. gr. almannatryggingalaganna? Ef viðkomandi tekur þátt í endurhæfingu á grundvelli breytinganna á 7. gr. laganna um félagslega aðstoð og endurhæfist til 50% starfsgetu missir hann rétt á tekjutryggingu samkvæmt lögnum um almannatryggingar – sem í dag eru um kr. 140.000 á mánuði – en mun njóta réttar á 50% af örorkulífeyri (sem

er sama fjárhæð og grunnlífeyrir um kr. 29.000 á mánuði). Vandséð er að slíkt bótakerfi muni leiða til umtalsverð árangurs í endurhæfingu!

ASÍ tekur undir þau sjónarmið og markmið sem liggja að baki þessari tilöggu, telur það algjöra forsendu fyrir að einhver árangur verði af slíkum breytingum að heildarendurskoðun verði gerð á forsendum örorkumatsins sjálfs en ekki afmörkuðum þáttum í lögunum um félagslega aðstoð. Sú vinna var vel á veg komin og miður að starf framkvæmdanefndarinnar hafi verið lagt af og leggur til að því starfi verði þegar í stað hrundið af stað í nánu samráði við aðila vinnumarkaðarins og Öryrkjabandalag Íslands.

Breytingar á lögum um Ábyrgðasjóð launa

Alþýðusamband Íslands leggur ríka áherslu á að sú breyting, sem lögð er til í 14. gr. frumvarpsins, komi til framkvæmda. Hún er gerð í samráði við ASÍ og aðra aðila vinnumarkaðarins og ætlað að tryggja launafólki sömu réttindi í Ábyrgðasjóði launa og giltu fram á þetta ár.

Breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof

Miðstjórn ASÍ hefur fjallað um viðbótarsparnaðarkröfu sem gerð er á Fæðingarorlofssjóð vegna ársins 2010 upp á 1,2 milljarða kr. Það er skoðun ASÍ að með þessari sparnaðarkröfu, sem kemur til viðbótar því sem áður hefur verið ákveðið, sé með alvarlegum hætti vegið að því framsækna fæðingarorlofskerfi sem byggt hefur verið upp hér á landi frá árinu 2000; fyrirkomulagi sem hefur sýnt sig að vera mikilvægur grundvöllur réttinda barna til að vera samvistum við báða foreldra sinna, aukins jafnréttis á vinnumarkaði og möguleika beggja foreldra til að samræma atvinnuþátttöku og fjölskyldulíf. Jafnframt skal bent á að löggin voru á sínum tíma sett á grundvelli yfirlýsingar þáverandi ríkisstjórnar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Upphaflega löggjöfin og þær breytingar, sem síðan hafa orðið á lögunum, byggðu á samráði stjórnvalda og verkafólksheyringarinnar enda ljóst að hér er um að ræða mikilvægan hluta af réttindakerfi á vinnumarkaði.

Sparnaðarkrafan nú þýðir í reynd ríflega 10% frestun eða hreina skerðingu á réttindum úr sjóðnum og er þá ekki tekið tillit til hækkana fjárhæða sem hefðu átt að koma til framkvæmda um næstu áramót. Í þessu sambandi skal bent á að nú þegar er búið að skerða réttindi úr sjóðnum tvisvar sinnum síðan um síðustu áramót. Þann 1. janúar sl. var hámarksgreiðsla úr sjóðnum lækkuð úr 480.000 kr. í 400.000 kr. Þá var hámarkið aftur lækkað 1. júlí 2009. nú í 350.000 kr. Engar rannsóknir liggja fyrir vegna mögulegra áhrifa þeirra breytinga sem þegar hafa verið ákveðnar, hvorki félagslegra eða fjárhagslegra. Þá er vert að benda á að samkvæmt stöðugleikasáttmálanum, sem gerður var í júní 2009, var gert ráð fyrir að skerðing í velferðarkerfinu yrði ekki yfir 5%.

Í ljósi framanritaðs leggur ASÍ til að tillagan um frestun og frekari skerðingu greiðslna í fæðingarorlofi verði endurskoðuð og hún dregin til baka.¹

Breytingar á lögum um húsnæðismál

Alþýðusamband Íslands styður þá breytingu sem lögð er til með 20. gr. frumvarpsins. Verði þessi heimild nýtt er ljóst að hún mun væntanlega leiða til bættrar þjónustu við þann hóp sem þarf á hjúkrunarheimilum að halda. Þá er ljóst að uppbygging hjúkrunarheimila á næstu mánuðum og misserum getur orðið mikilvægt framlag til að bæta úr bágu atvinnustigi í byggingariðnaði sem hefur farið mjög illa út úr samdrætti síðustu mánaða og missera.

Frumvarp um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins, 277. mál.

Umsögn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) um frumvarp til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins, 277. mál. Lagt fyrir 138. löggjafarþing 2009–2010.

Hér verður látið duga að fjalla um þann þátt frumvarpsins sem varðar sérstaklega vinnumarkaðinn, vinnurétt og réttindi launafólks og kröfu verkalyðshreyfingarinnar um að leitað verði allra leiða til að koma í veg fyrir að frjáls þjónustuviðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu og lögleiðing þjónustutilskipunarinnar leiði til félagslegra undirboða á íslenskum vinnumarkaði. Um aðra þætti, s.s. er varða almannaðjónustu og þær ógnir sem að henni steðja, er einnig fjallað í meðfylgjandi umsögn og greinargerð Alþýðusambandsins um þjónustutilskipunina frá 22. janúar 2007.

Þá er rétt að fram komi að þrátt fyrir yfirlýsingar stjórnvalda á öllum stigum málsins hefur mjög skort á að haft hafi verið nægilegt samráð við verkalyðshreyfinguna vegnaundirbúnings frumvarpsins. Þá hafa ábendingar og athugasemdir Alþýðusambandsins verið að engu hafðar.

Helstu niðurstöður:

1. Vinnumarkaðurinn, réttindi launafólks og samskipti á vinnumarkaði

Alþýðusambandið bendir á að framsetning í 2. grein frumvarpsins þarf að vera mun skýrari og markvissari hvað varðar þá staðreynd að lögunum er

1. Hvað varðar útfærsluna á frestun eða skerðing fæðingarorlofs gengur 16. gr. frumvarpsins út á að foreldrar fresti einum af þremur mánuðum, sem þeir eiga sameiginlega, þar til barnið hefur ná 36 mánaða aldri (eða 36 mánuðum eftir að það kom inn á heimilið ef um frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur er að ræða) og hafi þá tvö næstu ár til að nýta réttinn. Einnig geta foreldrar tekið alla níu mánuðina strax en þá þannig að greiðslur fyrir 8 mánuði dreifast á mánuðina níu og greiðsla fyrir einn mánuð fellur þá alfarið niður.

Um framangreinda útfærslu má síðan segja að hún er einkar óskýrt fram sett og til þess fallin að valda misskilningi. Þá er ljóst að hún mun bitna illa á foreldrum og þá sérstaklega einstæðum foreldrum. Einnig virðist ekkert hafa verið litið til þess hvaða áhrif hún hefur varðandi kröfur á hendur sveitarfélaganna, hvort heldur litið er til þjónustu eða fjárútláta.

með engum hættiætlað að ná til vinnuréttar í víðasta skilningi og þar með-
kjara og annarra réttinda launafólks, sem starfar hér á landi um lengri eða
skemmri tíma, eða hafa áhrif á þær reglur sem gilda um samskipti á íslenskum
vinnumarkaði. Um það efni á önnur innlend löggjöf að gilda.

Í 2. gr., þar sem m.a. er talið upp um hvað reglur laganna gilda ekki, segir
í 8. tölulið:

*„8. vinnurétt, þ.m.t. réttinn til að semja um kjör og framfylgja kjarasam-
ningum, vinnuskilyrði, heilbrigði og öryggi á vinnustað, tengsl milli vinnuveit-
enda og starfsmanna, eða almannatryggingalöggjöf,“*

Í athugasemdum segir síðan um þetta atriði:

*„Samkvæmt 8. tölul. 4. mgr. fjalla lögin ekki um vinnurétt, þ.m.t. réttinn til
að semja um kjör og framfylgja kjarasamningum, vinnuskilyrði, heilbrigði og
öryggi á vinnustað, tengsl milli vinnuveitenda og starfsmanna eða almanna-
tryggingalöggjöf og er hér verið að innleiða 6. mgr. 1. gr. og síðari hluta 7.
mgr. 1. gr. þjónustutílskipunarinnar.“*

Í þjónustutílskipuninni sjálfri er fjallað mun ítarlegar um þetta efni og er
efni hennar um margt skýrara og afdráttarlausara en efni frumvarpsins. Í 1.
grein tilskipunarinnar segir í 6. tölul.²:

*6. This Directive does not affect labour law, that is any legal or contractual
provision concerning employment conditions, working conditions, includ-
ing health and safety at work and the relationship between employers and
workers, which Member States apply in accordance with national law which
respects Community law. Equally, this Directive does not affect the social
security legislation of the Member States.*

Þá segir í 7. tölul.:

*7. This Directive does not affect the exercise of fundamental rights as
recognised in the Member States and by Community law. Nor does it affect
the right to negotiate, conclude and enforce collective agreements and to take
industrial action in accordance with national law and practices which respect
Community law.*

Einnig má nefna að í 14., 86. og 87. tölulið inngangs tilskipunarinnar er
fjallað um framangreint efni, þar sem það er áréttað og skýrt frekar.

Lagt er til að efni frumvarpsins varðandi framangreindan þátt verði breytt
þannig að það komi skýrt og afdráttarlaust fram og verði hafið yfir allan vafa
að lögin gildi ekki um vinnurétt, þ.m.t. réttindi og skyldur launafólks sem hér
starfar um lengri eða skemmri tíma óháð því hvar staðfesta fyrirtækisins, sem
þeir starfa hjá, er. Í því sambandi mætti í athugasemdum, til frekari skýringa,
m.a. vísa til laga nr. 55/1980, laga nr. 139/2005 og laga nr. 45/2007. Jafnframt

2. Vegna ónákvæmni í þýðingu er hér stuðst við frumtexta tilskipunarinnar.

verði efni 7. töluliðar tilskipunarinnar komið skýrt til skila. Þetta gildir hvort tveggja um lagatextann sjálfan og athugasemdir með frumvarpinu.

2. Gerviverktakar

Alþýðusambandið hefur í umræðum um lögleiðingu þjónustutilskipunarinnar hér á landi allt frá upphafi, og reyndar löngu fyrr, lagt áherslu á að brugðist verði af festu við hættunni á svartri atvinnustarfsemi og gerviverktöku í tengslum við veitingu þjónustu yfir landamæri. Þessi afstaða ASÍ hefur m.a. ítrekað verið sett fram í viðræðum við utanríkisráðuneytið, félags- og tryggingamálaráðuneytið og viðskiptaráðuneytið. Þá hefur Alþýðusambandið í samstarfi við samtök atvinnurekenda beitt sér með ýmsum hætti í þessum efnum.

Lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja, sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands, og starfskjör starfsmanna þeirra (nr. 45/2007) og lög um starfsmannaleigur (nr. 139/2005) með síðari breytingum hafa að nokkru mætt framangreindum sjónarmiðum ASÍ. Þá er nú í smíðum frumvarp til laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum sem miklu skiptir verði það að lögum. Framangreindri löggjöf er þó einkum ætlað að tryggja kjör og réttindi launafólks og vinna gegn svartri atvinnustarfsemi.

Eftir stendur sú krafa ASÍ að fjallað verði heildstætt um hættuna á gerviverktöku í tengslum við þjónustuviðskipti yfir landamæri og við henni brugðist með fullnægjandi hætti. Er þá m.a. verið að vísa til hættunnar á því að erlendir þjónustuveitendur (þar með talið starfsmannaleigur) skrái starfsmenn sína sem verktaka og reyni með þeim hætti að koma sér undan því að virða íslenska löggjöf og kjarasamninga um réttindi og skyldur þeirra sem hjá þeim starfa. Hér er um raunverulega hættu að ræða eins og viðurkennt er í þjónustutilskipuninni sjálfri. Í 86. tölulið inngangs tilskipunarinnar segir um þetta efni m.a.:

(87) Neither should this Directive affect terms and conditions of employment in cases where the worker employed for the provision of a cross-border service is recruited in the Member State where the service is provided. Furthermore, this Directive should not affect the right for the Member State where the service is provided to determine the existence of an employment relationship and the distinction between self-employed persons and employed persons, including 'false self-employed persons'. In that respect the essential characteristic of an employment relationship within the meaning of Article 39 of the Treaty should be the fact that for a certain period of time a person provides services for and under the direction of another person in return for which he receives remuneration. Any activity which a person performs outside a relationship of subordination must be classified as

an activity pursued in a self-employed capacity for the purposes of Articles 43 and 49 of the Treaty.

Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar og athugasemdir Alþýðusambandsins við undirbúning lögleiðingar þjónustutílskipunarinnar hér á landi hefur óskum og ábendingum sambandsins í þessum efnum í engu verið sinnt. Það er því for-
taklaus krafa ASÍ að á þessu mikilvæga málið verði tekið samhlíða lögleið-
ingu þjónustutílskipunarinnar. Eðlilegast er að það verði gert í því frumvarpi
sem hér er til umfjöllunar.

Að lokum

Mikið liggur við að vandað verði til verka við lögleiðingu þjónustutílskip-
unarinnar hér á landi. Grundvallaratriði er að þess sé gætt, eins og kostur er,
að lögleiðing tilskipunarinnar raski í engu kjörum og réttindum launafólks
á íslenskum vinnumarkaði samkvæmt kjarasamningum og lögum eða þeim
reglum og venjum sem gilda í samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Af hálfu
Alþýðusambands Íslands er gerð sú skýlausa krafa að leitað verði allra leiða
til að koma í veg fyrir að þjónustuviðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu og
þjónustutílskipunin leiði til svartrar atvinnustarfsemi og gerviverktöku með
tilheyrandi undirboðum á vinnumarkaði.

Lagt er til að fyrirliggjandi frumvarp verði endurskoðað og endurbætt
í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem settar hafa verið fram hér að
framan. Í þeirri vinnu verði efni og framsetning í norskrí löggjöf um sama efni
skoðuð sérstaklega³.

Sjá einnig:

1. Umsögn Alþýðusambands Íslands um þjónustutílskipunina, dags. 22. janú-
ar 2007.
2. Greinargerð ASÍ um þjónustutílskipun Evrópusambandsins, dags, 22.
janúar 2007.

Þingsályktunartillaga um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 287. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsálykt-
unar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoð-
ar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 287. mál.

Ísland er að takast á við mikla efnahagserfiðleika sem að stórum hluta eiga
rætur sínar í óskynsamlegum ákvörðunum og/eða andvaraleysi aðila í íslensku

3. Sjá einnig greinargerð um þjónustutílskipunina og aðgerðir gegn félagslegum undirboðum sem unnin var af norsku
rannsóknarstofnuninni Fafo fyrir ríkisstjórnina þar á landi: <http://www.fafo.no/pub/rappr/10049/index.html>

efnahagslíffi, íslenskra stjórnvalda og hjá íslenskum eftirlitsstofnunum. Orðspor Íslands hefur því beðið hnekki og við sem þjóð höfum glatað trausti. Íslensk heimili líða fyrir þessa stöðu og ekki eru neinar auðveldar leiðir út úr vandanum. Krónan hefur glatað trausti og sama má segja um mat erlendra aðila á getu ríkissjóðs til að standa við erlendar skuldbindingar sínar. Þetta eru vandamál sem erfitt er að takast á við nema með utanaðkomandi aðstoð og því var leitað eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

ASÍ var því fylgjandi að leitað yrði eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eða eins og sagði í ályktun ársfundar ASÍ frá október 2008:

...ASÍ [styður] úmsókn stjórnvalda um aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í formi lánaþyrngreiðslu og ráðgjafar um mótun nýrrar efnahagsstefnu til næstu ára enda verði skilmálar sjóðsins ásettannlegir fyrir þjóðina. Slík aðgerð legði grunn að auknum trúverðugleika Íslands ...

Alþingi samþykkti síðan í desember 2008 tillögu til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Í athugasemdum með þingsályktuninni segir m.a.:

Í kjölfar bankahrunsins í byrjun október 2008 ákvað ríkisstjórnin eins og kunnugt er að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um fjárhagslega fyrirgreiðslu. Viðræður fulltrúa Íslands og sjóðsins um fyrirkomulag samstarfsins hafa staðið yfir um nokkurt skeið og unnin hefur verið ítarleg efnahagsáætlun með það að markmiði að koma á efnahagslegum stöðugleika að nýju...

Meginmarkmið efnahagsáætlunar ríkisstjórnarinnar eru í fyrsta lagi að endurvekja traust á íslenskum efnahag og ná stöðugu gengi krónunnar með markvissum og öflugum aðgerðum, í öðru lagi að styrkja stöðu ríkissjóðs og í þriðja lagi að endurreisa íslenskt bankakerfi.

Við erum enn að takast á við mikinn efnahagsvanda. Til að vinna bug á honum þurfum við m.a. að:

- koma jafnvægi á ríkisfjármálin þannig að standa megi vörð um velferðar- og menntakerfið til framtíðar;
- tryggja opinberum aðilum aðgang að erlendum lánnum til þess að endurfjármagna lán og koma þannig í veg fyrir að gjaldeyrisvaraforðinn klárast á næstu tveimur árum;
- tryggja aðgang að erlendum lánamörkuðum til að geta fjárfest í frekari verðmætasköpun til framtíðar;
- efla gjaldeyrisvaraforðann til þess að stuðla að sterkara gengi krónunnar og leggja þannig grunn að því að unnt verði að slaka á gjaldeyrishöftunum og lækka vexti.

Að mati ASÍ verður mun erfiðara að vinna að öllum þessum punktum án aðstoðar AGS. Hætt er við að komi til slita á samstarfinu kalli það á:

- Enn frekari niðurskurð hjá hinu opinbera.
- Opinberir aðilar gætu lent í því að geta ekki staðið við erlendar skuldbindingar sínar.
- Ekkert verði af fjárfestingum í stóriðju eða öðrum orkufrekari iðnaði þar sem ekki verður unnt að fjármagna nauðsynleg orkumannvirki.
- Krónan verði veikari en ella og því verði erfiðara að lækka vexti og slaka á gjaldeyrishöftunum.

Alþýðusamband Íslands telur því að þörfin fyrir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sé síst minni í dag en þegar óskað var eftir henni og þau rök, sem þá voru færð fyrir fram, séu enn í fullu gildi. ASÍ mælir því gegn samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 288. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 288. mál.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að horfið verði frá því að fyrirkomulag á vali stjórnarmanna í lífeyrissjóðum sé á forræði þeirra aðila sem að sjóðunnum standa og kveðið er á um í samþykktum hvers sjóðs. Um þennan þátt hafa aðilar vinnumarkaðarins, sem standa að sjóðum launafólks á almennum vinnumarkaði, gert með sér kjarasamning allt frá árinu 1969.

Alþýðusamband Íslands leggst gegn frumvarpinu, sem gengur þvert á ákvæði heildarkjarasamnings aðila vinnumarkaðarins um málefni lífeyrissjóðanna, og lítur á það sem alvarlegt inngrip í gildandi kjarasamninga. Jafnframt lýsir Alþýðusambandið yfir miklum efasemdum um að ákvæði frumvarpsins muni í reynd verða til þess að auka lýðræði í lífeyrissjóðunum sem breytingunum er ætlað að tryggja samkvæmt greinargerð frumvarpsins.

Í kjarasamningi aðila vinnumarkaðarins er kveðið á um að lífeyrissjóðir skuli starfræktir á stéttarfélagsgrundvelli og endurspeglar samningurinn þá áherslu að rekstur og gæsla lífeyrissjóða launafólks á almennum vinnumarkaði sé á sameiginlega ábyrgð atvinnurekenda og launafólks. Stjórnkerfi sjóðanna byggir á fulltrúalýðræði þar sem kjörnir fulltrúar þeirra samtaka, sem að sjóðunum standa kjósa stjórnarmennina en líkt og við gerð kjarasamninga ríkir jafnræði milli launafólks og atvinnurekenda. Aðilar vinnumarkaðarins eru og hafa verið bakhjarlar í uppbyggingu og þróun íslenska lífeyrissjóðakerfisins sem tryggt hefur að umfjöllun um þróun þess er nátengd þróun launa og annarra kjara. Hefur það fyrirkomulag reynst vel á undanföllum áratugum og

tryggt Íslendingum lífeyrissjóðakerfi í fremstu röð. Með því samkomulagi, sem undirritað var árið 1969 um stofnun og starfrækslu lífeyrissjóða fyrir allt launafólk í landinu, sýndu aðilar vinnumarkaðarins mikla framsýni og ábyrgð sem bætt hefur kjör lífeyrisþega til muna og komið í veg fyrir að lífeyrisbyrði komandi kynslóða verði velt yfir á sífellt minnkandi kynslóðir vinnandi fólks í framtíðinni.

Pingsályktunartillaga um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, 332. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, 332. mál.

Á ársfundi Alþýðusambandsins í október 2009 var samþykkt ályktun um atvinnumál undir heitinu *Öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni*. Í ályktuninni segir m.a.:

Ísland býr yfir miklum framtíðarmöguleikum og verðmætum við atvinnuuppbyggingu sem grundvallast á sjálfbærri nýtingu auðlinda okkar, afurða til lands og sjávar, hreinnar orku og náttúrunnar. Sama gildir um þann mannaúð sem í þjóðinni býr.

Með því að leggja áherslu á framangreinda þætti getum við byggt upp öflugt atvinnulíf til framtíðar á sjálfbærum grunni. Um leið erum við að bregðast með ábyrgum hætti við þeim ógnum sem steðja að náttúrunni og lífríkinu hér á landi og hnattrænt m.a. vegna loftslagsbreytinga. Ísland hefur möguleika á að verða grænt hagkerfi sem byggir á grænum störfum. Framtíðarsýn okkar í atvinnumálum byggð á grænum gildum verður að hvíla á traustum grunni. Þar skipta eftirtaldir þættir miklu:

- *Styrkja verður grunngerð samfélagsins, samgöngur, upplýsingaveitur og flutningskerfi raforku til að tryggja hagkvæma nýtingu hennar.*
- *Verð á orku á eftir að hækka umtalsvert á næstu árum og eftirspurn eftir endurnýjanlegri raforku margfaldast. Þrýstingur á aukna virkjun bæði fallvatna og jarðvarma mun aukast. Það er því mikilvægt að mótuð verði markviss stefna í auðlinda- og umhverfismálum á sjálfbærum grunni. Þannig má skapa skilyrði til að íslenskt samfélag verði á næstu áratugum að mestu sjálfbært á sviði orkunýtingar með því að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir hreina orkugjafa.*
- *Laða þarf fram meira samstarf á sviði rannsókna og tækniþróunar þvert á fræða- og fagsvið svo og yfir landamæri. Horfa þarf meira til skapandi greina, s.s. á sviði lista, hönnunar og margmiðlunar.*
- *Auka verður fjárfestingar í framleiðslutækni sem leiðir til minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda. Fyrir liggur að áhugi og vilji á alþjóðavísu*

til að fjárfesta í græna geiranum fer ört vaxandi. Ef rétt er að málum stað-
ið mun þetta leiða til nýsköpunar á mörgum sviðum. Tækifærin eru nánast
óþrjótandi, s.s. í orkuviðnáði, efna- og lífefnaináði og endurvinnslu.

- Nýta verður möguleika sem hefðbundnar greinar íslensks atvinnulífs, sjávarútvegur og landbúnaður, þ.m.t. garðyrkja og fullvinnsla afurða, eiga til að sækja fram á erlendum markaði á grundvelli hreinnar framleiðslutækni og grænna gilda. Sama gildir um ferðaþjónustuna sem býður upp á fjölbreytta þróunarmöguleika.
- Mikilvægt er að atvinnuuppbygging til framtíðar taki mið af þeim margbreytilegu kostum sem er að finna um land allt þar sem styrkleikar og möguleikar hvers svæðis og sköpunarkraftur íbúanna eru virkjaðir.
- Uppbygging atvinnulífs á sjálfbærum grunni og aðgerðir til að sporna við loftslagsbreytingum þýða margháttadar breytingar í atvinnulífinu. Störf munu tapast en í staðinn munu skapast fjölbreytt og áhugaverð störf á fjölmörgum sviðum. Setja verður fram skýra áætlun sem miðar að því að aðstoða fólk við að takast á við þessar breytingar með jákvæðum hætti. Aðlaga þarf menntakerfið að nýrri atvinnustefnu og skapa þannig ungu fólki tækifæri til að taka öflugan þátt í uppbyggingunni sem framundan er. Um leið þarf að vinna markvisst að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar og endurmenntunar fyrir fólk á vinnumarkaði þannig að það geti nýtt þau nýju tækifæri sem bjóðast. Mikilvægur liður í þessu er áætlunin um að eigi fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020.
- Við þær aðstæður sem nú ríkja í samfélaginu er afar mikilvægt að skapa ungu fólki trúverðug tækifæri í samræmi við menntun þess og framtíðarsýn sem eykur tiltrú og vilja til áframhaldandi búsetu á Íslandi. Markmiðið er að atvinnustarfsemin skapi góð störf á traustum grunni, atvinnu og hagsæld, og geti staðið undir öflugri velferðarsamfélagi að norrænni fyrirmynd.

Markmið þingsályktunartillögunnar falla vel að framangreindum áherslum ASÍ og mælir ASÍ því með samþykkt hennar.

Verði kjör til stjórna lífeyrissjóðanna með þeim hætti, sem boðað er í frumvarpinu, er með engu móti tryggt að allir hópar, sem að sjóðnum standa, eigi sér fulltrúa innan stjórnar. Þetta getur auðveldlega leitt til átaka milli einstakra hópa innan sjóðanna, s.s. mismunandi aldurshópa eða starfsstétta og jafnvel kynja, sem hafa oft á tíðum mjög misjafna hagsmuna að gæta. Stjórnarmenn yrðu samkvæmt frumvarpinu kjörnir sem einstaklingar inn í stjórnir sjóðanna en ekki sem fulltrúar fyrir ákveðinn hóp launamanna annars vegar og atvinnurekenda hins vegar. Með núverandi fyrirkomulagi er tryggt, með samkomulagi

þeirra aðila sem að sjóðnum standa, að sjónarmið allra hagsmunaaðila endurspeglast á ársfundi og inni í stjórn sjóðsins sem er nauðsynleg forsenda fyrir sæmilegri sátt innan þeirra. Þetta viðheldur sömuleiðis mikilvægum tengslum aðila vinnumarkaðarins við lífeyrissjóðakerfið sem tryggt hefur ábyrgð þeirra og íhlutun með viðhaldi og framgangi kerfisins á hverjum tíma. Þessi tengsl hafa skilað sér í því að hér á landi hefur verið byggt upp almennt samtryggingarkerfi með sjóðasöfnum þar sem öllum launamönnum er tryggður jafn aðgangur óháð þáttum eins og kyni, aldri, heilsufari og fjölskylduáðstæðum. Þetta er ekki sjálfgefið og hefur skapað vandamál hjá mörgum nágrannaþjóða okkar sem glíma nú við mikinn vanda vegna þungra lífeyrisbyrða sem að óbreyttu munu leggjast á komandi kynslóðir.

Í stórum lífeyrissjóðum fengju, samkvæmt þeim hugmyndum sem settar eru fram í frumvarpinu, hundruð þúsunda manna atkvæðisrétt út á það eitt að hafa einhverju sinni greitt inn til sjóðsins og flestir launamenn fengju að líkindum atkvæðisrétt í mörgum sjóðum. Þannig fengi einstaklingur, sem greiðir til ákveðins lífeyrissjóðs tímabundið um skamma hríð, sama atkvæðisrétt og sá sem greitt hefur lungann úr starfsævi sinni til sjóðsins og á þar megnið af lífeyrisréttindum sínum. Í ljósi þess að starfsleyfi lífeyrissjóðanna byggir á samblandi áfallinna réttinda og framtíðarréttinda sjóðfélaga, sem er grundvallarforsenda í sjóðasöfnunarkerfi, er sömuleiðis áleitið hvernig fyrirkomulag atkvæðisréttar skuli háttað í slíku kerfi til að tryggja að jafnræði sé með kynslóðum og starfshópum sem til sjóðsins greiða. Ef tilgangurinn er að auka lýðræði í sjóðunum er vandséð með hvaða hætti þær breytingar, sem frumvarpið boðar, muni stuðla að því.

Við þetta má einnig bæta að í stórum lífeyrissjóðum yrði bæði erfitt og kostnaðarsamt að koma kynningu á frambjóðendum til alls þess fjölda sjóðfélaga sem hefði atkvæðisrétt. Ljóst er að það útheimtir talverða fjárhagslega burði sem hlýtur að vekja spurningar um hvernig jafnræði og möguleikar sjóðfélaga til framboðs yrðu í reynd.

Alþýðusamband Íslands leggst því alfarið gegn þeim breytingum á fyrirkomulagi stjórnarkjörs í lífeyrissjóðum sem frumvarpið kveður á um. Með frumvarpinu er án alls samráðs hlutast til um skipulag sem grundvallast á frjálsum kjarasamningi milli aðila vinnumarkaðarins. Þessir aðilar munu, hér eftir sem hingað til, gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja rekstur og viðgang lífeyrissjóðakerfisins og því vekur það furðu að lagðar séu fram tillögur um slíkar grundvallarbreytingar án alls samráðs við þessa aðila. Lífeyrissjóðir almenna vinnumarkaðarins mynda þann hluta lífeyrissjóðakerfisins sem rekinn er á ábyrgan hátt og grundvallast á því að á hverjum tíma standi eignir undir skuldbindingum og vandanum sé ekki velt áfram á aðra hópa eða framtíðarkynslóðir. Staða lífeyrissjóða sem njóta bakábyrgðar opinberra aðila, sem

eru fyrst og fremst sjóðir opinberra starfsmenna, er hins vegar sú að íslenskir skattgreiðendur eru nú ábyrgir fyrir ríflega 500 milljarða króna skuldbindingu umfram eignir í þessum sjóðum. Réttara væri að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar einbeittu sé að því leysa þennan vanda í stað þess að ráðast að innviðum almennu lífeyrissjóðanna.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og fleiri lögum, 375. mál.

Alþýðusamband Íslands styður eindregið framgang þessa máls. Eftirfarandi athugasemd er þó gerð við efni frumvarpsins. Samkvæmt 1.gr. 1. nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda þau lög einungis um þá starfsmenn ríkisins sem gegna aðalstarfi í þágu þess. Í 3. kafla frumvarpsins er fjallað um breytingar á þeim lögum. Taka þarf af allan vafa um að þær mikilvægu breytingar, sem gerðar eru á lögum nr. 70/1996, taki til allra starfsmanna ríkisins en ekki einungis hluta þeirra.

Þingsályktunartillaga um að Ísland skapi sér afgerandi sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis, 383. mál.

Alþýðusamband Íslands styður afgreiðslu ályktunarinnar án breytinga. Það er álit ASÍ að mál þetta geti verið verðmætt framlag til uppbyggingar samfélagsins á næstu árum og geti stuðlað að því að Ísland endurheimti traust í samfélagi þjóðanna.

Frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla, 390. mál.

Alþýðusamband Íslands var kallað til umsagnar við undirbúnings þessa máls og styður afgreiðslu þess án breytinga. Það er álit ASÍ að eftir samþykkt þess gefist tækifæri til þess að skapa frið um skipan dómara en grafið hafði undan trausti almennings í þeim efnum á undanförunum árum.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Frumvarp til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána, 392. mál.

Alþýðusamband Íslands styður framangreint frumvarp. Nauðsynlegt er að meðferð einkamála, er varða lögmæti annarrar viðmiðunar í lánsviðskiptum en verðtryggingar og vaxta, verði flýtt svo sem varða má og að nauðungarsölu fari á meðan ekki fram á grundvelli þeirra.

Sú athugasemd er gerð við 2.gr. hvort notkun hugtaksins „dagsgengi“ geti gefið tilefni til ágreinings eða vafa í framkvæmd en hugtakið er nokkru þrengra en hugtakið „gengistrygging“.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991 (hópmálsókn), 393. mál.

Alþýðusamband Íslands er sammála því megingjónarmiði frumvarpsflytjenda að nauðsynlegt sé að réttarfarslöggjöf geymi sérstök ákvæði um hópmálsókn. Ekki er tekin efnisleg afstaða til einstakra greina frumvarpsins en á það bent að sum ákvæði þess eru mjög matskennd, sbr. t.d. b-lið 1.gr. um einsleitni og b-lið c-liðar 1.gr. um hvort úrræði sé heppilegt eða ekki en almennt verður að telja mikilvægt að lögin sjálf eða greinargerð með þeim veiti skýra leiðbeiningu um hvernig með skuli fara.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Frumvarp til laga um aðför og gjaldþrotaskipti (árangurslaust fjárnám), 447. mál.

Þær breytingar sem réttarfarsnefnd leggur til, eru flestar til bóta. ASÍ gerir einungis athugasemd við 19.gr. Þar er lagt til að hámark bóta vegna slita á vinnusamningi miðist við lög eða viðeigandi kjarasamning. Um rökstuðning er vísað til dóms Hæstaréttar frá 1991. Þar segir:

Með samningi 30.maí 1988 réð áfrýjandi sig framkvæmdastjóra hjá Goðgá hf. og hóf strax vinnu. Uppsagnarfræstur samkvæmt samningnum var 6 mánuðir. Hinn 22. júní 1988 fór félagið fram á greiðslustöðvun og var veitt heimild til hennar í tvo mánuði frá 23. júní. Þú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta að ósk stjórnar þess hinn 15. ágúst 1988. Óumdeilt er að áfrýjanda var sagt upp vinnu sinni vegna gjaldþrotsins. Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 getur búíð sagt upp samningi um leigu eða annað varanlegt réttarsamband með venjulegum eða sanngjörnum fresti, og gildir það, þótt þrotamaður hafi samið um lengri frest, nema samningi um lengri frest hafi verið þinglýst eða hann skráður hjá opinberum aðila með hliðstæðum hætti. Af gögnum málsins er ljóst, að framtíð félagsins var ótrygg, þegar ráðning áfrýjanda kom til. Með tilliti til þess og atvika að öðru leyti má telja 3 mánuði sanngjarnan uppsagnarfrest af hálfu búins, og réttur áfrýjanda til launa, sem honum svarar, er ekki vefengdur í málinu. Samkvæmt þessu ber að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjanda úrskurðar, að við skipti á þrotabúi Goðgár hf. eigi áfrýjandi forgangskröfu til þriggja mánaða launa, sem nema 676.190 krónum, með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Atvik þessa dómsmáls voru sérstök fyrir þær sakir að samið var um langan uppsagnarfrest eftir að ljóst var að framtíð fyrirtækisins var ótrygg. Eðlileg og réttmæt sjónarmið í gjaldþrotarétti leiða til þess að heimilt er að

takmarka gildi slíkra samninga. Þau sjónarmið réttlæta hins vegar ekki að allir uppsagnarfrestir, sem samið er um, undir eðlilegum kringumstæðum, skuli takmarkast við lágmarksákvæði kjarasamninga. Slík lágmarksákvæði tryggja öllu launafólki tiltekin lágmarksréttindi en tilgangur hefur aldrei og er ekki sá að slík ákvæði beri að skilja sem hámarksákvæði sem banni samninga um persónubundin og betri ráðningarkjör. Slík túlkun felur í sér veruleg frávik frá meginreglum á íslenskum vinnumarkaði.

Af ofangreindum ástæðum leggst ASÍ eindregið gegn ofangreindum breytingum á 112.gr. gjaldþrotaskiptalaga.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Frumvarp til laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, 448. mál.

ASÍ mælir með samþykkt þessa frumvarps. Í því felast endurbætur á gildandi lögum sem m.a. er ætlað að tryggja almenningi meira öryggi við meðferð þess hluta sparnaðar síns sem festur hefur verið í íbúðarhúsnæði.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Frumvarp til laga um lagaskrifstofu Alþingis, 457. mál.

Alþýðusamband Íslands tekur undir þau sjónarmið sem liggja til grundvallar frumvarpi þessu um að löggjafarhættir skuli vera vandaðir og löggjöf standast ákvæði stjórnarskrárinnar og í samræmi við gildandi lög og þjóðréttarskuldbindingar íslenska ríkisins.

Alþýðusamband Íslands tekur ekki afstöðu til þess hvort sú leið, sem farin er með frumvarpinu, fullnægi best þeim markmiðum.

Frumvarp til laga um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög), 485. mál.

Alþýðusamband Íslands fagnar frumvarpi þessu sem felur í sér að ein hjúskaparlög munu gilda fyrir alla og afmáður er þannig sá munur, sem felst í mismunandi löggjöf annars vegar vegna hjúskapar karls og konu, og hins vegar vegna staðfestrar samvistar tveggja einstaklinga af sama kyni. Frumvarpið og sú stefna, sem það endurspeglar, er í samræmi við þau grundvallarsjónarmið um jafnrétti og bann við mismunun sem ASÍ styður.

Frumvarp til laga um breyting á lögum um hlutafélög, 499. mál.

Alþýðusamband Íslands styður markmið frumvarpsins að endurbyggja traust á hlutafélögum með því að auka gegnsæi og vinna gegn hringamyndun og samþættingu eignarhalds í íslensku viðskiptalífi.

Alþýðusamband Íslands tekur þó ekki efnislega afstöðu til einstakra greina frumvarpsins.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds), 506. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds), 506. mál.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að markmið þess eru að

... koma til móts við eigendur fasteigna sem þarfnast viðhalds en halda að sér höndum vegna yfirstandandi efnahagsþrenginga, sporna við svartri atvinnustarfsemi og hvetja til aukinnar starfsemi á byggingarmarkaði en fjölmennasti hópur á atvinnuleysissskrá eru þeir sem áður störfuðu við mannvirkjagerð. Frádráttarheimild hvetur til framkvæmda en það er mikilvægt eins og atvinnuástandið er nú og horfur eru á því á næstunni, m.a. í byggingargeiranum. Auk þess er almennt litið svo á að slík tímabundin heimild sé líkleg til að stuðla að minni undanskotum frá skatti og muni þar með minnka svarta atvinnustarfsemi. Að sama skapi getur frádráttarheimildin dregið úr greiðslum atvinnuleysisbóta vegna aukinna framkvæmda.

Alþýðusamband Íslands tekur undir þessi markmið og mælir með því að Alþingi samþykki frumvarpið.

Frumvarp til laga um útlendinga, 507. mál.

Frumvarpinu er ætlað að bæta og skýra réttarstöðu hælisleitenda hér á landi. Um er að ræða brýnar réttarbætur og styður Alþýðusamband Íslands samþykkt frumvarpsins.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti o.fl., 510. mál.

Alþýðusamband Íslands styður mjög eindregið samþykkt þessa frumvarps og hvetur til að afgreiðslu þess verði flýtt enda felast í því verulegar réttarbætur til handa þeim sem lenda í vanskilum með skuldir sínar eða gjaldþrotum.

Frumvarp þetta er samið í nánú samráði við ASÍ og er efnislega samhljóða þeim tillögum sem sambandið setti fram um bætta réttarstöðu skuldara snemma árs 2009.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Pingsályktunartillaga um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010–2013, 521. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010–2013, 521. mál.

Alþýðusamband Íslands tekur undir þau meginmarkmið byggðaáætlunarinnar að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum, efla menntun, menningu, samfélög og samkeppnishæfni byggða og bæja landsins með margvíslegum aðgerðum.

Alþýðusamband Íslands mælir með því að Alþingi samþykki tillöguna.

Frumvarp til laga um stimpilgjald og aukatekjur ríkissjóðs, 530. mál.

ASÍ mælir með samþykkt þessa frumvarps.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, 548. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, 548. mál.

Alþýðusamband Íslands stóð að gerð stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar á síðasta ári. Í sáttmálanum segir m.a:

Þessi stöðugleikasáttmáli er gerður við mjög erfðar aðstæður í efnahags- og atvinnumálum sem bitna hart á heimilum og atvinnulífinu í landinu. Við þessar kringumstæður hafa aðilar þessa sáttmála sameinast um aðgerðir til að vinna þjóðina út úr vandanum.

Markmið stöðugleikasáttmálans er að stuðla að endurreisn efnahagslífsins. Í upphafi viðræðna settu sammingsaðilar sér markmið um að í lok árs 2010 verði verðbólga ekki yfir 2,5%, halli hins opinbera verði ekki meiri en 10,5% af VLF, dregið hafi úr gengissveiflum, gengið styrkst og hafi nálgast jafnvægisgengi. Einnig verði vaxtamunur við evrusvæðið innan við 4%. Þannig hafi skipast skilyrði fyrir aukinni fjárfestingu innlendra sem erlendra aðila, auknum hagvexti, nýrri sókn í atvinnumálum og grunnur lagður að bættum lífskjörum til framtíðar.

Í fjórða kafla sáttmálans er fjallað framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu en þar segir m.a:

Ríkisstjórnin gangi til samstarfs við lífeyrissjóði um að þeir fjármagni stórar framkvæmdir, sbr. minnisblað vegna verklegra framkvæmda, dags. 16.06.2009, o.fl., með sérstakri fjármögnun. Stefnt skal að því að viðræðum ríkisstjórnar og lífeyrissjóða verði lokið fyrir 1. september 2009. Aðkoma líf-

eyrissjóða að slíkum verkefnum útilokar ekki þáttöku annarra fjárfesta eða lánveitenda, innlendra sem erlendra.

Alþýðusamband Íslands telur frumvarpið jákvætt og rökrétt framhald af stöðugleikasáttmálanum og mælir því með samþykkt þess.

Frumvarp til umferðarlaga, 533. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til umferðarlaga.

Alþýðusambandið telur frumvarpið í heild sinni til mikilla bóta bæði hvað varðar umferðaröryggismál almennt og eins með tilliti til framsetningar ákvæða frumvarpsins, m.a. í IX. kafla frumvarpsins um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sem annast farþega- og farmflutninga þungra ökutækja í atvinnuskyni.

Þá telur ASÍ mikilvægt að í markmiðsákvæði laganna skuli sérstaklega vera vikið að umhverfissjónarmiðum við skipulagningu umferðar.

ASÍ styður því samþykkt frumvarpsins.

Frumvarp um breytingar á lögum um atvinnuleysisbætur og lögum um húsaleigubætur, 554. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysisbætur og lögum um húsaleigubætur.

Að efni til er frumvarpið þrjúþætt:

Í fyrsta lagi er kveðið á um að bráðabirgðaákvæði laga um atvinnuleysisstryggingar um hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli og vegna sjálfstætt starfandi einstaklinga verði framlengd til loka árs 2010.

Í annan stað er lögð til breyting á skilyrðum um þáttöku á íslenskum vinnumarkaði vegna greiðslu atvinnuleysisbóta í samræmi við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA, sem telur núgildandi ákvæði laganna gera ríkari kröfur í þessum efnium en Evrópurétturinn heimilar.

Í þriðja lagi er lagt til að atvinnulausir verði ekki fyrir skerðingu á atvinnuleysisbótum vegna elli- og örorkulífeyrisgreiðslna úr séreignalífeyrissjóðum til samræmis við breytingar sem gerðar voru á lögum nr. 100/2007. Til að gæta jafnræðissjónarmiða er jafnframt lagt til að þessi breyting verði afturvirk til 1. mars 2009. Þá er lagt til að framangreindar greiðslur verði ekki taldar til tekna skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur.

Alþýðusamband Íslands lýsir yfir fullum stuðningi við meginefni frumvarpsins og leggur til að það verði samþykkt sem fyrst með eftirfarandi breytingum.

Lagt er til að bráðabirgðaákvæðið um endurgreiðslur úr atvinnuleysisstryggingasjóði verði ekki bundnar því að viðkomandi atvinnuleitandi óski eftir slíkum endurgreiðslum. Fyrir liggur að Greiðslustofa vegna atvinnuleysisbóta

hefur allar forsendur sem þarf til að framkvæma endurgreiðslurnar og því er bráðabirgðaákvæðið, eins og það er samkvæmt frumvarpinu, eingöngu til þess fallið að draga úr líkum á því að þeir einstaklingar, sem hafa mestra hagsmuna að gæta, fari á mis við þá réttarbót sem frumvarpinu er ætlað að tryggja.

Þá telur Alþýðusambandi mikilvægt að fram komi að breytingarnar, sem frumvarpið felur í sér, eru aðeins lágmarksbreytingar og að fyrir liggur að tímabært er að fram fari víðtæk endurskoðun á lögnum um atvinnuleysisstryggingar í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur á síðustu misserum í kjölfar efnahagshrunsins og mikils og varanlegs atvinnuleysis. Þannig hefur komið í ljós að löggin um atvinnuleysisstryggingar og löggin um vinnumarkaðs-aðgerðir tryggja launafólki almennt ekki þau réttindi og þjónustu sem eðlilegt er að gera kröfur um. Þá eru ýmsir sértækir þættir sem krefjast frekari skoðunar. ASÍ treystir því að nauðsynleg endurskoðun laganna fari fram með þeim markmiðum sem greinir hér að framan.

Frumvarp um breytingar á lögum um atvinnuleysisbætur og lögum um húsaleigubætur , 554. mál. Viðbót

Alþýðusambandi Íslands gaf 4. maí sl. umsögn um ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysisbætur og lögum um húsaleigubætur.

Að gefnu tilefni vill ASÍ bæta við meðfylgjandi athugasemdum og ábendingum.

Bótatímabil atvinnuleysisbóta verði þegar lengt úr þremur árum í fjögur.

Samkvæmt gildandi lögum er bótatímabil atvinnuleysisbóta að hámarki þrjú ár.

Þegar löggin um atvinnuleysisstryggingar voru sett árið 2006 var 3ja ára bótatímabil talið fullnægjandi. Á þeim tíma var atvinnuleysi hér á landi mjög lítið og allur þorri þeirra einstaklinga, sem misstu vinnuna, fengu atvinnu að stuttum tíma liðnum. Við þær aðstæður var það sjónarmið uppi að þeir fáu einstaklingar, sem yrðu atvinnulausir um lengri tíma, væru í þeirri stöðu að þeir þyrftu önnur og frekari úrræði og aðstoð en hefðbundin úrræði Vinnu-málastofnunar.

Nú eru aðstæður á íslenskum vinnumarkaði allt aðrar en voru árið 2006. Samdráttur í atvinnulífínu, einkum í kjölfar hrunsins haustið 2008, hefur leitt til þess að mikill fjöldi einstaklinga er atvinnulaus og ljóst er að það mun taka nokkur misseri og ár þangað til atvinnulífið nær sér af þeim áföllum sem það hefur orðið fyrir. Þar við bætist að einstök svæði höfðu orðið fyrir áföllum í atvinnumálum fyrir hrunið og á það ekki síst við um Suðurnesin. Skyndilegt brotthvarf bandaríska hersins, sem var einn stærsti atvinnurekandinn á svæðinu, hafði víðtæk og alvarleg áhrif á atvinnumálin á því svæði. Aðalatriðið er þetta: Störfum á íslenskum vinnumarkaði hefur fækkað svo þúsundum

skiptir á síðustu árum og þeim einstaklingum, sem misst hafa vinnuna, stendur einfaldlega ekki störf til boða. Þá er því spáð að langur tími muni líða áður en atvinnulífíð réttir úr kútnum að nýju.

Nú er svo komið að nokkur fjöldi fólks hefur þegar tæmt bótarétt sinn í Atvinnuleysistryggingasjóði og ljóst er að fjölga mun í þeim hópi á næstu mánuðum og misserum fari fram sem horfir⁴. Á sama tíma er ljóst að sveitarfélögin í landinu eru almennt illa undir það búin að tryggja framfærslu viðkomandi einstaklinga, auk þess sem bætur þeirra eru almennt mjög lágar.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusamband Íslands til að bótatímabil atvinnuleysisbóta verði nú þegar lengt úr þremur árum í fjögur.

Slík lenging nú mun koma til móts við þarfir þeirra sem þegar hafa eða eru um það bil að ljúka bótatímabili sínu. Þá mun ákvörðun um lengingu bótatímabilsins nú draga úr óvissu þeirra einstaklinga sem verið hafa atvinnulausir um lengri tíma.

Útreikningur vegna hlutabóta á móti skertu starfshlutfalli

Eins og kunnugt er var ákveðið í kjölfar hrunsins haustið 2008 að útfæra reglur um hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli með það að markmiði að fyrirtæki, sem lentu í samdrætti með starfsemi sína, mundu frekar bregða á það ráð að skerða starfshlutfall starfsmanna sinna fremur en að grípa til umfangsmikilla uppsagna. Að baki þessari aðgerð bjó sú hugsun að með því væri verið að tryggja starfsmönnum mikilvæga tengingu við fyrirtækin og vinnumarkaðinn og að fyrirtækin hefðu áfram aðgang að hæfu og reyndu fólki þegar úr færi að rætast. Eitt megininntak þess frumvarps, sem hér er til umræðu, er einmitt að framlengja þetta fyrirkomulag, sem er tímabundið, til næstu áramóta enda ágreiningslaust að þetta fyrirkomulag hefur almennt reynst vel.

Fyrirkomulagið, eins og það er nú, gerir ráð fyrir að skerðing á bótatímabili viðkomandi einstaklinga sé „dagur á móti degi“. Það þýðir að óháð því hversu hátt bótahlutfallið er sem viðkomandi einstaklingur fær úr Atvinnuleysistryggingasjóði, þá telur hver dagur sem einn heill bótadagur og dregst þannig frá heildarbótatímabili viðkomandi. Þannig hefur til dæmis einstaklingur, sem fór úr 100% í 90% starf í nóvember 2008 og síðan í 80% starf frá 1. janúar 2010 og er í því starfshlutfalli nú, þegar nýtt sem svarar tæpum 18 mánuðum af 3ja ára bótatímabilinu sem viðkomandi á mest rétt á.

Alþýðusambandið hefur ítrekað bent á að það fyrirkomulag varðandi talningu á nýttum bótadögum, sem hér hefur verið lýst, sé í hæsta máta óeðlilegt

4. Alþýðusambandið hefur óskað eftir upplýsingum frá Vinnuálastofnun um fjölda þeirra sem þegar hafa fullnýtt bótarétt sinn og hversu margir munu fullnýta hann það sem eftir er ársins, að öðru óbreyttu. Þegar þetta er ritað hafa svör við fyrirspurninni ekki enn borist.

og að nauðsynlegt sé að taka á þessum þætti við fyrsta tækifæri. Undir þetta sjónarmið hefur verið tekið, m.a. af fulltrúum félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Jafnframt hefur þeim einstaklingum farið fjölgandi sem eru nú á hlutabótum sem spyrjast fyrir um hvort ekki eigi að taka á þessu máli. Að baki býr ótti þessara einstaklinga við að ef þeir missa alfarið vinnuna og verði í framhaldinu atvinnulausir um lengri tíma séu þeir þegar búnir að nýta umtalsverðan hluta bótatímabilsins á móti oft mjög lágu bótahlutfalli.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusambandið til að við afgreiðslu frumvarpsins nú verði tekið á útreikningi bótatímabilsins til að koma til móts við framangreind sjónarmið. Það má t.d. gera með því að láta hlutfall hlutabótanna ákvarða nýtingu bótadaga. Sem dæmi má nefna að ef viðkomandi einstaklingur fær 20% bætur á móti skertu starfshlutfalli teljist það vera 20% af heilum bótadegi.

Frumvarp til laga um Vinnumarkaðsstofnun, 555. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um Vinnumarkaðsstofnun.

Aðdragandinn

Í upphafi er rétt að geta þess að málið á sér nokkurn aðdraganda sem formlega nær aftur til myndunar núverandi ríkisstjórnar en í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna segir m.a.:

Stefnt verði að því að sameina stofnanir á sviði almannatrygginga og vinnumála í eina stofnun um vinnu og velferð.

Ljóst er að þar er verið að vísa til Vinnumálastofnunar, Vinnueftirlitsins og Tryggingastofnunar. Af hálfu Alþýðusambands Íslands var strax varað við að farin yrði sú leið sem þar var lögð til. Af hálfu ASÍ hafa verið færð fjölmörg mikilvæg rök sem mæla gegn því að farið yrði út í svo víðtæka sameiningu annars vegar stofnana vinnumarkaðarins og hins vegar Tryggingastofnunar sem um margt eru mjög ólíkar og hafa mismunandi verkefnum að gegna. Annars vegar eru tvær lykilstofnanir vinnumarkaðarins sem miklu skipta fyrir hagsmuni launafólk og þar sem starfsemin og árangur af henni ræðst að miklu leyti að miklu og góðu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, bæði varðandi stefnumótun og framkvæmd starfseminnar. Hins vegar er stofnun sem hefur annað hlutverk og litla tengingu við vinnumarkaðinn sem heldur hefur farið minnkandi í tímans rás. Sú þróun hefur m.a. orðið til þess að aðilar vinnumarkaðarins hafa á undanförunum áratugum byggt upp víðtækt velferðarkerfi á vinnumarkaði, nú síðast með uppbyggingu Starfsendurhæfingarsjóðs.

Í ljósi framanritaðs lagðist Alþýðusamband Íslands strax gegn framangreindum sameiningarhugmyndum en lýsti jafnframt því viðhorfi að rétt væri

að skoða mögulega kosti þess að auka samstarf eða jafnvel sameina stofnanir vinnumarkaðarins, Vinnumálastofnun og Vinnueftirlitið, með það að markmiði að efla og styrkja starfsemina með hagsmuni launafólks að leiðarljósi. Jafnframt lýsti ASÍ sig reiðubúið til samstarfs við stjórnvöld og aðra aðila vinnumarkaðarins um frekari skoðun á þeirri hugmynd. Þessu tengdu kynntu ASÍ og SA m.a. haustið 2009 hugmyndir um virkari aðkomu aðila vinnumarkaðarins og stéttarfélaga að vinnumiðlun og þjónustu við atvinnulausa.

Við framlengingu kjarasamninga í lok október sl. lýsti ríkisstjórnin sig reiðubúna til að hefja viðræður um breytt fyrirkomulag á þjónustu við atvinnulausa þar sem aðilar vinnumarkaðarins axli verulega ábyrgð á framkvæmd kerfisins. Ekki varð þó af frekari viðræðum að sinni milli félagsmálaráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins um þessi efni vegna andstöðu ráðuneytisins við málið, auk þess sem kynnt var sú afstaða ráðherra að allar frekari hugmyndir um sameiningu stofnana yrðu settar til hliðar, a.m.k. tímabundið.

Í ljósi framanritaðs kom það Alþýðusambandinu fullkomlega í opna skjöldu þegar félagsmálaráðherra kynnti um miðjan marsmánuð að hann hefði ákveðið að leggja til sameiningu Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlitsins og að frumvarp þess efnir yrði lagt fram á þingi þá þegar. Ekkert samráð var haft við ASÍ eða aðra aðila vinnumarkaðarins um þessa ákvörðun eða efni væntanlegs lagafrumvarps þar sem m.a. var gert ráð fyrir að aðkoma aðila vinnumarkaðarins að stofnuninni og starfsemi hennar yrði eingöngu í formi ráðgjafar. Þá var ýmislegt annað í tillögum ráðherra sem orkaði mjög tvímælis. Af þessu tilefni samþykkti miðstjórn ASÍ harðorða gagnrýni á framgöngu ráðherra og ríkisstjórnarinnar í málinu. Í bréfi forseta ASÍ til forsætisráðherra um þetta efni 24. mars sl. segir m.a.:

Félags- og tryggingamálaráðherra kynnti í byrjun vikunnar áform ríkisstjórnarinnar um sameiningu Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlitsins í nýja Vinnumarkaðsstofnun sem gegna á lykilhlutverki varðandi framkvæmd og þróun málefna vinnumarkaðarins hér á landi í framtíðinni.

Ekkert samráð var haft við aðila vinnumarkaðarins um þessi áform eða efni málsins að öðru leyti. Með fyrirhugðum breytingum er slitið á öll formleg tengsl og aðkomu aðila vinnumarkaðarins að þeim verkefnum, sem Vinnumarkaðsstofnun mun hafa með höndum, og allt vald varðandi málefni hinnar nýju stofnunar fært í hendur ráðherra og forstjóra sem starfar í umboði hans.

Samstarf og samábyrgð aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um uppbyggingu og þróun vinnumarkaðarins er eitt af helstu einkennum norrænu velferðarsamfélaganna og vinnumarkaðsmóðelsins og jafnframt einn helsti styrkur þeirra. Hér á landi hefur um langt árabíl verið víðtæk sátt í meginatriðum um þetta fyrirkomulag. Með þeim áformum stjórnvalda, sem nú hafa verið kynnt, er verið að rjúfa þessa sátt um leið og vegið er að því fyrirkomulagi

sem byggt hefur verið upp á íslenskum vinnumarkaði. Alþýðusamband Íslands mun aldrei sætta sig við slíka niðurstöðu.

Í framhaldi af gagnrýni Alþýðusambandsins voru teknar upp viðræður milli félagsmálaráðherra og ASÍ um efni málsins. Niðurstæða þeirra viðræðna var sátt um ákveðnar breytingar á efni frumvarpsins og sameiginlega sýn er varðar frekari undirbúning málsins, bæði varðandi frekari ákvarðanir um útlínur nýrrar stofnunar og skipulag og með hvaða hætti verði tekið sérstaklega á málefnum starfsendurhæfingar og samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins á því sviði.

Afstaða Alþýðusambands Íslands til fyrirleggjandi frumvarps

Af hálfu Alþýðusambands Íslands hefur sú afstaða verið mótuð að styðja fyrirleggjandi frumvarp enda telur sambandið að samþykkt þess geti falið í sér tækifæri til að efla þá starfsemi sem Vinnumarkaðsstofnun er ætlað að sinna, ef rétt er á málum haldið, til hagsbótar fyrir launafólk í landinu. Þannig felast í sameiningu Vinnueftirlitsins og Vinnumálastofnunar tækifæri til að efla þjónustu við atvinnuleitendur og fyrirtæki og rannsóknir á sviði vinnuverndar og vinnumarkaðsmála. Þá á sameiningin einnig að geta eftt þjónustu stofnunarinnar á landsbyggðinni.

Jafnframt gerir Alþýðusambandið mikilvæga fyrirvara við frekari útfærslu á skipulagi og starfsemi nýrrar Vinnumarkaðsstofnunar og hvernig verður staðið að þeim málum. Endanleg afstaða sambandsins mun þannig ákvarðast af því hvernig til tekst í þeim efnun. Hér á eftir er stuttlega gerð grein fyrir helstu fyrirvörum ASÍ sem allir eiga sér stoð í athugasemdunum sem fylgja frumvarpinu.

Alþýðusambandið leggur ríka áherslu á þétt og gott samráð stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarinsvið frekari vinnu á grundvelli væntanlegra laga. Í því sambandi vísast sérstaklega til þess sem segir í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins:

Félags- og tryggingamálaráðherra mun skipa nefnd aðila stöðugleikasáttmálans og Öryrkjabandalags Íslands vegna málefna, er varða sérstaklega skjólstæðinga þess, til að fara yfir skipulag og verkefni nýrrar Vinnumarkaðsstofnunar. Ráðgjafar ráðuneytisins munu vinna með nefndinni. Í nefndarstarfinu verði jafnframt rætt um mögulega framtíðarverkaskiptingu hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins meðal annars varðandi málefni atvinnulausra. Það er í samræmi við yfirlýsingu forsætisráðherra og fjármálaráðherra í tengslum við framlengingu stöðugleikasáttmálans í október 2009. Þá meti nefndin kosti og galla frekari sameiningar Vinnumarkaðsstofnunar og Tryggingastofnunar ríkisins með tilliti til verkefna sem snúa að högum fólks sem er eða gæti verið á vinnumarkaði.

Eitt af því sem sérstaklega þarf að líta til er að ný stofnun verði til að efla enn frekar vinnuverndarstarf á íslenskum vinnumarkaði, alþjóðlegt samstarf og innlendar rannsóknir á því sviði. Ljóst er að vanda verður sérstaklega til þessa þáttar við skipulagningu Vinnumarkaðsstofnunar. Þar verði haft að leiðarljósi þar sem segir í almennum athugasemdum með frumvarpinu:

Við sameiningu stofnananna er ekki gert ráð fyrir breytingum á tilgangi eftirlits á vinnustöðum sem fram fer á grundvelli laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þannig er gert ráð fyrir að áfram verði tryggt að Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar á sviði vinnuverndarmála, þ.m.t. samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og félagsmálasáttmála Evrópu á þessu sviði.

Við þetta má bæta að mikilvægt er að Alþingi staðfesti sem fyrst samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 187 um vinnuvernd. Þá er einnig mikilvægt að Ísland taki sem fyrst að fullu þátt í starfi Vinnuverndarstofnunar Evrópu.

Ljóst er að nýrri stofnun er ætlað að efla aðkomu hins opinbera að mál-efnum starfsendurhæfingar og tryggja samræmi og samhengi, m.a. varðandi mat á starfshæfni og vinnugetu. Mikilvægur þáttur þess er að samþætta starf hins opinbera því frumkvæði, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa þegar tekið í þessum efnum, og því öfluga starfi sem verið er að byggja upp af hálfu Starfsendurhæfingarsjóðs. Því leggur Alþýðusambandið áherslu á það starf sem boðað er í þessu samhengi í almennum athugasemdum með frumvarpinu, þar sem segir:

Félags- og tryggingamálaráðherra mun skipa samstarfsnefnd um starfsendurhæfingu í samræmi við 12. lið stöðugleikasáttmálans frá í júní 2009. Í nefndinni verði fulltrúar aðila stöðugleikasáttmálans, Öryrkjabandalags Íslands, lífeyrissjóðanna, og Hlutverks eftir því sem við á. Nefndin vinni að því að samþætta starf hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins að mál-efnum starfsendurhæfingar, meðal annars með tilliti til samræmdra reglna um mat á starfshæfni og vinnugetu. Markmiðið er að ná sameiginlegri niðurstöðu þannig að allir landsmenn njóti sama réttar til starfsendurhæfingar og starfshæfingar þótt greiðsluskýlda vegna bæði bóta og þjónustu sé hjá mismunandi aðilum.

Að lokum skal áréttað að hvornig til tekst við þær breytingar, sem frumvarpið boðar, ræðst að stærstum hluta af því hvornig til tekst við að útfæra samstarf og verkaskiptingu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins við uppbyggingu og stefnumörkun fyrir hina nýju stofnun og starfsemi hennar. Lykilatriðið er að full sátt verði við verkalýðshreyfinguna í þeim efnum.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við málið þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, með síðari breytingum, 556. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er verið að taka af öll tvímæli um að við aðilaskipti aðfyrirtækjum yfirtekur framsalshafi skyldur framseljenda gagnvart starfsmönnum, þ.m.t. varðandi vanefndir framseljanda við starfsmenn, s.s. vangoldin laun, við aðilaskiptin. Sú breyting, sem lögð er til, er í samræmi við réttarstöðu launafólks við aðilaskipti eins og hún hefur verið túlkuð í Evrópurétti. Að mati ASÍ er hér um mikilvæga réttarbót að ræða og löngu tímabæra í ljósi túlkunar Hæstaréttar á núgildandi lögum.

Alþýðusamband Íslands lýsir yfir fullum stuðningi við efni frumvarpsins og leggur til að það verði samþykkt sem fyrst.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 558. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Með frumvarpinu er verið að efna yfirlýsingu sem gefin var af ríkisstjórn í tengslum við gerð kjarasamninga 17. febrúar 2008 og áréttuð var við gerð stöðugleikasáttmálans í júní 2009.

Að efni til er með breytingunni verið að tryggja að allt launafólk öðlist réttindi til endur- og eftirmenntunar á vinnumarkaði í samræmi við þær reglur sem þar gilda. Líta ber á slíkan rétt sem mikilvægan þátt í að efla stöðu og möguleika fólks á vinnumarkaði og framlag til virkra vinnumarkaðsaðgerða. Í dag eru hópar launafólks sem ekki njóta slíkra réttinda og er frumvarpinu ætlað að bæta úr því. Þá er rétt að fram komi að full samstaða er meðal aðila vinnumarkaðarins um efni frumvarpsins.

Alþýðusamband Íslands lýsir yfir fullum stuðningi við efni frumvarpsins og leggur til að það verði samþykkt sem fyrst.

Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, lögum um fjöleign-

arhús, lögum um húsnæðismál og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, 559. mál.

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við framgang frumvarps þessa sem miðar að því fækka úrskurðar- og kærufndum á sviði félags- og tryggingamálaráðuneytisins en að því tilskildu að réttaröryggi sé ekki skert.

Frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, 560. mál.

Alþýðusamband Íslands fagnar því að frumvarp þetta sé fram komið og styður mjög eindregið samþykkt þess.

Þann 16. maí 1994 skilaði nefnd um greiðsluaðlögun tillögum til þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur. Þar var lagt til að skapað yrði samofið félagslegt og fjárhagslegt úrræði til þess að mæta skuldavanda einstaklinga og fjölskyldna. Lagt var til að slíkt úrræði tæki jöfnum höndum til veðkrafna og annarra krafna og að því mætti m.a. beita þannig að heimilt væri að fara inn í sammingsbundna skilmála veðkrafna innan verðmætis veðsettra eigna með það fyrir augum að gera þær kröfur greiðanlegar með skilmálabreytingum. Frá þeim tíma og fram á árið 2008 voru ítrekað lögð fram lagafrumvörp um greiðsluaðlögun eins og nánar er rakið í almennum athugasemdum í greinargerð þessa frumvarps. Þau frumvörp gerðu ýmist ráð fyrir að greiðsluaðlögun tæki ekki til veðskulda innan verðmætis eigna eða tæki almennt ekki til veðskulda. Það frumvarp, sem nú liggur fyrir Alþingi, samræmist, hvað þetta varðar, þeim tillögum sem settar voru fram 1994 og er það fagnaðarefni.

Fyrir frumvarpi af þessum toga hefur ASÍ barist um langt skeið og hvetur Alþingi til þess að flýta afgreiðslu þess sem mest má. Fyrirsjáanlegt er að þeir varnargarðar, sem byggðir voru með frestun uppboða og öðrum bráðabirgðaaðgerðum, bresti á næstu vikum og mánuðum og nauðsynlegt að þá séu til staðar virk og sanngjörn úrræði eins og þau sem birtast í þessu lagafrumvarpi.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, 561. mál.

Alþýðusamband Íslands styður mjög eindregið samþykkt þessa frumvarps. Með því eru gildandi lög nr. 50/2009 lagfærð og aðlöguð sem sjálfstætt úrræði til hliðar við almenna greiðsluaðlögun. Úrræði laganna munu nýttast þeim sem ekki hafa þörf fyrir almenna greiðsluaðlögun og eru nauðsynlegur hluti þeirra heildstæðu úrræða sem skuldsettum einstaklingum og fjölskyldum standa til boða.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Frumvarp til laga um umboðsmann skuldara, 562. mál.

Alþýðusamband Íslands var þeirrar skoðunar í umræðum um víðtækar aðgerðir og brýn úrræði í kjölfar efnahagshrunsins að fljótlegast og fyrirhafnar minnst væri að fela sýslumannsembætti það hlutverk sem umboðsmanni er ætlað skv. lögum um greiðsluáðlögun, sbr. c-lið 2.gr. þessa frumvarps. Það byggðist á því að innan þeirra embætta væri bæði til staðar þekking, aðstaða og mannskapur til þess að taka hlutverkið að sér. ASÍ féllst hins vegar á þau rök að mikilvægt væri að byggja upp traust og varanleg úrræði til framtíðar fyrir skulduga einstaklinga og fjölskyldur og að mótun þess yrði falin sérstöku og sjálfstæðu embætti. Jafnframt fagnar ASÍ því að Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, sem unnið hefur verðmætt starf á undanförunum árum, sé fundinn varanlegur staður í lögum.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila, 570. mál.

Alþýðusamband Íslands er sammála þeirri meginhugsun, sem í frumvarpinu felst, um nauðsyn þess að stjórnvöld búi á hverjum tíma yfir bestu fánlegu upplýsingum um fjárhagsstöðu almennings. Slíkar upplýsingar eru ekki einungis nauðsynlegar, eftir að samfélag okkar verður fyrir áföllum, heldur ætíð. Mikilvægt hefði t.d. verið að upplýsingar eins og þær sem fjallað er um í frumvarpinu hefðu verið til staðar þegar þær röngu ákvarðanir í húsnæðis- og skattamálum voru teknar sem miklu réðu um hrun fjármála- og efnahagskerfisins á árinu 2008.

ASÍ telur þess vegna að finna beri verkefnum þessum varanlegan stað og að það verði fremur í höndum opinberrar stofnunar eins og Hagstofu Íslands að afla þeirra og vinna úr þeim en pólitísku ráðuneytis.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Frumvarp til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, 574. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, 574. mál.

Alþýðusamband Íslands styður þá breytingu, sem felst í frumvarpinu, sem er að hverfa frá því fyrirkomulagi að gera sértæka fjárfestingarsamninga vegna einstakra verkefna á grundvelli sérstakra heimildarlaga frá Alþingi en setja þess í stað heildstæða löggjöf sem myndi ramma utan um þær ívilnanir sem stjórnvöldum er heimilt að veita vegna nýfjárfestinga á Íslandi.

Alþýðusamband Íslands telur mikilvægt að örva og efla fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi með því að tilgreina með gegnsæjum hætti í lögum hvaða heimildir stjórnvöld og sveitarfélög hafa til að veita skilgreindar ívildanir til fjárfestingarverkefna. Slík lagasetning eflir samkeppnishæfni Íslands gagnvart erlendri fjárfestingu og gerir Íslandi betur kleift að nýta þá sérstöðu sem landið hefur upp á að bjóða.

Alþýðusamband Íslands mælir með því að Alþingi samþykki frumvarpið.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum (Schengen, framfærsla o.fl.), 585. mál.

Alþýðusamband Íslands styður þá breytingu sem fram kemur í 2. og 3. gr. frumvarpsins sem felur í sér að litið verður áatvinnuleysisbætur og greiðslur úr almannatryggingum sem tryggja framfærslu einstaklinga.

Hvað varðar það atriði, að greiðslur í formi félagslegrar aðstoðar ríkis eða sveitarfélags teljist ekki til tryggjar framfærslu, bendir Alþýðusamband Íslands á að þeir einstaklingar, sem sækja um búsetuleyfi, hafa dvalist á landinu samfelld í a.m.k. fjögur ár. Þeir geta á því tímabili, rétt eins og fjöldi Íslendinga, lent í tímabundnum fjárhagsvandræðum og þannig neyðst til að þiggja félagslega aðstoð. Brýnt er að sú undanþága, sem fram kemur í 5. máls. c-liðar 1. mgr. 15. gr., um að heimilt sé að víkja frá skilyrði um að greiðslur í formi félagslegrar aðstoðar ríkis eða sveitarfélags teljist ekki til tryggjar framfærslu, verði ekki túlkuð með of þröngum hætti.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 129/1997, um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, 591. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.129/1997, um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, 591.mál.

Með frumvarpinu er lögfest greiðsluskylda atvinnurekenda til greiðslu iðgjalds til Starfsendurhæfingarsjóðs sem og lögfest framlag til sjóðsins frá lífeyrissjóðum og ríkissjóði.

Aðilar vinnumarkaðarins sömdu í almennum kjarasamningum í febrúar 2008 um að hefja uppbyggingu á nýju fyrirkomulagi starfsendurhæfingar fyrir þá starfsmenn sem slasast eða veikjast til lengri tíma þannig að vinnugeta þeirra skerðist. Markmið samningsaðila var að tryggja að komið sé að málum eins snemma og kostur er til að stuðla að því að hver einstaklingur verði eins virkur á vinnumarkaði og kostur er. Samið var um að launagreiðendur hæfu greiðslu 0,13% iðgjalds til nýstofnaðs Endurhæfingarsjóðs um mitt ár 2008 og

jafnframt mundu ASÍ og SA beita sér fyrir því að lífeyrissjóðir á samningsviði þeirra greiði samsvarandi iðgjald til sjóðsins. Þessu til viðbótar var gert samkomulag við þáverandi ríkisstjórn, sem undirritaði yfirlýsingu þess efnis í tengslum við gerð kjarasamninganna í febrúar 2008, að ríkissjóður leggi Endurhæfingarsjóði til sömu fjárhæð og launagreiðendur frá og með ársbyrjun 2009.

Í stöðugleikasáttmála stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins frá því í júní 2009 var framkvæmd yfirlýsingarinnar frá febrúar 2008 ítrekuð og segir þar:

Lögfest verði gjald í Starfsendurhæfingarsjóð frá atvinnulífínu á árinu 2009. Sjóðurinn fái úr ríkissjóði 150 milljóna kr. framlag á árinu 2010. Svo fremi að áfram verði unnið á grundvelli sáttmála þessa mun framlag ríkisins í sjóðinn hækka í 250 milljónir 2011 og 350 milljónir 2012. Lögfesta skal framlög til sjóðsins frá lífeyrissjóðum þannig að greiðsla hefst 1. júlí 2010. Lögfesta skal fyrir 1. júlí 2010 að frá og með 1. júlí 2013 greiði ríkið 0,13% af tryggingagjaldsstofni til sjóðsins og verður þá framlag ríkisins að fullu komið til greiðslu. Komið verði á samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að meta jafnóðum árangur og framhald verkefnisins.

